REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 183/2011 **2012/EES/54/80**

frá 22. febrúar 2011

um breytingu á IV. og VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([1]), einkum 3. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2007/46/EB er komið á samhæfðum ramma sem inniheldur stjórnsýsluákvæði og almennar tæknilegar kröfur vegna allra nýrra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga. Einkum inniheldur hún skrá yfir öll stjórnsýslufyrirmæli þar sem mælt er fyrir um tæknilegar kröfur sem ökutæki þurfa að uppfylla til að fá EB-gerðarviðurkenningu ökutækis. Þar er einnig að finna mismunandi fyrirmyndir að gerðarviðurkenningarvottorðum.

2) Vegna áhrifa alþjóðavæðingar á sviði vélknúinna ökutækja er eftirspurn eftir ökutækjum sem smíðuð eru utan Sambandsins í umtalsverðum vexti. Aðildarríkin hafa komið á stjórnsýslumeðferðum og tæknilegum kröfum með landslögum um viðurkenningu á ökutækjum sem flutt eru inn frá þriðju löndum. Þar sem málsmeðferðarreglur og kröfur eru mismunandi á milli aðildarríkja skapa þessar aðstæður röskun á starfsemi innri markaðarins. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðeigandi samhæfðar ráðstafanir.

3) Mæla skal fyrir um samhæfð stjórnsýsluleg og tæknileg ákvæði varðandi einstakar viðurkenningar í fyrsta þrepi að því er varðar ökutæki sem framleidd eru í stórum framleiðsluröðum í eða fyrir þriðju lönd.

4) Ákvæði 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB gera aðildarríkjum kleift að fella niður tiltekin ákvæði þeirrar tilskipunar ásamt stjórnsýslufyrirmælunum í IV. viðauka þeirrar tilskipunar að því er varðar viðurkenningu einstakra ökutækja. Eðlileg starfsemi innri markaðarins krefst þess hins vegar að sambærilegar tæknilegar og stjórnsýslulegar kröfur gildi í öllu Sambandinu. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um hvaða ákvæði í lögum Sambandsins megi fella niður.

5) Ákvæði 24. gr. gera aðildarríkjunum kleift að leggja á aðrar kröfur en í Evrópulögum sem miða að því að tryggja, eftir því sem við verður komið, jafngilt umferðaröryggi og umhverfisvernd og það sem kveðið er á um í ákvæðum IV. og VI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Að því gefnu að ökutæki sem framleidd eru í framleiðsluröðum fyrir þriðju lönd í því skyni að taka þau í notkun á innanlandsmörkuðum séu smíðuð í samræmi við gildandi tæknilega löggjöf í viðkomandi uppruna- eða ákvörðunarlandi, er rétt að taka tillit til þeirra krafna ásamt yfirstandi vinnu Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki (WP.29) (World Forum for Harmonisation of Vehicle Regulations), undir forsjá efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu í Genf. Viðeigandi upplýsingar og nauðsynleg sérþekking eru til staðar til að sýna fram á að þessar kröfur gætu tryggt umferðaröryggi og umhverfisvernd sem er í það minnsta jafngilt umferðaröryggi og umhverfisvernd sem krafist er í Sambandinu. Því er rétt að telja ákveðnar gildandi kröfur í þriðju löndum jafngildar að því er varðar einstakar viðurkenningar.

6) Fyrirmyndirnar að vottorðunum sem viðurkenningaryfirvöld gefa út eru í VI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Hins vegar varða þau viðurkenningar sem veittar eru vegna gerðar ökutækis en ekki viðurkenningar vegna einstakra ökutækja. Til þess að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á einstökum viðurkenningum sem veittar eru skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar þykir rétt að setja fram fyrirmyndina sem nota á fyrir einstök viðurkenningarvottorð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 22.

([1]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

7) Aðildarríki hafa landsbundin kerfi fyrir einstakar viðurkenningar þegar þessi reglugerð er samþykkt fyrir ökutæki sem framleidd eru í stórum framleiðsluröðum og eru frá upphafi ætluð til skráningar í þriðju löndum. Þessi viðurkenningarkerfi geta gilt áfram. Samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB er gildi þeirra takmarkað við yfirráðasvæði aðildarríkisins sem veitti viðurkenninguna og önnur aðildarríki geta hafnað slíkum viðurkenningum.

8) Það er viðeigandi með tilliti til þess að tryggja rétta beitingu viðurkenningarkerfisins að uppfæra viðaukana við tilskipun 2007/46/EB í því skyni að mæla fyrir um tæknilegar kröfur fyrir ökutæki sem á að viðurkenna samkvæmt aðferðinni við einstaka viðurkenningu.

9) Því ber að breyta IV. og VI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. og VI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Kröfurnar í þessari reglugerð eru með fyrirvara um kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB um einstakar viðurkenningar, einkum möguleika aðildarríkja á því að veita einstakar viðurkenningar að því tilskildu að þau setji fram aðrar kröfur.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. febrúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 22. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

1. Ákvæðum I. hluta IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Fyrirsögnin „1. viðbætir“ komi í stað fyrirsagnarinnar „Viðbætir“,

b) Eftirfarandi 2. viðbætir bætist við:

„2. viðbætir

Kröfur um viðurkenningu fullbúinna ökutækja í flokki M_1 og N_1 skv. 24. gr. sem framleidd eru í stórum framleiðsluröðum í eða fyrir þriðju lönd

0. MARKMIÐ

Ökutæki telst vera nýtt ef:

a) það hefur aldrei áður verið skráð eða

b) það hefur verið skráð í minna en 6 mánuði þegar sótt eru um einstaka viðurkenningu.

Ökutæki skal teljast skráð þegar það hefur hlotið varanlegt, bráðabirgða eða skammtíma opinbert leyfi til að taka ökutæki í notkun til aksturs á vegum, en í því koma fram auðkenni þess og skráningarnúmerið sem því er úthlutað ([1]).

1. STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI

1.1. **Flokkun ökutækisins**

Flokka skal ökutæki samkvæmt viðmiðunum sem sett eru fram í II. viðauka.

Í þeim tilgangi:

a) skal taka tillit til raunverulegs fjölda sæta og

b) skal tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu vera hámarksmassi sem framleiðandi gefur upp í upprunalandi og sem er tiltækur í opinberum gögnum hans.

Ef ekki er hægt að ákvarða ökutækjaflokk auðveldlega vegna hönnunar á yfirbyggingu, skulu skilyrðin sem sett eru fram í II. viðauka gilda.

1.2. **Umsókn um einstaka viðurkenningu**

a) Umsækjandi skal leggja fram umsókn hjá viðurkenningaryfirvaldi ásamt öllum viðkomandi gögnum sem nauðsynleg eru fyrir vinnslu viðurkenningarferlisins.

Ef framlögð gögn eru ófullnægjandi, fölsuð eða svikin skal hafna umsókn um viðurkenningu.

b) Aðeins má leggja fram eina umsókn fyrir einstakt ökutæki og aðeins í einu aðildarríki.

Einstakt ökutæki telst vera raunverulegt ökutæki þar sem verksmiðjunúmer ökutækisins er auðkennt með skýrum hætti.

Fyrir beitingu á þessum lið, getur viðurkenningaryfirvald farið fram á að umsækjandi skuldbindi sig skriflega til þess að leggja aðeins fram eina umsókn í einu aðildarríki.

Hins vegar mega allir umsækjendur sækja um einstaka viðurkenningu í öðru aðildarríki að því er varðar ökutæki sem hefur sömu eða sambærilega tæknilega eiginleika og það sem veitt hefur verið einstök viðurkenning fyrir.

c) Viðurkenningaryfirvaldið skal mæla fyrir um fyrirmynd að umsóknareyðublaðinu og uppsetningu skrárinnar.

Upplýsingar geta einungis samanstaðið af viðeigandi vali á upplýsingum í I. viðauka.

d) Tæknilegu kröfurnar sem þarf að uppfylla eru þær sem mælt er fyrir um í 4. lið þessa viðbætis.

Þær skulu vera þær sem gilda um ný ökutæki af þeirri gerð ökutækis sem er í framleiðslu, í tengslum við dagsetninguna þegar umsóknin er lögð fram.

e) Að því er varðar tilteknar prófanir sem krafist er í sumum stjórnvaldsfyrirmælum sem skráð eru í þessum viðauka, skal umsækjandinn leggja fram yfirlýsingu um samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla eða reglugerðir. Eingöngu framleiðandi ökutækis má gefa út viðkomandi yfirlýsingu.

„Yfirlýsing um samræmi“ er yfirlýsing sem gefin er út af skrifstofu eða deild innan fyrirtækis framleiðandans sem hefur fullt umboð frá stjórnendum til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði ökutækis.

Stjórnvaldsfyrirmælin sem leggja þarf slíka yfirlýsingu fram fyrir skulu vera þau sem um getur í 4. lið þessa viðbætis.

Ef yfirlýsingin leiðir til óvissu, er hægt að krefja umsækjandann um að hann fái frá framleiðandanum ótvíræð sönnunargögn, þ.m.t. prófunarskýrslu, til þess að renna stoðum undir yfirlýsingu framleiðandans.

1.3. **Tækniþjónusta sem treyst er fyrir einstökum viðurkenningum**

a) Tækniþjónusta sem treyst er fyrir einstökum viðurkenningum skal vera í flokki A eins og um getur í 3. mgr. 41. gr.

b) Þrátt fyrir annan undirlið 4. mgr. 41. gr., skal tækniþjónusta fara að eftirfarandi stöðlum:

i. EN ISO/IEC 17025:2005 ef hún gerir prófanir sjálf,

ii. EN ISO/IEC 17020:2004 ef hún hefur eftirlit með því að ökutæki uppfylli kröfurnar í þessum viðbæti.

c) Ef gera þarf sértækar prófanir sem krefjast sérstakrar færni að beiðni umsækjanda, skulu þær gerðar hjá einni af tækniþjónustunum sem tilkynntar eru framkvæmdastjórninni að vali umsækjanda.

Til dæmis, ef gera þarf framhöggsprófun í samráði við umsækjanda í aðildarríki „A“, má gera prófunina hjá tilkynntri tækniþjónustu í aðildarríki „B“.

1.4. **Prófunarskýrslur**

a) Gera skal prófunarskýrslur í samræmi við lið 5.10.2 í staðli EN ISO/IEC 17025:2005.

b) Þær skulu gerðar á einu af tungumálum Sambandsins sem ákvarðað er af viðurkenningaryfirvaldinu.

Hafi prófunarskýrsla verið gerð í öðru aðildarríki en því sem treyst er fyrir einstakri viðurkenningu, við beitingu á c-lið liðar 1.3, getur viðurkenningaryfirvald krafist þess að umsækjandi leggi fram nákvæma þýðingu á prófunarskýrslunni.

c) Þær skulu innihalda lýsingu á ökutækinu sem er prófað ásamt ótvíræðu auðkenni. Hlutum sem gegna mikilvægu hlutverki að því er varðar niðurstöður prófana skal lýst og auðkennisnúmer þeirra gefið upp.

Dæmi um hluta eru hljóðkútar fyrir hávaðamælingar og rafstýrieining hreyfils fyrir mælingu losunar gegnum útblástursrör.

d) Að beiðni umsækjanda má leggja prófunarskýrslu sem gefin er út fyrir kerfi í tengslum við tiltekið ökutæki fram í fleira en eitt skipti af sama eða öðrum umsækjanda að því er varðar einstaka viðurkenningu á öðru ökutæki.

Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvald tryggja að tæknilegir eiginleikar ökutækisins séu skoðaðir á tilhlýðilegan hátt með tilliti til prófunarskýrslunnar.

Skoðun ökutækisins og gögn sem fylgja prófunarskýrslunni skulu leiða til þeirrar niðurstöðu að ökutækið sem sótt er um einstaka viðurkenningu fyrir hafi sömu eiginleika og ökutækið sem lýst er í skýrslunni.

e) Aðeins má leggja fram staðfest eintök af prófunarskýrslu.

f) Prófunarskýrslur sem um getur í d-lið liðar 1.4 taka ekki til skýrslna sem gerðar eru til þess að veita einstaka viðurkenningu fyrir ökutækið.

1.5. Það er innbyggt í ferlið við einstaka viðurkenningu að hvert tiltekið ökutæki sé skoðað af tækniþjónustunni.

Óheimilt er að gefa undanþágur frá þessari meginreglu.

1.6. Ef viðurkenningaryfirvaldið telur fullvíst að ökutækið uppfylli tæknilegu kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum viðbæti og samræmist lýsingunni í umsókninni skal það veita viðurkenningu í samræmi við 24. gr.

1.7. Viðurkenningarvottorð skal gert samkvæmt fyrirmynd D eins og mælt er fyrir um í VI. viðauka.

1.8. Viðurkenningaryfirvald skal halda skrá yfir allar viðurkenningar sem veittar eru skv. 24. gr.

2. UNDANÞÁGUR

2.1. Vegna sérstaks eðlis málsmeðferðarinnar fyrir einstaka viðurkenningu skal fella niður eftirfarandi greinar þessarar tilskipunar, ásamt tilheyrandi ákvæðum í viðkomandi viðaukum:

a) Ákvæði 12. gr. að því er varðar fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu,

b) Ákvæði 8., 9., 13., 14. og 18. gr. að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferð ökutækja.

2.2. **Gerðarauðkenni ökutækis**

a) Eftir því sem unnt er skal geta um gerð, afbrigði og útfærslu sem gefin er upp í upprunalandi í viðurkenningarvottorðinu.

b) Ef ekki er unnt að auðkenna gerð, afbrigði og útfærslu vegna þess að viðkomandi gögn vantar má geta um almennt verslunarheiti ökutækisins.

3. ENDURSKOÐUN Á TÆKNILEGUM KRÖFUM

Skrá yfir tæknilegar kröfur í 4. lið verður endurskoðuð reglulega til þess að taka tillit til niðurstaðna yfirstandandi samhæfingarvinnu Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki (WP.29) (World Forum for Harmonisation of Vehicle Regulations) í Genf og þróun löggjafar í þriðju löndum.

4. TÆKNILEGAR KRÖFUR

I. hluti: Ökutæki í flokki M_1

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
1	Tilskipun 70/157/EBE (Leyfilegt hljóðstig)	*Prófun á ferð* a) Prófun skal gerð í samræmi við „Aðferð A“ sem um getur í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. Mörkin eru þau sem tilgreind eru í lið 2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE. Heimila skal 1 desíbel til viðbótar leyfilegum mörkum. b) Prófunarbrautin skal vera í samræmi við 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. Nota má prófunarbraut með öðrum forskriftum með því skilyrði að tækniþjónustan hafi gert samsvörunarprófanir. Ef þörf er á skal beita leiðréttingarstuðli. c) Ekki þarf að meðhöndla útblásturskerfi sem innihalda trefjaefni eins og mælt er fyrir um í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. *Prófun í kyrrstöðu* Prófun skal gerð í samræmi við lið 3.2 í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51.
2	Tilskipun 70/220/EBE (Losun)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við tilskipun 70/220/EBE með spillistuðlunum sem um getur í lið 5.3.6.2. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við þá tilskipun. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í III. viðauka við þá tilskipun. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við tilskipun 70/220/EBE. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur í lið 3.2 í 2. viðbæti við III. viðauka við þá tilskipun. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við einhvern hluta lagasafns Kaliforníufylkis sem nefndur er í athugasemdinni á undan 5. lið I. viðauka þeirrar tilskipunar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		Losun við uppgufun Ökutæki sem búin eru bensínhreyfli skulu hafa mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki). *Losun frá sveifarhúsi* Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. *Innbyggt greiningarkerfi* Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir.
2a	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/aðgangur að upplýsingum)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við tilskipun 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í töflu I og töflu II í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð 692/2008. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur sem settar eru fram í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. *Losun við uppgufun* Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi. *Losun frá sveifarhúsi* Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. *Reykþéttni* a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að. *Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun* a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunum sem settar eru fram í skýringum ([b]) og ([c]). *Aðgangur að upplýsingum* Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki.
3	Tilskipun 70/221/EBE (Eldsneytisgeymar/ undirakstursvörn)	*Eldsneytisgeymar* a) Eldsneytisgeymar skulu vera í samræmi við 5. lið I. viðauka við tilskipun 70/221/EBE að liðum 5.1, 5.2 og 5.12 undanskildum. Einkum skulu þeir vera í samræmi við liði 5.9 og 5.9.1 en ekki skal framkvæma lekaprófun. b) Tankar fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas skulu gerðarviðurkenndir í samræmi við annars vegar reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67 röð breytinga 01 eða reglugerð nr. 110 hins vegar ([a]). *Sértæk ákvæði fyrir eldsneytisgeyma úr plastefni* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að eldsneytisgeymirinn í tiltekna ökutækinu [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – Lið 6.3 í tilskipun 70/221/EBE, – FMVSS nr. 301 (heilleiki eldsneytiskerfa), – Ákvæði 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 34. *Undirakstursvörn* a) Afturhluti ökutækis skal smíðaður í samræmi við 5. lið II. viðauka við tilskipun 70/221/EBE. b) Í þeim tilgangi er fullnægjandi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í öðrum undirlið í lið 5.2.
4	Tilskipun 70/222/EBE (Flötur fyrir skráningarmerki að aftan)	Flötur, halli, sýnileikahorn og staðsetning skráningarmerkis skal vera í samræmi við tilskipun 70/222/EBE.
5	Tilskipun 70/311/EBE (Stýriskraftur)	*Vélræn kerfi* a) Stýrisbúnaður skal smíðaður þannig að hann miðjustilli sig sjálfur. Til að hafa eftirlit með samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæma prófun í samræmi við liði 5.1.2 og 5.2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/311/EBE. b) Bilun í aflstýrisbúnaði skal ekki valda algjörum missi á stjórn ökutækisins. *Flókinn rafrænn stjórnbúnaður fyrir ökutæki (rafstýribúnaður (drive-by wire búnaður)* Flókinn rafrænn stjórnbúnaður skal aðeins heimilaður ef hann er í samræmi við 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79.
6	Tilskipun 70/387/EBE (Læsingar hurða og lamir)	a) Læsingar hurða og lamir skulu vera í samræmi við liði 3.2.1, 3.3.2 og 3.4.1 í I. viðauka við tilskipun 70/387/EBE. b) Kröfurnar sem settar eru fram í lið 3.4.1 gilda ekki ef sýnt er fram á samræmi við lið 6.1.5.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 11, 1. endurskoðun, 2. breyting.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
7	Tilskipun 70/388/EBE (Hljóðmerki)	*Íhlutir* Hljóðmerkjabúnaður þarf ekki að vera gerðarviðurkenndur í samræmi við tilskipun 70/388/EBE. Hins vegar skal hann gefa frá sér samfellt hljóð eins og krafist er í lið 1.1 í I. viðauka þeirrar tilskipunar. *Uppsetning í ökutæki* a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við 2. lið I. viðauka við tilskipun 70/388/EBE. b) Hámarkshljóðþrýstingur skal vera í samræmi við lið 2.1.4 í þeim viðauka.
8	Tilskipun 2003/97/EB (Búnaður til að auka sjónsvið)	*Íhlutir* a) Ökutækið skal búið baksýnisspeglum sem kveðið er á um í 2. lið III. viðauka við tilskipun 2003/97/EB. b) Ekki er krafist gerðarviðurkenningar á þeim í samræmi við þá tilskipun. c) Krappageisli speglanna skal ekki valda umtalsverðri bjögun á myndinni. Tækniþjónustunni er heimilt að eigin ákvörðun að athuga krappageislann í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. viðbæti, II. viðauka þeirrar tilskipunar. Krappageislinn skal ekki vera minni en sá sem krafist er í lið 3.4 í II. viðauka þeirrar tilskipunar. *Uppsetning í ökutæki* Framkvæma skal mælingar í því skyni að tryggja að sjónsvið sé í samræmi við annað hvort 5. lið III. viðauka við tilskipun 2003/97/EB eða 5. lið III. viðauka við tilskipun 71/127/EBE.
9	Tilskipun 71/320/EBE (Hemlun)	*Almenn ákvæði* a) Hemlakerfi skal smíðað í samræmi við 2. lið I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE. b) Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. c) Afköst hemlakerfisins skulu vera í samræmi við 2. lið II. viðauka þeirrar tilskipunar. d) Í þessu skyni skal framkvæma prófanir í akstri á braut með yfirborði þar sem veggrip er mikið. Prófun á stöðuhemli skal framkvæmd í 18% halla (upp og niður). Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem nefndar eru hér á eftir. Í öllum tilvikum skal ökutækið vera fullhlaðið. e) Akstursprófunin sem um getur í c-lið hér að framan skal ekki framkvæmd ef umsækjandi getur lagt fram yfirlýsingu frá framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við annað hvort reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H að meðtöldum 5. viðbæti eða FMVSS nr. 135. *Akstursheimill* a) Framkvæma skal prófun 0 sem mælt er fyrir um í liðum 1.2.2 og 1.2.3 í II. viðauka við tilskipun 71/320/EBE. b) Að auki skal framkvæma prófun I eins og lýst er í lið 1.3 í II. viðauka þeirrar tilskipunar. *Stöðuhemill* Framkvæma skal prófun í samræmi við lið 2.1.3 í II. viðauka þeirrar tilskipunar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
10	Tilskipun 72/245/EBE (Rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi))	*Íhlutir* a) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar þurfa ekki að vera gerðarviðurkenndar í samræmi við tilskipun 72/245/EBE. b) Hins vegar skal rafmagns-/raftæknilegur búnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur vera í samræmi við þá tilskipun. *Losun rafsegulgeislunar* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við tilskipun 72/245/EBE eða eftirfarandi staðla: – Breiðbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 eða SAE J551-2, – Mjóbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 (utan ökutækis) eða 25 (innbyggt) eða SAE J551-4 og SAE J1113-41. *Ónæmisprófun* Ónæmisprófanir skulu felldar niður.
11	Tilskipun 72/306/EBE (Dísilreykur)	a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í III. og IV. viðauka við tilskipun 72/306/EBE. Viðmiðunarmörkin sem við eiga eru þau sem um getur í V. viðauka þeirrar tilskipunar. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðulsins sem um getur í 4. lið I. viðauka við tilskipun 72/306/EBE skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að.
12	Tilskipun 74/60/EBE (Innréttingar)	*Fyrirkomulag innréttinga* a) Að því er varðar kröfur um orkugleypni skal ökutækið teljast vera í samræmi við tilskipun 74/60/EBE ef ökutækið er búið minnst tveimur öryggispúðum að framan, einum sem felldur er í stýrishjólið og öðrum í mælaborði. b) Ef ökutækið er einungis búið einum öryggispúða sem felldur er í stýrishjólið skal mælaborðið gert úr orkugleypnum efnum. c) Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að engar skarpar brúnir séu á svæðunum sem skilgreind eru í liðum 5.1 til 5.7 í I. viðauka við tilskipun 74/60/EBE. *Rafknúin stjórntæki* a) Rafstýrðar rúður, þaklúgur og skilveggir skulu prófuð í samræmi við lið 5.8 í I. viðauka þeirrar tilskipunar. Næmi sjálfvirks enduropnunarbúnaðar sem um getur í lið 5.8.3 í þeim viðauka má víkja frá kröfunum sem settar eru fram í lið 5.8.3.1.1. b) Rafknúnar rúður sem ekki er hægt að loka þegar slökkt er á kveikjunni skulu undanþegnar kröfum varðandi sjálfvirkan enduropnunarbúnað.
13	Tilskipun 74/61/EBE (Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður)	a) Til að koma í veg fyrir notkun í leyfisleysi skal ökutækið búið: – læsibúnaði í samræmi við skilgreininguna í lið 2.2 í IV. viðauka við tilskipun 74/61/EBE og – ræsivarnarbúnaði sem uppfyllir tæknilegar kröfur í 3. lið V. viðauka þeirrar tilskipunar og grunnkröfur 4. liðar, einkum liðar 4.1.1.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		b) Ef, við beitingu a-liðar hér að framan, þörf er á að setja ræsivarnarbúnað í sem endurbótarhlut skal hann vera af viðurkenndri gerð í samræmi við tilskipun 74/61/EBE eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 97 eða nr. 116.
14	Tilskipun 74/297/EBE ([d]) (Höggmildandi stýrisbúnaður)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir* það] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 74/297/EBE, – FMVSS nr. 203 (verndun ökumanns fyrir höggi frá stýrisbúnaði) ásamt FMVSS nr. 204 (tilfærsla stýrisbúnaðar aftur á bak), – Ákvæði 11. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við II. viðauka við tilskipun 74/297/EBE á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tilkynntri evrópskri tækniþjónustu sem er til þess bær. Afhenda skal umsækjanda ítarlega skýrslu.
15	Tilskipun 74/408/EBE (Styrkleiki sætis — höfuðpúðar)	*Sæti, sætisfestingar og stillibúnaður* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir* það] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 74/408/EBE, – FMVSS nr. 207 (sætiskerfi). *Höfuðpúðar* a) Ef yfirlýsingin sem um getur hér að framan er byggð á FMVSS nr. 207 skulu höfuðpúðar að auki uppfylla grunnkröfur 3. liðar II. viðauka við tilskipun 74/408/EBE og 5. liðar I. viðbætis sama viðauka. b) Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem lýst er í lið 3.10 og 5., 6. og 7. lið II. viðauka þeirrar tilskipunar. c) Í öðrum tilvikum skal umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við FMVSS nr. 202a (höfuðpúðar).
16	Tilskipun 74/483/EBE (Útstæðir hlutar)	a) Ytra borð yfirbyggingarinnar skal vera í samræmi við almennar kröfur í 5. lið I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE. b) Tækniþjónustunni er heimilt að eigin ákvörðun að framkvæmda eftirlit með ákvæðunum sem um getur í liðum 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8 og 6.11 í I. viðauka þeirrar tilskipunar.
17	Tilskipun 75/443/EBE (Hraðamælir — bakkgír)	*Hraðamælibúnaður* a) Skífan skal vera í samræmi við liði 4.1 til 4.2.3 í II. viðauka við tilskipun 75/443/EBE. b) Ef tækniþjónustan hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hraðamælir sé ekki kvarðaður með fullnægjandi nákvæmni, getur hún krafist þess að prófanirnar sem kveðið er á um í lið 4.3 séu framkvæmdar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		Bakkgír Gíragangverkið skal innihalda bakkgír.
18	Tilskipun 76/114/EBE (Lögboðnar merkiplötur)	*Verksmiðjunúmer ökutækis* a) Ökutækið skal búið verksmiðjunúmeri ökutækis sem samanstendur af minnst 8 og mest 17 rittáknum. Verksmiðjunúmer ökutækis með 17 rittáknum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í ISO-stöðlum 3779:1983 og 3780:1983. b) Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á auðsýnilegum og aðgengilegum stað þannig að ekki sé hægt að afmá það og að það eyðist ekki. c) Ef ekkert verksmiðjunúmer ökutækis er stimplað á undirvagn eða yfirbyggingu getur aðildarríki farið fram á að það sé sett á eftir á við beitingu landslaga. Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu hafa eftirlit með aðgerðinni. *Lögboðin merkiplata* Ökutækið skal búið auðkenniplötu sem framleiðandi ökutækisins festir á. Ekki skal krefjast viðbótarplatna eftir að viðurkenning hefur verið veitt.
19	Tilskipun 76/115/EBE (Öryggisbeltafestingar)	Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir* það] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 76/115/EBE, – FMVSS nr. 210 (festingar fyrir sætisbeltasamstæðu) – grein 22-3 í JSRRV.
20	Tilskipun 76/756/EBE (Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar)	a) Ljósabúnaður skal uppfylla grunnkröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, röð breytinga 03, að undanþegnum kröfunum í 5. og 6. viðauka við reglugerð 48. b) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar fjölda, helstu hönnunareiginleika, rafmagnstengingar, og lit ljóss sem er varpað eða endurvarpað af ljósum og merkjabúnaði sem um getur í 21. til 26. færslu og í 28. til 30. færslu. c) Ljós og merkjabúnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur við beitingu á ofangreindu skal bera EB-gerðarviðurkenningarmerki. d) Ljósker sem búin eru gasúrhleðsluljósgjafa eru aðeins heimiluð í tengslum við uppsetningu á hreinsunarbúnaði fyrir aðalljósker og sjálfvirkum hallastillingarbúnaði fyrir aðalljósker eftir því sem við á. e) Lágljós aðalljóskerja skulu löguð að löglegri akstursstefnu í landinu þar sem ökutækið fær viðurkenningu.
21	Tilskipun 76/757/EBE (Glitaugu)	Ef nauðsyn krefur skal setja tvö viðbótarglitaugu með EB-viðurkenningarmerki að aftan og skal staðsetning þeirra vera í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.
22	Tilskipun 76/758/EBE (Breiddarljós, stöðuhliðarljósker að framan og aftan, hemlaljósker, hliðarljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
23	Tilskipun 76/759/EBE (Stefnuljós)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
24	Tilskipun 76/760/EBE (Ljósker við skráningarmerki að aftan)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
25	Tilskipun 76/761/EBE (Aðalljósker (þ.m.t perur))	a) Lýsingin af lágljósum aðalljóskerjanna sem fest eru á ökutækið skal könnuð skv. 6. lið reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 112 varðandi aðalljósker sem gefa frá sér ósamhverfan lágljósageisla. Vísa má í vikmörkin í 5. viðauka þeirrar reglugerðar í því skyni. b) Sama ákvörðun gildir *að breyttu breytanda* um lágljós aðalljóskerja sem falla undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 98 eða nr. 123.
26	Tilskipun 76/762/EBE (Þokuljósker að framan)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
27	Tilskipun 77/389/EBE (Dráttarkrókar)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki.
28	Tilskipun 77/538/EBE (Þokuljósker að aftan)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
29	Tilskipun 77/539/EBE (Bakkljósker)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
30	Tilskipun 77/540/EBE (Stöðuljósker)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
31	Tilskipun 77/541/EBE (Öryggisbelti og aðhaldsbúnaður)	*Íhlutir* a) Öryggisbelti þurfa ekki að vera gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 77/541/EBE. b) Hins vegar skulu öll öryggisbelti bera auðkennismerkimiða. c) Vísanir á merkimiðanum skulu vera í samræmi við ákvörðun varðandi öryggisbeltafestingar (viðvíkjandi 19. færslu). *Kröfur um uppsetningu* a) Ökutækið skal búið öryggisbeltum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XV. viðauka við tilskipun 77/541/EBE. b) Ef setja þarf tiltekinn fjölda öryggisbelta í sem endurbótarhlut í samræmi við a-lið hér að framan, skulu þau vera af viðurkenndri gerð í samræmi við tilskipun 77/541/EBE eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16.
32	Tilskipun 77/649/EBE (Sjónsvið fram á við)	a) Engar hindranir á 180° sjónsviði ökumanns fram á við eins og það er skilgreint í lið 5.1.3 í I. viðauka við tilskipun 77/649/EBE skulu heimilar. b) Þrátt fyrir a-lið hér að framan skulu A-stoðir og búnaður sem skráður er í lið 5.1.3 í I. viðauka þeirrar tilskipunar ekki teljast vera hindranir. c) A-stoðir skulu ekki vera fleiri en tvær.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
33	Tilskipun 78/316/EBE (Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar)	a) Tákn, þ.m.t. litir samsvarandi gaumljósa sem skyldubundið er að séu til staðar með skírskotun til II. viðauka við tilskipun 78/316/EBE skulu vera í samræmi við þá tilskipun. b) Ef svo er ekki skal tækniþjónustan sannreyna að tákn, gaumljós og álestrartæki sem eru innbyggð í ökutækið veiti ökumanni auðskiljanlegar upplýsingar um virkni viðkomandi stjórntækja.
34	Tilskipun 78/317/EBE (Afísing/móðuhreinsun)	Ökutækið skal búið fullnægjandi afísingar- og móðuhreinsunarbúnaði á framrúðum. „Fullnægjandi“ telst allur afísingarbúnaður sem er að lágmarki í samræmi við lið 5.1.1 í I. viðauka við tilskipun 78/317/EBE. „Fullnægjandi“ telst allur móðuhreinsunarbúnaður sem er að lágmarki í samræmi við lið 5.2.1 í I. viðauka þeirrar tilskipunar.
35	Tilskipun 78/318/EBE (Sprautur/þurrkur)	Ökutækið skal búið fullnægjandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum. „Fullnægjandi“ telst allur sprautu- og þurrkunarbúnaður sem er að lágmarki í samræmi við skilyrðin í lið 5.1.3 í I. viðauka við tilskipun 78/318/EBE.
36	Tilskipun 2001/56/EB (Hitakerfi)	a) Farþegarými skal búið hitunarkerfi. b) Brennsluhitarar og uppsetning þeirra skulu vera í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB. Að auki skulu brennsluhitarar og hitunarkerfi með fljótandi jarðolíugasi uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka við þá tilskipun. c) Viðbótarhitunarkerfi sem sett eru í sem endurbótarhlutir skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.
37	Tilskipun 78/549/EBE (Hjólhlífar)	a) Ökutækið skal hannað þannig að aðrir vegfarendur séu varðir gegn steinum, aur, ís, snjó og vatni sem kastast frá því og til að draga úr hættu af snertingu við hjól á hreyfingu. b) Tækniþjónustunni er heimilt að hafa eftirlit með samræmi við helstu tæknilegu kröfur sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 78/549/EBE. c) Ákvæði 3. liðar I. viðauka þeirrar tilskipunar gilda ekki.
38	Tilskipun 78/932/EBE (Höfuðpúðar)	Kröfur tilskipunar 78/932/EBE gilda ekki.
39	Tilskipun 80/1268/EBE (Losun koltvísýrings/ eldsneytisnotkun)	a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við 5. lið I. viðauka við tilskipun 80/1268/EBE. b) Kröfurnar sem settar eru fram í lið 5.1.1 í þeim viðauka gilda ekki. c) Ef engar prófanir varðandi losun gegnum útblástursrör eru framkvæmdar við beitingu ákvæðanna sem um getur í 2. færslu, skal reikna út koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun með formúlunni sem mælt er fyrir um í skýringum ([b]) og ([c]).
40	Tilskipun 80/1269/EBE (Hreyfilafl)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
41	Tilskipun 2005/55/EB (Losun (Euro 4 og 5) þungra ökutækja — innbyggð greiningarkerfi — reykþéttni)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun í samræmi við lið 6.2 í I. viðauka við tilskipun 2005/55/EB með spillistuðlunum sem settir eru fram í lið 3.6 í II. viðauka við tilskipun 2005/78/EB. b) Mörkin skulu vera þau sem sett eru fram í töflu 1 eða 2 í I. viðauka við tilskipun 2005/55/EB. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. *Reykþéttni* a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í IV. viðauka við tilskipun 2005/55/EB. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að.
44	Tilskipun 92/21/EBE (Massar og mál)	a) Kröfurnar í 3. lið II. viðauka við tilskipun 92/21/EBE skulu uppfylltar. b) Við beitingu ákvæðanna sem um getur í a-lið skal taka eftirfarandi massa til athugunar: – massa ökutækis, tilbúins til aksturs sem skilgreindur er í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eins og hann er mældur af tækniþjónustunni og – massa með hleðslu sem gefinn er upp af framleiðanda ökutækis eða sýndur á merkiplötu framleiðanda ásamt sjálflímandi miðum eða upplýsingum sem eru tiltækar í handbók eiganda. Þessi massi skal teljast tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu. c) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar leyfileg hámarksmál.
45	Tilskipun 92/22/EBE (Rúður úr öryggisgleri)	*Íhlutir* a) Rúður skulu gerðar úr hertu eða lagskiptu öryggisgleri. b) Aðeins er heimilt að setja rúður úr plasti aftan við B-stoð. c) Rúður þurfa ekki að vera viðurkenndar samkvæmt tilskipun 92/22/EBE. *Uppsetning* a) Forskrift um uppsetningu sem sett er fram í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 gildir. b) Engar litaðar filmur sem draga úr gegnumferð ljóss undir áskilið lágmark skulu heimilaðar á framrúðu og á rúðum fyrir framan B-stoð.
46	Tilskipun 92/23/EBE (Hjólbarðar)	*Íhlutir* Hjólbarðar skulu bera EB-gerðarviðurkenningarmerki sem inniheldur s-merki (fyrir hljóð). *Uppsetning* a) Stærðarmál, tala fyrir hleðslugetu og hraðaflokkur hjólbarða skulu uppfylla kröfurnar í IV. viðauka við tilskipun 92/23/EBE.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		b) Tákn fyrir hraðaflokk á hjólbarðanum skal samrýmast hámarkshönnunarhraða ökutækisins. Þó að hraðatakmarkari sé fyrir hendi skal það ekki veita undanþágu frá beitingu þessarar kröfu. c) Fyrir beitingu á ákvæðum b-liðar hér að framan skal framleiðandi ökutækis gefa upp hámarkshraða ökutækis. Hins vegar má tækniþjónustan meta hámarkshönnunarhraða ökutækisins með því að nota hámarksafköst hreyfilsins, hámarksfjölda snúninga á mínútu og gögn varðandi hreyfiaflskeðjuna.
50	Tilskipun 94/20/EB (Tengingar)	*Aðskildar tæknieiningar* a) Tengi frá framleiðanda upprunalega búnaðarins sem ætluð eru til að draga eftirvagn þar sem hámarksmassi er ekki yfir 1 500 kg skulu ekki þurfa að vera gerðarviðurkennd samkvæmt tilskipun 94/20/EB. Tengi telst búnaður frá framleiðanda upprunalega búnaðarins ef því er lýst í handbók eiganda eða jafngildu fylgiskjali sem kaupandi fær frá framleiðanda ökutækisins. Ef slíkt tengi er viðurkennt með ökutækinu skal viðeigandi texti vera í viðurkenningarvottorðinu þar sem fram kemur að eigandi beri ábyrgð á að tryggja samhæfi við tengibúnaðinn sem festur er á eftirvagninn. b) Önnur tengi en þau sem um getur í a-lið hér að framan, sem og tengi sem sett eru í sem endurbótarhlutir, skulu gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 94/20/EB. *Uppsetning á ökutækinu* Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að uppsetning tengibúnaðar sé í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 94/20/EB.
53	Tilskipun 96/79/EB (Högg að framan) (c)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 96/79/EB, – FMVSS nr. 208 (árekstrarvörn farþega), – Ákvæði 18. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við II. viðauka við tilskipun 96/79/EB á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tilkynntri evrópskri tækniþjónustu sem er til þess bær. Afhenda skal umsækjanda ítarlega skýrslu.
54	Tilskipun 96/27/EB (Högg frá hlið)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 96/27/EB, – FMVSS nr. 214 (vörn fyrir höggi frá hlið), – Ákvæði 18. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/27/EB á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tilkynntri evrópskri tækniþjónustu sem er til þess bær. Afhenda skal umsækjanda ítarlega skýrslu.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
58	Reglugerð (EB) nr. 78/2009 (Vernd gangandi vegfarenda)	*Hjálparátak við hemlun* Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. *Vernd gangandi vegfarenda* Kröfurnar í þeirri reglugerð skulu ekki gilda fyrr en 1. janúar 2013. *Varnarbúnaður að framan* Hins vegar skal varnarbúnaður að framan sem settur er á ökutæki vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009 og skal uppsetning hans vera í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 6. lið I. viðauka þeirrar reglugerðar.
59	Tilskipun 2005/64/EB (Endurvinnanleiki)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda ekki.
61	Tilskipun 2006/40/EB (Loftræstikerfi)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda.

II. hluti: Ökutæki í flokki N_1

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
1	Tilskipun 70/157/EBE (Leyfilegt hljóðstig)	*Prófun á ferð* a) Prófun skal gerð í samræmi við „Aðferð A“ sem um getur í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. Mörkin eru þau sem tilgreind eru í lið 2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE. Heimila skal 1 desíbel til viðbótar leyfilegum mörkum. b) Prófunarbrautin skal vera í samræmi við 8. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. Nota má prófunarbraut með öðrum forskriftum með því skilyrði að tækniþjónustan hafi gert samsvörunarprófanir. Ef þörf er á skal beita leiðréttingarstuðli. c) Ekki þarf að meðhöndla útblásturskerfi sem innihalda trefjaefni eins og mælt er fyrir um í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51. *Prófun í kyrrstöðu* Prófun skal gerð í samræmi við lið 3.2 í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu Þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51.
2	Tilskipun 70/220/EBE (Losun)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við tilskipun 70/220/EBE með spillistuðlunum sem um getur í lið 5.3.6.2. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við þá tilskipun. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í III. viðauka við þá tilskipun. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við tilskipun 70/220/EBE. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur í lið 3.2 í 2. viðbæti við III. viðauka við þá tilskipun. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við einhvern hluta lagasafns Kaliforníufylkis sem nefndur er í athugasemdinni á undan 5. lið I. viðauka þeirrar tilskipunar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		Losun við uppgufun Ökutæki sem búin eru bensínhreyfli skulu hafa mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki). *Losun frá sveifarhúsi* Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir.
2a	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 Losun léttra ökutækja (Euro 5 og 6)/aðgangur að upplýsingum	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við tilskipun 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í töflu I og töflu II í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunar-eldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð 692/2008. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. *Losun við uppgufun* Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunar-varnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi. *Losun frá sveifarhúsi* Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. *Innbyggt greiningarkerfi* Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækni-skoðanir. *Reykþéttni* a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að. *Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun* a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3 000 km akstur ökutækis eins og krafist er í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		(EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunum sem settar eru fram í skýringum ([b]) og ([c]) *Aðgangur að upplýsingum* Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki.
3	Tilskipun 70/221/EBE (Eldsneytisgeymar/ undirakstursvörn)	*Eldsneytisgeymar* a) Eldsneytisgeymar skulu vera í samræmi við 5. lið I. viðauka við tilskipun 70/221/EBE að liðum 5.1, 5.2 og 5.12 undanskildum. Einkum skulu þeir vera í samræmi við liði 5.9 og 5.9.1 en ekki skal framkvæma lekaprófun. b) Tankar fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas skulu gerðarviðurkenndir í samræmi við annars vegar reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67 röð breytinga 01 eða reglugerð nr. 110 hins vegar ([a]). *Sértæk ákvæði fyrir eldsneytisgeyma úr plastefni* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að eldsneytisgeymirinn í tiltekna ökutækinu [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – Lið 6.3 í tilskipun 70/221/EBE, – FMVSS nr. 301 (heilleiki eldsneytiskerfa), – Ákvæði 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 34. *Undirakstursvörn* a) Afturhluti ökutækis skal smíðaður í samræmi við 5. lið II. viðauka við tilskipun 70/221/EBE. b) Í þeim tilgangi er fullnægjandi að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í öðrum undirlið í lið 5.2. c) Ef setja þarf undirakstursvörn á sem endurbótarhlut við beitingu ofangreindra ákvæða skal hún vera í samræmi við liði 5.3 og 5.4 í II. viðauka þeirrar tilskipunar.
4	Tilskipun 70/222/EBE (Flötur fyrir skráningarmerki að aftan)	Flötur, halli, sýnileikahorn og staðsetning skráningarmerkis skal vera í samræmi við tilskipun 70/222/EBE.
5	Tilskipun 70/311/EBE (Stýriskraftur)	*Vélræn kerfi* a) Stýrisbúnaður skal smíðaður þannig að hann miðjustilli sig sjálfur. Til að hafa eftirlit með samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæma prófun í samræmi við liði 5.1.2 og 5.2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/311/EBE. b) Bilun í aflstýrisbúnaði skal ekki valda algjörum missi á stjórn ökutækisins. *Flókinn rafrænn stjórnbúnaður fyrir ökutæki (rafstýribúnaður (drive-by wire búnaður)* Flókinn rafrænn stjórnbúnaður skal aðeins heimilaður ef hann er í samræmi við 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 79.
6	Tilskipun 70/387/EBE (Læsingar hurða og lamir)	a) Læsingar hurða og lamir skulu vera í samræmi við liði 3.2.1, 3.3.2 og 3.4.1 í I. viðauka við tilskipun 70/387/EBE. b) Kröfurnar sem settar eru fram í lið 3.4.1 gilda ekki ef sýnt er fram á samræmi við lið 6.1.5.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 11, 1. endurskoðun, 2. breyting.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
7	Tilskipun 70/388/EBE (Hljóðmerki)	*Íhlutir* Hljóðmerkjabúnaður þarf ekki að vera gerðarviðurkenndur í samræmi við tilskipun 70/388/EBE. Hins vegar skal hann gefa frá sér samfellt hljóð eins og krafist er í lið 1.1 í I. viðauka við tilskipun 70/388/EBE. *Uppsetning í ökutæki* a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við 2. lið I. viðauka við tilskipun 70/388/EBE. b) Hámarkshljóðþrýstingur skal vera í samræmi við lið 2.1.4 í þeim viðauka.
8	Tilskipun 2003/97/EB (Búnaður til að auka sjónsvið)	*Íhlutir* a) Ökutækið skal búið baksýnisspeglum sem kveðið er á um í 2. lið III. viðauka við tilskipun 2003/97/EB. b) Ekki er krafist gerðarviðurkenningar á þeim í samræmi við þá tilskipun. c) Krappageisli speglanna skal ekki valda umtalsverðri bjögun á myndinni. Tækniþjónustunni er heimilt að eigin ákvörðun að athuga krappageislann í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. viðbæti, II. viðauka við tilskipun 2003/97/EB. Krappageislinn skal ekki vera minni en sá sem krafist er í lið 3.4 í II. viðauka þeirrar tilskipunar. *Uppsetning í ökutæki* Framkvæma skal mælingar í því skyni að tryggja að sjónsvið sé í samræmi við annað hvort ákvæði í 5. lið III. viðauka við tilskipun 2003/97/EB eða 5. lið III. viðauka við tilskipun 71/127/EBE.
9	Tilskipun 71/320/EBE (Hemlun)	*Almenn ákvæði* a) Hemlakerfi skal smíðað í samræmi við 2. lið I. viðauka við tilskipun 71/320/EBE. b) Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. c) Afköst hemlakerfisins skulu vera í samræmi við 2. lið II. viðauka þeirrar tilskipunar. d) Í þessu skyni skal framkvæma prófanir í akstri á braut með yfirborði þar sem veggrip er mikið. Prófun á stöðuhemli skal framkvæmd í 18 % halla (upp og niður). Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem nefndar eru hér á eftir. Í öllum tilvikum skal ökutækið vera fullhlaðið. e) Aksturspróf unin sem um getur í c-lið hér að framan skal ekki framkvæmd ef umsækjandi getur lagt fram yfirlýsingu frá framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við annað hvort reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H að meðtöldum 5. viðbæti eða FMVSS nr. 135. *Akstursheimill* a) Framkvæma skal próf un 0 sem mælt er fyrir um í liðum 1.2.2 og 1.2.3 í II. viðauka við tilskipun 71/320/EBE. b) Að auki skal framkvæma próf un I eins og lýst er í lið 1.3 í II. viðauka þeirrar tilskipunar. *Stöðuhemill* Framkvæma skal próf un í samræmi við lið 2.1.3 í II. viðauka þeirrar tilskipunar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
10	Tilskipun 72/245/EBE (Rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi))	*Íhlutir* a) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar þurfa ekki að vera gerðarviðurkenndar í samræmi við tilskipun 72/245/EBE. b) Hins vegar skal rafmagns-/raftæknilegur búnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur vera í samræmi við þá tilskipun. *Losun rafsegulgeislunar* Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við tilskipun 72/245/EBE eða eftirfarandi staðla: – Breiðbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 eða SAE J551-2, – Mjóbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 (utan ökutækis) eða 25 (innbyggt) eða SAE J551-4 og SAE J1113-41. *Ónæmisprófun* Ónæmisprófanir skulu felldar niður.
11	Tilskipun 72/306/EBE (Dísilreykur)	a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í III. og IV. viðauka við tilskipun 72/306/EBE. Viðmiðunarmörkin sem við eiga eru þau sem um getur í V. viðauka þeirrar tilskipunar. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðulsins sem um getur í 4. lið I. viðauka við tilskipun 72/306/EBE skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að.
13	Tilskipun 74/61/EBE (Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður)	a) Til að koma í veg fyrir notkun í leyfisleysi skal ökutækið búið læsibúnaði í samræmi við skilgreininguna í lið 2.2 í IV. viðauka við tilskipun 74/61/EBE. b) Ef ræsivarnarbúnaði er komið fyrir skal hann uppfylla tæknilegar kröfur í 3. lið V. viðauka þeirrar tilskipunar og grunnkröfur 4. liðar, einkum í lið 4.1.1.
14	Tilskipun 74/297/EBE ([f]) (Höggmildandi stýrisbúnaður)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir* það] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 74/297/EBE, – FMVSS nr. 203 (verndun ökumanns fyrir höggi frá stýrisbúnaði) ásamt FMVSS nr. 204 (tilfærsla stýrisbúnaðar aftur á bak), – Ákvæði 11. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við II. viðauka við tilskipun 74/297/EBE á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tilkynntri evrópskri tækniþjónustu sem er til þess bær. Afhenda skal umsækjanda ítarlega skýrslu.
15	Tilskipun 74/408/EBE Styrkleiki sætis — höfuðpúðar	*Sæti, sætisfestingar og stillibúnaður* Sæti og stillanleg kerfi þeirra skulu vera í samræmi við IV. viðauka við tilskipun 74/408/EBE. *Höfuðpúðar* a) Höfuðpúðar skulu uppfylla grunnkröfur 3. liðar II. viðauka við tilskipun 74/408/EBE og 5. liðar I. viðbætis þess viðauka. b) Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem lýst er í lið 3.10 og 5., 6. og 7. lið II. viðauka þeirrar tilskipunar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
17	Tilskipun 75/443/EBE (Hraðamælir — bakkgír)	*Hraðamælibúnaður* a) Skífan skal vera í samræmi við liði 4.1 til 4.2.3 í II. viðauka við tilskipun 75/443/EBE. b) Ef tækniþjónustan hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hraðamælir sé ekki kvarðaður með fullnægjandi nákvæmni, getur hún krafist þess að prófanirnar sem kveðið er á um í lið 4.3 séu framkvæmdar. *Bakkgír* Gíragangverkið skal innihalda bakkgír.
18	Tilskipun 76/114/EBE (Lögboðnar merkiplötur)	*Verksmiðjunúmer ökutækis* a) Ökutækið skal búið verksmiðjunúmeri ökutækis sem samanstendur af minnst 8 og mest 17 rittáknum. Verksmiðjunúmer ökutækis með 17 rittáknum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í ISO-stöðlum 3779:1983 og 3780:1983. b) Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á auðsýnilegum og aðgengilegum stað þannig að ekki sé hægt að afmá það og að það eyðist ekki. c) Ef ekkert verksmiðjunúmer ökutækis er stimplað á undirvagn eða yfirbyggingu getur aðildarríki farið fram á að það sé sett á eftir á við beitingu landslaga. Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu hafa eftirlit með aðgerðinni. *Lögboðin merkiplata* Ökutækið skal búið auðkenniplötu sem framleiðandi ökutækisins festir á. Ekki skal krefjast viðbótarplatna eftir að viðurkenning hefur verið veitt.
19	Tilskipun 76/115/EBE (Öryggisbeltafestingar)	Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir* það] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 76/115/EBE, – FMVSS nr. 210 (festingar fyrir sætisbeltasamstæðu) – grein 22-3 í JSRRV.
20	Tilskipun 76/756/EBE (Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar)	a) Ljósabúnaður skal uppfylla grunnkröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, röð breytinga 03, að undanþegnum kröfunum í 5. og 6. viðauka við reglugerð 48. b) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar fjölda, helstu hönnunareiginleika, rafmagnstengingar, og lit ljóss sem er varpað eða endurvarpað af ljósum og merkjabúnaði sem um getur í 21. til 26. færslu og í 28. til 30. færslu. c) Ljós og merkjabúnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur við beitingu á ofangreindu skal bera EB-gerðarviðurkenningarmerki. d) Ljósker sem búin eru gasúrhleðsluljósgjafa eru aðeins heimiluð í tengslum við uppsetningu á hreinsunarbúnaði fyrir aðalljósker og sjálfvirkum hallastillingarbúnaði fyrir aðalljósker eftir því sem við á. e) Lágljós aðalljóskerja skulu löguð að löglegri akstursstefnu í landinu þar sem ökutækið fær viðurkenningu.
21	Tilskipun 76/757/EBE (Glitaugu)	Ef nauðsyn krefur skal setja tvö viðbótarglitaugu með EB-viðurkenningarmerki að aftan og skal staðsetning þeirra vera í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
22	Tilskipun 76/758/EBE (Breiddarljós, stöðuhliðarljósker að framan og aftan, hemlaljósker, hliðarljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
23	Tilskipun 76/759/EBE (Stefnuljós)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
24	Tilskipun 76/760/EBE (Ljósker við skráningarmerki að aftan)	Kröfurnar í þeirri tilskipun gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
25	Tilskipun 76/761/EBE (Aðalljósker (þ.m.t perur))	a) Lýsingin af lágljósum aðalljóskerjanna sem fest eru á ökutækið skal könnuð samkvæmt ákvæðum 6. liðar reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 112 varðandi aðalljósker sem gefa frá sér ósamhverfan lágljósageisla. Vísa má í vikmörkin í 5. viðauka þeirrar reglugerðar í því skyni. b) Sama ákvörðun skal gilda *að breyttu breytanda* um lágljós aðalljóskerja sem falla undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 98 eða 123.
26	Tilskipun 76/762/EBE (Þokuljósker að framan)	Ákvæði þeirrar tilskipunar falla niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
27	Tilskipun 77/389/EBE (Dráttarkrókar)	Kröfur þeirrar tilskipunar falla niður.
28	Tilskipun 77/538/EBE (Þokuljósker að aftan)	Ákvæði þeirrar tilskipunar falla niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
29	Tilskipun 77/539/EBE (Bakkljósker)	Ákvæði þeirrar tilskipunar falla niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
30	Tilskipun 77/540/EBE (Stöðuljósker)	Ákvæði þeirrar tilskipunar falla niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
31	Tilskipun 77/541/EBE (Öryggisbelti og aðhaldsbúnaður)	*Íhlutir* a) Öryggisbelti þurfa ekki að vera gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 77/541/EBE. b) Hins vegar skulu öll öryggisbelti bera auðkennismerkimiða. c) Vísanir á merkimiðanum skulu vera í samræmi við ákvörðun varðandi öryggisbeltafestingar (viðvíkjandi 19. færslu). *Kröfur um uppsetningu* a) Ökutækið skal búið öryggisbeltum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XV. viðauka við tilskipun 77/541/EBE. b) Ef setja þarf tiltekinn fjölda öryggisbelta í sem endurbótarhlut í samræmi við a-lið hér að framan, skulu þau vera af viðurkenndri gerð í samræmi við tilskipun 77/541/EBE eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16.
33	Tilskipun 78/316/EBE (Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar)	a) Tákn, þ.m.t. litir samsvarandi gaumljósa sem skyldubundið er að séu til staðar með skírskotun til II. viðauka við tilskipun 78/316/EBE skulu vera í samræmi við þá tilskipun. b) Ef svo er ekki skal tækniþjónustan sannreyna að tákn, gaumljós og álestrartæki sem eru innbyggð í ökutækið veiti ökumanni auðskiljanlegar upplýsingar um virkni viðkomandi stjórntækja.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
34	Tilskipun 78/317/EBE Afísing/móðuhreinsun	Ökutækið skal búið fullnægjandi afísingar- og móðuhreinsunarbúnaði á framrúðum.
35	Tilskipun 78/318/EBE Sprautur/þurrkur	Ökutækið skal búið fullnægjandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum.
36	Tilskipun 2001/56/EB (Hitakerfi)	a) Farþegarými skal búið hitunarkerfi. b) Brennsluhitarar og uppsetning þeirra skulu vera í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2001/56/EB. Að auki skulu brennsluhitarar og hitunarkerfi með fljótandi jarðolíugasi uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka við þá tilskipun. c) Viðbótarhitunarkerfi sem sett eru í sem endurbótarhlutir skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun.
39	Tilskipun 80/1268/EBE (Losun koltvísýrings/eldsneytisnotkun)	a) Framkvæma skal prófanir í samræmi við 5. lið I. viðauka við tilskipun 80/1268/EBE. b) Kröfurnar sem settar eru fram í lið 5.1.1 í þeim viðauka gilda ekki. c) Ef engar prófanir varðandi losun gegnum útblástursrör eru framkvæmdar við beitingu ákvæðanna sem um getur í 2. færslu, skal reikna út koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun með formúlunni sem mælt er fyrir um í skýringum ([b]) og ([c]).
40	Tilskipun 80/1269/EBE (Hreyfilafl)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má vísa til línurits um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.
41	Tilskipun 2005/55/EB (Losun (Euro 4 og 5) þungra ökutækja — innbyggð greiningarkerfi — reykþéttni)	*Losun gegnum útblástursrör* a) Gera skal prófun í samræmi við lið 6.2 í I. viðauka við tilskipun 2005/55/EB með spillistuðlunum sem settir eru fram í lið 3.6 í II. viðauka við tilskipun 2005/78/EB. b) Mörkin skulu vera þau sem sett eru fram í töflu 1 eða 2 í I. viðauka við tilskipun 2005/55/EB. *Innbyggt greiningarkerfi* a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. *Reykþéttni* a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunaraðferðirnar sem um getur í IV. viðauka við tilskipun 2005/55/EB. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að.
45	Tilskipun 92/22/EBE (Rúður úr öryggisgleri)	*Íhlutir* a) Rúður skulu gerðar úr hertu eða lagskiptu öryggisgleri. b) Aðeins er heimilt að setja rúður úr plasti aftan við B-stoð. c) Rúður þurfa ekki að vera viðurkenndar samkvæmt tilskipun 92/22/EBE.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		Uppsetning a) Forskrift um uppsetningu sem sett er fram í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 gildir. b) Engar litaðar filmur sem draga úr gegnumferð ljóss undir áskilið lágmark skulu heimilaðar á framrúðu og á rúðum fyrir framan B-stoð.
46	Tilskipun 92/23/EBE (Hjólbarðar)	*Íhlutir* Hjólbarðar skulu bera EB-gerðarviðurkenningarmerki sem inniheldur s-merki (fyrir hljóð). *Uppsetning* a) Stærðarmál, tala fyrir hleðslugetu og hraðaflokkur hjólbarða skulu uppfylla kröfurnar í IV. viðauka við tilskipun 92/23/EBE. b) Tákn fyrir hraðaflokk á hjólbarðanum skal samrýmast hámarkshönnunarhraða ökutækisins. c) Þó að hraðatakmarkari sé fyrir hendi skal það ekki veita undanþágu frá beitingu þessarar kröfu. d) Fyrir beitingu á ákvæðum b-liðar hér að framan skal framleiðandi ökutækis gefa upp hámarkshraða ökutækis. Hins vegar má tækniþjónustan meta hámarkshönnunarhraða ökutækisins með því að nota hámarksafköst hreyfilsins, hámarksfjölda snúninga á mínútu og gögn varðandi hreyfiaflskeðjuna.
48	Tilskipun 97/27/EB (Massar og mál)	a) Grunnkröfurnar í I. viðauka við tilskipun 97/27/EB skulu uppfylltar. Kröfurnar sem settar eru fram í liðum 7.8.3, 7.9 og 7.10 í þeim viðauka gilda hins vegar ekki. b) Við beitingu ákvæðanna í a-lið hér að framan skal taka eftirfarandi massa til athugunar: – massa ökutækis, tilbúins til aksturs sem skilgreindur er í lið 2.6 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB eins og hann er mældur af tækniþjónustunni og – hámarksmassa með hleðslu sem gefinn er upp af framleiðanda ökutækis eða sýndur á merkiplötu framleiðanda ásamt sjálflímandi miðum eða upplýsingum sem eru tiltækar í handbók eiganda. Þessi massi skal teljast tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu. c) Tæknilegar breytingar sem umsækjandi gerir — eins og að skipta hjólbörðum út fyrir hjólbarða með lægri tölu fyrir hleðslugetu — til þess að lækka tæknilega leyfilegan hámarksmassa ökutækisins með hleðslu í 3,5 tonn eða minna þannig að ökutækið fái einstaka viðurkenningu skulu ekki heimilaðar. d) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar leyfileg hámarksmál.
49	Tilskipun 92/114/EBE (Útstæðir hlutar á stýrishúsum)	a) Í samræmi við 6. lið I. viðauka við tilskipun 92/114/EBE, skal uppfylla almennu kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE. b) Tækniþjónustunni er heimilt að eigin ákvörðun að ákveða að kröfurnar sem settar eru fram í liðum 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8 og 6.11 í I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE skuli uppfylltar.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
50	Tilskipun 94/20/EB (Tengingar)	*Aðskildar tæknieiningar* a) Tengi frá framleiðanda upprunalega búnaðarins sem ætluð eru til að draga eftirvagn þar sem hámarksmassi er ekki yfir 1 500 kg skulu ekki þurfa að vera gerðarviðurkennd samkvæmt tilskipun 94/20/EB. b) Tengi telst búnaður frá framleiðanda upprunalega búnaðarins ef því er lýst í handbók eiganda eða jafngildu fylgiskjali sem kaupandi fær frá framleiðanda ökutækisins. c) Ef slíkt tengi er viðurkennt með ökutækinu skal viðeigandi texti vera í viðurkenningarvottorðinu þar sem fram kemur að eigandi beri ábyrgð á að tryggja samhæfi við tengibúnaðinn sem festur er á eftirvagninn. d) Önnur tengi en þau sem um getur í a-lið hér að framan, sem og tengi sem sett eru í sem endurbótarhlutir skulu gerðarviðurkennd í samræmi við tilskipun 94/20/EB. *Uppsetning á ökutækinu* Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að uppsetning tengibúnaðar sé í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 94/20/EB.
54	Tilskipun 96/27/EB (Högg frá hlið)	a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki [*en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það*] sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: – tilskipun 96/27/EB, – FMVSS nr. 214 (vörn fyrir höggi frá hlið), – Ákvæði 18. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/27/EB á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. c) Prófunin skal framkvæmd af tilkynntri evrópskri tækniþjónustu sem er til þess bær. Afhenda skal umsækjanda ítarlega skýrslu.
56	Tilskipun 98/91/EB Ökutæki ætluð til flutninga á hættulegum farmi	Ökutæki sem ætluð eru til flutninga á hættulegum farmi skulu vera í samræmi við tilskipun 94/55/EB.
58	Reglugerð (EB) nr. 78/2009 (Vernd gangandi vegfarenda)	*Hjálparátak við hemlun* Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. *Vernd gangandi vegfarenda* Fram til 24. febrúar 2018 skulu kröfurnar í þeirri reglugerð ekki gilda um ökutæki með hámarksmassa sem er ekki yfir 2 500 kg og til 24. ágúst 2019 um ökutæki með hámarksmassa yfir 2 500 kg. *Varnarbúnaður að framan* Hins vegar skal varnarbúnaður að framan sem settur er á ökutæki vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009 og skal uppsetning hans vera í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 6. lið I. viðauka þeirrar reglugerðar.
59	Tilskipun 2005/64/EB (Endurvinnanleiki)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda ekki.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
61	Tilskipun 2006/40/EB (Loftræstikerfi)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda.

Skýringar við 2. viðbæti

1. Skammstafanir í þessum viðbæti:

„OEM“: upprunalegur búnaður frá framleiðanda

„FMVSS“: Alríkisstaðlar um öryggi ökutækja (Federal Motor Vehicle Safety Standard) frá samgönguráðuneyti Bandaríkjanna

„JSRRV“: Japanskar öryggisreglur fyrir ökutæki (Japan Safety regulations for Road Vehicles) „SAE“: Samband ökutækjatæknifræðinga

„CISPR“: Alþjóðafastanefnd um rafsegultruflanir (Comité international spécial des perturbations radioélectriques).

2. Athugasemdir:

a) yfirfara skal allan búnað fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67 eða 110 eða 115 eftir því sem við á,

b) formúlan sem nota á við mat á losun koltvísýrings skal vera sem hér segir:

bensínhreyfill og beinskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}047\ m + 0{,}561\ p + 56{,}621$

bensínhreyfill og sjálfskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}102\ m + 0{,}328\ p + 9{,}481$

bensínhreyfill og fjölknúið rafökutæki:

$CO_2 = 0{,}116\ m – 57{,}147$

dísilhreyfill og beinskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}108\ m – 11{,}371$

dísilhreyfill og sjálfskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}116\ m – 6{,}432$

Þar sem: CO_2 er massi losaðs koltvísýrings í blönduðum akstri í g/km, „m“ er massi ökutækis, tilbúins til aksturs í kg og „p“ eru hámarkshreyfilafköst í kW.

Massi koltvísýrings í blönduðum akstri skal reiknaður með 1 aukastaf og námundaður að næstu heilu tölu sem hér segir:

a) ef talan, sem kemur á eftir kommunni, er lægri en 5 er samtalan námunduð niður,

b) ef talan, sem kemur á eftir kommunni, er jöfn 5 eða hærri en 5 er samtalan námunduð upp,

c) formúlan sem nota á við mat á eldsneytisnotkun skal vera sem hér segir: $CFC = CO_2 \times k - 1$

Þar sem: CFC er eldsneytisnotkun í blönduðum akstri í l/100 km, CO_2 er massi losaðs koltvísýrings við blandaðan akstur í g/km eftir að hann hefur verið námundaður í samræmi við regluna sem um getur í athugasemd (2 b), „k“ er reiknistuðull sem jafngildir:

23,81 ef um er að ræða bensínhreyfil,

26,49 ef um er að ræða dísilhreyfil.

Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri skal reiknuð með 2 aukastöfum. Síðan skal námunda sem hér segir:

a) ef talan, sem kemur á eftir fyrsta aukastaf, er lægri en 5 er samtalan námunduð niður,

b) ef talan, sem kemur á eftir fyrsta aukastaf, er jöfn 5 eða hærri en 5 er samtalan námunduð upp,

d) tilskipun 74/297/EBE gildir um ökutæki sem falla ekki undir gildissvið tilskipunar 96/79/EB,

e) það að farið er að ákvæðum 96/79/EB leysir ökutæki undan því að vera í samræmi við tilskipun 74/297/EBE,

f) tilskipun 74/297/EBE gildir um ökutæki í flokki N_1 með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 1,5 tonn.

([1]) Ef skráningarskjal er ekki fyrir hendi má lögbært yfirvald vísa í tiltæk skrifleg sönnunargögn um framleiðsludag eða skrifleg sönnunargögn um fyrstu kaup.“

2. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrsta málsliðar í fyrirsögn fyrirmyndar B komi eftirfarandi:

„FYRIRMYND B

(Notist við gerðarviðurkenningu á ökutæki að því er varðar kerfi)“

b) eftirfarandi fyrirmynd D bætist við:

„FYRIRMYND D

(Notist við samhæfða einstaka viðurkenningu á ökutæki skv. 24. gr.)

Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm)

EB-VIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR EINSTAKT ÖKUTÆKI

e(4) Nafn, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang yfirvalds einstakrar viðurkenningar

Tilkynning um einstaka viðurkenningu ökutækis að því er varðar 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB

1. liður

Undirritaður [… *nafn og staða*] vottar hér með að ökutækið:

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: Afbrigði: Útgáfa:

0.2.1. Verslunarheiti: .....

0.4. Ökutækjaflokkur ([2]): .....

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

0.6. Staðsetning og áfestingaraðferð lögboðinna merkiplata: .....

Staðsetning verksmiðjunúmers ökutækis: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

0.10. Verksmiðjunúmer ökutækis:

lagt fram til viðurkenningar þann […… *dagsetning umsóknar*]

af […… *nafn og heimilisfang umsækjanda*]

hafi fengið viðurkenningu samkvæmt ákvæðum 24. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Þessu til staðfestu hefur eftirfarandi viðurkenningarnúmeri verið úthlutað: .....

Ökutækið uppfyllir ákvæði 2. viðbætis IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Heimilt er að skrá það til frambúðar án frekari viðurkenningar í aðildarríkjum þar sem hægri/vinstri handar umferð ([1]) er við lýði og metrakerfið/breska mælieiningakerfið ([1]) er notað við kvörðun hraðamæla.

(Staður)	(Dagsetning)	(Undirritun([3]))	(Stimpill viðurkenningaryfirvalds)
[…]		[…]	[…]

Fylgiskjöl

Tvær ljósmyndir ([5]) af ökutækinu (lágmarks upplausn 640 x 480 myndeindir, ~7 x 10 cm)

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.
([2]) Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka
([3]) Eða myndræna framsetningu á „þróaðri rafrænni undirskrift“ samkvæmt tilskipun 1999/93/EB, þ.m.t. gögn fyrir sannprófun.
([4]) Auðkennisnúmer aðildarríkisins sem gefur út einstöku viðurkenninguna: (sjá „1. lið“ í 1. lið VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB)
([5]) Ein ¾ að framan, ein ¾ að aftan

2. liður

Almennir smíðaeiginleikar

1. Fjöldi ása: … og hjóla: .....

1.1. Fjöldi og staðsetning ása með tvöföldum hjólum: .....

3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging): .....

Helstu mál

4. Hjólhaf([a]): … mm

4.1. Ásabil: 1-2: … mm 2-3: … mm 3-4: … mm

5. Lengd: … mm

6. Breidd: … mm

7. Hæð: … mm

Massar

13. Massi ökutækis tilbúins til aksturs: ..... kg([b])

16. Tæknilega leyfilegir hámarksmassar

16,1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu: ..... kg

16.2. Tæknilega leyfilegur massi á hvern ás: 1. … kg 2. … kg 3. … kg o.s.frv.

16.4. Tæknilega leyfilegur hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar: ..... kg

18. Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi þegar um er að ræða:

18.1. Tengivagn: ..... kg

18.2. Festivagn: ..... kg

18.3. Eftirvagn með miðlægum ási: ..... kg

18,4. Eftirvagn án hemla: ..... kg

19. Tæknilega leyfilegur, lóðréttur hámarksstöðumassi á tengipunkti: ..... kg

Fullbúinn hreyfill

20. Framleiðandi hreyfilsins: .....

21. Hreyfilkóði eins og hann er settur á hreyfilinn: .....

22. Vinnsluháttur: .....

23. Eingöngu rafknúinn: já/nei ([1])

23,1. Fjölknúið rafökutæki: já/nei ([1])

24. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: .....

25. Slagrými hreyfils: ..... cm^3

26. Eldsneyti: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas eða lífmetan/etanól/lífdísilolía/vetni([1])

26,1. Knúið einni tegund eldsneytis/knúið tveimur tegundum eldsneytis/knúið fjölblöndueldsneyti ([1])

27. Hámarksnettóafl ([c]): … kW við … min^{-1} eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfils) … kW ([1])

Hámarkshraði

29. Hámarkshraði: ..... km/h

Ásar og fjöðrun

30. Sporvídd áss eða ása: 1. … mm 2. … mm 3. … mm

35. Hjólbarða-/hjólasamsetning: .....

Yfirbygging

38. Kóði yfirbyggingar ([d]): .....

40. Litur ökutækis ([e]): .....

41. Fjöldi og fyrirkomulag dyra: .....

42. Fjöldi sæta (að meðtöldu sæti ökumanns) ([f]): .....

42.1. Sæti sem einungis eru ætluð til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt: .....

42.3. Fjöldi stæða sem eru aðgengileg fólki í hjólastólum: .....

Tengibúnaður

44. Viðurkenningarnúmer eða viðurkenningarmerki á tengibúnaði (ef hann er áfestur): .....

Vistvænleiki

46. Hljóðstig

Í kyrrstöðu: … dB(A) við snúningshraða: … mín^{-1}

Á ferð: … dB(A)

47. Magn losunar með útblæstri ([g]): Euro .....

Önnur löggjöf: .....

49. CO_2-losun/eldsneytisnotkun/raforkunotkun ([h]):

1. öll aflrásin nema í ökutæki sem er alfarið rafknúið

	CO_2-losun	Eldsneytisnotkun
Blandaður akstur:	… g/km	… l/100 km/m^3/100 km ([1])
Veginn, blandaður akstur	… g/km	… l/100 km

2. ökutæki sem eru alfarið rafknúin og fjölknúin rafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins

Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur ([1]) ..... Wh/km

52. Athugasemdir

53. Viðbótarupplýsingar (fjöldi ekinna kílómetra([2]), ...)

_____

Skýringar að því er varðar fyrirmynd D í VI. viðauka

([1]) Strikið út það sem á ekki við.
([2]) Ekki skyldubundið
([a]) Þessa færslu skal aðeins fylla út þegar ökutækið hefur tvo ása.
([b]) Þessi massi er raunmassi ökutækisins við skilyrðin sem um getur í lið 2.6 í I. viðauka.
([c]) Fyrir fjölknúin rafökutæki skal tilgreina vélaraflsafköst fyrir báða aflgjafa.
([d]) Nota skal kóðana í C-lið II. viðauka.
([e]) Tilgreinið einungis grunnlit(i): hvítur, gulur, appelsínugulur, rauður, fjólublár, blár, grænn, grár, brúnn eða svartur.
([f]) Að undanskildum sætum sem eingöngu eru ætluð til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt og fjölda stæða fyrir hjólastóla.
([g]) Bætið við númeri Euro-þrepsins og, ef við á, rittákninu sem samsvara ákvæðunum sem notuð eru við gerðarviðurkenningu.
([h]) Endurtakið fyrir þær tegundir eldsneytis sem hægt er að nota.“

_____

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/72/ESB **2012/EES/54/81**

frá 14. september 2011

um breytingu á tilskipun ráðsins 2000/25/EB að því er varðar ákvæði um dráttarvélar sem settar eru á markað samkvæmt sveigjanleika-áætluninni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt ([3]) eru settar reglur um losun með útblæstri frá hreyflum sem settir eru í dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt í því skyni að standa enn frekar vörð um heilbrigði manna og umhverfið. Í tilskipun 2000/25/EB er kveðið á um að viðmiðunarmörkunum fyrir losun, sem gilda árið 2010 fyrir gerðarviðurkenningu meirihluta þjöppukveikjuhreyfla, og nefnd eru III. áfangi A, sé skipt út fyrir strangari viðmiðunarmörk III. áfanga B og öðlast gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2011, að því er varðar setningu á markað, og frá 1. janúar 2010 að því er varðar gerðarviðurkenningu fyrir þessa hreyfla. IV. áfangi, þar sem kveðið er á um strangari viðmiðunarmörk en í III. áfanga B, mun öðlast gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2013 að því er varðar gerðarviðurkenningu fyrir þessa hreyfla og frá og með 1. janúar 2014 að því er varðar setningu á markað.

2) Umskiptin yfir í III. áfanga B fela í sér stökk að því er varðar breytingar á tækni sem munu krefjast umtalsverðs kostnaðar við að hrinda þeim í framkvæmd vegna endurhönnunar hreyflanna og vegna þróunar á háþróuðum tæknilausnum. Núverandi fjármála- og efnahagskreppa í heiminum, eða önnur efnahagsleg áföll, ættu hins vegar ekki að leiða til lækkunar á umhverfisstöðlum. Endurskoðun tilskipunar 2000/25/EB skal því teljast undantekningartilvik. Enn fremur eru fjárfestingar í umhverfisvænni tækni mikilvægar til að stuðla að framtíðarvexti, atvinnu og öryggi í heilbrigðismálum.

3) Í tilskipun 2000/25/EB er kveðið á um sveigjanleikaáætlun til að heimila framleiðendum dráttarvéla að kaupa, á tilteknum áfanga, takmarkaðan fjölda hreyfla sem uppfylla ekki viðmiðunarmörk fyrir losun sem gilda í þeim áfanga, en hafa verið viðurkenndir í samræmi við kröfurnar í þeim áfanga sem kemur næst á undan þeim áfanga sem við á.

4) Síðan 2005 hefur tilskipun 2000/25/EB kveðið á um mat á hugsanlegri þörf fyrir viðbótarsveigjanleika í tengslum við viðmiðunarmörk fyrir losun í III. áfanga B og IV. áfanga. Til þess að veita iðnaðinum tímabundna aðstoð þegar farið er yfir á næsta áfanga er nauðsynlegt að aðlaga skilyrðin fyrir beitingu sveigjanleikaáætlunarinnar.

5) Í III. áfanga B skal fjöldi dráttarvéla, sem eru settar á markað og eru teknar í notkun, í hverjum hreyfilflokki, ekki fara yfir 40% af fjölda þeirra dráttarvéla, sem settar eru á markað af dráttarvélaframleiðandanum í þeim hreyfilflokki. Hinn kosturinn, þ.e. að heimila að ákveðinn fjöldi dráttarvéla sé settur á markað og tekinn í notkun innan sveigjanleikaáætlunarinnar skal aðlagaður til samræmis við það.

6) Framleiðendur dráttarvéla sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar skulu njóta góðs af evrópskum áætlunum um fjárstuðning eða öðrum viðeigandi stuðningsáætlunum aðildarríkjanna. Þessar stuðningsáætlanir geta stutt verkefni sem nota bestu, fáanlegu tæknina og hafa ströngustu losunarstaðlana.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB C 107, 6.4.2011, bls. 26.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 23. júní 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. júlí 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

7) Því ber að breyta tilskipun 2000/25/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun endurspegla tímabundna erfiðleika sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir. Því skal beiting þessara ráðstafana vera takmörkuð við þann tíma sem III. áfangi B stendur yfir.

9) Herða skal núverandi viðmiðunarmörk fyrir losun, þ.m.t. að því er varðar örsmáar svartar kolefnisagnir, nánar tiltekið með því að taka upp viðmiðunarmörk fyrir fjölda agna í framtíðarlöggjöf ef viðeigandi mat á áhrifum leiðir í ljós að það sé réttlætanlegt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2000/25/EB

Tilskipun 2000/25/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi undirliðir bætast við 1. gr.:

„– „sveigjanleikaáætlun“: undanþágumálsmeðferð sem felur í sér að aðildarríki heimilar að takmarkaður fjöldi dráttarvéla sé settur á markað og tekinn í notkun í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. a,

– „hreyfilflokkur“: flokkun hreyfla sem sameinar afköst og áfanga að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir losun með útblæstri,

– „að bjóða fram á markaði“: öll afhending dráttarvéla eða hreyfla til dreifingar eða notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

– „setning á markað“: að bjóða fram dráttarvél eða hreyfil í fyrsta sinn á markaði,

– „að taka í notkun“: fyrsta notkun dráttarvélar eða hreyfils eins og til er ætlast, innan Sambandsins. Dagsetning skráningar, ef við á, eða setningar á markað, skal teljast dagsetningin sem þau eru tekin í notkun.“,

2) Eftirfarandi komi í stað 3. gr. a:

„3.gr. a

Sveigjanleikaáætlun

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin kveða á um óski dráttarvélaframleiðandinn þess og með því skilyrði að viðurkenningaryfirvaldið hafi veitt viðeigandi leyfi fyrir setningu á markað í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, að heimilt sé að taka í notkun takmarkaðan fjölda dráttarvéla með hreyflum, sem eru viðurkenndir í samræmi við kröfur þess áfanga um viðmiðunarmörk fyrir losun sem er næstur á undan sem er í gildi.

Sveigjanleikaáætlunin hefst þegar tiltekinn áfangi tekur gildi og skal hafa sama gildistíma og áfanginn sjálfur. Sveigjanleikaáætlunin, sem sett er fram í lið 1.2 í IV. viðauka, skal samt sem áður vera takmörkuð við þann tíma sem III. áfangi B stendur yfir eða við þrjú ár ef enginn áfangi er til staðar sem tekur við.“,

3) Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. september 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 14. september 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	M. DOWGIELEWICZ

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI UM DRÁTTARVÉLAR OG HREYFLA SEM ERU SETT Á MARKAÐ SAMKVÆMT SVEIGJANLEIKAÁÆTLUNINNI SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 3. GR. A

1. AÐGERÐIR FRAMLEIÐENDA DRÁTTARVÉLA

1.1. Dráttarvélaframleiðandi sem óskar eftir að nýta sér sveigjanleikaáætlunina skal sækja um leyfi hjá viðurkenningaryfirvaldinu til að setja dráttarvélar á markað í samræmi við viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í þessum viðauka, nema á meðan III. áfangi B stendur yfir. Fjöldi dráttarvéla skal ekki fara yfir efri mörkin sem sett eru fram í liðum 1.1.1 og 1.1.2. Hreyflarnir skulu uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. gr. a.

1.1.1. Fjöldi hreyfla sem settur er á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni skal, í hverjum hreyfilflokki, ekki vera meiri en 20 % af árlegum fjölda dráttarvéla sem framleiðandinn setur á markað með hreyflum í þeim hreyfilflokki (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði Sambandsins síðastliðin fimm ár). Ef dráttarvélaframleiðandi hefur verið með dráttarvélar á markaði í Sambandinu skemur en fimm ár skal meðaltalið reiknað út frá þeim tíma sem dráttarvélaframleiðandinn hefur verið með dráttarvélar á markaði í Sambandinu.

1.1.2. Annar kostur en sá sem er tilgreindur í lið 1.1.1 er að fjöldi dráttarvéla sem settur er á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, með tilteknum afköstum, skal ekki fara yfir eftirfarandi efri mörk:

Afköst hreyfilsins P (kW)	Fjöldi dráttarvéla
$19 < P \leq 37$	200
$37 < P \leq 75$	150
$75 < P \leq 130$	100
$130 < P \leq 560$	50

1.2. Dráttarvélaframleiðandi, sem óskar eftir að nýta sér sveigjanleikaáætlunina skal sækja um leyfi hjá viðurkenningaryfirvaldinu til að setja dráttarvélar á markað í samræmi við viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í þessum viðauka á meðan III. áfangi B stendur yfir. Fjöldi dráttarvéla skal ekki fara yfir efri mörkin sem sett eru fram í liðum 1.2.1 og 1.2.2. Hreyflarnir skulu uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. gr. a.

1.2.1. Fjöldi hreyfla sem settur er á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni skal, í hverjum hreyfilflokki, ekki vera meiri en 40 % af árlegum fjölda dráttarvéla sem framleiðandinn setur á markað með hreyflum í þeim hreyfilflokki (reiknað sem meðaltal af sölu á markaði Sambandsins síðastliðin fimm ár). Ef dráttarvélaframleiðandi hefur verið með dráttarvélar á markaði í Sambandinu skemur en fimm ár skal meðaltalið reiknað út frá þeim tíma sem dráttarvélaframleiðandinn hefur verið með dráttarvélar á markaði í Sambandinu.

1.2.2. Annar kostur en sá sem er tilgreindur í lið 1.2.1 er að fjöldi dráttarvéla sem settur er á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, með tilteknum afköstum, skal ekki fara yfir eftirfarandi efri mörk:

Afköst hreyfilsins P (kW)	Fjöldi dráttarvéla
$37 < P \leq 56$	200
$56 < P \leq 75$	175
$75 < P \leq 130$	250
$130 < P \leq 560$	125

1.3. Dráttarvélaframleiðandi skal láta eftirfarandi upplýsingar fylgja með umsókn sinni til viðurkenningaryfirvaldsins:

a) sýniseintak af þeim merkimiðum sem festa skal á allar dráttarvélar sem hreyfill, sem settur hefur verið á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, verður settur í. Á merkimiðunum skal vera eftirfarandi áletrun: «DRÁTTARVÉL NR. ... (í röð dráttarvéla) AF ... (heildarfjöldi dráttarvéla með tiltekin afköst) MEÐ HREYFILNR. ... MEÐ GERÐARVIÐURKENNINGU (tilskipun 2000/25/EB) NR. ...», og

b) sýniseintak af viðbótarmerkimiðanum sem festa skal á hreyfilinn með textanum sem um getur í lið 2.2.

1.4. Dráttarvélaframleiðandi skal láta viðurkenningaryfirvaldi í té allar nauðsynlegar upplýsingar, sem tengjast beitingu sveigjanleikaáætlunarinnar, sem viðurkenningaryfirvaldið óskar eftir til að taka ákvörðun.

1.5. Dráttarvélaframleiðandi skal skila skýrslu um beitingu sveigjanleikaáætlunarinnar sem hann notar, á sex mánaða fresti til viðurkenningaryfirvalda í sérhverju aðildarríki þar sem dráttarvél er sett á markað. Skýrslan skal innihalda uppsöfnuð gögn um fjölda dráttarvéla sem settar hafa verið á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, raðnúmer hreyfla og dráttarvéla og aðildarríkin þar sem dráttarvélin hefur verið tekin í notkun. Þessari málsmeðferð skal haldið áfram meðan sveigjanleikaáætlunin er í framkvæmd, án nokkurra undantekninga.

2. AÐGERÐIR HREYFILFRAMLEIÐANDA

2.1. Hreyfilframleiðanda er heimilt að setja hreyfla á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni, sem er samþykkt í samræmi við 1. og 3. lið þessa viðauka.

2.2. Hreyfilframleiðandinn skal setja merkimiða á þá hreyfla með eftirfarandi texta: „Þessi hreyfill er settur á markað samkvæmt sveigjanleikaáætlun“ í samræmi við kröfurnar sem um getur í 5. lið I. viðauka.

3. AÐGERÐIR VIÐURKENNINGARYFIRVALDS

Viðurkenningaryfirvald skal meta efni umsóknar um sveigjanleikaáætlun og meðfylgjandi skjala. Í kjölfar þess tilkynnir viðurkenningaryfirvaldið dráttarvélaframleiðandanum um þá ákvörðun sína að leyfa notkun sveigjanleikaáætlunarinnar, eins og óskað er, eða ekki.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/87/ESB **2012/EES/54/82**

frá 16. nóvember 2011

um breytingu á tilskipun 2000/25/EB að því er varðar beitingu áfanga er varða losun dráttarvéla með lítilli sporvídd (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt ([3]) eru settar reglur um losun með útblæstri frá hreyflum sem settir eru í dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt í því skyni að standa enn frekar vörð um heilbrigði manna og umhverfið. Í tilskipun 2000/25/EB er kveðið á um að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem gilda árið 2010 fyrir gerðarviðurkenningu meirihluta þjöppukveikjuhreyfla og nefnd eru III. áfangi A, sé skipt út fyrir strangari viðmiðunarmörk III. áfanga B og öðlast gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2010, að því er varðar gerðarviðurkenningu, og frá 1. janúar 2011 að því er varðar setningu þessara hreyfla á markað. IV. áfangi, þar sem kveðið er á um strangari viðmiðunarmörk en í III. áfanga B, mun öðlast gildi í áföngum frá og með 1. janúar 2013 að því er varðar gerðarviðurkenningu fyrir þessa hreyfla og frá og með 1. janúar 2014 að því er varðar setningu á markað.

2) Í b-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 20004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([4]) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli kanna þá tækni sem völ er á, þ.m.t. frá sjónarhóli kostnaðar- og ábatagreiningar, í því augnamiði að staðfesta viðmiðunarmörk III. áfanga B og IV. áfanga og að meta hugsanlega þörf fyrir frekari sveigjanleika, undanþágur eða frestun á því að taka í notkun tilteknar gerðir búnaðar eða hreyfla og að taka tillit til hreyfla sem settir hafa verið í færanlegan vélbúnað sem ætlaður er til árstíðabundinnar notkunar utan vega. Enn fremur er í 8. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/25/EB kveðið á um endurskoðunarákvæði til þess að taka tillit til sérstakra eiginleika dráttarvéla í flokkum T2, T4.1 og C2.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ([5]) var viðfangsefni nokkurra tæknilegra rannsókna. Niðurstöður þessara tæknilegu rannsókna, sem framkvæmdar voru 2007, 2009 og 2010 og staðfestar af áhrifamatinu sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi, leiddu í ljós að staðfest var að það væri ekki tæknilega mögulegt að dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 uppfylltu kröfur III. áfanga B og IV. áfanga fyrir þær dagsetningar sem settar voru fram í þeirri tilskipun.

4) Til þess að koma í veg fyrir að í löggjöf Sambandsins væri mælt fyrir um tæknilegar kröfur sem ekki enn er hægt að uppfylla og til þess að koma í veg fyrir að upp komi sú staða að dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2 geta ekki lengur fengið gerðarviðurkenningu og verið settar á markað og teknar í notkun, er nauðsynlegt að kveða á um 3 ára umbreytingartímabil, en á því tímabili er enn heimilt að veita dráttarvélum í flokkum T2, T4.1 og C2 gerðarviðurkenningu, setja þær á markað og taka þær í notkun.

5) Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu árlega skýrslu um framvindu í þróun tæknilausna sem uppfylla tæknikröfur IV. áfanga.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 301, 18.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 26.

([1]) Stjtíð. ESB C 132, 3.5.2011, bls. 53.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2011 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 146, 30.4.2004, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.

6) Því ber að breyta tilskipun 2000/25/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2000/25/EB

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. tilskipunar 2000/25/EB:

„9. Með undanþágu skal dagsetningunum, sem settar eru fram í d- og e-liðum 2. mgr. og í 3. mgr., fyrir dráttarvélar í flokkum T2, T4.1 og C2, eins og skilgreint er í þeirri röð í öðrum undirlið í lið A.1 í kafla A, í lið 1.1 í I. hluta 1. viðbætis við kafla B og í lið A.2 í kafla A í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB og eru útbúnir hreyflum í flokkum L til R, frestað um 3 ár. Fram að þeim dagsetningum skulu kröfurnar í III. áfanga A í þessari tilskipun gilda áfram.“.

2. gr.

Framboð á samrýmanlegri tækni

Fyrir 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin kanna hvaða tækni er til staðar sem getur uppfyllt kröfurnar í IV. áfanga og sem samrýmist þörfum flokka T2, T4.1 og C2 og leggja fram, eftir því sem við á, tillögur til Evrópuþingsins og ráðsins.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. desember 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 16. nóvember 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	W. SZCZUKA

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB **2012/EES/54/83**

frá 29. júlí 2011

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ([1]), einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti ([2]) er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílvara og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við upplýsingar á merkimiða.

2) Í tilskipun 96/73/EB er kveðið á um samræmdar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum.

3) Á grundvelli nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi var tilskipun 2008/121/EB löguð að tækniframförum með því að bæta lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði við í skrána yfir trefjar í I. og V. viðauka við þá tilskipun.

4) Því er nauðsynlegt að skilgreina samræmdar prófunaraðferðir fyrir lagtrefjarnar pólýprópýlen/pólýamíð.

5) Því ber að breyta tilskipun 96/73/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílvara.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júlí 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 29. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 27.

([1]) Stjtíð. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

VIÐAUKI

Ákvæðum 2. kafla II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað yfirlitstöflunnar komi eftirfarandi:

„2. YFIRLITSTAFLA

Aðferð	Gildissvið ([1])		Prófefni
	Leysanlegur efnisþáttur	Óleysanlegur efnisþáttur	
1.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
2.	Tilteknar prótíntrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Salt af undirklórsýru
3.	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Tilteknar aðrar trefjar	Maurasýra og sinkklóríð
4.	Pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra (massahlutfall)
5.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Bensýlalkóhól
6.	Tríasetat eða pólýlaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Díklórmetan
7.	Tilteknar beðmistrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
8.	Akrýltrefjar, tilteknar módakrýl eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dímetýlformamíð
9.	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Koldísúlfíð/aseton, 55,5/44,5 (rúmmálshlutfall)
10.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Ísedik
11.	Silki, pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
12.	Júta	Tilteknar dýratrefjar	Köfnunarefnisinnihald
13.	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
14.	Tilteknar trefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Óblönduð brennisteinssýra
15.	Klórtrefjar, tiltekin módakrýl, tiltekin elastön, asetöt, tríasetöt	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon
16.	Melamín	Tilteknar aðrar trefjar	90% maurasýra (massahlutfall), heit“

([1]) Nákvæm skrá yfir trefjar fyrir hverja aðferð.

2) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 1 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gífli (13), ramí (14), sísali (15), kúpróí (21), módali (22), prótíni (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (46), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Þessa aðferð skal ekki undir neinum kringumstæðum nota þegar um er að ræða asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.“

3) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), kúpróí (21), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastani (43), glertrefjum (44), elastófjölester (46), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Ef prótíntrefjarnar eru af tveimur tegundum eða fleiri veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.“

4) Aðferð nr. 3 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„VISKÓSA, KÚPRÓ EÐA TILTEKNAR GERÐIR MÓDALS OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er maurasýra og sinkklóríð)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), pólýprópýleni (37), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Ef módaltrefjar eru til staðar ber að framkvæma forprófun til þess að kanna hvort þær séu leysanlegar í prófefninu.

Þessi aðferð gildir ekki fyrir blöndur þar sem baðmullin hefur orðið fyrir verulegu efnafræðilegu niðurbroti og ekki heldur þegar viskósu- eða kúprótrefjarnar eru ekki fyllilega leysanlegar vegna þess að í þeim eru tilteknir leysilitir eða frágangsefni sem ekki er hægt að fjarlægja að öllu leyti.“

c) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða baðmull, en þá er „d“ = 1,02, og fyrir melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

5) Aðferð nr. 5 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ASETAT OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er bensýlalkóhól)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. tríasetati (24), pólýprópýleni (37), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).“

6) Aðferð nr. 6 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TRÍASETÖT EÐA PÓLÝAKTÍÐ OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er díklórmetan)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpróí (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (46), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Athugasemd

Tríasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í prófefninu. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.“

7) Aðferð nr. 7 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TILTEKNAR BEÐMISTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er 75% brennisteinssýra (massahlutfall)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (46) elastólefíni (47), og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).“

c) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar lagtrefjarnar pólýprópýlen/pólýamíð eru annars vegar en þá er það 1,01.“

8) Í stað 8. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (46), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tiltekin módakrýl, sem hafa verið meðhöndluð með málmauknum leysilitum, en ekki um það sem litað er með eftirkrómuðum leysilitum.“

9) Í stað 9. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (46), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Fari ullar- eða silkimagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 2.

Fari pólýamíð- eða nælonmagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 4.“

10) Aðferð nr. 10 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ASETAT OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er ísedik)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývinýlklóríði, einnig klórbornum eftir á, pólýprópýleni (37), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).“

11) Aðferð nr. 11 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„SILKI EÐA PÓLÝAMÍÐ OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er 75% brennisteinssýra (massahlutfall)“

b) í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. silki (4) eða pólýamíði eða næloni (30)

með

2. ull (1), dýrahári (2 og 3) pólýprópýleni (37), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).“

c) í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. MEGINREGLA

Silki eða pólýamíð eða nælontrefjar eru fjarlægðar úr þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni með því að leysa það upp í 75% brennisteinssýru (massahlutfall).

Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vegin. Efnismassi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs efnismassa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs silkis eða pólýamíðs eða nælons er reiknaður út frá mismuninum.“

d) í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda svo áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af 75% brennisteinssýru (massahlutfall) við fyrir hvert gramm af sýninu í keilu-flöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml og tappinn settur í. Flaskan skal hrist kröftuglega og látin standa í 30 mínútur við stofuhita. Flaskan skal hrist aftur og látin standa í 30 mínútur. Flaskan skal hrist í síðasta sinn og innihald flöskunnar síað í gegnum vegnu síudeigluna. Það sem eftir er af trefjum í flöskunni skal skolað með 75% brennisteinssýru (prófefni). Leifin í deiglunni skal skoluð með 50 ml af þynntri brennisteinssýru (prófefni), 50 ml af vatni og 50 ml af þynntri ammóníakslausn, í þessari röð. Trefjarnar eru látnar liggja í vökvanum í u.þ.b. tíu mínútur áður en loftsogi er beitt. Að lokum er skolað með vatni og trefjarnar látnar liggja í vatninu í u.þ.b. 30 mínútur. Tæmið deigluna með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vegin.

Ef um er að ræða blöndu úr tveimur efnum úr pólýamíði með lagtrefjunum pólýprópýlen/pólýamíð þarf að þvo leifina í síudeiglunni tvisvar sinnum með 50 ml af 75% brennisteinssýru (prófefni) í hvort sinn, eftir að trefjar hafa verið síaðar í gegnum vegnu síudeigluna og áður en aðferðinni við þvott, sem áður var lýst, er beitt.“

e) eftirfarandi komi í stað liða 5 og 6:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða ull, en þá er „d“ = 0,985, eða lagtrefjarnar pólýprópýlen/pólýamíð en þá er „d“ = 1,005, og melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig, nema ef um er að ræða blöndu úr tveimur efnum úr pólýamíði með lagtrefjarnar pólýprópýlen/pólýamíð en þá eru öryggismörk fyrir niðurstöður í hæsta lagi ± 2.“

12) Aðferð nr. 14 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TILTEKNAR TREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er óblönduð brennisteinssýra)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. klórtrefjum (27) sem eru úr einsleitum fjölliðum vinýlklóríðs, einnig klórbornum eftir á, pólýprópýleni (37), elastólefíni (47), melamíni (48) og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Þau módakrýl, sem um er að ræða, gefa tæra lausn þegar þeim er sökkt í óblandaða brennisteinssýru (eðlismassi 1,84 við 20 °C).

Þessa aðferð má nota í stað aðferða nr. 8 og 9.“

c) í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. MEGINREGLA

Efnisþátturinn, að klórtrefjunum, pólýprópýleninu, elastólefíninu, melamíninu og lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði undanskildum (þ.e. trefjarnar sem tilteknar eru í 1. undirlið 1. liðar) er fjarlægður úr þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni með því að leysa hann upp í óblandaðri brennisteinssýru (eðlismassi 1,84 við 20 °C). Leifinni, sem samanstendur af klórtrefjunum, pólýprópýleninu, elastólefíninu eða lagtrefjunum pólýprópýleni/pólýamíði er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vegin; efnismassi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs efnismassa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá á mismuninum.“

d) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar melamín og lagtrefjarnar pólýprópýlen/pólýamíð eru annars vegar en þá er „d“ 1,01.“

13) Aðferð nr. 16 er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„MELAMÍN OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er heit maurasýra)“

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), aramíð (31) og pólýprópýlen (37).“

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/75/ESB **2012/EES/54/84**

frá 2. september 2011

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([1]), einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar tilskipun 96/98/EB skulu alþjóðasamningar og prófunarstaðlar gilda í uppfærðum útgáfum sínum.

2) Nokkur fjöldi breytinga á alþjóðasamningum og gildandi prófunarstöðlum hefur öðlast gildi frá því síðasta breytingargerðin við tilskipun 96/98/EB var samþykkt. Þessar breytingar skulu teknar upp í tilskipun 96/98/EB.

3) Á sama tímabili hafa Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) og evrópskar staðlastofnanir samþykkt staðla, þ.m.t. ítarlegir prófunarstaðlar, fyrir hluta af búnaðinum sem talinn er upp í viðauka A.2 við tilskipun 96/98/EB, eða fyrir búnað sem ekki er talinn upp en telst skipta máli að því er varðar þá tilskipun. Þessi búnaður skal því skráður í viðauka A.1 eða færður úr viðauka A.2 í viðauka A.1, eins og við á.

4) Því ber að breyta tilskipun 96/98/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka A við tilskipun 96/98/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Fram til 5. október 2014 er áfram heimilt að setja á markað búnað, þar sem tilgreint hefur verið í viðauka A.1 að búnaðurinn hafi verið færður úr viðauka A.2, sem var framleiddur fyrir 5. október 2012 í samræmi við aðferðir við gerðarsamþykki sem voru í gildi fyrir þann dag innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, og koma honum fyrir um borð í skipi Bandalagsins.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. október 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 5. október 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 37.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 2. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VIÐAUKI A

Almenn athugasemd við viðauka A: Þegar vísað er í SOLAS-reglur er átt við samsteypta útgáfu SOLAS-samþykktarinnar frá 2009.

Almenn athugasemd við viðauka A: Við nokkur heiti búnaðar eru möguleg afbrigði framleiðsluvöru tilgreind í 5. dálki undir sama heiti búnaðar. Sérstök ákvæði gilda um hvert afbrigði við framleiðsluvöru og mismunandi afbrigði eru aðskilin með punktalínu. Að því er varðar vottun skal einungis velja viðeigandi afbrigði framleiðsluvöru, eftir því sem við á (dæmi: A.1/3.3).

Skrá yfir upphafsstafaorð sem notuð eru:

A.1: ákvæði 1. breytingar varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

A.2: ákvæði 2. breytingar varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

AC: breyting á leiðréttingu varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

CAT: flokkur fyrir ratsjárbúnað, eins og hann er skilgreindur í lið 1.3 í staðli alþjóðaraftæknifndarinnar nr. 62388 (2007).

Umburðarbr.: umburðarbréf.

COLREG: alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

COMSAR: undirnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um fjarskiptamál og leit og björgun.

EN: Evrópustaðall.

ETSI: Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu.

FSS-kóðinn: alþjóðlegur kóði um brunaöryggiskerfi.

FTP-kóðinn: alþjóðlegur kóði um brunaprófunaraðferðir.

HSC-kóðinn: kóði um háhraðaför.

IBC-kóðinn: alþjóðakóði um efnaflutningaskip.

ICAO: Alþjóðaflugmálastofnunin.

IEC: Alþjóðaraftæknifndin.

IMO: Alþjóðasiglingamálastofnunin.

ISO: Alþjóðlegu staðlasamtökin.

ITU: Alþjóðafjarskiptasambandið.

LSA-kóðinn: reglur um björgunarbúnað.

MARPOL: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum.

MEPC: sjávarumhverfisverndarnefndin.

MSC: Siglingaöryggisnefndin.

NO_x: Köfnunarefnisoxíð.

SOLAS: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu.

SO_x: brennisteinsoxíð.

Regla, reglugerð.

Ályktun.

———

VIÐAUKI A.1

Í ALÞJÓÐLEGUM GERNINGUM ER AÐ FINNA ÍTARLEGA PRÓFUNARSTAÐLA FYRIR ÞENNAN BÚNAÐ

Athugasemdir sem eiga við um allan viðauka A.1

a) Almennt: til viðbótar við þá prófunarstaðla sem er getið sérstaklega, er í gildandi kröfum alþjóðasamninga og í viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) að finna nokkurn fjölda ákvæða sem ganga verður úr skugga um að séu virt við gerðarprófun (gerðarsamþykki) eins og um getur í aðferðareiningum um samræmismat í viðauka B.

b) 1. dálkur: Ákvæði 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/26/EB ([1]) geta átt við.

c) 1. dálkur: Ákvæði 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB ([2]) geta átt við.

d) 5. dálkur: Ef vitnað er til IMO-ályktana eiga einungis prófunarstaðlar í viðeigandi hlutum viðaukanna við og eru þá ákvæði ályktananna sjálfra þar með útilokuð.

e) 5. dálkur: Alþjóðlegir samningar og prófunarstaðlar skulu gilda í uppfærðum útgáfum sínum. Til að unnt sé að tilgreina viðeigandi staðla með réttum hætti skal í prófunarskýrslunum, samræmisvottorðunum og samræmisyfirlýsingunum tilgreina þann prófunarstaðal sem er notaður og útgáfu hans.

f) 5. dálkur: Þegar tvenns konar prófunarstaðlar eru aðgreindir með „eða“ skal hvor staðlaröðin um sig uppfylla allar prófunarkröfur til þess að uppfylla staðla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um nothæfi. Ef, á hinn bóginn, prófunarstaðlar eru aðgreindir með öðrum hætti (kommu) skulu allir liðirnir gilda.

g) 6. dálkur: Aðferðareining H merkir aðferðareining H ásamt vottorði fyrir hönnunarprófun.

h) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skulu ekki hafa áhrif á kröfur um búnað um borð í skipum í alþjóðlegum samningum.

1. Björgunarbúnaður

4. dálkur: Umburðarbréf IMO MSC/980 gildir nema þegar sérstakir gerningar, sem um getur í 4. dálki, koma í stað þess.

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/1.1	Björgunarhringir	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.2	Staðsetningarljós fyrir björgunartæki: a) fyrir björgunarför og léttbáta, b) fyrir björgunarhringi, c) fyrir björgunarvesti.	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/22, – regla III/26, – regla III/32, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) II, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F

([1]) Stjtíð. ESB L 113, 6.5.2009, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 305, 20.11.2009, bls. 1.

1	2	3	4	5	6
A.1/1.3	Sjálftendrandi reykmerki björgunarhringja	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.4	Björgunarvesti	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/22, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 922, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1317.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.5	Björgunarbúningar og hlífðarbúningar, ekki flokkaðir sem björgunarvesti: með eða án einangrunar.	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/22, – regla III/32, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 1046.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.6	Björgunarbúningar og hlífðarbúningar, flokkaðir sem björgunarvesti: með eða án einangrunar.	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/7, – regla III/22, – regla III/32, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 1046.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.7	Einangrunarpokar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/22, – regla III/32, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 1046.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/1.8	Fallhlífarflugeldar (neyðarflugeldar og -blys)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/6, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.9	Handblys (neyðar-flugeldar og -blys)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.10	Flothæft reykdufl (neyðarflugeldar og -blys)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.11	Línubyssur	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/18, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VII, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.12	Uppblásanlegir björgunarflekar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/13, – regla III/21, – regla III/26, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 811.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.13	Harðir björgunarflekar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/21, – regla III/26, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 811.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/1.14	Sjálfréttandi björgunarflekar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 809, – IMO MSC/umburðarbr. 811.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.15	Yfirbyggðir björgunarflekar sem snúa má við	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 809, – IMO MSC/umburðarbr. 811.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.16	Sjóstýrður búnaður fyrir björgunarfleka (þrýstistýrður losunarbúnaður)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/13, – regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 811.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.17	Björgunarbátar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/21, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + F G
A.1/1.18	Harðir léttbátar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/21, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/1.19	Uppblásnir léttbátar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/21, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – ISO 15372 (2000).	B + D B + F G
A.1/1.20	Hraðskreiðir léttbátar	– Regla III/4.	– Regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, – IMO MSC/umburðarbr. 1016, – IMO MSC/umburðarbr. 1094.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 1006, – ISO 15372 (2000).	B + D B + F G
A.1/1.21	Sjósetningarbúnaður þar sem talíur eru notaðar (bátsuglur)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/23, – regla III/33, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.22	Sjóstýrður sjósetningarbúnaður fyrir björgunarför	Flutt í A.2/1.3.			
A.1/1.23	Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarbáta í frjálsu falli	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/16, – regla III/23, – regla III/33, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.24	Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarfleka (bátsuglur)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/12, – regla III/16, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/1.25	Sjósetningar-búnaður fyrir hraðskreiða léttbáta (bátsuglur)	– Regla III/4.	– Regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.26	Losunarbúnaður fyrir a) björgunarbáta og léttbáta b) björgunarfleka Sjósettur með talíu, einni eða fleiri	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/16, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.27	Kerfi til rýmingar skips	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/15, – regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + F G
A.1/1.28	Björgunarúrræði	– Regla III/4.	– Regla III/26, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 810.	B + D B + F
A.1/1.29 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Stigar til að komast um borð	– Regla III/4, – regla III/11, – regla X/3.	– Regla III/11, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn), – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), – IMO MSC.1/umburðarbr. 1285.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – ISO 5489 (2008).	B + D B + F
A.1/1.30	Efni sem endurkastar ljósi	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun A.658(16).	B + D B + E B + F
A.1/1.31	Tvíátta metra-bylgjutalstöðvar-búnaður (VHF) fyrir björgunarför	Flutt í A.1/5.17 og A.1/5.18.			

1	2	3	4	5	6
A.1/1.32	9 GHz SAR ratsjársvari (SART)	Flutt í A.1/4.18.			
A.1/1.33	Ratsjárspegill fyrir björgunarbáta og léttbáta (hlutlaus)	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, – IMO-ályktun MSC.164(78).	– ISO 8729-1 (2010), – EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða – ISO 8729-1 (2010), – IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F
A.1/1.34	Áttaviti fyrir björgunarbáta og léttbáta	Flutt í A.1/4.23.			
A.1/1.35	Handslökkvitæki fyrir björgunarbáta og léttbáta	Flutt í A.1/3.38.			
A.1/1.36	Knúningsvél fyrir björgunarbáta/léttbáta	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) IV, V.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.37	Utanborðsvél fyrir léttbáta	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) V.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.38	Leitarljós til notkunar í björgunarbátum og léttbátum	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.39	Opnir björgunarflekar sem snúa má við	– Regla III/4, – regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 10. viðauki, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 11. viðauki.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 10. viðauki, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 11. viðauki.	B + D B + F
A.1/1.40	Vélrænn lyftibúnaður fyrir hafnsögumenn	Flutt í A.1/4.48.			
A.1/1.41	Vindur fyrir björgunarför og léttbáta	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/16, – regla III/17, – regla III/23, – regla III/24, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/1.42	Stigi fyrir hafnsögumann	Flutt í A.1/4.49.			
A.1/1.43 Sjá athuga-semd c) við þennan viðauka (A.1).	Harðir/uppblásnir léttbátar	– Regla III/4, – regla X/3.	– Regla III/21, – regla III/31, – regla III/34, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	– IMO-ályktun MSC.81(70), – IMO MSC/umburðarbr. 1006. – ISO 15372 (2000).	B + D B + F G

2. **Varnir gegn mengun sjávar**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla MARPOL 73/78 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur MARPOL 73/78 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðar-bréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/2.1	Olíusíubúnaður (ef magn olíu í frárennsli er ekki meira en 15 milljónarhlutar (ppm))	– I. viðauki, regla 14.	– I. viðauki, regla 14, – IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	– IMO-ályktun MEPC.107(49), – IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	B + D B + E B + F
A.1/2.2	Nemi fyrir skilflöt olíu/vatns	– I. viðauki, regla 32.	– I. viðauki, regla 32.	– IMO-ályktun MEPC.5(XIII).	B + D B + E B + F
A.1/2.3	Olíumælar	– I. viðauki, regla 14.	– I. viðauki, regla 14, – IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	– IMO-ályktun MEPC.107(49), – IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	B + D B + E B + F
A.1/2.4	Vinnslueiningar sem eru festar við þann olíusíubúnað sem fyrir er (ef magn olíu í frárennsli er ekki meira en 15 ppm)	Hér á að vera eyða.			
A.1/2.5	Vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun olíu frá olíuflutninga-skipum	– I. viðauki, regla 31.	– I. viðauki, regla 31.	– IMO-ályktun MEPC.108(49).	B + D B + E B + F
A.1/2.6	Skólpkerfi	– IV. viðauki, regla 9.	– IV. viðauki, regla 9.	– IMO-ályktun MEPC.159(55).	B + D B + E B + F
A.1/2.7	Brennsluofnar um borð í skipum	– VI. viðauki, regla 16.	– VI. viðauki, regla 16.	– IMO-ályktun MEPC.76(40).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/2.8 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Vöktunar- og skráningartæki um borð fyrir NO_x	– VI. viðauki, regla 13, – NO_x-tæknikóðinn, 2008, – IMO-ályktun MEPC.177(58).	– VI. viðauki, regla 13, – NO_x-tæknikóðinn, 2008, – IMO-ályktun MEPC.177(58), – IMO MEPC.1/umburðarbr. 638.	– NO_x-tæknikóðinn, 2008, – IMO-ályktun MEPC.177(58).	B + D B + E B + F G
A.1/2.9 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Aðrar tæknilegar aðferðir til að takmarka SO_x-losun	– VI. viðauki, regla 4.	– VI. viðauki, regla 4.	– IMO-ályktun MEPC.184(59).	B + D B + E B + F G
A.1/2.10 úr A.1/2.2.	Hreinsikerfi um borð fyrir útblástursloft	– VI. viðauki, regla 4.	– VI. viðauki, regla 4.	– IMO-ályktun MEPC.184(59).	B + D B + E B + F G

3. **Brunavarnarbúnaður**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/3.1	Grunnefni þilfara	– Regla II-2/4, – regla II-2/6, – regla X/3.	– Regla II-2/4, – regla II-2/6, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 2. og 6. hluti 1. viðauka eða 2. viðauki, – IMO MSC/umburðarbr. 1102, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.2	Handslökkvitæki	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4.	– Regla II-2/4, – regla II-2/10, – regla II-2/18, – regla II-2/19, – regla II-2/20, – IMO-ályktun A.951(23), – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, – IMO MSC/umburðarbr. 1239, – IMO MSC/umburðarbr. 1275.	– EN 3-7 (2004), þ.m.t. A.1 (2007), – EN 3-8 (2006), þ.m.t. AC (2007), – EN 3-9 (2006), þ.m.t. AC (2007), – EN 3-10 (2009).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.3	Slökkvibúningar: hlífðarfatnaður (til að komast í návígi við eld)	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf – EN 469 (2005), þ.m.t. A1 (2006) og AC (2006). Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf – Endurkastsfatnaður fyrir sérhæft slökkvistarf: – EN 1486 (2007). Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf — Hlífðarfatnaður með endurkastsyfirborði – ISO 15538 (2001).	B + D B + E B + F
A.1/3.4	Slökkvibúningar: stígvél	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– EN 15090 (2006),	B + D B + E B + F
A.1/3.5	Slökkvibúningar: hanskar	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– EN 659 (2003), þ.m.t. A1 (2008) og AC (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.6	Slökkvibúningar: hjálmar	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– EN 443 (2008).	B + D B + E B + F
A.1/3.7	Sjálfstæður öndunarbúnaður með lofti undir þrýstingi *Athugasemd:* verði slys í tengslum við hættulegan farm skal nota öndunargrímu með yfirþrýstingi.	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– EN 136 (1998), þ.m.t. AC (2003), – EN 137 (2006).	B + D B + E B + F
A.1/3.8	Öndunarbúnaður með aðfluttu lofti undir þrýstingi	– Regla X/3, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7. *Athugasemd:* þessi búnaður er aðeins fyrir háhraðaför smíðuð samkvæmt ákvæðum HSC-kóðans frá 1994.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7.	– EN 14593-1 (2005), – EN 14593-2 (2005), þ.m.t. AC (2005), – EN 14594 (2005).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.9	Íhlutir í úðakerfi fyrir vistarverur, þjónusturými og stjórnstöðvar, sambærilegt því sem um getur í reglu II-2/12 í SOLAS 74 (aðeins stútar og afkastageta þeirra). (Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).	– Regla II-2/7, – regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8.	– Regla II-2/7, – regla II-2/9, – regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.44(65), – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8. – IMO MSC/umburðarbr. 912.	– IMO-ályktun A.800 (19).	B + D B + E B + F
A.1/3.10 Sjá athugasemd b) við þennan viðauka (A.1).	Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmi og farmdælurými	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7.	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	– IMO MSC/umburðarbr. 1165, viðbætir A.	B + D B + E B + F
A.1/3.11	Eldtraustleiki skilrúma í A- og B-flokki a) Skilrúm í A-flokki b) Skilrúm í B-flokki	A-flokkur: – Regla II-2/3.2. B-flokkur: – Regla II-2/3.4.	– Regla II-2/9 og A-flokkur: – Regla II-2/3.2. B-flokkur: – Regla II-2/3.4.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka og 2. viðauki, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.12	Búnaður til að hindra að eldur berist í lestarrými í olíuflutningaskipum	– Regla II-2/4, – regla II-2/16.	– Regla II-2/4, – regla II-2/16.	– EN 12874 (2001), – ISO 15364 (2007), – IMO MSC/umburðarbr. 677.	Fyrir annan búnað en loka: B + D B + E B + F Fyrir loka: B + F
A.1/3.13	Eldtraust efni	– Regla II-2/3, – regla X/3.	– Regla II-2/3, – regla II-2/5, – regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 1. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.14	Efni, annað en stál, í lagnir sem fara í gegnum skilrúm í A- eða B-flokki	Búnaður skráður í A.1/3.26 og A.1/3.27.			
A.1/3.15	Efni, annað en stál, í lagnir fyrir olíu eða brennsluolíu a) lagnir og tengihlutir, b) lokar, c) slöngubarkatengi.	– Regla II-2/4, – regla X/3.	– Regla II-2/4, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, 10, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, 10, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	– IMO-ályktun A.753(18), – ISO 15540 (2001). – ISO 15541 (2001).	B + D B + E B + F
A.1/3.16	Eldvarnarhurðir	– Regla II-2/9,	– regla II-2/9,	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1273, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1319.	B + D B + E B + F
A.1/3.17	Íhlutir í stjórntæki fyrir eldvarnarhurðir *Athugasemd:* þegar hugtakið „íhlutir“ í búnað er notað í 2. dálki getur það táknað að prófa þurfi einn íhlut, flokk íhluta eða heilt kerfi til að tryggja að alþjóðlegar kröfur hafi verið uppfylltar.	– Regla II-2/9, – regla X/3.	– Regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 4. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F
A.1/3.18	Yfirborðsefni og gólfefni með lágu eldsútbreiðslumarki a) spónn til skreytingar, b) málningarkerfi, c) gólfefni, d) einangrunarkápur fyrir lagnir, e) lím notað við byggingu skilrúma í A-, B- og C-flokki, f) eldfimar rásir.	– Regla II-2/3, – regla II-2/5, – regla II-2/6, – regla II-2/9, – regla X/3.	– Regla II-2/3, – regla II-2/5, – regla II-2/6, – regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 2. og 5. hluti 1. viðauka eða 2. viðauki, – IMO MSC/umburðarbr. 1120, – ISO 1716 (2002). *Athugasemd:* ef þess er krafist að yfirborðsefni hafi hámarksvarmagildi skal mæla það í samræmi við ISO 1716.	B + D B + E B + F
A.1/3.19	Veggtjöld, gluggatjöld og önnur textílefni til að hengja upp og filmur	– Regla II-2/3, – regla II-2/9, – regla X/3.	– Regla II-2/3, – regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 7. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1102, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.20	Bólstruð húsgögn	– Regla II-2/3, – regla II-2/5, – regla II-2/9, – regla X/3.	– Regla II-2/3, – regla II-2/5, – regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 8. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1102, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.21	Sængurfatnaður	– Regla II-2/3, – regla II-2/9, – regla X/3.	– Regla II-2/3, – regla II-2/9, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 9. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1102, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.22	Brunalokur	– Regla II-2/9.	– Regla II-2/9.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.23	Eldtraust gegnumtök sem fara í gegnum skilrúm í A-flokki	Flutt í A.1/3.26.			
A.1/3.24	Rafstrengjabrautir í gegnum skilrúm í A-flokki	Flutt í A.1/3.26.			
A.1/3.25	Eldtraustir gluggar og kýraugu á skipshlið í A- og B-flokki	– Regla II-2/9.	– Regla II-2/9, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1203.	B + D B + E B + F
A.1/3.26	Gegnumtök í gegnum skilrúm í A-flokki a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök.	– Regla II-2/9.	– Regla II-2/9. – IMO MSC.1/umburðarbr. 1276.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.27	Gegnumtök í gegnum skilrúm í B-flokki a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök.	– Regla II-2/9.	– Regla II-2/9.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 3. hluti 1. viðauka, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	B + D B + E B + F
A.1/3.28	Úðakerfi (aðeins úðahausar) (Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).	– Regla II-2/7, – regla II-2/10, – regla X/3.	– Regla II-2/7, – regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.44(65), – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8, – IMO MSC/umburðarbr. 912.	– ISO 6182-1 (2004). Eða – EN 12259-1 (1999), þ.m.t. A1 (2001), A2 (2004) og A3 (2006).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.29	Brunaslöngur	– Regla II-2/10, – regla X/3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– EN 14540 (2004), þ.m.t. A.1 (2007).	B + D B + E B + F
A.1/3.30	Færanlegur búnaður sem greinir súrefni og tilvist gass	– regla II-2/4, – regla VI/3.	– Regla II-2/4, – regla VI/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 15.	– EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), – IEC 60092-504 (2001), – IEC 60533 (1999), og fyrir: a) 1. flokk: (öruggt svæði): – EN 50104 (2002), þ.m.t. A.1 (2004) súrefni, – EN 60079-29-1 (2007). b) 2. flokk: (andrúmsloft með sprengifimu gasi): – EN 50104 (2002), þ.m.t. A.1 (2004) súrefni, – EN 60079-29-1 (2007), – IEC 60079-0 (2007), – IEC 60079-1 (2007), þ.m.t. IEC 60079-1, 1. leiðrétting (2008), – IEC 60079-10-1 (2008), – IEC 60079-11 (2006), – IEC 60079-15 (2010), – IEC 60079-26 (2006).	B + D B + E B + F
A.1/3.31	Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum	Búnaður felldur brott þar sem hann fellur undir A.1/3.9 og A.1/3.28.			
A.1/3.32	Eldtefjandi efni (þó ekki húsgögn) fyrir háhraðaför	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 10. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F
A.1/3.33	Eldtefjandi efni í húsgögn fyrir háhraðaför	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO MSC/umburðarbr. 1102.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 1. viðauki: 1., 8. og 10. hluti.	B + D B + E B + F
A.1/3.34	Brunaþolin skilrúm fyrir háhraðaför	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 11. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.35	Eldvarnarhurðir í háhraðaförum	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 11. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F
A.1/3.36	Brunalokur í háhraðaförum	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO MSC/umburðarbr. 1102.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 11. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F
A.1/3.37	Gegnumtök í gegnum brunaþolin skilrúm fyrir háhraðaför: a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök.	– Regla X/3.	– IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 11. hluti 1. viðauka.	B + D B + E B + F
A.1/3.38	Handslökkvitæki fyrir björgunarbáta og léttbáta	– Regla III/4, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4.	– Regla III/34, – IMO-ályktun A.951(23), – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, – IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8. – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	– EN 3-7 (2004), þ.m.t. A1 (2007), – EN 3-8 (2006), þ.m.t. AC (2007), – EN 3-9 (2006), þ.m.t. AC (2007), – EN 3-10 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.39	Stútar fyrir jafngilt vatnsúðaslökkvikerfi í vélarúmum og í farmdælurými	– Regla II-2/10, – regla X/3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	– IMO MSC/umburðarbr. 1165.	B + D B + E B + F
A.1/3.40	Ljósabúnaður sem er hafður neðarlega (aðeins íhlutir)	– regla II-2/13, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 11.	– regla II-2/13, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 11.	– IMO-ályktun A.752(18). Eða – ISO 15370 (2010).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.41	Öndunartæki til undankomu í neyð	– Regla II-2/13.	– Regla II-2/13, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3, – IMO MSC/umburðarbr. 849.	– ISO 23269-1 (2008) og einnig: Fyrir sjálfstæðan öndunarbúnað með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás með heilgrímu eða munnstykki, til undankomu: – EN 402 (2003). Fyrir sjálfstæðan öndunarbúnað með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás með hlífðarhettu, til undankomu: – EN 1146 (2005). Sjálfstæður öndunarbúnaður með samþjöppuðu lofti í lokaðri hringrás: – EN 13794(2002).	B + D B + E B + F
A.1/3.42	Íhlutir í kerfi fyrir óhvarfgjarnar lofttegundir	– Regla II-2/4.	– regla II-2/4, – IMO-ályktun A.567(14), – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 15, – IMO MSC/umburðarbr. 353, – IMO MSC/umburðarbr. 387, – IMO MSC/umburðarbr. 485, – IMO MSC/umburðarbr. 450, 1. endurskoðun, – IMO MSC/umburðarbr. 731, – IMO MSC/umburðarbr. 1120.	– IMO MSC/umburðarbr. 353.	B + D B + E B + F G
A.1/3.43	Stútar í slökkvikerfi fyrir djúpsteikingarbúnað (sjálfvirk eða handstýrð kerfi)	– Regla II-2/1, – regla II-2/10, – regla X/3.	– Regla II-2/1, – regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– ISO 15371 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.44	Slökkvibúningur - líflína	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	– IMO-ályktun MSC.61(67)-(FTP-kóðinn), 1. hluti 1. viðauka, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	B + D B + E B + F
A.1/3.45	Íhlutir í jafngilt, fast gasslökkvikerfi (slökkvimiðill, meginlokar og stútar) fyrir vélarúm og farmdælurými	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, – IMO MSC/umburðarbr. 848, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1313, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1316, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1317.	– IMO MSC/umburðarbr. 848, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1317.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.46	Íhlutir í jafngilt fast gasslökkvikerfi fyrir vélarúm (úðakerfi)	– Regla II-2/10, – regla X/3, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1270, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	– IMO MSC.1/umburðarbr. 1270.	B + D B + E B + F
A.1/3.47	Froðuþykkni fyrir föst slökkvikerfi með léttri froðu fyrir vélarúm og farmdælurými *Athugasemd:* föst slökkvikerfi með léttri froðu í vélarúmum og farmdælurýmum (þ.m.t. slökkvikerfi sem nota loftið í vinnurýminu til að framleiða froðuna) skulu áfram prófuð með viðurkenndu froðuþykkni og með þeim hætti sem stjórnvald telur fullnægjandi.	– Regla II-2/10.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 6.	– IMO MSC/umburðarbr. 670.	B + D B + E B + F
A.1/3.48	Íhlutir í fastan, staðbundinn vatnsslökkvibúnað til að nota í vélarúmi í A-flokki (Stúta- og afkastaprófanir)	– Regla II-2/10, – regla X/3.	– Regla II-2/10, – IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, – IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	– IMO MSC/umburðarbr. 913, – IMO MSC.1/umburðarbr. 1276.	B + D B + E B + F
A.2/3.27	Íhlutir í fast gass-lökkvikerfi (með CO_2)	— Regla II-2/5, — regla II-2/10, — regla X/3.	— Regla II-2/5, — regla II-2/10, — regla II-2/20, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98 (73)-(FSS-kóðinn) 7.	— EN 12094-1 (2003), — EN 12094-2 (2003), — EN 12094-3 (2003), — EN 12094-4 (2004), — EN 12094-5 (2006), — EN 12094-6 (2006), — EN 12094-7 (2000), þ.m.t. A1 (2005), — EN 12094-8 (2006), — EN 12094-10 (2003), — EN 12094-11 (2003), — EN 12094-13 (2001), þ.m.t. AC (2002), — EN 12094-16 (2003).	
A.2/3.28	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með meðalþungri froðu — fastur froðus-lökkvibúnaður á þilförum tankskipa	Flutt í A.1/3.57.			
A.2/3.29	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með þungri froðu til að verja vélarúm og þilför á tankskipum	Flutt í A.1/3.58.			
A.2/3.30	Létt froða fyrir föst slökkvikerfi á efna-flutningaskipum	Flutt í A.1/3.59.			
A.2/3.31	Handstýrt vatns-úðakerfi	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun A.800 (19).		
A.2/3.32 (nýr búnaður)	Duftslökkvibúnaður	— Regla II-2/1.	— Regla II-2/1, Alþjóðakóði um smíði og búnað skipa sem flytja búlka-farma af fljótandi gastegundum: 11. kafli.		

4. **Siglingabúnaður**

Athugasemdir við 4. lið: Siglingabúnaður

3. og 4. dálkur: Tilvísanir í V. kafla SOLAS eru vísanir í SOLAS 1974 ásamt breytingum samkvæmt MSC 73 er öðlast gildi 1. júlí 2002.

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/4.1	Gíróáttaviti fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.31.			
A.2/4.2	Stefnustjórnunarkerfi fyrir háhraðaför (áður sjálfstýring)	Flutt í A.1/4.40.			
A.2/4.3	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (GNSS-aðferð)	Flutt í A.1/4.41.			
A.2/4.4	Dagljós til merkjasendinga	Flutt í A.1/4.52.			
A.2/4.5	Leitarljós fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.42.			
A.2/4.6	Nætursjónbúnaður fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.43.			
A.2/4.7	Leiðarstjórnkerfi	Flutt í A.1/4.33.			
A.2/4.8	Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS)	Flutt í A.1/4.30.			
A.2/4.9	Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS) til vara	Flutt í A.1/4.30.			
A.2/4.10	Rastað kerfi fyrir rafeindasjókort (RCDS)	Flutt í A.1/4.30.			
A.2/4.11	Samsettur búnaður fyrir GPS/GLONASS	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.74(69), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61108-1 (2003), — EN 61108-2 (1998), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61108-1 (2003), — IEC 61108-2 (1998), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	

1	2	3	4	5	6
A.2/4.12	DGPS-, DGLONASS-búnaður	Flutt í A.1/4.44, A.1/4.50 og A.1/4.51.			
A.2/4.13	Gíróáttaviti fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.31.			
A.2/4.14	Siglingariti (VDR)	Flutt í A.1/4.29.			
A.2/4.15	Samtengt siglinga- og leiðsögukerfi	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.86(70), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 61924 (2006), — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 61924 (2006), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.16	Samhæfð kerfi á stjórnpalli	Hér á að vera eyða			
A.2/4.17	Endurvarpsmagnari fyrir ratsjár	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.164(78), — ITU-R M 1176 (10/95).	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	
A.2/4.18	Hljóðviðtökukerfi	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.86(70), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin.	
A.2/4.19	Seguláttaviti fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— IMO-ályktun A.382(X), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — EN 60945 (2002) eða — ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — IEC 60945 (2002).	

1	2	3	4	5	6
A.2/4.20	Leiðarstjórnkerfi fyrir háhraðaför	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.21	Kortabúnaður fyrir skipsratsjá	Flutt í A.1/4.45.			
A.2/4.22	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (gíróaðferð)	Flutt í A.1/4.46.			
A.2/4.23	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (segulaðferð)	Flutt í A.1/4.2.			
A.2/4.24	Knúningsmælir	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.25	Mælar fyrir hliðarþrýstikraft, hliðarskrúfuskurð og hliðarham	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.26	Beygjuhraðavísir	Flutt í A.1/4.9.			
A.2/4.27	Stýrisvísir	Flutt í A.1/4.20.			

1	2	3	4	5	6
A.2/4.28	Snúningshraðamælir fyrir skrúfu	Flutt í A.1/4.21.			
A.2/4.29	Skrúfuskurðarmælir	Flutt í A.1/4.22.			
A.2/4.30	Samhæfð kerfi á stjórnpalli	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 15, — IMO-ályktun MSC.64(67), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 15, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 61209 (1999), — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 61209 (1999), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.31	Legubúnaður	— Regla V/18.	— Regla V/19.	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	
A.2/4.32	Viðvörunarkerfi fyrir siglingavakt í brú (BNWAS)		— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.128(75), — IMO MSC/umburðarbr. 982, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.33	Leiðarstjórnkerfi (það starfar á hraða skipsins, frá 30 hnútum og þar yfir)	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin.	
A.2/4.34	Búnaður til auðkennis- og fjarvöktunar skipa (LRIT)	— Regla V/19.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.813(19), — IMO-ályktun MSC.202(81), — IMO-ályktun MSC.211(81), — IMO-ályktun MSC.263(84), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1307.	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin.	

1	2	3	4	5	6
A.2/4.35	Galileo-móttakari	— Regla V/18, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.813(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(-HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(-HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.233(82), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008) eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.36	Búnaður fyrir AIS SART	— Regla III/4, — regla IV/14.	— Regla III/6, — regla IV/7, — IMO-ályktun MSC.246(83), — IMO-ályktun MSC.247(83), — IMO-ályktun MSC.256(84).	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin.	

5. **Fjarskiptabúnaður**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerð-arsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/5.1	Gervihnattaneyðar-baujur (EPIRB) með metrabylgjutalstöðv-arbúnaði (VHF)	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/8, — IMO-ályktun A.662(16), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.805(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — ITU-R M.489-2 (10/95), — ITU-R M.693 (06/90).	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	

1	2	3	4	5	6
A.2/5.2	Varaaflstöð fyrir fjarskiptabúnað	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/13, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO COMSAR umburðarbr. 16, — IMO COMSAR umburðarbr. 32.	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	
A.2/5.3	Inmarsat-F SES	Flutt í A.1/5.19.			
A.2/5.4	Neyðarstjórnborð	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32.	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	
A.2/5.5	Stjórnborð fyrir neyðarviðvörun	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32.	— EN 60945 (2002) eða — IEC 60945 (2002).	
A.2/5.6	Gervihnattaneyðarbaujur á L-bandi (INMARSAT)	Hér á að vera eyða			
A.2/5.7	Vákallsbúnaður skips		— Regla XI-2/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.147(77), — IMO MSC/umburðarbr. 1072.	— EN 60945 (2002), — EN 61162-röðin eða — IEC 60945 (2002), — IEC 61162-röðin.	

1	2	3	4	5	6
A.2/5.8 úr A.1/5.16.	Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir flug	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO-ályktun MSC.80 (70), — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ICAO-samningurinn, 10. viðauki, alþjóðafjarskiptareglur.	— ETSI EN 301688 V1.1.1 (2000-07), — EN 60945 (2002).	

6. **Búnaður sem krafist er samkvæmt COLREG 72**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla COLREG 72 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur COLREG ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/6.1	Siglingaljós	Flutt í A.1/6.1.			
A.2/6.2	Hljóðmerkjabúnaður	— COLREG 72, viðauki III/3.	— COLREG 72, viðauki III/3, — IMO-ályktun A.694 (17).	— EN 60945 (2002), — flautur — COLREG 72, viðauki III/1 (nothæfi), — bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi) eða — IEC 60945 (2002), — flautur — COLREG 72 viðauki III/1 (nothæfi), — bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi).	

7. **Öryggisbúnaður fyrir búlkaskip**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/7.1	Hleðslutæki	— Regla XII/11, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	— Regla XII/11, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1229.	
A.2/7.2	Lekaviðvörun á búlkaskipum	Fellt brott.			

8. **Búnaður samkvæmt SOLAS, kafli II-1**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/8.1 úr A.2/3.3	Ræsibúnaður fyrir rafala í kulda	— Regla II-1/44, — regla X/3.	— Regla II-1/44, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).		

“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/7/ESB

2012/EES/54/86

frá 16. febrúar 2011

um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkrar veigamiklar breytingar verða gerðar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/35/EB frá 29. júní 2000 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum ([3]). Fyrir skýrleika sakir og hagræðingar er æskilegt að viðkomandi ákvæði verði endurútgefin.

2) Flestar vörur og þjónusta eru afhentar af rekstraraðilum innan innri markaðarins til annarra rekstraraðila og til opinberra yfirvalda á grundvelli frestaðrar greiðslu en samkvæmt því veitir afhendingaraðilinn viðskiptavininum tíma til að greiða reikninginn, eins og samningsaðilar hafa komið sér saman um, eins og hann er settur fram í reikningi afhendingaraðilans eða eins og mælt er fyrir um í lögum.

3) Margar greiðslur í verslunarviðskiptum á milli rekstraraðila eða á milli rekstraraðila og opinberra yfirvalda eru inntar af hendi seinna en samið var um í samningnum eða mælt er fyrir um í almennu viðskiptakjörunum. Þrátt fyrir að vörurnar hafi verið afhentar eða þjónustan hafi verið veitt eru margir samsvarandi reikningar ekki greiddir fyrr en löngu eftir að fresturinn rennur út. Slíkur greiðsludráttur hefur neikvæð áhrif á lausafjárstöðu og gerir fjármálastjórnun fyrirtækja erfiðari viðfangs. Það hefur einnig áhrif á samkeppnishæfni og arðsemi þeirra þegar lánardrottinn þarf að afla ytri fjármögnunar vegna greiðsludráttar. Áhætta slíkra neikvæðra áhrifa eykst verulega á tímum efnahagssamdráttar þegar aðgangur að fjármagni er torveldari.

4) Þegar hefur verið auðveldað fyrir kröfur fyrir dómstólum að því er varða greiðsludrátt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ([4]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 805/2004 frá 21. apríl 2004 um að koma á evrópskum fullnustufyrirmælum þegar um er að ræða óumdeildar kröfur ([5]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1896/2006 frá 12. desember 2006 um að koma á evrópskum reglum um fyrirmæli um greiðslu ([6]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 861/2007 frá 11. júlí 2007 um að koma á evrópskri málsmeðferð fyrir lágar kröfur ([7]). Þó er nauðsynlegt að mæla fyrir um ákvæði til fyllingar til að koma í veg fyrir greiðsludrátt í verslunarviðskiptum.

5) Fyrirtæki skulu geta stundað viðskipti á öllum innri markaðnum með skilyrðum sem tryggja að viðskipti yfir landamæri feli ekki í sér meiri áhættu en sala á heimamarkaði. Röskun á samkeppni myndi fylgja í kjölfar þess að gjörólíkar reglur giltu um viðskipti á heimamarkaði annars vegar og viðskipti yfir landamæri hins vegar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 22.9.2010, bls. 42.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 20. október 2010 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 24. janúar 2011.

([3]) Stjtíð. EB L 200, 8.8.2000, bls. 35.

([4]) Stjtíð. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 15.

([6]) Stjtíð. ESB L 399, 30.12.2006, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 1.

6) Í orðsendingu sinni frá 25. júní 2008 sem ber heitið „„Hugsið smátt í fyrstu“ — „Lög um lítil fyrirtæki“ í Evrópu“ lagði framkvæmdastjórnin áherslu á að auðvelda skyldi aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og að þróa skyldi laga- og viðskiptaumhverfi sem styður við tímanlegar greiðslur í verslunarviðskiptum. Það skal tekið fram að opinber yfirvöld bera sérstaka ábyrgð að því er þetta varðar. Skilyrðin fyrir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum eru sett fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]).

7) Ein af forgangsaðgerðum orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 2008 sem ber heitið „Efnahagsleg endurreisnaráætlun fyrir Evrópu“ er að draga úr stjórnsýsluálagi og að ýta undir frumkvöðlastarfsemi með því m.a. að tryggja að meginreglan sé sú að reikninga fyrir vörur og þjónustu, þ.m.t. frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, skuli greiða innan eins mánaðar til að forðast hömlur á greiðsluhæfi.

8) Gildissvið þessarar tilskipunar skal vera bundið við greiðslur sem eru þóknun fyrir verslunarviðskipti. Tilskipun þessi skal ekki taka til viðskipta við neytendur, vaxta í tengslum við aðrar greiðslur, t.d. greiðslna samkvæmt lögum um ávísanir og víxla, eða skaðabótagreiðslna, þ.m.t. greiðslna frá tryggingafélögum. Enn fremur skulu aðildarríki eiga þess kost að undanskilja skuldir sem falla undir málsmeðferð vegna greiðsluerfiðleika, þ.m.t. málsmeðferð sem hefur endurskipulagningu skulda að markmiði.

9) Tilskipun þessi skal taka til allra verslunarviðskipta milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og opinberra yfirvalda, þar eð opinber yfirvöld inna af hendi fjölmargar greiðslur til fyrirtækja. Hún skal því einnig taka til allra viðskipta milli aðalverktaka og birgja þeirra og undirverktaka.

10) Enda þótt menntastéttirnar falli undir gildissvið þessarar tilskipunar eru aðildarríkin ekki skuldbundin til að meðhöndla þá sem þeim tilheyra sem fyrirtæki eða kaupmenn á sviðum sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

11) Afhending á vörum og þjónustustarfsemi gegn greiðslu sem fellur undir þessa tilskipun skal einnig taka til hönnunar og framkvæmdar á opinberum verkum ásamt byggingarvinnu og mannvirkjagerð.

12) Greiðsludráttur er brot á samningi sem er fjárhagslega hagstæður fyrir skuldunauta í flestum aðildarríkjum sökum lágra eða engra vaxta af greiðsludrætti og/eða hægvirkrar innheimtuaðferðar. Ákveðin breyting til þess að skapa hefð fyrir greiðslum án tafar, þar sem ávallt skal líta á undanþágu frá réttinum til að krefjast vaxta sem greinilega ósanngjarna samningsskilmála eða venju, er nauðsynleg til snúa þessari þróun við og til að koma í veg fyrir greiðsludrátt. Slík breyting skal einnig fela í sér innleiðingu sértækra ákvæða um greiðslufrest og um bætur til lánardrottna vegna kostnaðar sem stofnað er til og m.a. að undanþága frá rétti til bóta vegna innheimtukostnaðar skuli teljast greinilega ósanngjörn.

13) Í samræmi við það ber að kveða á um að almennt skuli takmarka samningsbundinn greiðslufrest milli fyrirtækja við 60 almanaksdaga. Eigi að síður getur verið um að ræða kringumstæður þar sem fyrirtæki þarfnast lengri greiðslufrests, t.d. ef fyrirtæki óska eftir að veita viðskiptavinum sínum frest til greiðslu (e. *trade credit*). Því skal vera mögulegt fyrir samningsaðilana að samþykkja sérstaklega greiðslufrest sem er lengri en 60 almanaksdagar, að því tilskildu að slík framlenging sé ekki greinilega ósanngjörn gagnvart lánardrottni.

14) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins gildir skilgreiningin á „samningsyfirvöldum“ í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([2]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([3]) að því er varðar þessa tilskipun.

15) Reikna skal gjaldfallna lögboðna vexti vegna greiðsludráttar daglega sem einfalda vexti, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ([4]).

16) Þessi tilskipun skuldbindur ekki lánardrottinn til að krefjast vaxta vegna greiðsludráttar. Ef um greiðsludrátt er að ræða skal þessi tilskipun heimila lánardrottni að krefjast vaxta fyrir greiðsludrátt án þess að þurfa fyrst að senda frá sér ítrekun eða aðra svipaða tilkynningu til að minna skuldunautinn á skuldbindingar sínar til að greiða.

17) Greiðsla skuldunautar skal teljast of sein, að því er varðar kröfu um vexti vegna greiðsludráttar, ef lánardrottinn hefur ekki fjárhæð skuldarinnar til ráðstöfunar á gjalddaganum að því tilskildu að hann hafi uppfyllt lagalegar og samningsbundnar skyldur sínar.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

([2]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114.

([4]) Stjtíð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.

18) Vörureikningar setja greiðslubeiðnir í gang og eru mikilvæg skjöl í keðju viðskiptagerninga við afhendingu á vörum og þjónustu, m.a. til að ákvarða greiðslufresti. Að því er varðar þessa tilskipun skulu aðildarríkin koma á kerfum sem gefa réttarvissu að því er varðar nákvæma dagsetningu á móttöku skuldunautanna á vörureikningum, þ.m.t. á sviði rafrænna reikninga þar sem hægt væri að færa rafrænar sannanir fyrir móttöku vörureikninga sem að hluta til lúta ákvæðum um vörureikninga sem um getur í tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið ([1]).

19) Sanngjarnar bætur til lánardrottins vegna innheimtukostnaðar sem stofnað er til vegna greiðsludráttar eru nauðsynlegar til að hvetja ekki til dráttar á greiðslum. Innheimtukostnaður ætti einnig að fela í sér endurgreiðslu umsýslukostnaðar og bætur fyrir innri kostnað sem stofnað var til vegna greiðsludráttar og skal þessi tilskipun kveða á um fasta lágmarksfjárhæð sem heimilt er að bæta við uppsöfnuðum vöxtum vegna greiðsludráttar. Bætur í formi fastrar fjárhæðar skulu miða að því að takmarka umsýslukostnað og innri kostnað sem tengist innheimtunni. Bætur vegna innheimtukostnaðarins skulu ákvarðaðar án þess að hafa áhrif á innlend ákvæði, sem innlendur dómstóll getur dæmt eftir til að veita lánardrottni bætur fyrir frekari skaða sem greiðsludráttur skuldunautar hefur valdið.

20) Auk réttarins á greiðslu á fastri fjárhæð vegna innri innheimtukostnaðar skulu lánardrottnar eiga rétt á endurgreiðslu á öðrum innheimtukostnaði sem þeir stofna til vegna greiðsludráttar skuldunautar. Slíkur kostnaður skal einkum fela í sér þann kostnað sem lánardrottnar stofna til við ráðningu lögfræðings eða innheimtuþjónustu.

21) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að kveða á um fastar fjárhæðir fyrir bætur vegna innheimtukostnaðar sem eru hærri og því hagstæðari fyrir lánardrottinn eða að hækka þær fjárhæðir m.a. til að halda í við verðbólgu.

22) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir greiðslu með afborgunum eða greiðslu í áföngum. Hverja afborgun eða greiðslu skal þó inna af hendi samkvæmt þeim skilmálum sem samþykktir voru og skulu falla undir reglurnar um greiðsludrátt sem settar eru fram í þessari tilskipun.

23) Að jafnaði njóta opinber yfirvöld öruggari, fyrirsjáanlegri og samfelldari tekjuleiða en fyrirtæki. Að auki geta mörg opinber yfirvöld aflað fjármögnunar á hagstæðari kjörum en fyrirtæki. Jafnframt reiða opinber yfirvöld sig í minna mæli en fyrirtæki á uppbyggingu stöðugra viðskiptatengsla til að ná markmiðum sínum. Langir greiðslufrestir og greiðsludráttur af hálfu opinberra yfirvalda fyrir vörur og þjónustu leiðir til óréttmæts kostnaðar fyrir fyrirtæki. Því er rétt að kynna sértækar reglur að því er varðar verslunarviðskipti fyrir afhendingu fyrirtækja á vörum og þjónustu til opinberra yfirvalda sem ættu sérstaklega að kveða á um að greiðslufrestur eigi að öllu jöfnu ekki að fara yfir 30 almanaksdaga, nema annað sé sérstaklega samþykkt í samningnum og að því gefnu að það sé rökstutt á hlutlægan hátt í ljósi sérstakra eiginleika eða þátta samningsins og að fresturinn fari aldrei yfir 60 almanaksdaga.

24) Engu að síður skal taka tillit til þeirra sérstöku aðstæðna þegar opinber yfirvöld annast atvinnustarfsemi á sviði iðnaðar eða verslunar með því að bjóða vörur eða þjónustu á markaðnum sem opinbert fyrirtæki. Í því skyni ber að heimila aðildarríkjum að lengja lögboðna greiðslufrestinn við sérstakar aðstæður í allt að 60 almanaksdaga að hámarki.

25) Aðstæður heilbrigðisþjónustu í fjölmörgum aðildarríkjum gefa sérstakt tilefni til að vera á varðbergi í tengslum við greiðsludrátt. Heilbrigðiskerfi, sem grundvallarþáttur í félagslegu grunnvirki Evrópu, eru oft skuldbundin til að samræma þarfir einstaklinga og það fjármagn sem er til ráðstöfunar á sama tíma og íbúar Evrópu eldast, væntingar til heilbrigðiskerfisins aukast og læknavísindin þróast. Öll kerfi þurfa að takast á við þá áskorun að forgangsraða heilsugæslu á þann hátt að jafnvægi ríki á milli þarfa einstakra sjúklinga og þess fjármagns sem er til ráðstöfunar. Aðildarríki skulu því eiga þess kost að veita opinberum aðilum sem annast heilbrigðisþjónustu vissan sveigjanleika til að standa við skuldbindingar sínar. Í því skyni ber að heimila aðildarríkjum að lengja lögboðna greiðslufrestinn við sérstakar aðstæður í allt að 60 almanaksdaga að hámarki. Aðildarríki skulu samt sem áður kappkosta að tryggja að greiðslur í heilbrigðisgeiranum séu greiddar innan lögboðins greiðslufrests.

26) Til þess að stofna ekki í hættu því sem áunnist hefur við að ná markmiði þessarar tilskipunar, skulu aðildarríki sjá til þess að rauntími málsmeðferðar við viðurkenningu eða sannprófun í verslunarviðskiptum sé að jafnaði ekki lengri en 30 almanaksdagar. Engu að síður skal vera mögulegt að málsmeðferð við viðurkenningu taki lengri tíma en 30 almanaksdaga, t.d. ef um er að ræða sérstaklega flókna samninga, þegar það er sérstaklega samþykkt í samningnum og öðrum útboðsgögnum og að því gefnu að það sé ekki greinilega ósanngjarnt gagnvart lánardrottni.

27) Stofnanir Sambandsins og opinber yfirvöld aðildarríkjanna eru í sambærilegri aðstöðu að því er varðar fjármögnun þeirra og viðskiptatengsl. Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem varðar fjárlög Evrópubandalaganna ([2]) tilgreinir að staðfestingu, heimilun og greiðslu útgjalda af hálfu stofnana Sambandsins verður að ljúka innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglum þeirrar reglugerðar. Þessar framkvæmdareglur eru núna

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

settar fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem varðar fjárlög Evrópubandalaganna ([1]) og tilgreina við hvaða aðstæður þeir lánardrottnar sem greitt er seint eiga rétt á vanskilavöxtum. Í tengslum við stöðuga endurskoðun þessara reglugerða skal séð til þess að hámarksgreiðslufrestur fyrir greiðslur af hálfu stofnana Sambandsins sé í samræmi við lögboðinn frest sem á við um opinber yfirvöld í samræmi við þessa reglugerð.

28) Með þessari tilskipun skal banna misnotkun samningsréttar lánardrottni í óhag. Afleiðingin er sú að ef einstakir samningsskilmálar eða -venjur að því er varða greiðsludaginn eða -frestinn, vexti vegna greiðsludráttar eða að bætur vegna innheimtukostnaðar eru ekki sanngjarnar á grundvelli þeirra skilmála sem skuldunautum eru settir eða ef megintilgangurinn er að útvega skuldunaut meira lausafé á kostnað lánardrottins getur slíkt talist vera misnotkun. Í þeim tilgangi og í samræmi við fræðileg „drög að sameiginlegum viðmiðunarramma“ skulu þeir samningsskilmálar eða venjur sem eru áberandi frávik frá góðum viðskiptaháttum sem stríða gegn góðri trú og sanngjörnum notum teljast ósanngjarnar gagnvart lánardrottninum. Ávallt skyldi líta á undanþágu frá réttinum til að krefjast vaxta sem greinilega ósanngjarna, einnig skal undanþága frá rétti til bóta vegna innheimtukostnaðar teljast greinilega ósanngjörn. Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á innlend ákvæði um samningsgerð eða um gildi samningsákvæða sem eru ósanngjörn í garð skuldunautar.

29) Í tengslum við eflingu átaks til að koma í veg fyrir misnotkun samningsréttar lánardrottnum í óhag, skal aðilum eða stofnunum, sem er opinberlega viðurkennt að komi fram fyrir eða sem hafa lögmæta hagsmuni í að koma fram fyrir hönd fyrirtækis, vera heimilt að fara með mál fyrir innlenda dómstóla eða fyrir stjórnsýslustofnanir til að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun samningsskilmála og -venja sem eru greinilega ósanngjarnar gagnvart lánardrottninum.

30) Í því skyni að stuðla að framgangi markmiða þessarar tilskipunar skulu aðildarríki ýta undir útbreiðslu góðra starfsvenja, þ.m.t. með því að hvetja til birtingar skrár yfir greiðendur sem greiða án tafar.

31) Æskilegt er að sjá til þess að lánardrottnar eigi þess kost að láta ákvæðið um áframhaldandi eignarhald gilda án mismununar alls staðar í Sambandinu ef ákvæðið um áframhaldandi eignarhald er virkt samkvæmt gildandi ákvæðum landslaga sem eru sett á grundvelli alþjóðlegs einkamálaréttar.

32) Í þessari tilskipun er hugtakið „aðfararhæfur úrskurður“ skilgreint en hvorki skal kveðið á um reglur um málsmeðferð við fullnustu slíkra úrskurða né skilyrði stöðvunar eða frestunar fullnustu.

33) Afleiðingar greiðsludráttar hafa einungis letjandi áhrif ef lánardrottnar geta beitt innheimtuaðferðum sem eru skjótvirkar og skilvirkar. Í samræmi við meginregluna um bann við mismunun, sem sett er fram í 18. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ætti slík málsmeðferð að vera tiltæk öllum lánardrottnum sem hafa staðfestu í Sambandinu.

34) Í því skyni að auðveldara sé að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar skulu aðildarríki hvetja til notkunar á sáttaumleitun eða annarra lausna í deilumálum. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/52/EB frá 21. maí 2008 um tiltekna þætti við sáttaumleitun í einkamálum og viðskiptamálum ([2]) er þegar kveðið á um ramma fyrir kerfi í sáttaumleitunum á vettvangi Evrópusambandsins, sérstaklega í deilumálum yfir landamæri, án þess að koma í veg fyrir beitingu þess ramma í innri kerfum í sáttaumleitunum. Aðildarríki skulu einnig hvetja hagsmunaaðila til að semja valfrjálsar siðareglur sem miða einkum að því að stuðla að framkvæmd þessarar tilskipunar.

35) Nauðsynlegt er að tryggja að innheimtu vegna óvefengdra krafna er varða greiðsludrátt í verslunarviðskiptum ljúki á skömmum tíma, þ.m.t. ef málsmeðferð hefur verið hraðað og án tillits til fjárhæðar skuldarinnar.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, sem er átak gegn greiðsludrætti á innri markaðinum, og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Evrópusambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

37) Skyldan að lögleiða þessa tilskipun í aðildarríkjunum skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við tilskipun 2000/35/EB. Skyldan til að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í þeirri tilskipun.

38) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum og beitingu tilskipunar 2000/35/EB.

([1]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 3.

39) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Markmið þessarar tilskipunar er átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og þar með auka samkeppnishæfni fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

2. Tilskipun þessi gildir um allar greiðslur sem eru þóknun fyrir verslunarviðskipti.

3. Aðildarríkin geta undanskilið skuldir sem eru í málsmeðferð, sem er höfðað gegn skuldunauti, vegna greiðsluerfiðleika þ.m.t. málsmeðferð sem hefur endurskipulagningu skulda að markmiði.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „verslunarviðskipti“: viðskipti milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og opinberra yfirvalda, sem fela í sér afhendingu á vörum eða þjónustustarfsemi gegn þóknun,

2) „opinber yfirvöld“: samningsyfirvald, eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/17/EB og í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/18/EB án tillits til efnis eða verðmætis samningsins,

3) „fyrirtæki“: sérhver eining, fyrir utan opinber yfirvöld, sem kemur fram í krafti sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sinnar eða sérfræðistarfa, jafnvel þótt störfin séu aðeins unnin af einum einstaklingi,

4) „greiðsludráttur“: greiðsla sem ekki er greidd innan samningsbundins- eða lögboðins greiðslufrests og þar sem skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. eru uppfyllt,

5) „vextir vegna greiðsludráttar“: lögboðnir vextir vegna greiðsludráttar eða vextir sem bæði fyrirtækin eru ásátt um, að teknu tilliti til 7. gr.,

6) „lögboðnir vextir vegna greiðsludráttar“: einfaldir vextir vegna greiðsludráttar sem jafngilda fjárhæð viðmiðunarvaxtanna og a.m.k. átta prósentustigum,

7) „viðmiðunarvextir“: annað hvort eftirfarandi:

   a) fyrir aðildarríki sem hefur evru sem gjaldmiðil, annað hvort:

      i. vextir sem Seðlabanki Evrópu notaði við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerðir, eða

      ii. lágmarksvextir sem leiddu af útboðsaðferð með breytilegum vöxtum við síðustu mikilvægu skuldbreytingaraðgerðir Seðlabanka Evrópu,

   b) fyrir aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil eru sambærilegir vextir ákveðnir af seðlabanka viðkomandi aðildarríkis,

8) „gjaldfallin fjárhæð“: höfuðstóll sem hefði átt að greiða innan samningsbundins eða lögboðins greiðslufrests, þ.m.t. viðeigandi skatta, skyldur, álögur og gjöld sem tilgreind eru á vörureikningnum eða sambærilegum tilmælum um greiðslu,

9) „áframhaldandi eignarhald“: samningskjör sem fela í sér að seljandi hefur áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu,

10) „aðfararhæfur úrskurður“: ákvörðun, dómur eða fyrirmæli um greiðslu, sem dómstóll eða annað lögbært yfirvald gefur út, þ.m.t. ákvörðun, dómur eða fyrirmæli sem eru aðfararhæf til bráðabirgða, hvort sem um er að ræða tafarlausa greiðslu eða greiðslu með afborgunum en þannig getur lánardrottinn látið innheimta kröfu hjá skuldunauti sínum með fullnustu úrskurðar.

3. gr.

Viðskipti milli fyrirtækja

1. Í viðskiptum milli fyrirtækja skulu aðildarríkin sjá til þess að lánardrottinn eigi rétt á vöxtum vegna greiðsludráttar án þess að nauðsynlegt sé að senda áminningu ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lánardrottinn stendur við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi eða lögum, og

b) lánardrottinn fær ekki gjaldfallna fjárhæð greidda á réttum tíma, nema skuldunauturinn beri ekki ábyrgð á töfinni,

2. Aðildarríki skulu tryggja að gildandi viðmiðunarvextir:

a) á fyrsta misseri viðkomandi árs skuli vera gildandi vextir 1. janúar þess árs,

b) á öðru misseri viðkomandi árs skuli vera gildandi vextir 1. júlí þess árs.

3. Ef skilyrðin, sem sett eru fram í 1. mgr., eru uppfyllt skulu aðildarríkin sjá til þess:

a) að lánardrottinn eigi rétt á vöxtum vegna greiðsludráttar frá deginum eftir síðasta greiðsludag eða lok þess greiðslufrests sem tilgreindur er í samningnum,

b) þar sem greiðsludagurinn eða -fresturinn er ekki tiltekinn í samningnum, að lánardrottinn eigi rétt á vöxtum vegna greiðsludráttar ef einn af eftirfarandi frestum er liðinn:

   i. 30 almanaksdögum eftir að skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu,

([1]) Stjtíð. ESB L 321, 31.12.2003, bls. 1.

ii. 30 almanaksdögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef vafi leikur á hvenær tekið var við reikningnum eða sambærilegum tilmælum um greiðslu,

iii. 30 almanaksdögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu áður en hann fær vörurnar eða þjónustuna,

iv. 30 almanaksdögum eftir þá dagsetningu ef í lögum eða í samningnum er kveðið á um málsmeðferð við viðurkenningu eða sannprófun, sem fara skal eftir þegar gengið er úr skugga um að vörurnar eða þjónustan samræmist samningnum, og skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu fyrir þann dag eða á þeim degi sem slík viðurkenning eða sannprófun á sér stað.

4. Ef kveðið er á um málsmeðferð við viðurkenningu eða sannprófun, sem fara skal eftir þegar gengið er úr skugga um að vörurnar eða þjónustan samræmist samningnum, skulu aðildarríki sjá til þess að rauntími þess ferlis sé ekki lengri en 30 almanaksdagar frá þeim degi sem vörurnar eða þjónustan eru móttekin, nema annað sé sérstaklega samþykkt í samningnum og að því gefnu að það sé ekki greinilega ósanngjarnt gagnvart lánardrottni samkvæmt skilningi 7. gr.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðslufresturinn sem tilgreindur er í samningnum sé ekki lengri en 60 almanaksdagar nema annað sé sérstaklega samþykkt í samningnum og að því gefnu að það sé ekki greinilega ósanngjarnt gagnvart lánardrottni samkvæmt skilningi 7. gr.

4. gr.

Viðskipti milli fyrirtækja og opinberra yfirvalda

1. Í verslunarviðskiptum þar sem skuldunauturinn er opinbert yfirvald skulu aðildarríkin sjá til þess að lánardrottinn eigi rétt á lögboðnum vöxtum vegna greiðsludráttar við lok tímabilsins sem skilgreint er í 3., 4. eða 6. mgr. án þess að nauðsynlegt sé að senda áminningu ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lánardrottinn stendur við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi eða lögum, og

b) lánardrottinn fær ekki gjaldfallna fjárhæð greidda á réttum tíma, nema skuldunauturinn beri ekki ábyrgð á töfinni.

2. Aðildarríki skulu tryggja að gildandi viðmiðunarvextir:

a) á fyrsta misseri viðkomandi árs skuli vera gildandi vextir 1. janúar þess árs,

b) á öðru misseri viðkomandi árs skuli vera gildandi vextir 1. júlí þess árs.

3. Í viðskiptum þar sem skuldunauturinn er opinbert yfirvald skulu aðildarríkin sjá til þess að:

a) greiðslufresturinn sé ekki lengri en einn af eftirfarandi frestum:

i. 30 almanaksdögum eftir að skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu,

ii. 30 almanaksdögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef vafi leikur á hvenær tekið var við reikningnum eða sambærilegum tilmælum um greiðslu,

iii. 30 almanaksdögum eftir móttöku vöru eða þjónustu ef skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu áður en hann fær vörurnar eða þjónustuna,

iv. 30 almanaksdögum eftir þá dagsetningu ef í lögum eða í samningnum er kveðið á um málsmeðferð við viðurkenningu eða sannprófun, sem fara skal eftir þegar gengið er úr skugga um að vörurnar eða þjónustan samræmist samningnum, og skuldunauturinn fær reikninginn eða sambærileg tilmæli um greiðslu fyrir þann dag eða á þeim degi sem slík viðurkenning eða sannprófun á sér stað,

b) viðtökudagur vörureiknings fellur ekki undir samningskjör milli skuldunautar og lánardrottins.

4. Aðildarríkin geta framlengt frestina sem um getur í a-lið 3. mgr. að hámarki í allt að 60 almanaksdaga fyrir:

a) hvert það opinbert yfirvald sem annast atvinnustarfsemi á sviði iðnaðar eða verslunar með því að bjóða vörur eða þjónustu á markaðnum og heyra sem opinber fyrirtæki undir kröfurnar um gagnsæi sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja ([1]),

b) opinbera aðila sem annast heilsugæslu og eru viðurkenndir í þeim tilgangi.

Ákveði aðildarríki að framlengja frestina í samræmi við þessa málsgrein, skal það senda skýrslu um slíka framlengingu til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 16. mars 2018.

Á þeim grundvelli skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem tilgreint er hvaða aðildarríki hafa framlengt frestina í samræmi við þessa málsgrein og þar sem tekið er tillit til áhrifanna á starfsemi innri markaðarins, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki. Skýrslunni skulu fylgja viðeigandi tillögur.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að rauntími málsmeðferðar við viðurkenningu eða sannprófun, sem um getur í iv. lið a-liðar 3. mgr., sé ekki lengri en 30 almanaksdagar frá þeim degi sem vörurnar eða þjónustan eru móttekin, nema annað sé sérstaklega samþykkt í samningnum og öðrum útboðsgögnum og að því gefnu að það sé ekki greinilega ósanngjarnt gagnvart lánardrottni í skilningi 7. gr.

([1]) Stjtíð. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðslufresturinn sem tilgreindur er í samningnum sé ekki lengri en fresturinn sem kveðið er á um í 3. mgr. nema annað sé sérstaklega samþykkt í samningnum og að því gefnu að það sé rökstutt á hlutlægan hátt í ljósi sérstakra eiginleika eða þátta samningsins og að fresturinn fari aldrei yfir 60 almanaksdaga.

5. gr.

Greiðsluáætlun

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á getu aðilanna til að semja um greiðsluáætlun með afborgunum sem fellur undir viðeigandi ákvæði í gildandi landslögum. Í slíkum tilfellum, ef afborgun hefur ekki verið greidd á þeim degi sem samið var um, skal einungis reikna út vexti og bætur sem kveðið er á um í þessari tilskipun á grundvelli gjaldfallinnar fjárhæðar.

6. gr.

Bætur vegna innheimtukostnaðar

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að í þeim tilfellum þegar borga ber vexti vegna greiðsludráttar í verslunarviðskiptum í samræmi við 3. eða 4. gr., þá eigi lánardrottinn rétt á fastri fjárhæð að lágmarki 40 evrum frá skuldunautnum.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fasta fjárhæðin sem vísað er til í 1. mgr. greiðist án þess að nauðsynlegt sé að senda áminningu og sem bætur vegna innheimtukostnaðar lánardrottins.

3. Lánardrottinn á rétt á, auk föstu fjárhæðarinnar sem um getur í 1. mgr., sanngjörnum bótum frá skuldunautnum vegna innheimtukostnaðar sem er hærri en fasta fjárhæðin og sem stofnað var til vegna greiðsludráttar skuldunautarins. Þetta gæti m.a. falið í sér kostnað vegna ráðningu lögfræðings eða innheimtuþjónustu.

7. gr.

Ósanngjarnir samningsskilmálar eða -venjur

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einstakir samningsskilmálar eða -venjur að því er varða greiðsludaginn eða -frestinn, vexti vegna greiðsludráttar eða bætur vegna innheimtukostnaðar skuli annaðhvort ekki vera aðfararhæfar eða leiða til skaðabótakröfu ef slíkt er greinilega ósanngjarnt gagnvart lánardrottni.

Við ákvörðun á því hvort samningsskilmálar- eða venja sé greinilega ósanngjörn gagnvart lánardrottni í skilningi fyrstu undirgreinar skal taka tillit til allra málsatvika, þ.m.t.:

a) áberandi frávika frá góðum viðskiptavenjum sem stríða gegn góðri trú og sanngjörnum notum,

b) hvers eðlis varan eða þjónustan er, og

c) hvort skuldunauturinn hafi einhverja gilda ástæðu til að víkja frá lögboðnum vöxtum vegna greiðsludráttar, frá greiðslufrestinum sem um getur í 5. mgr. 3. gr, a-lið 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 4. gr. og 6. mgr. 4. gr. eða frá föstu fjárhæðinni sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu samningsskilmálar eða -venja sem undanskilur vexti vegna greiðsludráttar teljast greinilega ósanngjörn.

3. Að því er varðar 1. mgr. skulu samningsskilmálar eða -venja sem undanskilur bætur vegna innheimtukostnaðar, sem um getur í 6. gr., teljast greinilega ósanngjörn.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að þau ráði yfir nægum og skilvirkum aðferðum, í þágu lánardrottna og samkeppnisaðila, til að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun samningsskilmála og -venja sem eru greinilega ósanngjarnar í skilningi 1. mgr.

5. Þær aðferðir, sem um getur í 4. mgr., skulu taka til ákvæða um að aðilum eða stofnunum, sem er opinberlega viðurkennt að hafi fyrirsvar fyrir eða sem hafa lögmæta hagsmuni í að hafa fyrirsvar fyrir fyrirtæki, sé heimilt samkvæmt viðkomandi landslögum að fara með mál fyrir dómstóla eða fyrir lögbæra stjórnsýslustofnun ef samningsskilmálar og -venjur eru greinilega ósanngjarnar í skilningi 1. mgr., þannig að hægt sé að finna viðeigandi og skilvirkar leiðir til að koma í veg fyrir áframhaldandi notkun slíkra skilmála.

8. gr.

Gagnsæi og vitundarvakning

1. Aðildarríki skulu tryggja gagnsæi að því er varðar réttindi og skyldur er fylgja þessari tilskipun, þ.m.t. með því að gera upplýsingar um gildandi lögboðna vexti vegna greiðsludráttar aðgengilegar öllum.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingar um gildandi lögboðna vexti, sem gilda í öllum aðildarríkjum ef um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum er að ræða, séu aðgengilegar öllum á Netinu.

3. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, nota fagtímarit, kynningarherferðir eða önnur úrræði til að auka vitund í fyrirtækjum um úrræði vegna greiðsludráttar.

4. Aðildarríkjum er heimilt að hvetja til innleiðingar reglna um greiðslur án tafar sem setja fram með skýrum hætti fresti til greiðslna og viðeigandi ferli til að sjá um greiðslur sem ágreiningur ríkir um eða hvetja til annarra framtaksverkefna sem fást við það mikilvæga mál sem greiðsludráttur er og stuðla að því að skapa hefð fyrir greiðslum án tafar og styðja markmið þessarar tilskipunar.

9. gr.

Áframhaldandi eignarhald

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við gildandi ákvæði landslaga, sem eru sett á grundvelli alþjóðlegs einkamálaréttar, sjá til þess að seljandi hafi áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu ef kaupandi og seljandi hafa með ótvíræðum hætti samið um áframhaldandi eignarhald áður en vörurnar eru afhentar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja eða halda í gildi ákvæðum um innborgun sem skuldunautur hefur þegar innt af hendi.

10. gr.

Innheimta óvefengdra krafna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að aðfararhæfur úrskurður, þ.m.t. ef málsmeðferð hefur verið hraðað og án tillits til þess hve há skuldin er, fáist alla jafna innan 90 almanaksdaga frá því að lánardrottinn leggur fram kæru eða beiðni hjá dómstóli eða lögbærri stjórnsýslustofnun, að því tilskildu að skuldunauturinn vefengi ekki skuldina eða hluta málsmeðferðarinnar. Aðildarríkin skulu framfylgja þessari skyldu í samræmi við viðkomandi innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli.

2. Samkvæmt innlendum lögum og stjórnsýslufyrirmælum skulu sömu skilyrði gilda um alla lánardrottna sem hafa staðfestu í Sambandinu.

3. Þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., er reiknað út skal eftirfarandi ekki teljast með:

a) frestur til að birta málsgögn,

b) tafir sem lánardrottinn á sök á, t.d. sá tími sem fer í að leiðrétta beiðnir.

4. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1896/2006.

11. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 16. mars 2016, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar. Skýrslunni skulu fylgja viðeigandi tillögur.

12. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1.–8. gr. og 10. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 16. mars 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og samsetningu slíkrar yfirlýsingar.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að halda ákvæðum í gildi eða setja ákvæði sem eru hagstæðari fyrir lánardrottna en þau fyrirmæli sem eru nauðsynleg til að fara að tilskipun þessari.

4. Við lögleiðingu tilskipunarinnar skulu aðildarríkin ákveða hvort undanskilja skuli samninga sem gerðir eru fyrir 16. mars 2013.

13. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2000/35/EB er felld úr gildi frá og með 16. mars 2013, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipunarinnar. Hún skal þó áfram eiga við um samninga sem gerðir eru fyrir þá dagsetningu og um hverja þessi tilskipun gildir ekki skv. 4. mgr. 12. gr.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 16. febrúar 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	MARTONYI J.

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2000/35/EB	Þessi tilskipun
—	1. mgr. 1. gr.
1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
Þriðja undirgrein 1. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
—	5. mgr. 2. gr.
—	6. mgr. 2. gr.
—	Inngangshluti 7. mgr. 2. gr.
—	8. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	9. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	a-liður 7. mgr. 2. gr.
5. mgr. 2. gr.	10. mgr. 2. gr.
a-liður 1. mgr. 3. gr.	a-liður 3. mgr. 3. gr.
Inngangshluti b-liðar 1. mgr. 3. gr.	Inngangshluti b-liðar 3. mgr. 3. gr.
i. liður b-liðar 1.mgr. 3.gr.	i. liður b-liðar 3.mgr. 3.gr.
ii. liður b-liðar 1. mgr. 3.gr.	ii. liður b-liðar 3. mgr. 3.gr.
iii. liður b-liðar 1.°mgr. 3.°gr.	iii. liður b-liðar 3.°mgr. 3.°gr.
iv. liður b-liðar 1. mgr. 3. gr.	iv. liður b-liðar 3. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 3. gr.
—	5. mgr. 3. gr.
c-liður 1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
Fyrsti og þriðji málsliður d-liðar 1. mgr. 3. gr.	—
Annar málsliður d-liðar 1. mgr. 3. gr.	b-liður 7. mgr. 2. gr.
—	2. mgr. 3. gr.
—	4. gr.
—	5. gr.
—	1. mgr. 6. gr.
—	2. mgr. 6. gr.
e-liður 1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 6. gr.

Tilskipun 2000/35/EB	Þessi tilskipun
2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 7. gr.
—	2. mgr. 7. gr.
—	3. mgr. 7. gr.
4. mgr. 3. gr.	4. mgr. 7. gr.
5. mgr. 3. gr.	5. mgr. 7. gr.
—	8. gr.
4. gr.	9. gr.
1., 2. og 3. mgr. 5. gr.	1., 2. og 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 5. gr.	—
—	4. mgr. 10. gr.
—	11. gr.
1. mgr. 6. gr.	—
—	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 6. gr.	3. mgr. 12. gr.
3. mgr. 6. gr.	3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 12. gr.
5. mgr. 6. gr.	—
—	4. mgr. 12. gr.
—	13. gr.
7. gr.	14. gr.
8. gr.	15. gr.
—	Viðauki

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1197/2011 **2012/EES/54/87**

frá 21. nóvember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 4. gr. ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Sambandsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005.

2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki og Flugöryggisstofnun Evrópu framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.

3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Sambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum fyrir flugrekstrarbanni flugrekanda sem er í skrá Bandalagsins.

4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([3]).

5) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á niðurstöðum greiningar á úttektarskýrslum sem Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) framkvæmdi innan ramma ítarlegrar úttektaráætlunar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum (USOAP) og um tækniaðstoðarverkefni sem unnin eru í löndum sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniaðstoð og samvinnu til að auka færni flugmálayfirvalda á sviði almenningsflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

8) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á upplýsingum, sem fengust úr skoðunum á hlaði í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-skoðanir á hlaði) sem fóru fram á loftförum tiltekinna flugrekenda í Evrópusambandinu, eða eftirlits Flugöryggisstofnunar Evrópu með stöðlun, sem og skoðanir og úttektir á sérstökum sviðum sem flugmálayfirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu, hafa sum aðildarríki gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Kýpur ákvað, 5. ágúst 2011, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekendans Eurocypria Airlines. Ítalía tilkynnti að tímabundin niðurfelling flugrekstrarleyfis flugrekendanna Livingston og ItaliAirlines til flutninga í lofti væri enn í gildi. Frakkar ákváðu að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Blue Line 6. október 2010. Grikkland ákvað að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans First Airways 21. október 2010, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Athens Airways 20. júlí 2011, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans Air Go Airlines 2. september 2011, að aftur-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 55.

([1]) Stjtíð. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76.

([3]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

kalla flugrekandaskírteini flugrekandans Argo Airways 9. september 2011, að takmarka gildistíma flugrekstrarleyfis flugrekandans Hellenic Imperial Airways við fimm mánuði til 2. febrúar 2012 sem afleiðing af auknu eftirliti, sem er yfirstandandi, með flugrekstri og viðhaldi flugrekandans. Breska konungsríkið staðfesti að hið aukna eftirlit með flugrekendunum Jet2.com, Oasis og Titan Airways hefði ekki leitt í ljós frekari öryggisvanda. Holland ákvað, 28. september, að fella tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans Solid-air og að fella tímabundið úr gildi flugrekandaskírteini flugrekandans Amsterdam Airlines hinn 4. nóvember 2011. Þýskaland ákvað, 29. júní 2011, að afturkalla flugrekandaskírteini flugrekandans ACH Hamburg GmbH. Meðan beðið er eftir væntanlegri aukningu við starfslið Flugmálastjórnar Þýskalands (LBA) árið 2012 heldur Flugmálastjórn Þýskalands áfram að beina eftirliti sínu að þeim flugrekendum þar sem áhættan er talin mest. Portúgal upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Luzair hefði runnið út 19. september 2011 og að endurvottunarferlið stæði yfir og að venjulegt eftirlit væri nú aftur haft með flugrekandanum White Airways þar sem aukna eftirlitið með flugrekandanum hefði ekki leitt í ljós neinn öryggisvanda. Loks ákvað Svíþjóð, 16. september 2011, að fella flugrekandaskírteini flugrekandans Flyg Centrum AB tímabundið úr gildi og flugrekendurnir Nova Air og AirSweden Aviation AB hafa lagt fram áætlanir um aðgerðir til úrbóta sem lögbær yfirvöld í Svíþjóð eru nú að rannsaka. Á meðan eru þessir flugrekendur undir auknu eftirliti.

Flugrekendur frá Spáni

9) Í kjölfar þess að framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 390/2011 var samþykkt 19. apríl 2011 ([1]) sýna tvær nýjustu reglubundnar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á gögnum í tengslum við SAFA-skoðun áfram mikinn fjölda flugrekenda sem hafa fengið flugrekstrarleyfi á Spáni, þar sem niðurstöður úr SAFA-skoðunum sýna fleiri en einn stórvægilegan ágalla við hverja skoðun. Vegna þessa hélt framkvæmdastjórnin áfram formlegu samráði við lögbær yfirvöld á Spáni (AESA) sem hófst 14. mars 2011.

10) Á fundi 19. október 2011 skýrði Flugmálastjórn Spánar (AESA) framkvæmdastjórninni frá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til fram til þessa í því skyni að ráða varanlega bót á þeim öryggisvandamálum sem greindust hjá spænskum flugrekendum. Flugmálastjórn Spánar upplýsti framkvæmdastjórnina m.a. um að flugrekandinn Flighthline hefði fengið flugrekandaskírteini sitt endurnýjað í kjölfar aðgerða hans til úrbóta en að flugrekandaskírteinið væri takmarkað þannig að loftför af tegundinni Metro III eru undanskilin. Hvað varðar flugrekandann Zorex S.A., hafði Flugmálastjórn Spánar gripið til tímabundinnar niðurfellingar og bráðabirgðaráðstafana til að stöðva rekstur hans í maí 2011. Fallið var frá þessum ráðstöfunum eftir aðgerðir félagsins til úrbóta. Í kjölfar frekari sannana þess efnis að flugrekandinn hefði ekki ráðið með fullnægjandi hætti bót á öryggisvandamálum hófst þó nýtt ferli hinn 7. október 2011 til að fella flugrekandaskírteini hans tímabundið úr gildi. Hvað varðar flugrekandann Alba Star hafði Flugmálastjórn Spánar þegar komið auga á vandamál í tengslum við öryggisframmistöðu flugrekandans og hafði aukið eftirlitið með honum. Flugmálastjórn Spánar hafði ákvarðað, út frá eigin úttektum og skoðunum, að ekki stafaði bein öryggisáhætta af öðrum spænskum flugrekendum sem höfðu fengið slæmar niðurstöður úr SAFA-skoðunum en að þeir yrðu áfram undir auknu eftirliti.

11) Flugmálastjórn Spánar upplýsti einnig að flugrekendaskírteini flugrekendanna Baleares Link Express og Eurocontinental hefðu verið afturkölluð 27. júní 2011.

12) Á fundi flugöryggisnefndarinnar upplýsti Flugmálastjórn Spánar nefndina um frekari aðgerðir sem gripið hefur verið til. Hún upplýsti að flugrekandaskírteini flugrekandans Zorex S.A. hefði verið fellt tímabundið úr gildi 7. nóvember 2011, að flugrekandinn Alba Star hefði sætt sérstökum skoðunum 24. október 2011 þar sem engin marktæk frávik fundust og að við síðustu tvær SAFA-skoðanir hefðu engir ágallar komið í ljós. Flugrekandinn IMD Airways hafði ennfremur sætt nokkrum skoðunum 20. og 24. október og 3. og 4. nóvember 2011 þar sem engin alvarleg atriði komu í ljós.

13) Í ljósi aðgerða Flugmálastjórnar Spánar til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum, sem komið höfðu í ljós hjá spænskum flugrekendum, er það metið svo, eins og sakir standa, að þetta yfirvald hafi fullnægjandi eftirlit með starfsemi þessara flugrekenda til að koma í veg fyrir alvarlega öryggisáhættu og að því sé ekki þörf á frekari aðgerðum. Á sama tíma mun framkvæmdastjórnin halda áfram, í samvinnu við Flugöryggisstofnun Evrópu, að fylgjast með öryggisframmistöðu spænskra flugrekenda.

Flugrekendur frá Albaníu

14) Alþjóðaflugmálastofnunin gerði ítarlega öryggisúttekt á Albaníu samkvæmt úttektaráætlun sinni í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum í desember 2009. Í úttektinni var greint frá fjölmörgum, alvarlegum annmörkum að því er varðar getu lögbærra yfirvalda í Albaníu til að gæta ábyrgðar sinnar á sviði eftirlits með flugöryggi. Þegar lokaskýrsla um þessa úttekt kom út taldi Alþjóðaflugmálastofnunin að yfir 59% af stöðlum stofnunarinnar hefðu ekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Meðal mikilvægra þátta, eins og úrlausn á öryggisvanda, höfðu yfir 80% af stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar ekki enn komið til framkvæmda með skilvirkum hætti. Þar að auki tókst lögbærum yfirvöldum í Albaníu ekki að koma fram með viðeigandi áætlanir um aðgerðir til úrbóta, eins og sést á því að Alþjóðaflugmálastofnunin taldi að yfir 90% af þeim aðgerðum til úrbóta, sem þessi yfirvöld lögðu fyrir hana í ágúst 2010, á sviði löggjafar, skipulagningar, leyfisveitingar, starfrækslu, lofthæfi og rannsóknar á slysum eða flugatvikum, væru óviðunandi. Ennfremur hafa lögbær yfirvöld í Albaníu ekki greint frá framkvæmd framangreindra áætlana um aðgerðir til úrbóta.

([1]) Stjtíð. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 10.

15) Flugöryggisstofnun Evrópu lét fara fram ítarlegt eftirlit með stöðlun í Albaníu í janúar 2010. Lokaskýrsla þessa eftirlits leiddi í ljós verulega annmarka á öllum þeim sviðum sem tekin voru út og var nauðsynlegt að ráða bót á þeim tafarlaust. Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti þó að lögbær yfirvöld í Albaníu (Flugmálastjórn Albaníu (ACAA)) hefðu lagt fram ítarlega aðgerðaáætlun sem talin var viðunandi og var hún samþykkt 29. apríl 2010 sem og röð aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdar verða í áföngum til loka ársins 2011, og tafarlausar aðgerðir til að ráða bót á annmörkum í öryggismálum. Eftir áheyrn Flugmálastjórnar Albaníu hjá flugöryggisnefndinni í mars ([1]) og júní 2010 ([2]) voru lögbær yfirvöld í Albaníu hvött til að halda áfram að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að hrinda aðgerðaáætluninni, sem þau samþykktu ásamt Flugöryggisstofnun Evrópu, tímanlega í framkvæmd og með skilvirkum hætti og setja það í forgang að bæta úr þeim annmörkum sem komu í ljós sem valda öryggisvanda ef ekki er ráðin bót á þeim á réttan hátt. Flugmálastjórn Albaníu er einkum hvött til þess að hraða uppbyggingu færni innan stofnunarinnar og tryggja að öryggiseftirlit með öllum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Albaníu, fari fram í samræmi við gildandi öryggisreglur ásamt því að gera ráðstafanir til að framfylgja lögum, eftir þörfum.

16) Flugöryggisstofnun Evrópu hefur haldið áfram virku samráði við lögbær yfirvöld í Albaníu til að fylgja eftir áætlunum þessara yfirvalda um aðgerðir til úrbóta í því skyni að bæta úr þeim annmörkum sem Flugöryggisstofnun Evrópu benti á við ítarlegt eftirlit með stöðlun í Albaníu sem fram fór í janúar 2010. Flugöryggisstofnun annaðist í því skyni skoðanir til eftirfylgni á sviði lofthæfis og flugrekstrar í júlí 2011. Lokaskýrslur úr þessum skoðunum, sem voru sendar Flugmálastjórn Albaníu 10. ágúst annars vegar og 2. september 2011 hins vegar, sýna að ekki aðeins hefðu samþykktar áætlanir um aðgerðir til úrbóta ekki verið framkvæmdar fyrir tilsett tímamörk heldur einnig að nýir annmarkar hefðu komið í ljós. Á sviði lofthæfis kemst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að lögbær yfirvöld í Albaníu hefðu ekki ráðið með viðunandi hætti bót á þremur vanefndaratriðum í tengslum við skoðunina í janúar 2010 og að þrjú atriði til viðbótar hafi ekki verið leidd til lykta með fullnægjandi hætti þrátt fyrir fyrri fullyrðingar lögbærra yfirvalda í Albaníu ([3]), þar af taldi Flugöryggisstofnun Evrópu að fjögur þessara atriða hefðu áhrif á öryggi. Flugmálastjórn Albaníu hefur því ekki verið í aðstöðu til að rækja skyldur sínar hvað varðar eftirlit með lofthæfi þar sem Flugmálastjórn Albaníu hefur ekki ráðið sérmenntað starfsfólk í þeim tilgangi og að samningar, sem höfðu áður verið gerðir við utanaðkomandi starfsfólk til að bæta úr stöðunni, höfðu fallið úr gildi í janúar 2011. Af þessum sökum var hvorki haft eftirlit með gildandi löggjöf um lofthæfi í Albaníu né með handhafa skírteina á þeim tíma sem skoðunin fór fram. Á sviði flugrekstrar komst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að lögbær yfirvöld í Albaníu hefðu ekki ráðið með viðunandi hætti bót á fjórum vanefndaratriðum í tengslum við skoðunina í janúar 2010 og að tvö atriði til viðbótar hafi ekki verið leidd til lykta með fullnægjandi hætti andstætt fyrri fullyrðingum lögbærra yfirvalda í Albaníu ([4]), þar af taldi Flugöryggisstofnun Evrópu að fimm þessara atriða hefðu áhrif á öryggi. Lögbær yfirvöld í Albaníu hafa því ekki verið í stöðu til að rækja skyldur sínar hvað varðar eftirlit með flugrekstri þar sem Flugmálastjórn Albaníu hefur ekki ráðið nægilegan fjölda af sérmenntuðu starfsfólki í þeim tilgangi og að samningarnir, sem höfðu áður verið gerðir við utanaðkomandi starfsfólk til að bæta úr stöðunni, höfðu verið rofnir. Af þessum sökum er framkvæmd gildandi löggjafar um flugrekstur í Albaníu og eftirlit með handhöfum skírteina ekki áreiðanlegt og ekkert eftirlit er með mörgum mikilvægum öryggisþáttum.

17) Lögbær yfirvöld á Ítalíu, sem réðust í umfangsmikið samþætt verkefni með lögbærum yfirvöldum í Albaníu í september 2010, upplýstu að þau yfirvöld hefðu, vegna skorts á hæfu starfsfólki, lítið nýtt sér boðna aðstoð við uppbyggingu tæknilegrar og stjórnsýslulegrar getu.

18) Í ljósi þess sem á undan var gengið hélt framkvæmdastjórnin áfram virku samráði við Flugmálastjórn Albaníu og krafðist þess að skriflegar upplýsingar varðandi eftirlit með öryggi flugrekenda, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Albaníu, yrðu lagðar fram eigi síðar en 11. október 2011. Samráðsfundur með lögbærum yfirvöldum í Frakklandi og á Ítalíu var haldinn 21. október 2011 með stuðningi Flugöryggisstofnunar Evrópu. Flugmálastjórn Albaníu var einnig hvött til að koma fyrir flugöryggisnefndina og fékk áheyrn 9. nóvember 2011. Flugmálastjórn Albaníu lagði hvorki fram frekari upplýsingar um hvaða aðgerðir hafi verið gripið til í því skyni að bæta úr þeim annmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin greindi frá né nein gögn um að allir þeir annmarkar, sem komu í ljós við eftirlit Flugöryggisstofnunar Evrópu með stöðlun, hefðu verið lagfærðir fyrir tilsett tímamörk eða hefðu verið hluti af þeim aðgerðum til úrbóta sem Flugöryggisstofnun Evrópu samþykkti. Flugöryggisstofnun Evrópu staðfesti að aðeins takmarkaður fjöldi aðgerða væri talinn viðunandi og einungis á sviði flugrekstrar. Lögbær yfirvöld í Albaníu staðfestu að þau hefðu enga viðurkennda skoðunarmenn og reiddu sig áfram eingöngu á þrjá utanaðkomandi ráðgjafa í hlutastarfi með skammtímasamning fram til desember 2011 til að annast eftirlitsskyldur þeirra fyrir þeirra hönd. Flugmálastjórn Albaníu gat þó hvorki sýnt fram á að eftirlitið væri samfellt né að samningsbundnir umboðsaðilar væru lausir við hagsmunaárekstra. Flugmálastjórn Albaníu gat ekki heldur sýnt fram á umfang eftirlitsstarfseminnar sem farið hefur fram á sviði lofthæfi

([1]) Forsendur 55 til 58 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010 (Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 30).

([2]) Forsendur 24 til 30 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 590/2010 frá 5. júlí 2010 (Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 9).

([3]) Eftirlit Flugöryggisstofnunar Evrópu með stöðlun AIR.AL.06.2011, sex vanefndaratriði sem ekki hafa verið leyst, tilvísun AL#10418(d), 10419(d), 10423(c), 10426(c), 10427(d), 10428(d)

([4]) Eftirlit Flugöryggisstofnunar Evrópu með stöðlun OPS.AL.06.2011, fjögur vanefndaratriði sem ekki hafa verið leyst, tilvísun F3(d) varðandi þjálfunaráætlanir, F4(d) varðandi handbók um skoðun, F7(c) varðandi öryggisáætlun ríkja (e. *State Safety Programme* (SSP)), F9(d) varðandi samfellt eftirlit

og viðurkenndi að öryggiseftirlit hefði legið niðri í nokkra mánuði á árunum 2010 og 2011 vegna erfiðleika sem komu upp í tengslum við samninga þessara sérfræðinga.

19) Lögbær yfirvöld í Albaníu lýstu því hins vegar yfir að grundvallarlögunum um stofnun Flugmálastjórnar Albaníu hefði verið breytt 10. nóvember 2011 til þess að gera ráð fyrir auknu fjárhagslegu sjálfstæði og betri ráðningarskilyrðum fyrir starfsfólk og að í framhaldi af því sé verið að skipuleggja alþjóðlegt útboð um tækniaðstoð til fimm ára með það í huga að samningar verði undirritaðir í upphafi ársins 2012. Þau viðurkenndu að notkun utanaðkomandi verktaka vegur ekki upp á móti þörfinni á að ráða viðurkennda skoðunarmenn í fullt starf innan stofnunarinnar til að gera henni kleift að sjá um öryggiseftirlitið og hétu því að ráða þetta starfsfólk eins fljótt og auðið er.

20) Flugrekandinn Albanian Airlines, sem hefur fengið vottun í Albaníu, var boðaður á fund flugöryggisnefndar og fékk áheyrn 9. nóvember 2011 í viðurvist Flugmálastjórnar Albaníu. Jafnvel þótt flugrekandaskírteinið hafi verið framlengt 17. júní 2011 til þess að bæta við þriðja loftfarinu af tegundinni BAE-146 með skrásetningarmerkið ZA-MAN voru engar sönnur færðar á fyrirframeftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda í Albaníu áður en þau gáfu út lofthæfisvottorðið og áður en loftfarinu var bætt við á flugrekandaskírteinið. Að auki var ekki unnt, jafnvel þótt lögbær yfirvöld í Albaníu hefðu endurnýjað flugrekandaskírteinið 27. júlí 2011, að leggja fram sönnunargögn um fyrirframeftirlit á sviði lofthæfi fyrir endurnýjun og fyrirframeftirlit var einnig takmarkað hvað varðar flugreksturinn. Jafnvel þótt flugrekandinn Albanian Airlines hafi innleitt virkt gæðastjórnunarkerfi voru ekki lögð fram nein sönnun þess efnis að allir þeir annmarkar, sem Flugmálastjórn Albaníu og Flugöryggisstofnun Evrópu bentu á árið 2011, hefðu verið lagfærðir tímanlega, einkum þeir sem tengjast flugrekstrarhandbókinni og þjálfun flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Flugmálastjórn Albaníu upplýsti og lagði fram skrifleg sönnunargögn hinn 10. nóvember um að flugrekandaskírteini flugrekandans Albanian Airlines hefði tafarlaust verið afturkallað. Flugöryggisnefndin tók tillit til þessarar ákvörðunar lögbærra yfirvalda í Albaníu.

21) Flugrekandinn Belle Air, sem hefur fengið vottun í Albaníu, var boðaður á fund flugöryggisnefndarinnar og fékk áheyrn 9. nóvember 2011 í viðurvist Flugmálastjórnar Albaníu. Flugrekandinn Belle Air tilgreindi að af þeim fimm loftförum í notkun sé aðeins eitt loftfar af tegundinni Boeing DC-9-82 skráð í Albaníu en að hin loftförin af tegundinni Airbus A318/319/320/321 og ATR72 séu skráð í Frakklandi með skrásetningarmerkin F-ORAA, F-ORAD, F-ORAE, F-ORAG. Flugrekandinn Belle Air sýndi fram á að loftförin, sem eru skráð í Frakklandi, eru undir stjórn fyrirtækis sem samið var við um að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt af lögbærum yfirvöldum í Frakklandi, sem staðfestu að þau myndu áfram annast öryggiseftirlit með lofthæfi og leyfisveitingum fyrir viðkomandi áhafnir. Flugrekandinn Belle Air sýndi einnig fram á að hann hefði komið á innra eftirliti með starfsemi sinni einkum með notkun öryggis- og gæðastjórnunarkerfa. Flugmálastjórn Albaníu upplýsti og lagði fram skrifleg sönnunargögn hinn 10. nóvember 2011 um tafarlausa afturköllun lofthæfivottorðs loftfars með skrásetningarmerkið ZA-ARD sem flugrekandinn Belle Air starfrækti fram að þeim degi og um tafarlaust flugbann hans þar til vottunarferli loftfarsins er að fullu lokið. Flugöryggisnefndin tók tillit til þessarar ákvörðunar lögbærra yfirvalda í Albaníu.

22) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenna viðleitnina við að gera endurbætur á almenningsflugkerfinu í Albaníu, einkum innleiðingu nýs lagaramma í samræmi við alþjóðlega og Evrópska öryggisstaðla, viðleitnina til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem Alþjóðaflugmálastofnunin og Flugöryggisstofnun Evrópu greindu frá, sem og þeim annmörkum sem fram komu á samráðsfundunum, og aðgerðirnar til framfylgdar, sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur samþykkt, og skuldbindinguna til að ráða án tafar viðurkennda skoðunarmenn til frambúðar.

23) Flugmálastjórn Albaníu óskaði einnig formlega eftir aðstoð lögbærs yfirvalds á Ítalíu, innan ramma samstarfssamnings sem yfirvöldin gerðu sín á milli, til þess að efla færni Flugmálastjórnar Albaníu með tilliti til stjórnsýslu og tækni hvað varðar öryggiseftirlit, einkum á sviði flugrekstrar. Lögbær yfirvöld á Ítalíu upplýstu flugöryggisnefndina um að þau séu reiðubúin til að koma þessari áætlun á fót án tafar til að gera Flugmálastjórn Albaníu kleift að stunda skilvirkt eftirlit með þeim flugrekendum sem eru undir lögboðnu eftirliti hennar þar til hún hefur yfir að ráða sérmenntað starfsfólk til þess að gera það án aðstoðar.

24) Í ljósi þeirrar þróunar er það því metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að ekki sé þörf á frekari aðgerðum á þessu stigi. Aðildarríkin munu þó sannprófa hvort farið sé að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför flugrekenda, sem fengið hafa vottun í Albaníu, séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð nr. 351/2008.

25) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin hvetja Albaníu til að ná afgerandi árangri við uppbyggingu tæknilegrar og stjórnsýslulegrar getu Flugmálastjórnar Albaníu og hvetja Flugmálastjórn Albaníu til að hafa fullt samstarf við Alþjóðaflugmálastofnunina og Flugöryggisstofnun Evrópu með gagnsæjum hætti til að ná skjótum og verulegum árangri við framkvæmd fullnægjandi áætlana um aðgerðir til úrbóta til þess að ráða bót á öllum annmörkum sem koma í ljós. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin munu endurmeta stöðuna innan hæfilegs tíma.

Flugrekandinn TAAG Angolan Airlines

26) Samkvæmt reglugerð (EB) 273/2010 ([1]) er flugrekandanum TAAG Angola Airlines, sem hefur fengið vottun í Angóla, einungis leyft að starfrækja flug til Evrópusam-

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010, Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25, sjá einkum 59. til 68. mgr.

bandsins fjögur loftför af tegundinni Boeing 737-700 með skrásetningarmerkin D2-TBF, D2-TBG, D2-TBH og D2-TBJ og þrjú loftför af tegundinni Boeing 777-200 með skrásetningarmerkin D2-TED, D2-TEE, D2-TEF. Flugrekandinn TAAG upplýsti að eftir að floti hans var endurnýjaður hefðu loftför af tegundinni Boeing B747 verið algerlega tekin úr notkun í áföngum og þeim skipt út í júní/júlí með tveim loftförum af tegundinni Boeing 777-300 með skrásetningarmerkin D2-TEG og D2-TEH og fór flugrekandinn TAAG fram á að þessum loftförum væri sömuleiðis leyft að fljúga til Evrópusambandsins.

27) Flugrekandinn TAAG Angolan Airlines lagði fram skriflegar greinargerðir og fékk áheyrn hjá flugöryggisnefndinni 9. nóvember 2011. Flugrekandinn TAAG sýndi fram á hæfni sína til að tryggja að starfræksla loftfara af tegundinni Boeing B777-200 og 777-300 verði örugg, áreiðanleg og samkvæmt tímaáætlun.

28) Lögbær yfirvöld í Angóla (Flugmálastjórn Angóla (INAVIC)) staðfestu við flugöryggisnefndina og lögðu fram gögn um að stækkun á flota flugrekandans TAAG með loftförum af tegundinni B777-300 hefði verið samþykkt með tilhlýðilegum hætti og lýsti Flugmálastjórn Angóla því einnig yfir að flugrekandinn væri látinn sæta stöðugu eftirliti og að enginn öryggisvandi hefði greinst við þetta eftirlit. Að því er varðar flugatvikið sem átti sér stað í desember 2010 yfir Lissabon og Lunad hefur yfirstandandi rannsókn á vegum lögbærra yfirvalda hvorki leitt í ljós annmarka á starfsemi eða viðhaldi flugrekandans TAAG né leitt til sérstakra tilmæla til félagsins.

29) Lögbær yfirvöld í Portúgal greindu frá því að ekki hefði verið bent á neinn öryggisvanda við skoðanir á hlaði sem fram fóru í Portúgal á loftförum sem flugrekandinn TAAG starfrækir.

30) Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það metið svo að flugrekandanum TAAG skuli leyft að starfrækja tvö loftför til viðbótar til Evrópusambandsins af tegundinni Boeing B777-300ER með skrásetningarmerkin D2-TEG and D2-TEH og skal þeim því bætt við í viðauka B. Starfræksla þessa flugrekanda til Evrópusambandsins skal áfram háð viðeigandi sannprófun á því hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að hafa skoðun loftfars þessa flugrekanda á hlaði í forgangi samkvæmt reglugerð nr. 351/2008.

Flugrekandinn Al Wafeer Air

31) Í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á niðurstöðum úr SAFA-skoðunum á hlaði ([1]), sem flugrekandinn Al Wafeer Air, sem hefur fengið vottun í Sádi-Arabíu, hefur starfrækt til Evrópusambandsins, sem leiddu í ljós að ítrekað var vikið verulega frá alþjóðlegum öryggisstöðlum, hóf framkvæmdastjórnin formlegt samráð við lögbær yfirvöld í Sádi-Arabíu 5. ágúst 2011. Þau upplýstu 14. september að flugrekandaskírteini flugrekandans Al Wafeer Air hefði verið fellt tímabundið úr gildi og veittu fullvissu fyrir því að starfræksla hans hæfist ekki aftur nema öruggt væri að ráðin hafi verið bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við skoðun samkvæmt áætluninni um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætlunin). Framkvæmdastjórnin mun halda áfram virku samráði sínu við lögbær yfirvöld í Sádi-Arabíu til þess að fylgja málinu eftir.

Flugrekandinn Pakistan International Airways

32) Framkvæmdastjórnin hóf samráð við lögbær yfirvöld í Pakistan 8. september 2011 í því skyni að ráða bót á þeim atriðum sem komu í ljós á sviði lofthæfi við fjölmargar skoðanir á hlaði ([2]) á loftförum sem flugrekandinn Pakistan International Airways (PIA) hefur starfrækt til Sambandsins frá því í september 2010. Þessu samráði var komið á í kjölfar greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á þessum SAFA-skoðunum og einkum á SAFA-skoðun sem lögbær yfirvöld í Frakklandi ([3]) framkvæmdu á loftfari af tegundinni Airbus A310 með skrásetningarmerkið AP-BGO sem varð til þess að ferja varð loftfarið tómt til Pakistans til viðgerðar.

33) Lögbær yfirvöld í Pakistan (Flugmálastjórn Pakistan (PCAA)) veittu í svari sínu, 17. september 2011, upplýsingar um aðgerðir sem þau gripu til í því skyni að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós. Í svarinu voru upplýsingar um áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem flugrekandinn PIA hefur unnið, þar sem fram koma 15 sértækar aðgerðir, sem flugrekandinn áætlaði að grípa til, en megnið af þeim átti að vera lokið eigi síðar en 30. október 2011.

34) Flugmálastjórn Pakistan lét framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar 31. október 2011 bæði um framfarir flugrekandans PIA við að koma áætluninni um aðgerðir til úrbóta í framkvæmd og um aðgerðir Flugmálastjórnar Pakistan. Af þeim fimmtán aðgerðum í áætlun flugrekandans PIA um aðgerðir til úrbóta var átta lokið og þeim aðgerðum sem eftir eru á að vera lokið eigi síðar en 15. desember 2011. Flugmálastjórn Pakistan hafði innleitt áætlun með þrettán liðum sem tekur til öryggisstefnu flugrekandans PIA, lofthæfistöðu loftfara hans og aðgerða sem eiga að leiða til kerfislegra endurbóta hjá honum.

35) Aðildarríkin hvetja framkvæmdastjórnina til að halda áfram samráði við lögbær yfirvöld í Pakistan og við flugrekandann í því skyni að tryggja að allar aðgerðir til úrbóta séu varanlegar þegar til lengri tíma er litið. Í því tilliti skulu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort

([1]) DGAC/F-2010-2383, DGAC/F-2010-2540, DGAC/F-2010-2298, CAA-UK-2010-0993

([2]) AESA-E-2010-632, AESA-E-2011-361, AESA-E-2011-361, AESA-E-2011-455, AESA-E-2011-581, AESA-E-2011-701, CAA-N-2010-102, CAA-N-2010-119, CAA-N-2010-120, CAA-N-2011-5, CAA-N-2011-24, CAA-N-2011-38, CAA-UK-2010-918, CAA-UK-2010-958, CAA-UK-2010-1083, CAA-UK-2011-114, CAA-UK-2011-185, CAA-UK-2011-187, CAA-UK-2011-326, CAA-UK-2011-398, CAA-UK-2011-664, CAA-UK-2011-751, CAADK-2010-62, DGAC/F-2010-2034, DGAC/F-2010-2214, DGAC/F-2010-2518, DGAC/F-2010-2639, DGAC/F-2011-376, DGAC/F-2011-608, DGAC/F-2011-878, DGAC/F-2011-1138, DGAC/F-2011-1370, DGAC/F-2011-1560, DGAC/F-2011-1777, DGAC/F-2011-1811, DGAC/F-2011-2084, ENAC-IT-2011-219, ENAC-IT-2011-569, LBA/D-2010-1573, LBA/D-2011-534, LBA/D-2011-721, LBA/D-2011-1003

([3]) DGAC/F-2011-1811

flugrekandinn PIA fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 til að sannreyna að aðgerðir flugrekandans til úrbóta beri árangur. En sýni þessar skoðanir hins vegar að aðgerðir flugrekandans PIA duga ekki til að ráða bót á þeim öryggisvandamálum, sem í ljós hafa komið, á framkvæmdastjórnin engra kosta völ nema að grípa til aðgerða til að draga úr hvers konar öryggisáhættu.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

36) Í kjölfar tveggja nýjustu reglubundinna greininga Flugöryggisstofnunar Evrópu á gögnum í tengslum við SAFA-skoðanir þar sem niðurstöður sýna fleiri en einn stórvægilegan ágalla við hverja skoðun hjá ýmsum flugrekendum, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi frá Rússneska sambandsríkinu, sem og vegna þeirrar staðreyndar að á árinu 2011 urðu banaslys hjá nokkrum þessara flugrekenda, hélt framkvæmdastjórnin samráðsfundi með lögbærum yfirvöldum í Rússneska sambandsríkinu (Flugmálastjórn Rússlands (FATA)) til hliðar við leiðtogafund ESB og Rússlands um flugmál í St. Pétursborg 12. og 13. október 2011.

37) Til þess að veita ítarlegar upplýsingar um öryggisframmistöðu flugrekenda sem fljúga til Evrópusambandsins og um öryggi í starfrækslu tiltekinna tegunda loftfara í eigu rússneskra flugrekenda sem hafa átt hlut að máli í banaslysum í Rússneska sambandsríkinu á árunum 2010 og 2011 voru frekari samráðsfundir haldnir með þessum yfirvöldum 27. október. Á þessum samráðsfundum fengu tveir flugrekendur, VIM AVIA (VIM AIRLINES) og TATARSTAN AIRLINES, sem hafa fengið vottun frá þessum yfirvöldum, áheyrn hjá framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu, Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) og einu aðildarríki.

38) Á þessum samráðsfundum upplýsti Flugmálastjórn Rússlands að tilteknar tegundir loftfara, Tupolev TU-134, Tupolev TU-154B-2 og TU-154M, sem starfrækt eru af tilteknum rússneskum flugrekendum, þyrftu að sæta mismunandi ráðstöfunum varðandi áframhaldandi lofthæfi þeirra, lögboðnar upplýsingar um lofthæfi búnaðar sem festur er á þau og verklagsreglur um rekstur þeirra. Flugmálastjórn Rússlands upplýsti framkvæmdastjórninni einnig um að tiltekinn búnaður, jarðvara- og landslagsgreiningarkerfi (GPWS/TAWS), sem er skyldubundinn í millilandaflugi hafi einnig verið gerður skyldubundinn í innanlandsflugi í Rússlandi frá og með 1. janúar 2012.

39) Á fundi flugöryggisnefndar 8. nóvember 2011 upplýsti Flugmálastjórn Rússlands um eftirfarandi ráðstafanir sem gerðar voru til að framfylgja lögum fyrir flugrekendur sem eru undir lögboðnu eftirliti þeirra:

a) Flugrekendaskírteini eftirfarandi tólf flugrekenda, sem starfræktu flutningaflug til Sambandsins, voru afturkölluð:

– 2nd Aviation Unit Sverdlovsk (ICAO-kennimerki UKU) afturkallað 2. mars 2011, MOSKVA (ICAO-kennimerki MOA) afturkallað 23. mars 2011, AVIAL NB (ICAO-kennimerki NVI), afturkallað 15. júlí 2011, AVIAENERGO (ICAO-kennimerki ERG), afturkallað 18. júlí 2011, CONTINENT (ICAO-kennimerki CNE) afturkallað 2. ágúst 2011 í tengslum við yfirlýsingar flugrekendanna sem um ræðir,

– RUSAIR (ICAO-kennimerki CGI) afturkallað 13. júlí 2011 vegna málsatvika eftir slysið hinn 20. júní 2011 þar sem loftfar af tegundinni TU-134, sem flugrekandinn starfrækir, átti hlut að máli,

– YAK SERVICE (ICAO-kennimerki AKY) afturkallað 23. september 2011 vegna málsatvika eftir slysið hinn 7. september 2011 þar sem loftfar af tegundinni YAK-42, sem flugrekandinn starfrækir, átti hlut að máli og niðurstöður úr skoðun Flugmálastjórnar Rússlands hjá flugrekandanum 22. september 2011,

– AEROSTARZ (ICAO-kennimerki ASE) afturkallað 28. október 2011, AVIANOVA (ICAO-kennimerki VNV) afturkallað 10. október 2011, KAVMINVODYAVIA (ICAO-kennimerki MVD) afturkallað 27. september 2011 í kjölfar niðurstaðna úr skoðunum Flugmálastjórnar Rússlands hjá þessum flugrekendum 20. október 2011, 4. október 2011 og 27. september 2011,

– SKY EXPRESS (ICAO-kennimerki SXR) afturkallað 31. október 2011 í kjölfar vísa í iðnaði, fjárhagsstöðu flugrekandans og niðurstaðna úr skoðun Flugmálastjórnar Rússlands hjá flugrekandanum 6. október 2011,

– AERORENT (ICAO-kennimerki NRO) afturkallað 7. nóvember 2011 í kjölfar þess að kröfur um vottun eru ekki uppfylltar og í kjölfar niðurstaðna úr skoðun Flugmálastjórnar Rússlands 27. september 2011,

b) Flugrekendaskírteinum eftirfarandi sex flugrekenda, sem starfræktu flutningaflug til Evrópusambandsins, hafði verið breytt og rekstrartakmarkanir settar samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Rússlands 2. nóvember 2011.

– AVIASTAR-TU, UTAIR-CARGO, TATARSTAN AIRLINES, DAGHESTAN, YAKUTIA og VIM AVIA (VIM AIRLINES).

40) Að því er varðar frammistöðu tiltekinna flugrekenda, Yakutia og Tatarstan Airlines, sem hafa sætt stöðugu eftirliti frá árinu 2007 hvað varðar flugrekstur og sem fluttu mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni og fulltrúm flugöryggisnefndar í apríl 2008, hefur framkvæmdastjórnin vakið

athygli Flugmálastjórnar Rússlands á niðurstöðum greiningar Flugöryggisstofnunar Evrópu á SAFA-skoðunum á hlaði sem gefa til kynna að fyrri aðgerðir til úrbóta hafa ekki ráðið bót á tilteknum veikleikum í tengslum við lofthæfi og flugrekstur með skilvirkum hætti. Flugmálastjórn Rússlands upplýsti að hún hefði beðið lögbært svæðisyfirvald, sem hefur með höndum eftirlit með þessum flugrekendum, um að kanna niðurstöður úr SAFA-skoðunum og tryggja að þessir flugrekendur hafi framkvæmt viðeigandi ráðstafanir til úrbóta til að ráða bót á öllum þeim annmörkum sem komu í ljós.

41) Báðir flugrekendurnir fengu áheyrn hjá flugöryggisnefndinni, 8. nóvember 2011, og komu athugasemdum sínum á framfæri þar sem þeir sýndu fram á að þeir hefðu ráðið bót á þeim atriðum sem áður höfðu komið í ljós við SAFA-skoðanir á hlaði. Báðir flugrekendur lýstu því yfir að þeir hefðu hætt starfrækslu til Sambandsins í kjölfar ákvörðunar Flugmálastjórnar Rússlands 2. nóvember 2011.

42) Að því er varðar flugrekandann VIM AVIA (VIM AIRLINES) vakti framkvæmdastjórnin athygli Flugmálastjórnar Rússlands á tveimur vandamálum, sem vöktu upp efasemdir um það hvort flugrekandinn fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt, annars vegar bréf lögbærra yfirvalda í Frakklandi til Flugmálastjórnar Rússlands í kjölfar skoðunar sem fram fór á frönskum flugvelli ([1]) þar sem í ljós komu fjölmörg mikilvæg og alvarleg atriði sem hafa áhrif á rekstraröryggi, sem leiddi til þess að loftfarið var sett í flugbann og rekstrartakmörkun af hálfu þessara yfirvalda sett á í tengslum við heimflugið (ferjuflug) og hins vegar afturköllun viðhaldssamþykkisins, sem Flugöryggisstofnun Evrópu gaf út til flugrekandans (EASA 145.0410), 24. maí 2011 í kjölfar tímabundinnar niðurfellingar þess 24. september 2010 með tilliti til þess að flugrekandinn VIM AVIA (VIM AIRLINES) lét hjá líða að ráða með fullnægjandi hætti bót á þeim atriðum sem komu í ljós í samræmi við viðeigandi löggjöf ([2]). Þau óleystu atriði sem leiddu til afturköllunar viðhaldssamþykkisins staðfestu annmarka á sviði lofthæfi sem komu í ljós við ýmsar SAFA-skoðanir á flugvöllum í Sambandinu ([3]), einkum óþekkta galla eða skemmdir eða þekkta galla eða skemmdir, sem hafa hvorki verið metnar né vaktaðar, og skemmdir og gallar sem eru utan viðurkenndra viðhaldsmarka.

43) Í athugasemdum sínum við flugöryggisnefndina gat flugrekandinn VIM AVIA (VIM AIRLINES) ekki sýnt fram á að hann hefði virkt öryggisstjórnunarkerfi sem tryggir að flugrekandinn geti réttilega greint, metið, stjórnað og haft eftirlit með áhættum á viðeigandi hátt til að tryggja örugga starfrækslu. Flugrekandinn VIM AVIA (VIM AIRLINES) lýsti því yfir að hann hefði hætt starfrækslu til Evrópusambandsins í kjölfar ákvörðunar Flugmálastjórnar Rússlands 2. nóvember 2011.

44) Flugöryggisnefndin komst að því á grundvelli upplýsinga Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu að allir flugrekendurnir þrír, VIM AVIA (VIM AIRLINES), YAKUTIA og TATARSTAN AIRLINES, hafa í raun haldið áfram að starfrækja ýmis flug til Evrópusambandsins eftir 2. nóvember 2011. Flugöryggisnefndin var einnig upplýst um að einn flugrekandi, AERO RENT, en Flugmálastjórn Rússlands afturkallaði flugrekandaskírteini hans, hefði stundað flutningaflug frá ESB eftir þann dag sem afturköllunin var ákveðin.

45) Í ljósi þessa bað framkvæmdastjórnin Flugmálastjórn Rússlands um tafarlausar skýringar í því skyni að fá fullvissu um að farið sé í raun að hinum ýmsu ráðstöfunum gagnvart rússneskum flugrekendum til að framfylgja lögum (flugrekandaskírteini afturkölluð og rekstrartakmarkanir settar).

46) Eftir að hafa skoðað gögnin sem þessi flugrekandi lagði fram og hlýtt á kynningu hans fyrir flugöryggisnefndinni hafa framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin tjáð efasemdir sínar um getu flugrekandans VIM AVIA (VIM AIRLINES) til að halda áfram að starfrækja flug til Evrópusambandsins án þess og þangað til að þeim hefur borist nauðsynleg skrifleg sönnunargögn um að hann hafi að fullu framkvæmt aðgerðir til úrbóta til að ráða bót með varanlegum hætti á öllum atriðum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir og stöðugt eftirlit Flugmálastjórnar Rússlands.

47) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir upplýsingum frá Flugmálastjórn Rússlands 10. nóvember 2011 í því skyni að fá fullvissu, fyrir 14. nóvember 2011, fyrir því að flug hlutaðeigandi flugrekenda til Sambandsins væri í raun takmarkað þangað til þeir hefðu sýnt fram á að þeir hefðu ráðið bót með varanlegum hætti á öllum atriðum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir og stöðugt eftirlit Flugmálastjórnar Rússlands. Flugmálastjórn Rússlands lagði fram skrifleg sönnunargögn 14. nóvember sem staðfesta að starfræksla flugrekandans VIM AVIA (VIM AIRLNES) verði áfram takmörkuð til 1. apríl 2012 og að starfræksla hinna fimm rússnesku flugrekendanna sé takmörkuð þangað til þeir hafa sýnt Flugmálastjórn Rússlands að þeir hafi ráðið bót á öllum öryggisvandamálum sem komu í ljós við SAFA-skoðun á hlaði með skilvirkum hætti. Flugmálastjórn Rússlands staðfesti einnig að nauðsynlegar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja að allir flugrekendur sem sæta rekstrartakmörkunum færu í raun að ákvörðunum Flugmálastjórnar Rússlands.

([1]) DGAC/F-2011-2145

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 (Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1).

([3]) SDAT-2011-0058, ENAC-IT-2011-0027, ENAC-IT-2011-0180, SCCA-2010-0002, GDCA-2010-0028, AESA-E-2010-0922, CAAHUN-2011-0023, ENAC-IT-2011-0510, AESA-E-2010-0690, ENAC-IT-2010-0649, LBA/D-2011-0594, CAA-NL-2011-0143, DGAC/F-2011-2145, ENAC-IT-2010-0796, CAA-NL-2011-0141, SCCA-2011-0009, CAA-N-2011-0013, ENAC-IT-2011-0020, ENAC-IT-2011-0103, GDCA-2011-0029, SAFA-BUL-2011-0064, SAFA-DGAC/F-2011-0445, SAFA-BUL-2011-0015, HCAAGR-2011-0039, ENAC-IT-2011-0092, LBA/D-2010-1312, BUL-2010- 0105, SCCA-2010-0008, CAA-SR-2011-0044, HCAAGR-2010-0397, DGAC/F-2010-2689, HCAAGR-2010-0414

48) Með tilliti til þeirra gagna sem Flugmálastjórn Rússlands lagði fram er það metið svo að á þessu stigi, og í samræmi við sameiginlegu viðmiðanirnar, sé ekki þörf á að grípa til frekari aðgerða varðandi flugrekandann VIM AVIA (VIM AIRLINES). Framkvæmdastjórnin mun endurmeta frammistöðu flugrekandans hjá flugöryggisnefndinni í mars 2012.

49) Flugöryggisnefndin hefur látið í ljós að hún hafi hug á að halda áfram uppbyggilegum skoðanaskiptum við Flugmálastjórn Rússlands um öll mál sem varða öryggi. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin munu fylgjast náið með frammistöðu flugrekenda sem sæta takmörkun, af hálfu Flugmálastjórnar Rússlands, hvað varðar starfrækslu flugs til Sambandsins til að tryggja að þeir hefji aftur starfrækslu þegar þeir hafa sýnt fram á að þeir hafi í raun ráðið bót á öllum atriðum sem komu í ljós við skoðanir á hlaði, sem fóru fram í ESB. Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin munu reyna, með frekara samráði við Flugmálastjórn Rússlands um tæknimál, að ráða varanlega bót á annmörkum í öryggismálum sem í ljós komu við SAFA-skoðanir á hlaði. Í millitíðinni munu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort rússneskir flugrekendur fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og mun framkvæmdastjórnin halda áfram að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem þeir grípa til.

Flugrekandinn Jordan Aviation

50) Á grundvelli greiningar á niðurstöðum úr SAFA-skoðunum sem fóru fram á tilteknum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu frá árinu 2010, hóf framkvæmdastjórnin samráð, 1. september 2011, við lögbær yfirvöld á sviði almenningsflugs (Flugmálastjórn Jórdaníu (CARC)) í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu í því skyni að fá fullvissu fyrir því að ráðin hafi verið varanlega bót á þeim annmörkum í öryggismálum, sem komu í ljós við þessar SAFA-skoðanir og, sé það ekki raunin, að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr öryggisáhættu sem hefur verið auðkennd.

51) Flugmálastjórn Jórdaníu lagði ekki fram óyggjandi sannanir í svari sínu 19. september 2011 fyrir því að viðkomandi flugrekendur hefðu í raun gert ráðstafanir til úrbóta og forvarnarráðstafanir. Skortur á upplýsingum hvað varðar greiningu á frumorsök annmarkanna í öryggismálum og æ verri niðurstöður úr SAFA-skoðunum hjá nokkrum flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu, vöktu enn fremur upp spurningar um getu lögbærra yfirvalda þessa ríkis til að hafa stöðugt eftirlit með flugrekendunum sem þau votta.

52) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir frekari upplýsingum 6. október 2011 og boðaði Flugmálastjórn Jórdaníu á fund í Brussel 21. október 2011 til að útskýra framangreind álitamál. Á fundinum lýsti Flugmálastjórn Jórdaníu röð ráðstafana sem yfirvaldið hafði innleitt í september 2011 til að styrkja eftirlitið með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Jórdaníu, og tryggja að tekið verði tilhlýðilegt tillit til niðurstaðna úr skoðunum á hlaði, sem framkvæmdar eru innan ramma evrópsku áætlunarinnar um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunarinnar), í tengslum við eftirlit með jórdönskum flugrekendum þannig að ráðin verður varanlega bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem koma í ljós við skoðanir. Á fundinum fengust þó ekki fullnægjandi upplýsingar um öryggisframmistöðu flugrekandans Jordan Aviation.

53) Í tilviki flugrekandans Jordan Aviation benda skýrslur um SAFA-skoðanir til verulegra annmarka á stjórnun lofthæfis og starfrækslu loftfara af tegundinni Boeing B-767. Þetta á einkum við um SAFA-skoðun á B767 með skráningarnúmer JY-JAG í Frakklandi ([1]) þar sem alvarlegir annmarkar á lofthæfi höfðu í för með sér að loftfarið varð að fljúga tómt til baka til viðhalds. Fjöldi atriða sem koma í ljós við hverja SAFA-skoðun og endurtekning annmarka í öryggismálum síðan 2010 bendir til alvarlegra öryggisvandamála. Af þeim sökum var Flugmálastjórn Jórdaníu og flugrekandanum Jordan Aviation boðið að koma athugasemdum á framfæri við flugöryggisnefndina í nóvember 2011.

54) Við áheyrn þeirra hjá flugöryggisnefndinni 9. nóvember 2011 viðurkenndu Flugmálastjórn Jórdaníu og flugrekandinn Jordan Aviation kostina við samráð við framkvæmdastjórnina, með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu og aðildarríkjanna. Þetta samráð leiddi til þess að bæði yfirvaldið og flugrekandinn gerðu áætlun um aðgerðir til úrbóta sem miðar að því að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við SAFA-skoðanir og veikleikum sem komu í ljós við innra eftirlit þeirra. Nefndin viðurkenndi þá viðleitni sem sýnd hefur verið til að ráða varanlega bót á annmörkunum í öryggismálum og tók tillit til skuldbindingar Flugmálastjórnar Jórdaníu og flugrekandans Jordan Aviation til að framkvæma að fullu áætlun sína sem lögð var fram við áheyrnina.

55) Nefndin lítur þetta framtak flugrekandans jákvæðum augum en lýsti jafnframt yfir áhyggjum sínum varðandi núverandi getu flugrekandans Jordan Aviation til að draga úr öryggisáhættu hvað varðar rekstur hans í ábataskyni með loftför af tegundinni Boeing B-767. Að teknu tilliti til fjölmargra og endurtekinna annmarka í öryggismálum, sem hafa komið í ljós við skoðanir á hlaði á loftförum af tegundinni Boeing B-767, sem eru starfrækt af flugrekandanum Jordan Aviation, og vanmáttar félagsins fram að þessu til að hrinda í framkvæmd viðeigandi áætlun um aðgerðir til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerðir ásamt ófullnægjandi öryggiseftirliti af hálfu Flugmálastjórnar Jórdaníu, er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Jordan Aviation skuli skráður í viðauka B og að starfræksla hans skuli takmarkast við

([1]) DGAC/F-2011-269

það að öll loftför hans af tegundinni Boeing B-767 séu undanskilin. Flugrekandanum skal leyft að starfrækja flug til Sambandsins með því að nota aðrar tegundir loftfara sem skráðar eru í flugrekandaskírteini hans samkvæmt viðauka B.

56) Aðildarríkin hvetja framkvæmdastjórnina til að halda áfram samráði við lögbær yfirvöld í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu í því skyni að tryggja að þessi yfirvöld framfylgi alþjóðlegum öryggisstöðlum með skilvirkum hætti og að allar aðgerðir til úrbóta og forvarnaraðgerðir sem framkvæmdar eru af öllum hlutaðeigandi flugrekendum séu varanlegar þegar til lengri tíma er litið. Á meðan munu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

57) Framkvæmdastjórnin er reiðubúin að styðja viðleitni Flugmálastjórnar Jórdaníu og flugrekandans Jordan Aviation með matsheimsókn, með þátttöku aðildarríkjanna og Flugöryggisstofnunar Evrópu, til að sannprófa öryggisframmistöðu flugrekandans Jordan Aviation og þann árangur sem Flugmálastjórn Jórdaníu hefur náð á sviði eftirlits með flugrekendum, sem hafa fengið vottun í Hasjemíska konungsríkinu Jórdaníu.

Flugrekandinn Rollins Air

58) Framkvæmdastjórnin hóf formlegt samráð við félagið Rollins Air, sem hefur fengið vottun hjá lögbærum yfirvöldum í Hondúras, í kjölfar upplýsinga sem komu fram hjá lögbærum yfirvöldum í Frakklandi um þá ákvörðun þeirra að veita flugrekandanum ekki flugréttindi á meðan beðið er eftir að ráðin verði bót á þeim annmörkum í öryggismálum, sem komu í ljós við tæknimat á tæknilega spurningalistanum, og viðbótarupplýsinga sem flugrekandinn Rollins Air lagði fram í þeim tilgangi að fá lendingarleyfi (útgáfa svokallaðrar staðlaðrar SAFA-skýrslu).

59) Félagið var hvatt til að skýra eftirfarandi atriði og koma athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 8. nóvember 2011: a) sönnun um að greiningaráætlun fyrir fluggögn, sem uppfyllir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, hafi verið innleidd; b) sönnun um að Frakkland, þ.m.t. yfirráðasvæði þess handan hafsins, hafi verið hluti af heimiluðu flugsvæði fyrir loftför af tegundinni L1011-500 með skráningarnúmerið HR-AVN samkvæmt heimild lögbærra yfirvalda þess c) sönnun um að þeir flugmenn sem tóku þátt í starfrækslu fyrirhugaðs flugs á undangengnu 12 mánaða tímabili hafi lokið nauðsynlegu hæfniprófi og d) að flugliðarnir sem flugrekandinn lagði til séu báðir yfir aldursmörkum sem Alþjóðaflugmálastofnunin telur ásættanleg.

60) Hvorki flugrekandinn Rollins Air né lögbært yfirvald í Hondúras (Flugmálastjórn Hondúras (DGAC)) voru viðstödd í flugöryggisnefndinni. Flugmálastjórn Hondúras veitti sendiráði Hondúras í Konungsríkinu Belgíu umboð, 9. nóvember 2011, til að upplýsa flugöryggisnefndina um opinbera afstöðu hennar en Flugmálastjórn Hondúras hóf, í samræmi við þessa afstöðu, ferli til að afturkalla skráningu loftfarsins HR-AVN af landsskrá Hondúras, og um að flugrekandinn Rollins Air hafi ekki lengur leyfi til að starfrækja áðurnefnt loftfar. Flugrekandinn Rollins Air starfrækir þó fleiri loftför af þessari tegund og engar frekari upplýsingar voru lagðar fram í tengslum við atriðin sem vakið var máls á hér að framan.

61) Nefndin hafði hliðsjón af því að Flugmálastjórn Bandaríkjanna setur Hondúras í flokk 2 samkvæmt áætlun sinni um alþjóðlegt flugöryggismat (IASA), sem gefur til kynna kerfisbundna annmarka hjá lögbærum yfirvöldum í Hondúras hvað varðar skyldur þeirra varðandi vottun og eftirlit með þeim flugrekendum sem eru undir reglubundnu eftirliti þeirra.

62) Af þessum sökum er það metið svo, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Rollins Air skuli skráður í viðauka A meðan þess er beðið að lögð verði fram sönnunargögn um úrbætur á þeim annmörkum sem athygli er vakin á í staðlaðri skýrslu sem lögbært yfirvald í Frakklandi gaf út.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Kongó

63) Lögbær yfirvöld í Lýðveldinu Kongó (Flugmálastjórn Lýðveldisins Kongó (ANAC)) upplýstu um útgáfu nýs flugrekandaskírteinis fyrir flugrekandann Equatorial Congo Airlines S.A. 23. september 2011 án þess að sýna fram á að vottun og eftirlit með þessum flugrekanda væri í fullu samræmi við gildandi, alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að flugrekandinn Equatorial Congo Airlines S.A. skuli sömuleiðis skráður í viðauka A.

Flugrekendur frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó

64) Færðar hafa verið sönnur á að lögbær yfirvöld í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó (Flugmálastjórn Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó (AAC)) hafi gefið út nýtt flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum Stellar Airways, en ekki hafa verið færðar sönnur á að vottun og eftirlit með þessum flugrekanda sé í fullu samræmi við gildandi, alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðanna er það því metið svo að flugrekandinn Stellar Airways skuli einnig skráður í viðauka A.

Flugrekendur frá Filippseyjum

65) Framkvæmdastjórninni var tilkynnt um að lögbær yfirvöld í Filippseyjum (Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) mundu gefa út ný flugrekendaskírteini til handa flugrekenda eins og Aeromajestic og Interisland Airlines. Flugmálastjórn Filippseyja hefur ekki svarað beiðni framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar, sem send var 26. október 2011, hvað varðar gildistíma skírteina viðkomandi félaga og hefur ekki heldur sýnt fram á að vottun þeirra og eftirlit sé í samræmi við gildandi, alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðanna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli einnig skráðir í viðauka A.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

66) Þrátt fyrir bein tilmæli framkvæmdastjórnarinnar hafa henni ekki enn borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 19. apríl 2011, eða frá yfirvöldum, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þessum flugrekendum, þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

67) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.
2. Í stað viðauka B komi textinn sem settur er fram í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel, 21. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Joaquín Almunia

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
MERIDIAN AIRWAYS LTD	AOC 023	MAG	Lýðveldið Gana
ROLLINS AIR	HR-005	RAV	Hondúras
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Lýðveldið Rúanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			**Íslamska lýðveldið Afganistan**
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Angóla**
AEROJET	AO 008-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			**Lýðveldið Benín**
AERO BENIN	PEA No 014/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/ MDCTTTATP-PR/ DEA/SCS	Á ekki við	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/ MDCTTP-PR/ANAC/ DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/ MDCTTP-PR/DEA/ SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/ MDCTTTATP-PR/ ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðveldið Kongó**
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	RAC 06-004	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			**Lýðstjórnarlýðveldið Kongó**

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	409/CAB/MIN/ TVC/051/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/036/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/ TVC/031/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/ TVC/029/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/ TVC/028/08	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/ TC/0090/2006	BRV	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/ TVC/048/09	ABB	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/052/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/ TVC/026/08	CER	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/ TC/0050/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO EXPRESS	409/CAB/MIN/ TVC/083/2009	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/ TVC/035/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/ TVC/0032/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ENTREPRISE WORLD AIRWAYS (EWA)	409/CAB/MIN/ TVC/003/08	EWS	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FILAIR	409/CAB/MIN/ TVC/037/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/ TVC/027/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/ TVC/053/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/ TC/0051/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/ TVC/045/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TVC/038/08	ALX	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/TVC/033/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/042/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/04008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/034/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TVC/025/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TVC/030/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
STELLAR AIRWAYS	AAC/DG/DTA/TM/787/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/050/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/044/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/046/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANS AIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/024/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/039/08	WDA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TVC/049/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			**Djíbútí**
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			**Miðbaugs-Gínea**
CRONOS AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Flugrekandinn CEIBA INTERCONTINENTAL	Óskráð	CEL	Miðbaugs-Gínea
EGAMS	Óskráð	EGM	Miðbaugs-Gínea
EUROGUINEANA DE AVIACION Y TRANSPORTES	2006/001/MTTCT/DGAC/SOPS	EUG	Miðbaugs-Gínea
GENERAL WORK AVIACION	002/ANAC	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
GETRA - GUINEA ECUATORIAL DE TRANSPORTES AEREOS	739	GET	Miðbaugs-Gínea
GUINEA AIRWAYS	738	Á ekki við	Miðbaugs-Gínea
STAR EQUATORIAL AIRLINES	Óskráð	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
UTAGE – UNION DE TRANSPORT AEREO DE GUINEA ECUATORIAL	737	UTG	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendunum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia og Metro Batavia, þ.m.t.			**Lýðveldið Indónesía**
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	135-034	IDA	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MEGANTARA	121-025	MKE	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	SAE	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum Air Astana, þ.m.t.			**Kasakstan**
AERO AIR COMPANY	AK-0429-10	ILK	Kasakstan
AIR ALMATY	AK-0409-09	LMY	Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	AK-0412-10	RTR	Kasakstan
AK SUNKAR AIRCOMPANY	AK-0396-09	AKS	Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AIRLINES	AK-0345-08	CID	Kasakstan
ASIA WINGS	AK-0390-09	AWA	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0437-10	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-0435-10	SAP	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0383-09	BBS	Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0428-10	BEK	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0415-10	BRY	Kasakstan
COMLUX	AK-0399-09	KAZ	Kasakstan
DETA AIR	AK-0417-10	DET	Kasakstan
EAST WING	AK-0411-09	EWZ	Kasakstan
EASTERN EXPRESS	AK-0427-10	LIS	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0384-09	EAK	Kasakstan
EURO-ASIA AIR INTERNATIONAL	AK-0389-09	KZE	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0391-09	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0342-08	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0439-11	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0419-10	SOZ	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
JET ONE	AK-0433-10	JKZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0387-09	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0349-09	KUY	Kasakstan
KAZAIRWEST	AK-0404-09	KAW	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0405-09	KZS	Kasakstan
MEGA AIRLINES	AK-0424-10	MGK	Kasakstan
MIRAS	AK-0402-09	MIF	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0393-09	PKZ	Kasakstan
SAMAL AIR	AK-0407-09	SAV	Kasakstan
SAYAKHAT AIRLINES	AK-0426-10	SAH	Kasakstan
SEMEYAVIA	AK-400-09	SMK	Kasakstan
SCAT	AK-0420-10	VSV	Kasakstan
SKYBUS	AK-0432-10	BYK	Kasakstan
SKYJET	AK-0398-09	SEK	Kasakstan
UST-KAMENOGORSK/AIR DIVISION OF EKA	AK-0440-11	UCK	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0438-11	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			**Kirgiska lýðveldið**
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
ASIAN AIR	36	AZZ	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
AEROSTAN (EX BISTAIR-FEZ BISHKEK)	08	BSC	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgiska lýðveldið
DAMES	20	DAM	Kirgiska lýðveldið
EASTOK AVIA	15	EEA	Kirgiska lýðveldið
ITEK AIR	04	IKA	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN AIRLINE	Óskráð	KGA	Kirgiska lýðveldið
S GROUP AVIATION	6	SGL	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgiska lýðveldið
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			**Líbería**
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem skráðir eru í viðauka B, þ.m.t.			**Lýðveldið Gabon**
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Máritaníu, þ.m.t.			**Lýðveldið Máritanía**
MAURITANIA AIRWAYS		MTW	Lýðveldið Máritanía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			**Lýðveldið Mósambík**
MOZAMBIQUE AIRLINES - LINHAS AEREAS DE MOÇAMBIQUE	MOZ-01/2010	LAM	Lýðveldið Mósambík

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
MOZAMBIQUE EXPRESS/MEX	02-2010	MXE	Lýðveldið Mósambík
TRNAS AIRWAYS/KAYA AIRLINES	03-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HELICOPTEROS CAPITAL	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFA MOZAMBIQUE	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
UNIQUE AIR CHARTER	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AEROVISAO DE MOZAMBIQUE	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAFARI AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA AIR CHARTER LDA	04-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EMILIO AIR CHARTER LDA	05-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM-TTA SA	07-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AERO-SERVICOS SARL	08-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
VR CROPSPRAYERS LDA	06-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, þ.m.t.			**Lýðveldið Filippseyjar**
AEROMAJESTIC	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AEROWURKS AERIAL SPRAYING SERVICES	2010030	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	GAP	Lýðveldið Filippseyjar
AIR WOLF AVIATION INC.	200911	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIRTRACK AGRICULTURAL CORPORATION	2010027	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	4AN9800036	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATION TECHNOLOGY INNOVATORS, INC.	4AN2007005	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATOUR'S FLY'N INC.	200910	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BEACON	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BENDICE TRANSPORT MANAGEMENT INC.	4AN2008006	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	4AN9800025	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CEBU PACIFIC AIR	2009002	CEB	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
CHEMTRAD AVIATION CORPORATION	2009018	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CM AERO	4AN2000001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CORPORATE AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	4AN9900008	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
F.F. CRUZ AND COMPANY, INC.	2009017	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
HUMA CORPORATION	2009014	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	4AN2002004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INTERISLAND	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
LION AIR, INCORPORATED	2009019	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	2010029	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MINDANAO RAINBOW AGRICULTURAL DEVELOPMENT SERVICES	2009016	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP	2010020	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	2010033	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC EAST ASIA CARGO AIRLINES, INC.	4AS9800006	PEC	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC AIRWAYS CORPORATION	4AN9700007	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC ALLIANCE CORPORATION	4AN2006001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AIRLINES	2009001	PAL	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AGRICULTURAL AVIATION CORP.	4AN9800015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	2010024	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	2010021	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTH EAST ASIA AIRLINE INC. (SEAIR)	2009004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHSTAR AVIATION COMPANY, INC.	4AN9800037	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SPIRIT OF MANILA AIRLINES CORPORATION	2009008	MNP	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
SUBIC INTERNATIONAL AIR CHARTER	4AN9900010	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC SEAPLANE, INC.	4AN2000002	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TOPFLITE AIRWAYS, INC.	4AN9900012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TRANSGLOBAL AIRWAYS CORPORATION	2009007	TCU	Lýðveldið Filippseyjar
WORLD AVIATION, CORP.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
YOKOTA AVIATION, INC.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZENITH AIR, INC.	2009012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	RIT	Lýðveldið Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			**Saó Tóme og Prinsípe**
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TMS	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Síerra Leóne, þ.m.t.			**Síerra Leóne**
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Síerra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Síerra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Síerra Leóne

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Síerra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Síerra Leóne
Flugrekandinn TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Síerra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			**Lýðveldið Súdan**
SUDAN AIRWAYS	Óskráð	SUD	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	051	SNR	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	040	MSL	Lýðveldið Súdan
ATTICO AIRLINES	023	ETC	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	054	WHB	Lýðveldið Súdan
SUDANESE STATES AVIATION COMPANY	010	SNV	Lýðveldið Súdan
ALMAJARA AVIATION	Óskráð	MJA	Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	035	BDR	Lýðveldið Súdan
ALFA AIRLINES	054	AAJ	Lýðveldið Súdan
AZZA TRANSPORT COMPANY	012	AZZ	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	017	Óskráður	Lýðveldið Súdan
ALMAJAL AVIATION SERVICE	015	MGG	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	001	NOV	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	056	Óskráður	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.			**Svasíland**
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			**Sambía**
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ([1])

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Norður-Kórea (DPRK)	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Tu-204	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633	Norður-Kórea (DPRK)
AFRIJET ([1])	002/MTAC/ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50 og tveimur loftförum af tegundinni Falcon 900	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR	Lýðveldið Gabon
AIR ASTANA ([2])	AK-0388-09	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni B-767, fjórum loftförum af tegundinni B-757, tíu loftförum af tegundinni A319/320/321 og fimm loftförum af tegundinni Fokker 50	Öll loftför, að undanskildum: P4-KCA, P4-KCB, P4-EAS, P4-FAS, P4-GAS, P4-MAS, P4-NAS, P4-OAS, P4-PAS, P4-SAS, P4-TAS, P4-UAS, P4-VAS, P4-WAS, P4-YAS, P4-XAS, P4-HAS, P4-IAS, P4-JAS, P4-KAS, P4-LAS	Arúba (Konungsríkið Holland)
AIRLIFT INTERNATIONAL (GH) LTD	AOC 017	ALE	Lýðveldið Gana	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni DC8-63F	Öll loftför, að undanskildum: 9G-TOP og 9G-RAC	Lýðveldið Gana
AIR MADAGASCAR	5R-M01/2009	MDG	Madagaskar	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Boeing B-737-300, tveimur loftförum af tegundinni ATR 72-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-320 og þremur loftförum af tegundinni DHC 6-300	Öll loftför, að undanskildum: 5R-MFH, 5R-MFI, 5R-MJE, 5R-MJF, 5R-MJG, 5R-MVT, 5R-MGC, 5R-MGD, 5R-MGF	Lýðveldið Madagaskar
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoreyjar	Öll loftför, að undanskildu: LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildu: D6-CAM (851336)	Kómoreyjar

([1]) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýttu flugréttindi með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
GABON AIRLINES ([3])	001/MTAC/ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildu: TR-LHP	Lýðveldið Gabon
IRAN AIR ([4])	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undanskildum: fjórtán loftförum af tegundinni A-300, átta loftförum af tegundinni A-310 og einu loftfari af tegundinni B-737,	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA EP-IBB EP-IBC EP-IBD EP-IBG EP-IBH EP-IBI EP-IBJ EP-IBM EP-IBN EP-IBO EP-IBS EP-IBT EP-IBV EP-IBX EP-IBZ EP-ICE EP-ICF EP-IBK EP-IBL EP-IBP EP-IBQ EP-AGA	Íslamska lýðveldið Íran
JORDAN AVIATION	C002	JAV	HASJEMÍSKA KONUNGSRÍKIÐ JÓRDANÍA	Öll loftför, að undanskildum: átta loftförum af tegundinni Boeing B-737, tveimur loftförum af tegundinni Airbus A-310, einu loftfari af tegundinni Airbus A-320	Öll loftför, að undanskildum: JY-JAB JY-JAD JY-JAN JY-JAO JY-JAX JY-JAY JY-JAP JY-JAQ JY-JAV JY-JAH JY-JAC	HASJEMÍSKA KONUNGSRÍKIÐ JÓRDANÍA
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildu: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601 og einu loftfari af tegundinni HS-125-800	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afríka

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmerki og framleiðsluraðnúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum: fimm loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700	Öll loftför, að undanskildum: D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TEG, D2-TEH, D2-TBF, D2, TBG, D2-TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla

([1]) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([2]) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að starfrækja það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.
([3]) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að nota það loftfar sem er tilgreint fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.
([4]) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með því loftfari sem tilgreint er samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010, Stjtíð. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 15.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 890/2010 **2012/EES/54/88**

frá 8. október 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið derkvantel (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004[1], einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfiefni sem eru notuð í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir derkvantel í sauðfé hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

4) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir derkvantel fyrir sauðfé, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki úr dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

5) Því ber að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir hámarksgildi leifa fyrir efnið derkvantel fyrir sauðfé.

6) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. apríl 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (*skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009*)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Derkvantel	Derkvantel	Sauðfé	2 µg/kg 40 µg/kg 20 µg/kg 5 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	Sníklalyf/innsníklalyf“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 436/2009

2012/EES/54/89

frá 26. maí 2009

um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vínekrur, lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn, fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem halda skal fyrir víngeirann (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, um breytingar á reglugerðum (EB) nr. 1493/1999, (EB) nr. 1782/2003, (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 3/2008 og um niðurfellingu reglugerða (EBE) nr. 2392/86 og (EB) nr. 1493/1999 ([1]), einkum 2. mgr. 115. gr. og 121 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 479/2008 var fyrri tilhögunum í víngeiranum breytt, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ([2]), og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/86 frá 24. júlí 1986 um skrá yfir vínekrur í Bandalaginu ([3]) felld niður frá og með 1. ágúst 2009.

2) Sem stendur er mælt fyrir um lögboðnar tilkynningar og ákvæði varðandi uppfærslu og vöktun á skránni yfir vínekrur í reglugerð (EBE) nr. 2392/86 og mælt er fyrir um nákvæmar framkvæmdarreglur varðandi skrána yfir vínekrur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) 649/87 ([4]).

3) Í 108. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er kveðið á um að tiltekin aðildarríki skuli halda skrá yfir vínekrur með uppfærðum upplýsingum um framleiðslugetu.

4) Því skal fella reglugerð (EBE) nr. 649/87 úr gildi og samþykkja nákvæmar framkvæmdarreglur að því er varðar skrána yfir vínekrur.

5) Meginmarkmiðin með skránni yfir vínekrur eru vöktun og sannprófun á framleiðslugetu. Samkvæmt 116. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 ber aðildarríkjunum að sjá til þess að þær málsmeðferðarreglur við stjórnsýslu og eftirlit sem varða svæði samrýmist samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfinu. Einkum skal auðkenning á vínframleiðendum og spildum, sem eru ræktaðar á vínekrunum, samrýmast samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfinu.

6) Til að forðast óhóflegt stjórnsýsluálag án þess að grafa undan markmiðunum með skránni yfir vínekrur skal söfnun upplýsinga frá framleiðendum með mjög takmarkaða framleiðslu ekki gerð lögboðin.

7) Til að tryggja að skráin yfir vínekrur sé notuð á hagnýtan hátt skulu þær upplýsingar sem krafist er að séu í henni vera í samræmi við tilkynningarnar sem krafist er samkvæmt IV. bálki, framleiðslugeta, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 ([5]) þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar stuðningsáætlanir, viðskipti við þriðju lönd, framleiðslugetu og eftirlit innan víngeirans.

8) Til að tryggja samræmi á milli þeirra vínræktarupplýsinga sem liggja fyrir skulu tiltekin gögn, sem safnað er innan ramma reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 357/79 frá 5. febrúar 1979 um hagskýrslukannanir á vínræktarsvæðum ([6]), höfð með í skránni yfir vínekrur, einkum gögn sem varða það ár sem plantað var í vínekruspilduna (*e. vineyard parcel*).

9) Til að tryggja að upplýsingarnar í skránni yfir vínekrur stemmi með samræmdum hætti við raunverulegar aðstæður í vínræktinni skal hún stöðugt uppfærð og sannprófuð reglulega.

10) Í 111. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er tilgreint að framleiðendur á þrúgum, sem ætlaðar eru til vínframleiðslu, og framleiðendur á musti og víni verði að leggja fram uppskeruyfirlýsingar (*e. harvest declaration*) árlega að því er varðar nýjustu uppskeruna og að framleiðendur á víni og musti og rekstraraðilar, aðrir en smásalar, skuli tilkynna um birgðir sínar á hverju ári. Í þeirri grein er einnig mælt fyrir um að aðildarríkin geti einnig krafist þess að þeir sem selja þrúgur tilkynni um það magn þrúgna sem sett er á markað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 27.5.2009, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 208, 31.7.1986, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 62, 5.3.1987, bls. 10.

([5]) Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 54, 5.3.1979, bls. 124.

11) Til að auðvelda vinnslu gagna sem varða yfirlýsingar skal taka hverja yfirlýsingu, sem lögð er fyrir lögbæra stjórnsýslueiningu, til athugunar aðskilið frá öðrum slíkum sem sami framleiðandi kann að hafa lagt fram hjá öðrum stjórnsýslueiningum í aðildarríkinu.

12) Hins vegar er ekki nauðsynlegt að krefja framleiðendur, sem geta gefið allar nauðsynlegar upplýsingar í einni yfirlýsingu um vínframleiðslu, um að leggja fram tvær yfirlýsingar. Mjög smáir framleiðendur geta verið undanþegnir því að leggja fram yfirlýsingar þar eð heildarframleiðsla þeirra er mjög lítið hlutfall af framleiðslu í Bandalaginu.

13) Einnig skal setja ákvæði um að framleiðendur, sem selja vínafurðir fyrir þær dagsetningar sem eru tilgreindar fyrir yfirlýsingar, skuli leggja fram yfirlýsingar.

14) Til að greiða fyrir stjórnun markaðarins skal mæla fyrir um tímamörk til að leggja fram yfirlýsingar. Þar eð uppskera fer fram á mismunandi tímum í mismunandi aðildarríkjum skulu frestir, sem framleiðendur fá til að leggja fram yfirlýsingar, dreifast yfir viðeigandi tímabil.

15) Til að greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar skal mæla hér fyrir um og setja fram í töfluformi þær upplýsingar sem gefa þarf upp í yfirlýsingunum en aðildarríkjunum skal heimilt að ákveða á hvaða formi rekstraraðilarnir eiga að leggja þær fram.

16) Notkun á tölvuvæddum aðferðum er smám saman að koma í stað handvirkrar færslu gagna á hinum ýmsu sviðum stjórnunarstarfsemi. Því skal einnig vera mögulegt að nota tölvuvæddar og rafrænar aðferðir fyrir lögboðnar yfirlýsingar.

17) Þeim aðildarríkjum sem búa yfir fullunninni skrá yfir vínekrur skal vera heimilt að nota tiltekin gögn, s.s. um flatarmál svæðis. Því er ákjósanlegt að leysa framleiðendur undan því að tilkynna um flatarmál svæðis við tilteknar aðstæður.

18) Aðildarríkjum, þar sem vínræktarsvæðið er ekki stærra en 500 hektarar og vínframleiðsla er ekki meiri en 50 000 hektólítrar, skal falið vald til að undanskilja tilteknar upplýsingar frá yfirlýsingunum og undanskilja framleiðendur frá því að leggja fram eina eða fleiri yfirlýsingar við aðstæður sem nánar verða tilgreindar.

19) Samþykkja skal fresti sem gefnir eru til að gera þær upplýsingar sem safnað er miðlægar á landsvísu.

20) Yfirlýsingar um uppskeru og birgðir, sem hinir ýmsu viðkomandi aðilar leggja fram, eru sem stendur eina leiðin til að vita með fullnægjandi hætti hvaða magn víns er framleitt og um vínbirgðir. Því þarf að gera viðeigandi ráðstafanir með því að kveða á um viðurlög ef yfirlýsingar eru ekki lagðar fram eða eru rangar eða ekki útfylltar að fullu þegar þær eru lagðar fram til að tryggja að viðkomandi aðilar leggi fram yfirlýsingar sem eru útfylltar að fullu og réttar.

21) Af sömu ástæðu er nauðsynlegt að samþykkja fresti, sem gefnir eru til að framsenda upplýsingarnar sem er safnað um lögbundnu yfirlýsingarnar til framkvæmdastjórnarinnar, og það form sem þessi framsending skal fara fram á.

22) Tilteknar upplýsingar verða að liggja fyrir um vínmarkaðinn til að tryggja að hægt sé að vakta hann. Auk gagna sem koma fram í samantektum á ýmsum yfirlýsingum er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um vínbirgðir, notkun og verð. Því skal aðildarríkjunum gert skylt að safna þessum upplýsingum og senda framkvæmdastjórninni þær á tilteknum fastákveðnum dagsetningum.

23) Veita má tilteknum aðildarríkjum undanþágu frá því að senda upplýsingar um verð þar eð heildarframleiðsla þeirra er tiltölulega lítið hlutfall af framleiðslu í Bandalaginu.

24) Því ber að fella úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1282/2001 ([1]) um nákvæmar reglur um söfnun upplýsinga til að auðkenna vínafurðir og vakta vínmarkaðinn.

25) Að því er varðar innri markað Bandalagsins skal afhenda þeim stjórnvöldum, sem bera ábyrgð á vöktun á geymslu og setningu vínafurða á markað, nauðsynleg stjórntæki til að annast skilvirkt eftirlit í samræmi við samræmdar reglur sem gilda í gervöllu Bandalaginu.

26) Samkvæmt 1. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 má einungis setja vínafurðir í dreifingu innan Bandalagsins ef þeim fylgir opinberlega viðurkennt fylgiskjal. Samkvæmt 2. mgr. 112. gr. er einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa vínafurðir undir höndum, gert skylt að halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir.

([1]) Stjtíð. EB L 176, 29.6.2001, bls. 14.

27) Stigin voru framfaraspor í skattasamræmingu í Bandalaginu með tilskipun ráðsins 92/12/EBE frá 25. febrúar 1992 um almennar ráðstafanir varðandi afurðir sem vörugjald er lagt á og yfirráð yfir þessum afurðum, flutning og eftirlit með þeim ([1]). Til að koma á samræmdum reglum sem gilda innan Bandalagsins og einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu fyrir iðnaðinn og almenning þykir rétt að skjöl sem fylgja sendingum vínafurða vegna beitingar skattareglugerða teljist einnig til viðurkenndra fylgiskjala.

28) Með flutningi vínafurða, sem falla ekki undir framangreindar reglur um gjaldtöku, og sendingum vínafurða frá smáframleiðendum skal fylgja skjal sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að vakta flutning slíkra afurða. Í þeim tilgangi má viðurkenna hvers kyns viðskiptaskjal þar sem fram koma a.m.k. nauðsynlegar upplýsingar til að sanngreina vöruna og rekja flutninga á henni.

29) Til að valda ekki óþarfa stjórnsýsluálagi á flutningsaðila skal ekki gerð krafa um fylgiskjöl með sendingum tiltekinna vínafurða sem eru fluttar stuttar vegalengdir eða í litlu magni í litlum ílátum.

30) Aukin tölvuvæðing í stjórnunarstarfsemi rekstraraðila hefur smám saman leyst pappírsskjöl af hólmi. Því er ákjósanlegt að gerð og notkun fylgiskjala og skráa sé einnig tölvuvædd.

31) Auk fylgiskjalanna er gerð krafa um viðbótarskjöl vegna útflutnings á vínafurðum, einkum útflutningsyfirlýsingar. Því skal mæla fyrir um viðbótarmálsmeðferðarreglur vegna samantektar og fullgildingar á þessum skjölum.

32) Vínafurðir, sem fluttar eru í lausu, skal vakta sérstaklega þar sem meiri líkur eru á svikum með slíkar afurðir en afurðir sem merktar eru á flöskum með einnota lokunarbúnaði. Krefjast skal viðbótarupplýsinga og fyrirframfullgildingar á fylgiskjalinu í slíkum tilvikum.

33) Til að greiða fyrir eftirliti lögbærra yfirvalda skal krefjast þess að vísað sé til skjals VI 1 í þeim skjölum sem fylgja afurðasendingum frá þriðju löndum sem settar eru í frjálsa dreifingu.

34) Fyrrnefnd ákvæði um gerð opinberra fylgiskjala og einfaldaða fylgiskjalsins vísa til reglna um vottun á uppruna og gæðum tiltekinna víntegunda. Því skal setja reglur um slíka vottun. Einnig skal setja reglur um vottun á uppruna tiltekinna vína vegna flutnings sem eru án reglna um gjaldtöku, einkum til útflutnings. Til að einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu fyrir einstaklinga og til að létta álagi vegna venjubundinna verkefna af lögbærum yfirvöldum skal sjá til þess að þau geti heimilað sendendum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, að færa sjálfir þær upplýsingar á fylgiskjalið sem votta um uppruna vínsins, með fyrirvara um að viðeigandi eftirlit hafi farið fram.

35) Gera skal ráð fyrir ráðstöfunum sem lögbær yfirvöld geta gripið til ef um er að ræða flutning flytjanda sem hefur framið alvarlegt brot eða ef um ólögmætan flutning er að ræða, en jafnframt skal gæta þess að úrbætur vegna slíks flutnings tefji flutninginn ekki óþarflega.

36) Til þess að tryggt sé að lögbær yfirvöld geti með öruggum hætti vaktað flutning og birgðahald á vínafurðum með því að skoða skrárnar, einkum í samstarfi milli þessara yfirvalda í hinum ýmsu aðildarríkjum, skal samræma reglur um skráahald í Bandalaginu.

37) Skuldbindingar sem varða skrár geta valdið óhóflegu stjórnsýsluálagi á tiltekna rekstraraðila. Því skulu aðildarríkin geta undanþegið þessa framleiðendur frá tilteknum kröfum.

38) Sérstök hætta er á svikum þegar notuð eru efni við tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir, einkum auðgun, sýringu og sætun. Af þeim sökum skal halda skrár yfir þessi efni til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með flutningi þeirra og notkun.

39) Gæta þarf sérstaklega að vöktun á freyðivínum og líkjörvínum þar eð öðrum afurðum er bætt við þau. Því skal leggja fram viðbótarupplýsingar auk þeirra sem koma fram í skránum.

40) Fylgiskjalið vegna flutnings vínafurða, sem mælt er fyrir um í reglum Bandalagsins, veitir gagnlegar upplýsingar þeim aðilum sem bera ábyrgð á að farið sé að reglum Bandalagsins og landsbundnum reglum í víngeiranum. Aðildarríkjunum skal heimilt að setja viðbótarreglur um beitingu þessarar reglugerðar vegna flutnings sem hefst á yfirráðasvæði þeirra.

([1]) Stjtíð. EB L 76, 23.3.1992, bls. 1.

41) Með 1. mgr. 18. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 884/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem mælt er fyrir um ítarleg framkvæmdaákvæði varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og skrár sem þarf að halda innan víngeirans ([1]) er aðildarríkjunum gefinn kostur á því að mæla fyrir um viðbótarákvæði eða sértæk ákvæði um viðkomandi afurðir sem eru í dreifingu á yfirráðasvæði þeirra. Í einu þessara ákvæða er heimilað að í stað upplýsinga um eðlismassa þrúgumusts miðað við rúmmál komi upplýsingar um eðlismassann, gefið upp í Oechsle-gráðum, fram til 31. júlí 2010. Smærri framleiðendur landbúnaðarafurða hafa einkum fylgt þessari hefðbundnu aðferð og þurfa enn nokkur ár til að taka upp nýju reglurnar um eðlismassa. Því er rétt að framlengja þessa undanþágu og fella reglugerð (EB) nr. 884/2001 úr gildi.

42) Ákjósanlegt er að aðildarríkin sendi framkvæmdastjórninni heiti og heimilisföng þeirra stofnana sem bera ábyrgð á að veita réttindi að því er varðar fylgiskjölin og skrárnar, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að framsenda þessar upplýsingar til hinna aðildarríkjanna.

43) Vegna skoðana skulu aðildarríkin geyma þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að sannprófa og gera úttekt á framkvæmd ákvæða þessarar reglugerðar, í hæfilega langan tíma.

44) Gera skal ráð fyrir úrræðum til að leysa úr tilvikum þar sem um er að ræða augljósar villur, óviðráðanleg atvik og önnur undantekningartilvik til að tryggja sanngjarna meðferð á flutningsaðilum. Setja skal reglur um tilbúnar aðstæður til að koma í veg fyrir að hægt sé að hagnast á slíkum aðstæðum.

45) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðinn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

SKRÁ YFIR VÍNEKRUR

1. gr.

Tilgangur

Í þessum bálki er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar (EB) nr. 479/2008 að því er varðar skrána yfir vínekrur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessum bálki merkir:

a) „vínræktandi“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila, óháð réttarstöðu hópsins og aðila hans samkvæmt landslögum, sem hefur yfir að ráða bújörð á yfirráðasvæði Bandalagsins, eins og það er skilgreint í 299. gr. sáttmálans, og stundar búskap á svæði þar sem vínvið hefur verið plantað,

b) „vínekruspilda“: landbúnaðarspilda eins og hún er skilgreind í 1. mgr. a í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 796/2004 ([2]), þar sem vínvið hefur verið plantað,

c) „yfirgefið vínræktarsvæði“: heildarlandsvæði þar sem vínviður er ræktaður, sem ekki er lengur nýtt til reglubundinnar ræktunar með það að markmiði að framleiða markaðshæfa afurð.

3. gr.

Upplýsingar í skránni yfir vínekrur

1. Til að koma á fót og viðhalda skrá yfir vínekrur skulu aðildarríkin safna upplýsingum sem varða:

a) að því er varðar hvern vínræktanda sem ræður yfir svæði þar sem vínvið hefur verið plantað, sem er a.m.k. 0,1 hektari eða fellur undir reglur Bandalagsins eða landsbundnar reglur um yfirlýsingu: upplýsingar varðandi:

   i. deili á viðkomandi,

   ii. staðsetningu vínekruspildnanna,

   iii. flatarmál vínekruspildnanna,

   iv. einkenni vínviðarins sem plantað er á vínekruspildurnar,

   v. ólögmæta plöntun, réttindi til plöntunar og áætlun um ruðningu eins og kveðið er á um í V. bálki reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

   vi. stuðning við endurskipulagningu og umbreytingu vínekra og grænuppskeru eins og kveðið er á um í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

b) flatarmál vínekruspildna sem ekki falla undir a-lið,

c) að því er varðar einstakling eða lögaðila eða hóp slíkra aðila sem skylt er að leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna sem kveðið er á um í 9. gr.: upplýsingar varðandi:

   i. deili á viðkomandi,

([1]) Stjtíð. EB L 128, 10.5.2001, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 141, 30.4.2004, bls. 18.

ii. lögboðnu yfirlýsingarnar sem kveðið er á um í II. bálki.

2. Upplýsingar sem varða einkenni hverrar vínekruspildu skulu sýndar sérstaklega í undirskránni um bújörðina. Þegar slíkt er mögulegt vegna sams konar eiginleika vínekruspildna mega upplýsingarnar þó eiga við um nokkrar samliggjandi vínekruspildur eða hluta af samliggjandi spildu eða spildum að því tilskildu að enn sé hægt að sanngreina hverja spildu.

3. Skráin yfir vínekrur skal innihalda a.m.k. þær upplýsingar sem safnað er í samræmi við 1. mgr., en einstök atriði og nákvæmar skilgreiningar þar að lútandi eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð.

4. Hins vegar skal sumum aðildarríkjum ekki vera skylt að safna eða setja eftirfarandi upplýsingar í skrána yfir vínekrur:

a) upplýsingar sem svara til 3. liðar í lið 1.1. og 5. til 7. liðar í lið 1.2. í I. viðauka ef aðildarríkin falla ekki undir umbreytingarfyrirkomulag varðandi réttindi til plöntunar skv. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

b) upplýsingar sem svara til 9. og 10. liðar í lið 1.2. í I. viðauka ef aðildarríkin falla ekki undir áætlun um ruðningu skv. 105. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

c) upplýsingar sem svara til undirliða b og c í 3. lið í lið 1.2 í I. viðauka ef aðildarríkin eru undanþegin flokkun á vínþrúguyrkjum skv. 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

4. gr.

Varðveisla upplýsinga og uppfærsla á þeim

Aðildarríkin skulu tryggja að gögnin í skránni yfir vínekrur séu varðveitt eins lengi og þörf krefur til að vakta og sannprófa ráðstafanirnar sem þær tengjast og ávallt í a.m.k. fimm næstu vínár á eftir því vínári sem þau tengjast.

Aðildarríkin skulu tryggja að skráin yfir vínekrur sé uppfærð reglulega um leið og þær upplýsingar sem safnað hefur verið verða aðgengilegar.

5. gr.

Sannprófun upplýsinga

Aðildarríkin skulu, a.m.k. fimmta hvert ár, sannprófa að þær rekstraraðstæður (*e. structural situation*) sem fram koma í undirskrám um vínræktendur og framleiðslu svari til raunverulegra aðstæðna að því er varðar hvern vínræktanda og einstakling eða lögaðila eða hóp slíkra aðila sem skylt er að leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna sem mælt er fyrir um í 9. gr. Undirskránum skal breytt á grunni þessarar sannprófunar.

II. BÁLKUR

LÖGBOÐNAR YFIRLÝSINGAR OG SÖFNUN UPPLÝSINGA TIL AÐ VAKTA VÍNMARKAÐINN

6. gr.

Tilgangur

Þessi bálkur fjallar um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 479/2008 að því er varðar lögboðnar yfirlýsingar og söfnun upplýsinga til að vakta vínmarkaðinn.

7. gr.

Skilgreiningar

Í þessum bálki merkir:

a) „uppskerendur“: einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila sem skera upp þrúgur,

b) „smásalar“: einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila, sem stunda m.a. þá atvinnustarfsemi að selja vín beint til neytenda í smáum stíl en hvert aðildarríki skilgreinir magnið nánar með hliðsjón af því sem einkennir viðskiptin og dreifinguna, þó ekki þeir sem nota kjallara sem eru búnir til birgðahalds og aðstöðu til að setja vín á flöskur í stórum stíl.

I. KAFLI

Lögboðnar yfirlýsingar

8. gr.

Uppskeruyfirlýsingar

1. Uppskerendur skulu leggja uppskeruyfirlýsingu, sem inniheldur a.m.k. þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II. viðauka og, eftir því sem við á, í III. viðauka, árlega fyrir lögbær yfirvöld í tilgreindri stjórnsýslueiningu í aðildarríkjunum.

Aðildarríkin geta heimilað að lögð sé fram ein yfirlýsing fyrir hverja bújörð.

2. Eftirfarandi aðilum er ekki skylt að leggja fram uppskeruyfirlýsingu:

a) uppskerendum sem framleiða eingöngu óunnar þrúgur til neyslu, til þurrkunar eða til beinnar vinnslu á þrúgusafa,

b) uppskerendum á bújörðum þar sem minna en 0,1 hektari er nýttur til vínræktar og enginn hluti uppskerunnar hefur verið eða verður settur á markað í nokkru formi,

c) uppskerendum á bújörðum þar sem minna en 0,1 hektari er nýttur til vínræktar og sem fara með alla uppskeruna í vínbrugghús samvinnufélags (*e. cooperative winery*) eða til hóps sem þeir tilheyra eða eru tengdir.

Í tilvikum þegar c-liður gildir skulu uppskerendur leggja fram yfirlýsingu hjá vínbrugghúsi samvinnufélagsins eða hópnum um:

a) nafn og heimilisfang vínræktandans,

b) það magn þrúgna sem afhent er,

c) stærð og staðsetningu viðkomandi vínræktarsvæða.

Vínbrugghús samvinnufélagsins eða hópurinn skal kanna áreiðanleika gagnanna í yfirlýsingunni og bera saman við þær upplýsingar sem hann hefur undir höndum.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. og með fyrirvara um skuldbindingarnar sem leiðir af 9. gr. geta aðildarríkin veitt eftirfarandi aðilum undanþágur frá skuldbindingunni um að leggja fram uppskeruyfirlýsingar:

a) uppskerendum sem annast sjálfir víngerð úr allri þrúgnauppskeru sinni eða láta vinna úr henni vín fyrir sig,

b) uppskerendum, sem tengjast eða eru aðilar að vínbrugghúsi samvinnufélags eða hópi, sem fara með alla uppskeruna í þá víngerð eða til þess hóps sem þrúgur og/eða must, þ.m.t. uppskerendur sem um getur í 3. mgr. 9. gr.

9. gr.

Framleiðsluyfirlýsingar

1. Einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila, þ.m.t. víngerðir samvinnufélaga, sem hafa framleitt vín og/eða must úr yfirstandandi uppskeru skulu árlega senda lögbærum yfirvöldum, sem aðildarríkin tilnefna, framleiðsluyfirlýsingu sem inniheldur a.m.k. þær upplýsingar sem eru tilgreindar í IV. viðauka.

Aðildarríkin geta heimilað að lögð sé fram ein yfirlýsing fyrir hverja vínframleiðslustöð (*e. winemaking establishment*).

2. Uppskerendum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., og framleiðendum, sem fá með víngerð á athafnasvæði sínu úr aðkeyptum afurðum innan við 10 hektólítra af víni sem hefur ekki verið eða verður ekki sett á markað í neinu formi, skal ekki skylt að leggja fram framleiðsluyfirlýsingu.

3. Einnig skal veita uppskerendum, sem tilheyra eða tengjast vínbrugghúsi samvinnufélags sem er skylt að leggja fram yfirlýsingu, sem fara með þrúgnauppskeru sína til vínbrugghússins en áskilja sér rétt til að framleiða magn af víni, sem er undir 10 hektólítrum, til neyslu innan fjölskyldu sinnar, undanþágu frá því að leggja fram framleiðsluyfirlýsingu.

4. Ef um er að ræða einstaklinga eða lögaðila eða hópa slíkra aðila, sem setja á markað afurðir til vínframleiðslu, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur, sem skylt er að leggja fram yfirlýsingar, geti aflað sér hinna ýmsu gagna sem þeir þurfa að leggja fram í yfirlýsingunum.

10. gr.

Yfirlýsingar um meðhöndlun og/eða setningu á markað

1. Aðildarríkin geta mælt fyrir um að einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila, þ.m.t. víngerðir samvinnufélaga, sem hafa, fyrir þann dag sem er tilgreindur í 1. mgr. 16. gr., meðhöndlað og/eða sett á markað afurðir til víngerðar á yfirstandandi vínári, skuli leggja yfirlýsingu um meðhöndlun og/eða setningu á markað fyrir lögbær yfirvöld.

2. Veita skal uppskerendum, sem tilheyra eða tengjast vínbrugghúsi samvinnufélags sem er skylt að leggja fram yfirlýsingu, sem fara með þrúgnauppskeru sína til vínbrugghússins en áskilja sér rétt til að framleiða magn af víni, sem er undir 10 hektólítrum, til neyslu innan fjölskyldu sinnar, undanþágu frá því að leggja fram yfirlýsingu um meðhöndlun og/eða setningu á markað.

11. gr.

Birgðayfirlýsingar

Einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila, aðrir en einkaneytendur og smásalar, skulu árlega senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum birgðayfirlýsingu vegna þrúgumusts, þrúgumustsþykknis, hreinsaðs þrúgumustsþykknis og víns sem þeir hafa undir höndum 31. júlí, sem inniheldur a.m.k. þær upplýsingar sem settar eru fram í V. viðauka. Vínafurðir frá Bandalaginu, sem eru framleiddar úr þrúgum sem koma úr uppskeru sama almanaksárs, skulu ekki taldar með í þessari yfirlýsingu.

Hins vegar geta aðildarríki með árlega vínframleiðslu sem er 50 000 hektólítrar eða minni veitt seljendum, öðrum en smásölum sem hafa litlar birgðir undir höndum, undanþágu frá skuldbindingunni um að leggja fram þær yfirlýsingar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, að því tilskildu að lögbæru yfirvöldin séu í þeirri aðstöðu að veita framkvæmdastjórninni tölfræðilegt mat á þessum birgðum sem geymdar eru í viðkomandi aðildarríki.

II. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

12. gr.

Eyðublöð

1. Aðildarríkin skulu útbúa fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir hinar ýmsu yfirlýsingar og tryggja að umrædd eyðublöð innihaldi a.m.k. þær upplýsingar sem eru tilgreindar í II., III. IV. og V. viðauka.

Gefa má eyðublöðin út og nota þau í tölvukerfum í samræmi við hvers kyns nákvæmar reglur sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum mæla fyrir um.

2. Eyðublöðin, sem um getur hér að framan, þurfa ekki að innihalda beina tilvísun í flatarmál svæðis ef aðildarríkið getur ákvarðað það á áreiðanlegan hátt út frá öðrum upplýsingum í yfirlýsingunni, s.s. um flatarmál svæðis sem er notað til framleiðslu og heildaruppskeru á bújörðinni eða út frá upplýsingum í skránni yfir vínekrur.

3. Gera skal upplýsingarnar í yfirlýsingunum, sem um getur í 1. mgr., miðlægar á landsvísu.

13. gr.

Tengsl við skrána yfir vínekrur

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. gr. þessarar reglugerðar og II. og IV. viðauka við hana geta aðildarríki sem hafa, í samræmi við 108. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, komið sér upp uppfærðri skrá yfir vínekrur, sem er uppfærð árlega, eða svipuðum stjórnsýslueftirlitsgerningi veitt þeim einstaklingum eða lögaðilum, hópum slíkra aðila eða uppskerendum, sem um getur í þessum greinum, undanþágu frá þeirri skuldbindingu að leggja fram yfirlýsingu um flatarmál svæðis.

Í slíkum tilvikum skulu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum sjálf fullgera yfirlýsingarnar með því að tilgreina flatarmál svæðis á grundvelli gagnanna í skránni fyrir vínekrur.

14. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríki, sem eru með vínræktarsvæði sem eru 500 hektarar eða minni og hafa aflað hluta af þeim upplýsingum sem eiga að koma fram í yfirlýsingunum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. í gegnum aðra stjórnsýslugerninga, geta sleppt þeim upplýsingum í yfirlýsingunum.

Aðildarríki, sem eru með vínræktarsvæði sem eru 500 hektarar eða minni og hafa aflað allra þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í yfirlýsingunum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. í gegnum aðra stjórnsýslugerninga, geta veitt rekstraraðilum undanþágu frá því að leggja fram eina eða fleiri þessara yfirlýsinga.

2. Aðildarríki, sem eru með árlega vínframleiðslu sem er 50 000 hektólítrar eða minni og hafa aflað sumra þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í yfirlýsingunum sem um getur í 11. gr. í gegnum aðra stjórnsýslugerninga, geta sleppt þeim upplýsingum í yfirlýsingunum.

Aðildarríki, sem eru með árlega vínframleiðslu sem er 50 000 hektólítrar eða minni og hafa aflað allra þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í yfirlýsingunum sem um getur í 11. gr. í gegnum aðra stjórnsýslugerninga, geta veitt rekstraraðilum undanþágu frá því að leggja fram þær yfirlýsingar.

3. Aðildarríki, sem eru með tölvukerfi sem hægt er að nota til að tengja saman yfirlýsendur, yfirlýsta framleiðslu og viðkomandi vínekruspildur, geta veitt framleiðendum undanþágu frá skuldbindingunni um að tilgreina kóðana fyrir spildurnar, sem kveðið er á um í II. viðauka, sem eru gerðir í samræmi við 8. gr. Einkum má nota kóðann fyrir vínræktareininguna til að tengja saman tilvísun í klasa af spildum eða tilvísun í skrána yfir vínekrur.

15. gr.

Viðmiðanir sem þarf að uppfylla

1. Til að umreikna magn annarra afurða en víns yfir í hektólítra víns geta aðildarríkin ákveðið reiknistuðla sem geta verið breytilegir eftir mismunandi hlutlægum viðmiðunum sem hafa áhrif á umreikninginn. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reiknistuðlana ásamt samantektinni sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr.

2. Vínmagnið, sem færa skal í framleiðsluyfirlýsinguna sem kveðið er á um í 9. gr., skal vera það heildarmagn sem fæst að lokinni aðalalkóhólgerjuninni, þ.m.t. víndreggjar.

16. gr.

Dagsetningar fyrir framlagningu yfirlýsinga

1. Yfirlýsingarnar, sem um getur í 8. og 9. gr., skal leggja fram eigi síðar en 15. janúar. Aðildarríkin geta þó ákveðið fyrri dagsetningu eða dagsetningar. Þau geta líka ákveðið dagsetningu þar sem tekið er tillit til birgðamagns þegar yfirlýsingar eru lagðar fram.

2. Yfirlýsingarnar, sem um getur í 11. gr., skal leggja fram eigi síðar en 10. september að því er varðar birgðamagn 31. júlí. Aðildarríkin geta þó ákveðið fyrri dagsetningu eða dagsetningar.

17. gr.

Skoðanir

Aðildarríkin skulu innleiða hvers kyns skoðanir og ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja áreiðanleika yfirlýsinganna.

18. gr.

Viðurlög

1. Aðilar sem skylt er að leggja fram yfirlýsingar um uppskeru, framleiðslu eða birgðir en leggja ekki fram slíkar yfirlýsingar fyrir þær dagsetningar sem eru tilgreindar í 16. gr. þessarar reglugerðar skulu, nema ef um óviðráðanleg atvik er að ræða, hvorki njóta góðs af þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 12., 15., 17., 18. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 á því vínári sem um ræðir né á næsta vínári á eftir.

Ef farið er yfir þær dagsetningar, sem mælt er fyrir um í 16. gr. þessarar reglugerðar, en ekki meira en 10 virkum dögum skal það þó einungis leiða til hlutfallslegrar skerðingar á hundraðshluta þeirra upphæða sem greiða á fyrir viðkomandi vínár, sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um í samræmi við frestinn, með fyrirvara um álagningu landsbundinna viðurlaga.

2. Ef lögbær yfirvöld aðildarríkjanna telja að yfirlýsingarnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., séu ófullnægjandi eða rangar og ef vitneskja um upplýsingar sem vantar eða eru rangar er nauðsynleg vegna réttrar beitingar á ráðstöfununum sem mælt er fyrir um í 12., 15., 17., 18. og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal sú aðstoð sem veitt er, að undanskildum tilvikum ef um er að ræða óviðráðanleg atvik, skert hlutfallslega um upphæð sem þar til bær aðili ákveður, háð því hversu alvarlegt brotið er, með fyrirvara um landsbundin viðurlög.

III. KAFLI

Tilkynningar sem aðildarríkin skulu annast

19. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkja

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi á rafrænan hátt:

a) í tengslum við yfirstandandi vínár:

   i. eigi síðar en 15. september: áætlun um líklegt magn vínafurða sem fæst á yfirráðasvæði þeirra,

   ii. eigi síðar en 30. nóvember: áætlun um birgðir vínafurða og það magn sem er notað á yfirráðasvæði þeirra,

   iii. eigi síðar en 15. apríl: endanlega niðurstöðu úr framleiðsluyfirlýsingunum,

b) í tengslum við liðin vínár:

   i. eigi síðar en 30. nóvember: samantekt á birgðayfirlýsingum í lok árs,

   ii. eigi síðar en 15. desember: bráðabirgðaskýrslu um síðastliðið vínár,

   iii. eigi síðar en 15. mars: lokaskýrslu um vínárið á undan næstliðnu vínári.

2. Þessar skýrslur skal senda til Hagstofu Evrópubandalaganna.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar mikilvægar nýjar staðreyndir sem líklegar eru til að breyta að verulegu leyti matinu á fyrirliggjandi magni og magni sem notað er, byggt er á lokagögnum frá liðnum árum.

3. Með það fyrir augum að fylgjast með verðþróun skulu aðildarríki, þar sem vínframleiðsla síðustu fimm ára var að meðaltali yfir 5% af heildarvínframleiðslu Bandalagsins, tilkynna framkvæmdastjórninni um eftirfarandi að því er varðar vín sem um getur í 1. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008:

a) eigi síðar en 15. hvers mánaðar: samantekt á markaðsverði (*e. quotation*) fyrir síðastliðinn mánuð, eða

b) fyrir 1. ágúst 2009: þær opinberu upplýsingaveitur sem þau telja áreiðanlegar til skráningar á verðum.

Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórnin hafi rétt til að birta tölurnar frá upplýsingaveitunum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar.

Aðildarríkin skulu velja takmarkaðan fjölda markaða til að vakta og finna samtals átta dæmigerðustu markaðsverðin fyrir hvítvín og rauðvín sem framleidd eru á yfirráðasvæðum þeirra.

Verðin skulu gilda fyrir óinnpakkaðar afurðir frá athafnasvæði framleiðenda og skulu sett fram í evrum á %/hektólítra eða hektólítra.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði og lokaákvæði

20. gr.

Almennt ákvæði

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á nein ákvæði aðildarríkjanna um uppskeru, framleiðslu, meðhöndlun og/eða setningu á markað eða birgðayfirlýsingar þar sem kveðið er á um að leggja skuli fram ítarlegri upplýsingar, m.a. með því að ná til fleiri aðila en þeirra sem kveðið er á um í 8. 9. og 11. gr.

III. BÁLKUR

FYLGISKJÖL MEÐ SENDINGUM VÍNAFURÐA OG SKRÁR SEM HALDA SKAL Í VÍNGEIRANUM

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar

21. gr.

Tilgangur og gildissvið

1. Í þessum bálki er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 að því er varðar fylgiskjöl með afurðum úr víngeiranum sem um getur í XII. hluta I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([1]) með fyrirvara um beitingu tilskipunar 92/12/EBE. Í henni er mælt fyrir um:

a) reglur um gerð skjala sem fylgja sendingum vínafurða:

   i. innan aðildarríkis, þegar skjal í samræmi við reglur Bandalagsins, er grundvallast á tilskipun 92/12/EBE, fylgir ekki með slíkum sendingum,

   ii. við útflutning til þriðja lands,

   iii. í viðskiptum innan Bandalagsins ef:

      – sá sem annast flutninginn er smáframleiðandi sem aðildarríkið, sem flutningurinn hefst í, veitir undanþágu frá því að útbúa einfaldað fylgiskjal, eða

      – flutt er vínafurð sem ekki er vörugjaldsskyld,

b) viðbótarákvæði vegna gerðar:

   i. opinbers fylgiskjals eða viðskiptaskjals sem er notað í þess stað,

   ii. einfaldaðs fylgiskjals eða viðskiptaskjals sem er notað í þess stað,

c) reglur um upprunavottun víns með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, í skjölum sem fylgja sendingum af þeim vínum.

2. Í þessum bálki er einnig mælt fyrir um reglur um það hvernig aðilar, sem hafa vínafurðum undir höndum í starfi sínu, skuli halda skrár með inn- og útfærslum.

22. gr.

Skilgreiningar

Í þessum bálki merkir:

a) „framleiðendur“: einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila sem ráða yfir eða hafa ráðið yfir ferskum þrúgum, þrúgumusti eða nýju víni sem er enn í gerjun og framleiða úr þeim vín eða láta framleiða það fyrir sig,

b) „smáframleiðendur“: framleiðendur sem framleiða að meðaltali minna en 1000 hektólítra af víni á ári,

c) „smásalar“: einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila sem stunda m.a. þá atvinnustarfsemi að selja vín beint til neytenda í smáum stíl en hvert aðildarríki skilgreinir magnið nánar með hliðsjón af því sem einkennir viðskiptin og dreifinguna, þó ekki þeir sem nota kjallara sem eru búnir til birgðahalds og, ef við á, aðstöðu til að setja vín á flöskur í stórum stíl eða farandkaupmenn sem selja vín sem eru flutt í lausu,

d) „opinbert fylgiskjal“: skjal sem samrýmist reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2719/92 ([2]),

e) „einfaldað fylgiskjal“: skjal sem samrýmist reglugerð (EBE) nr. 3649/92 ([3]),

f) „seljandi sem heldur ekki birgðir“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila sem kaupir eða selur vínafurðir í atvinnuskyni en ræður ekki yfir húsnæði til að geyma afurðirnar,

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 276, 19.9.1992, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 369, 18.12.1992, bls. 17.

g) „lokunarbúnaður“: búnaður til að loka ílátum sem ekki hafa meira nafnrúmtak en fimm lítra,

h) „átöppun“: það að tappa viðkomandi afurðum á ílát, sem rúma mest 60 lítra, til að bjóða megi þær til sölu,

i) „átappari“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila sem stundar átöppun eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum.

Við beitingu b-liðar fyrstu málsgreinar skulu aðildarríkin taka tillit til meðalframleiðslu a.m.k. þriggja vínára í röð. Aðildarríkin þurfa ekki að líta svo á að framleiðendur sem kaupa ferskar þrúgur eða þrúgumust til að vinna úr þeim vín séu smáframleiðendur.

II. KAFLI

Skjöl sem fylgja sendingum vínafurða

23. gr.

Tilgangur

Þrátt fyrir hugsanlega notkun á tölvuvæddum aðferðum skulu þeir einstaklingar eða lögaðilar eða hópar slíkra aðila, að meðtöldum seljendum sem halda ekki birgðir, sem hafa lögheimili eða skráða starfsstöð á tollsvæði Bandalagsins og flytja vínafurðir eða stuðla að flutningi vínafurða, útbúa á eigin ábyrgð skjal sem fylgja skal sendingunni, hér á eftir nefnt „fylgiskjal“.

24. gr.

Viðurkennd fylgiskjöl

1. Eftirfarandi skjöl skulu viðurkennd sem fylgiskjöl:

a) fyrir afurðir sem falla undir formsatriði er varða flutning afurða sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/12/EBE:

   i. ef afurð er sett í dreifingu og vörugjald fellt niður: opinbert fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem er útbúið í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2719/92,

   ii. ef afurð er í dreifingu innan Bandalagsins og hún er í umferð til neyslu í sendingaraðildarríkinu: einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem er útbúið í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3649/92,

b) fyrir afurðir sem falla ekki undir formsatriði er varða flutninga á afurðum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/12/EBE, þ.m.t., þegar við á, vín sem smáframleiðendur framleiða, hvert það skjal sem veitir a.m.k. þær upplýsingar sem um getur í C-lið VI. viðauka, auk viðbótarupplýsinga, sem aðildarríkið gerir kröfu um, og er útbúið í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr.:

a) ef flutningur hefst á yfirráðasvæði þeirra geta aðildarríki krafist þess að fylgiskjalið sé útbúið í samræmi við fyrirmyndina í VII. viðauka,

b) ef flutningur hefst og honum lýkur á yfirráðasvæði þeirra geta aðildarríki fallið frá kröfunni um að skipta þurfi fylgiskjölum í reiti og að tölusetja verði upplýsingarnar eins og á fyrirmyndinni í VII. viðauka.

25. gr.

Undanþágur

Þrátt fyrir 23. gr. þarf ekkert skjal að fylgja:

a) þegar um er að ræða vínafurðir í ílátum þar sem nafnrúmmál er meira en 60 lítrar, sendingum:

   i. af þrúgum, einnig pressuðum, eða þrúgumusti, sem þrúgnaframleiðendur sjá um að flytja sjálfir frá vínekrum sínum eða annarri starfsstöð sem tilheyrir þeim, ef heildarvegalengd er ekki meiri en 40 km og flutt er:

      – ef um er að ræða einstaka framleiðendur: til vínframleiðslustöðvar þeirra,

      – ef um er að ræða samtök framleiðenda: til vínframleiðslustöðvar samtakanna,

   ii. af þrúgum, einnig pressuðum, sem framleiðendurnir flytja sjálfir eða þriðju aðilar, aðrir en viðtakendur, fyrir þá frá vínekrum þeirra:

      – ef flutt er til vínframleiðslustöðvar viðtakanda sem er í sama vínræktarhéraði, og

      – ef heildarvegalengd er ekki meiri en 40 km.; lögbærum yfirvöldum er heimilt að auka hámarksvegalengdina í 70 km í undantekningartilvikum,

   iii. af vínediki,

iv. ef lögbært yfirvald hefur heimilað slíkt: flutningi innan sömu staðbundnu stjórnsýslueiningar eða til staðbundinnar stjórnsýslueiningar í næsta nágrenni eða, ef stök heimild hefur verið veitt, innan sömu héraðsbundnu stjórnsýslueiningar, ef afurðin:

– er flutt milli tveggja starfsstöðva fyrirtækis, samanber þó beitingu a-liðar 2. mgr. 38. gr. eða

– skiptir ekki um eigendur og er flutt til vínframleiðslu, vinnslu, geymslu eða átöppunar,

v. af þrúguhrati og víndreggjum:

– til eimingarstöðvar ef afurðinni fylgir afhendingarseðill sem lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem flutningur hefst, hafa mælt fyrir um, eða

– ef flutt er í þeim tilgangi að innkalla vínafurðina úr vínframleiðsluferlinu undir eftirliti skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008,

b) þegar um er að ræða afurðir í ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar og með fyrirvara um tilskipun 92/12/EBE, sendingar:

i. af afurðum í merktum ílátum, sem lokað er með einnota lokunarbúnaði, með nafnrúmmál að hámarki fimm lítra þar sem heildarmagn fer ekki yfir:

– fimm lítra ef um er að ræða þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

– 100 lítra af öllum öðrum afurðum,

ii. af víni eða þrúgusafa ætlað sendiráðum, ræðisskrifstofum og svipuðum stofnunum, innan þeirra marka sem þeim eru sett,

iii. af víni eða þrúgusafa:

– sem flutt er með búslóð í einkaeign og er ekki ætlað til sölu,

– í skipum, flugvélum eða lestum og ætlað til neyslu um borð,

iv. af hlutgerjuðu víni og þrúgumusti, sem einstaklingar flytja og er ætlað til einkaneyslu viðtakanda eða fjölskyldu hans, að öðru leyti en um getur í a-lið þar sem flutt magn fer ekki yfir 30 lítra,

v. af hvers konar afurð sem er ætluð til vísindalegra eða tæknilegra tilrauna, þar sem flutt heildarmagn fer ekki yfir einn hektólítra,

vi. af sýnishornum af vöru,

af sýnishornum fyrir opinbera stofnun eða rannsóknastofu.

Í undantekningartilvikum er lögbærum yfirvöldum heimilt að auka 40 km. hámarksvegalengdina, sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar fyrstu málsgreinar, í 70 km.

Ef veitt er undanþága frá kröfunni um að leggja fram skjal sem á að fylgja þeim sendingum sem um getur í i. til v. lið b-liðar fyrstu málsgreinar, skulu sendendur, aðrir en smásalar eða einstaklingar sem af og til ráðstafa afurðinni til annarra einstaklinga, hvenær sem er geta sannað að allar færslur í skránum, sem mælt er fyrir um í III. kafla eða í öðrum skrám sem hlutaðeigandi aðildarríki gerir kröfu um, séu réttar.

26. gr.

Gerð fylgiskjals

1. Fylgiskjal telst útbúið á tilhlýðilegan hátt ef það inniheldur allar þær upplýsingar sem settar eru fram í VI. viðauka.

2. Einungis er heimilt að nota fylgiskjalið vegna einnar sendingar.

3. Fylgiskjölin, sem um getur í b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 24. gr., má útbúa og senda á rafrænan hátt í samræmi við málsmeðferðarreglur sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samþykkt.

Innihald fylgiskjalanna skal vera hið sama, hvort sem þau eru gerð á rafrænu formi eða á pappír.

27. gr.

Notkun fylgiskjals vegna útflutnings

1. Ef viðtakandi hefur staðfestu utan tollsvæðis Bandalagsins skal leggja fram frumrit af skjalinu sem fylgir sendingunni og eitt afrit eða, eftir því sem við á, afrit nr. 1 og 2 til stuðnings útflutningsyfirlýsingunni, hjá þar til bærri tollskrifstofu útflutningsaðildarríkisins. Tollskrifstofan skal tryggja að á útflutningsyfirlýsingu komi fram upplýsingar um gerð, dagsetningu og númer skjalsins, sem lagt er fram, og að á frumriti og afriti fylgiskjalsins eða, eftir því sem við á, báðum afritum fylgiskjalsins komi fram gerð, dagsetning og númer útflutningsyfirlýsingarinnar.

Tollskrifstofan á útflutningsstað frá tollsvæði Bandalagsins skal setja eina af þeim merkingum sem skráðar eru í IX. viðauka á afritin tvö sem um getur hér að ofan og löggilda með stimpli. Hún skal afhenda útflytjanda eða fulltrúa hans stimpluðu afritin með þessari áritun. Hann skal tryggja að eitt afrit fylgi útfluttu afurðinni.

2. Í tilvísununum sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. skal a.m.k. tilgreina gerð, dagsetningu og númer skjalsins og, að því er útflutningsyfirlýsinguna varðar, heiti og heimilisfang þar til bærs yfirvalds sem ber ábyrgð á útflutningi.

3. Auk fylgiskjalsins skal upplýsingablaðið, sem tollasamvinnuráðið mælir fyrir um í ályktun sinni frá 3. desember 1963, fylgja vínafurðum, sem eru fluttar út til bráðabirgða til eins af aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í samræmi við ráðstafanir sem gilda um ytri aðvinnslu samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ([1]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 ([2]), til geymslu, þroskunar og/eða pökkunar. Í reitum á blaðinu, sem eru ætlaðir fyrir lýsingu afurðarinnar, skal henni lýst í samræmi við reglur Bandalagsins og landsbundnar reglur og tilgreint það magn víns sem flutt er.

Þessar upplýsingar skulu teknar úr frumriti fylgiskjalsins sem fylgir víninu við flutning til tollskrifstofunnar þar sem upplýsingablaðið er gefið út. Á upplýsingablaðinu skal einnig tilgreina gerð, dagsetningu og númer framangreinds skjals er fylgdi sendingunni áður.

Ef flytja á afurðirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, aftur inn á tollsvæði Bandalagsins, skal til þess bær EFTA-tollskrifstofa útfylla upplýsingablaðið á tilhlýðilegan hátt. Líta skal á það skjal sem ígildi fylgiskjals vegna flutnings til tollskrifstofu, annaðhvort á ákvörðunarstað í Bandalaginu eða þar sem afurðin er sett í dreifingu til neyslu, að því tilskildu að í reitnum „Vörulýsing“ sé að finna þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein.

Hlutaðeigandi tollskrifstofa í Bandalaginu skal stimpla afrit eða ljósrit af því skjali sem viðtakandi eða fulltrúi hans leggur fram og senda honum það aftur í samræmi við þessa reglugerð.

4. Að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, sem eru flutt út til þriðju landa með fylgiskjali í samræmi við þessa reglugerð, skal umrætt skjal lagt fram til stuðnings öðrum skjölum, sem fullnægja kröfum lögbæra yfirvaldsins, þegar slík vín eru sett í frjálsa dreifingu í Bandalaginu ef umrædd vín uppfylla hvorki skilyrði 3. mgr. né flokkast undir endursendar vörur í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 og (EBE) nr. 2454/93. Teljist fylgiskjölin fullnægjandi skal hlutaðeigandi tollskrifstofa árita afrit eða ljósrit af vottorði um verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem viðtakandi eða fulltrúi hans hefur lagt fram og endursenda honum það í samræmi við þessa reglugerð.

28. gr.

Flutningar í lausu

1. Ef fylgiskjal er fyllt út og látið fylgja sendingu af vínafurð í ílátum þar sem nafnrúmmál er meira en 60 lítrar skal lögbæra yfirvaldið, sem nefnt er á skjalinu (heiti og heimilisfang), úthluta tilvísunarnúmeri fyrir skjalið. Yfirvaldið getur verið skattaeftirlitsaðili.

2. Tilvísunarnúmerið skal

a) vera hluti af samfelldri númeraröð og

b) vera forprentað.

Ekki er nauðsynlegt að fara að skilyrðinu sem um getur í b-lið ef notað er tölvukerfi.

3. Frumrit af fylgiskjalinu sem um getur í 1. mgr., rétt útfyllt, og afrit af því skal fullgilt fyrirfram og síðan vegna hverrar flutningsaðgerðar:

a) með stimpli lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem flutningurinn hefst, eða

([1]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

b) af sendanda með þar til gerðum stimpli eða merki eftir stimpilvél sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í a-lið, viðurkennir.

4. Þegar opinbert fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem uppfyllir skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 2719/92 eða einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem uppfyllir skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 3649/92 er notað skal fullgilda fyrsta og annað afrit fyrirfram í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

29. gr.

Flutningur á meira magni en 60 lítrum

Auk skjalsins sem er tilgreint vegna sendingarinnar skal gera kröfu um afrit af því, sem lögbært yfirvald viðurkennir, vegna flutnings á meira magni en 60 lítrum af eftirtöldum, ópökkuðum vínafurðum:

a) afurðir upprunnar í Bandalaginu:

i. vín sem eru ætluð til framleiðslu á vínum með verndaða upprunatáknun,

ii. hlutgerjað þrúgumust,

iii. þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

iv. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,

v. þrúgusafi,

vi. þrúgusafaþykkni,

b) afurðir sem eru ekki upprunnar í Bandalaginu:

i. ferskar þrúgur, þó ekki vínber til neyslu,

ii. þrúgumust,

iii. þrúgumustsþykkni,

iv. hlutgerjað þrúgumust,

v. þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,

vi. ferskt þrúgumust þar sem gerjun var stöðvuð með íblöndun alkóhóls,

vii. þrúgusafi,

viii. þrúgusafaþykkni,

ix. líkjörvín sem er notað við framleiðslu afurða sem falla ekki undir SAT-númer 2204.

Hið sama gildir um eftirtaldar afurðir, óháð uppruna þeirra og því magni sem er flutt, með fyrirvara um undanþágurnar sem um getur í 25. gr.:

a) víndreggjar,

b) þrúguhrat sem er ætlað til eimingar eða annarrar iðnaðarvinnslu,

c) piquette-vín,

d) vín styrkt til eimingar,

e) vín úr þrúgum af yrkjum sem eru ekki skráð sem vínþrúguyrki í flokkuninni sem aðildarríkin gerðu skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 fyrir þá stjórnsýslueiningu sem þær eru uppskornar á,

f) afurðir sem ekki má bjóða eða afhenda til beinnar neyslu.

Sendandi skal framsenda afritið, sem um getur í fyrstu undirgrein, til lögbærs yfirvalds á fermingarstað með fljótlegasta hætti sem völ er á, eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að vörurnar fóru af fermingarstað. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda afritið til lögbærs yfirvalds á affermingarstað með fljótlegasta hætti sem völ er á, eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að það barst eða var gefið út, ef yfirvaldið sjálft fyllir það út.

30. gr.

Flutningur á afurð frá þriðja landi, sem sett er í frjálsa dreifingu

Á fylgiskjölum vegna alls flutnings innan tollsvæðis Bandalagsins á afurðum frá þriðju löndum, sem fara í frjálsa dreifingu, skal koma fram:

a) númer VI 1 skjalsins sem er útbúið í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008,

b) hvenær skjalið var fyllt út,

c) heiti og heimilisfang þess yfirvalds í þriðja landi sem fyllti skjalið út eða heimilaði framleiðanda að fylla það út.

31. gr.

Vottorð um verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu

1. Fylgiskjal telst vera vottun á verndaðri upprunatáknun eða verndaðri landfræðilegri merkingu ef það er rétt útfyllt:

a) af sendendum sem eru sjálfir framleiðendur vínsins sem er flutt og hvorki kaupa né selja vínafurðir sem eru fengnar úr þrúgum sem eru uppskornar á öðrum vínræktarsvæðum en þeim sem þeir nota sem heiti á víni úr eigin framleiðslu,

b) af sendendum, sem falla ekki undir a-lið, að því tilskildu að á fylgiskjalinu sé vottun lögbærs yfirvalds um að upplýsingarnar á því séu réttar á grundvelli upplýsinga á fylgiskjölum með fyrri sendingum á umræddum afurðum,

c) samkvæmt 1. mgr. 33. gr., að því tilskildu að:

i. fylgiskjalið sé fyllt út í samræmi við fyrirmynd sem mælt er fyrir um fyrir:

– opinbera fylgiskjalið eða

– einfaldaðaða fylgiskjalið eða

– fylgiskjalið sem fyrirmynd er að í VII. viðauka eða

– eina skjalið sem um getur í b-lið 2. mgr. 24. gr.,

ii. eftirfarandi er ritað á réttum stað á fylgiskjalinu:

– fyrir vín með verndaða upprunatáknun: „Þetta skjal gildir sem vottun fyrir verndaða upprunatáknun þeirra vína sem hér eru talin upp“,

– fyrir vín með verndaða, landfræðilega merkingu: „Þetta skjal gildir sem vottun fyrir verndaða, landfræðilega merkingu þeirra vína sem hér eru talin upp“,

iii. upplýsingarnar, sem um getur í ii. lið, eru fullgiltar með stimpli lögbærs yfirvalds, dagsetningu og undirskrift þess sem ber ábyrgðina, eftir því sem við á:

– á afrit 1 og 2 ef um er að ræða fyrirmynd sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar, eða

– á frumrit fylgiskjalsins og á afrit ef notuð er fyrirmyndin sem um getur í þriðja og fjórða undirlið i. liðar,

iv. lögbært yfirvald úthlutar tilvísunarnúmeri fylgiskjalsins,

v. ef um er að ræða sendingar frá aðildarríki, sem er ekki framleiðsluaðildarríki, kemur eftirfarandi fram:

– tilvísunarnúmerið,

– hvenær skjalið var fyllt út,

– heiti og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins sem vísað er til á skjalinu sem fylgir við flutning afurðarinnar áður en hún er framsend og þar sem fram kemur vottun fyrir vernduðu upprunatáknunina eða vernduðu landfræðilegu merkinguna.

2. Aðildarríki getur gert það að skyldu að votta verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu fyrir vín sem framleidd eru á yfirráðasvæði þess.

3. Lögbær yfirvöld aðildarríkis geta leyft sendendum, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr., að fylla út sjálfir eða láta prenta fyrirfram upplýsingar um vottun fyrir verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu á fylgiskjalið, að því tilskildu að slík vottun:

a) sé fullgilt fyrirfram með stimpli lögbærs yfirvalds, undirskrift þess sem ber ábyrgðina og dagsetningu eða

b) sé fullgilt af sendendunum sjálfum með sérstökum stimpli sem lögbært yfirvald hefur heimilað og er í samræmi við fyrirmynd sem sett er fram í VIII. viðauka; heimilt er að prenta stimpilinn fyrir fram á eyðublöðin, að því tilskildu að þau séu prentuð hjá prentara sem samþykktur hefur verið í þessu skyni.

4. Heimildin, sem um getur í 3. mgr., skal aðeins veitt sendendum sem senda reglulega vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu að lokinni vottun þess, samkvæmt beiðni, ef innfærslu- og útfærsluskrár eru haldnar í samræmi við III. kafla og að þannig sé unnt að sannreyna að upplýsingarnar í skjölunum séu réttar.

Lögbær yfirvöld geta neitað sendendum um heimild ef þeir leggja ekki fram þær tryggingar sem yfirvöldin telja nauðsynlegar. Þau geta afturkallað heimild, einkum ef sendendur standast ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, eða geta ekki lengur lagt fram þær tryggingar sem krafist er.

5. Sendendum sem veitt hefur verið heimildin, sem um getur í 3. mgr., skal vera skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að varðveita sérstaka stimpilinn eða eyðublöðin sem bera stimpil lögbærs yfirvalds eða sérstaka stimpilinn.

6. Í viðskiptum við þriðju lönd má einungis nota fylgiskjöl, sem eru fyllt út í samræmi við 1. mgr., vegna útflutnings frá framleiðsluaðildarríkinu til að votta fyrir vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu að verndaða upprunatáknunin eða verndaða landfræðilega merkingin fyrir afurðina sé í samræmi við viðeigandi landsbundin ákvæði og ákvæði Bandalagsins. Við útflutning frá aðildarríki sem er ekki framleiðsluríki skal þó fylgiskjalið sem fylgir farminum og útfyllt er í samræmi við 1. mgr., teljast vottun um upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu ef fram kemur á því:

a) tilvísunarnúmerið,

b) hvenær skjalið var fyllt út,

c) heiti og heimilisfang yfirvaldsins, sem um getur í 1. mgr., og getið er í skjölunum sem fylgja við flutning afurðarinnar áður en hún var flutt út og þar sem vottuð er upprunatáknun eða landfræðileg merking.

7. Fylgiskjalið skal teljast vera vottun um upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands ef um er að ræða innflutt vín og fyrrnefnt skjal hefur verið útfyllt í samræmi við þessa grein og notuð hefur verið ein þeirra fyrirmynda sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr.

32. gr.

Höfnun viðtakanda

Ef viðtakandi hafnar, í heild eða að hluta til, afurð sem er flutt með fylgiskjali skal hann rita orðin „hafnað af viðtakanda“ aftan á skjalið, ásamt dagsetningu og undirskrift viðtakanda ásamt, ef við á, upplýsingum um það magn sem er hafnað, í lítrum eða kílógrömmum.

Í slíku tilviki er heimilt að endursenda afurðina til sendanda með sama fylgiskjali eða geyma hana á athafnasvæði flutningsaðila þar til búið er að fylla út nýtt skjal til að senda með afurðinni til baka.

33. gr.

Flutningur flytjanda sem hefur gerst sekur um alvarlegt brot

1. Ef lögbært yfirvald kemst að því að einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila, sem flytur eða hefur flutt vínafurð, hefur gerst sekur um alvarlegt brot gegn ákvæðum Bandalagsins um víngeirann eða ákvæði landslaga sem samþykkt hafa verið samkvæmt þeim, eða ef yfirvaldið hefur rökstuddan grun um slíkt brot, getur það farið fram á að sendandinn útfylli fylgiskjalið og fái lögbært fullgildingaryfirvald til að fullgilda það.

Skilyrði varðandi notkun afurðarinnar geta fylgt þegar slík fullgilding er veitt. Fullgilding skal felast í stimpli, undirskrift embættismanns lögbæra yfirvaldsins og dagsetningu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um flutning á afurðum sem eru ekki í samræmi við reglur Bandalagsins eða landsbundnar reglur varðandi framleiðsluskilyrði eða samsetningu.

34. gr.

Ólögmætur flutningur

1. Ef upp kemst að sending, sem skjal á að fylgja, er flutt án slíks skjals eða henni fylgir skjal með röngum upplýsingum, villum eða ófullnægjandi upplýsingum skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem þetta kemst upp eða önnur stofnun, sem ber ábyrgð á að reglum Bandalagsins eða landsbundnum reglum um víngeirann sé fylgt, gera nauðsynlegar ráðstafanir:

a) til að samræma slíkan flutning settum reglum, annað hvort með því að leiðrétta efnislegar villur eða með því fylla út nýtt skjal,

b) ef við á, beita viðurlögum vegna frávika frá reglum eftir því hversu alvarlegt málið er, einkum með því að beita ákvæðum 1. mgr. 33. gr.

Lögbært yfirvald eða önnur stofnun, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal stimpla skjöl sem búið er að leiðrétta eða fylla út í samræmi við það ákvæði. Úrbætur vegna frávika frá reglum mega ekki seinka umræddri flutningsaðgerð lengur en bráð nauðsyn krefur.

Ef upp koma alvarleg eða endurtekin frávik frá reglum skal það yfirvald, sem ber ábyrgð á svæðinu sem affermingarstaðurinn er á, upplýsa það yfirvald, sem ber ábyrgð á svæðinu þar sem fermingarstaðurinn er, um slíkt. Ef um er að ræða flutning innan Bandalagsins skal senda slíkar upplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 555/2008.

2. Ef ómögulegt reynist að samræma flutningsaðgerðina settum reglum í skilningi fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal lögbæra yfirvaldið eða stofnunin sem uppgötvaði frávikið stöðva flutninginn. Viðkomandi aðili skal tilkynna sendanda að flutningurinn hafi verið stöðvaður og um afleiðingar þess. Í þessum ráðstöfunum getur falist bann við að markaðssetja afurðina.

35. gr.

Óviðráðanleg atvik eða ófyrirséð óhöpp

Ef nauðsynlegt reynist meðan á flutningi stendur, vegna óviðráðanlegra atvika eða ófyrirséðs óhapps, að skipta farmi, sem krafist er fylgiskjals með, eða farmurinn glatast, allur eða að hluta, skal flytjandi fara fram á það við lögbært yfirvald þar sem óhappið eða óviðráðanlega atvikið átti sér stað að það gefi út yfirlýsingu þar um.

Flytjandi skal einnig, ef unnt reynist, tilkynna lögbæru yfirvaldi, sem er næst þeim stað þar sem óhappið eða óviðráðanlega atvikið átti sér stað, um það til að það geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma flutningsaðgerðina, sem um ræðir, settum reglum.

III. KAFLI

Skrár

36. gr.

Tilgangur

1. Einstaklingum eða lögaðilum og hópum slíkra aðila, sem hafa vínafurðir undir höndum í hvers konar atvinnu- eða viðskiptalegum tilgangi, er skylt að halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir, hér á eftir nefndar „skrár“.

2. Aðildarríki geta krafist þess að seljendur, sem ekki halda birgðir, haldi skrár í samræmi við reglur og málsmeðferðarreglur sem þau skulu tilgreina.

3. Aðilar, sem er skylt að halda skrár, skulu skrá inn- og útfærslu á hverri framleiðslulotu afurða, eins og um getur í 1. mgr., til og frá athafnasvæði sínu svo og hvaða aðgerðir, sem eru tilgreindar í 1. mgr. 41. gr., hafa verið framkvæmdar á athafnasvæðinu. Þessir aðilar skulu einnig geta lagt fram, vegna hverrar færslu í innfærslu- og útfærsluskrá afurða, fylgiskjal sem hefur fylgt viðkomandi sendingu eða annað skjal til stuðnings, m.a. viðskiptaskjal.

37. gr.

Undanþágur

1. Eftirtaldir aðilar þurfa ekki að halda skrár:

a) smásalar,

b) þeir sem selja drykki til beinnar neyslu á staðnum.

2. Þess er ekki krafist að haldnar séu skrár um vínedik.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að einstaklingum og lögaðilum og hópum slíkra aðila, sem halda birgðir af vínafurðum eða selja þær einungis í litlum ílátum og fullnægja kröfum um kynningu, sem um getur í i. lið b-liðar. 25. gr., sé ekki skylt að halda skrár að því tilskildu að unnt sé að hafa eftirlit með inn- og útfærslu afurða og birgðum hvenær sem er á grundvelli annarra fylgiskjala, einkum viðskiptaskjala sem eru notuð við bókhald.

38. gr.

Samsetning skránna

1. Skrárnar skulu:

a) annað hvort vera útfylltar rafrænt í samræmi við nákvæmar reglur sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna mæla fyrir um og skal innihald tölvuvæddu skránna vera það sama og í pappírsskránum,

b) eða vera með föstum síðufjölda í hlaupandi númeraröð,

c) eða vera færðar í viðeigandi nútímabókhaldskerfi, sem lögbær yfirvöld viðurkenna, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem færa skal í skrárnar, komi þar fram.

Aðildarríki mega þó kveða á um að:

a) skrár sem seljendur halda, sem hvorki annast neinar þær aðgerðir sem eru tilgreindar í 1. mgr. 41. gr. né stunda neina vínfræðilega vinnslu, geti samanstaðið af safni fylgiskjala,

b) skrár sem framleiðendur halda geti samanstaðið af skýringum á bakhlið yfirlýsinga um uppskeru, framleiðslu eða birgðir sem kveðið er á um í II. bálki.

2. Halda skal sérstakar skrár fyrir hvert fyrirtæki á því athafnasvæði sem afurðirnar eru geymdar á.

Hins vegar og með því skilyrði að alltaf sé unnt að hafa eftirlit með inn- og útfærslu afurða og birgðum á raunverulegum birgðastað afurðanna á grundvelli annarra fylgiskjala, geta lögbær yfirvöld veitt heimild, ef við á, með því að gefa fyrirmæli um:

a) að skrárnar séu haldnar í skráðri starfsstöð fyrirtækisins ef afurðirnar eru geymdar á ýmsum stöðum er tilheyra sama fyrirtækinu innan sömu staðbundinnar stjórnsýslueiningar eða í slíkri einingu í næsta nágrenni,

b) að sérhæft fyrirtæki á þessu sviði haldi skrárnar.

Ef smásöluverslanir, sem selja beint til endanlegra notenda, eru hluti af einu og sama fyrirtækinu og fá vörur sínar frá einu eða fleiri miðlægum birgðageymslum fyrirtækisins ber að halda skrár fyrir slíkar miðlægar birgðageymslur, með fyrirvara um 3. mgr. 37. gr.; afgreiðsla til viðkomandi smásala skal færð sem útfærsla í slíkar skrár.

39. gr.

Afurðir sem færa skal í skrárnar

1. Að því er varðar afurðir sem færa skal í skrárnar skal halda aðskilið bókhald vegna:

a) allra flokkanna sem skráðir eru í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008,

b) allra vína með verndaða upprunatáknun og afurða sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni,

c) allra vína með verndaða, landfræðilega merkingu og afurða sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni,

d) allra einsyrkisvína án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar og afurða sem ætlaðar eru til framleiðslu á slíku víni.

Færa má í sama bókhald vín með verndaða upprunatáknun af ólíkum uppruna sem eru sett í ílát sem taka ekki meira en 60 lítra og eru merkt í samræmi við ákvæði Bandalagins, eru fengin frá þriðju aðilum og geymd með sölu í huga, að því tilskildu að lögbært yfirvald eða umboðsaðili eða aðili, sem yfirvaldið hefur veitt til þess umboð, hafi samþykkt það og inn- og útfærsla víns með verndaða upprunatáknun sé færð sérstaklega; þetta á einnig við um vín sem bera verndaða, landfræðilega merkingu.

Ef leyfi fyrir notkun á verndaðri upprunatáknun og verndaðri landfræðilegri merkingu tapast verður að skrá slíkt í skrárnar.

2. Aðildarríkin skulu tilgreina með hvaða hætti skulu færa upplýsingar inn í skrárnar sem varða:

a) einkaneyslu framleiðanda og fjölskyldu hans,

b) breytingar á rúmmáli afurðarinnar, sem verða vegna óhapps.

40. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í skránum

1. Í skránum skulu koma fram eftirtaldar upplýsingar vegna allrar inn- eða útfærslu afurða:

a) eftirlitsnúmer afurðarinnar, ef slíks númers er krafist samkvæmt ákvæðum Bandalagsins eða landsbundnum ákvæðum,

b) dagsetning aðgerðar,

c) raunverulegt magn sem var fært inn eða út,

d) lýsing á viðkomandi afurð í samræmi við viðeigandi reglur Bandalagsins og landsbundnar reglur,

e) tilvísun í skjalið sem fylgir eða hefur fylgt umræddri sendingu.

2. Að því er varðar vínin sem um getur í 1.–9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, skal færslan í skránum, sem rekstraraðilarnir halda, innihalda valkvæðu upplýsingarnar sem settar eru fram í 60. gr. þeirrar reglugerðar að því tilskildu að þær komi fram á merkingunum eða að fyrirhugað sé að þær komi fram á merkingunum.

Í stað lögboðnu upplýsinganna, sem um getur í 1. mgr., má setja í skrá, sem aðrir en framleiðendur halda, númer fylgiskjalsins og dagsetninguna þegar það var útbúið.

3. Í skránum skal auðkenna ílát fyrir geymslu afurðanna sem um getur í 2. mgr. og tilgreina nafnrúmmál þeirra. Enn fremur skal setja á ílátin viðeigandi upplýsingar, sem aðildarríkin hafa kveðið á um, þannig að aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti geti greint innihald þeirra með því að nota skrárnar eða önnur skjöl í þeirra stað.

Þegar um er að ræða ílát sem rúma 600 lítra eða minna, fyllt með sömu afurð og geymd saman innan sömu framleiðslueiningar, má þó merkja framleiðslueininguna í heild frekar en stök ílát, að því tilskildu að hún sé greinilega aðgreind frá öðrum einingum.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 6. mgr. 31. gr. skal setja í útfærsluskrána tilvísun til þess skjals sem fylgdi afurðinni við fyrri flutning.

41. gr.

Aðgerðir sem færa skal í skrárnar

1. Í skrárnar skal færa eftirtaldar aðgerðir:

a) aukningu á alkóhólstyrkleika,

b) sýringu,

c) afsýringu,

d) sætun,

e) blöndun,

f) átöppun,

g) eimingu,

h) framleiðslu allra flokka freyðivíns, hálffreyðandi víns og loftblandaðs hálffreyðandi víns,

i) framleiðslu líkjörvíns,

j) framleiðslu þrúgumustsþykknis, einnig hreinsaðs,

k) meðhöndlun með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar,

l) meðhöndlun með kalíumferrósýaníði,

m) styrkingu víns fyrir eimingu,

n) aðrar vinnsluaðferðir sem fela í sér íblöndun alkóhóls,

o) vinnslu sem leiðir af sér afurð af öðrum flokkum, m.a. kryddvín,

p) meðhöndlun með rafskiljun eða meðhöndlun með jónaskiptum til að tryggja stöðugun víns með tilliti til vínsýrumagns,

q) viðbót dímetýldíkarbónats (DMDC) í vín,

r) notkun á eikarspænum við vínframleiðslu,

s) alkóhólsneyðingu víns að hluta til,

t) notkun nýrra vínfræðilegra vinnsluaðferða í tilraunaskyni, þ.m.t. viðeigandi tilvísun í heimild frá hlutaðeigandi aðildarríki,

u) viðbót brennisteinsdíoxíðs, kalíumbísúlfíts eða kalíummetabísúlfíts.

Ef fyrirtæki fær heimild til að halda einfaldaðar skrár, eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 38. gr. þessarar reglugerðar, má lögbært yfirvald samþykkja afrit af tilkynningunum, sem kveðið er á um í 4. lið D-liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem jafngildi færslna í skrárnar um aðgerðir til að auka alkóhólstyrkleika, sýringu og afsýringu.

2. Að því er varðar aðgerðirnar sem eru tilgreindar í 1. mgr. skal í öðrum skrám en þeim sem um getur í 42. mgr. geta:

a) þeirrar aðgerðar sem viðhöfð var og dagsetningar hennar,

b) eðlis og magns þeirra afurða sem voru notaðar,

c) magns afurðar sem fæst með aðgerðinni, þ.m.t. alkóhól sem er framleitt með því að alkóhólsneyða vín að hluta til,

d) magns afurðar sem er notuð til að auka alkóhólstyrkleika, sýringar og afsýringar, sætunar og styrkingar fyrir eimingu,

e) lýsingar á afurðunum fyrir og eftir aðgerð í samræmi við viðeigandi reglur Bandalagsins eða landsbundnar reglur,

f) merkinga á ílátum sem afurðirnar, sem færðar voru í skrárnar, voru geymdar í fyrir og eru geymdar í eftir aðgerðina,

g) varðandi átöppun: fjölda flaskna sem tappað var á og innihald þeirra,

h) ef um er að ræða átöppun samkvæmt samningi, nafn og heimilisfang átappara.

Ef afurð skiptir um flokk án þess að hún hafi gengist undir eina þeirra aðgerða sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., einkum ef um er að ræða gerjun þrúgumusts, skal færa í skrárnar magn og tegund afurðar sem var framleidd eftir breytinguna.

42. gr.

Skrár yfir freyðivín og líkjörvín

1. Að því er varðar framleiðslu freyðivíns skal koma fram í skránum fyrir hverja vínlögun (cuvée):

a) hvenær lögunin var gerð,

b) átöppunardagsetning fyrir alla flokka gæðafreyðivíns,

c) magn vínlögunarinnar og lýsing, magn og raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki hvers efnisþáttar þess,

d) hversu mikið var notað af tirage-líkjör,

e) hversu mikið var notað af expedition-líkjör til að koma sætun af stað,

f) fjöldi flaskna sem fékkst, og skal tilgreina þar sem við á tegund freyðivíns og skal í heitinu vísa til magns sykurleifa ef heitið kemur fram á merkimiðanum.

2. Að því er varðar framleiðslu líkjörvíns skal koma fram í skránum vegna hverrar framleiðslulotu:

a) hvenær afurðum, sem skráðar eru í e- og f -lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, var bætt við,

b) tegund og magn afurðar sem bætt var við.

43. gr.

Sérstakar skrár eða bókhald

1. Þeir sem halda skrárnar skulu halda sérstakar skrár eða bókhald yfir inn- og útfærslur á eftirtöldum afurðum sem þeir hafa undir höndum, hver sem notkunin er, þ.m.t. notkun á athafnasvæðum þeirra:

a) súkrósi,

b) þrúgumustsþykkni,

c) hreinsað þrúgumustsþykkni,

d) afurðir til sýringar,

e) afurðir til afsýringar,

f) brenndir drykkir eimaðir úr víni.

Það að haldnar eru sérstakar skrár eða bókhald veitir ekki undanþágu frá tilkynningunum sem um getur í 4. lið D-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008.

2. Sérstöku skrárnar eða bókhaldið, sem um getur í 1. mgr., skulu sýna sérstaklega fyrir hverja afurð:

a) að því er varðar innfærslu:

   i. nafn eða viðskiptaheiti og heimilisfang birgis, þar sem vísað er til skjalsins sem fylgdi við flutning á afurðinni, eftir því sem við á,

   ii. það magn sem um ræðir,

   iii. komudag,

b) að því er varðar útfærslur:

   i. það magn sem um ræðir,

   ii. notkunardag eða útfærsludag,

   iii. nafn eða viðskiptaheiti og heimilisfang viðtakanda, eftir því sem við á.

44. gr.

Tap

Aðildarríkin skulu ákveða viðunandi hámarkshlutfall sem tapast má vegna uppgufunar við geymslu, vegna aðgerða við vinnslu eða annars sem veldur því að breyting verður á flokkun afurðarinnar.

Sá sem heldur skrárnar skal gefa lögbæru yfirvaldi á viðkomandi yfirráðasvæði skriflega skýrslu um tap, innan þeirra tímamarka sem aðildarríkin mæla fyrir um þegar raunverulegt tap fer yfir:

a) þau vikmörk sem um getur í 3. lið 1. liðar í B-hluta VI. viðauka, í flutningi og

b) það hámarkshlutfall sem aðildarríkin ákveða, í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein,

Þar til bæri aðilinn sem um getur í annarri undirgrein skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að rannsaka tapið.

45. gr.

Frestir til að færa í skrár

1. Færslur í sérstöku skrárnar eða bókhaldið:

a) sem um getur í 39., 40. og 44. gr. skulu gerðar, ef um er að ræða innfærslur, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku og, ef um er að ræða útfærslur, eigi síðar en á þriðja virka degi eftir sendingu,

b) sem um getur í 41. gr. skulu gerðar eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir aðgerð og, ef um er að ræða auðgun, á sama degi,

c) sem um getur í 43. gr. skulu gerðar, ef um er að ræða inn- og útfærslur, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku eða sendingu og, ef um notkun er að ræða, á notkunardegi.

Þó geta aðildarríkin heimilað rýmri fresti, að hámarki 30 daga, einkum ef skrár eru unnar í tölvum, að því tilskildu að samt sé unnt að hafa eftirlit með innfærslum, útfærslum og aðgerðum, sem um getur í 41. gr., hvenær sem er á grundvelli annarra fylgiskjala og að lögbært yfirvald eða umboðsaðili eða aðili, sem yfirvaldið hefur veitt umboð, telji skjölin áreiðanleg.

2. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr. og með fyrirvara um önnur ákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við j- og k-lið 1. mgr. 47. gr. má færa sendingar af sömu afurð í útfærsluskrá sem eina mánaðarlega heildarupphæð ef afurðin er einungis sett í þau ílát sem um getur í i. lið b-liðar í 25. gr.

46. gr.

Lokun skránna

Einu sinni á ári skal loka innfærslu- og útfærsluskránum og aðildarríkin geta ákveðið dagsetninguna (árlegur efnahagsreikningur). Gera skal skrá yfir birgðir í tengslum við árlega efnahagsreikninginn. Fyrirliggjandi birgðir skal færa sem innfærslur í skrárnar eftir árlega efnahagsreikninginn. Ef fram kemur misræmi í árlega efnahagsreikningnum á milli reiknaðra birgða og raunverulegra birgða skal gera athugasemd um það í lokuðu skránum.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir II. og III. kafla

47. gr.

Almenn ákvæði og umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkin geta:

a) kveðið á um að halda skuli birgðaskrár yfir lokunarbúnað sem er notaður fyrir ílát afurða með nafnrúmmál að hámarki fimm lítra, eins og um getur í i. lið b-liðar 25. gr., og sem setja skal á markað á yfirráðasvæðum þeirra, sem og um það að færa skuli sérstakar upplýsingar í þær,

b) farið fram á viðbótarupplýsingar um fylgiskjöl með sendingum af vínafurðum framleiddum á yfirráðasvæðum þeirra ef þessar upplýsingar teljast nauðsynlegar vegna eftirlits,

c) mælt fyrir um, þar sem þess er krafist vegna notkunar á tölvuvæddu birgðaskrárkerfi, hvar rita skuli tilteknar skyldubundnar upplýsingar á fylgiskjöl með sendingum vínafurða ef flutningurinn hefst á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að uppsetningu fyrirmyndanna, sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. 31. gr., sé ekki breytt,

d) leyft að í stað upplýsinga um eðlismassa þrúgumustsins komi upplýsingar um eðlismassann í Oechsle-gráðum ef flutningurinn hefst og honum lýkur á yfirráðasvæði þeirra án þess að farið sé um yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða þriðja lands, á umbreytingartímabili sem lýkur 31. júlí 2015,

e) mælt fyrir um að á fylgiskjölum vegna sendinga vínafurða, sem útfyllt eru á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðeins fram upplýsingar um dagsetningu heldur einnig klukkan hvað flutningurinn hófst,

f) mælt fyrir um, skv. i. lið a-liðar 25. gr., að ekki sé krafist fylgiskjals þegar þrúgur, einnig pressaðar, eða þrúgumust er flutt af framleiðendum, er tilheyra hópi framleiðenda og hafa framleitt þrúgurnar eða þrúgumustið sjálfir, eða af hópi framleiðenda sem ráða yfir umræddri afurð eða er flutt fyrir slíka framleiðendur eða hóp framleiðenda á safnstöð eða í vínframleiðslustöð hópsins, að því tilskildu að flutningurinn hefjist og honum ljúki innan sama vínræktarsvæðis og, ef umbreyta á afurðinni í vín með verndaða upprunatáknun, innan viðkomandi tilgreinds héraðs, þ.m.t. á aðliggjandi svæði,

g) mælt fyrir um og tilgreint notkun á afritum í hverju tilviki:

i. að sendandi skuli ganga frá einu eða fleiri afritum af fylgiskjölum vegna flutningsaðgerða sem hefjast á yfirráðasvæði þeirra,

ii. að viðtakandi skuli ganga frá einu eða fleiri afritum af fylgiskjölum vegna flutningsaðgerða sem hófust í öðru aðildarríki eða í þriðja landi og lýkur á yfirráðasvæði þeirra,

h) mælt fyrir um að undanþágan, sem um getur í ii. lið a-liðar 25. gr., um að ekki þurfi að nota fylgiskjal með tilteknum sendingum af þrúgum, geti ekki átt við flutning sem hefst eða lýkur á yfirráðasvæði þeirra,

i) mælt fyrir um að ef um er að ræða flutning, sem um getur í 29. gr. og hefst á yfirráðasvæði þeirra en lýkur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skuli sendandi senda heiti og heimilisfang lögbærs yfirvalds á affermingarstað með afritunum sem gengið var frá samkvæmt þeirri grein,

j) heimilað breytingu á þeim skrám sem fyrir liggja og mælt fyrir um viðbótarreglur eða strangari kröfur um skráahald og eftirlit með skrám,

k) kveðið á um, þegar ákvæðum 1. mgr. 33. gr. er beitt, að lögbæra yfirvaldið megi halda skrárnar eða láta stofnun sem hefur umboð til þess sjá um það.

Einkum geta aðildarríkin, í því tilviki sem um getur í j-lið, krafist þess að haldið sé aðskilið bókhald í skránum vegna tilgreindra afurða eða að aðskildar skrár séu haldnar um tiltekna afurðaflokka eða aðgerðir sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

2. Með fyrirvara um tilskipun 92/12/EBE mega aðildarríkin ekki banna eða hindra flutning á afurðum, sem eru settar í ílát með nafnrúmmál að hámarki fimm lítrar eins og um getur í i. lið b-liðar 25. gr., með því að vísa til lokunarbúnaðarins sem er notaður.

Þó geta aðildarríkin bannað notkun á tilteknum lokunarbúnaði eða pakkningum eða sett sérstök skilyrði um notkun slíks lokunarbúnaðar þegar um er að ræða afurðir sem er tappað á yfirráðasvæðum þeirra.

48. gr.

Geymsla fylgiskjala og skráa

1. Með fyrirvara um strangari ákvæði, sem aðildarríkin kunna að hafa samþykkt um beitingu löggjafar sinnar, eða landsbundna málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í öðrum tilgangi, skal geyma fylgiskjöl og afrit, sem krafist er, í a.m.k. fimm ár frá lokum þess almanaksárs þegar þau voru útfyllt.

2. Skrárnar og skjölin um aðgerðir, sem færðar eru í þær, skal geyma í a.m.k. fimm ár eftir að bókhaldinu, sem þau vísa til, hefur verið lokað. Ef einu eða fleiri bókhaldi í skrá, sem fjallar um lítið magn af víni, hefur ekki verið lokað má flytja það yfir í aðra skrá að því tilskildu að vísað sé til flutningsins í upphaflegu skránni. Í því tilviki skal fimm ára tímabilið, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, hefjast á þeim degi sem reikningurinn er færður á milli skráa.

49. gr.

Tilkynning

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) heiti og heimilisfang lögbærs yfirvalds eða lögbærra yfirvalda að því er varðar framkvæmd þessa bálks,

b) ef við á, heiti og heimilisfang aðila sem hafa umboð lögbærs yfirvalds að því er varðar framkvæmd þessa bálks.

2. Hvert aðildarríki skal einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) síðari breytingar varðandi lögbær yfirvöld og aðila sem um getur í 1. mgr.,

b) þær ráðstafanir sem það hefur gert varðandi framkvæmd þessa bálks ef þær hafa sérstakt gildi að því er varðar samvinnu milli aðildarríkjanna eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 555/2008.

3. Framkvæmdastjórnin skal útbúa skrá með heitum og heimilisföngum þar til bærra aðila og lögbærra yfirvalda, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin senda, og halda skránni uppfærðri. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána á Netinu.

IV. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

50. gr.

Tilkynning

1. Með fyrirvara um sértæk ákvæði þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að þau geti staðið við þá fresti til að senda tilkynningar sem settir eru fram í þessari reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu geyma þær upplýsingar sem skráðar eru samkvæmt þessari reglugerð í a.m.k. fimm næstu vínár á eftir árinu sem þær voru skráðar.

3. Þær tilkynningar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 357/79 um hagskýrslukannanir á vínræktarsvæðum.

51. gr.

Augljósar villur

Leiðrétta má allar tilkynningar, kröfur eða beiðnir, sem beint er til aðildarríkjanna samkvæmt þessari reglugerð, hvenær sem er eftir að þær eru lagðar fram þegar um er að ræða augljósar villur sem lögbært yfirvald viðurkennir.

52. gr.

Óviðráðanleg atvik og undantekningartilvik

Ekki skal leggja á þau viðurlög sem kveðið er á um í þessari reglugerð ef um er að ræða óviðráðanleg atvik eða undantekningartilvik í skilningi 31. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 73/2009 ([1]),

53. gr.

Niðurfelling og tilvísanir

Reglugerðir (EBE) nr. 649/87, (EB) nr. 884/2001 og (EB) nr. 1282/2001 eru hér með felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í X. viðauka.

54. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri

([1]) Stjtíð. ESB L 30, 19.1.2009, bls. 16.

I. VIÐAUKI

Lágmarksupplýsingar í skránni yfir vínekrur og nákvæmar skilgreiningar er varða þessar upplýsingar, eins og um getur í 3. gr.

1. UNDIRSKRÁ UM VÍNRÆKTENDUR

1.1. **Auðkenning og staðsetning**

1. Deili á vínræktandanum (sem samrýmist sameiginlega kerfinu til að skrá deili á hverjum bónda, sem um getur í f-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 73/2009).

2. Listi yfir og staðsetning á vínekruspildunum sem eru í ræktun (auðkenning sem samrýmist auðkenningarkerfinu fyrir landbúnaðarspildur sem um getur í b-lið 1. mgr. 15. gr. og 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 73/2009).

3. Réttindi til plöntunar sem hefur verið úthlutað en hafa enn ekki verið notuð og réttindi til endurplöntunar (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 15 í XIII. viðauka við hana).

1.2. **Einkenni vínekruspildnanna**

1. Auðkenning vínekruspildunnar: auðkenningarkerfið fyrir vínekruspildur skal byggjast á kortum eða þinglýstum fasteignaskjölum eða öðrum gögnum sem eru sett fram sem kort. Nota skal tölvuvædd landupplýsingakerfi þar sem helst er unnið með uppréttar loftmyndir eða uppréttar gervitunglamyndir með einsleita stöðlun sem tryggir nákvæmni sem er a.m.k. jafngild og kort á mælikvarðanum 1:10 000.

2. Flatarmál vínekruspildnanna

Í tilvikum þegar vínviður er ræktaður í bland með öðrum nytjaplöntum:

a) heildarflatarmál viðkomandi spildu,

b) flatarmál vínræktarsvæðis gefið upp sem hreinrækt (til umreiknings skal nota viðeigandi reiknistuðla sem aðildarríkið hefur ákveðið).

3. Flatarmál vínekruspildunnar eða, eftir því sem við á, flatarmál gefið upp sem hreinrækt, sundurliðað eftir einkennum vínviðarins:

a) flatarmál svæðis þar sem vínþrúguyrkjum hefur verið plantað (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 14 í XIII. viðauka við hana):

i. sem henta til framleiðslu á vínum með VUT (verndaða upprunatáknun)

– hvít,

– rauð/rósa,

ii. sem henta til framleiðslu á vínum með VLM (verndaða, landfræðilega merkingu)

– hvít,

– rauð/rósa,

iii. sem henta til framleiðslu á vínum án VUT eða VLM

– hvít,

– rauð/rósa,

b) flatarmál svæðis þar sem yrkjum hefur verið plantað sem eru bæði skráð í flokkun á vínviðaryrkjum, sem aðildarríkin hafa tekið saman í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 fyrir sömu stjórnsýslueiningu, sem vínþrúguyrki og, eftir því sem við á, sem vínberjayrki, yrki til framleiðslu á þurrkuðum þrúgum eða yrki til framleiðslu á brenndu víni,

c) flatarmál svæðis þar sem vínþrúguyrkjum hefur verið plantað sem eru ekki flokkuð eða sem aðildarríkin geta ekki flokkað í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

d) flatarmál svæðis þar sem yrkjum hefur verið plantað til framleiðslu á þurrkuðum þrúgum,

e) flatarmál plantaðs svæðis sem eingöngu er ætlað til framleiðslu á efni til kynlausrar fjölgunar á vínviði (gróðrarstöð fyrir ágræðslukvisti),

f) flatarmál svæðis með vínvið sem bíður ágræðslu,

g) flatarmál yfirgefins vínræktarsvæðis,

h) annað.

4. Vínþrúguyrki sem eru ræktuð, samsvarandi mat á flatarmáli svæða og hlutföllum innan viðkomandi vínekruspildu (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 74. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 16 í XIII. viðauka við hana).

5. Flatarmál svæðis þar sem plöntun hefur farið fram án tilsvarandi réttinda til plöntunar eftir 31. ágúst 1998 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 2 og 3 í XIII. viðauka við hana).

6. Flatarmál svæðis sem orðið hefur til vegna ólögmætrar plöntunar fyrir 1. september 1998 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 4 til 7 í XIII. viðauka við hana).

7. Flatarmál svæðis með nýplöntunarréttindi (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 61. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 8 í XIII. viðauka við hana).

8. Flatarmál plantaðs svæðis sem samþykkt hefur verið til framlags vegna ruðningar (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 11 í XIII. viðauka við hana).

9. Flatarmál svæðis sem hefur verið rutt og notið hefur góðs af samsvarandi framlagi (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í 68. og 73. gr. reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og töflu 12 í XIII. viðauka við hana).

10. Flatarmál plantaðs svæðis sem hefur verið endurskipulagt eða umbreytt í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í töflunum í VII. viðauka og VIII. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 555/2008).

11. Flatarmál plantaðs svæðis þar sem grænuppskera hefur farið fram í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (upplýsingar sem samrýmast tilkynningunum sem um getur í töflunum í VII. viðauka og VIII. viðauka b við reglugerð (EB) nr. 555/2008).

12. Ártal plöntunar eða, ef það er ekki þekkt, mat á aldri viðkomandi vínekruspildu (upplýsingar sem samrýmast reglugerð (EBE) nr. 357/79).

1.3. **Lögboðnar yfirlýsingar**

1. Uppskeruyfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast uppskeruyfirlýsingunum sem um getur í 8. gr. og í töflunum í II. og III. viðauka).

2. Framleiðsluyfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast framleiðsluyfirlýsingunum sem um getur í 9. gr. og í töflunni í IV. viðauka).

3. Birgðayfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast birgðayfirlýsingunum sem um getur í 11. gr. og í töflunni í V. viðauka).

2. UNDIRSKRÁ UM FRAMLEIÐSLU

2.1. **Sanngreining**

Deili á einstaklingi eða lögaðila eða hópi slíkra aðila sem er skylt að leggja fram framleiðsluyfirlýsinguna sem kveðið er á um í 9. gr.

2.2. **Lögboðnar yfirlýsingar**

1. Framleiðsluyfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast framleiðsluyfirlýsingunum sem um getur í 9. gr. og í töflunni í IV. viðauka).

2. Birgðayfirlýsing (upplýsingar sem samrýmast birgðayfirlýsingunum sem um getur í 11. gr. og í töflunni í V. viðauka).

3. ANNAÐ

Heildarflatarmál svæða þar sem vínvið hefur verið plantað sem kemur ekki fram í undirskránni um vínræktandann, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

II. VIÐAUKI

Þrúgnauppskeruyfirlýsing [í samræmi við 8. gr.]

Upplýsingagjafi: .... Ræktað vínekrusvæði (í hekturum): …	Flatarmál framleiðslusvæða		Magn uppskorinna þrúgna (hl eða 100 kg)		Áfangastaður þrúgnanna (hl)										
					Upplýsingagjafi framleiddi úr þeim vín		Fluttar til vínbrugghúss samvinnufélags ([1])				Seldar til vínframleiðanda ([1])				Aðrir ákvörðunarstaðir ([1])
							Þrúgur		Must		Þrúgur		Must		
	Ha ([2])	Kóðar fyrir spildur	Rauðar	Hvítar	Rautt	Hvítt	Rauðar	Hvítar	Rautt	Hvítt	Rauðar	Hvítar	Rautt	Hvítt	
1. Vínekrur fyrir vín með verndaða upprunatáknun															
2. Vínekrur fyrir vín með verndaða landfræðilega merkingu															
3. Vínekrur fyrir einyrkisvín án verndaðrar upprunatáknunar/verndaðrar landfræðilegrar merkingar															
4. Vínekrur fyrir vín án verndaðrar upprunatáknunar/verndaðrar landfræðilegrar merkingar															
5. Vínekrur fyrir önnur vín ([3])															

([1]) Tilgreina skal samanlagt magn þrúgna sem upplýsingagjafi afhendir eða selur. Gefa skal upp einstök atriði er varða þessar afhendingar eða sölur í III. viðauka.

([2]) Það flatarmál svæða sem skal færa inn í yfirlýsinguna er fyrir vínræktarsvæðið sem er notað til framleiðslu innan þeirrar stjórnsýslueiningar sem aðildarríkið ákveður.

([3]) „Önnur vín“: vín fengin úr þrúgum af yrkjum sem eru bæði skráð í flokkun á vínviðaryrkjum, sem aðildarríkin hafa tekið saman í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eftir atvikum, fyrir sömu stjórnsýslueiningu, sem vínþrúguyrki og, eftir því sem við á, sem vínberjayrki, yrki til framleiðslu á þurrkuðum þrúgum eða yrki til framleiðslu á brenndu víni.

III. VIÐAUKI

Þrúgnauppskeruyfirlýsing [í samræmi við 8. gr.]

(Varðar afurðir sem eru seldar eða afhentar áður en framleiðsluyfirlýsingin er lögð fram)

Viðtakendur	Eðli afurðanna sem eru seldar til vínframleiðanda eða afhentar til vínbrugghúss samvinnufélags (hektólítrar eða 100 kg)									
	Þrúgur og/eða must til víngerðar									
	Með VUT		Með VLM		Einyrkis án VUT/VLM		Án VUT/VLM		Önnur vín	
	Rauð	Hvít	Rauð	Hvít	Rauð	Hvít	Rauð	Hvít	Rauð	Hvít
1.										
.....										
.....										
.....										
.....										
2.										
.....										
.....										
.....										
.....										
3.										
.....										
.....										
.....										
.....										
4.										
….....										
.....										
.....										
.....										
5.										
.....										
.....										
.....										
.....										

VUT — vernduð upprunatáknun; vernduð, landfræðileg merking (VLM)

IV. VIÐAUKI

Framleiðsluyfirlýsing [í samræmi við 9. gr.]

A. Upplýsingar um upplýsingagjafann ([1])

.....

.....

.....

.....

B. Birgðastaður

.....

.....

.....

.....

Afurðaflokkur sem er notaður ([2])	Heiti og heimilisföng birgja og tilvísun í afhendingarskjal (fylgiskjal eða annað skjal)	Flatarmál vínekra, sem eru notaðar til framleiðslu, þar sem afurðirnar, sem eru notaðar, eru upprunnar	Þrúgur (hl eða 100 kg)	Afurðir sem hafa verið framleiddar frá upphafi vínársins og aðrar afurðir en vín í birgðum þann dag sem yfirlýsingin er gefin (hl) Q-ATH-KASTA!																			
				Með VUT				Með VLM				Einyrkis án VUT/VLM				Án VUT/VLM				Annað ([3])			
				Must ([4])		Vín ([5])		Must ([4])		Vín ([5])		Must ([4])		Vín ([5])		Must ([4])		Vín ([5])		Must		Vín ([5])	
				r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h	r/r	h

VUT – vernduð upprunatáknun; VLM – vernduð, landfræðileg merking; r/r – rautt/rósa: h – hvítt

([1]) Að því er varðar víngerðir samvinnufélaga skal halda skránni yfir félaga, sem afhenda alla uppskeru sína, aðskilinni frá skrá yfir aðra félaga.

([2]) Þrúgur, þrúgumust (þrúgumustsþykkni, hreinsað þrúgumustsþykkni, hlutgerjað must), ný vín sem eru enn í gerjun.

([3]) Undir þessari yfirskrift skal tilkynna um allar afurðir frá vínárinu, aðrar en þær sem tilkynnt var um í dálkunum hér á undan, ásamt þrúgumustsþykkni og hreinsuðu þrúgumustsþykkni sem er í birgðum þegar yfirlýsingin er lögð fram. Magn skal fært inn eftir afurðaflokki.

([4]) Þar með talið hlutgerjað must, þó ekki þrúgumustsþykkni og hreinsað þrúgumustsþykkni.

([5]) Þar með talin ný vín sem eru enn í gerjun.

V. VIÐAUKI

Yfirlýsing um birgðir af víni og musti [í samræmi við 11. gr.]

sem eru í birgðum 31. júlí (hl)

Upplýsingagjafi: .....

Birgðastaður: .....

Afurðaflokkur		Heildarbirgðir	þar af rauðvín og rósavín,	þar af hvítvín	Athugasemdir
Vín	1. Birgðir hjá framleiðendum: – vín með verndaða upprunatáknun (VUT) ([1]) – vín með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) ([2]) – einyrkisvín án VUT/VLM – vín án VUT/VLM ([3]) – önnur vín ([4])				
	Samtals				
	2. Birgðir hjá seljendum: a) – vín upprunnin Bandalaginu: – vín með verndaða upprunatáknun (VUT) ([1]) – vín með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) ([2]) – einyrkisvín án VUT/VLM – vín án VUT/VLM ([3]) b) – vín sem eru upprunnin í þriðju löndum				
	Samtals				
	3. Samantekt (1+2)				
Must	1. Birgðir hjá framleiðendum: – þrúgumustsþykkni – hreinsað þrúgumustsþykkni – annað must ([5])				
	Samtals				
	2. Birgðir hjá seljendum: – þrúgumustsþykkni – hreinsað þrúgumustsþykkni – annað must ([5])				
	Samtals				
	3. Samantekt (1+2)				

([1]) Þar með talin gæðavín f.t.h.
([2]) Þar með talin borðvín með landfræðilega merkingu.
([3]) Þar með talin borðvín án landfræðilegrar merkingar.
([4]) Undir þessari yfirskrift skal tilkynna um öll vín, önnur en þau sem tilkynnt er um í línunum hér á undan. Magn skal fært inn eftir afurðaflokki.
([5]) Þar með talið þrúgumust, hlutgerjað þrúgumust og hlutgerjað þrúgumust unnið úr léttþurrkuðum þrúgum.

VI. VIÐAUKI

Leiðbeiningar um útfyllingu fylgiskjalanna sem um getur í 26. gr.

A. Almennar reglur

1. Fylgiskjal skal fyllt læsilega út með skjalableki.

2. Ekki má leiðrétta eða strika yfir orð á skjalinu. Óheimilt er að nota fylgiskjalið ef gerðar eru villur við útfyllingu þess.

3. Afrit af fylgiskjali, sem krafist er, skal merkt „afrit“ eða með svipaðri athugasemd.

4. Ef skjal, sem er fyllt út í samræmi við fyrirmyndina í viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 2719/92 (opinbert- eða viðskiptaskjal) eða fyrirmyndina í viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 3649/92 (einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal), er notað til að fylgja vínafurð sem fellur ekki undir þau formsatriði sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/12/EBE skal draga línu á ská yfir þá reiti sem eiga ekki við.

5. Ef viðtakandi hefur staðfestu á yfirráðasvæði Bandalagsins skulu eftirfarandi reglur gilda um notkun fylgiskjals:

   a) vegna flutnings á vöru sem er undanþegin vörugjaldi: almennar athugasemdir í lið 1.5 í skýringum sem fylgja með reglugerð (EBE) nr. 2719/92,

   b) ef vara, sem flutt er innan Bandalagsins, er vörugjaldsskyld og hefur þegar verið sett á neytendamarkað í aðildarríkinu sem flutt er frá: almennar athugasemdir í lið 1.5 í skýringum sem fylgja með reglugerð (EBE) nr. 3649/92,

   c) í tilvikum sem falla ekki undir a- eða b-lið:

      i. ef notað er fylgiskjal sem krafist er vegna flutnings sem um getur í a- eða b-lið:

         – afrit nr. 1 skal geymast hjá sendanda,

         – afrit nr. 2 skal fylgja afurðinni frá fermingarstað til affermingarstaðar og afhendist viðtakanda eða fulltrúa hans,

      ii. ef annað fylgiskjal er notað:

         – frumritið af fylgiskjalinu skal fylgja afurðinni frá fermingarstað og afhendist viðtakanda eða fulltrúa hans,

         – sendandi geymir afrit.

6. Heimilt er að fylla út eitt fylgiskjal ef fluttar eru frá einum og sama sendanda til sama viðtakanda í einni sendingu:

   a) tvær eða fleiri framleiðslulotur í sama afurðaflokki eða

   b) tvær eða fleiri framleiðslulotur í mismunandi vöruflokkum, að því tilskildu að þær séu í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar og með einnota lokunarbúnaði.

7. Í því tilviki sem vísað er til í 1. mgr. 33. gr., eða ef lögbært yfirvald fyllir út fylgiskjal með sendingu, gildir skjalið aðeins ef flutningurinn hefst eigi síðar en á fimmta virkum degi eftir fullgildingardag þess eða daginn sem það var fyllt út, eftir því sem við á.

8. Ef afurðir eru fluttar í aðskildu rými í sama flutningagámi eða er blandað saman í flutningi verður að fylla út skjal fyrir hvern hluta um sig, hvort sem þær eru aðskildar eða samanblandaðar. Skjölin skulu sýna, í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í hverju aðildarríki, til hvers á að nota blönduðu afurðina.

Þó geta aðildarríkin heimilað sendendum eða umboðsaðilum að fylla út eitt fylgiskjal fyrir alla afurðina eða blönduðu afurðina. Í því tilviki skal lögbært yfirvald segja til um hvernig eigi að láta í té sannanir um flokka, uppruna og magn hinna ýmsu farma.

B. Sérreglur

1. Upplýsingar um afurðalýsingu:

1.1. Tegund afurðar

Tilgreinið tegund afurðarinnar með orðalagi er samrýmist reglum Bandalagsins og gefur nákvæmasta lýsingu á henni, t.d.:

a) vín án VUT/VLM,

b) einyrkisvín án VUT/VLM,

c) vín með VUT/VLM,

d) þrúgumust,

e) þrúgumust fyrir vín með VUT,

f) innflutt vín.

1.2. Að því er varðar flutning í lausu á vínunum sem um getur í 1.–9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 skal afurðalýsingin innihalda valkvæðu upplýsingarnar, sem settar eru fram í 60. gr. þeirrar reglugerðar, að því tilskildu að þær komi fram á merkingunum eða að fyrirhugað sé að þær komi fram á merkingunum.

1.3. Alkóhólstyrkleiki og eðlismassi vegna flutnings á afurðum í lausu eða í ómerktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar:

a) raunverulegur alkóhólstyrkleiki vínsins, þó ekki nýrra vína sem eru enn í gerjun, eða heildaralkóhólstyrkleiki nýs víns sem er enn í gerjun og þrúgumusts, sem er gerjað að hluta til, skal gefinn upp í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,

b) brotstuðull þrúgumusts skal fenginn með mæliaðferð sem Bandalagið viðurkennir. Hann skal gefinn upp í mögulegum alkóhólstyrkleika í % miðað við rúmmál. Þess í stað má gefa upp eðlismassa í grömmum á cm^3,

c) eðlismassi fersks þrúgumusts, þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með íblöndun alkóhóls, skal gefinn upp í grömmum á cm^3 og raunverulegur alkóhólstyrkleiki afurðarinnar skal gefinn upp í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,

d) heildarsykurmagn í þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni og þrúgusafaþykkni skal gefið upp í grömmum á lítra og kílógramm,

e) raunverulegan alkóhólstyrkleika þrúguhrats og víndreggja má einnig gefa upp (valfrjálst) og þá í lítrum hreins alkóhóls á 100 kg.

Þessar upplýsingar skulu gefnar með því að nota jafngildistöflur sem Bandalagið viðurkennir og er að finna í reglum um greiningaraðferðir.

Með fyrirvara um ákvæði Bandalagsins, þar sem mælt er fyrir um mörk vegna tiltekinna vínafurða, skulu eftirtalin vikmörk heimiluð:

a) að því er varðar heildar- eða raunverulegan alkóhólstyrkleika mega vikmörk vera ± 0,2% miðað við rúmmál,

b) að því er varðar upplýsingar um eðlismassa: vikmörk upp á sex einingar í fjórða tugasæti (± 0,0006),

c) að því er varðar sykurinnihald, ± 3%.

1,4. Aðrar upplýsingar varðandi flutning afurða í lausu:

a) Vínræktarsvæði

Nota skal eftirfarandi skammstafanir fyrir vínræktarsvæðið þar sem flutta afurðin er upprunnin, í samræmi við IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008: A, B, C I, C II, C IIIa og C IIIb.

b) Aðgerðir

Tilgreinið hvaða aðgerðir fluttu afurðirnar hafa gengist undir með eftirfarandi tölum í sviga:

0: afurðin hefur ekki gengist undir neina af neðangreindum aðgerðum,

1: afurðin hefur verið auðguð,

2: afurðin hefur verið sýrð,

3: afurðin hefur verið afsýrð,

4: afurðin hefur verið sætuð,

5: afurðin hefur verið styrkt fyrir eimingu,

6: við afurðina hefur verið bætt afurð sem er upprunnin í annarri landfræðilegri einingu en fram kemur í lýsingunni,

7: við afurðina hefur verið bætt afurð af öðru vínviðaryrki en fram kemur í lýsingunni,

8: við afurðina hefur verið bætt afurð sem var ræktuð á öðru ári en fram kemur í lýsingunni,

9: afurðin hefur verið framleidd með eikarspænum,

10: afurðin hefur verið framleidd á grundvelli notkunar á nýrri vínfræðilegri vinnsluaðferð í tilraunaskyni,

11: afurðin hefur verið alkóhólsneydd að hluta til,

12: aðrar aðgerðir sem skal tilgreina nánar.

Dæmi:

a) vín upprunnið á svæði B sem hefur verið styrkt: tilgreinið með B (1),

b) þrúgumust upprunnið á svæði CIII (b) sem hefur verið sýrt: tilgreinið með CIII (b) (2).

Gefa skal upplýsingar um vínræktarsvæðið og aðgerðir sem hafa farið fram til viðbótar við upplýsingar um lýsingu á afurðinni og innan sama sjónsviðs.

2. Upplýsingar um nettómagn:

Nettómagn:

a) þrúgna, þrúgumustsþykknis, hreinsaðs þrúgumustsþykknis, þrúgusafaþykknis, þrúguhrats og víndreggja í tonnum eða kílógrömmum skal tilgreint með táknunum „t“ eða „kg“,

b) annarra afurða í hektólítrum eða lítrum skal tilgreint með táknunum „hl“ eða „l“.

Heimiluð eru vikmörk sem nema 1,5% af heildarnettómagni þegar gefnar eru upplýsingar um magn afurðar í lausu.

C. Upplýsingar sem er krafist til að fullgera fylgiskjalið sem um getur í VII. viðauka

Formálsorð:

Fara skal nákvæmlega eftir fyrirmynd að fylgiskjali í VII. viðauka. Þó eru málin á reitunum fyrir upplýsingarnar aðeins ætluð til viðmiðunar.

	Númer reits í fyrirmynd í VII. viðauka
Sendandi: fullt heimilisfang auk póstnúmers	1
Tilvísunarnúmer: hver sending skal bera tilvísunarnúmer sem auðkennir hana í reikningshaldi sendandans (t.d. númer reiknings)	2
Viðtakandi: fullt heiti og heimilisfang, auk póstnúmers	3
Lögbær yfirvöld á sendingarstað: heiti og heimilisfang lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með viðskiptaskjali á sendingarstað. Þessa er einungis krafist ef um er að ræða flutning til annars aðildarríkis eða útflutning út fyrir Bandalagið	4
Flutningsaðili: nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á að skipuleggja fyrsta flutning (ef annar en sendandi) Aðrar upplýsingar um flutning: a) flutningsmáti (vöruflutningabifreið, sendibifreið, tankbifreið, bifreið, járnbrautarvagn, járnbrautartankvagn, flugvél), b) skráningarnúmer eða, ef um er að ræða skip, heiti (valfrjálst).	5
Sendingardagur og, ef aðildarríkið þar sem flutningur hefst mælir fyrir um slíkt, tímasetning sendingar Ef breytt er um flutningsmáta skal flytjandi sem fermir afurðina gefa upplýsingar á bakhlið skjalsins um: – sendingardag, – flutningsmáta og skráningarnúmer ökutækis og heiti skips, – kenninafn sitt, eiginnafn eða heiti fyrirtækis og heimilisfang auk póstnúmers.	6
Afhendingarstaður: raunverulegur afhendingarstaður ef afurðirnar voru ekki afhentar á heimilisfang viðtakanda. Vegna afurða sem eru fluttar út skal nota eitt af orðunum í IX. viðauka.	7
Lýsing á afurðinni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og aðrar landsbundnar reglur sem eiga við, einkum lögboðnar upplýsingar Lýsing á pakkningum afurða: auðkennisnúmer og númer á ytri og innri pakkningum Framhald lýsingar má setja á sérstakt blað sem er fest við hvert afrit. Hægt er að nota pökkunarskrá í þessum tilgangi. Vegna flutninga í lausu: – á víni: raunverulegur alkóhólstyrkleiki, – á afurðum sem ekki eru gerjaðar: brotstuðull eða eðlismassi, – á afurðum í gerjun: heildaralkóhólstyrkleiki, – á víni með sykurleifar að lágmarki 4 grömm á lítra: heildaralkóhólstyrkleiki auk raunverulegs alkóhólstyrkleika.	8

	Númer reits í fyrirmynd í VII. viðauka
Magn: – afurða í lausu: heildarnettómagn, – pakkaðra afurða: fjöldi og nafnrúmmál þeirra íláta sem eru notuð.	9
Viðbótarupplýsingar sem sendingaraðildarríki gerir kröfu um þegar slíkra upplýsinga er krafist: fara skal eftir leiðbeiningum hlutaðeigandi aðildarríkis; ef ekki, skal draga línu á ská yfir reitinn.	10
Vottorð um verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu: sjá 31. gr.	11


VII. VIÐAUKI

Fylgiskjal vegna flutnings á vínafurðum sem um getur í a-lið 2. mgr. 24. gr.

<table>
<tr><td rowspan="2">1. Sendandi
(Nafn og heimilisfang)</td><td>2. Tilvísunarnúmer</td></tr>
<tr><td rowspan="3">4. Lögbært yfirvald á sendingarstað
(Nafn og heimilisfang)</td></tr>
<tr><td>3. Viðtakandi:
(Nafn og heimilisfang)</td></tr>
<tr><td>5. Sendingardagur</td></tr>
<tr><td>5. Flytjandi og aðrar upplýsingar um flutning</td><td>7. Afhendingarstaður</td></tr>
<tr><td colspan="2">8. Lýsing á afurð</td><td>9. Gæði</td></tr>
<tr><td colspan="3">10. Viðbótarupplýsingar sem sendingaraðildarríki gerir kröfu um</td></tr>
<tr><td colspan="3">11. Vottorð (tiltekin vín)</td></tr>
<tr><td rowspan="4">12. Eftirlit lögbærra yfirvalda</td><td colspan="2">Fyrirtæki og símanúmer undirritunaraðila</td></tr>
<tr><td colspan="2">Nafn undirritunaraðila</td></tr>
<tr><td colspan="2">Staður og dagsetning</td></tr>
<tr><td colspan="2">Undirskrift</td></tr>
</table>

VIII. VIÐAUKI

Sérstakur stimpill sem um getur í b-lið 3. mgr. 31. gr.



1. Tákn aðildarríkis
2. Lögbært yfirvald eða þar til bær svæðisstofnun.
3. Sannvottun

IX. VIÐAUKI

Færslur sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 27. gr.

— *Á búlgörsku:* ИЗНЕСЕНО

— *Á spænsku:* EXPORTADO

— *Á tékknesku:* VYVEZENO

— *Á dönsku:* UDFØRSEL

— *Á þýsku:* AUSGEFÜHRT

— *Á eistnesku:* EKSPORDITUD

— *Á grísku:* ΕΞΑΧΘΕΝ

— *Á ensku:* EXPORTED

— *Á frönsku:* EXPORTÉ

— *Á ítölsku:* ESPORTATO

— *Á lettnesku:* EKSPORTĒTS

— *Á litháísku:* EKSPORTUOTA

— *Á ungversku:* EXPORTÁLVA

— *Á maltnesku:* ESPORTAT

— *Á hollensku:* UITGEVOERD

— *Á pólsku:* WYWIEZIONO

— *Á portúgölsku:* EXPORTADO

— *Á rúmensku:* EXPORTAT

— *Á slóvakísku:* VYVEZENÉ

— *Á slóvensku:* IZVOŽENO

— *Á finnsku:* VIETY

— *Á sænsku:* EXPORTERAD

X. VIÐAUKI

Samsvörunartöflurnar sem um getur í 2. mgr. 53. gr.

1. *Reglugerð (EBE) nr. 649/87*

Reglugerð (EB) nr. 649/87	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. liður í lið 1.2 í I. viðauka
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. gr.	—
5. gr.	—
6. gr.	—
1. mgr. 7. gr.	—
2. mgr. 7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
10. gr.	—
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	—

2. *Reglugerð (EBE) nr. 884/2001*

Reglugerð (EB) nr. 884/2001	Þessi reglugerð
1. gr.	21. gr.
2. gr.	22. gr.
1. mgr. 3. gr.	23. gr.
2. og 3. mgr. 3. gr.	24. gr.
4. mgr. 3. gr.	28. gr.
4. gr.	25. gr.
1. mgr. 5. gr.	33. gr.
2. mgr. 5. gr.	30. gr.
1. til 2. mgr. 6. gr.	26. gr.
3. til 4. mgr. 6. gr.	VI. viðauki
5. til 6. mgr. 6. gr.	34. gr.
7. mgr. 6. gr.	32. gr.
7. gr.	31. gr.
1. mgr. 8. gr.	VI. viðauki
2. til 5. mgr. 8. gr.	27. gr.
9. gr.	35. gr.
10. gr.	29. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. og 3. mgr. 11. gr.	36. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 11. gr.	37. gr.
1. og 2. mgr. 12. gr.	38. gr.

Reglugerð (EB) nr. 884/2001	Þessi reglugerð
3. mgr. 12. gr.	1. mgr. 39. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 12. gr.	44. gr.
Fjórða undirgrein 4. mgr. 12. gr.	2. mgr. 39. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. og 4. mgr. 4. gr.
2. mgr. 13. gr.	46. gr.
1. til 2. mgr. 14. gr.	41. gr.
3. til 4. mgr. 14. gr.	42. gr.
15. gr.	43. gr.
16. gr.	45. gr.
17. gr.	j- og k-liður 1. mgr. 47. gr.
18. gr.	a- til i-liður 1. mgr. 47. gr.
19. gr.	48. gr.
20. gr.	49. gr.
21. gr.	—
22. gr.	—

3. *Reglugerð (EB) nr. 1282/2001*

Reglugerð (EB) nr. 1282/2001	Þessi reglugerð
1. gr.	6. gr.
2. gr.	8. gr.
3. gr.	II. viðauki
1., 3., 4. og 5. mgr. 4. gr.	9. gr.
2. mgr. 4. gr.	10. gr.
5. gr.	13. gr.
6. gr.	11. gr.
1.– 3. undirgrein 1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 12. gr.
Fjórða undirgrein 1. mgr. 7. gr.	17. gr.
2. mgr. 7. gr.	14. gr.
8. gr.	II. viðauki
9. gr.	15. gr.
10. gr.	20. gr.
11. gr.	16. gr.
12. gr.	1. mgr. 18. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 13. gr.
14. gr.	—
15. gr.	—
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 19. gr.
17. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 14. gr.
18. gr.	—
19. gr.	—
20. gr.	—

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 491/2009 **2012/EES/54/90**

frá 25. maí 2009

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 36. og 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að einfalda lagaumhverfi sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar (CAP) voru allar reglugerðir, sem ráðið hafði samþykkt frá innleiðingu sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, innan rammans um að koma á sameiginlegu skipulagi markaða fyrir landbúnaðarafurðir eða hópa afurða, felldar úr gildi og í þeirra stað kom einn löggerningur, reglugerð (EB) nr. 1234/2007 (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([2]).

2) Eins og dregið er fram í reglugerðinni um eitt sameiginlegt markaðskerfi var þeirri einföldunaraðgerð ekki ætlað að draga í efa réttmæti stefnumótandi ákvarðana sem höfðu verið teknar í gegnum tíðina innan sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Því var ekki horft til þess í reglugerðinni að kveða á um nýja gerninga eða ráðstafanir. Reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi endurspeglar þannig stefnumótandi ákvarðanir sem voru teknar fram að þeim tíma er framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu að henni.

3) Samhliða samningaviðræðunum og samþykkt reglugerðarinnar um eitt sameiginlegt markaðskerfi hóf ráðið einnig samningaviðræður um stefnuumbætur innan víngeirans sem nú er lokið með samþykkt reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ([3]). Eins og tilgreint er í reglugerðinni um eitt sameiginlegt markaðskerfi voru það í upphafi einungis ákvæði um víngeirann, sem ekki féllu undir stefnuumbætur, sem voru felld inn í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi. Þessi efnisákvæði, sem féllu undir stefnubreytingar, átti að fella inn í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi þegar þau hefðu öðlast gildi. Þar eð slík efnisákvæði hafa nú öðlast gildi skal nú fella víngeirann að öllu leyti inn í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi með því að taka stefnumótandi ákvarðanirnar, sem teknar voru með reglugerð (EB) nr. 479/2008, upp í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi.

4) Upptaka þessara ákvæða í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi skal fara fram á sama hátt og samþykkt reglugerðarinnar um eitt sameiginlegt markaðskerfi, þ.e. með því að draga hvorki í efa stefnumótandi ákvarðanir sem teknar voru þegar ráðið samþykkti þessi ákvæði né ástæðurnar að baki þessum stefnumótandi ákvörðunum eins og þær eru settar fram í viðeigandi forsendum í hvorri reglugerð fyrir sig.

5) Því ber að breyta reglugerðinni um eitt sameiginlegt markaðskerfi til samræmis við það.

6) Ákvæðin um gildissvið samkeppnisreglna í sáttmálanum, að því er varðar þá geira sem hann nær til, voru tekin upp í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi. Slík ákvæði hafði fram að því verið að finna í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1184/2006 frá 24. júlí 2006 um beitingu á tilteknum samkeppnisreglum gagnvart framleiðslu á landbúnaðarafurðum og viðskipti með þær ([4]). Með reglugerðinni um eitt sameiginlegt markaðskerfi var því gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1184/2006 aðlagað. Vegna þess að allur víngeirinn er felldur inn í reglugerðina um eitt sameiginlegt markaðskerfi og samkeppnisreglurnar, sem þar er að finna, eru rýmkaðar þannig að þær nái til þess geira skal setja ákvæði um að víngeirinn verði undanþeginn gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1184/2006.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 154, 17.6.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Álit frá 20. nóvember 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum).*

([2]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 7.

7) Það er við hæfi að skýra að allir þættir ríkisaðstoðar, sem kunna að vera hluti af landsbundnu stuðningsáætlununum sem um getur í þessari reglugerð, skulu metnir með tilliti til efnisákvæða laga Bandalagsins um ríkisaðstoð. Þar eð málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð um samþykki fyrir þessum stuðningsáætlunum gerir framkvæmdastjórninni kleift að tryggja að efnisákvæði laga Bandalagsins um ríkisaðstoð séu virt, einkum þau sem er að finna í „Viðmiðunarreglum Bandalagsins um ríkisaðstoð í landbúnaðar- og skógræktargeiranum 2007 til 2013“ ([1]), ætti ekki að vera þörf fyrir frekari tilkynningu skv. 88. gr. sáttmálans eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans ([2]).

8) Í þágu réttarvissu er við hæfi að minna á að niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 479/2008 hefur ekki áhrif á gildi löggerninga sem hafa verið samþykktir á grundvelli niðurfelldu gerðarinnar.

9) Til að tryggja að umskiptin frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 479/2008 yfir í þau ákvæði sem kveðið er á um í þessari reglugerð valdi ekki truflun á yfirstandandi markaðsári 2008/2009 fyrir vín, skal þessi reglugerð gilda frá og með 1. ágúst 2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1234/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr. falli 2. mgr. brott.

2. Eftirfarandi liður bætist við fyrstu málsgrein 3. gr.:

„ca) 1. ágúst til 31. júlí árið eftir fyrir víngeirann,“

3. Ákvæðum 55. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„55. gr.

Kvótakerfi og framleiðslugeta“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Í tengslum við víngeirann skulu reglur um framleiðslugetu að því er varðar ólögmæta plöntun, réttindi til plöntunar á umbreytingartímabili sem og áætlun um ruðningu gilda í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í IV. þætti a.“

4. Í stað fyrirsagnar IV. þáttar III. kafla I. bálks II. hluta komi eftirfarandi:

„IV. þáttur

Reglur um málsmeðferð er varða kvóta fyrir sykur, mjólk og kartöflusterkju“,

5. Í stað inngangsorðanna í 85. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi beitingu I. þáttar til III. þáttar a sem einkum geta varðað:“

6. Eftirfarandi þáttur bætist við III. kafla I. bálks II. hluta:

„IV. þáttur a

Framleiðslugeta í víngeiranum

I. Undirþáttur

Ólögmæt plöntun

85. gr. a

Ólögmæt plöntun sem fór fram eftir 31. ágúst 1998

1. Framleiðendur skulu, eftir atvikum, ryðja á eigin kostnað svæði þar sem vínvið hefur verið plantað eftir 31. ágúst 1998 án þess að fyrir hendi væru tilsvarandi réttindi til plöntunar.

2. Þar til ruðning fer fram í samræmi við 1. mgr. má einungis setja þrúgur og afurðir úr þrúgum frá þeim svæðum, sem um getur í þeirri málsgrein, í dreifingu í þeim tilgangi að eima þær, einvörðungu á kostnað framleiðandans. Ekki má nota afurðir, sem verða til við eimingu, til framleiðslu á alkóhóli með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er 80% eða minni miðað við rúmmál.

3. Aðildarríkin skulu, eftir atvikum og með fyrirvara um fyrri viðurlög, sem aðildarríkin lögðu á, beita viðurlögum gagnvart framleiðendum, sem hafa ekki staðið við þessar skuldbindingar um ruðningu, sem miðast við alvarleika, umfang og tímalengd brotanna.

([1]) Stjtíð. ESB C 319, 27.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 83, 27.3.1999, bls. 1.

4. Þegar banninu við nýplöntun á umbreytingartímabili lýkur 31. desember 2015, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 85. gr. g, skal það ekki hafa áhrif á skuldbindingarnar sem kveðið er á um í þessari grein.

85. gr. b

Skyldubundin reglusetning um ólögmæta plöntun sem fór fram fyrir 1. september 1998

1. Framleiðendur skulu, eftir atvikum, gegn gjaldi og eigi síðar en 31. desember 2009, setja reglur um svæði þar sem vínvið var plantað án þess að fyrir hendi væru tilsvarandi réttindi til plöntunar fyrir 1. september 1998.

Með fyrirvara um hvers kyns málsmeðferð er varðar staðfestingu reikninga skal fyrsta undirgrein ekki gilda um svæði sem reglur hafa verið settar um á grundvelli 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.

2. Aðildarríkin skulu ákvarða gjaldið sem um getur í 1. mgr. Það skal samsvara a.m.k. tvöföldu meðalverðmæti tilsvarandi réttinda til plöntunar á viðkomandi landsvæði.

3. Þar til settar hafa verið reglur skv. 1. mgr. má einungis setja þrúgur og afurðir úr þrúgum frá þeim svæðum, sem um getur í þeirri málsgrein, í dreifingu í þeim tilgangi að eima þær, einvörðungu á kostnað framleiðandans. Ekki má nota þessar afurðir til framleiðslu á alkóhóli með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er 80% eða minni miðað við rúmmál.

4. Framleiðendur sem málið varðar skulu, á eigin kostnað, ryðja ólögleg svæði, sem um getur í 1. mgr., sem ekki hafa verið settar reglur um samkvæmt þeirri málsgrein, eigi síðar en 31. desember 2009.

Aðildarríkin skulu beita viðurlögum gagnvart framleiðendum, sem hafa ekki staðið við þessar skuldbindingar um ruðningu, sem miðast við alvarleika, umfang og tímalengd brotanna.

Þar til ruðningin, sem um getur í fyrstu undirgrein, fer fram gildir 3. mgr. að breyttu breytanda.

5. Þegar banninu við nýplöntun á umbreytingartímabili lýkur 31. desember 2015, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 85. gr. g, skal það ekki hafa áhrif á skuldbindingarnar sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr.

85. gr. c

Sannprófun á banni við dreifingu eða kröfu um eimingu

1. Með tilliti til 2. mgr. 85. gr. a og 3. og 4. mgr. 85. gr. b skulu aðildarríkin krefjast sönnunar fyrir því að viðkomandi afurðir séu ekki í dreifingu eða, ef viðkomandi afurðir eru eimaðar, krefjast framlagningar samninga um eimingu.

2. Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að bann við dreifingu og kröfur um eimingu, sem um getur í 1. mgr., séu virt. Þau skulu beita viðurlögum ef ekki er farið að kröfum.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um svæði sem falla undir eimingu og um samsvarandi magn alkóhóls.

85. gr. d

Hliðarráðstafanir

Svæðin sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 85. gr. b, meðan engar reglur gilda um þau, og svæðin sem um getur í 1. mgr. 85. gr. a. skulu hvorki njóta góðs af landsbundnum stuðningsráðstöfunum né stuðningsráðstöfunum á vegum Bandalagsins.

85. gr. e

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um framkvæmdina á þessum undirþætti.

Þessar reglur geta náð yfir:

a) upplýsingar um samskiptakröfur aðildarríkja, þ.m.t. hugsanleg lækkun á fjárlagaúthlutunum sem um getur í X. viðauka b, ef ekki er farið að kröfum,

b) upplýsingar um viðurlög sem aðildarríkin skulu beita ef ekki er staðið við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 85. gr. a, 85. gr. b og 85. gr. c.

II. Undirþáttur

Umbreytingarfyrirkomulag varðandi réttindi til plöntunar

85. gr. f

Gildistími

Undirþáttur þessi gildir til 31. desember 2015.

85. gr. g

Bann við plöntun vínviðar á umbreytingartímabili

1. Með fyrirvara um 1. til 6. mgr. 120. gr. a og einkum 4. mgr. hennar skal bannað að planta vínvið af vínþrúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120. gr. a.

2. Endurágræðsla vínþrúguyrkja, sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120. gr. a, á önnur yrki en vínþrúguyrki sem um getur í þeirri grein skal einnig bönnuð.

3. Þrátt fyrir 1. og. 2. mgr. skal plöntun og endurágræðsla, eins og um getur í þeim málsgreinum, heimil ef hún fellur undir:

a) nýplöntunarréttindi eins og kveðið er á um í 85. gr. h,

b) réttindi til endurplöntunar, eins og kveðið er á um í 85. gr. i,

c) réttindi til plöntunar, sem veitt eru úr réttindabanka, eins og kveðið er á um í 85. gr. j og 85. gr. k.

4. Réttindi til plöntunar, sem um getur í 3. mgr., skulu veitt í hekturum.

5. Aðildarríkin geta ákveðið að viðhalda banninu, sem um getur í 1. mgr., á yfirráðasvæði sínu eða hlutum þess fram til 31. desember 2018 hið lengsta. Í slíkum tilvikum gilda reglurnar um réttindi til plöntunar á umbreytingartímabili, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, þ.m.t. í þessari grein, til samræmis við það í viðkomandi aðildarríki.

85. gr. h

Nýplöntunarréttindi

1. Aðildarríkin geta veitt framleiðendum nýplöntunarréttindi að því er varðar svæði:

a) sem ætluð eru til nýplöntunar í samræmi við ráðstafanir sem miða að sameiningu jarðarparta eða eignarnámi í þágu almennings, sem samþykktar eru samkvæmt landslögum,

b) sem ætluð eru til tilrauna,

c) sem ætluð eru undir gróðrarstöðvar fyrir ágræðslukvisti eða

d) þar sem sem vín eða vínafurðir eru einvörðungu ætlaðar til neyslu á heimili vínræktandans.

2. Nýplöntunarréttindi sem veitt eru skulu:

a) nýtt af þeim framleiðanda sem þau eru veitt til,

b) nýtt fyrir lok annars vínársins eftir að þau eru veitt,

c) notuð í þeim tilgangi sem þau voru veitt til.

85. gr. i

Réttindi til endurplöntunar

1. Aðildarríkin skulu veita þeim framleiðendum sem hafa rutt svæði þar sem vínviður vex réttindi til endurplöntunar.

Þó skulu rudd svæði, sem veitt hefur verið framlag til ruðningar á í samræmi við III. undirþátt, ekki mynda réttindi til endurplöntunar.

2. Aðildarríkin geta veitt þeim framleiðendum sem skuldbinda sig til að ryðja svæði þar sem vínviður vex réttindi til endurplöntunar. Í slíkum tilvikum skal ruðning svæðisins, sem skuldbindingin nær til, framkvæmd eigi síðar en í lok þriðja ársins eftir að nýja vínviðnum, sem réttindi til endurplöntunar voru veitt fyrir, var plantað.

3. Réttindi til endurplöntunar, sem veitt eru, skulu veitt fyrir jafngilt svæði og það sem rutt er, miðað við hreinrækt.

4. Réttindi til endurplöntunar skal nýta á þeirri bújörð sem þeim var úthlutað til. Aðildarríkin geta einnig mælt fyrir um að slík réttindi til endurplöntunar skuli aðeins nýtt á því svæði sem var rutt.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. geta aðildarríki ákveðið að flytja megi réttindi til endurplöntunar, í heild eða að hluta, til annarrar bújarðar í sama aðildarríki í eftirfarandi tilvikum:

a) ef hluti af hlutaðeigandi bújörð færist yfir til hinnar bújarðarinnar,

b) ef svæði á hinni bújörðinni eru ætluð til:

i. framleiðslu á vínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða

ii. ræktunar í gróðrarstöðvum fyrir ágræðslukvisti.

Aðildarríkin skulu tryggja að beiting undanþágunnar, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, leiði ekki til heildaraukningar á framleiðslugetu á yfirráðasvæði þeirra, einkum þegar yfirfærslur verða frá svæðum án áveitu til áveitusvæða.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda að breyttu breytanda um áþekk réttindi og þau réttindi til endurplöntunar sem aflað var samkvæmt eldri löggjöf Bandalagsins eða landslöggjöf.

7. Réttindi til endurplöntunar, sem veitt eru skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, skulu nýtt innan þeirra tímamarka sem þar er kveðið á um.

85. gr. j

Landsbundinn og svæðisbundinn réttindabanki fyrir réttindi til plöntunar

1. Aðildarríkin skulu stofna landsbundinn réttindabanka eða svæðisbundna réttindabanka fyrir réttindi til plöntunar til að bæta stjórnun á framleiðslugetu.

2. Aðildarríki, sem hafa stofnað landsbundinn eða svæðisbundna réttindabanka fyrir réttindi til plöntunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999, geta haldið þessum réttindabönkum opnum svo fremi að þau beiti umbreytingarfyrirkomulaginu varðandi réttindi til plöntunar í samræmi við þennan undirþátt.

3. Úthluta skal eftirfarandi réttindum til plöntunar til landsbundinna eða svæðisbundinna réttindabanka ef þau eru ekki notuð innan tilskilins tíma:

a) nýplöntunarréttindum,

b) réttindum til endurplöntunar,

c) réttindum til plöntunar sem úthlutað hefur verið úr réttindabankanum.

4. Framleiðendur geta yfirfært réttindi til endurplöntunar til landsbundinna eða svæðisbundinna réttindabanka. Aðildarríkin skulu, með tilliti til lögmætra hagsmuna aðilanna, ákveða skilyrðin fyrir slíkri yfirfærslu, ef nauðsyn krefur gegn greiðslu úr landsbundnum sjóðum.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki réttindabankafyrirkomulaginu, að því tilskildu að þau geti fært sönnur á það að annað skilvirkt fyrirkomulag til að stýra réttindum til plöntunar sé fyrir hendi á öllu yfirráðasvæði þeirra. Slíkt fyrirkomulag má, ef þörf krefur, víkja frá viðeigandi ákvæðum þessa undirþáttar.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um aðildarríki sem hætta rekstri landsbundinna eða svæðisbundinna réttindabanka samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

85. gr. k

Veiting réttinda til plöntunar úr réttindabankanum

1. Aðildarríkin geta veitt réttindi úr réttindabanka:

a) án greiðslu til framleiðenda sem eru yngri en 40 ára, búa yfir fullnægjandi verkfærni og fagkunnáttu, eru að koma á fót rekstri í fyrsta sinn og eru viðurkenndir sem yfirmenn bújarðarinnar,

b) gegn greiðslu í landsbundna- og, ef við á, svæðisbundna sjóði, til framleiðenda sem hyggjast nota réttindin til plöntunar á vínekrum sem hafa tryggðar söluleiðir.

Aðildarríkin skulu skilgreina viðmiðanir til að ákvarða fjárhæð greiðslunnar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, sem getur verið breytileg eftir fyrirhugaðri lokaafurð frá viðkomandi vínekrum og eftir því sem eftir er af umbreytingatímabilinu þegar bannið við nýplöntun, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 85. gr. g, er í gildi.

2. Þegar notuð eru réttindi til plöntunar frá réttindabanka skulu aðildarríkin tryggja að:

a) staðurinn og yrkin og ræktunartæknin, sem notuð eru, tryggi að framleiðslan sem á eftir kemur sé löguð að kröfum markaðarins,

b) afraksturinn sé dæmigerður fyrir meðaltalið á svæðinu, einkum þegar réttindi til plöntunar, sem koma frá svæðum án áveitu, eru notuð á áveitusvæðum.

3. Réttindi til plöntunar, sem veitt eru úr réttindabanka, sem ekki eru notuð fyrir lok annars vínárs eftir úthlutunarárið, glatast og skulu renna aftur til réttindabankans.

4. Réttindi til plöntunar, sem liggja í réttindabanka og ekki er úthlutað fyrir lok fimmta vínárs eftir úthlutunarárið, skulu falla úr gildi.

5. Ef svæðisbundnir réttindabankar eru til staðar í aðildarríki er aðildarríkinu heimilt að mæla fyrir um reglur um að heimila yfirfærslu á réttindum til plöntunar á milli svæðisbundinna réttindabanka. Ef bæði svæðisbundnir og landsbundnir réttindabankar eru til staðar í aðildarríki getur aðildarríkið einnig leyft yfirfærslu á milli þeirra réttindabanka.

Beita má skerðingarreiknistuðli á yfirfærslur.

85. gr. l

Minniháttarreglan (de minimis)

Þessi undirþáttur skal ekki gilda í aðildarríkjum þar sem réttindi Bandalagsins til plöntunar voru ekki í gildi fyrir 31. desember 2007.

85. gr. m

Strangari landsreglur

Aðildarríkin geta samþykkt strangari landsreglur að því er varðar veitingu nýplöntunarréttinda eða réttinda til endurplöntunar. Þau geta krafist þess að viðkomandi umsóknum og viðeigandi upplýsingum, sem þeim skulu fylgja, fylgi viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að vakta þróun framleiðslugetu.

85. gr. n

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um framkvæmdina á þessum undirþætti.

Þessar reglur geta einkum náð yfir:

a) ákvæði til að forðast of mikinn umsýslukostnað við beitingu ákvæða í þessum undirþætti,

b) samhliða ræktun vínviðar skv. 2. mgr. 85. gr. i,

c) beitingu skerðingarreiknistuðulsins sem um getur í 5. mgr. 85. gr. k.

III. Undirþáttur

Áætlun um ruðningu

85. gr. o

Gildistími

Ákvæði þessa undirþáttar skulu gilda til loka vínársins 2010/2011.

85. gr. p

Gildissvið og skilgreining

Í þessum undirþætti er mælt fyrir um þau skilyrði sem vínræktendur þurfa að uppfylla til að fá framlag í skiptum fyrir ruðningu vínekra (hér eftir nefnt framlag vegna ruðningar).

85. gr. q

Skilyrði fyrir aðstoðarhæfi

Framlag vegna ruðningar má einungis veita ef viðkomandi svæði uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) það fékk hvorki stuðning frá Bandalaginu né landsbundinn stuðning til ráðstafana vegna endurskipulagningar og breytinga á 10 næstliðnum vínárum fyrir beiðni um ruðningu,

b) það fékk ekki stuðning Bandalagsins samkvæmt annarri sameiginlegri skipulagningu markaðarins á næstliðnum fimm vínárum fyrir beiðni um ruðningu,

c) það er í notkun,

d) það er ekki minna en 0,1 hektari. Þó getur aðildarríki ákveðið að lágmarksstærð megi vera 0,3 hektarar á tilteknum stjórnsýslusvæðum í aðildarríki þar sem meðalstærð svæðis á vínræktarbújörð þar sem vínvið hefur verið plantað er meiri en einn hektari,

e) ekki hefur verið plantað á því með þeim hætti að það brjóti gegn gildandi löggjöf Bandalagsins eða landslöggjöf og

f) þar hefur verið plantað vínþrúguyrki sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120. gr. a.

Þrátt fyrir e-lið fyrstu málsgreinar skulu svæði, sem reglur hafa verið settar um í samræmi við 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 og 1. mgr. 85. gr. b í þessari reglugerð, teljast hæf til að fá framlag vegna ruðningar.

85. gr. r

Fjárhæð framlags vegna ruðningar

1. Framkvæmdastjórnin skal ákveða flokka yfir framlög sem veita skal vegna ruðningar.

2. Aðildarríkin skulu fastsetja tilgreinda fjárhæð framlags vegna ruðningar innan þeirra flokka sem um getur í 1. mgr. og á grundvelli sögu fyrri afraksturs viðkomandi bújarðar.

85. gr. s

Málsmeðferð og fjárlög

1. Framleiðendur, sem eiga hagsmuna að gæta, skulu leggja umsóknir um framlag vegna ruðningar fyrir viðkomandi yfirvöld í aðildarríkjunum eigi síðar en 15. september ár hvert. Aðildarríkin geta ákveðið dagsetningu, sem er fyrir dagsetninguna 15. september, svo fremi að hún sé eftir 30. júní og að þau taki, eftir atvikum, tillit til beitingar sinnar á undanþágunum sem kveðið er á um í 85. gr. u.

2. Aðildarríkin skulu annast stjórnsýslueftirlit að því er varðar mótteknar umsóknir, vinna tækar umsóknir og tilkynna framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15. október ár hvert um heildarsvæðið og fjárhæðirnar í umsóknunum, skipt eftir landsvæðum og afrakstursbilum.

3. Hámarksfjárlög fyrir hvert ár vegna áætlunar um ruðningu eru sett fram í X. viðauka d.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, fastsetja ákveðinn hundraðshluta til samþykkis fyrir þær fjárhæðir sem tilkynnt er um ef heildarfjárhæðin, sem aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um, er hærri en fáanlegar fjárveitingar, að teknu tilliti til beitingar 2. og 3. mgr. 85. gr. u., eftir atvikum.

5. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, samþykkja umsóknir:

a) fyrir svæðin sem sótt er um fyrir í heild sinni ef framkvæmdastjórnin hefur ekki fastsett hundraðshlutann sem um getur í 4. mgr. eða

b) fyrir svæðin sem verða fyrir valinu vegna beitingar á hundraðshlutanum, sem um getur í 4. mgr., á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar og í samræmi við eftirfarandi forgangsröðun:

   i. Aðildarríkin skulu veita þeim umsækjendum forgang sem leggja fram umsókn um framlag vegna ruðningar sem nær til allrar vínekrunnar.

   ii. Aðildarríkin skulu næst veita þeim umsækjendum forgang sem eru a.m.k. 55 ára eða eldri, ef aðildarríkin hafa kveðið á um slíkt.

85. gr. g

Samtengd skilyrði

Ef í ljós kemur, hvenær sem er á næstu þremur árum eftir greiðslu framlags vegna ruðningar, að bændur hafi ekki farið að lögboðnum stjórnunarkröfum og kröfunni um gott landbúnaðar- og umhverfisástand, sem um getur í 3.–7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003, á bújörðum sínum skal, ef brotið er afleiðing af athöfn eða athafnaleysi bóndans sjálfs, lækka eða fella niður fjárhæð greiðslunnar, að hluta til eða alveg eftir því hversu alvarlegt brotið er, umfangi þess, tímalengd og endurtekningu og bóndanum skal, eftir atvikum, gert að endurgreiða fjárhæðina í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum ákvæðum.

85. gr. u

Undanþágur

1. Aðildarríki getur ákveðið að hafna frekari umsóknum, sem um getur í 1. mgr. 85. gr. s, þegar uppsafnað rutt svæði á yfirráðasvæði þess nær 8% af því svæði á yfirráðasvæðinu þar sem vínvið hefur verið plantað eins og um getur í X. viðauka e.

Aðildarríki getur ákveðið að hafna frekari umsóknum, sem um getur í 1. mgr. 85. gr. s, fyrir landsvæði þegar uppsafnað rutt svæði á því landsvæði nær 10% af því svæði landsvæðisins þar sem vínvið hefur verið plantað.

2. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að stöðva beitingu áætlunar um ruðningu í aðildarríki ef, að teknu tilliti til umsókna sem eru í vinnslu, áframhaldandi ruðning myndi leiða til þess að samanlögð rudd svæði næmu yfir 15% af heildarsvæði í aðildarríkinu þar sem vínvið hefur verið plantað, eins og um getur í X. viðauka e.

3. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að stöðva beitingu áætlunar um ruðningu í aðildarríki á tilteknu ári ef, að teknu tilliti til umsókna sem eru í vinnslu, áframhaldandi ruðning myndi leiða til þess að rudd svæði næmu yfir 6% af heildarsvæði í aðildarríkinu þar sem vínvið hefur verið plantað, eins og um getur í X. viðauka e, á því tiltekna rekstrarári fyrirkomulagsins.

4. Aðildarríkin geta lýst því yfir að vínsvæði í fjallendi og bröttum hlíðum teljist ekki tæk fyrir áætlun um ruðningu í samræmi við skilyrði sem framkvæmdastjórnin ákveður.

5. Aðildarríkin geta lýst svæði ótæk fyrir beitingu áætlunar um ruðningu ef beiting áætlunarinnar samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum. Svæði sem þannig eru lýst ótæk skulu ekki ná yfir meira en 3% af heildarsvæðinu þar sem vínvið hefur verið plantað, eins og um getur í X. viðauka e.

6. Grikkland getur lýst því yfir að svæði á Jónaeyjum og eyjum í gríska Eyjahafinu þar sem vínvið hefur verið plantað, að undanskildum Krít og Eubeu, séu ekki tæk fyrir áætlun um ruðningu.

7. Áætlunin um ruðningu, sem sett er fram í þessum undirþætti, gildir ekki á Asoreyjum, Madeira og Kanaríeyjum.

8. Aðildarríkin skulu veita framleiðendum á svæðum sem eru ótæk eða sem lýst hafa verið ótæk skv. 4.–7. mgr. forgang samkvæmt öðrum stuðningsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð að því er varðar víngeirann, einkum, eftir atvikum, til ráðstafana vegna endurskipulagningar og breytinga samkvæmt stuðningsáætlunum og ráðstöfunum vegna dreifbýlisþróunar.

85. gr. v

Minniháttarreglan (de minimis)

Ákvæði þessa undirþáttar gilda ekki í aðildarríkjum þar sem vínframleiðsla fer ekki yfir 50 000 hektólítra á vínári. Reikna skal út framleiðsluna á grundvelli meðalframleiðslu næstliðinna fimm vínára.

85. g. w

Landsbundin viðbótaraðstoð

Aðildarríkin geta veitt landsbundna viðbótaraðstoð, sem fer ekki umfram 75% af úthlutuðu framlagi vegna ruðningar, til viðbótar við framlag sem veitt var vegna ruðningar.

85. gr. x

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um framkvæmdina á þessum undirþætti.

Þessar reglur geta einkum náð yfir:

a) upplýsingar um skilyrði fyrir aðstoðarhæfi sem um getur í 85. gr. q, einkum að því er varðar sannanir fyrir því að annast hafi verið um svæðin á réttan hátt á árunum 2006 og 2007,

b) flokka yfir framlög og fjárhæðirnar sem um getur í 85. gr. r,

c) viðmiðanirnar vegna undanþága sem um getur í 85. gr. u,

d) tilkynningarskyldu aðildarríkja varðandi framkvæmd áætlunar um ruðningu, þ.m.t. viðurlög vegna tafa á skýrslugjöf og miðlun upplýsinga sem aðildarríkin veita framleiðendum varðandi aðgengi að áætluninni,

e) tilkynningarskyldu að því er varðar landsbundna viðbótaraðstoð,

f) greiðslufresti.“

7. Eftirfarandi þáttur bætist við IV. kafla I. bálks II. hluta:

„IV. Þáttur b

Stuðningsáætlanir í víngeiranum

I. Undirþáttur

Inngangsákvæði

103. gr. i

Gildissvið

Í þessum þætti er mælt fyrir um reglur sem gilda um úthlutanir Bandalagsins á fjármagni til aðildarríkja og notkun aðildarríkja á þessu fjármagni í gegnum landsbundnar stuðningsáætlanir (hér á eftir nefndar stuðningsáætlanirnar) til að fjármagna sértækar stuðningsráðstafanir til aðstoðar við víngeirann.

103. gr. j

Samrýmanleiki og samræmi

1. Stuðningsáætlanir skulu samrýmast lögum Bandalagsins og vera í samræmi við starfsemi, stefnur og forgangsröðun Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á stuðningsáætlununum og tryggja innra samræmi þeirra og að þær séu settar saman og framkvæmdar á hlutlægan hátt, að teknu tilliti til efnahagslegra aðstæðna viðkomandi framleiðenda og mikilvægis þess að forðast að mismuna framleiðendum á óréttmætan hátt.

Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á að setja ákvæði um og framkvæma nauðsynlegt eftirlit og beita viðurlögum ef ekki er farið að ákvæðum stuðningsáætlananna.

3. Ekki skal veita aðstoð vegna:

a) rannsóknarverkefna og ráðstafana til að styðja rannsóknarverkefni,

b) ráðstafana sem er að finna í áætlunum aðildarríkja um dreifbýlisþróun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1698/2005.

II. Undirþáttur

Framlagning og inntak stuðningsáætlana

103. gr. k

Framlagning stuðningsáætlana

1. Hvert framleiðsluaðildarríki, sem um getur í X. viðauka b, skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina uppkast að fimm ára stuðningsáætlun þar sem er að finna ráðstafanir í samræmi við þennan þátt.

Stuðningsáætlanir, sem tóku gildi í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skulu gilda áfram samkvæmt þessari reglugerð.

Stuðningsráðstafanirnar innan stuðningsáætlananna skulu gerðar eftir því landfræðilega þrepi sem aðildarríkin telja að eigi best við. Áður en stuðningsáætlunin er lögð fyrir framkvæmdastjórnina skal hafa samráð um áætlunina við lögbær yfirvöld og stofnanir á viðeigandi svæðisbundnu þrepi.

Hvert aðildarríki skal leggja fram ein drög að stuðningsáætlun sem getur rúmað svæðisbundin sérkenni.

2. Stuðningsáætlanir skulu koma til framkvæmda þremur mánuðum eftir að þær eru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.

Ef hin framlagða stuðningsáætlun uppfyllir hins vegar ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum þætti skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu um það. Í slíkum tilvikum skal aðildarríkið leggja endurskoðaða stuðningsáætlun fyrir framkvæmdastjórnina. Endurskoðaða stuðningsáætlunin skal koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að tilkynnt er um hana nema um sé að ræða áframhaldandi ósamrýmanleika en í því tilviki gildir þessi undirgrein.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda að breyttu breytanda um breytingar sem varða stuðningsáætlanir sem aðildarríkin leggja fram.

4. Ákvæði 103. gr. l skulu ekki gilda ef eina ráðstöfun aðildarríkis innan stuðningsáætlunar er fólgin í yfirfærslu í eingreiðslukerfið sem um getur í 103. gr. o. Í slíkum tilvikum skal 5. mgr. 188. gr. a einungis gilda fyrir árið þegar yfirfærslan á sér stað og 6. mgr. 188. gr. a skal ekki gilda.

103. gr. l

Inntak stuðningsáætlana

Stuðningsáætlanir skulu fela í sér eftirfarandi þætti:

a) ítarlega lýsingu á ráðstöfununum sem lagðar eru til ásamt magnbundnum markmiðum þeirra,

b) niðurstöður samráðsins,

c) mat sem sýnir hvaða tæknilegum, efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum er búist við,

d) áætlun um framkvæmd ráðstafananna,

e) almenna töflu yfir fjármögnun sem sýnir hvaða fjármagn á að nýta og hvaða viðmiðunarúthlutun er gert ráð fyrir af því fjármagni fyrir hverja ráðstöfun í samræmi við efri mörkin sem kveðið er á um í X. viðauka b,

f) viðmiðanir og megindlegar viðmiðanir sem nota skal til vöktunar og mats ásamt ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að tryggja að stuðningsáætlanirnar séu framkvæmdar á viðeigandi og skilvirkan hátt og

g) tilnefningu lögbærra yfirvalda og stofnana sem bera ábyrgð á framkvæmd stuðningsáætlunarinnar.

103. gr. m

Ráðstafanir sem eru aðstoðarhæfar

1. Stuðningsáætlanirnar skulu innihalda eina eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

a) stuðningur úr eingreiðslukerfinu í samræmi við 103. gr. o,

b) kynningarstarf í samræmi við 103. gr. p,

c) endurskipulagning og breyting á vínekrum í samræmi við 103. gr. q,

d) grænuppskera í samræmi við 103. gr. r,

e) gagnkvæmir tryggingarsjóðir í samræmi við 103. gr. s,

f) uppskerutrygging í samræmi við 103. gr. t,

g) fjárfestingar í samræmi við 103. gr. u,

h) eiming á aukaafurðum í samræmi við 103. gr. v,

i) eiming á drykkjarhæfu alkóhóli í samræmi við 103. gr. w,

j) neyðareiming (*e. crisis distillation*) í samræmi við 103. gr. x,

k) notkun á þrúgumustsþykkni í samræmi við 103. gr. y.

2. Stuðningsáætlanir skulu ekki innihalda aðrar ráðstafanir en þær sem taldar eru upp í 103. gr. o til 103. gr. y.

103. gr. n

Almennar reglur er varða stuðningsáætlanir

1. Í X. viðauka b er kveðið á um úthlutun á fjármunum Bandalagsins, sem eru til ráðstöfunar, sem og um takmörkun á fjárlögum.

2. Stuðningur Bandalagsins skal einungis varða aðstoðarhæfan kostnað sem stofnað er til eftir framlagningu viðkomandi stuðningsáætlunar eins og um getur í 1. mgr. 103. gr. k.

3. Aðildarríkin skulu ekki taka þátt í kostnaði við ráðstafanir sem Bandalagið fjármagnar samkvæmt stuðningsáætlunum.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. geta aðildarríkin veitt landsbundna aðstoð í samræmi við viðeigandi reglur Bandalagsins um ríkisaðstoð vegna þeirra ráðstafana sem um getur í 103. gr. p, 103. gr. t og 103. gr. u.

Hlutfall hámarksaðstoðar, sem mælt er fyrir um í viðeigandi reglum Bandalagsins um ríkisaðstoð, gildir um opinbera fjármögnun í heild, þ.m.t. bæði fjármagn frá Bandalaginu og landsbundið fjármagn.

III. Undirþáttur

Sértækar stuðningsráðstafanir

103. gr. o

Eingreiðslukerfið og stuðningur við vínræktendur

1. Aðildarríkin geta veitt vínræktendum stuðning með því að úthluta þeim greiðsluréttindum í skilningi 3. kafla III. bálks í reglugerð (EB) nr. 1782/2003 í samræmi við O. lið VII. viðauka við þá reglugerð.

2. Aðildarríki sem ætla að notfæra sér möguleikann sem um getur í 1. mgr. skulu gera ráð fyrir slíkum stuðningi í stuðningsáætlunum sínum, þ.m.t., að því er varðar síðari yfirfærslu fjármuna í eingreiðslukerfið, með breytingum á þessum áætlunum í samræmi við 3. mgr. 103. gr. k.

3. Þegar stuðningur, sem um getur í 1. mgr., er kominn til framkvæmda skal hann:

a) haldast innan eingreiðslukerfisins og ekki lengur vera fáanlegur eða gerður tiltækur samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 103. gr. k, fyrir þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 103. gr. p til 103. gr. y, á síðari rekstrarárum stuðningsáætlananna,

b) minnka í réttu hlutfalli við það fjármagn sem er fáanlegt fyrir þær ráðstafanir sem taldar eru upp í 103. gr. p til 103. gr. y, innan stuðningsráðstafananna.

103. gr. p

Kynningarstarf á mörkuðum þriðju landa

1. Stuðningur samkvæmt þessari grein skal taka til upplýsinga- eða kynningarráðstafana sem varða vín frá Bandalaginu í þriðju löndum og bæta þannig samkeppnishæfni þeirra í þeim löndum.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu varða vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða vín með vínþrúguyrkismerkingu.

3. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., mega einungis fela í sér:

a) almannatengsl, kynningarstarf eða auglýsingaráðstafanir, einkum til að draga fram kosti afurða frá Bandalaginu og einkum að því er varðar gæði, öryggi matvæla eða umhverfisvænleika,

b) þátttöku í alþjóðlega mikilvægum viðburðum, kaupstefnum eða sýningum,

c) upplýsingaherferðir, einkum varðandi kerfi Bandalagsins fyrir upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og lífræna framleiðslu,

d) rannsóknir á nýjum mörkuðum, sem eru nauðsynlegar vegna útvíkkunar á söluleiðum,

e) rannsóknir til að meta árangur af upplýsinga- og kynningarráðstöfununum.

4. Framlag Bandalagsins til kynningarstarfsemi skal ekki vera hærra en sem nemur 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.

103. gr. q

Endurskipulagning og breyting á vínekrum

1. Markmiðið með ráðstöfunum sem varða endurskipulagningu og breytingu á vínekrum skal vera að auka samkeppnishæfni vínframleiðenda.

2. Endurskipulagning og breyting á vínekrum skal einungis njóta stuðnings í samræmi við þessa grein ef aðildarríkin leggja fram skrá yfir framleiðslugetu sína í samræmi við 3. mgr. 185. gr. a.

3. Stuðningur til endurskipulagningar og breytingar á vínekrum má einungis ná til einnar eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum:

a) að taka upp önnur yrki, þ.m.t. með endurágræðslu,

b) að flytja vínekrur,

c) að bæta stjórnunaraðferðir á vínekrum.

Stuðningur skal ekki veittur til hefðbundinnar endurnýjunar vínekra sem eru úr sér gengnar.

4. Stuðningur til endurskipulagningar og breytinga á vínekrum má einungis vera með eftirfarandi hætti:

a) bætur til framleiðenda vegna tekjutaps við framkvæmd ráðstöfunarinnar og

b) framlag til kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu.

5. Bætur til framleiðenda vegna tekjutaps, eins og um getur í a-lið 4. mgr., geta verið allt að 100% af viðkomandi tapi og geta verið í formi annars af eftirfarandi:

a) leyfis til að rækta samtímis eldri og nýjan vínvið í tiltekinn tíma, sem skal ekki vera lengri en þrjú ár, fram að lokum umbreytingarfyrirkomulagsins varðandi réttindi til plöntunar, þrátt fyrir II. undirþátt IV. þáttar a í III. kafla I. bálks í II. hluta þar sem mælt er fyrir um umbreytingarfyrirkomulag varðandi réttindi til plöntunar,

b) fébóta.

6. Framlag Bandalagsins vegna raunverulegs kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu á vínekrum skal ekki nema meira en 50%. Á landsvæðum sem samleitni er á milli í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1083/2006 frá 11. júlí 2006 um almenn ákvæði um Evrópska svæðaþróunarsjóðinn, Félagsmálasjóð Evrópu og samstöðusjóðinn ([1]) skal framlag Bandalagsins vegna kostnaðar við endurskipulagningu og breytingu ekki vera hærra en sem nemur 75%.

103. gr. r

Grænuppskera

1. Að því er varðar þessa grein merkir grænuppskera algera eyðingu eða fjarlægingu á óþroskuðum þrúguklösum sem gerir það að verkum að engin uppskera verður á viðkomandi svæði.

2. Stuðningur við grænuppskeru skal stuðla að því að byggja aftur upp jafnvægið á milli framboðs og eftirspurnar á vínmarkaði Bandalagsins til að fyrirbyggja markaðskreppu.

3. Veita má stuðning við grænuppskeru sem bætur í formi fastrar greiðslu á hvern hektara, sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður.

Greiðslan skal ekki nema meira en 50% af samanlögðum beinum kostnaði vegna eyðingar eða fjarlægingar á þrúguklösum og tekjutaps vegna slíkrar eyðingar eða fjarlægingar.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu koma sér upp kerfi sem byggt er á hlutlægum viðmiðunum til að tryggja að ráðstöfunin vegna grænuppskeru leiði ekki af sér bótagreiðslur til einstakra vínframleiðenda umfram þau efri mörk sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr.

103. gr. s

Gagnkvæmir tryggingarsjóðir

1. Stuðningur við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða skal felast í aðstoð við framleiðendur sem leitast við að tryggja sig gegn markaðssveiflum.

2. Veita má stuðning við stofnun gagnkvæmra tryggingasjóða í formi tímabundinnar og minnkandi aðstoðar sem nær yfir umsýslukostnað sjóðanna.

103. gr. t

Uppskerutrygging

1. Stuðningur til uppskerutryggingar skal stuðla að því að tryggja framleiðendum tekjur þegar þeir verða fyrir áhrifum af náttúruhamförum, óhagstæðum veðuratburðum, sjúkdómum eða meindýrasmiti.

2. Veita má stuðning til uppskerutryggingar í formi fjárframlags frá Bandalaginu sem má ekki nema meira en:

a) 80% af þeim kostnaði vegna tryggingaiðgjalda sem framleiðendur hafa greitt til að tryggja sig vegna tjóns af völdum óhagstæðra veðuratburða sem teljast mega til náttúruhamfara,

b) 50% af þeim kostnaði vegna tryggingaiðgjalda sem framleiðendur hafa greitt til að tryggja sig vegna:

i. tjóns sem um getur í a-lið og annars tjóns af völdum óhagstæðra veðuratburða,

ii. tjóns af völdum dýra, plöntusjúkdóma eða meindýrasmits.

([1]) Stjtíð. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 25.

3. Einungis má veita stuðning til uppskerutryggingar ef viðkomandi tryggingargreiðslur bæta framleiðendum ekki meira en 100% af því tekjutapi sem þeir hafa orðið fyrir, að teknu tilliti til bóta sem framleiðendur kunna að hafa fengið í gegnum aðrar stuðningsáætlanir sem tengjast áhættunni sem tryggt er gegn.

4. Stuðningur til uppskerutryggingar skal ekki raska samkeppni á tryggingamarkaðnum.

103. gr. u

Fjárfestingar

1. Veita má stuðning til efnislegra eða óefnislegra fjárfestinga í vinnslustöðvum, grunnvirkjum vínbrugghúsa og markaðssetningar á vínum sem bæta heildarárangur fyrirtækisins og varða eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

a) framleiðslu eða setning á markað á afurðum sem um getur í XI. viðauka b,

b) þróun á nýjum afurðum, ferlum og tækni sem tengist afurðunum sem um getur í XI. viðauka b.

2. Stuðningur skv. 1. mgr. skal, þegar hámarksstuðningur er veittur, takmarkast við örfyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar nr. 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ([1]). Að því er varðar yfirráðasvæði Asoreyja, Madeira, Kanaríeyjar, minni eyjar í Eyjahafinu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1405/2006 og frönsku umdæmin handan hafsins skulu engar stærðartakmarkanir gilda um hámarkshlutfall. Að því er varðar fyrirtæki, sem ekki falla undir 1. mgr. 2. gr. I. bálks í viðaukanum við tilmæli 2003/361/EB, með færri en 750 starfsmenn eða með veltu undir 200 milljónum evra skal minnka hámark aðstoðarhlutfallsins um helming.

Aðstoð skal ekki veitt fyrirtækjum í erfiðleikum í skilningi viðmiðunarreglna Bandalagsins um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum.

3. Aðstoðarhæfur kostnaður skal útiloka þá þætti sem um getur í a, b og c–lið 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005.

4. Eftirfarandi hlutfall hámarksaðstoðar, í tengslum við aðstoðarhæfan fjárfestingarkostnað, gildir um framlag Bandalagsins:

a) 50% á landsvæðum sem flokkuð eru sem svæði sem falla undir samleitni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1083/2006,

b) 40% á öðrum landsvæðum en þeim sem falla undir samleitni,

c) 75% á ystu svæðum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 247/2006,

d) 65% á minni eyjunum í Eyjahafinu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1405/2006.

5. Ákvæði 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005 gilda að breyttu breytanda um stuðning sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

103. gr. v

Eiming aukaafurða

1. Veita má stuðning til eimingar að eigin frumkvæði eða skyldubundinnar eimingar á aukaafurðum úr vínframleiðslu sem farið hefur fram í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í D–lið XV. viðauka b.

Fjárhæð aðstoðar skal ákveðin miðað við rúmmálsprósentu og á hektólítra alkóhóls sem framleitt er. Ekki skal greiða aðstoð fyrir það alkóhólinnihald í aukaafurðunum, sem á að eima, sem fer yfir 10% af alkóhólinnihaldi vínsins sem er framleitt.

2. Sú hámarksaðstoð sem við á skal byggð á kostnaði við söfnun og vinnslu og skal framkvæmdastjórnin ákveða hana.

3. Alkóhól, sem verður til við eimingu sem nýtur stuðnings, sem um getur í 1. mgr., skal eingöngu notað í iðnaði eða til orkuframleiðslu til að forðast röskun á samkeppni.

103. gr. w

Eiming á drykkjarhæfu alkóhóli

1. Fram til 31. júlí 2012 má veita framleiðendum stuðning vegna víns, sem er eimað til að fá drykkjarhæft alkóhól, í formi aðstoðar miðað við hektara.

2. Leggja skal fram viðkomandi samninga um eimingu víns sem og viðeigandi sannanir fyrir afhendingu til eimingar áður en aðstoð er veitt.

103. gr. x

Neyðareiming

1. Fram til 31. júlí 2012 má veita stuðning til eimingar að eigin frumkvæði eða til skyldubundinnar eimingar á offramleiðslu á víni, sem aðildarríkin taka ákvörðun um í rökstuddum neyðartilvikum, til að minnka eða eyða offramleiðslunni og tryggja um leið samfelldni í framboði frá einni uppskeru til annarrar.

([1]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðeigandi hámarksaðstoð.

3. Alkóhól, sem verður til við eimingu sem nýtur stuðnings, sem um getur í 1. mgr., skal eingöngu notað í iðnaði eða til orkuframleiðslu til að forðast röskun á samkeppni.

4. Sá hluti fáanlegra fjárveitinga, sem notaður er til ráðstöfunar vegna neyðareimingar, skal ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshluta af heildarfjármununum sem eru til ráðstöfunar, sem mælt er fyrir um í X. viðauka b, til handa hverju aðildarríki á viðkomandi fjárhagsári:

– 20% árið 2009,

– 15% árið 2010,

– 10% árið 2011,

– 5% árið 2012.

5. Aðildarríkin geta aukið við fáanlega fjármuni fyrir ráðstöfun vegna neyðareimingar umfram árlegu efri mörkin, sem gefin eru í 4. mgr., með því að leggja fram landsbundið fjármagn í samræmi við eftirfarandi mörk (gefið upp sem hundraðshlutfall af viðkomandi árlegum efri mörkum sem gefin eru í 4. mgr.):

– 5% á vínárinu 2010,

– 10% á vínárinu 2011,

– 15% á vínárinu 2012.

Aðildarríkin skulu, eftir atvikum, tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundið aukafjármagn sem um getur í fyrstu undirgrein og framkvæmdastjórnin skal samþykkja færsluna áður en slíkt fjármagn verður fáanlegt.

103. gr. y

Notkun á þrúgumustsþykkni

1. Fram til 31. júlí 2012 má veita vínframleiðendum sem nota þrúgumustsþykkni, þ.m.t. hreinsað þrúgumustsþykkni, stuðning til að auka styrk náttúrulegs alkóhóls í afurðum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í XV. viðauka a.

2. Fjárhæð aðstoðarinnar skal ákveðin miðað við rúmmálsprósentu mögulegs alkóhólstyrkleika og á hektólítra mustsins sem notað er til auðgunarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða þá hámarksaðstoð sem við á vegna þessarar ráðstöfunar á hinum mismunandi vínræktarsvæðum.

103. gr. z

Samtengd skilyrði

Ef í ljós kemur, hvenær sem er á næstu þremur árum eftir greiðslu samkvæmt stuðningsáætlununum vegna endurskipulagningar og breytingar eða hvenær sem er á næsta ári eftir greiðslu samkvæmt stuðningsáætlununum vegna grænuppskeru, að bændur hafi ekki farið að lögboðnum stjórnunarkröfum og kröfunni um gott landbúnaðar- og umhverfisástand, sem um getur í 3.–7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003, á bújörðum sínum skal, ef brotið er afleiðing af athöfn eða athafnaleysi bóndans sjálfs, lækka eða fella niður fjárhæð greiðslunnar, að hluta til eða alveg eftir því hversu alvarlegt brotið er, umfangi þess, tímalengd og endurtekningu og bóndanum skal, eftir atvikum, gert að endurgreiða fjárhæðina í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum ákvæðum.

IV. Undirþáttur

Málsmeðferðarákvæði

103. gr. za

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessa þáttar.

Slíkar ráðstafanir geta einkum falið í sér:

a) framsetningu kynningar á stuðningsáætlununum,

b) reglur um breytingar á stuðningsáætlununum eftir að þær koma til framkvæmda,

c) ítarlegar reglur um framkvæmd ráðstafananna sem kveðið er á um í 103. gr. p til 103. gr. y,

d) skilyrði sem gilda um tilkynningar og birtingar vegna aðstoðar sem er fjármögnuð úr sjóðum Bandalagsins.“

8. Í stað fyrirsagnar I. kafla II. bálks II. hluta komi eftirfarandi:

„I. KAFLI

Reglur varðandi setning á markað og framleiðslu“,

9. Í stað fyrirsagnar I. þáttar I. kafla II. bálks II. hluta komi eftirfarandi:

„I. þáttur

Reglur um setningu á markað“,

10. Eftirfarandi greinar bætist við:

„113. gr. c

Reglur um setningu á markað til að bæta rekstur sameiginlega markaðarins fyrir vín og gera hann stöðugan

1. Í því skyni að bæta rekstur sameiginlega markaðsins fyrir vín og gera hann stöðugan, þ.m.t. þrúgur, must og vín sem þau koma úr, geta framleiðsluaðildarríkin mælt fyrir um reglur um setningu á markað til að stýra framboði, einkum með því að framkvæma ákvarðanir sem fjölgreinasamtökin, sem um getur í 3. mgr. 123. gr. og 125. gr. o, hafa tekið.

Slíkar reglur skulu vera í réttu hlutfalli við markmiðin sem stefnt er að og skulu ekki:

a) tengjast neinum viðskiptum eftir fyrstu setningu viðkomandi afurða á markað,

b) leyfa verðsamráð, þ.m.t. að leiðbeinandi eða ráðleggjandi verð sé ákveðið,

c) gera óhóflega stórt hlutfall árgangsins, sem að jafnaði væri á boðstólum, ófáanlegt,

d) gera það kleift að neita að gefa út þau landsbundnu vottorð og Bandalagsvottorð sem eru nauðsynleg til dreifingar á vínum og setningar þeirra á markað, þegar viðkomandi setning á markað er í samræmi við þessar reglur.

2. Reglunum, sem um getur í 1. mgr., skal komið á framfæri við rekstraraðila með opinberri birtingu í fullri lengd í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Kvöð um skýrslugjöf, sem um getur í 3. mgr. 125. gr. o, skal einnig gilda að því er varðar ákvarðanir eða aðgerðir aðildarríkjanna í samræmi við þessa grein.

113. gr. d

Sértæk ákvæði vegna setningar á víni á markað

1. Heiti á flokki vínræktarafurðar, sem kveðið er á um í XI. viðauka b, má einungis nota innan Bandalagsins til setningar á markað á afurð sem samræmist samsvarandi skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

Þó geta aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. 118. gr. y, heimilað notkun á heitinu „vín“ ef:

a) því fylgir, í samsettu heiti, heiti aldins til að markaðssetja afurðir fengnar með gerjun annarra aldina en þrúgna eða

b) það er hluti af samsettu heiti.

Forðast skal að rugla því saman við afurðir sem samsvara vínflokkunum í XI. viðauka b.

2. Framkvæmdastjórnin getur breytt flokkum vínræktarafurða, sem eru tilgreindir í XI. viðauka b, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

3. Að undanskildu víni á flöskum, þar sem sannað er að því hafi verið tappað á fyrir 1. september 1971, skal vín, sem er framleitt úr vínþrúguyrkjum sem eru tilgreind í flokkunum sem teknir voru saman í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 120. gr. a en samræmast ekki neinum af flokkunum sem mælt er fyrir um í XI. viðauka b, einungis notað til neyslu á heimilum einstakra vínframleiðenda, til framleiðslu á vínediki eða til eimingar.“

11. Eftirfarandi þættir bætist við I. kafla II. bálks II. hluta:

„I. þáttur a

Upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti í víngeiranum

118. gr. a

Gildissvið

1. Reglur sem varða upprunatáknanir, landfræðilegar merkingar og hefðbundin heiti, sem mælt er fyrir um í þessum þætti, gilda um afurðirnar sem um getur í 1., 3.–6., 8., 9., 11., 15. og 16. lið XI. viðauka b.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. lið, skulu byggjast á:

a) verndun lögmætra hagsmuna:

i. neytenda og

ii. framleiðenda,

b) að tryggja snurðulausan rekstur sameiginlega markaðsins með viðkomandi afurðir og

c) kynningu á framleiðslu gæðaafurða jafnframt því að unnt verði að beita innlendum gæðastefnuúrræðum.

I. Undirþáttur

Verndaðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar

118. gr. b

Skilgreiningar

1. Í þessum undirþætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „upprunatáknun“: nafn landsvæðis, sérstaks staðar eða, í undantekningartilvikum, lands, sem notað er til að lýsa afurð sem um getur í 1. mgr. 118. a ,sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

i. eiginleika hennar eða einkenni má að verulegu eða öllu leyti rekja til tiltekins landfræðilegs umhverfis með eðlislægum náttúruþáttum og mannlegum þáttum,

ii. þrúgurnar sem hún er framleidd úr koma eingöngu frá þessu landsvæði,

iii. framleiðsla hennar fer fram á þessu landsvæði og

iv. hún er fengin úr vínviðaryrkjum af tegundinni *Vitis vinifera*,

b) „landfræðileg merking“: merking sem vísar til svæðis, sérstaks staðar eða, í undantekningartilvikum, lands, sem notað er til að lýsa afurð sem um getur í 1. mgr. 118. gr. a sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

i. hún býr yfir sérstökum eiginleikum, orðspori eða öðrum einkennum sem rekja má til fyrrnefnds landfræðilegs uppruna,

ii. að minnsta kosti 85% af þrúgunum sem notaðar eru til framleiðslu hennar koma eingöngu frá þessu landsvæði,

iii. framleiðsla hennar fer fram á þessu landsvæði og

iv. hún er fengin úr vínviðaryrkjum af tegundinni *Vitis vinifera* eða með vixlæxlun tegunda V*itis vinifera* og annarra tegunda af ættkvíslinni *Vitis*.

2. Tiltekin heiti, sem hefð er fyrir að nota, teljast vera upprunatáknanir þegar þau:

a) auðkenna víntegund,

b) vísa til landfræðilegs heitis,

c) uppfylla kröfurnar sem um getur í i. til iv. lið a-liðar í 1. mgr. og

d) sæta málsmeðferð sem veitir þeim upprunatáknunum og landfræðilegu merkingum, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, vernd.

3. Upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar, þ.m.t. þær sem varða landsvæði í þriðju löndum, skulu teljast uppfylla skilyrði um vernd innan Bandalagsins í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

118. gr. c

Inntak umsókna um vernd

1. Umsóknir um vernd heita sem upprunatáknana eða landfræðilegra merkinga skulu innihalda tækniskjal þar sem er að finna:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) nafn og heimilisfang umsækjanda,

c) forskrift fyrir afurð eins og um getur í 2. mgr. og

d) eitt skjal með samantekt á forskriftinni fyrir afurðina sem um getur í 2. mgr.

2. Forskriftin fyrir afurðina skal gera hagsmunaaðilum kleift að sannreyna viðeigandi skilyrði fyrir framleiðslu sem tengjast viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu.

Hún skal a.m.k. fela í sér:

a) heitið sem á að njóta verndar,

b) lýsingu á víninu eða vínunum,

i. að því er varðar vín með upprunatáknun: helstu greiningar- og skynmatseinkenni þess,

ii. að því er varðar vín með landfræðilega merkingu: helstu greiningareinkenni ásamt mati eða upplýsingum um skynmatseinkenni þess,

c) eftir atvikum, tilgreindar vínfræðilegar vinnsluaðferðir, sem notaðar eru til að framleiða vínið eða vínin, ásamt takmörkunum sem skipta máli varðandi framleiðslu vínsins eða vínanna,

d) afmörkun á viðkomandi landsvæði,

e) hámarksafrakstur á hektara,

f) upplýsingar um vínþrúguyrkið eða -yrkin sem vínið eða vínin eru fengin úr,

g) upplýsingar sem sanna tengslin sem um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 118. gr. b eða, eftir atvikum, í i. lið b-liðar 1. mgr. 118. gr. b,

h) viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins eða landslöggjöf eða, ef aðildarríkin gera ráð fyrir því, af hálfu samtaka sem hafa umsjón með vernduðu upprunatáknuninni eða vernduðu, landfræðilegu merkingunni, að teknu tilliti til þeirrar staðreyndar að slíkar kröfur skulu vera hlutlægar og án mismununar og samrýmast lögum Bandalagsins,

i) heiti og heimilisfang þeirra yfirvalda eða stofnana sem sannprófa að farið sé að ákvæðum forskriftarinnar fyrir afurðina og sérstök verkefni þeirra.

118. gr. d

Umsókn um vernd sem tengist landsvæði í þriðja landi

1. Ef umsókn um vernd varðar landsvæði í þriðja landi skal henni fylgja, auk þeirra þátta sem kveðið er á um í 118. gr. c, sönnun þess að heitið sem um ræðir njóti verndar í upprunalandi sínu.

2. Umsóknin skal send til framkvæmdastjórnarinnar, annað hvort beint frá umsækjanda eða fyrir milligöngu yfirvalda í hlutaðeigandi þriðja landi.

3. Umsóknin um vernd skal lögð fram á einu af opinberum tungumálum Bandalagsins eða henni skal fylgja vottuð þýðing á einu af þeim tungumálum.

118. gr. e

Umsækjendur

1. Hagsmunahópur framleiðenda eða, í undantekningartilvikum, stakur framleiðandi, getur sótt um vernd upprunatáknana eða landfræðilegra merkinga. Aðrir hagsmunaaðilar mega taka þátt í umsókninni.

2. Framleiðendur mega einungis leggja fram umsókn um vernd fyrir vín sem þeir framleiða sjálfir.

3. Ef um er að ræða heiti, sem er tákn fyrir landssvæði sem nær yfir landamæri, eða hefðbundið heiti, sem tengist landssvæði sem nær yfir landamæri, má leggja fram sameiginlega umsókn.

118. gr. f

Undanfarandi landsbundin málsmeðferð

1. Umsóknir um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar á vín í samræmi við 118. gr. b, sem eru upprunnin í Bandalaginu, skulu lagðar fram með fyrirvara um undanfarandi landsbundna málsmeðferð í samræmi við þessa grein.

2. Umsókn um vernd skal lögð fyrir aðildarríkið þar sem yfirráðasvæðið liggur sem upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin er upprunnin í.

3. Aðildarríkið skal taka umsóknina um vernd til meðferðar til að ganga úr skugga um hvort hún uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þessum undirþætti.

Aðildarríkið skal annast landsbundna málsmeðferð sem tryggir fullnægjandi birtingu á umsókninni og skal veita a.m.k. tveggja mánaða frest frá útgáfudegi til að einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta og eru búsettir á eða hafa staðfestu á yfirráðasvæði þess, geti andmælt fyrirhugaðri vernd með því að leggja fram yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, í aðildarríkinu.

4. Ef aðildarríki telur að upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin uppfylli ekki viðeigandi kröfur eða samrýmist almennt ekki lögum Bandalagsins skal það hafna umsókninni.

5. Ef aðildarríki telur að viðeigandi kröfur séu uppfylltar skal það:

a) birta eina skjalið og forskriftina fyrir afurðina, a.m.k. á Netinu, og

b) senda framkvæmdastjórninni umsókn um vernd sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

i. nafn og heimilisfang umsækjanda,

ii. eina skjalið sem um getur í d-lið 1. mgr. 118. gr. c,

iii. yfirlýsingu frá aðildarríkinu um að það telji að umsóknin sem umsækjandinn lagði inn uppfylli skilyrðin sem krafist er og

iv. tilvísun í birtingu eins og um getur í a-lið.

Þessar upplýsingar skal senda á einu af opinberum tungumálum Bandalagsins eða þeim skal fylgja vottuð þýðing á einu af þessum tungumálum.

6. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. ágúst 2009, innleiða nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar greinar.

7. Ef engin landslöggjöf er til staðar í aðildarríkinu varðandi vernd upprunatáknana og landfræðilegra merkinga má aðildarríkið, einungis á umbreytingargrundvelli, veita heitinu vernd á landsvísu, í samræmi við skilyrðin í þessum undirþætti, sem gengur í gildi sama dag og umsóknin er lögð fyrir framkvæmdastjórnina. Slíkri landsbundinni vernd á umbreytingargrundvelli skal ljúka þann dag sem ákvörðun er tekin um skráningu eða synjun samkvæmt þessum undirþætti.

118. gr. g

Athugun framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal birta opinberlega framlagningardagsetningu umsóknarinnar um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegar merkingar.

2. Framkvæmdastjórnin skal athuga hvort umsóknir um vernd, sem um getur í 5. mgr. 118. gr. f, uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti, séu uppfyllt skal hún birta eina skjalið, sem um getur í d-lið 1. mgr. 118. gr. c, og tilvísunina í birtingu forskriftarinnar fyrir afurðina, sem um getur í 5. mgr. 118. gr. f., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þegar ekki er um slíkt að ræða skal framkvæmdastjórnin ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., að hafna umsókninni.

118. gr. h

Andmælameðferð

Innan tveggja mánaða frá birtingardeginum, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 3. mgr. 118. gr. g, má aðildarríki eða þriðja land eða einstaklingur eða lögaðili, sem á lögmætra hagsmuna að gæta og er búsettur í eða hefur staðfestu í aðildarríki, öðru en því sem sækir um vernd, eða í þriðja landi, andmæla fyrirhugaðri vernd með því að leggja fyrir framkvæmdastjórnina yfirlýsingu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, sem varðar hæfisskilyrðin eins og mælt er fyrir um í þessum undirþætti.

Ef um er að ræða einstakling eða lögaðila sem er búsettur í eða hefur staðfestu í þriðja landi skal slík yfirlýsing lögð fram, annað hvort beint eða fyrir milligöngu yfirvalda í hlutaðeigandi þriðja landi, innan tveggja mánaða frestsins sem um getur í fyrstu málsgrein.

118. gr. i

Ákvörðun um vernd

Framkvæmdastjórnin skal ákveða, á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., annað hvort að veita upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni, sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum undirþætti og samrýmist lögum Bandalagsins, vernd eða að hafna umsókninni ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt.

118. gr. j

Einsheiti

1. Heiti, sem er að öllu leyti eða hluta til einsheiti við heiti sem þegar er skráð samkvæmt þessari reglugerð í tengslum við víngeirann, sem umsókn er lögð fram fyrir, skal skráð að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og hættu á ruglingi.

Einsheiti, sem kemur neytendum til að halda að afurðirnar komi frá öðru yfirráðasvæði, skal ekki skráð jafnvel þó að heitið sé nákvæmt að því er varðar hið raunverulega yfirráðasvæði, landsvæði eða upprunasvæði viðkomandi afurða.

Notkun á skráðu einsheiti skal háð því að nægjanlegur munur sé í raun milli einsheitisins, sem skráð er síðar, og heitisins sem var fyrir í skránni, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að blekkja neytendur.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda að breyttu breytanda ef heiti, sem umsókn er lögð fram fyrir, er að öllu leyti eða að hluta til einsheiti við landfræðilega merkingu sem nýtur verndar sem slík samkvæmt lögum aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu ekki skrá landfræðilegar merkingar, sem ekki eru eins, sem verndaðar samkvæmt löggjöf sinni um landfræðilegar merkingar ef upprunatáknun eða landfræðileg merking nýtur verndar innan Bandalagsins samkvæmt þeim lögum Bandalagsins sem varða upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar.

3. Ef heiti vínþrúguyrkis inniheldur eða felur í sér verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu skal það heiti ekki notað í þeim tilgangi að merkja afurðir sem falla undir þessa reglugerð, ef ekki er kveðið á um annað í framkvæmdarráðstöfunum Bandalagsins.

4. Vernd upprunatáknana og landfræðilega merkinga fyrir afurðir sem falla undir 118. gr. b skal ekki hafa áhrif á verndaðar, landfræðilegar merkingar sem gilda um brennda drykki í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ([1]) og öfugt.

118. gr. k

Ástæður fyrir synjun um vernd

1. Heiti, sem eru orðin almenn, skulu ekki njóta verndar sem upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar.

Í þessum undirþætti merkir „heiti sem er orðið almennt“ að heiti víns hefur orðið að almennu heiti á víni innan Bandalagsins þó að það tengist stað eða landsvæði þar sem þessi afurð var upphaflega framleidd eða sett á markað.

Til að ganga úr skugga um hvort heiti sé orðið almennt skal taka tillit til allra þátta sem skipta máli, einkum:

a) aðstæðna, sem eru fyrir hendi í Bandalaginu, einkum á neyslusvæðum,

b) viðeigandi laga Bandalagsins eða landslöggjafar.

2. Heiti skal ekki njóta verndar sem upprunatáknun eða landfræðileg merking ef, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis, vernd er líkleg til að villa um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna vínsins.

118. gr. l

Tengsl við vörumerki

1. Ef upprunatáknun eða landfræðileg merking nýtur verndar samkvæmt þessari reglugerð skal synja um skráningu vörumerkis, sem svarar til einhverra af þeim aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 118. gr. m og tengist afurð sem fellur undir einhvern af flokkunum sem eru tilgreindir í XI. viðauka b, ef umsóknin um skráningu vörumerkisins er lögð inn eftir dagsetningu framlagningar umsóknarinnar um vernd fyrir upprunatáknunina eða landfræðilegu merkinguna til framkvæmdastjórnarinnar og upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni hefur í kjölfarið verið veitt vernd.

Ef skráning vörumerkja brýtur gegn ákvæði fyrstu undirgreinar skal ógilda skráninguna.

2. Með fyrirvara um 2. mgr. 118. gr. k má halda áfram að nota og endurnýja vörumerki, sem hefur verið sótt um, hefur verið skráð eða það hefur öðlast þegnrétt vegna notkunar innan yfirráðasvæðis Bandalagsins, ef kveðið er á um þann möguleika í viðkomandi löggjöf, fyrir þá dagsetningu þegar umsókn um vernd upprunatáknunarinnar eða landfræðilegu merkingarinnar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina, þó að notkun þess svari til einhverra af þeim aðstæðum sem um getur í 2. mgr. 118. gr. m þrátt fyrir vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að ekki séu fyrir hendi forsendur fyrir ógildingu eða afturköllun vörumerkisins eins og skilgreint er í fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki ([2]) eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 40/94 frá 20. desember 1993 um vörumerki Bandalagsins ([3]).

Í slíkum tilvikum skal heimilt að nota upprunatáknunina eða landfræðilegu merkinguna samhliða viðkomandi vörumerkjum.

118. gr. m

Vernd

1. Allir rekstraraðilar mega nota verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar þegar þeir setja á markað vín sem framleitt hefur verið í samræmi við samsvarandi forskrift fyrir afurðina.

2. Verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar og vínin, sem þessi vernduðu heiti eru notuð á í samræmi við forskriftina fyrir afurðina, skulu njóta verndar gegn:

a) allri beinni eða óbeinni notkun á vernduðu heiti í viðskiptalegum tilgangi:

   i. á sambærilegum afurðum sem samræmast ekki forskriftinni fyrir verndaða heitið eða

   ii. að því marki sem slík notkun felst í því að hagnast sé á orðspori upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar,

([1]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 11, 14.1.1994, bls. 1.

b) allri misnotkun, eftirlíkingu eða sköpun hugrenningatengsla, jafnvel þó að hinn rétti uppruni afurðarinnar sé tilgreindur eða verndaða heitið er þýtt eða því fylgir orðalag s.s. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,

c) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til tilkomu, uppruna, eðlis eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, auglýsingaefni eða skjölum sem tengjast viðkomandi vínafurð, og pökkun afurðarinnar í ílát sem líklegt er að muni skapa ranghugmynd um uppruna hennar,

d) öllu öðru sem líklegt er að geti villt um fyrir neytendum að því er varðar réttan uppruna afurðarinnar.

3. Verndaðar upprunatáknanir eða verndaðar, landfræðilegar merkingar skulu ekki verða almennar innan Bandalagsins í skilningi 1. mgr. 118. gr. k.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva ólöglega notkun á vernduðum upprunatáknunum og vernduðum, landfræðilegum merkingum, eins og um getur í 2. mgr.

118. gr. n

Skrá

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og viðhalda rafrænni skrá yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar fyrir vín, sem skal vera aðgengileg almenningi.

118. gr. o

Tilnefning lögbærs eftirlitsyfirvalds

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á eftirliti að því er varðar þær skuldbindingar sem komið var á með þessum kafla í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]).

2. Aðildarríkin skulu tryggja að allir rekstraraðilar sem fara að ákvæðum þessa undirþáttar eigi rétt á að falla undir eftirlitskerfi.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbært yfirvald eða yfirvöld sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal birta nöfn þeirra og heimilisföng opinberlega og uppfæra reglulega.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

118. gr. p

Sannprófun á því að farið sé að forskriftum

1. Að því er varðar verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem tengjast landsvæði innan Bandalagsins skulu eftirfarandi aðilar tryggja árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinn fyrir afurðina, á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni:

a) lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 118. gr. o eða

b) eftirlitsaðili eða -aðilar í skilningi 5. liðar í annarri málsgrein 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 882/2004, sem starfa sem vottunaraðilar fyrir afurðir í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Rekstraraðilarnir sem gangast undir slíka sannprófun skulu bera kostnaðinn af henni.

2. Að því er varðar verndaðar upprunatáknanir og verndaðar, landfræðilegar merkingar sem tengjast landsvæði í þriðja landi skulu eftirfarandi aðilar tryggja árlega sannprófun á því að farið sé að forskriftinni fyrir afurðina, á meðan á framleiðslu stendur og meðan á formeðhöndlun vínsins stendur eða að henni lokinni:

a) eitt eða fleiri opinber yfirvöld sem þriðja landið tilnefnir eða

b) einn eða fleiri vottunaraðilar.

3. Vottunaraðilarnir, sem um getur í b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr., skulu virða, og frá 1. maí 2010, vera faggiltir í samræmi við Evrópustaðal EN 45011 eða ISO/IEC-leiðbeiningar 65 (Almennar kröfur vegna aðila sem reka vöruvottunarkerfi).

4. Ef yfirvaldið eða yfirvöldin, sem um getur í a-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr., staðfesta að forskriftin fyrir afurðina sé virt skulu þau bjóða upp á viðunandi tryggingar um hlutlægni og óhlutdrægni og hafa sér til aðstoðar það sérmenntaða starfsfólk og þau hjálpargögn sem þau þurfa til að sinna verkefnum sínum.

118. gr. q

Breytingar á forskriftum fyrir afurðir

1. Umsækjandi sem uppfyllir skilyrðin í 118. gr. e getur sótt um samþykki fyrir breytingu á forskrift verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar, einkum til að taka tillit til þróunar vísinda- og tækniþekkingar eða til að endurskilgreina landsvæðið sem um getur í d-lið annarar undirgreinar 2. mgr. 118. gr. c. Í umsóknum skal lýsa þeim breytingum sem óskað er eftir og rökstyðja þær.

2. Ef tillaga að breytingum felur í sér eina eða fleiri breytingar á eina skjalinu sem um getur í d-lið 1. mgr. 118. gr. c gilda 118. gr. f til 118. gr. i að breyttu breytanda um umsóknina um breytingar. Ef tillögð breyting er einungis minni háttar skal framkvæmdastjórnin ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., hvort samþykkja skuli umsóknina án þess að beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 118. gr. g og 118. gr. h og ef hún er samþykkt skal framkvæmdastjórnin birta þá þætti sem um getur í 3. mgr. 118. gr g.

3. Ef tillaga að breytingum felur ekki í sér neina breytingu á eina skjalinu gilda eftirfarandi reglur:

a) ef landsvæðið er í tilteknu aðildarríki skal það aðildarríki láta í ljós afstöðu sína til breytingarinnar og ef aðildarríkið er henni fylgjandi skal það birta breyttu forskriftina og tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar sem samþykktar voru og ástæðurnar fyrir þeim,

b) ef landsvæðið er í þriðja landi skal framkvæmdastjórnin segja til um hvort samþykkja skuli tillögu að breytingum.

118. gr. r

Niðurfelling

Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., að eigin frumkvæði eða samkvæmt tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, þriðja lands eða einstaklings eða lögaðila sem á lögmætra hagsmuna að gæta, að fella niður vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar ef ekki er lengur tryggt að farið sé að samsvarandi forskrift.

Ákvæði 118. gr. f til 118. gr. i gilda að breyttu breytanda.

118. gr. s

Vínheiti sem til eru og þegar njóta verndar

1. Vínheiti sem njóta verndar í samræmi við 51. og 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 og 28. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða ([1]) skulu sjálfkrafa njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal færa þau í skrána sem kveðið er á um í 118. gr. n í þessari reglugerð.

([1]) Stjtíð.EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar vínheiti sem til eru og þegar njóta verndar, sem um getur í 1. mgr., senda framkvæmdastjórninni:

a) tækniskjölin sem kveðið er á um í 1. mgr. 118. gr. c,

b) landsbundnu ákvarðanirnar um samþykki.

3. Ef upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., um vínheitin sem um getur í 1. mgr. eru ekki lagðar fram fyrir 31. desember 2011 skulu vínheiti glata þeirri vernd sem þau njóta samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal beita samsvarandi formlegri ráðstöfun og fjarlægja slík heiti úr skránni sem kveðið er á um í 118. gr. n.

4. Ákvæði 118. gr. r skulu ekki gilda að því er varðar vínheiti, sem um getur í 1. mgr., sem til eru og þegar njóta verndar.

Fram til 31. desember 2014 getur framkvæmdastjórnin ákveðið, að eigin frumkvæði og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., að fella niður vernd fyrir vínheiti, sem um getur í 1. mgr., sem til eru og þegar njóta verndar, ef þau uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 118. gr. b.

118. gr. t

Gjöld

Aðildarríkin geta innheimt gjöld til að standa straum af kostnaði sínum, þ.m.t. kostnaður sem til fellur vegna meðferðar á umsóknum um vernd, andmælayfirlýsingum, umsóknum um breytingar og beiðnum um niðurfellingar samkvæmt þessum undirþætti.

II. Undirþáttur

Hefðbundin heiti

118. gr. u

Skilgreiningar

1. „Hefðbundið heiti“: heiti sem hefð er fyrir að nota í aðildarríkjunum fyrir afurðir sem um getur í 1. mgr. 118. gr. a til að tiltaka:

a) að afurðin hafi verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu samkvæmt lögum Bandalagsins eða landslögum,

b) framleiðslu- eða þroskunaraðferðina eða gæði, lit, tegund staðar eða sérstakan viðburð sem tengist sögu afurðarinnar sem er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

2. Framkvæmdastjórnin skal viðurkenna, skilgreina og vernda hefðbundin heiti.

118. gr. v

Vernd

1. Einungis má nota verndað, hefðbundið heiti fyrir afurð sem hefur verið framleidd í samræmi við skilgreininguna sem um getur í 1. mgr. 118. gr. u.

Hefðbundin heiti skulu njóta verndar gegn ólöglegri notkun.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva ólöglega notkun á vernduðum, hefðbundnum heitum.

2. Hefðbundin heiti skulu ekki verða almenn innan Bandalagsins.

I. þáttur b

Merking og kynning í víngeiranum

118. gr. w

Skilgreining

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „merking“: hvers kyns orð, upplýsingar, vörumerki, tegundarheiti, myndrænt efni eða tákn sem er sett á allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja tiltekinni afurð eða vísa til hennar,

b) „kynning“: allar upplýsingar sem miðlað er til neytenda með umbúðum viðkomandi afurðar, þ.m.t. lögun og tegund flaskna.

118. gr. x

Gildissvið þverlægra reglna

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð gilda ákvæði tilskipunar 89/104/EBE, tilskipunar ráðsins 89/396/EBE frá 14. júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ([1]), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([2]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru ([3]) um merkingu og kynningu á afurðum sem falla undir gildissvið þeirra.

([1]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.
([2]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([3]) Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17.

118. gr. y

Lögboðnar upplýsingar

1. Merking og kynning á afurðum sem um getur í 1.–11. mgr., 13. 15. og 16. mgr. í XI. viðauka b, sem eru settar á markað innan Bandalagsins eða til útflutnings, skulu innihalda eftirfarandi lögboðnar upplýsingar:

a) heitið á flokki vínræktarafurðarinnar í samræmi við XI. viðauka b,

b) að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:

   i. hugtakið „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“ og

   ii. heiti vernduðu upprunatáknunarinnar eða vernduðu, landfræðilegu merkingarinnar,

c) raunverulegan alkóhólsstyrkleika miðað við rúmmál,

d) upplýsingar um uppruna,

e) upplýsingar um átapparann eða, þegar um er að ræða freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín, heiti framleiðandans eða seljandans,

f) upplýsingar um innflytjandann ef um er að ræða innflutt vín og

g) þegar um er að ræða freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín, upplýsingar um sykurinnihald.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. má sleppa tilvísun í flokk vínræktarafurðarinnar þegar vernduð upprunatáknun eða vernduð, landfræðileg merking kemur fram á merkimiða viðkomandi vína.

3. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. má sleppa tilvísun í hugtökin „vernduð upprunatáknun“ eða „vernduð, landfræðileg merking“ í eftirfarandi tilvikum:

a) ef hefðbundið heiti, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 118. gr. u, kemur fram á merkimiðanum,

b) í undantekningartilvikum sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina, ef heiti vernduðu upprunatáknunarinnar eða vernduðu, landfræðilegu merkingarinnar kemur fram á merkimiðanum.

118. gr. z

Valkvæðar upplýsingar

1. Merking og kynning á afurðunum, sem um getur í 1. mgr. 118. gr. y, getur m.a. innihaldið eftirfarandi valkvæðar upplýsingar:

a) vínárganginn,

b) heiti eins eða fleiri vínþrúguyrkja,

c) ef um er að ræða önnur vín en þau sem um getur í g-lið 1. mgr. 118. gr. y: hugtök sem gefa til kynna sykurinnihaldið,

d) ef um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu: hefðbundin heiti, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 118. gr. u,

e) tákn Bandalagsins með vernduðu upprunatáknuninni eða vernduðu, landfræðilegu merkingunni,

f) hugtök sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða,

g) ef um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu: heiti annarar landfræðilegrar einingar sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 118. gr. j, að því er varðar notkun á upplýsingum sem um getur í a og b-lið 1. mgr., ef um er að ræða vín sem ekki eru með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:

a) aðildarríkin skulu innleiða nauðsynleg lög eða stjórnsýslufyrirmæli til að tryggja málsmeðferð við vottun, samþykki og eftirlit í því skyni að tryggja sannleiksgildi viðkomandi upplýsinga,

b) aðildarríkin geta, á grundvelli viðmiðanna sem eru án mismununar og hlutlægar og að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttlátrar samkeppni, tekið saman skrár yfir útilokuð vínþrúguyrki fyrir vín úr vínþrúguyrkjum á yfirráðasvæði sínu, einkum ef:

   i. hætta er á ruglingi hjá neytendum að því er varðar réttan uppruna vínsins vegna þess að viðkomandi vínþrúguyrki er óaðskiljanlegur hluti af verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu sem þegar er til,

   ii. viðeigandi eftirlit yrði ekki kostnaðarhagkvæmt vegna þess að viðkomandi vínþrúguyrki er mjög lítill hluti af vínekru aðildarríkisins,

c) að því er varðar blöndur vína frá mismunandi aðildarríkjum skal ekki tilgreina vínþrúguyrkið eða -yrkin á merkimiðanum nema hlutaðeigandi aðildarríki komi sér saman um annað og tryggi hagkvæmni málsmeðferðar við viðkomandi vottun, samþykki og eftirlit.

118. gr. za

Tungumál

1. Lögboðnar og valkvæðar upplýsingar, sem um getur í 118. gr. y og 118. gr. z, skulu, þegar þær eru settar fram með orðum, birtar á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal heiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar, landfræðilegrar merkingar eða hefðbundið heiti, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 118. gr. u, koma fram á merkimiðanum á því tungumáli eða tungumálum sem verndin gildir um.

Ef um er að ræða verndaðar upprunatáknanir eða verndaðar, landfræðilegar merkingar eða sértækar, landsbundnar merkingar, sem ekki eru með latnesku letri, má heitið einnig koma fram á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins.

118. gr. zb

Framfylgd

Lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum skulu gera ráðstafanir til að tryggja að afurð, sem um getur í 1. mgr. 118. gr. y sem ekki er merkt í samræmi við þennan þátt, sé ekki sett á markað eða sé dregin til baka af markaði.“

12. Eftirfarandi þáttur bætist við I. kafla II. bálks II. hluta:

„II. þáttur a

Framleiðslureglur í víngeiranum

I. Undirþáttur

Vínþrúguyrki

120. gr. a

Flokkun á vínþrúguyrkjum

1. Afurðir, sem eru tilgreindar í XI. viðauka b og framleiddar innan Bandalagsins, skulu vera úr vínþrúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr.

2. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 3. mgr., flokka hvaða vínþrúguyrkjum má planta, endurplanta eða stunda ágræðslu á yfirráðasvæði þeirra í þeim tilgangi að framleiða vín.

Aðildarríkin mega einungis flokka vínþrúguyrki sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) viðkomandi yrki er af tegundinni *Vitis vinifera* eða hefur verið fengið með víxlæxlun tegundarinnar *Vitis vinifera* og annarra tegunda af ættkvíslinni Vitis,

b) yrkið er ekki eitt af eftirfarandi: Noah, Othello, Isabelle, Jacquez, Clinton og Herbemont.

Ef vínþrúguyrki er fellt brott úr flokkuninni sem um getur í fyrstu undirgrein skal ruðning á þessu yrki fara fram innan 15 ára þaðan í frá.

3. Þau aðildarríki þar sem vínframleiðsla fer ekki yfir 50 000 hektólítra á hverju vínári, reiknað á grundvelli meðalframleiðslu á síðastliðnum fimm vínárum, skulu undanþegin flokkunarskuldbindingunni sem um getur í 2. mgr.

Í þeim aðildarríkjum, sem um getur í fyrstu undirgrein, má hins vegar einungis planta, endurplanta eða stunda ágræðslu á vínþrúguyrkjum, sem uppfylla ákvæði a- og b-liðar 2. mgr., til vínframleiðslu.

4. Þrátt fyrir fyrstu og aðra undirgrein 2. mgr. og aðra undirgrein 3. mgr. skal heimilt að planta, endurplanta eða stunda ágræðslu á eftirfarandi vínþrúguyrkjum vegna vísindarannsókna og í tilraunaskyni:

a) vínþrúguyrkjum sem ekki eru flokkuð í þeim aðildarríkjum sem um getur í 2. mgr.,

b) vínþrúguyrkjum sem ekki uppfylla ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. í þeim aðildarríkjum sem um getur í 3. mgr.

5. Ryðja skal svæði þar sem brotið hefur verið gegn ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. með plöntun vínþrúguyrkja til vínframleiðslu.

Þó skal það ekki skylda að ryðja slík svæði ef viðkomandi framleiðsla er eingöngu ætluð til neyslu á heimilum vínframleiðendanna.

6. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með því að framleiðendur fari að ákvæðum 2.–5. mgr.

II. Undirþáttur

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir

120. gr. b

Gildissvið

Þessi undirþáttur varðar viðurkenndar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem gilda um framleiðslu og markaðssetningu á afurðum úr víngeiranum sem og um málsmeðferð til að taka ákvarðanir um þessar vinnsluaðferðir og takmarkanir.

120. gr. c

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir

1. Einungis skal nota vínfræðilegar vinnsluaðferðir, sem eru heimilaðar samkvæmt lögum Bandalagsins, eins og mælt er fyrir um í XV. viðauka a eða tekin ákvörðun um í samræmi við 120. gr. d og 120. gr. e við framleiðslu og geymslu á afurðum úr víngeiranum í Bandalaginu.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um:

a) þrúgusafa og þrúgusafaþykkni,

b) þrúgumust og þrúgumustsþykkni sem ætlað er til framleiðslu á þrúgusafa.

2. Aðeins er heimilt að nota leyfilegar vínfræðilegar vinnsluaðferðir í þeim tilgangi að tryggja rétta vínframleiðslu, rétta varðveislu eða rétta þroskun afurðarinnar.

3. Afurðir úr víngeiranum skulu framleiddar innan Bandalagsins í samræmi við viðeigandi takmarkanir sem mælt er fyrir um í XV. viðauka b.

4. Afurðir sem falla undir þessa reglugerð, sem hafa verið unnar með vínfræðilegum vinnsluaðferðum sem ekki eru leyfðar í Bandalaginu eða, eftir atvikum, með óleyfilegum landsbundnum vínfræðilegum vinnsluaðferðum eða vinnsluaðferðum sem brjóta í bága við takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í XV. viðauka b, skulu ekki settar á markað innan Bandalagsins.

120. gr. d

Strangari reglur sem aðildarríkin ákveða

Aðildarríkin geta takmarkað eða útilokað notkun tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða og kveðið á um strangari takmarkanir fyrir vín, sem leyfð eru samkvæmt lögum Bandalagsins og framleidd á yfirráðasvæði þeirra, með það fyrir augum að styrkja varðveislu á mikilvægum einkennum vína með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu og freyðivína og líkjörvína.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar takmarkanir, útilokanir og höft og framkvæmdastjórnin skal gera hinum aðildarríkjunum grein fyrir þeim.

120. gr. e

Leyfi fyrir vínfræðilegum vinnsluaðferðum og takmörkunum

1. Að undanteknum þeim vínfræðilegum vinnsluaðferðum sem snúast um auðgun, sýringu og afsýringu, sem mælt er fyrir um í XV. viðauka a fyrir þær tilteknu afurðir sem falla undir hann, sem og þær takmarkanir sem taldar eru upp í XV. viðauka b, skal það vera framkvæmdastjórnin sem tekur ákvarðanir um leyfi fyrir vínfræðilegum vinnsluaðferðum og takmörkunum að því er varðar framleiðslu og geymslu afurða úr víngeiranum, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

2. Aðildarríkin geta heimilað notkun á óleyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum í tilraunaskyni samkvæmt skilyrðum sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

120. gr. f

Viðmiðanir um leyfisveitingar

Þegar framkvæmdastjórnin veitir leyfi fyrir vínfræðilegum vinnsluaðferðum, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., skal hún:

a) styðjast við þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir, sem og við niðurstöður varðandi notkun á vínfræðilegum vinnsluaðferðum, sem enn hafa ekki verið leyfðar, í tilraunaskyni,

b) taka tillit til heilsuverndar manna,

c) taka tillit til hugsanlegrar hættu á að villt sé um fyrir neytendum vegna fastgróinna væntinga þeirra og skynjunar, með hliðsjón af aðgengi að og hagkvæmni upplýsingamiðlunarleiða til að útiloka slíka áhættu,

d) leyfa varðveislu á náttúrulegum og mikilvægum einkennum vínsins og ekki valda umtalsverðum breytingum á samsetningu viðkomandi afurðar,

e) tryggja viðunandi lágmarksvernd fyrir umhverfið,

f) virða þær almennu reglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem mælt er fyrir um í XV. viðauka a annars vegar og í XV. viðauka b hins vegar.

120. gr. g

Greiningaraðferðir

Þær greiningaraðferðir sem notaðar eru til að greina samsetningu afurða úr víngeiranum og þær reglur sem beita skal til að ákvarða hvort þessar afurðir hafi verið unnar með aðferðum sem samræmast ekki leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum skulu vera þær sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir.

Ef ekki eru til neinar reglur sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir skal framkvæmdastjórnin samþykkja samsvarandi aðferðir og reglur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

Meðan þess er beðið að slíkar reglur séu samþykktar skal nota þær aðferðir og reglur sem hlutaðeigandi aðildarríki leyfir.“

13. Ákvæðum 121. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætist við fyrstu málsgrein:

„k) reglur sem varða upprunatáknunina og landfræðilegu merkinguna sem um getur í I. undirþætti I. þáttar a, einkum undanþágur frá gildissviði reglnanna og krafnanna sem mælt er fyrir um í þeim undirþætti:

i. að svo miklu leyti sem varðar umsóknir um vernd upprunatáknana eða landfræðilegra merkinga sem bíða afgreiðslu,

ii. að svo miklu leyti sem varðar framleiðslu á tilteknum vínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu á landsvæði sem er nálægt því landsvæði þar sem þrúgurnar eru upprunnar,

iii. að svo miklu leyti sem varðar hefðbundnar framleiðsluaðferðir fyrir tiltekin vín með verndaða upprunatáknun,

l) reglur sem varða hefðbundin heiti sem um getur í II. undirþætti I. þáttar a, einkum að því er varðar:

i. málsmeðferð við veitingu verndar,

ii. sértækt umfang verndar,

m) reglur sem varða merkingu og kynningu sem um getur í I. þætti b, einkum:

i. nákvæmar upplýsingar um uppruna viðkomandi afurðar,

ii. skilyrði fyrir notkun valkvæðra upplýsinga sem taldar eru upp í 118. gr. z,

iii. sértækar kröfur sem tengjast upplýsingum um árgang og vínþrúguyrki sem koma fram á merkimiðum eins og um getur í 2. mgr. 118. gr. z,

iv. frekari undanþágur auk þeirra sem um getur í 2. mgr. 118. gr. y þar sem kveðið er á um að sleppa megi tilvísun í flokk vínræktarafurðar,

v. reglur um vernd sem veita skal í tengslum við kynningu tiltekinnar afurðar.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar ákvæðanna um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem mælt er fyrir um í II. undirþætti II. þáttar a og XV. viðauka a og XV. viðauka b, ef ekki er kveðið á um annað í þeim viðaukum.

Ráðstafanirnar, sem um getur í þriðju málsgrein, geta einkum falist í:

a) ákvæðum þess efnis að vínfræðilegar vinnsluaðferðir Bandalagsins, sem eru taldar upp í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, teljist leyfðar vínfræðilegar vinnsluaðferðir,

b) leyfðum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og takmörkunum, þ.m.t. auðgun, sýring og afsýring að því er varðar freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrík gæðafreyðivín,

c) leyfðum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og takmörkunum sem varða líkjörvín,

d) ákvæðum sem gilda um samsetningu og blöndun á musti og víni, með fyrirvara um C-lið XV. viðauka b,

e) forskriftum fyrir hreinleika og auðkenni efna, sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir, ef engar reglur Bandalagsins þar að lútandi eru til,

f) stjórnsýslureglum vegna notkunar á hinum leyfðu vínfræðilegu vinnsluaðferðum,

g) skilyrðum sem gilda um geymslu, dreifingu og notkun á afurðum, sem ekki samræmast ákvæðum 120. gr. c, og hugsanlegar undanþágur frá kröfunum í þeirri grein, sem og að viðmiðanir séu fastsettar í því skyni að forðast að harðræði sé beitt í einstökum málum,

h) skilyrðum fyrir því að aðildarríki geti heimilað geymslu, dreifingu og notkun á afurðum, sem ekki samræmast ákvæðum II. undirþáttar II. þáttar a, að undanskildum ákvæðum 120. gr. c, eða ákvæðum um framkvæmd þess undirþáttar.“

14. Eftirfarandi málsgreinar bætist við 122. gr.:

„Aðildarríkin geta viðurkennt samtök framleiðenda í víngeiranum, samkvæmt sömu skilyrðum og sett eru fram í b- og c-lið fyrstu málsgreinar, sem beita reglum þar sem þess er einkum krafist að aðilar samtakanna:

a) beiti reglum sem samtök framleiðenda hafa samþykkt að því er varðar skýrslugjöf um framleiðslu, framleiðslu, setningu á markað og umhverfisvernd,

b) veiti þær upplýsingar sem samtök framleiðenda óska eftir vegna söfnunar tölfræðiupplýsinga, einkum um ræktarsvæði og markaðsþróun,

c) greiði sektir vegna brota á skuldbindingum samkvæmt reglum samtakanna.

Í víngeiranum má einkum leitast við að uppfylla eftirfarandi sértæk markmið, í skilningi c-liðar fyrstu málsgreinar:

a) að kynna og veita tæknilega aðstoð vegna notkunar á umhverfisvænum ræktunaraðferðum og framleiðsluaðferðum,

b) að hvetja til frumkvæðis í tengslum við umsjón með aukaafurðum frá vínframleiðslu og stjórnun úrgangs, einkum til að vernda gæði vatns, jarðvegs og landslags og til að varðveita eða auka líffræðilega fjölbreytni,

c) að framkvæma rannsóknir um sjálfbærar framleiðsluaðferðir og markaðsþróun.

d) að stuðla að því að stuðningsáætlanir, eins og um getur í IV. þætti b í IV. kafla I. bálks II. hluta, nái fram að ganga.“

15. Ákvæðum 3. mgr. 123. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað inngangsorðanna og a- og b-liðar komi eftirfarandi:

„Auk ákvæða 1. mgr. skulu aðildarríkin einnig viðurkenna fjölgreinasamtök að því er varðar aldin- og grænmetisgeirann og geta einnig viðurkennt fjölgreinasamtök að því er varðar víngeirann sem:

a) í eru fulltrúar atvinnulífsins sem tengjast framleiðslu á afurðum í eftirfarandi geirum, viðskiptum með þær og/eða vinnslu þeirra, sem um getur í inngangsorðunum,

b) eru stofnuð að frumkvæði allra eða sumra þeirra fulltrúa sem um getur í a-lið,“

b) Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi:

„annast eina og, ef um er að ræða aldin- og grænmetisgeirann, tvær eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum á einu eða fleiri landsvæðum Bandalagsins, að teknu tilliti til hagsmuna neytenda og, án þess að hafa áhrif á aðra geira, í víngeiranum að teknu tilliti til lýðheilsu og hagsmuna neytenda:“

ii. Í stað ii. liðar komi eftirfarandi:

„ii. að stuðla að betri samræmingu á því hvernig afurðir aldin- og grænmetisgeirans og víngeirans eru settar á markað, einkum með rannsóknum og markaðskönnunum,“

iii. Í stað iv. liðar komi eftirfarandi:

„iv. að nýta að fullu möguleika aldina og grænmetis sem er framleitt og framleiðslumöguleika í víngeiranum,“

iv. Í stað vii. og viii. liðar komi eftirfarandi:

„vii. að þróa aðferðir og tæki til að bæta gæði afurða á öllum stigum framleiðslu og setningar á markað og, að því er varðar víngeirann, einnig vínframleiðsluna,

viii. að nýta betur möguleika lífræns landbúnaðar og vernda og kynna slíkan landbúnað sem og upprunatáknanir, gæðamerkingar og landfræðilegar merkingar,“

v. Í stað x. liðar komi eftirfarandi:

„x. að því er varðar aldin- og grænmetisgeirann: mæla fyrir um reglur er varða reglur um framleiðslu og setningu á markað sem um getur í 2. og 3. lið XVI. viðauka a, sem eru strangari en reglur Bandalagsins eða landsbundnar reglur.“

vi. Eftirfarandi liður bætist við:

xi. að því er varðar víngeirann:

– að miðla upplýsingum um sérstök einkenni víns með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu,

– að hvetja til hóflegrar og ábyrgrar neyslu á víni og upplýsa um þann skaða sem rakinn hefur verið til hættulegs neyslumynsturs,

– að stunda kynningarstarf fyrir vín, einkum í þriðju löndum.“

16. Eftirfarandi þáttur bætist við II. kafla II. bálks II. hluta:

„I. þáttur b

Reglur varðandi samtök framleiðenda og fjölgreinasamtök innan víngeirans

125. gr. o

Viðurkenning

1. Aðildarríkin geta viðurkennt samtök framleiðenda og fjölgreinasamtök sem hafa lagt fram umsókn um viðurkenningu til hlutaðeigandi aðildarríkis ef umsóknin inniheldur sönnun þess að samtökin:

a) að því er varðar samtök framleiðenda:

i. uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 122. gr.,

ii. hafi lágmarksfjölda meðlima, sem hlutaðeigandi aðildarríki skal mæla fyrir um,

iii. taki til lágmarksmagns af markaðshæfri framleiðslu, sem hlutaðeigandi aðildarríki skal mæla fyrir um, á því svæði þar sem samtökin starfa,

iv. geti annast starfsemi sína á tilhlýðilegan hátt, bæði til lengri tíma og með tilliti til skilvirkni og samþjöppunar á framboði,

v. geri aðilum samtaka sinna kleift á skilvirkan hátt að fá tækniaðstoð við umhverfisvænar ræktunaraðferðir,

b) að því er varðar fjölgreinasamtök:

i. uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 123. gr.,

ii. stundi starfsemi sína á einu eða fleiri landsvæðum á viðkomandi yfirráðasvæði,

iii. ráði yfir umtalsverðum hlut í framleiðslu á eða viðskiptum með afurðir sem falla undir þessa reglugerð,

iv. taki ekki þátt í framleiðslu, vinnslu eða markaðssetningu á afurðum víngeirans.

2. Líta skal á samtök framleiðenda, sem eru viðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, sem viðurkennd samtök framleiðenda samkvæmt þessari grein.

Líta skal á samtök, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. 123. gr. og b-lið 1. mgr. í þessari grein, sem aðildarríkin viðurkenna, sem viðurkennd fjölgreinasamtök samkvæmt þessum ákvæðum.

3. Ákvæði 2. mgr. 125. gr. b og 3. mgr. 125. gr. k skulu gilda að breyttu breytanda um samtök framleiðenda annars vegar og fjölgreinasamtök í víngeiranum hins vegar. Eigi að síður:

a) skulu tímabilin, sem um getur í a-lið 2. mgr. 125. gr. b annars vegar og c-lið 3. mgr. 125. gr. k hins vegar, vera fjórir mánuðir,

b) skulu umsóknir um viðurkenningu, sem um getur í a-lið 2 mgr. 125. gr. b og c-lið 3. mgr. 125. gr. k, lagðar fram í aðildarríkinu þar sem samtökin hafa höfuðstöðvar sínar,

c) skulu árlegu tilkynningarnar, sem um getur í c-lið 2. mgr. 125. gr. b annars vegar og d-lið 3. mgr. 125. gr. k hins vegar, lagðar fram eigi síðar en 1. mars ár hvert.“

17. Í stað annars málsliðar í 129. gr. komi eftirfarandi:

„Tollnafnaskráin, sem leiðir af beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t., eftir atvikum, skilgreiningarnar í III. viðauka og XI. viðauka b, skal tekin með í sameiginlegu tollskrána.“

18. Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 130. gr.:

„ga) víns,“

19. Eftirfarandi grein bætist við:

„133. gr. a

Sérstakt öryggi í víngeiranum

1. Að því er varðar safa og must, sem falla undir SAT-númerin 200961, 200969 og 220430, en álagning gjalda samkvæmt sameiginlegu tollskránni vegna slíkra afurða veltur á innflutningsverði þeirra, skal sannprófa hvort það verð er raunverulega rétt, annaðhvort með athugun á sérhverri sendingu eða með hliðsjón af föstu innflutningsverðmæti sem framkvæmdastjórnin lætur reikna út á grundvelli uppgefins verðs á sömu afurðum í upprunalöndunum.

Sé uppgefið innflutningsverð sendingarinnar hærra en fast innflutningsverðmæti, þar sem það á við, að viðbættum vikmörkum sem framkvæmdastjórnin ákveður og sem skulu ekki vera hærri en 10% umfram fast innflutningsverðmæti, skal leggja fram tryggingu sem nemur innflutningsgjöldunum á grundvelli fasta innflutningsverðmætisins.

Sé innflutningsverð sendingar ekki tilgreint miðast beiting sameiginlegrar tollskrár við fast innflutningsverðmæti eða við beitingu á viðeigandi ákvæðum tollalaga, með skilyrðum sem framkvæmdastjórnin ákveður.

2. Ef undanþágum ráðsins sem um getur í lið B.5 eða C-lið XV. viðauka b er beitt á innfluttar afurðir skulu innflytjendur leggja fram tryggingu fyrir afurðunum hjá tilnefndum tollyfirvöldum þegar þær eru settar í frjálsa dreifingu. Tryggingin skal endurgreidd þegar innflytjandi hefur, með fullnægjandi hætti, sannað fyrir tollyfirvöldum í því aðildarríki þar sem afurðin er sett í frjálsa dreifingu að mustinu hafi verið breytt í þrúgusafa, það notað í aðrar afurðir utan víngeirans eða, hafi því verið breytt í vín, að það hafi verið merkt á viðeigandi hátt.“

20. Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. 141. gr. komi eftirfarandi:

„Leggja skal viðbótarinnflutningsgjald, samkvæmt þeim tolltöxtum sem mælt er fyrir um í 135. gr. til 140. gr. a, á innflutning einnar eða fleiri afurða úr geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja, alifuglakjöts og banana sem og á þrúgusafa og þrúgumust í því skyni að koma í veg fyrir eða vega upp á móti skaðlegum áhrifum sem þessi innflutningur gæti haft á markað Bandalagsins ef:“

21. Eftirfarandi undirþáttur bætist við IV. þátt II. kafla III. hluta:

„V. Undirþáttur

Sérákvæði varðandi innflutning á víni

158. gr. a

Sérkröfur vegna innflutnings á víni

1. Ef ekki er kveðið á um annað, einkum í samningum sem gerðir eru skv. 300. gr. sáttmálans, skulu ákvæðin varðandi upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar og merkingar, sem sett eru fram í I. undirþætti I. þáttar a í I. kafla II. bálks II. hluta sem og í 1. mgr. 113. gr. d í þessari reglugerð, gilda um afurðir, sem falla undir SAT-númerin 200961, 200969 og 2204, sem eru fluttar inn í Bandalagið.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í samningum sem gerðir eru skv. 300. gr. sáttmálans skulu afurðir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, framleiddar í samræmi við vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem Alþjóðavínstofnunin mælir með og birtir eða sem Bandalagið leyfir samkvæmt þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar.

3. Innflutningur á afurðunum sem um getur í 1. mgr. skal háður framlagningu á:

a) vottorði þar sem sýnt er fram á að farið hafi verið að ákvæðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. sem þar til bær aðili, sem er á skrá sem framkvæmdastjórnin skal birta almenningi, í upprunalandi afurðarinnar skal taka saman;

b) greiningarskýrslu sem stofnun eða deild, sem upprunaland afurðarinnar tilnefnir, tekur saman, svo fremi að afurðin sé ætluð til beinnar neyslu.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi framkvæmd þessarar greinar.“

22. Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 160. gr. komi eftirfarandi:

„Verði markaður Bandalagsins fyrir röskun eða ef líkur eru á röskun hans vegna fyrirkomulags með innri aðvinnslu getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, stöðvað tímabundið, að nokkru eða öllu leyti, notkun fyrirkomulags með innri aðvinnslu fyrir afurðir úr geirum korns, hrísgrjóna, sykurs, ólífuolíu og ólífa til átu, aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis, víns, nauta- og kálfakjöts, mjólkur og mjólkurafurða, svínakjöts, kinda- og geitakjöts, eggja, alifuglakjöts og etanóls úr landbúnaði. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá móttöku beiðninnar.“

23. Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 161. gr.:

„dc) víns,“

24. Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 174. gr. komi eftirfarandi:

„Ef markaður Bandalagsins verður fyrir röskun eða ef líkur eru á röskun vegna ytra aðvinnslufyrirkomulags getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, stöðvað tímabundið eða með öllu notkun ytri aðvinnslu á afurðum úr geirum korns, hrísgrjóna, aldina og grænmetis, unninna aldina og grænmetis, víns, nauta- og kálfakjöts, svínakjöts, kinda- og geitakjöts og alifuglakjöts. Berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki skal hún taka ákvörðun um hana innan fimm virkra daga frá móttöku beiðninnar.“

25. Í stað 175. gr. komi eftirfarandi:

„175. gr.

Beiting 81.–86. gr. sáttmálans

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð skulu ákvæði 81.–86. gr. sáttmálans og ákvæði um framkvæmd þeirra, með fyrirvara um 176.–177. gr. þessarar reglugerðar, gilda um alla samninga, ákvarðanir og aðgerðir sem um getur í 1. mgr. 81. gr. og 82. gr. sáttmálans sem varða framleiðslu á eða viðskipti með afurðir sem falla undir þessa reglugerð.“

26. Í stað 180. gr. komi eftirfarandi:

„180. gr.

Beiting 87., 88. og 89. gr. sáttmálans

Ákvæði 87., 88. og 89. gr. sáttmálans skulu gilda um framleiðslu á og viðskipti með afurðirnar sem um getur í 1. gr.

Þó skulu ákvæði 87., 88. og 89. gr. sáttmálans ekki gilda um greiðslur, sem aðildarríki inna af hendi í samræmi við þessa reglugerð, sem greiddar eru samkvæmt greinum 44.–48., 102., 102a, 103., 103a, 103b, 103e, 103ga, 104., 105., 182. og 182a, undirþætti III. í IV. þætti a í III. kafla I. bálks II. hluta og IV. þætti b í IV. kafla í I. bálki II. hluta þessarar reglugerðar. Engu að síður, að því er varðar 4. mgr. 103. gr. n, eru það einungis ákvæði 88. gr. sáttmálans sem gilda ekki.“

27. Eftirfarandi grein bætist við II. kafla IV. hluta:

„182. gr. a

Landsbundin aðstoð vegna eimingar á víni í neyðartilvikum

1. Frá 1. ágúst 2012 geta aðildarríkin veitt vínframleiðendum landsbundna aðstoð vegna eimingar á víni, sem er annað hvort gerð að eigin frumkvæði eða skyldubundin, í rökstuddum neyðartilvikum.

2. Aðstoðin, sem um getur í 1. mgr., skal vera hlutfallsleg og gera það kleift að takast á við neyðartilvikið.

3. Heildarfjárhæð aðstoðar, sem er fáanleg í aðildarríki á hverju tilteknu ári til slíkrar aðstoðar, skal ekki nema meira en 15% af heildarfjármunum til ráðstöfunar fyrir hvert aðildarríki, sem mælt er fyrir um í X. viðauka b fyrir það ár.

4. Aðildarríki sem vilja nýta aðstoðina sem um getur í 1. mgr. skulu leggja tilkynningu, sem er rökstudd á viðeigandi hátt, fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort ráðstöfunin skuli samþykkt og veita megi aðstoð.

5. Alkóhól, sem verður til við eimingu sem um getur í 1. mgr., skal eingöngu notað í iðnaði eða til orkuframleiðslu til að forðast röskun á samkeppni.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar.“

28. Eftirfarandi liðir bætist við 184. gr.:

„7. eigi síðar en 31. desember 2011 til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd kynningarráðstafananna í víngeiranum sem um getur í 103. gr. p,

8. eigi síðar en í árslok 2012 að því er varðar víngeirann, að teknu tilliti til reynslu sem fengist hefur af framkvæmd umbótanna.“

29. Eftirfarandi greinar bætist við:

„185. gr. a

Skrá yfir vínekrur og skrá yfir framleiðslugetu

1. Aðildarríkin skulu halda skrá yfir vínekrur sem inniheldur uppfærðar upplýsingar um framleiðslugetuna.

2. Aðildarríki þar sem heildarsvæðið, þar sem plantað hefur verið vínvið af vínþrúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120. gr. a, er minna en 500 hektarar skulu ekki falla undir skuldbindinguna sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Aðildarríki, sem gera ráð fyrir ráðstöfuninni „endurskipulagning og breyting á vínekrum“ í stuðningsáætlunum sínum í samræmi við 103. gr. q, skulu, á grundvelli skrár yfir vínekrur, leggja uppfærða skrá yfir framleiðslugetu þeirra fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. mars ár hvert.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um skrána yfir vínekrur og skrána yfir framleiðslugetu þeirra, einkum að því er varðar notkun þeirra í tengslum við vöktun og eftirlit með framleiðslugetunni og mælingar á svæðum.

Framkvæmdastjórnin getur, hvenær sem er eftir 1. janúar 2016, ákveðið að 1.–3. mgr. gildi ekki lengur.

185. gr. b

Lögboðnar yfirlýsingar í víngeiranum

1. Framleiðendur þrúgna til vínframleiðslu og framleiðendur musts og víns skulu ár hvert tilkynna lögbærum landsyfirvöldum um það magn sem var framleitt úr síðustu uppskeru.

2. Aðildarríkin geta krafist þess að aðilar sem selja þrúgur til vínframleiðslu tilkynni árlega um það magn af síðustu uppskeru sem fór á markað.

3. Framleiðendur musts og víns og söluaðilar, aðrir en smásalar, skulu árlega tilkynna landsbundnum lögbærum yfirvöldum um birgðir sínar af musti og víni, hvort sem það er úr uppskeru yfirstandandi árs eða úr uppskeru næstliðinna ára. Must og vín sem eru innflutt frá þriðju löndum skulu tilgreind sitt í hvoru lagi.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar sem geta m.a. innihaldið reglur um viðurlög sem beita skal þegar ekki er farið að samskiptakröfum.

185. gr. c

Fylgiskjöl og skrá í víngeiranum

1. Afurðir úr víngeiranum skal einungis setja í dreifingu innan Bandalagsins ef þeim fylgir opinberlega viðurkennt fylgiskjal.

2. Einstaklingar eða lögaðilar eða hópar aðila, sem hafa afurðir undir höndum sem falla undir víngeirann, skulu, í viðskiptum sínum, og þá einkum framleiðendur, átapparar og vinnsluaðilar, auk söluaðila sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina, halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar.

185. gr. d

Tilnefning á ábyrgum, landsbundnum yfirvöldum fyrir víngeirann

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar er varða tilnefningu á lögbærum landsyfirvöldum skulu aðildarríkin tilnefna eitt eða fleiri yfirvöld sem skulu bera ábyrgð á því að sjá til þess að farið sé að reglum Bandalagsins í víngeiranum. Aðildarríkin skulu einkum tilnefna rannsóknarstofurnar sem hafa heimild til að framkvæma opinberar greiningar innan víngeirans. Tilnefndu rannsóknarstofurnar skulu uppfylla almennar viðmiðanir um starfsemi prófunarstofa sem settar eru fram í staðlinum ISO/IEC 17025.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng þeirra yfirvalda og rannsóknarstofa sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal, án aðstoðar nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 195. gr., birta almenningi þessar upplýsingar.“

30. Eftirfarandi grein bætist við:

„188. gr. a

Skýrslugjöf og mat í víngeiranum

1. Að því er varðar ólögmæta plöntun sem fór fram eftir 31. ágúst 1998, sem um getur í 85. gr. a, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, um þau svæði þar sem vínvið var plantað, eftir 31. ágúst 1998, án þess að fyrir hendi væru tilsvarandi réttindi til plöntunar, sem og um þau svæði sem voru rudd í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar.

2. Að því er varðar skyldubundnu reglusetninguna um ólögmæta plöntun sem fór fram fyrir 1. september 1998, sem um getur í 85. gr. b, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 1. mars á viðkomandi ári, um:

a) svæði þar sem vínvið var plantað fyrir 1. september 1998, án tilsvarandi réttinda til plöntunar,

b) svæði þar sem reglur voru settar, í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar, um gjöldin sem kveðið er á um í þeirri grein sem og um meðalverðgildi svæðisbundnu réttindanna til plöntunar eins og kveðið er á um í 2. mgr. þeirrar greinar.

Aðildarríkin skulu, í fyrsta sinn eigi síðar en 1. mars 2010, tilkynna framkvæmdastjórninni um svæði sem eru rudd í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 85. gr. b.

Þegar banninu við nýplöntun á umbreytingartímabili lýkur 31. desember 2015, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 85. gr. g, skal það ekki hafa áhrif á skuldbindingarnar sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

3. Að því er varðar umsóknir um aðstoð í tengslum við áætlun um ruðningu, sem komið var á fót með III. undirþætti IV. þáttar a í III. kafla I. bálks II. hluta, skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, um umsóknir sem hafa verið samþykktar, skipt upp eftir landsvæðum og afrakstursbilum, og um heildarfjárhæð framlags vegna ruðningar sem greitt á hverju landsvæði.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. desember ár hvert, tilkynna framkvæmdastjórninni um eftirfarandi vegna næstliðins vínárs:

a) svæði sem voru rudd, skipt upp eftir landsvæðum og afrakstursbilum,

b) heildarfjárhæð framlags vegna ruðningar, greitt eftir landsvæðum.

4. Að því er varðar undanþágur frá aðstoðarhæfi vegna þátttöku í áætlun um ruðningu í samræmi við 85. gr. u skulu aðildarríki, sem ákveða að notfæra sér möguleikann sem kveðið er á um í 4. til 6. mgr. þeirrar greinar, tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 1. ágúst ár hvert, um eftirfarandi varðandi þá ráðstöfun um ruðningu sem framkvæma á:

a) þau svæði sem lýst hafa verið ótæk til aðstoðar,

b) rökstuðning fyrir því að skilyrði fyrir aðstoðarhæfi voru ekki uppfyllt, í samræmi við 4. og 5. mgr. 85. gr. u.

5. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. mars ár hvert og í fyrsta sinn eigi síðar en 1. mars 2010, leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd ráðstafananna sem kveðið er á um í stuðningsáætlunum þeirra sem um getur í IV. þætti b í IV. kafla I. bálks II. hluta á næstliðnu fjárhagsári.

Í þessum skýrslum skal telja upp og lýsa þeim ráðstöfunum sem Bandalagsaðstoð samkvæmt stuðningsáætlunum var veitt til og einkum skal veita upplýsingar um framkvæmd kynningarráðstafananna sem um getur í 103. gr. p.

6. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. mars 2011 og í annað sinn, eigi síðar en 1. mars 2014, leggja mat á kostnaði og ávinningi af stuðningsáætlununum fyrir framkvæmdastjórnina ásamt ábendingum um hvernig auka megi skilvirkni þeirra.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur varðandi framkvæmd þessarar greinar.“

31. Eftirfarandi grein bætist við:

„190. gr. a

Tilfærsla á fjárhæðum, sem eru fáanlegar í víngeiranum, til dreifbýlisþróunar

1. Fjárhæðirnar, sem eru fastsettar í 2. mgr. og byggðar á eldri útgjöldum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999 til íhlutandi ráðstafana til að setja reglur um landbúnaðarmarkaði, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1290/2005, skulu vera til ráðstöfunar sem viðbótarfjármagn Bandalagsins til ráðstafana á vínframleiðslusvæðum, innan ramma dreifbýlisþróunaráætlana sem eru fjármagnaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1698/2005.

2. Eftirfarandi fjárhæðir skulu vera til ráðstöfunar á tilteknum almanaksárum:

– 2009: 40 660 000 evrur,

– 2010: 82 110 000 evrur,

– frá og með 2011: 122 610 000 evrur.

3. Fjárhæðunum, sem eru fastsettar í 2. mgr., skal úthlutað til aðildarríkjanna í samræmi við X. viðauka c.“

32. Eftirfarandi málsgrein bætist við 194. gr.:

„Framkvæmdastjórnin getur einnig sett reglur um mælingu á svæðum í víngeiranum til að tryggja jafna beitingu á ákvæðum Bandalagsins eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Slíkar reglur geta einkum varðað eftirlit og reglur, sem gilda um sértækar málsmeðferðarreglur er varða fjármál, til að bæta eftirlit.“

33. Eftirfarandi málsgrein bætist við VI. hluta:

„194. gr. a

Samrýmanleiki við samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfið

Við beitingu þessarar reglugerðar í víngeiranum skulu aðildarríkin tryggja að málsmeðferðarreglur við stjórnun og eftirlit, sem um getur í fyrstu og þriðju málsgrein 194. gr., sem varða svæði samrýmist samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfinu að því er varðar eftirfarandi þætti:

a) tölvuvædda gagnagrunninn,

b) auðkenningarkerfin fyrir landbúnaðarspildur sem um getur í 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1782/2003,

c) stjórnsýslueftirlitið.

Málsmeðferðarreglurnar skulu gera ráð fyrir sameiginlegri starfsemi án nokkurra vandkvæða eða árekstra eða gagnaskiptum á milli þeirra og samþætta stjórnunar- og eftirlitskerfisins.“

34. Ákvæðum 195. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stjórnarnefndar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðinn (hér á eftir nefnd „stjórnarnefndin“).“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„3. Framkvæmdastjórnin skal einnig njóta aðstoðar stjórnsýslunefndar.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.“

35. Í stað 196. gr. komi eftirfarandi:

„*196. gr.*

Skipulag stjórnarnefndarinnar

Við skipulagningu á fundum stjórnarnefndarinnar, sem um getur í 1. mgr. 195. gr., skal einkum taka tillit ábyrgðarsviðs hennar, sérhæfni verkefna sem fjalla skal um og þarfar á þátttöku viðeigandi sérfræðinga.“

36. Eftirfarandi grein bætist við:

„*203. gr. b*

Umbreytingarreglur í víngeiranum

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda umbreytinguna frá fyrirkomulaginu sem kveðið er á um í reglugerð (EB) 1493/1999 og (EB) nr. 479/2008 yfir í það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.“

37. Viðaukunum er breytt sem hér segir:

a) Texti III. hluta a, sem kemur fram í I. viðauka við þessa reglugerð, bætist við III. viðauka.

b) Texti X. viðauka b, X. viðauka c, X. viðauka d og X. viðauka e, sem kemur fram í II. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

c) Texti XI. viðauka b, sem kemur fram í III. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

d) Texti XV. viðauka a og XV. viðauka b, sem kemur fram í IV. viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

e) Texti 47. liðar, sem kemur fram í V. viðauka við þessa reglugerð, bætist við XXII. viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1184/2006

Í stað 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1184/2006 komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Í þessari reglugerð skal mæla fyrir um reglur sem beita skal að því er varðar gildissvið 81.–86. gr. og tiltekinna ákvæða 88. gr. sáttmálans að því er varðar framleiðslu á eða viðskipti með afurðir sem eru tilgreindar í I. viðauka sáttmálans, að undanskildum afurðum sem falla undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarafurðir (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([1]).“

3. gr.

Niðurfelling og áframhaldandi beiting á umbreytingartímabili

1. Reglugerð (EB) nr. 479/2008 skal felld úr gildi með fyrirvara um 2. mgr.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XXII. viðauka við þá reglugerð.

2. Ákvæði 3. mgr. 128. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu gilda áfram um ráðstafanirnar og samkvæmt skilyrðunum sem þar eru sett fram.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2009.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ŠEBESTA

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

I. VIÐAUKI

„III. hluti a: Skilgreiningar varðandi víngeirann

Í tengslum við vínvið

1. „Ruðning“: þegar allir vínviðarrunnar eru alveg fjarlægðir af reit þar sem vínvið hefur verið plantað.

2. „Plöntun“: þegar vínviðarplöntum eða hlutum vínviðarplantna, með ágræddum kvistum eða án, er komið endanlega fyrir með það í huga að framleiða þrúgur eða koma á fót gróðrarstöð fyrir ágræðslukvisti.

3. „Endurágræðsla“: ágræðsla á vínvið sem áður hefur verið ágræddur.

Í tengslum við afurðir

4. „Ferskar þrúgur“: aldin vínviðarins, sem notuð eru til vínframleiðslu, þroskuð eða jafnvel léttþurrkuð, sem kremja má eða pressa með hefðbundnum víngerðaraðferðum og alkóhólgerjun getur hafist sjálfkrafa í.

5. „Ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með íblöndun alkóhóls“ er afurð sem:

   a) hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál ekki minni en 12% og ekki meiri en 15%, miðað við rúmmál,

   b) er fengin með því að bæta út í ógerjað þrúgumust, sem hefur náttúrulegan alkóhólstyrkleika sem ekki er minni en 8,5% miðað við rúmmál og er eingöngu unnin úr þrúgum af yrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120 gr. a:

      i. annaðhvort hreinum vínanda, fengnum úr vínafurðum, þ.m.t. alkóhól fengið við eimingu á þurrkuðum þrúgum, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem ekki er minni en 96% miðað við rúmmál,

      ii. eða óhreinsaðri afurð sem fæst við eimingu víns og hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika sem ekki er minni en 52% og ekki meiri en 80%, miðað við rúmmál.

6. „Þrúgusafi“: ógerjuð en gerjanleg fljótandi afurð sem:

   a) er fengin með viðeigandi meðhöndlun til að gera hana hæfa til neyslu eins og hún er,

   b) er fengin úr ferskum þrúgum eða úr þrúgumusti eða með endurgerð með viðbættu vatni. Ef hún er fengin með endurgerð með viðbættu vatni skal hún endurgerð úr þrúgumustsþykkni eða þrúgusafaþykkni.

   Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgusafa má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

7. „Þrúgusafaþykkni“: óbrenndur þrúgusafi fenginn með því að vatnssneyða þrúgusafa að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem verður tilgreind nánar, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 50,9%.

   Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgusafaþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

8. „Víndreggjar“: leifar:

   a) sem safnast upp í ílátum sem innihalda vín eftir gerjun, við geymslu eða að lokinni leyfilegri meðhöndlun,

   b) sem fást með síun afurðarinnar sem um getur í a-lið eða skiljun hennar í skilvindu,

   c) sem safnast upp í ílátum sem innihalda þrúgumust, við geymslu eða að lokinni leyfilegri meðhöndlun, eða

   d) sem fást með síun afurðarinnar sem um getur í c-lið eða skiljun hennar í skilvindu.

9. „Þrúguhrat“: leifar sem fást við pressun á ferskum þrúgum, hvort sem þær eru gerjaðar eða ekki.

10. „Piquette-vín“: afurð sem fæst með:

    a) gerjun ómeðhöndlaðs þrúguhrats sem er bleytt upp í vatni eða

    b) útskolun á gerjuðu þrúguhrati með vatni.

11. „Vín, styrkt fyrir eimingu“: afurð sem:

    a) hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika ekki minni en 18% og ekki meiri en 24%, miðað við rúmmál,

    b) er fengin eingöngu með því að bæta út í vín, sem inniheldur engar sykurleifar, óhreinsaðri afurð sem fæst við eimingu á víni og er með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur að hámarki 86% miðað við rúmmál eða

    c) hámarksinnihald rokgjarnrar sýru er 1,5 grömm á lítra, gefið upp sem ediksýra.

12. „Vínlögun („cuvée“)“: er

    a) þrúgumust,

    b) vín eða

    c) blanda þrúgumusts og/eða vína með mismunandi einkenni, sem ætlað er til framleiðslu á tiltekinni tegund freyðivíns.

Alkóhólstyrkleiki

13. „Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“: fjöldi lítra af hreinu alkóhóli við 20 °C í 100 lítrum af afurðinni við sama hitastig.

14. „Mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“: fjöldi lítra af hreinu alkóhóli við 20 °C, sem unnt er að framleiða með heildargerjun sykranna sem eru í 100 lítrum af afurðinni við sama hitastig.

15. „Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál“: samanlagður raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki.

16. „Styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál“: heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í afurð fyrir auðgun.

17. „Raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa“: fjöldi kílógramma af hreinu alkóhóli í 100 kílógrömmum af afurðinni.

18. „Mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa“: fjöldi kílógramma af hreinu alkóhóli, sem unnt er að framleiða með heildargerjun sykranna sem eru í 100 kílógrömmum af afurðinni.

19. „Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við massa“: samanlagður, raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki miðað við massa.“

II. VIÐAUKI

„X. VIÐAUKI b

FJÁRLÖG VEGNA STUÐNINGSÁÆTLANA (SEM UM GETUR Í 1. MGR. 103. GR. N)

í þúsundum evra

Fjárhagsár	2009	2010	2011	2012	2013	frá og með 2014
BG	15608	21234	22022	27077	26742	26762
CZ	2979	4076	4217	5217	5151	5155
DE	22891	30963	32190	39341	38867	38895
EL	14286	19167	19840	24237	23945	23963
ES	213820	284219	279038	358000	352774	353081
FR	171909	226814	224055	284299	280311	280545
IT (*)	238223	298263	294135	341174	336736	336997
CY	2749	3704	3801	4689	4643	4646
LT	30	37	45	45	45	45
LU	344	467	485	595	587	588
HU	16816	23014	23809	29455	29081	29103
MT	232	318	329	407	401	402
AT	8038	10888	11313	13846	13678	13688
PT	37802	51627	53457	65989	65160	65208
RO	42100	42100	42100	42100	42100	42100
SI	3522	3770	3937	5119	5041	5045
SK	2938	4022	4160	5147	5082	5085
UK	0	61	67	124	120	120

(*) Landsbundnu efri mörkin fyrir Ítalíu í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1782/2003, sem samsvara árunum 2008, 2009 og 2010, eru lækkuð um 20 milljón evrur og þær fjárhæðir eru innifaldar í fjárhæðum í fjárlögum fyrir Ítalíu fyrir árin 2009, 2010 og 2011 eins og mælt er fyrir um í þessari töflu.

X. VIÐAUKI c

FJÁRLAGAÚTHLUTUN VEGNA DREIFBÝLISÞRÓUNAR (SEM UM GETUR Í 3. MGR. 190. GR. A)

í þúsundum evra

Fjárhagsár	2009	2010	frá og með 2011
BG	—	—	—
CZ	—	—	—
DE	—	—	—
EL	—	—	—
ES	15491	30950	46441
FR	11849	23663	35512
IT	13160	26287	39447
CY	—	—	—
LT	—	—	—
LU	—	—	—
HU	—	—	—
MT	—	—	—
AT	—	—	—
PT	—	—	—
RO	—	—	—
SI	—	1050	1050
SK	—	—	—
UK	160	160	160

X. VIÐAUKI d

FJÁRLÖG VEGNA ÁÆTLUNAR UM RUÐNINGU

Fjárlög, sem eru fáanleg vegna áætlunar um ruðningu sem um getur í 3. mgr. 85. gr. s, skulu vera:

a) fyrir vínárið 2008/2009 (fjárhagsárið 2009): 464 000 000 evrur,

b) fyrir vínárið 2009/2010 (fjárhagsárið 2010): 334 000 000 evrur,

c) fyrir vínárið 2010/2011 (fjárhagsárið 2011): 276 000 000 evrur.

X. VIÐAUKI e

SVÆÐI SEM AÐILDARRÍKIN GETA LÝST ÓTÆK AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÁÆTLUN UM RUÐNINGU (SEM UM GETUR Í 1., 2. OG 5. MGR. 85. GR. U)

í hekturum

Aðildarríki	Heildarsvæði þar sem vínvið hefur verið plantað	Svæði sem um getur í 5. mgr. 85. gr. u
BG	135760	4073
CZ	19081	572
DE	102432	3073
EL	69907	2097
ES	1099765	32993
FR	879859	26396
IT	730439	21913
CY	15023	451
LU	1299	39
HU	85260	2558
MT	910	27
AT	50681	1520
PT	238831	7165
RO	178101	5343
SI	16704	501
SK	21531	646

III. VIÐAUKI

„XI. VIÐAUKI b

FLOKKAR VÍNRÆKTARAFURÐA

1. **Vín**

Vín er afurð sem er fengin eingöngu með alkóhólgerjun, heildar- eða hlutgerjun, ferskra þrúgna, hvort sem þær eru kramdar eða ekki, eða þrúgumusts.

Vín skal:

a) hafa, hvort sem vinnslan, sem er tilgreind í B. lið XV. viðauka a hefur farið fram eða ekki, ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál en 8,5%, að því tilskildu að vínið hafi eingöngu verið framleitt úr þrúgum tíndum á vínræktarsvæðum A og B, sem um getur í viðbætinum við þennan viðauka, og ekki minni en 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum,

b) hafa, þrátt fyrir gildandi lágmörk um raunverulegan alkóhólstyrkleika ef vínið er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, einnig að lokinni beitingu vinnsluferlanna sem tilgreind eru í B. lið XV. viðauka a, ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 4,5% miðað við rúmmál,

c) hafa ekki meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál. Hinsvegar og þrátt fyrir þetta:

   – má hækka efri mörk fyrir heildaralkóhólstyrkleika upp í 20% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín frá tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins sem hafa verið framleidd án nokkurrar auðgunar, sem framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.,

   – mega efri mörk fyrir heildaralkóhólstyrkleika fara yfir 15% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín með verndaða upprunatáknun sem hafa verið framleidd án auðgunar,

d) hafa, með fyrirvara um undanþágur sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., heildarsýruinnihald, gefið upp sem vínsýra, sem er ekki minna en 3,5 grömm á lítra eða 46,6 millijafngildi á lítra.

„Retsina“ er vín sem skal eingöngu vera framleitt á yfirráðasvæði Grikklands, úr þrúgumusti sem er meðhöndlað með resíni úr aleppófuru. Notkun resíns úr aleppófuru er einungis leyfð við gerð „retsina“-víns í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðeigandi grískum ákvæðum.

Þrátt fyrir b-lið teljast „Tokaji eszencia“ og „Tokajská esencia“ vera vín.

2. **Nýtt vín sem er enn í gerjun**

Nýtt vín, sem er enn í gerjun, er afurð þar sem alkóhólgerjun er enn ekki lokið og dreggjarnar hafa ekki verið skildar frá.

3. **Líkjörvín**

Líkjörvín er afurð:

a) sem hefur raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 15% og ekki meiri en 22% miðað við rúmmál,

b) sem hefur heildaralkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 17,5% miðað við rúmmál, að undanskildum tilteknum líkjörvínum með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr 195. gr.,

c) sem fæst úr:

   – þrúgumusti í gerjun,

   – víni,

   – blöndu framangreindra afurða eða

   – þrúgumusti eða blöndu þrúgumusts og víns svo fremi að um sé að ræða líkjörvín, sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. lið 195. gr., með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu,

d) sem hefur upphaflegan styrk náttúrulegs alkóhóls sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál, að undanskildum tilteknum líkjörvínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr 195. gr.,

e) sem eftirfarandi hefur verið bætt við:

i. einu sér eða í samsetningu:

– hreinum vínanda úr víni, þ.m.t. alkóhól framleitt með eimingu á þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 96% miðað við rúmmál,

– víneimi eða eimi úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál,

ii. ásamt einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:

– þrúgumustsþykkni,

– samsetningu einnar af afurðunum, sem um getur í i. lið e-liðar, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar,

f) sem við hefur verið bætt, þrátt fyrir e-lið og svo fremi að um sé að ræða tiltekin líkjörvín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. lið 195. gr.:

i. annarri hvorri afurðinni, sem er talin upp í i. lið e-liðar, einni sér eða í samsetningu, eða

ii. einni eða fleirum eftirfarandi afurðum:

– alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 95% og ekki meiri en 96%, miðað við rúmmál,

– brenndu víni eimuðu úr víni eða þrúguhrati, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 86%, miðað við rúmmál,

– brenndu víni eimuðu úr þurrkuðum þrúgum, með ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 52% og ekki meiri en 94,5%, miðað við rúmmál og

iii. einni eða fleiri af eftirfarandi afurðum, eftir því sem við á:

– hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum,

– þrúgumustsþykkni, fengnu með beinni hitun, og sem er, að undanskilinni þessari aðgerð, í samræmi við skilgreininguna á þrúgumustsþykkni,

– þrúgumustsþykkni,

– samsetningu einnar af afurðunum, sem eru taldar upp í ii. lið f-liðar, og þrúgumusts, sem um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar.

4. **Freyðivín**

Freyðivín er afurð:

a) sem fæst við fyrstu eða aðra alkóhólgerjun:

– ferskra þrúgna,

– þrúgumusts eða

– víns,

b) sem koltvísýringur, sem stafar eingöngu af gerjun, losnar úr þegar ílátið er opnað,

c) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum og

d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vínlagananna, sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, skal ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál.

5. **Gæðafreyðivín**

Gæðafreyðivín er afurð:

a) sem fæst við fyrstu eða aðra alkóhólgerjun:

– ferskra þrúgna,

– þrúgumusts eða

– víns,

b) sem koltvísýringur, sem stafar eingöngu af gerjun, losnar úr þegar ílátið er opnað,

c) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum og

d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vínlagananna, sem ætlaðar eru til framleiðslu þeirra, skal ekki vera minni en 9% miðað við rúmmál.

6. **Ilmríkt gæðafreyðivín**

Ilmríkt gæðafreyðivín er gæðafreyðivín:

a) sem fæst með því að nota eingöngu, þegar vínlögunin er blönduð, þrúgumust eða þrúgumust í gerjun, sem kemur úr tilteknum vínþrúguyrkjum sem er að finna í skrá sem framkvæmdastjórnin skal taka saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um ilmrík gæðafreyðivín, sem hefð er fyrir að framleiða með því að nota vín í vínlögunina, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.,

b) sem í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum,

c) þar sem raunverulegur alkóhólstyrkleiki má ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál og

d) þar sem heildaralkóhólstyrkleiki má ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja sértækar reglur um önnur viðbótareinkenni eða skilyrði vegna framleiðslu og dreifingar, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

7. **Loftblandað freyðivín**

Loftblandað freyðivín er afurð sem:

a) er fengin úr víni sem er ekki með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu,

b) koltvísýringur losnar úr þegar ílátið er opnað, sem stafar, í heild eða að hluta til, af því að gasi hefur verið bætt í vínið og

c) í er, vegna koltvísýrings í lausninni, umframþrýstingur sem er ekki undir 3 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum.

8. **Hálffreyðandi vín**

Hálffreyðandi vín er afurð sem:

a) er fengin úr víni að því tilskildu að heildaralkóhólstyrkleiki slíks víns sé ekki minni en 9% miðað við rúmmál,

b) hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál,

c) hefur umframþrýsting, vegna eigin koltvísýrings í lausninni, sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum, og

d) er sett í 60 lítra ílát eða minni.

9. **Loftblandað, hálffreyðandi vín**

Loftblandað, hálffreyðandi vín er afurð sem:

a) er fengin úr víni,

b) hefur ekki minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en 7% miðað við rúmmál og ekki minni heildaralkóhólstyrkleika en 9% miðað við rúmmál,

c) hefur umframþrýsting sem er ekki undir 1 bari og ekki yfir 2,5 börum þegar vínið er geymt við 20 °C hita í lokuðum ílátum, vegna koltvísýrings í lausninni sem hefur verið bætt við í heild eða að hluta og

d) er sett í 60 lítra ílát eða minni.

10. **Þrúgumust**

Þrúgumust er fljótandi afurð, fengin úr ferskum þrúgum með náttúrulegum eða eðlisrænum aðferðum. Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumusts má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

11. **Hlutgerjað þrúgumust**

Þrúgumust í gerjun er afurð fengin með gerjun þrúgumusts, sem hefur meira en 1% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, en minna en þrjá fimmtu af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

12. **Hlutgerjað þrúgumust, fengið úr léttþurrkuðum þrúgum**

Þrúgumust í gerjun, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum, er afurð fengin með hlutgerjun þrúgumusts úr léttþurrkuðum þrúgum, með heildarsykurinnihald fyrir gerjun sem nemur a.m.k. 272 grömmum á lítra og náttúrulegan og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 8% miðað við rúmmál. Þó teljast tiltekin vín, sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., sem uppfylla þessi skilyrði, ekki til þrúgumusts í gerjun sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum.

13. **Þrúgumustsþykkni**

Þrúgumustsþykkni er óbrennt þrúgumust sem fæst með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð sem verður lýst í samræmi við 120 gr. g, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 50,9%.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki þrúgumustsþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

14. **Hreinsað þrúgumustsþykkni**

Hreinsað þrúgumustsþykkni er fljótandi, óbrennd afurð sem:

a) er fengin með því að vatnssneyða þrúgumust að hluta til með leyfilegri aðferð, annarri en beinni hitun, þannig að ljósbrotsmælir, sem er notaður í samræmi við aðferð, sem verður lýst í samræmi við 120 gr. g, sýni við 20 °C ekki lægri tölu en 61,7%,

b) hefur gengist undir leyfilega meðferð til afsýringar og fjarlægingar á öðrum innihaldsefnum en sykri,

c) hefur eftirfarandi einkenni:

- pH-gildi er ekki yfir 5 við 25 Brix-gráður,
- ljósþéttni er ekki yfir 0,100 í þrúgumusti sem er þykkt í 25 Brix-gráður við 425 nm og 1 cm þykkt,
- súkrósainnihaldið er ógreinanlegt með greiningaraðferð sem verður skilgreind nánar,

– Folin-Ciocalteau-tölu sem er ekki hærri en 6,00 við 25 Brix-gráður,

– títranlegt sýruinnihald er ekki yfir 15 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

– innihald brennisteinsdíoxíðs er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

– heildarinnihald plúsjóna er ekki yfir 8 millijafngildum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

– eðlisleiðni við 25 Brix-gráður og 20 °C er ekki hærri en 120 µS/cm,

– hýdroxýmetýlfúrfúralinnihald er ekki yfir 25 milligrömmum á kílógramm heildarsykurinnihalds,

– mesóinósitól er fyrir hendi.

Leyfilegur, raunverulegur alkóhólstyrkleiki hreinsaðs þrúgumustsþykknis má vera allt að 1% miðað við rúmmál.

15. **Vín úr léttþurrkuðum þrúgum**

Vín úr léttþurrkuðum þrúgum er afurð sem:

a) er framleidd án auðgunar, úr þrúgum sem hafa verið látnar liggja í sól eða skugga til að vatnssneyða þær að hluta til,

b) hefur a.m.k. 16% heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og a.m.k. 9% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og

c) hefur a.m.k. 16% styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál (eða 272 grömm af sykri á lítra).

16. **Vín úr ofþroskuðum þrúgum**

Vín úr ofþroskuðum þrúgum er afurð sem:

a) er framleidd án auðgunar,

b) hefur náttúrulegan alkóhólstyrkleika sem er yfir 15% miðað við rúmmál,

c) hefur heildaralkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 15% miðað við rúmmál og raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 12% miðað við rúmmál.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um þroskunartíma fyrir þessa afurð.

17. **Vínedik**

Vínedik er edik sem:

a) er fengið eingöngu með ediksýrugerjun víns og

b) hefur heildarinnihald sýru sem er ekki undir 60 grömmum á lítra, gefið upp sem ediksýra.

Viðbætir við XI. viðauka b

Vínræktarsvæði

Vínræktarsvæðin eru eftirfarandi:

1. Vínræktarsvæði A nær yfir:

   a) í Þýskalandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað, önnur en þau sem getið er um í a-lið 2. liðar,

   b) í Lúxemborg: vínræktarhérað Lúxemborgar,

   c) Í Belgíu, Danmörku, Írlandi, Hollandi, Póllandi, Svíþjóð og Bretlandi: vínræktarsvæði þessara landa,

   d) í Tékklandi: vínræktarhéraðið Čechy.

2. Vínræktarsvæði B nær yfir:

   a) í Þýskalandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í tilgreinda héraðinu Baden,

   b) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í þeim sýslum, sem ekki er getið í þessum viðauka, og í eftirfarandi sýslum:

      – í Alsace: Bas-Rhin, Haut-Rhin,

      – í Lorraine: Meurthe-et-Moselle, Meuse, Moselle, Vosges,

      – í Champagne: Aisne, Aube, Marne, Haute-Marne, Seine-et-Marne,

      – í Jura: Ain, Doubs, Jura, Haute-Saône,

      – í Savoie: Savoie, Haute-Savoie, Isère (commune de Chapareillan),

      – í Val de Loire: Cher, Deux-Sèvres, Indre, Indre-et-Loire, Loir-et-Cher, Loire-Atlantique, Loiret, Maine-et-Loire, Sarthe, Vendée, Vienne, og á svæðum þar sem vínvið hefur verið plantað í sýsluhverfinu Cosne-sur-Loire í sýslunni Nièvre,

   c) í Austurríki: austurríska vínræktarsvæðið,

   d) Í Tékklandi: vínræktarhéraðið Morava og svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 1. liðar,

   e) í Slóvakíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Malokarpatská vinohradnícka oblast, Južnoslovenská vinohradnícka oblast, Nitrianska vinohradnícka oblast, Stredoslovenská vinohradnícka oblast, Východoslovenská vinohradnícka oblast og vínræktarsvæðin sem ekki er getið um í f-lið 3. liðar,

   f) í Slóveníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum:

      – í Podravje-héraði: Štajerska Slovenija, Prekmurje,

      – í Posavje-héraði: Bizeljsko Sremič, Dolenjska og Bela krajina, og svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 4. liðar,

   g) í Rúmeníu: á svæðinu Podişul Transilvaniei.

3. Vínræktarsvæði C I nær yfir:

a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:

– í eftirfarandi sýslum: Allier, Alpes-de-Haute-Provence, Hautes-Alpes, Alpes-Maritimes, Ariège, Aveyron, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Corrèze, Côte-d'Or, Dordogne, Haute-Garonne, Gers, Gironde, Isère (að undanskildu sveitarfélaginu Chapareillan), Landes, Loire, Haute-Loire, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Nièvre (að undanskildu sýsluhverfinu Cosne-sur-Loire), Puy-de-Dôme, Pyrénées-Atlantiques, Hautes-Pyrénées, Rhône, Saône-et-Loire, Tarn, Tarn-et-Garonne, Haute-Vienne, Yonne,

– í sýsluhverfunum Valence og Die í Drôme-sýslu (að undanskildum kantónunum Dieulefit, Loriol, Marsanne og Montélimar),

– í sýsluhverfinu Tournon, í kantónunum Antraigues, Burzet, Coucouron, Montpezat-sous-Bauzon, Privas, Saint-Etienne de Lugdarès, Saint-Pierreville, Valgorge og la Voulte-sur-Rhône í sýslunni Ardèche,

b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað á Valle d'Aosta-svæðinu og í sýslunum Sondrio, Bolzano, Trento og Belluno,

c) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í sýslunum A Coruña, Asturias, Cantabria, Guipúzcoa og Vizcaya,

d) í Portúgal: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í þeim hluta héraðsins Norte sem svarar til hins tiltekna vínsvæðis „Vinho Verde", einnig „Concelhos de Bombarral, Lourinhã, Mafra e Torres Vedras" (að undanskildu „Freguesias da Carvoeira e Dois Portos"), sem tilheyrir „Região viticola da Extremadura",

e) í Ungverjalandi: öll svæði þar sem vínvið hefur verið plantað,

f) í Slóvakíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í Tokajská vinohradnícka oblast,

g) í Rúmeníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í g-lið 2. liðar eða f-lið 4. liðar.

4. Vínræktarsvæði C II nær yfir:

a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:

– í eftirfarandi sýslum: Aude, Bouches-du-Rhône, Gard, Hérault, Pyrénées-Orientales (að undanskildum kantónunum Olette og Arles-sur-Tech), Vaucluse,

– í þeim hluta sýslunnar Var sem í suðri afmarkast af norðurmörkum sveitarfélaganna Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,

– í sýsluhverfinu Nyons og kantónunni Loriol-sur-Drôme í sýslunni Drôme,

– í þeim hlutum sýslunnar Ardèche sem ekki eru taldir upp í a-lið 3. liðar,

b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Abruzzo, Campania, Emilia-Romagna, Friuli-Venezia Giulia, Lazio, Liguria, Lombardia (að undanskilinni sýslunni Sondrio), Marche, Molise, Piemonte, Toscana, Umbria, Veneto (að undanskilinni sýslunni Belluno), að meðtöldum eyjunum sem tilheyra þessum landsvæðum, svo sem Elbu og öðrum eyjum í Toscana-eyjaklasanum, Ponziane-eyjar, Capri og Ischia,

c) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi sýslum:

– Lugo, Orense, Pontevedra,

– Ávila (að undanskildum sveitarfélögunum þar sem vín með upprunatáknunina „comarca" frá Cebreros er framleitt), Burgos, León, Palencia, Salamanca, Segovia, Soria, Valladolid, Zamora,

– La Rioja,

– Álava,

– Navarra,

– Huesca,

– Barcelona, Girona, Lleida,

– í þeim hluta héraðsins Zaragoza sem liggur norðan árinnar Ebro,

– í þeim sveitarfélögum héraðsins Tarragona þar sem upprunatáknunin Penedés á við,

– í þeim hluta héraðsins Tarragona þar sem vín með upprunatáknunina „comarca“ frá Conca de Barberá er framleitt,

d) Í Slóveníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Brda eða Goriška Brda, Vipavska dolina eða Vipava, Kras og Slovenska Istra,

e) í Búlgaríu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Dunavska Ravnina (Дунавска равнина), Chernomorski Rayon (Черноморски район), Rozova Dolina (Розова долина),

f) í Rúmeníu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Dealurile Buzăului, Dealu Mare, Severinului and Plaiurile Drâncei, Colinele Dobrogei, Terasele Dunării, vínræktarsvæðið í suðurhluta landsins, þ.m.t. sandsvæði og önnur ákjósanleg svæði.

5. Vínræktarsvæði C III (a) nær yfir:

a) í Grikklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi sýslum (nomoi): Florina, Imathia, Kilkis, Grevena, Larisa, Ioannina, Levkas, Akhaia, Messinia, Arkadia, Korinthia, Iraklio, Khania, Rethimni, Samos, Lasithi og eyjan Thira (Santorini),

b) á Kýpur: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í yfir 600 metra hæð yfir sjávarmáli,

c) í Búlgaríu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í e-lið 4. liðar,

6. Vínræktarsvæði C III (b) nær yfir:

a) í Frakklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað:

– í sýslum Korsíku,

– í þeim hluta sýslunnar Var sem nær frá hafi og að mörkum sveitarfélaganna (sem sjálf eru meðtalin) Evenos, Le Beausset, Solliès-Toucas, Cuers, Puget-Ville, Collobrières, La Garde-Freinet, Pland-de-la-Tour og Sainte-Maxime,

– í kantónunum Olette og Arles-sur-Tech í sýslunni Pyrénées-Orientales,

b) á Ítalíu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í eftirfarandi héruðum: Calabria, Basilicata, Apulia, Sardinia og Sikiley að meðtöldum eyjun sem tilheyra þessum héruðum, svo sem Pantelleria og Lipari-, Egadi- og Pelagia-eyjaklasarnir,

c) á Grikklandi: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki eru talin upp í a-lið 5. liðar,

d) á Spáni: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í c-lið 3. liðar eða c-lið 4. liðar,

e) Í Portúgal: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað sem ekki er getið um í d-lið 3. liðar,

f) á Kýpur: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað í minna en 600 metra hæð yfir sjávarmáli,

g) á Möltu: svæði þar sem vínvið hefur verið plantað.

7. Afmörkun yfirráðasvæða, sem falla undir stjórnsýslueiningarnar, sem um getur í þessum viðauka, er í samræmi við landsbundin ákvæði, sem eru í gildi 15. desember 1981, og að því er varðar Spán, þarlend ákvæði, sem eru í gildi 1. mars 1986, og að því er varðar Portúgal, þarlend ákvæði sem eru í gildi 1. mars 1998.

IV. VIÐAUKI

„XV. viðauki a

AUÐGUN, SÝRING OG AFSÝRING Á TILTEKNUM VÍNRÆKTARSVÆÐUM

A. **Mörk auðgunar**

1. Ef veðurfarsskilyrði gera það nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins, sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, geta hlutaðeigandi aðildarríki leyft að styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál sé aukinn í ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, nýju víni sem er enn í gerjun og víni sem fengið er úr vínþrúguyrkjum sem unnt er að flokka skv. 2. mgr. 120. gr. a.

2. Til að auka styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál skal beita vínfræðilegu vinnsluaðferðunum, sem um getur í B-lið, og styrkleikinn má ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

   a) 3% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

   b) 2% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

   c) 1,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b.

3. Þau ár sem veðurfarsskilyrði hafa verið einstaklega óhagstæð geta aðildarríkin óskað eftir að mörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., verði hækkuð um 0,5%. Til að bregðast við slíkri beiðni mun framkvæmdastjórnin leggja uppkast að löggjafarráðstöfun fyrir stjórnarnefndina, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 195. gr., eins fljótt og auðið er. Framkvæmdastjórnin mun leitast við að taka ákvörðun innan fjögurra vikna frá því að beiðnin var lögð fram.

B. **Auðgun**

1. Aðeins má auka styrk náttúrulega alkóhóls miðað við rúmmál, sem kveðið er á um í A-lið:

   a) að því er varðar ferskar þrúgur, þrúgumust í gerjun eða nýtt vín sem er enn í gerjun: með því að bæta við súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni,

   b) að því er varðar þrúgumust: með því að bæta við súkrósa, þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni, eða með þykkingu að hluta til, þ.m.t. himnusíun (*e. reverse osmosis*) og

   c) að því er varðar vín: með þéttingu að hluta sem gerð er með kælingu.

2. Einungis má nota eitt af vinnsluferlunum, sem um getur í 1. mgr., ef vín eða þrúgumust er auðgað með þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni og aðstoð greidd skv. 103. gr. y.

3. Viðbót súkrósa, sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr., má einungis fara fram með þurrsykrun og einungis á eftirtöldum svæðum:

   a) vínræktarsvæði A sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

   b) vínræktarsvæði B sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

   c) vínræktarsvæði C sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, að undanskildum vínekrum á Ítalíu, í Grikklandi, á Spáni, í Portúgal, á Kýpur og vínekrum í sýslum Frakklands í lögsögu áfrýjunardómstóla í:

      – Aix-en-Provence,

      – Nîmes,

      – Montpellier,

      – Toulouse,

      – Agen,

– Pau,

– Bordeaux,

– Bastia.

Þó er landsyfirvöldum heimilt að leyfa auðgun með þurrsykrun í undantekningartilvikum í þeim sýslum Frakklands sem getið er hér að framan. Yfirvöld í Frakklandi skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þegar í stað um slíkar leyfisveitingar.

4. Viðbót þrúgumustsþykknis eða hreinsaðs þrúgumustsþykknis má ekki hafa þau áhrif að upprunalegt rúmmál af ferskum, krömdum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun eða nýju víni sem er enn í gerjun aukist um meira en 11% á vínræktarsvæði A, 8% á vínræktarsvæði B og 6,5% á vínræktarsvæði C sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b.

5. Þykking þrúgumusts eða víns sem látið er fara í gegnum vinnsluferlin sem um getur í 1. lið skal:

a) ekki hafa þau áhrif að minnka upprunalegt rúmmál þessara afurða um meira en 20%,

b) þrátt fyrir c-lið 2. liðar A-liðar, ekki auka styrk náttúrulegs alkóhóls í þessum afurðum um meira en 2% miðað við rúmmál.

6. Vinnsluferlin sem um getur í 1. og 5. lið skulu ekki auka heildaralkóhólstyrkleika fersku þrúgnanna, þrúgumustsins, þrúgumustsins í gerjun, nýja vínsins sem er enn í gerjun eða vínsins:

a) í meira en 11,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

b) í meira en 12% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

c) í meira en 12,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C I sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

d) í meira en 13% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C II sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b og

e) í meira en 13,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði C III sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

7. Þó geta aðildarríkin, þrátt fyrir 6. mgr.:

a) að því er varðar rauðvín, hækkað efri mörk heildaralkóhólstyrkleika afurðanna sem um getur í 6. lið í 12% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði A og í 12,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæði B sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

b) hækkað heildaralkóhólstyrkleika afurðanna, sem um getur í 6. lið, miðað við rúmmál til framleiðslu á víni með upprunatáknun upp í mörk sem aðildarríkin ákveða.

C. **Sýring og afsýring**

1. Ferskar þrúgur, þrúgumust, þrúgumust í gerjun, nýtt vín, sem er enn í gerjun, og vín mega ganga í gegnum:

a) afsýringu á vínræktarsvæðum A, B og C I, sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b,

b) sýringu og afsýringu á vínræktarsvæðum C I, C II og C III (a), sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, með fyrirvara um 7. lið. eða

c) sýringu á vínræktarsvæði C III (b) sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b.

2. Sýring afurðanna, annarra en víns, sem um getur í 1. lið, má aðeins nema 1,50 g/l að hámarki, gefið upp sem vínsýra, eða 20 millijafngildum á lítra.

3. Sýring vína má aðeins nema 2,50 g/l að hámarki, gefið upp sem vínsýra, eða 33,3 millijafngildum á lítra.

4. Afsýring vína má aðeins nema 1 g/l að hámarki, gefið upp sem vínsýra, eða 13,3, millijafngildum á lítra.

5. Þrúgumust, sem er ætlað til þykkingar, má afsýra að hluta.

6. Þrátt fyrir 1. lið geta aðildarríkin, þau ár þegar veðurfarsskilyrði hafa verið óvenjuleg, leyft sýringu á afurðunum sem um getur í 1. lið. á vínræktarsvæðum A og B, sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 2. og 3. lið.

7. Ekki er leyfilegt að sýra og auðga eina og sömu afurð, nema með undanþágu sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., og ekki má heldur sýra og afsýra eina og sömu afurð.

D. **Vinnsluferli**

1. Ekki skal leyfa neitt af vinnsluferlunum sem um getur í B- og C-lið, að undanskilinni sýringu og afsýringu á víni, nema þau fari fram samkvæmt skilyrðum sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., á meðan verið er að breyta ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun eða nýju víni, sem er enn í gerjun, í vín eða aðra drykki sem ætlaðir eru til beinnar neyslu, sem um getur í l-lið 1. mgr. 1. gr., aðra en freyðivín eða loftblandað freyðivín, á vínræktarsvæðinu þar sem fersku þrúgurnar, sem eru notaðar, voru tíndar.

2. Þykking víns skal fara fram á vínræktarsvæðinu þar sem fersku þrúgurnar, sem notaðar eru, voru tíndar.

3. Sýring og afsýring víns skal aðeins fara fram í vínframleiðslufyrirtækinu og á vínræktarsvæðinu þar sem þrúgurnar, sem notaðar eru til framleiðslu á viðkomandi víni, voru tíndar.

4. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum um öll vinnsluferlin sem um getur í 1., 2. og 3. lið. Hið sama gildir um magn þrúgumustsþykknis, hreinsaðs þrúgumustþykknis eða súkrósa sem einstaklingar, lögaðilar eða hópar slíkra aðila, einkum framleiðendur, átapparar, vinnsluaðilar og heildsalar, sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr., geyma í tengslum í starfsemi sína, á sama tíma og sama stað og ferskar þrúgur, þrúgumust, þrúgumust í gerjun eða vín í lausu máli. Færsla í innfærsluskrá og skrá yfir nýtingu birgða getur þó komið í stað tilkynningar um slíkt magn.

5. Skrá verður öll vinnsluferlin, sem um getur í B- og C-lið, í fylgiskjalið sem fylgir afurðunum, eins og um getur í 185. gr. c, sem hafa farið í gegnum viðkomandi vinnsluferli, þegar þær eru settar í dreifingu.

6. Með fyrirvara um undanþágur sem rökstuddar eru á grundvelli óvenjulegra veðurfarsskilyrða skulu þessi vinnsluferli ekki notuð:

   a) á vínræktarsvæði C sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, eftir 1. janúar,

   b) á vínræktarsvæðum A og B, sem um getur í viðbætinum við XI. viðauka b, eftir 16. mars og þau skulu einungis notuð fyrir afurðir úr næstu þrúgnauppskeru á undan þessum dagsetningum.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. er heimilt að þykkja vín með kælingu og sýra og afsýra vín allt árið um kring.

XV. VIÐAUKI b

TAKMARKANIR

A. **Almennt**

1. Íblöndun vatns skal vera útilokuð í öllum leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum nema það sé nauðsynlegt af sérstökum, tæknilegum ástæðum.

2. Íblöndun alkóhóls skal vera útilokuð í öllum leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum nema í vinnsluaðferðum sem tengjast því að fá ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með íblöndun alkóhóls, líkjörvíns, freyðivíns, víns sem er styrkt til eimingar eða hálffreyðandi víns.

3. Vín, sem er styrkt til eimingar, skal einungis nota til eimingar.

B. **Ferskar þrúgur, þrúgumust og þrúgusafi**

1. Ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með íblöndun alkóhóls skal einungis notað í þeim áfanga við framleiðslu afurðanna sem falla ekki undir SAT-númerin 220410, 220421 eða 220429. Þetta er með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin geta beitt vegna framleiðslu afurða á yfirráðasvæðum sínum sem ekki falla undir SAT-númerin 220410, 220421 eða 220429.

2. Óheimilt er að umbreyta þrúgusafa og þrúgusafaþykkni í vín eða bæta þeim í vín. Alkóhólgerjun á þessum afurðum er óheimil á yfirráðasvæði Bandalagsins.

3. Ákvæði 1. og 2. liðar skulu ekki gilda í Breska konungsríkinu, á Írlandi og í Póllandi um afurðir sem ætlaðar eru til framleiðslu á afurðum, sem falla undir SAT-númerið 220600, sem aðildarríkin geta heimilað notkun á samsettu heiti fyrir sem inniheldur orðið „vín“.

4. Þrúgumust í gerjun, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum, skal einungis setja á markað til framleiðslu á líkjörvínum og þá aðeins í þeim vínræktarhéruðum þar sem hefð var fyrir þessari notkun 1. janúar 1985 og til framleiðslu á víni úr ofþroskuðum þrúgum.

5. Ef ráðið ákveður ekki annað í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins má ekki breyta ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni, þrúgumustsþykkni þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með íblöndun alkóhóls, þrúgusafa, þrúgusafaþykkni og víni eða blöndum þessara afurða, sem eru upprunnin í þriðju löndum, í þær afurðir sem um getur í XI. viðauka b eða bæta þeim við slíkar afurðir á yfirráðasvæði Bandalagsins.

C. **Blöndun vína**

Ef ráðið ákveður ekki annað í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Bandalagsins skal blöndun víns, sem er upprunnið í þriðja landi, og víns frá Bandalaginu og blöndun vína, sem eru upprunnin í þriðju löndum, bönnuð innan Bandalagsins.

D. **Aukaafurðir**

1. Ofpressun á þrúgum er bönnuð. Aðildarríkin skulu ákveða, að teknu tilliti til staðbundinna og tæknilegra skilyrða, lágmarksinnihald alkóhóls í hratinu og dreggjunum eftir að þrúgurnar eru pressaðar.

   Aðildarríkin skulu ákvarða magn alkóhólsins í þessum aukaafurðum þannig að þau samsvari a.m.k. 5% af rúmmáli alkóhólsins í víninu sem framleitt er.

2. Að undanskildu alkóhóli, brenndum vínum og piquette-víni er ekki heimilt að framleiða vín eða aðra drykki, sem eru ætlaðir til beinnar neyslu, úr víndreggjum eða þrúguhrati. Samkvæmt skilyrðum sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr. skal heimilt að hella víni yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk þar sem hefð er fyrir því að nota þessa aðferð við framleiðslu á „Tokaji fordítás“ og „Tokaji máslás“ í Ungverjalandi og „Tokajský fordítáš“ og „Tokajský mášláš“ í Slóvakíu.

3. Bannað er að pressa víndreggjar og endurgerja þrúguhrat til annars en eimingar eða framleiðslu á piquette-víni. Síun víndreggja og skiljun þeirra í skilvindu skal ekki teljast til pressunar ef afurðirnar sem fást eru heilnæmar, óspilltar og söluhæfar.

4. Ef hlutaðeigandi aðildarríki heimilar framleiðslu á Piquette-víni má einungis nota það til eimingar eða til neyslu á heimilum vínframleiðendanna.

5. Með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkjanna að geta ákveðið að krefjast þess að aukaafurðum sé ráðstafað til eimingar skal öllum einstaklingum eða lögaðilum eða hópum, sem hafa aukaafurðir undir höndum, gert að farga þeim með fyrirvara um skilyrði sem framkvæmdastjórnin ákveður í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 195. gr.

_____

V. VIÐAUKI

„47. **Reglugerð (EB) nr. 479/2008**

Reglugerð (EB) nr. 479/2008	Þessi reglugerð
1. gr.	l-liður 1. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. gr. og III. hluti a í III. viðauka
3. gr.	103. gr. i
4. gr.	103. gr. j
5. gr.	103. gr. k
6. gr.	103. gr. l
7. gr.	103. gr. m
8. gr.	103. gr. n
9. gr.	103. gr. o
10. gr.	103. gr. p
11. gr.	103. gr. q
12. gr.	103. gr. r
13. gr.	103. gr. s
14. gr.	103. gr. t
15. gr.	103. gr. u
16. gr.	103. gr. v
17. gr.	103. gr. w
18. gr.	103. gr. x
19. gr.	103. gr. y
20. gr.	103. gr. z
1. mgr. 21. gr.	5. mgr. 188. gr. a
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 21. gr.	6. mgr. 188. gr. a
Önnur undirgrein 2. mgr. 21. gr.	5. liður 184. gr.
Fyrsta málsgrein og a- til d-liður annarar málsgreinar 22. gr.	103. gr. za
e-liður annarar málsgreinar 22. gr.	7. mgr. 188. gr. a
23. gr.	190. gr. a
24. gr.	2. til 6. mgr. 120. gr. a
1. mgr. 25. gr.	1. mgr. 120. gr. a
2., 3. og 4. mgr. 25. gr.	113. gr. d
26. gr.	120. gr. b

Reglugerð (EB) nr. 479/2008	Þessi reglugerð
27. gr.	120. gr. c
28. gr.	120. gr. d
29. gr.	120. gr. e
30. gr.	120. gr. f
31. gr.	120. gr. g
32. gr.	Þriðja og fjórða málsgrein 121. gr.
33. gr.	118 gr. a
34. gr.	118. gr. b
35. gr.	118. gr. c
36. gr.	118. gr. d
37. gr.	118. gr. e
38. gr.	118. gr. f
39. gr.	118. gr. g
40. gr.	118. gr. h
41. gr.	118. gr. i
42. gr.	118. gr. j
43. gr.	118. gr. k
44. gr.	118. gr. l
45. gr.	118. gr. m
46. gr.	118. gr. n
47. gr.	118. gr. o
48. gr.	118. gr. p
49. gr.	118. gr. q
50. gr.	118. gr. r
51. gr.	118. gr. s
52. gr.	k-liður fyrstu málsgreinar 121. gr.
53. gr.	118. gr. g
54. gr.	118. gr. u
55. gr.	118. gr. v
56. gr.	l-liður fyrstu málsgreinar 121. gr.
57. gr.	118. gr. w
58. gr.	118. gr. x
59. gr.	118. gr. y

Reglugerð (EB) nr. 479/2008	Þessi reglugerð
60. gr.	118. gr. z
61. gr.	118. gr. za
62. gr.	118. gr. zb
63. gr.	m-liður fyrstu málsgreinar 121. gr.
a- og b-liður og i.-iv. liður c-liðar í 1. mgr. 64. gr.	Önnur málsgrein 122. gr.
v.-viii.liður c-liðar 1. mgr. 64. gr.	Þriðja málsgrein 122. gr.
d-liður 1. mgr. 64. gr.	Þriðja málsgrein 122. gr.
e-liður 1. mgr. 64. gr.	a-liður 1. mgr. 125. gr. o
2. mgr. 64. gr.	2. mgr. 125. gr. o
a-, b- og c-liður 1. mgr. 65. gr.	3. mgr. 123. gr.
d-liður 1. mgr. 65. gr.	b-liður 1. mgr. 125. gr. o
2. mgr. 65. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 125. gr. o
1. mgr. 66. gr.	—
2. mgr. 66. gr.	3. mgr. 125. gr. o
67. gr.	1. og 2. mgr. 113. gr. c
68. gr.	3. mgr. 125. gr. o
69. gr.	3. mgr. 113. gr. c og 3. mgr. 125. gr. o
1. mgr. 70. gr.	135. gr.
2. mgr. 70. gr.	128. gr.
71. gr.	129. gr.
72. gr.	130. og 161. gr.
73. gr.	131. gr. og 2. mgr. 161. gr.
74. gr.	132. gr. og 2. mgr. 161. gr.
75. gr.	133. gr. og 2. mgr. 161. gr.
76. gr.	133 gr. a
77. gr.	134. og 170. gr.
78. gr.	159. gr.
79. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 141. gr.
80. gr.	160. og 174. gr.
81. gr.	143. gr.
82. gr.	158 gr. a
83. gr.	144. gr.
a-liður 84. gr.	4. mgr. 158. gr. a

Reglugerð (EB) nr. 479/2008	Þessi reglugerð
b- og c-liður 84. gr.	a- og b-liður 148. gr.
1.–3. og 5. mgr. 85. gr.	85. gr. a
4. mgr. 85. gr.	1. mgr. 188. gr. a
1.–4. og 6. mgr. 86. gr.	85. gr. b
5. mgr. 86. gr.	2. mgr. 188. gr. a
87. gr.	85. gr. c
88. gr.	85. gr. d
89. gr.	85. gr. e
90. gr.	85. gr. g
91. gr.	85. gr. h
92. gr.	85. gr. i
93. gr.	85. gr. j
94. gr.	85. gr. k
95. gr.	85. gr. l
96. gr.	85. gr. m
97. gr.	85. gr. n
98. gr.	85. gr. p
99. gr.	85. gr. o
100. gr.	85. gr. q
101. gr.	85. gr. r
1.–4. mgr og fyrsta undirgrein 5. mgr. 102. gr.	85. gr. s
Önnur undirgrein 5. mgr. og 6. mgr. 102. gr.	3. mgr. 188. gr. a
103. gr.	85. gr. g
1.–7. og 9. mgr. 104. gr.	85. gr. u
8. mgr. 104. gr.	4. mgr. 188. gr. a
105. gr.	85. gr. v
106. gr.	85. gr. w
107. gr.	85. gr. x
108. gr.	1. og 2. mgr. 185. gr. a
109. gr.	3. mgr. 185. gr. a
110. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 185. gr. a
111. gr.	185. gr. b
112. gr.	185. gr. c

Reglugerð (EB) nr. 479/2008	Þessi reglugerð
1. mgr. 113. gr.	2. mgr. 195. gr.
2. mgr. 113. gr.	3. og 4. mgr. 195. gr.
114. gr.	190. gr.
115. gr.	192. gr.
116. gr.	Fjórða og fimmta málsgrein 194. gr.
a-liður 117. gr.	Þriðja málsgrein 194. gr.
b- til e-liður 117. gr.	Fyrsta málsgrein 194. gr.
118. gr.	185. gr. d
119. gr.	1.–5. mgr. 182. gr. a
120. gr.	8. liður 184. gr.
a-, b- og c-liður 121. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 185.gr. a og þriðja málsgrein 194. gr.
d- og e-liður 121. gr.	4. mgr. 185. gr. b
f-liður 121. gr.	3. mgr. 185. gr. c
g-liður 121. gr.	6. mgr. 182. gr. a
122.–125. gr.	—
a-liður 126. gr.	203. gr. b
b-liður 126. gr.	191. gr.
1. mgr. 127. gr.	Fyrsta málsgrein 180. gr.
2. mgr. 127. gr.	Önnur málsgrein 180. gr.
3. mgr. 129. gr.	85. gr. f“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 606/2009

2012/EES/54/91

frá 10. júlí 2009

um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, um breytingar á reglugerðum (EB) nr. 1493/1999, (EB) nr. 1782/2003, (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 3/2008 og um niðurfellingu reglugerða (EBE) nr. 2392/86 og (EB) nr. 1493/1999 ([1]), einkum 3. mgr. 25. gr. og 32 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í skilgreiningu á víni, sem gefin er í fyrsta undirlið c-liðar annarrar undirgreinar í 1. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 þar sem flokkar vínræktarafurða eru tilgreindir, er kveðið á um að heildaralkóhólstyrkleiki skuli ekki vera meiri en 15% miðað við rúmmál. Þó er heimilt að hækka þau mörk í 20% miðað við rúmmál fyrir vín, sem eru framleidd án auðgunar, sem koma frá tilteknum vínræktarsvæðum sem ber að skilgreina.

2) Í II. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og í V. og VI. viðauka við hana er mælt fyrir um almennar reglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu og að öðru leyti er vísað til ítarlegra framkvæmdarreglna sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja. Skilgreina skal, skýrt og nákvæmlega, leyfðar vínfræðilegar vinnsluaðferðir, þ.m.t. aðferðir til að sæta vín, og mæla fyrir um takmarkanir á notkun tiltekinna efna og skilyrði fyrir notkun nokkurra af þessum efnum.

3) Í IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ([2]) eru tilgreindar leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Taka skal þessa skrá yfir leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir, sem lýst skal á skýrari og nákvæmari hátt og aukið við þær þannig að tekið sé tillit til tækniframfara, saman í einn viðauka.

4) Í V. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er mælt fyrir um hámarksgildi súlfíta í vínum, sem eru framleidd í Bandalaginu, sem eru hærri en gildin sem Alþjóðavínstofnunin mælir fyrir um. Þessi gildi skulu vera í samræmi við gildi Alþjóðavínstofnunarinnar, sem eru alþjóðlega viðurkennd, og fyrir tiltekin sæt vín, sem eru framleidd í litlu magni, skal halda undanþágum sem krafist er vegna meira sykurinnihalds þeirra og til að tryggja góða endingu þeirra. Í ljósi nýlegra vísindarannsókna, sem varða það að draga úr súlfíti í víni og skipta því út og varða inntekið magn súlfíts úr víni í fæðu manna, skal kveða á um að hámarksgildi skuli endurskoðuð síðar með það fyrir augum að lækka gildin.

5) Mæla skal fyrir um þær málsmeðferðarreglur sem aðildarríkjunum er heimilt að nota til að heimila tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, sem ekki er kveðið á um í reglum Bandalagsins, í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni.

6) Framleiðsla á freyðivínum, gæðafreyðivínum og ilmríkum gæðafreyðivínum krefst ýmissa sérstakra aðferða til viðbótar við þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem eru leyfðar annars staðar. Til glöggvunar skal tilgreina þessar aðferðir í sérstökum viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

7) Framleiðsla á líkjörvínum krefst ýmissa sérstakra aðferða til viðbótar við þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir sem eru leyfðar annars staðar og framleiðsla á líkjörvínum með verndaðri upprunatáknun hefur tiltekin sérkenni. Til glöggvunar skal tilgreina þessar aðferðir og takmarkanir í sérstökum viðauka.

8) Blöndun er útbreidd vínfræðileg vinnsluaðferð og með tilliti til hugsanlegra áhrifa á gæði víns skal notkun blöndunar vandlega skilgreind og reglufest í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun og tryggja hágæðavín um leið og stuðlað er að samkeppnishæfari geira. Að því er varðar rósavínframleiðslu skal, af framangreindum ástæðum, reglufesta þessar starfsvenjur enn frekar fyrir tiltekin vín sem falla ekki undir nákvæmar skilgreiningar.

9) Í reglum Bandalagsins um matvæli og í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá (e. *International Oenological Codex*) Alþjóðavínstofnunarinnar hefur nú þegar verið mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni fjölmargra efna sem eru notuð við vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Til samhæfingar og glöggvunar skal leggja þessar nákvæmu skilgreiningar til grundvallar en jafnframt skal kveða á um viðbótarreglur sem eiga sérstaklega við um aðstæður í Bandalaginu.

10) Ekki er heimilt að setja vínafurðir, sem samræmast ekki ákvæðum II. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 eða ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á markað. Þó má nota einhverjar af þessum afurðum í iðnaði og mæla skal fyrir um skilyrði fyrir notkun þeirra til að tryggja fullnægjandi eftirlit með endanlegri notkun. Til að komast hjá fjárhagstjóni rekstraraðila, sem eiga tilteknar afurðir í birgðum sem voru framleiddar fyrir gildistökudag þeirrar reglugerðar, skal auk þess mæla fyrir um að dreifa megi afurðum, sem eru framleiddar í samræmi við þær reglur sem eru í gildi fyrir þann dag, til neyslu.

11) Í samræmi við 4. lið D-liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 skal tilkynna um alla auðgun, sýringu og afsýringu til lögbærra yfirvalda. Það á einnig við um það magn súkrósa, þrúgumustsþykknis og hreinsaðs þrúgumustsþykknis sem einstaklingar eða lögaðilar, sem annast slíkar aðgerðir, hafa undir höndum. Tilgangurinn með slíkum tilkynningum er að gera kleift að hafa eftirlit með umræddum aðgerðum. Því verður að senda tilkynningarnar til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem aðgerðin á að eiga sér stað og verða tilkynningarnar að vera eins nákvæmar og unnt er. Ef um aukningu á alkóhólstyrkleika er að ræða verður að tilkynna lögbæru yfirvaldi um það nógu tímanlega til að skilvirkt eftirlit geti farið fram.

12) Þegar um sýringu og afsýringu er að ræða nægir að eftirlit fari fram eftir aðgerðina. Af þeirri ástæðu og til að einfalda stjórnsýslumeðferð verður að vera unnt að skila slíkri tilkynningu, að undanskilinni fyrstu tilkynningu vínársins, með því að uppfæra skrár sem lögbært yfirvald sannprófar reglulega. Í tilteknum aðildarríkjum annast lögbær yfirvöld kerfisbundið greiningareftirlit með öllum framleiðslulotum afurða sem breytt er í vín. Svo fremi þetta haldi áfram eru yfirlýsingar um fyrirætlaða auðgun vína ekki nauðsynlegar.

13) Þrátt fyrir almennu regluna, sem mælt er fyrir um í D-lið VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, er það þegar víni eða þrúgumusti er hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú-mauk eða výber-mauk, grundvallareinkenni framleiðslu á tilteknum ungverskum og slóvakískum vínum. Mæla skal fyrir um sérstakar reglur varðandi þessa aðferð í samræmi við ákvæði landslaga sem eru í gildi í viðkomandi aðildarríkjum 1. maí 2004.

14) Í 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er mælt fyrir um að greiningaraðferðirnar til að ákvarða samsetningu afurðanna, sem falla undir þá reglugerð, og reglurnar til að kanna hvort þessar afurðir hafi verið framleiddar með aðferðum sem eru brot á leyfilegum, vínfræðilegum vinnsluaðferðum, séu þær sem Alþjóðavínstofnunin mælti með og birti í ágripi af alþjóðlegum aðferðum við greiningar á víni og musti (e. *Compendium of International Methods of Analysis of Wines and Musts*). Ef sérstakar greiningaraðferðir eru nauðsynlegar fyrir tilteknar vínafurðir Bandalagsins og Alþjóðavínstofnunin hefur ekki fastsett þær skal þessum aðferðum Bandalagsins lýst.

15) Í því skyni að tryggja aukið gagnsæi skal birta á vettvangi Bandalagsins skrá yfir viðkomandi greiningaraðferðir og lýsingar á þeim.

16) Af þessum sökum skal fella úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngreiningu ([1]) og reglugerð (EB) nr. 423/2008 frá 8. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu ([2]).

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem komið var á fót með 2. mgr. 113. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu I. og II. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

([1]) Stjtíð. EB L 272, 3.10.1990, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 127, 15.5.2008, bls. 13.

2. gr.

Vínræktarsvæði þar sem heildaralkóhólstyrkleiki vína má ekki vera meiri en 20% miðað við rúmmál

Vínræktarsvæðin, sem um getur í fyrsta undirlið c-liðar í annarri undirgrein 1. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, skulu vera svæði C I, C II og C III, sem um getur í IX. viðauka við þá reglugerð, og þau svæði á svæði B þar sem heimilt er að framleiða hvítvín með eftirtöldum vernduðum, landfræðilegum merkingum: „Vin de pays de Franche-Comté“ og „Vin de pays du Val de Loire“.

3. gr.

Leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir

1. Í I. viðauka við þessa reglugerð er mælt fyrir um leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir, sem gilda um framleiðslu og verndun afurða sem falla undir reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem um getur í 1. mgr. 29. gr. hennar.

2. Leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og skilyrði fyrir notkun þeirra og takmarkanir á henni er að finna í I. viðauka A.

3. Hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni er gefið upp í I. viðauka B.

4. Hámarksinnihald rokgjarnrar sýru í víni er gefið upp í I. viðauka C.

5. Í I. viðauka D er mælt fyrir um reglur um sætun.

4. gr.

Beiting nýrra vínfræðilegra vinnsluaðferða í tilraunaskyni

1. Hvert aðildarríki getur, eins og um getur í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, heimilað beitingu tiltekinna vínfræðilegra vinnsluaðferða og vinnslu í tilraunaskyni, sem ekki er kveðið á um í þeirri reglugerð eða í þessari reglugerð, að hámarki í þrjú ár, að því tilskildu:

a) að hlutaðeigandi vinnsluaðferðir og vinnsla standist kröfurnar í 2. mgr. 27. gr. og b- til e-lið 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

b) að slíkum vinnsluaðferðum og vinnslu sé ekki beitt á meira magn en 50 000 hektólíktra á ári fyrir hverja tilraun,

c) að hlutaðeigandi aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin við upphaf tilraunarinnar um skilyrði fyrir hverri heimild,

d) að aðferðirnar séu skráðar í fylgiskjalið sem um getur í 1. mgr. 112. gr. og í skrána sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

„Tilraun“ merkir aðgerð eða aðgerðir, sem fara fram innan ramma vel skilgreinds rannsóknarverkefnis með einni aðferðarlýsingu.

2. Heimilt er að setja afurðirnar, sem fást með notkun slíkra vinnsluaðferða og vinnslu í tilraunaskyni, á markað í öðru aðildarríki en viðkomandi aðildarríki að því tilskildu að aðildarríkið, sem heimilar tilraunina, tilkynni fyrir fram um skilyrði fyrir heimildinni og magnið sem um ræðir til lögbærra yfirvalda viðtökuaðildarríkisins.

3. Á fyrstu þremur mánuðunum eftir lok tímabilsins, sem um getur í 1. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki senda framkvæmdastjórninni skýrslu um tilraunina, sem veitt var heimild fyrir, og niðurstöður hennar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þessar niðurstöður.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki getur, með hliðsjón af niðurstöðunum, sótt um leyfi til framkvæmdastjórnarinnar til að halda tilrauninni áfram, hugsanlega á meira magni en í upphaflegu tilrauninni, í mest þrjú ár til viðbótar. Aðildarríkið skal senda viðeigandi málsskjöl til stuðnings umsókn sinni. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 113. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, taka ákvörðun um umsóknina um að halda tilrauninni áfram.

5. gr.

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem gilda um flokka freyðivína

Leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir, þ.m.t. auðgun, sýring og afsýring, sem varða freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrík gæðafreyðivín, sem um getur í b-lið annarrar málsgreinar 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eru tilgreindar í II. viðauka við þessa reglugerð með fyrirvara um almennar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 479/2008 og í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem gilda um líkjörvín

Leyfilegar, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem varða líkjörvín, sem um getur í c-lið annarrar málsgreinar 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eru tilgreindar í III. viðauka við þessa reglugerð með fyrirvara um almennar vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 479/2008 og í I. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Skilgreining á blöndun

1. Í skilningi d-liðar annarrar málsgreinar 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 merkir „blöndun“ að blanda saman vínum eða musti af mismunandi uppruna, mismunandi vínviðaryrkjum, frá mismunandi uppskeruárum eða úr mismunandi flokkum vína eða musts.

2. Eftirfarandi flokkar teljast mismunandi flokkar víns eða musts:

a) rauðvín, hvítvín og must eða vín sem henta til framleiðslu á einum þessara flokka vína,

b) vín án verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, vín með verndaða, upprunatáknun (VUT) og vín með verndaða, landfræðilega merkingu (VLM) svo og must eða vín sem henta til framleiðslu á einum af þessum flokkum vína.

Að því er varðar þessa málsgrein skal rósavín teljast til rauðvíns.

3. Ekki skal líta á eftirfarandi vinnslu sem blöndun:

a) auðgun með því að bæta við þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni,

b) sætun.

8. gr.

Almennar reglur um blöndun (e. *Blending and coupage*)

1. Einungis má framleiða vín með blöndun þegar innihaldsefni þessarar blöndunar hafa til að bera öll þau einkenni sem krafist er til framleiðslu víns og samrýmast reglugerð (EB) nr. 479/2008 og þessari reglugerð.

Ekki er hægt að framleiða rósavín með blöndun hvítvíns, sem ekki er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, með rauðvíni, sem ekki er með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu.

Ákvæði annarrar undirgreinar útiloka þó ekki blöndun tegunda, sem um getur í þeirri undirgrein, ef lokaafurðin er ætluð til framleiðslu á vínlögun, eins og hún er skilgreind í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, eða til framleiðslu á hálffreyðandi vínum.

2. Banna skal blöndun þrúgumusts eða víns, sem vínfræðilegu vinnsluaðferðinni, sem um getur í 14. lið I. viðauka A við þessa reglugerð, hefur verið beitt á, og þrúgumusts eða víns sem þeirri aðferð hefur ekki verið beitt á.

9. gr.

Nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni efna sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir

1. Ef ekki er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni efna, sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir sem um getur í e-lið annarrar málsgreinar 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB ([1]) skulu nákvæmu skilgreiningarnar vera þær sem mælt er fyrir um og birtar eru í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar.

Ef nauðsyn krefur skal bæta við þessi hreinleikaskilyrði sértæku kröfunum sem kveðið er á um í I. viðauka A við þessa reglugerð.

([1]) Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

2. Ensím og ensímblöndur, sem eru notuð í leyfilegum vínfræðilegum vinnsluaðferðum og vinnslu, sem talin eru upp í I. viðauka A, skulu uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum ([2]).

10. gr.

Skilyrði sem gilda um geymslu, dreifingu og notkun afurða sem samrýmast hvorki II. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 né þessari reglugerð

1. Afurðum sem samrýmast hvorki II. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 né þessari reglugerð skal eytt. Aðildarríkin geta þó heimilað að tilteknar afurðir séu nýttar í eimingarstöðvum eða edikverksmiðjum eða í iðnaði, og skulu þau ákvarða einkenni þeirra.

2. Framleiðendum eða kaupmönnum er óheimilt að hafa slíkar afurðir undir höndum án lögmætrar ástæðu og þær má aðeins flytja til eimingarstöðva, ediksverksmiðja, eða starfsstöðva þar sem þær eru notaðar í iðnaði eða í iðnaðarvörur eða til eyðingarstöðva.

3. Aðildarríkin geta látið bæta mengandi efnum eða vísum í vín, eins og um getur í 1. mgr., til að auðveldara sé að þekkja þau. Í rökstuddum tilvikum geta þau einnig bannað notkunina, sem kveðið er á um í 1. mgr., og látið farga afurðunum.

4. Heimilt er að bjóða eða afhenda vín, framleidd fyrir 1. ágúst 2009, til beinnar neyslu að því tilskildu að slíkt samræmist reglum Bandalagsins eða landsreglum sem eru í gildi fyrir þann dag.

11. gr.

Almennar reglur sem gilda um auðgun, sýringu og afsýringu á afurðum öðrum en víni

Vinnslan sem um getur í 1. lið D-liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 verða að vera framkvæmd í einni aðgerð. Aðildarríkjunum er þó heimilt að leyfa að einhver vinnsla fari fram í fleiri en einni aðgerð ef það bætir vínframleiðslu viðkomandi afurðar. Í slíkum tilvikum gilda mörkin sem mælt er fyrir um í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 um viðkomandi aðgerð í heild.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

12. gr.

Stjórnsýslureglur sem gilda um auðgun

1. Tilkynningar, sem um getur í 4. lið D-liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og varða aðgerðir til að auka alkóhólstyrkleika, skulu gerðar af einstaklingum eða lögaðilum, sem framkvæma umræddar aðgerðir, innan hæfilegs tímaramma og í samræmi við þau eftirlitsskilyrði sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem aðgerðirnar fara fram, setur.

2. Tilkynningar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skriflegar og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang þess aðila sem semur tilkynninguna,

b) staðinn þar sem fyrirhugað er að aðgerðin fari fram,

c) dagsetningu og stund þegar aðgerðin á að hefjast,

d) lýsingu á afurðinni sem aðgerðinni er beitt á,

e) vinnsluna sem er notuð við aðgerðina, ásamt upplýsingum um hvaða tegund afurðar á að nota.

3. Aðildarríkin geta þó heimilað að fyrirframtilkynningar, sem gilda fyrir nokkrar aðgerðir eða í tilgreindan tíma, séu sendar til lögbærra yfirvalda. Aðeins skal samþykkja slíkar tilkynningar ef aðilinn, sem sendir tilkynninguna, heldur skriflega skýrslu um hverja auðgun, eins og kveðið er á um í 6. mgr., og skráir upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr.

4. Ef óviðráðanlegar orsakir koma í veg fyrir að hlutaðeigandi aðili framkvæmi aðgerð, sem hefur verið tilkynnt um, í tæka tíð, skulu aðildarríkin tilgreina með hvaða skilyrðum sá aðili skal senda nýja tilkynningu til lögbærs yfirvalds, þannig að hægt sé að annast nauðsynlegt eftirlit.

5. Ekki er gerð krafa um tilkynningarnar, sem um getur í 1. mgr., í þeim aðildarríkjum þar sem lögbær skoðunaryfirvöld annast kerfisbundið greiningareftirlit með öllum framleiðslulotum afurða sem breytt er í vín.

6. Upplýsingar í tengslum við aðgerðir til að auka alkóhólstyrkleika skulu tafarlaust færðar í skrárnar, sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eftir að aðgerð lýkur.

Í tilvikum þar sem ekki er tilgreint í fyrirframtilkynningum, sem taka til nokkurra aðgerða, hvaða dag og hvenær dagsins aðgerðir eiga að hefjast, verður einnig að færa það í þessar skrár áður en hver aðgerð hefst.

13. gr.

Stjórnsýslureglur sem gilda um sýringu og afsýringu

1. Þegar um er að ræða sýringu og afsýringu skulu rekstraraðilar skila tilkynningum, eins og um getur í 4. lið D-liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, eigi síðar en á öðrum degi eftir að fyrsta aðgerð á vínárinu hefur farið fram. Slíkar tilkynningar gilda um allar aðgerðir á því vínári.

2. Tilkynningar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skriflegar og innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn og heimilisfang þess aðila sem semur tilkynninguna,

b) tegund aðgerðar,

c) staðinn þar sem aðgerðin fór fram.

3. Upplýsingar um sýringar- og afsýringaraðgerðir skulu færðar í skrárnar sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

14. gr.

Víni eða þrúgumusti hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú- eða výbermauk

Þegar víni eða þrúgumusti er hellt yfir dreggjar eða þrúguhrat eða pressað aszú- eða výbermauk, sem kveðið er á um í 2. lið D-liðar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, skal það gert á eftirfarandi hátt, í samræmi við ákvæði landslaga sem voru í gildi 1. maí 2004:

a) framleiða skal „Tokaji fordítás“ eða „Tokajský forditáš“ með því að hella musti eða víni yfir pressað aszú- eða výbermauk,

b) framleiða skal „Tokaji máslás“ eða „Tokajský mášláš“ með því að hella musti eða víni yfir szamorodni- eða samorodné- eða aszú- eða výberdreggjar.

Afurðirnar sem um er að ræða verða að vera frá sama uppskeruári.

15. gr.

Viðeigandi greiningaraðferðir Bandalagsins

1. Greiningaraðferðirnar, sem um getur í annarri málsgrein 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og eiga við um sannprófun á tilteknum vínaafurðum og tilteknum gildum, sem mælt er fyrir um á vettvangi Bandalagsins, er að finna í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* skrá yfir og lýsingu á greiningaraðferðunum, sem um getur í fyrstu málsgrein 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og lýst er í ágripi Alþjóðavínstofnunarinnar af alþjóðlegum aðferðum við greiningar á víni og musti, sem eiga við um sannprófun á gildunum og kröfunum sem mælt er fyrir um í reglum Bandalagsins um framleiðslu á vínafurðum.

16. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 2676/90 og (EB) nr. 423/2008 eru felldar úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar og í reglugerð (EB) nr. 1493/1999 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri

I. VIÐAUKI A

LEYFILEGAR VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG VINNSLA

1		2	3
Vínfræðileg vinnsluaðferð		Skilyrði fyrir notkun ([1])	Takmarkanir á notkun
1	Loftun eða súrefnismettun með notkun á loftkenndu súrefni		
2	Hitameðhöndlun		
3	Skiljun í skilvindu og síun, með eða án hvarftregs síunarhjálparefnis		Notkun hjálparefnis má ekki skilja eftir óæskilegar leifar í meðhöndluðu afurðinni
4	Notkun á koltvísýringi, argoni eða köfnunarefni, einu sér eða í samsetningum, til að skapa óvirkar aðstæður og til að meðhöndla afurðina án þess að hún komist í snertingu við loft		
5	Notkun á víngeri til vínframleiðslu, þurru eða í vínlausn	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni og nýju víni, sem er enn í gerjun, og fyrir aðra alkóhólgerjun allra freyðivínflokka	
6	Notkun eins eða fleiri eftirtalinna efna, til að örva þroskun gers, ásamt mögulegri viðbót örkristallaðs sellulósa sem hjálparefnis:		
	Viðbót díammóníumfosfats eða ammóníumsúlfats	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni og nýju víni, sem er enn í gerjun, og fyrir aðra alkóhólgerjun allra freyðivínflokka	Ekki meira en 1 g/l (gefið upp sem sölt) ([2]) eða 0,3 g/l fyrir aðra alkóhólgerjun freyðivína.
	Viðbót ammóníumbísúlfíts	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni og nýju víni sem er enn í gerjun	Ekki meira en 0,2g/l (gefið upp sem sölt) ([2]) og upp að mörkunum sem sett eru í 7. lið.
	Viðbót þíamínhýdróklóríðs	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni og nýju víni, sem er enn í gerjun, og fyrir aðra alkóhólgerjun allra freyðivínflokka	Ekki meira en 0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín) fyrir hverja meðhöndlun
7	Notkun á brennisteinsdíoxíði, kalíumbísúlfíti eða kalíummetabísúlfíti, sem einnig er nefnt kalíumdísúlfít eða kalíumpýrósúlfít		Gildi, (þ.e. hámarksmagn í afurðinni sem sett er á markað) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka B.
8	Fjarlæging brennisteinsdíoxíðs með eðlisrænum aðferðum,	Einungis með nýjum þrúgum, þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti, hlutgerjuðu þrúgumusti úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni og nýju víni sem er enn í gerjun	

1		2	3
Vínfræðileg vinnsluaðferð		Skilyrði fyrir notkun ([1])	Takmarkanir á notkun
9	Meðhöndlun með viðarkolum til vínfræðilegrar notkunar	Einungis fyrir must og ný vín sem eru enn í gerjun, hreinsað þrúgumustsþykkni og hvítvín	Ekki meira en 100 g af þurrefni á hektólítra
10	Botnfelling með einu eða fleirum af eftirfarandi efnum til vínfræðilegrar notkunar: – ætu gelatíni – plöntuprótíni úr hveiti eða ertum, – fiskilími, – kaseini og kalíumkaseinati, – eggjaalbúmíni, – bentóníti, – kísildíoxíði í gelformi eða sem kvoðulausn, – kaólíni, – tanníni, – pektólítískum ensímum, – ensímblöndum betaglúkanasa	Mælt er fyrir um skilyrði fyrir notkun betaglúkanasa í 1. viðbæti	
11	Notkun á sorbínsýru í formi kalíumsorbats		Hámarksinnihald sorbínsýru í afurðinni sem er meðhöndluð á þennan hátt og sett á markað: 200 mg/l
12	Notkun á L(+)-vínsýru, L-eplasýru, DL-eplasýru eða mjólkursýru til sýringar	Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-lið V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og 11. og 13. gr. þessarar reglugerðar. Mælt er fyrir um nákvæma skilgreiningu fyrir L(+)-vínsýru í 2. lið 2. viðbætis	
13	Notkun á einu eða fleirum af eftirfarandi efnum til afsýringar á: – hlutlausu kalíumtartrati, – kalíumbíkarbónati, – kalsíumkarbónati, sem getur innihaldið tvíkalsíumsalt úr L(+)-vínsýru og L(–)-eplasýru í litlu magni, – kalsíumtartrati, – L(+)-vínsýru – einsleitri blöndu af vínsýru og kalsíumkarbónati í jöfnum hlutföllum og fínmulið	Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-lið V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og 11. og 13. gr. þessarar reglugerðar. Mælt er fyrir um nákvæma skilgreiningu fyrir L(+)-vínsýru í 2. viðbæti	
14	Viðbót aleppófururesíns	Samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 3. viðbæti	

1		2	3
Vínfræðileg vinnsluaðferð		Skilyrði fyrir notkun ([1])	Takmarkanir á notkun
15	Notkun blandna úr frumuvegg gersvepps		Ekki meira en 40 g/hektólítra
16	Notkun pólývínylpólýpýrrólídóns		Ekki meira en 80 g/hektólítra
17	Notkun mjólkursýrugerla		
18	Viðbót lýsósíms		Ekki meira en 500 mg/l (ef því er bætt bæði í must og vínið má heildarmagnið ekki fara yfir 500 mg/l)
19	Viðbót L-askorbínsýru		Hámarksinnihald í víni sem er meðhöndlað á þennan hátt og sett á markað: 250 mg/l ([3])
20	Notkun jónaskiptaresíns	Einungis fyrir þrúgumust sem er ætlað til framleiðslu á hreinsuðu þrúgumustsþykkni samkvæmt þeim skilyrðum sem er að finna í 4. viðbæti	
21	Notkun í þurrum vínum á ferskum dreggjum sem eru heilnæmar og óþynntar og innihalda ger úr nýlegri vínframleiðslu á þurru víni	Að því er varðar afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Í magni sem ekki er umfram 5% af magni afurðanna sem eru meðhöndlaðar
22	Loftbólun með argoni eða köfnunarefni		
23	Viðbót koltvísýrings	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 7. og 9. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Ef um er að ræða vín sem freyðir ekki skal hámarksinnihald koltvísýrings í víninu, sem þannig er meðhöndlað og sett á markað, vera 3 g/l en umframþrýstingur af völdum koltvísýringsins skal vera undir 1 bari við hitastigið 20 °C
24	Viðbót sítrónusýru til að stöðga vín	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Hámarksinnihald í víni sem er meðhöndlað á þennan hátt og sett á markað: 1g/l
25	Viðbót tannína	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008	
26	Meðhöndlun: á hvítvínum og rósavínum með kalíumferrósýaníði, á rauðvínum með kalíumferrósýaníði eða kalsíumfýtati	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 5. viðbæti	Ef um er að ræða kalsíumfýtat, ekki meira en 8 g/hektólítra
27	Viðbót metavínsýru	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Ekki meira en 100 mg/l

1		2	3
Vínfræðileg vinnsluaðferð		Skilyrði fyrir notkun ([1])	Takmarkanir á notkun
28	Notkun á akasíu	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	
29	Notkun á DL-vínsýru eða á hlutlausu kalíumsalti hennar til að fella út umframkalsíum	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 5. viðbæti	
30	Til að örva útfellingu vínsalta, notkun: kalíumbítartrats eða kalíumvetnistartrats, kalsíumtartrats	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Ef um er að ræða kalsíumtartrat, ekki meira en 200 g/hektólítra
31	Notkun á koparsúlfati eða kúprísítrati til að eyða röngu bragði eða lykt af víninu	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	Ekki meira en 1 g/hektólítra að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/l
32	Viðbót karamellu, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ([4]), til að styrkja lit	Einungis í líkjörvín	
33	Notkun á paraffínskífum, gegnvættum af allýlísóþíósýanati, til að skapa dauðhreinsaðar aðstæður	Einungis í hlutgerjað must til beinnar neyslu og í vín Einungis heimil á Ítalíu svo fremi það sé ekki bannað samkvæmt löggjöf landsins og einungis í ílátum sem rúma meira en 20 lítra	Leifar af allýlísóþíósýanati mega ekki vera fyrir hendi í víninu
34	Viðbót dímetýldíkarbónats (DMDC) í vín til örverufræðilegrar stöðgunar	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti	Ekki meira en 200 mg/l, og efnaleifar mega ekki greinast í víni sem sett er á markað
35	Viðbót mannóprótína (e. *mannoprotein*) til að tryggja stöðgun víns með tilliti til prótína og vínsýrumagns	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008	

1		2	3
Vínfræðileg vinnsluaðferð		Skilyrði fyrir notkun ([1])	Takmarkanir á notkun
36	Meðhöndlun með rafskiljun til að tryggja stöðugun vínsins með tilliti til vínsýrumagns	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 7. viðbæti	
37	Notkun á úreasa til að draga úr styrk þvagefnis í víni	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 8. viðbæti	
38	Notkun eikarspæna við vínframleiðslu og þroskun, þ.m.t. við gerjun ferskra þrúgna og þrúgumusts	Samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 9. viðbæti	
39	Notkun á kalsíumalgínati, eða kalíumalgínati	Einungis til framleiðslu á öllum flokkum freyðivína og hálffreyðandi vína sem fást með gerjun í flösku og dreggjarnar eru skildar frá með því að opna flöskuna	
40	Fjarlæging vínanda að hluta til úr víni	Á einungis við um vín og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 10. viðbæti	
41	Notkun á pólývínylimídasól-/pólývínylpýrrólídónsamfjölliðum til að minnka kopar-, járn- og þungmálmainnihald	Samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 11. viðbæti	Ekki meira en 500 mg/l (ef því er bætt bæði í must og vínið má heildarmagnið ekki fara yfir 500 mg/l)
42	Viðbót karboxýmetýlsellulósa (sellulósagúmmís) til að tryggja stöðugun með tilliti til vínsýrumagns	Einungis í vín og alla flokka freyðivína og hálffreyðandi vína	Ekki meira en 100 mg/l
43	Meðhöndlun með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðugun vínsins með tilliti til vínsýrumagns	Að því er varðar hlutgerjað must til beinnar neyslu og afurðirnar sem eru skilgreindar í 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 12. viðbæti	

([1]) Nema annað sé tekið fram má nota aðferðina eða vinnsluferlið sem lýst er fyrir nýjar þrúgur, þrúgumust, hlutgerjað þrúgumust, hlutgerjað þrúgumust úr léttþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykkni, nýtt vín, sem er enn í gerjun, hlutgerjað þrúgumust til beinnar neyslu, vín, alla flokka freyðivína, hálffreyðandi vín, loftblönduð hálffreyðandi vín, líkjörvín, vín sem eru gerð úr léttþurrkuðum þrúgum og vín sem eru gerð úr ofþroskuðum þrúgum.
([2]) Þessi ammóníumsölt má einnig nota í samsetningum, að heildarstyrk sem er 1 g/l, með fyrirvara um 0,3 g/l eða 0,2 g/l mörkin sem eru sett hér að framan.
([3]) Notkunarmörkin eru 250 mg/l fyrir hverja meðhöndlun.
([4]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

1. viðbætir

Kröfur varðandi betaglúkanasa

1. Alþjóðlegt númer betaglúkanasa: E.C. 3-2-1-58
2. Betaglúkanhýdrólasi (sem brýtur niður glúkan í *Botrytis cinerea*)
3. Uppruni: *Trichoderma harzianum*
4. Notkunarsvið: Brýtur niður betaglúkön í vínum, einkum þeim sem eru framleidd úr þrúgum með *Botrytis cinera*
5. Hámarksskammtur: 3 g af ensímblöndunni sem inniheldur alls 25% af lífrænum þurrefnum (TOS) á hvern hektólítra
6. Nákvæm skilgreining fyrir efna- og örverufræðilegan hreinleika:

Efnistap við þurrkun	Innan við 10%
Þungmálmar	Innan við 30 milljónarhlutar
Pb	Innan við 10 milljónarhlutar
As	Innan við 3 milljónarhlutar
Heildarfjöldi kólígerla:	Greinast ekki
Escherichia coli	Greinist ekki í 25 g sýni
Salmonella spp:	Greinist ekki í 25 g sýni
Fjöldi örvera við loftháð skilyrði:	Innan við 5×10^4 frumur/g

2. viðbætir

L(+)-vínsýra

1. Einungis má nota vínsýru, en kveðið er á um notkun hennar til afsýringar í 13. lið I. viðauka A, í afurðir sem:

   eru úr þrúgum af vínviðaryrkjunum Elbling og Riesling, og

   eru fengnar úr þrúgum sem eru ræktaðar í eftirfarandi vínræktarhéruðum í norðurhluta vínræktarsvæðis A:

   – Ahr,

   – Rheingau,

   – Mittelrhein,

   – Mosel,

   – Nahe,

   – Rheinhessen,

   – Pfalz,

   – Moselle luxembourgeoise.

2. Vínsýra, en kveðið er á um notkun hennar í 12. og 13. lið þessa viðauka, sem einnig er kölluð L(+)-vínsýra, verður að vera úr landbúnaði og einkum dregin úr vínafurðum. Hún skal einnig vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/84/EB.

3. viðbætir

Resín úr aleppófuru

1. Resín úr aleppófuru, en kveðið er á um notkun þess í 14. lið I. viðauka A, má einungis nota við framleiðslu á „retsina“-borðvínum. Þessi vínfræðilega vinnsluaðferð má aðeins fara fram:

   a) á yfirráðasvæði Grikklands,

   b) í tengslum við þrúgumust úr þrúgum af þeim yrkjum og frá þeim framleiðslusvæðum og víngerðarsvæðum sem eru tilgreind í grískum ákvæðum sem voru í gildi 31. desember 1980,

   c) með því að bæta við að hámarki 1 000 grömmum af resíni í hvern hektólítra af afurðinni, sem notuð er, fyrir gerjun, eða á meðan gerjun stendur yfir, ef raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál fer ekki yfir einn þriðja af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

2. Grikkland skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það fyrir fram ef það hyggst breyta ákvæðunum sem um getur í b-lið 1. liðar. Svari framkvæmdastjórnin ekki innan tveggja mánaða frá því að slík tilkynning berst, er Grikklandi heimilt að framkvæma áformaðar breytingar.

4. viðbætir

Jónaskiptaresín

Jónaskiptaresínin, sem heimilt er að nota í samræmi við 20. lið I. viðauka A, eru stýren- eða dívínylbensensamfjölliður sem innihalda súlfónsýru eða ammóníumhópa. Þau verða að samræmast kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([1]) og ákvæðum Bandalagsins og landsbundnum ákvæðum um framkvæmd hennar. Enn fremur mega jónaskiptaresínin, við prófun með greiningaraðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. lið, ekki tapa meira en 1 mg/l af lífrænu efni í neinn af leysunum sem taldir eru upp. Þau verður að endurgera með efnum sem eru leyfð til notkunar í matvælavinnslu.

Þessi resín má aðeins nota undir eftirliti vínfræðings eða tæknimanns og í mannvirkjum sem eru samþykkt af yfirvöldum í því aðildarríki þar sem þau eru notuð. Yfirvöld skulu mæla fyrir um skyldur og ábyrgð viðurkenndra vínfræðinga og tæknimanna.

Greiningaraðferð til að ákvarða tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresínum:

1. GILDISSVIÐ OG NOTKUNARSVIÐ

   Með aðferðinni er ákvarðað tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresíni.

2. SKILGREINING

   Tap á lífrænu efni úr jónaskiptaresíni. Tapið er ákvarðað með aðferðinni sem er lýst hér á eftir.

3. MEGINREGLA

   Útdráttarleysar eru látnir fara gegnum tilbúin resín og þyngd lífræna efnisins, sem dregið er út, er ákvarðað með þyngdarmælingu.

4. PRÓFUNAREFNI

   Öll prófefni skulu vera af greiningarhreinleika.

   Útdráttarleysar.

4.1. Eimað vatn eða afjónað vatn af sambærilegum hreinleika.

4.2. Etanól, 15% rúmmálshlutfall. Tilreiðið með því að blanda 15 hluta af hreinu etanóli með 85 hlutum vatns (liður 4.1).

4.3. Ediksýra, 5%, massahlutfall. Tilreiðið með því að blanda 5 hluta af ísediki með 95 hlutum vatns (liður 4.1).

5. BÚNAÐUR

5.1. Jónagreiningarsúlur.

5.2. Mæliglös, rúmmál 2 l.

5.3. Uppgufunarskálar sem verða að þola 850 ºC í glæðiofni.

5.4. Hitaskápur, stilltur með hitastilli á 105 ± 2 ºC.

5.5. Glæðiofn, stilltur með hitastilli á 850 ± 25 ºC.

5.6. Fínvog, með 0,1 mg nákvæmni.

5.7. Eimir, hitaplata eða eimir með innrauðum geislum.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

6. AÐFERÐ

6.1. Í hverja af þremur aðskildum jónagreiningarsúlum (liður 5.1) er hellt 50 ml af jónaskiptaresíni til prófunar, eftir að það hefur verið skolað og meðhöndlað í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda um tilreiðslu á resínum sem nota á í tengslum við matvæli.

6.2. Ef resínin eru mínusjónaresín eru útdráttarleysarnir þrír (liður 4.1, 4.2 og 4.3) látnir fara hver fyrir sig gegnum súlurnar, sem búið er að undirbúa (liður 6.1), með streyminu 350 til 450 ml/klst. Fyrsta lítra skolvökvans frá hverri súlu er hent og næstu tveimur lítrum safnað í mæliglös (liður 5.2). Ef resínin eru plúsjónaresín eru einungis leysarnir sem um getur í liðum 4.1 og 4.2 látnir fara gegnum súlurnar sem búið er að undirbúa í þessum tilgangi.

6.3. Leysarnir þrír eru eimaðir yfir hitaplötu eða með eimi með innrauðum geislum (liður 5.7) í aðskildum uppgufunarskálum (liður 5.3) sem búið er að hreinsa og vigta (m0). Skálarnar eru settar í ofn (liður 5.4) og þurrkaðar þar til stöðugri þyngd er náð (m1).

6.4. Eftir að stöðug þyngd hefur verið skráð (liður 6.3) skal setja uppgufunarskálina í glæðiofninn (liður 5.5) og aska innihaldið þar til stöðugri þyngd er náð (m2).

6.5. Magn lífræna efnisins, sem er dregið út (liður 7.1), er reiknað. Ef innihaldið er yfir 1 mg/l skal framkvæma blankprófun á prófefnunum og endurreikna þyngd lífræns efnis sem er dregið út.

Blankprófunin er gerð með því að endurtaka aðgerðirnar, sem um getur í lið 6.3 og 6.4, en með tveimur lítrum af útdráttarleysinum, til að finna þyngdirnar m3 og m4 í liðum 6.3 og 6.4, í þeirri röð.

7. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

7.1. Formúla og útreikningar niðurstaðna

Lífræna efnið, sem er dregið út úr jónaskiptaresíninu, í mg/l, má finna á eftirfarandi hátt:

$$500\ (m1 - m2)$$

þar sem m1 og m2 eru gefin upp í grömmum.

Leiðrétt þyngd (mg/l) af lífrænu efni sem er dregið út úr jónaskiptaresíninu er fundið á eftirfarandi hátt:

$$500\ (m1 - m2 - m3 + m4)$$

þar sem m1, m2, m3 og m4 eru gefin upp í grömmum.

7.2. Mismunur á niðurstöðum úr tveimur samhliða ákvörðunum á sama sýninu má ekki vera meiri en 0,2 mg/l.

5. viðbætir

Kalíumferrósýaníð

Kalsíumfýtat

DL-vínsýra

Kalíumferrósýaníð eða kalsíumfýtat, en kveðið er á um notkun þess í 26. lið I. viðauka A, eða DL-vínsýru, en kveðið er á um notkun hennar í 29. lið I. viðauka A, má einungis nota undir eftirliti vínfræðings eða tæknimanns, sem yfirvöld aðildarríkisins, þar sem vinnslan fer fram, hafa samþykkt og hlutaðeigandi aðildarríki skal, ef nauðsyn krefur, fastsetja ábyrgðarsvið hans.

Vínið verður að innihalda snefil af járni eftir meðhöndlun með kalíumferrósýaníði eða kalsíumfýtati.

Eftirlit með notkun afurðar, sem um getur í fyrstu málsgrein, skal heyra undir ákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt.

6. viðbætir

Kröfur varðandi dímetýldíkarbónat

NOTKUNARSVIÐ

Heimilt er að bæta dímetýldíkarbónati í vín í eftirfarandi tilgangi: Örverufræðileg stöðgun átappaðs víns sem inniheldur sykur sem getur gerjast.

KRÖFUR

– Aðeins má bæta efninu í rétt fyrir átöppun, sem er skilgreind sem það að tappa viðkomandi vöru á ílát, sem rúma mest 60 lítra, til að bjóða megi hana til sölu.

– Aðeins má nota aðferðina á vín sem innihalda a.m.k. 5 g af sykri á hvern lítra.

– Afurðin sem notuð er verður að vera í samræmi við hreinleikaskilyrðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/84/EB.

– Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar EB nr. 479/2008.

7. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun með rafskiljun

Markmiðið er að ná fram stöðugleika í víninu með tilliti til kalíumvetnistartrats og kalsíumtartrats (og annarra kalsíumsalta) með því að fjarlægja umframjónir úr víninu við rafsvið og með notkun mínusjónagegndræpra eða plúsjónagegndræpra himna.

1. KRÖFUR SEM GILDA UM HIMNURNAR

1.1. Himnunum skal raðað á víxl í kerfi af gerð sem kallast „síupressa“ eða annað hentugt kerfi sem skilur að meðhöndlaða vökvann (vínið) og úrgangsvatnið.

1.2. Plúsjónagegndræpu himnurnar skulu aðeins hleypa plúsjónum í gegn, einkum K^+ og Ca^{++}.

1.3. Mínusjónagegndræpu himnurnar skulu aðeins hleypa mínusjónum í gegn, einkum mínushlöðnum tartratjónum.

1.4. Himnurnar skulu ekki valda verulegum breytingum á eðlis- og efnafræðilegri samsetningu vínsins eða skynrænum eiginleikum þess. Þær skulu standast eftirtaldar kröfur:

– þær skulu framleiddar í samræmi við góða framleiðsluhætti úr efnum sem eru leyfð til framleiðslu plastefna, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli eins og tilgreint er í II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB ([1]),

– notandi rafskiljubúnaðarins skal sýna fram á að þær himnur, sem eru notaðar, standist framangreindar kröfur og að sérhæft starfsfólk hafi annast himnuskiptin,

– þær skulu ekki gefa frá sér efni í svo ríkum mæli að heilsu manna geti stafað hætta af eða það hafi áhrif á bragð eða lykt matvælanna og þær skulu samræmast þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/72/EB,

– notkun þeirra má ekki hrinda af stað víxlverkun milli efnanna sem í þeim eru og efna í víninu, sem gæti leitt til þess að í afurðinni, sem verið er að meðhöndla, mynduðust ný og hugsanlega eitruð efnasambönd.

Stöðugleiki ónotaðra rafskiljunarhimna er prófaður með hermi, sem líkir eftir eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vínsins svo að unnt sé að rannsaka hugsanlegt flæði tiltekinna efna frá þeim.

Mælt er með eftirfarandi tilraunaaðferð:

Hermirinn er lausn vatns og alkóhóls sem er jöfnuð að pH-stigi og leiðni vínsins. Samsetning hans er sem hér segir:

– hreint etanól: 11 l,

– kalíumvetnistartrat: 380 g,

– kalíumklóríð: 60 g,

– óþynnt brennisteinssýra: 5 ml,

– eimað vatn: fyllt að 100 lítrum.

Þessi lausn er notuð við flæðiprófanir í lokuðu kerfi með rafskiljunarstæðu við spennu (1 volt á sellu), miðað við 50 l/m² af mínusjóna- og plúsjónahimnum, uns steinefnamagn í lausninni hefur rýrnað um 50%. Skolvökvahringrásin er sett af stað með 5 g/l kalíumklóríðlausn. Flæðiefni eru mæld bæði í herminum og skolvökvanum.

([1]) Stjtíð. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

Þær lífrænu sameindir, sem verða hluti af efnisþáttum himnunnar og líklegar eru til að flæða í lausnina sem aðferðinni er beitt á, eru ákvarðaðar. Ákvarða skal sérstaklega sérhvern efnisþátt á viðurkenndri rannsóknarstofu. Hámarksinnihald allra ákvarðaðra efnasambanda í herminum skal samanlagt vera innan við 50 g/l.

Almennu reglurnar um eftirlit með efnum, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, gilda um þessar himnur.

2. KRÖFUR SEM GILDA UM NOTKUN HIMNANNA

Samsetning himnuparsins, sem notað er við meðhöndlunina og miðar að stöðugleika vínsýruinnihaldsins við rafskiljun, skal vera þannig að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

– sýrustig vínsins skal ekki lækka um meira en sem nemur 0,3 pH-einingum,

– rýrnun rokgjarnrar sýru skal vera minni en sem nemur 0,12 g/l (2 meq, gefið upp sem ediksýra),

– meðhöndlunin skal ekki hafa áhrif á ójónaða efnisþætti vínsins, sérstaklega ekki á fjölfenól og fjölsykrur,

– takmarka skal flæði smárra sameinda á borð við etanól og það má ekki valda því að alkóhólstyrkur minnki meira en sem nemur 0,1%, miðað við rúmmál,

– himnurnar skulu geymdar og hreinsaðar með viðurkenndum aðferðum með efnum sem eru viðurkennd til notkunar við tilreiðslu matvæla,

– himnurnar skulu merktar þannig að alltaf megi sannreyna röðun þeirra í stæðunni,

– tækjakosturinn, sem notaður er, skal vera búinn stjórn- og eftirlitsbúnaði sem gerir kleift að taka tillit til óstöðugleika hvers einstaks víns svo að unnt sé að fjarlægja eingöngu umframmagn kalíumvetnistartrats og kalsíumsalta,

– vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

8. viðbætir

Kröfur varðandi úreasa

1. Alþjóðlegt númer úreasa: EC 3-5-1-5, CAS-nr.: 9002-13-5.

2. Virkni: úreasi (virkur í súru umhverfi) brýtur niður þvagefni í ammoníak og koltvísýring. Virknin er a.m.k. 5 einingar/mg, en ein eining er skilgreind sem það magn sem losar 1 µmól af ammoníaki á mínútu við 37 °C úr 5 g/l af þvagefni við pH-gildið 4.

3. Uppruni: *Lactobacillus fermentum*.

4. Notkunarsvið: niðurbrot þvagefnis í víni sem ætlað er til langrar þroskunar ef upprunalegur styrkur þvagefnis er meiri en 1 mg/l.

5. Hámarksskammtur: 75 mg af ensímblöndu í lítra af víni sem meðhöndlað er, þó mest 375 einingar af úreasa í lítra af víni. Að meðhöndlun lokinni verður að útiloka alla eftirstandandi ensímvirkni með því að sía vínið (opstærð < 1 µm).

6. Nákvæm skilgreining fyrir efna- og örverufræðilegan hreinleika:

Efnistap við þurrkun	Innan við 10%
Þungmálmar	Innan við 30 milljónarhlutar
Pb	Innan við 10 milljónarhlutar
As	Innan við 2 milljónarhlutar
Heildarfjöldi kólígerla:	Greinast ekki
Salmonella spp:	Greinist ekki í 25 g sýni
Fjöldi örvera við loftháð skilyrði	Innan við 5×10^4 frumur/g

Úreasi, sem leyfður er til meðhöndlunar á víni, verður að vera búinn til við svipaðar aðstæður og úreasinn sem fjallað er um í áliti vísindanefndarinnar um matvæli frá 10. desember 1998.

9. viðbætir

Kröfur varðandi eikarspæni

TILGANGUR, UPPRUNI OG NOTKUNARSVIÐ

Eikarspænir eru notaðir við vínframleiðslu og þroskun, þ.m.t. við gerjun ferskra þrúgna og þrúgumusts, í því skyni að vín fái tiltekna eiginleika eikarinnar.

Eikarspænirnir mega eingöngu vera af ættkvíslinni *Quercus*.

Þeir mega vera eins og þeir koma fyrir eða hafa verið hitaðir við lágt, miðlungs- eða hátt hitastig en mega hvorki hafa brunnið, þ.m.t. yfirborðsbruni, né vera kolefniskenndir eða auðmuldir við snertingu. Þeir mega ekki hafa verið unnir með efnafræðilegri aðferð, ensímvinnslu eða eðlisrænni aðferð annarri en hitun. Ekki má bæta neinni afurð við í því skyni að auka náttúrulegt bragð þeirra eða magn útdraganlegra fenólsambanda.

MERKING

Á merkimiða verður að geta um uppruna grasafræðilegra tegunda eikarinnar, hversu mikil hugsanleg hitun var, geymsluskilyrði og varúðarráðstafanir.

STÆRÐARMÁL

Stærðarmál viðarspænanna verður að vera þannig að a.m.k. 95% af þyngd þeirra verði eftir í síu með 2 mm möskvum (möskvastærð 9).

HREINLEIKI

Eikarspænirnir mega ekki gefa frá sér efni í styrk sem getur verið skaðlegur fyrir heilbrigði.

Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar EB nr. 479/2008.

10. viðbætir

Kröfur varðandi fjarlægingu vínanda að hluta til úr víni

Markmiðið með þessari meðhöndlun er að framleiða vín sem búið er að fjarlægja vínandann (etanól) úr að hluta til með eðlisrænni aðskilnaðartækni.

Kröfur

– Vínin sem eru meðhöndluð mega ekki vera með skynmatsgalla og verða að henta til beinnar neyslu.

– Ekki er unnt að fjarlægja vínanda úr víni ef einni af aðgerðunum til auðgunar, sem mælt er fyrir um í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, var beitt að því er varðar vínafurð sem notuð var til að framleiða umrætt vín.

– Skerðing raunverulegs alkóhólstyrkleika má ekki vera meiri en 2% miðað við rúmmál og raunverulegur alkóhólstyrkleiki lokaafurðarinnar miðað við rúmmál verður að vera í samræmi við skilgreininguna í a-lið annarrar undirgreinar 1. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008.

– Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

– Gera skal grein fyrir meðhöndluninni í skránni sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar EB nr. 479/2008.

– Aðildarríkin geta krafist þess að þessi meðhöndlun sé tilkynnt til lögbærra yfirvalda.

11. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun með pólývínylimídasól-/pólývínylpýrrólídónsamfjölliðum

Tilgangurinn með þessari meðhöndlun er að draga úr óhóflega miklum styrk málma og koma í veg fyrir galla af völdum þessa óhóflega innihalds, s.s. járnríkt grugg (e. *ferric casse*), með því að bæta við samfjölliðum sem soga þessa málma í sig.

Kröfur

– Fjarlægja skal viðbættar samfjölliður með síun, innan tveggja daga hið mesta frá því að þeim er bætt í vínið, að teknu tilliti til varúðarreglunnar.

– Ef um er að ræða must skal bæta samfjölliðunum við í fyrsta lagi tveimur dögum fyrir síun.

– Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.

– Gleypnu samfjölliðurnar, sem notaðar eru, skulu samræmast kröfunum í alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavínstofnunin gaf út, einkum að því er varðar hámarksinnihald einliða ([1]).

(1) Meðhöndlun með pólývínylimídasól-/pólývínylpýrrólídónsamfjölliðum getur aðeins átt sér stað eftir að mælt hefur verið fyrir um nákvæmar skilgreiningar fyrir hreinleika og auðkenni leyfðra samfjölliða og þær birtar í alþjóðlegri, vínfræðilegri skrá Alþjóðavínstofnunarinnar.

12. viðbætir

Kröfur varðandi meðhöndlun með plúsjónaskiptum til að tryggja stöðgun vínsins með tilliti til vínsýrumagns

Markmiðið er að ná fram stöðugleika í víninu með tilliti til kalíumvetnistartrats og kalsíumtartrats (og annarra kalsíumsalta).

Kröfur

1. Meðhöndlunin skal takmarkast við að fjarlægja umframmagn plúsjóna.

   – Fyrst skal kæla vínið.

   – Einungis má meðhöndla með plúsjónaskiptum það lágmarksmagn víns sem nauðsynlegt er til að ná fram stöðugleika.

2. Meðhöndlunin skal gerð á plúsjónaskiptaresíni sem er endurgert með sýru.

3. Vínfræðingur eða sérhæfður tæknimaður skal hafa umsjón með öllum aðgerðum. Meðhöndlunin skal tilgreind í skránni sem um getur í 2. mgr. 112. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

4. Plúsjónaresínin, sem notuð eru, verða að samræmast kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([1]), ákvæðum Bandalagsins og landsbundnum ákvæðum sem eru samþykkt á grundvelli reglugerðarinnar og greiningarkröfunum sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við þessa reglugerð. Notkun þeirra má ekki valda verulegum breytingum á eðlis- og efnafræðilegri samsetningu vínsins eða skynmatseinkennum þess og verður hún að samræmast gildunum sem sett eru fram í 3. lið greinargerðar um plúsjónaskiptaresín (e. *Cation-exchange resins*) í alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavínstofnunin gaf út.

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

I. VIÐAUKI B

HÁMARKSINNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í VÍNI

A. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í VÍNI

1. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í vínum, öðrum en freyðivínum og líkjörvínum, má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:

   a) 150 milligrömm á lítra í rauðvínum,

   b) 200 milligrömm á lítra í hvítvínum og rósavínum.

2. Þrátt fyrir a- og b-lið 1. liðar skal auka hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs, að því er varðar vín sem innihalda a.m.k. fimm grömm af sykri á lítra, gefið upp sem glúkósi og frúktósi, í:

   a) 200 milligrömm á lítra í rauðvínum,

   b) 250 milligrömm á lítra í hvítvínum og rósavínum,

   c) 300 milligrömm á lítra í:

   – vínum sem mega bera lýsinguna „Spätlese“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins,

   – hvítvínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Bordeaux supérieur, Graves de Vayres, Côtes de Bordeaux-Saint-Macaire, Premières Côtes de Bordeaux, Côtes de Bergerac, Haut Montravel, Côtes de Montravel, Gaillac, Rosette og Savennières,

   – hvítvínum sem mega bera vernduðu upprunatáknanirnar Allela, Navarra, Penedès, Tarragona og Valencia og vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina frá Comunidad Autónoma del País Vasco og er lýst sem „vendimia tardia“,

   – sætum vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Binissalem-Mallorca“,

   – vínum sem eru upprunnin í Breska konungsríkinu og framleidd í samræmi við löggjöf Bretlands ef sykurinnihaldið er meira en 45 g/l,

   – vínum frá Ungverjalandi sem eru með vernduðu upprunatáknunina „Tokaji“ og er lýst, í samræmi við ungversk ákvæði, sem „Tokaji édes szamorodni“ eða „Tokaji szàraz szamorodni“,

   – vínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Loazzolo, Alto Adige og Trentino sem er lýst með heitunum eða öðru hvoru heitinu: „passito“ eða „vendemmia tardiva“,

   – vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina: „Colli orientali del Friuli“ ásamt heitinu „Picolit“,

   – vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknanirnar „Moscato di Pantelleria naturale“ og „Moscato di Pantelleria“,

   – vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „pozdní sběr“,

   – vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „neskorý zber“ og slóvakísk „Tokaj“-vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajské samorodné suché“ eða „Tokajské samorodné sladké“,

   – vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — pozna trgatev“,

   – hvítvínum með eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum, með meiri heildaralkóhólstyrkleika en 15% miðað við rúmmál og meira sykurinnihald en 45 g/l:

   – Vin de pays de Franche-Comté,

   – Vin de pays des coteaux de l’Auxois,

   – Vin de pays de Saône-et-Loire,

- Vin de pays des coteaux de l'Ardèche,
- Vin de pays des collines rhodaniennes,
- Vin de pays du comté Tolosan,
- Vin de pays des côtes de Gascogne,
- Vin de pays du Gers,
- Vin de pays du Lot,
- Vin de pays des côtes du Tarn,
- Vin de pays de la Corrèze,
- Vin de pays de l'Ile de Beauté,
- Vin de pays d'Oc,
- Vin de pays des côtes de Thau,
- Vin de pays des coteaux de Murviel,
- Vin de pays du Val de Loire,
- Vin de pays de Méditerranée,
- Vin de pays des comtés rhodaniens,
- Vin de pays des côtes de Thongue,
- Vin de pays de la Côte Vermeille,

– sætum vínum, sem eru upprunnin í Grikklandi, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 15% miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er a.m.k. eða 45 g/l og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum:

- Τοπικός Οίνος Τυρνάβου (svæðisbundið vín frá Tyrnavos),
- Αχαϊκός Τοπικός Οίνος (svæðisbundið vín frá Ahaia),
- Λακωνικός Τοπικός Οίνος (svæðisbundið vín frá Lakonia),
- Τοπικός Οίνος Φλώρινας (svæðisbundið vín frá Florina),
- Τοπικός Οίνος Κυκλάδων (svæðisbundið vín frá Cyclades),
- Τοπικός Οίνος Αργολίδας (svæðisbundið vín frá Argolida),
- Τοπικός Οίνος Πιερίας (svæðisbundið vín frá Pieria),
- Αγιορείτικος Τοπικός Οίνος (svæðisbundið vín frá Athos-fjalli),

– sætum vínum, sem eru upprunnin á Kýpur, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er 15% eða minni miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er a.m.k. 45 g/l og mega bera vernduðu upprunatáknunina Κουμανδαρία (Commandaria),

– sætum vínum, sem eru upprunnin á Kýpur, sem eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum eða úr léttþurrkuðum þrúgum með heildaralkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 15% miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er a.m.k. 45 g/l og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum:

- Τοπικός Οίνος Λεμεσός (svæðisbundið vín frá Lemesos),
- Τοπικός Οίνος Πάφος (svæðisbundið vín frá Pafos),

– Τοπικός Οίνος Λάρνακα (svæðisbundið vín frá Larnaka),

– Τοπικός Οίνος Λευκωσία (svæðisbundið vín frá Lefkosia),

d) 350 milligrömm á lítra í:

– vínum sem mega bera lýsinguna „Auslese“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins,

– rúmenskum hvítvínum sem mega bera eitt af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Murfatlar, Cotnari, Târnave, Pietroasa, Valea Călugărească,

– vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „výběr z hroznů“,

– vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „výber z hrozna“ og slóvakískum „Tokaj“-vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajský másláš“ eða „Tokajský forditáš“,

– vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — izbor“,

e) 400 milligrömm á lítra í:

– vínum sem mega bera lýsinguna „Beerenauslese“, „Ausbruch“, „Ausbruchwein“, „Trockenbeerenauslese“, „Strohwein“, „Schilfwein“ og „Eiswein“ í samræmi við ákvæði Bandalagsins,

– hvítvínum sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Sauternes, Barsac, Cadillac, Cérons, Loupiac, Sainte-Croix-du-Mont, Monbazillac, Bonnezeaux, Quarts de Chaume, Coteaux du Layon, Coteaux de l’Aubance, Graves Supérieures, Sainte-Foy Bordeaux, Saussignac og Jurançon nema heitið „sec“ fylgi á eftir, Anjou-Coteaux de la Loire, Coteaux du Layon ásamt heiti upprunasveitarfélagsins, Chaume, Coteaux de Saumur og Pacherenc du Vic Bilh nema heitið „sec“ fylgi á eftir, Alsace et Alsace grand cru ásamt heitinu „vendanges tardives“ eða „sélection de grains nobles“,

– sætum vínum, sem eru upprunnin í Grikklandi, sem eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum og úr léttþurrkuðum þrúgum með sykurleifar sem eru a.m.k. 45 g/l, gefið upp sem sykur, og mega bera eina af eftirfarandi vernduðum upprunatáknunum: Σάμος (Samos), Ρόδος (Rhodes), Πατρα (Patras), Ρίο Πατρών (Rio Patron), Κεφαλονία (Kefallonia), Λήμνος (Limnos), Σητεία (Sitia), Σαντορίνη (Santorini), Νεμέα (Nemea), Δαφνές (Daphnes) og sæt vín, sem eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum og úr léttþurrkuðum þrúgum, sem mega bera eina af eftirfarandi vernduðum, landfræðilegum merkingum: Σιάτιστας (Siatista), Καστοριάς (Kastoria), Κυκλάδων (Cyclades), Μονεμβάσιος (Monemvasia), Αγιορείτικος (Athos-fjall),

– vínum frá Tékklandi sem mega bera lýsinguna „výběr z bobulí“, „výběr z cibéb“, „ledové víno“ eða „slámové víno“,

– vínum frá Slóvakíu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „bobuľový výber“, „hrozienkový výber“, „cibébový výber“, „ľadové víno“ eða „slamové víno“ og slóvakískum „Tokaj“-vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Tokajský výber“, „Tokajská esencia“ eða „Tokajská výberová esencia“,

– vínum frá Ungverjalandi sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst, í samræmi við ungversk ákvæði, sem „Tokaji máslás“, „Tokaji fordítás“, „Tokaji aszúeszencia“, „Tokaji eszencia“, „Tokaji aszú“ eða „Töppedt szőlőből készült bor“,

– vínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Albana di Romagna“ og er lýst með heitinu „passito“,

– vínum frá Lúxemborg sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vendanges tardives“, „vin de glace“ eða „vin de paille“,

– hvítvínum sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Douro“ og er lýst með heitinu „colheita tardia“,

– vínum frá Slóveníu sem mega bera verndaða upprunatáknun og er lýst með heitinu „vrhunsko vino ZGP — jagodni izbor“, „vrhunsko vino ZGP — ledeno vino“ eða „vrhunsko vino ZGP — suhi jagodni izbor“,

– hvítvínum sem eru upprunnin í Kanada og mega bera lýsinguna „Icewine“.

3. Heimilt er að breyta skrám yfir vín, sem bera verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem kemur fram í c-, d- eða e-lið 2. liðar, ef framleiðsluskilyrðum viðkomandi vína er breytt eða ef verndaðri upprunatáknun eða verndaðri, landfræðilegri merkingu er breytt. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar, tæknilegar upplýsingar um viðkomandi vín fyrir fram, þ.m.t. nákvæm skilgreining fyrir vínin og árlegt magn sem framleitt er.

4. Ef loftslagsskilyrði gera það nauðsynlegt er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 113. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, að hlutaðeigandi aðildarríki geti á tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins og að því er varðar vín sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra, heimilað að hækka megi hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs, sem er undir 300 milligrömmum á lítra og um getur í þessum lið, um að hámarki 50 milligrömm á lítra. Skrá yfir tilvik þar sem aðildarríkin mega heimila slíka aukningu má finna í 1. viðbæti.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að beita strangari ákvæðum um vín sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra.

B. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í LÍKJÖRVÍNI

Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í líkjörvínum má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:

150 mg/l þegar sykurinnihald er minna en 5 g/l,

200 mg/l þegar sykurinnihald er a.m.k. 5 g/l.

C. INNIHALD BRENNISTEINSDÍOXÍÐS Í FREYÐIVÍNI

1. Heildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínum má ekki, þegar þau eru sett á markað til beinnar neyslu, vera umfram:

   a) 185 mg/l fyrir alla flokka gæðafreyðivína og

   b) 235 mg/l fyrir önnur freyðivín.

2. Ef loftslagsskilyrði gera það nauðsynlegt á tilteknum vínræktarsvæðum Bandalagsins geta hlutaðeigandi aðildarríki heimilað að hækka megi hámarksheildarinnihald brennisteinsdíoxíðs í freyðivínunum sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, sem eru framleidd innan yfirráðasvæðis þeirra, um allt að 40 mg/l að því tilskildu að vínin, sem falla undir þessa heimild, séu ekki send út fyrir hlutaðeigandi aðildarríki.

1. viðbætir

Aukning á hámarksheildarinnihaldi brennisteinsdíoxíðs ef það er nauðsynlegt vegna loftslagsskilyrða

(I. viðauki B við þessa reglugerð)

	Ár	Aðildarríki	Vínræktarsvæði	Viðkomandi vín
1.	2000	Þýskaland	Öll vínræktarsvæði Þýskalands.	Öll vín framleidd úr þrúgnauppskeru ársins 2000.
2.	2006	Þýskaland	Vínræktarsvæðin á svæðunum Baden-Württemberg, Bavaria, Hessen og Rhineland Palatinate.	Öll vín framleidd úr þrúgnauppskeru ársins 2006.
3.	2006	Frakkland	Vínræktarsvæðin í sýslunum Bas-Rhin og Haut-Rhin.	Öll vín framleidd úr þrúgnauppskeru ársins 2006.

I. viðauki C

HÁMARKSINNIHALD ROKGJARNRAR SÝRU Í VÍNI

1. Innihald rokgjarnrar sýru má ekki vera umfram:

   a) 18 millijafngildi á lítra í hlutgerjuðu þrúgumusti,

   b) 18 millijafngildi á lítra í hvítvínum og rósavínum, eða

   c) 20 millijafngildi á lítra í rauðvínum.

2. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. lið, gilda:

   a) um afurðir úr þrúgum sem eru tíndar innan Bandalagsins, á framleiðslustigi og á öllum stigum markaðssetningar og sölu,

   b) um hlutgerjað þrúgumust og vín, sem eru upprunnin í þriðju löndum, á öllum stigum eftir að þau koma inn á landfræðilegt yfirráðasvæði Bandalagsins.

3. Veita má undanþágur frá 1. lið. fyrir:

   a) tiltekin vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu:

      – ef þau hafa verið látin þroskast í a.m.k. tvö ár eða

      – ef þau hafa verið framleidd með sérstökum aðferðum,

   b) vín með a.m.k. 13% heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

   Aðildarríkin skulu senda þessar undanþágur til framkvæmdastjórnarinnar sem skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

I. viðauki D

SKILYRÐI OG TAKMARKANIR UM SÆTUN VÍNA

1. Aðeins má heimila sætun víns ef hún er framkvæmd með því að nota eina eða fleiri eftirtalinna afurða:

   a) þrúgumust,

   b) þrúgumustsþykkni,

   c) hreinsað þrúgumustsþykkni.

   Aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns má ekki vera meiri en 4% miðað við rúmmál.

2. Sætun innfluttra vína, sem ætluð eru til beinnar neyslu og bera landfræðilega merkingu, er bönnuð á yfirráðasvæði Bandalagsins. Sætun annarra innfluttra vína skal háð sömu skilyrðum og vín sem eru framleidd í Bandalaginu.

3. Aðildarríki getur því aðeins heimilað sætun víns með verndaða upprunatáknun ef hún fer fram:

   a) í samræmi við skilyrðin og takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka,

   b) innan svæðisins þar sem vínið var framleitt eða innan svæðis í næsta nágrenni.

   Þrúgumustið og þrúgumustsþykknið, sem um getur í 1. lið, verða að vera upprunnin á sama svæði og vínið sem þau eru notuð til að sæta.

4. Sætun vína skal einungis heimil á framleiðslu- og heildsölustigi.

5. Sætun vína skal fara fram í samræmi við eftirfarandi, sértækar stjórnsýslureglur:

   a) Sérhver einstaklingur eða lögaðili sem hyggst framkvæma sætun skal tilkynna það til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem aðgerðin á að fara fram.

   b) Tilkynning skal vera skrifleg. Tilkynning skal berast lögbæru yfirvaldi a.m.k. 48 klukkustundum fyrir þann dag þegar sætunin á að fara fram.

   c) Ef fyrirtæki annast sætun oft eða stöðugt geta aðildarríkin þó heimilað að tilkynning, sem gildir um nokkrar aðgerðir eða í tilgreindan tíma, sé send lögbærum yfirvöldum. Aðeins skal samþykkja slíka tilkynningu með því skilyrði að fyrirtækið haldi skriflega skýrslu um hverja sætun og skrái upplýsingarnar sem krafist er í d-lið.

   d) Tilkynningarnar skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

      – magn og heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika vínsins sem á að sæta,

      – magn og heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika þess þrúgumusts, eða magn og eðlismassa þess þrúgumustsþykknis eða hreinsaða þrúgumustsþykknisins, sem á að bæta við, eftir því sem við á,

      – heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika vínsins eftir sætun.

   Aðilarnir, sem um getur í a-lið, skulu halda innfærslu- og útfærsluskrár sem sýna magn þrúgumusts, þrúgumustsþykknis eða hreinsaðs þrúgumustsþykknis til sætunar sem þeir hafa undir höndum.

II. VIÐAUKI

LEYFILEGAR, VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG TAKMARKANIR SEM GILDA UM FREYÐIVÍN, GÆÐAFREYÐIVÍN OG ILMRÍK GÆÐAFREYÐIVÍN

A. **Freyðivín**

1. Að því er varðar þennan lið og B- og C-lið þessa viðauka gildir eftirfarandi:

   a) „tirage-líkjör“:

      afurð sem bætt er í vínlögun til að koma seinni gerjun af stað,

   b) „expedition-líkjör“:

      afurð sem bætt er í freyðivín til að gefa þeim tiltekin bragðeinkenni.

2. Expedition-líkjör má aðeins innihalda:

   – súkrósa,

   – þrúgumust,

   – þrúgumust í gerjun,

   – þrúgumustsþykkni,

   – hreinsað þrúgumustsþykkni,

   – vín eða

   – blöndu þessara afurða,

   ásamt mögulegri viðbót víneimis.

3. Með fyrirvara um auðgun innihaldsefna vínlögunar, sem heimiluð er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 479/2008, er öll auðgun vínlögunar bönnuð.

4. Hvert aðildarríki getur þó, að því er varðar svæði og yrki þar sem tæknilegur rökstuðningur liggur fyrir, leyft auðgun vínlögunar á framreiðslustað freyðivínanna, að því tilskildu:

   a) að ekkert af innihaldsefnum vínlögunarinnar hafi áður verið auðgað;

   b) að fyrrnefnd innihaldsefni séu eingöngu fengin úr þrúgum, tíndum á yfirráðsvæði þess,

   c) að auðgunin fari fram í einni aðgerð,

   d) að ekki sé farið yfir eftirfarandi mörk:

      i. 3% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði A,

      ii. 2% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði B,

      iii. 1,5% miðað við rúmmál í vínlögun úr innihaldsefnum frá vínræktarsvæði C,

   e) að aðferðin, sem er notuð, felist í viðbót súkrósa, þrúgumustsþykknis eða hreinsaðs þrúgumustsþykknis.

5. Viðbót tirage-líkjörs og expedition-líkjörs skal hvorki teljast auðgun né sætun. Viðbót tirage-líkjörs má ekki verða til þess að heildaralkóhólstyrkleiki vínlögunarinnar aukist um meira en 1,5% miðað við rúmmál. Aukninguna skal mæla þannig að reiknaður er út munurinn á heildaralkóhólstyrkleika vínlögunarinnar miðað við rúmmál og heildaralkóhólstyrkleika freyðivínsins miðað við rúmmál, áður en nokkrum expedition-líkjör er bætt út í.

6. Viðbót expedition-líkjörs skal framkvæma þannig að raunverulegur alkóhólstyrkleiki freyðivínsins miðað við rúmmál aukist ekki um meira en 0,5% miðað við rúmmál.

7. Sætun vínlögunar og innihaldsefna hennar er bönnuð.

8. Auk þess að sýra eða afsýra innihaldsefni vínlögunarinnar er heimilt, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 479/2008, að sýra eða afsýra vínlögunina. Ef vínlögun er sýrð má ekki afsýra hana. Sýring má aðeins nema 1,5 grömmum á lítra að hámarki, gefið upp sem vínsýra, þ.e. 20 millijafngildum á lítra.

9. Þau ár þegar loftslagsskilyrði eru óvenjuleg má hækka hámarksgildið úr 1,5 grömmum á lítra eða 20 millijafngildum á lítra í 2,5 grömm á lítra eða 34 millijafngildi á lítra, að því tilskildu að náttúrulegt sýruinnihald afurðanna sé ekki minna en 3 g/l, gefið upp sem vínsýra, eða 40 millijafngildi á lítra.

10. Koltvísýringur í freyðivínum má aðeins stafa af alkóhólgerjun vínlögunarinnar sem vínið er framleitt úr.

    Slík gerjun má einungis stafa af viðbót tirage-líkjörs, nema um sé að ræða gerjun til að vinna freyðivín beint úr þrúgum, þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti. Hún má aðeins fara fram á flöskum eða í lokuðum tönkum.

    Heimilt er að nota koltvísýring í tengslum við átöppun með mótþrýstingi undir eftirliti og með því skilyrði að þrýstingur koltvísýrings í freyðivíninu aukist ekki.

11. Ef um er að ræða freyðivín önnur en freyðivín með verndaða upprunatáknun:

    a) má tirage-líkjörinn, sem ætlaður er til framleiðslu þeirra, aðeins innihalda:

        – þrúgumust,

        – þrúgumust í gerjun,

        – þrúgumustsþykkni,

        – hreinsað þrúgumustsþykkni eða

        – súkrósa og vín,

    b) raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað rúmmál, þ.m.t. alkóhól í viðbættum expedition-líkjör, skal ekki vera minni en 9,5% miðað við rúmmál.

B. **Gæðafreyðivín**

1. Tirage-líkjörinn, sem er ætlaður til framleiðslu á gæðafreyðivíni, má aðeins innihalda:

    a) súkrósa,

    b) þrúgumustsþykkni,

    c) hreinsað þrúgumustsþykkni,

    d) þrúgumust eða hlutgerjað þrúgumust eða

    e) vín.

2. Aðildarríkjum, sem eru framleiðsluríki, er heimilt að setja önnur eða strangari ákvæði um einkenni eða framleiðslu- og dreifingarskilyrði fyrir gæðafreyðivín sem falla undir þennan bálk og eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra.

3. Framleiðsla gæðafreyðivína fellur einnig undir reglurnar sem um getur í:

    – ákvæðum 1.–10. liðar A-liðar,

    – 3. lið C-liðar að því er varðar raunverulegan alkóhólstyrkleika, 5. lið C-liðar að því er varðar lágmarksumframþrýsting og 6. og 7. lið C-liðar að því er varðar lágmarkslengd framleiðsluferlisins, sbr. þó d-lið 4. liðar í þessum lið.

4. Eftirfarandi gildir um ilmrík gæðafreyðivín:

a) þau má einungis framleiða, nema með undanþágu, úr vínlögun sem eingöngu er mynduð úr þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti sem fengið er úr vínviðaryrkjum í skránni sem er að finna í 1. viðbæti. Þó má framleiða ilmrík gæðafreyðivín á hefðbundinn hátt með því að bæta við vínlögunina vínum sem eru framleidd úr þrúgum af vínviðaryrkinu „Prosecco“ sem eru tíndar í héruðunum Trentino-Alto Adige, Veneto og Friuli-Venezia Giulia,

b) gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínlögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlisrænum aðferðum,

c) viðbót expedition-líkjörs er bönnuð,

d) lengd framleiðsluferlis ilmríkra gæðafreyðivína má ekki vera skemmri en einn mánuður.

C. **Freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun**

1. Heildaralkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í vínlögunum, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun, skal ekki vera minni en:

– 9,5% miðað við rúmmál á vínræktarsvæðum C III,

– 9% miðað við rúmmál á öðrum vínræktarsvæðum.

2. Heildaralkóhólstyrkleiki vínlagana, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum með vernduðu upprunatáknanirnar „Prosecco di Conegliano Valdobbiadene“ og „Montello e Colli Asolani“ og eru tilreiddar úr einu vínviðaryrki, skal ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál.

3. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki, miðað við rúmmál, í gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun, þ.m.t. alkóhól í viðbættum expedition-líkjör, skal ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál.

4. Tirage-líkjör í freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun má aðeins innihalda:

a) súkrósa,

b) þrúgumustsþykkni,

c) hreinsað þrúgumustsþykkni,

og

a) þrúgumust,

b) hlutgerjað þrúgumust,

c) vín,

sem henta til framleiðslu sama freyðivíns eða gæðafreyðivíns með verndaða upprunatáknun og vínið sem tirage-líkjörnum er bætt í.

5. Þrátt fyrir c-lið 5. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 verða gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun að hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum sem rúma minna en 25 sentilítra.

6. Framleiðslutími gæðafreyðivíns með verndaða upprunatáknun, að meðtalinni þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunarferlisins sem er ætlað að gera vínin freyðandi, má ekki vera skemmri en:

a) sex mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í lokuðum tönkum,

b) níu mánuðir ef gerjunarferlið, sem er ætlað að gera vínin freyðandi, fer fram í flöskunum.

7. Tími gerjunar, sem á að gera vínlögun freyðandi og sá tími sem hún liggur með dreggjunum, skal ekki vera skemmri en sem hér segir:

   – 90 dagar,

   – 30 dagar ef gerjunin fer fram í ílátum með hræripinnum.

8. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 1.–10. lið A-liðar og 2. lið B-liðar, gilda einnig um freyðivín og gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun.

9. Að því er varðar ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun:

   a) má einungis framleiða þessi vín úr vínlögun sem eingöngu er samsett úr þrúgumusti eða hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr vínviðaryrkjum í skránni, sem er að finna í 1. viðbæti, að því tilskildu að viðurkennt sé að þessi yrki henti til framleiðslu á gæðafreyðivíni með verndaða upprunatáknun á tilgreinda svæðinu sem gæðafreyðivínið með vernduðu upprunatáknuninni dregur nafn sitt af. Með undanþágu er heimilt að framleiða ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun með því að nota vín úr þrúgum af „Prosecco“-vínviðaryrkinu, sem eru tíndar í tilgreindum héruðum vernduðu upprunatáknananna „Conegliano-Valdobbiadene“ og „Montello e Colli Asolani“, sem innihaldsefni í vínlögunina,

   b) gerjunarferlinu, sem sett er í gang fyrir og eftir myndun vínlögunarinnar, í þeim tilgangi að gera hana freyðandi, má aðeins stýra með kælingu eða með öðrum eðlisrænum aðferðum,

   c) viðbót expedition-líkjörs er bönnuð,

   d) má raunverulegur alkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera minni en 6% miðað við rúmmál,

   e) má heildaralkóhólstyrkleiki ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera minni en 10% miðað við rúmmál,

   f) verða ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun að hafa a.m.k. 3 bara umframþrýsting þegar vínin eru geymd við 20 °C í lokuðum ílátum,

   g) má lengd framleiðsluferlis ilmríkra gæðafreyðivína með verndaða upprunatáknun ekki vera skemmri en einn mánuður, þrátt fyrir ákvæði 6. liðar C-liðar.

1. viðbætir

Skrá yfir þrúgur vínviðaryrkja sem heimilt er að nota til að mynda vínlögun fyrir framleiðslu á ilmríkum gæðafreyðivínum og gæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun

Airén

Aleatico N

Alvarinho

Ασύρτικο (Assyrtiko)

Bourboulenc B

Brachetto N.

Busuioacă de Bohotin

Clairette B

Colombard B

Csaba gyöngye B

Cserszegi fűszeres B

Devín

Fernão Pires

Freisa N

Gamay N

Gewürztraminer Rs

Girò N

Γλυκερύθρα (Glykerythra)

Huxelrebe

Irsai Olivér B

Macabeu B

Öll yrki Malvoisies

Mauzac blanc og rosé

Monica N

Μοσχοφίλερο (Moschofilero)

Müller-Thurgau B

Öll yrki Muscatels

Manzoni moscato

Nektár

Pálava B

Parellada B

Perle B

Piquepoul B

Poulsard

Prosecco

Ροδίτης (Roditis)

Scheurebe

Tămâioasă românească

Torbato

Touriga Nacional

Verdejo

Zefír B

III. VIÐAUKI

LEYFILEGAR, VÍNFRÆÐILEGAR VINNSLUAÐFERÐIR OG TAKMARKANIR SEM GILDA UM LÍKJÖRVÍN OG LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN EÐA VERNDAÐA, LANDFRÆÐILEGA MERKINGU

A. **Líkjörvín**

1. Afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem eru notaðar við framleiðslu á líkjörvínum og líkjörvínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu mega aðeins hafa gengist undir, eftir því sem við á, þær vínfræðilegu vinnsluaðferðir og vinnslu sem um getur í reglugerð (EB) nr. 479/2008 eða í þessari reglugerð.

2. Hins vegar,

   a) má aukningin á styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál aðeins stafa af notkun á afurðunum, sem um getur í e- og f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, og

   b) Spáni er heimilt, með undanþágu, að leyfa notkun á kalsíumsúlfati í spænsk vín sem er lýst með hefðbundna heitinu „vino generoso“ eða „vino generoso de licor“ þar sem hefð er fyrir slíku og að því tilskildu að súlfatinnihald afurðarinnar, sem meðhöndluð hefur verið á þennan hátt, sé ekki meira en 2,5 g/l, gefið upp sem kalsíumsúlfat. Heimilt er að sýra þessar afurðir enn frekar, að hámarki 1,5 g/l.

3. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykkja fyrir líkjörvín og líkjörvín með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra skal heimilt að láta slíkar afurðir gangast undir vínfræðilegu vinnsluaðferðirnar og þá vinnslu sem um getur í reglugerð (EB) nr. 479/2008 og í þessari reglugerð.

4. Eftirfarandi er einnig leyfilegt:

   a) sætun, háð kröfu um tilkynningu og skráningu, hafi afurðirnar, sem eru notaðar, ekki verið auðgaðar með þrúgumustsþykkni, með

      – þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni, að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika umrædds víns sé ekki meiri en 3% miðað við rúmmál,

      – þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum, fyrir spænsk vín sem er lýst með hefðbundna heitinu „vino generoso de licor“ og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,

      – þrúgumustsþykkni eða hreinsuðu þrúgumustsþykkni fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Madeira“ og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi víns sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál,

   b) viðbót alkóhóls, eimis eða brenndra vína, eins og um getur í e- og f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, til að bæta upp tap vegna uppgufunar við þroskun,

   c) þroskun í kerjum við hitastig sem ekki er hærra en 50 °C fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Madeira“.

5. Vínviðaryrkin, sem afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, eru framleiddar úr og eru notaðar við framleiðslu á líkjörvínum og líkjörvínum með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, skulu valin úr yrkjunum sem um getur í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

6. Styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í afurðunum sem um getur í c-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem eru notaðar við framleiðslu líkjörvína annarra en líkjörvína með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu, má ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál.

B. **Líkjörvín með verndaða upprunatáknun (ákvæði önnur en þau sem mælt er fyrir um í A-lið þessa viðauka og varða sérstaklega líkjörvín með verndaða upprunatáknun)**

1. Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, þar sem þrúgumusti eða blöndu af þrúgumusti og víni, sem um getur í fjórða undirlið c-liðar 3. liðar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, er bætt við í framleiðslunni, er að finna í 1. viðbæti A við þennan viðauka.

2. Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem heimilt er að bæta í þeim afurðum sem um getur í f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, er að finna í 1. viðbæti B við þennan viðauka.

3. Afurðirnar, sem um getur í c-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, og þrúgumustsþykkni og hlutgerjað þrúgumust, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum sem um getur í iii. lið f-liðar 3. liðar sama viðauka, sem notuð eru við framleiðslu líkjörvína með verndaðri upprunatáknun, verða að koma frá því svæði sem líkjörvínið með vernduðu upprunatáknuninni dregur nafn sitt af.

   Að því er varðar líkjörvín með vernduðu upprunatáknanirnar „Málaga“ og „Jerez-Xérès-Sherry“ má þrúgumustið, þrúgumustsþykknið eða, skv. 4. lið B-liðar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, hlutgerjaða þrúgumustið, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum sem um getur í iii. lið f-liðar í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem fengin eru úr vínviðaryrkinu „Pedro Ximénez“, þó koma frá svæðinu Montilla-Moriles.

4. Aðgerðirnar, sem um getur í 1. til 4. lið A-liðar í þessum viðauka, til að framleiða líkjörvín með verndaðri upprunatáknun má einungis framkvæma á svæðinu sem um getur í 3. lið.

   Að því er varðar líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem heitið „Porto“ er frátekið fyrir afurð sem er framleidd úr þrúgum sem fengnar eru á afmarkaða svæðinu „Douro“, mega frekari vinnsla og þroskunarferli þó fara fram annaðhvort á hinu áðurnefnda afmarkaða svæði eða í Vila Nova de Gaia — Porto.

5. Með fyrirvara um strangari ákvæði sem aðildarríkin kunna að samþykkja varðandi líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra:

   a) styrkur náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál í afurðunum sem um getur í c-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, sem eru notaðar til framleiðslu á líkjörvíni með verndaða upprunatáknun, má ekki vera minni en 12% miðað við rúmmál. Sum líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru í einni af skránum í 2. viðbæti A við þennan viðauka, má þó framleiða úr:

      i. þrúgumusti með styrk náttúrulegs alkóhóls sem er a.m.k. 10% miðað við rúmmál ef um er að ræða líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru fengin með viðbót brennds víns, sem fengið er úr víni eða þrúguhrati með upprunatáknun, hugsanlega frá sömu bújörð, eða

      ii. hlutgerjuðu þrúgumusti eða, ef um er að ræða annan undirlið hér á eftir, úr víni sem er með ekki minni upprunalegan styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál en:

         – 11% miðað við rúmmál ef um er að ræða líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem fengið er með viðbót hreins vínanda eða víneimis með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 70% miðað við rúmmál, eða brennds víns, sem fengið er úr vínafurðum,

         – 10,5% miðað við rúmmál þegar um er að ræða vín, sem um getur í skrá 3 í 2. viðbæti A, sem eru framleidd úr musti úr grænum þrúgum,

         – 9% miðað við rúmmál ef um er að ræða portúgölsk líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Madeira“ þegar framleiðsla þeirra er hefðbundin og venjubundin í samræmi við landslög sem hafa skýr ákvæði um slík vín,

   b) skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem heildaralkóhólstyrkleiki er minni en 17,5% miðað við rúmmál en ekki minni en 15% miðað við rúmmál, þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, ef kveðið er skýrt á um þetta í landslögum sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985, er að finna í 2. viðbæti B.

6. Hefðbundnu sérheitin „οίνος γλυκύς φυσικός“, „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“ og „vinho doce natural“ skal aðeins nota fyrir líkjörvín með vernduðum upprunatáknunum sem eru:

   – fengin úr uppskeru þar sem a.m.k. 85% hennar koma af vínviðaryrkjunum sem eru skráð í 3. viðbæti,

   – fengin úr musti með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 212 grömmum á lítra,

   – fengin með viðbót alkóhóls, eimis eða brenndra vína, eins og um getur í e- og f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, en með útilokun allrar annarrar auðgunar.

7. Að því marki sem er nauðsynlegt til að vera í samræmi við hefðbundnar framleiðsluaðferðir er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um að því er varðar líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra, að hefðbundna sérheitið „vin doux naturel“ sé aðeins notað um líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru:

   – framleidd beint af framleiðendunum sem láta tína þrúgurnar og eingöngu úr uppskeru þeirra á Muscatel-, Grenache-, Maccabeo- eða Malvoisie-þrúgum; þó er heimilt að nota uppskeru frá vínekrum þar sem einnig vaxa aðrar vínviðartegundir en þessar fjórar framangreindu, að því tilskildu að þær nemi ekki meira en 10% alls vínviðarins,

   – framleidd innan marka afraksturs á hektara sem nema 40 hl af þrúgumusti, eins og um getur í fyrsta og fjórða undirlið c-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, en allur afrakstur umfram það hefur í för með sér að uppskeran í heild uppfyllir ekki lengur skilyrðin til að bera lýsinguna „vin doux naturel“,

   – fengin úr þrúgumusti, eins og um getur hér að framan, með upphaflegt náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 252 grömmum á lítra,

   – fengin, með útilokun allrar annarrar auðgunar, með viðbót alkóhóls, sem fengið er úr vínafurðum, sem í hreinu alkóhóli nemur að lágmarki 5% af rúmmáli þrúgumustsins, sem um getur hér að framan, sem er notað og að hámarki lægra hlutfallinu af þeim tveimur sem hér fara á eftir:

      – annaðhvort 10% af rúmmáli framangreinda þrúgumustsins, sem er notað, eða

      – 40% af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál í fullunnu vörunni, táknað með summu raunverulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál og jafngildi mögulegs alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, reiknað á grundvelli 1 rúmmálsprósentu hreins alkóhóls á 17,5 grömm sykurleifa á lítra.

8. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vino generoso“ fyrir þurr líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd undir gerskán að hluta til eða að öllu leyti og

   – eru eingöngu fengin úr grænum þrúgum sem fást af vínviðaryrkjunum Palomino de Jerez, Palomino fino, Pedro Ximénez, Verdejo, Zalema og Garrido Fino,

   – sem hafa verið sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.

   Framleiðsla undir gerskán, sem um getur í fyrsta undirlið, er líffræðilegt ferli sem á sér stað þegar dæmigerð gerskán myndast sjálfkrafa á óheftu yfirborði vínsins eftir heildaralkóhólgerjun mustsins og gefur afurðinni sérstök greiningar- og skynmatseinkenni.

9. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vinho generoso“ fyrir líkjörvín með vernduðu upprunatáknuninni „Porto“, „Madeira“, „Moscatel de Setúbal“ eða „Carcavelos“ í tengslum við viðkomandi upprunatáknun.

10. Aðeins skal nota hefðbundna sérheitið „vino generoso de licor“ fyrir líkjörvín með verndaða upprunatáknun:

   – sem fengið er úr „vino generoso“, eins og um getur í 8. lið, eða úr víni, framleiddu undir gerskán, sem getur framleitt slíkt „vino generoso“, sem í hefur verið bætt annaðhvort hlutgerjuðu þrúgumusti, fengnu úr léttþurrkuðum þrúgum, eða þrúgumustsþykkni,

   – sem hefur verið sett á markað eftir að hafa þroskast í að meðaltali tvö ár á eikartunnum.

1. viðbætir

Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem sérstakar reglur gilda um framleiðsluna

A. SKRÁ YFIR LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN ÞAR SEM ÞRÚGUMUST EÐA BLANDU AF ÞRÚGUMUSTI OG VÍNI ER NOTUÐ Í FRAMLEIÐSLUNNI

(1. liður B-liðar í þessum viðauka)

GRIKKLAND

Σάμος (Samos), Μοσχάτος Πατρών (Patras Muscatel), Μοσχάτος Ρίου Πατρών (Rio Patron Muscatel), Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Kefallonia Muscatel), Μοσχάτος Ρόδου (Rhodes Muscatel), Μοσχάτος Λήμνου (Lemnos Muscatel), Σητεία (Sitia), Νεμέα (Nemea), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafne of Kefallonia), Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafne of Patras)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Alicante	Moscatel de Alicante
	Vino dulce
Cariñena	Vino dulce
Jerez-Xérès-Sherry	Pedro Ximénez
	Moscatel
Malaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Pedro Ximénez
	Moscatel
Priorato	Vino dulce
Tarragona	Vino dulce
Valencia	Moscatel de Valencia
	Vino dulce

ÍTALÍA

Cannonau di Sardegna, Giró di Cagliari, Malvasia di Bosa, Malvasia di Cagliari, Marsala, Monica di Cagliari, Moscato di Cagliari, Moscato di Sorso-Sennori, Moscato di Trani, Masco di Cagliari, Oltrepó Pavese Moscato, San Martino della Battaglia, Trentino, Vesuvio Lacrima Christi.

B. SKRÁ YFIR LÍKJÖRVÍN MEÐ VERNDAÐA UPPRUNATÁKNUN ÞAR SEM AFURÐUNUM, SEM UM GETUR Í f-LIÐ 3. LIÐAR IV. VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ (EB) NR. 479/2008, ER BÆTT VIÐ Í FRAMLEIÐSLUNNI

(2. liður B-liðar í þessum viðauka)

1. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem alkóhóli úr víni eða alkóhóli úr þurrkuðum þrúgum, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 95% miðað við rúmmál og ekki meiri en 96%, er bætt við í framleiðslunni**

(Fyrsti undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

GRIKKLAND

Σάμος (Samos), Μοσχάτος Πατρών (Patras Muscatel), Μοσχάτος Ρίου Πατρών (Rio Patron Muscatel), Μοσχάτος Κεφαλληνίας (Kefallonia Muscatel), Μοσχάτος Ρόδου (Rhodes Muscatel), Μοσχάτος Λήμνου (Lemnos Muscatel), Σητεία (Sitia), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafne of Patras), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafne of Kefallonia).

SPÁNN

Condado de Huelva, Jerez-Xérès-Sherry, Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda, Málaga, Montilla-Moriles, Rueda, Terra Alta.

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

2. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem brenndu víni, eimuðu úr víni eða þrúguhrati, með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 52% og ekki meiri en 86% miðað við rúmmál, er bætt við í framleiðslunni**

(Annar undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

GRIKKLAND

Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafne of Patras), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafne of Kefallonia), Σητεία (Sitia), Σαντορίνη (Santorini), Δαφνές (Dafnes), Νεμέα (Nemea).

FRAKKLAND

Pineau des Charentes or Pineau charentais, Floc de Gascogne, Macvin du Jura.

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

3. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem brenndu víni, eimuðu úr þurrkuðum þrúgum, með alkóhólstyrkleika sem er ekki minni en 52% en minni en 94,5% miðað við rúmmál, er bætt við í framleiðslunni**

(Þriðji undirliður ii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

GRIKKLAND

Μαυροδάφνη Πατρών (Mavrodafne of Patras), Μαυροδάφνη Κεφαλληνίας (Mavrodafne of Kefallonia).

4. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem hlutgerjuðu þrúgumusti, sem fengið er úr létt-þurrkuðum þrúgum, er bætt við í framleiðslunni**

(Fyrsti undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso de licor
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino generoso de licor

ÍTALÍA

Aleatico di Gradoli, Giró di Cagliari, Malvasia delle Lipari, Malvasia di Cagliari, Moscato passito di Pantelleria

KÝPUR

Κουμανδαρία (Commandaria).

5. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem þrúgumustsþykkni, sem er fengið með beinni hitun, sem samræmist skilgreiningunni á þrúgumustsþykkni, að undanskilinni þessari aðgerð, er bætt við í framleiðslunni**

(Annar undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Alicante	
Condado de Huelva	Vino generoso de licor
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso de licor
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino generoso de licor
Navarra	Moscatel

ÍTALÍA

Marsala

6. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun þar sem þrúgumustsþykkni er bætt við í framleiðslunni**

(Þriðji undirliður iii. liðar f-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Málaga	Vino dulce
Montilla-Moriles	Vino dulce
Tarragona	Vino dulce

ÍTALÍA

Oltrepó Pavese Moscato, Marsala, Moscato di Trani.

2. viðbætir

A. **Skrárnar sem um getur í a-lið 5. liðar III. viðauka B**

1. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru framleidd úr þrúgumusti með a.m.k. 10% styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem eru fengin með viðbót brennds víns, sem fengið er úr víni eða þrúguhrati með skráða upprunatáknun, hugsanlega frá sömu bújörð.**

FRAKKLAND

Pineau des Charentes or Pineau charentais, Floc de Gascogne, Macvin du Jura.

2. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, sem eru framleidd úr þrúgumusti í gerjun með a.m.k. 11% upphaflegan styrk náttúrulegs alkóhóls miðað við rúmmál, sem eru fengin með viðbót hreins vínanda eða víneimis með a.m.k. 70% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, eða brennds víns sem er fengið úr vínafurðum**

PORTÚGAL

Porto — Port

Moscatel de Setúbal, Setúbal

Carcavelos

Moscatel do Douro.

ÍTALÍA

Moscato di Noto

Trentino

3. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd úr víni með a.m.k. 10,5% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.**

SPÁNN

Jerez-Xérès-Sherry

Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda

Condado de Huelva

Rueda

4. **Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun sem eru framleidd úr þrúgumusti í gerjun með a.m.k. 9% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál**

PORTÚGAL

Madeira.

B. **Skráin sem um getur í b-lið 5. liðar III. viðauka B**

Skrá yfir líkjörvín með verndaða upprunatáknun, þar sem heildaralkóhólstyrkleiki er minni en 17,5% miðað við rúmmál en ekki minni en 15%, ef kveðið er skýrt á um þetta í landslögum sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985

(Ákvæði b-liðar 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008)

SPÁNN

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Condado de Huelva	Vino generoso
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso
Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda	Vino generoso
Málaga	Seco
Montilla-Moriles	Vino generoso
Priorato	Rancio seco
Rueda	Vino generoso
Tarragona	Rancio seco

ÍTALÍA

Trentino

PORTÚGAL

Líkjörvín með verndaða upprunatáknun	Lýsing á afurð eins og hún er fastsett með reglum Bandalagsins eða landslöggjöf
Porto — Port	Branco leve seco

3. viðbætir

Skrá yfir yrki sem nota má til framleiðslu á líkjörvínum með verndaða upprunatáknun sem bera hefðbundnu sérheitin „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“, „vinho doce natural“ og „οινος γλυκυς φυσικος“

Muscats — Grenache — Garnacha Blanca — Garnacha Peluda — Listán Blanco — Listán Negro-Negramoll — Maccabéo — Malvoisies — Mavrodaphne — Assirtiko — Liatiko — Garnacha tintorera — Monastrell — Palomino — Pedro Ximénez — Albarola — Aleatico — Bosco — Cannonau — Corinto nero — Giró — Monica — Nasco — Primitivo — Vermentino — Zibibbo.

IV. VIÐAUKI

SÉRSTAKAR GREININGARAÐFERÐIR BANDALAGSINS

A. ALLÝLÍSÓÞÍÓSÝANAT

1. **Meginregla aðferðarinnar**

Allýlísóþíósýanati, sem er fyrir hendi í víni, er safnað með eimingu og það sanngreint með gasgreiningu.

2. **Prófefni**

2.1. Etanól, hreint

2.2. Staðallausn: Lausn allýlísóþíósýanats í hreinu alkóhóli sem inniheldur 15 mg af allýlísóþíósýanati á lítra.

2.3. Frystiblanda sem samanstendur af etanóli og þurrís (hitastig – 60 °C).

3. **Búnaður**

3.1. Eimingarbúnaður eins og sést á myndinni. Köfnunarefni er látið streyma stöðugt gegnum búnaðinn.

3.2. Hitasveppur (e. *heating mantle*), hitastýrður.

3.3. Rennslismælir.

3.4. Gasgreinir sem er tengdur við logaljósmælisnema (e. *flame spectrophotometer detector*) með valvísri síu fyrir brennisteinssambönd (bylgjulengd = 394 nm) eða annan hentugan skynjara.

3.5. Skiljunarsúla úr ryðfríu stáli, innanmál 3 mm og lengd 3 m, fyllt með 10% af 20M Carbowax á Chromosorb WHP, möskvastærð 80 til 100.

3.6. Míkrósprauta, 10µl.

4. **Aðferð**

Tveir lítrar af víni eru settir í eimingarflöskuna, nokkrir millilítrar af etanóli (liður 2.1) eru settir í söfnunarglösin tvö þannig að það fljóti alveg yfir gropna hluta gasgjafans (e. *gas dispersion rod*). Glösin tvö eru kæld að utanverðu með frystiblöndunni. Flaskan er tengd við söfnunarglösin og búnaðurinn skolaður með köfnunarefni með rennslinu þrír lítrar á klst. Vínið er hitað í 80 °C með hitasveppnum, eimað og 45 til 50 ml af eiminu er safnað.

Litskiljan er gerð stöðug. Mælt er með eftirfarandi skilyrðum:

– hiti innspýtis: 200 °C,

– hitastig súlu: 130 °C,


– streymi burðargass (helíum): 20 ml á mínútu.

Með smásprautunni er staðallausninni sprautað inn í því magni að auðvelt sé að greina toppgildið, sem stafar af allýlísóþíósýanatinu, á gasskiljuritinu.

Á sama hátt er deiliskammti af eiminu sprautað inn í litskiljuna. Fylgjast skal með því að rástími toppgildisins, sem fæst, samsvari toppgildi allýlísóþíósýanatsins.

Við þau skilyrði, sem lýst er hér að framan, framkalla efnasambönd, sem eru í víninu frá náttúrunnar hendi, ekki truflandi toppa í skiljuriti sýnislausnarinnar.

Búnaður til eimingar með streymandi köfnunarefni



B. SÉRSTAKAR GREININGARAÐFERÐIR FYRIR HREINSAÐ ÞRÚGUMUSTSÞYKKNI

a) ***Heildarinnihald plúsjóna***

1. **Meginregla**

Prófunarsýnið er meðhöndlað með mjög súrum plúsjónaskipti. Plúsjónunum er skipt út fyrir H^+. Heildarinnihald plúsjóna er gefið upp sem mismunurinn á heildarsýruinnihaldi skolvökvans og prófunarsýnisins.

2. **Búnaður**

2.1. Glersúla, innanmál 10–11 mm, lengd u.þ.b. 300 mm, með aftöppunarkrana.

2.2. Sýrustigsmælir sem er kvarðaður með nákvæmni upp á a.m.k. tíunda hluta úr sýrustigseiningu.

2.3. Rafskaut:

– glerrafskaut, geymt í eimuðu vatni,

– viðmiðunarrafskaut úr kalómeli með mettuðu kalíumklóríði, haft í mettaðri kalíumklóríðlausn eða

– samsett rafskaut, geymt í eimuðu vatni.

3. **Prófefni**

3.1. Mjög súrt plúsjónaskiptaresín í H^+-formi, sem hefur dregið í sig vatn yfir nótt.

3.2. Natríumhýdroxíðlausn, 0,1 M.

3.3. Litvísispappír til að mæla sýrustig.

4. **Aðferð**

4.1. *Undirbúningur sýnis*

Nota skal lausnina, sem fæst með því að þynna hreinsaða mustsþykknið í 40% (massi miðað við rúmmál): 200 g af nákvæmlega vegnu, hreinsuðu mustsþykkni eru sett í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með metanóli og þessu blandað saman.

4.2. *Undirbúningur jónaskiptasúlunnar*

Um það bil 10 ml af jónaskiptaresíni í H^+ formi, sem hefur dregið í sig vökva, er sett í súluna. Súlan er skoluð með eimuðu vatni þar til öll sýra hefur verið fjarlægð; nota skal pappírslitvísinn til að fylgjast með þessu.

4.3. *Jónaskipti*

100 ml af hreinsaðri mustsþykknislausn, sem er tilreidd eins og lýst er í lið 4.1, eru látnir renna gegnum súluna með streyminu einn dropi á sekúndu. Skolvökvanum er safnað í bikarglas. Súlan er skoluð með 50 ml af eimuðu vatni. Sýran í skolvökvanum er títruð (þ.m.t. vatnið sem skolað er með) með 0,1 M af natríumhýdroxíðlausn þar til pH-gildið er 7 við 20 °C. Basísku lausninni skal bætt rólega við og lausnin hrist stöðugt. Rúmmál (fjöldi ml) 0,1 M natríumhýdroxíðlausnarinnar, sem notað er, er táknað með n.

5. **Framsetning niðurstaðna**

Heildarinnihald plúsjóna er gefið upp í millijafngildum á kíló heildarsykurinnihalds með einum aukastaf.

5.1. *Útreikningar*

– Sýrustig skolvökvans er gefið upp í millijafngildum á kíló af hreinsuðu mustsþykkni:

  Þar sem E = óbundið brennisteinsdíoxíð í milligrömmum á lítra er 2,5 n.

– Heildarsýruinnihald hreinsaðs mustsþykknis í millijafngildum á kíló: a.

– Heildarinnihald plúsjóna í millijafngildum á kíló heildarsykurinnihalds:

  $((2{,}5\ n–a)/(P)) \times 100$

  P = styrkur (massahlutfall) heildarsykurinnihalds í hundraðshlutum.

b) ***Leiðni***

1. **Meginregla**

Rafleiðni vökvasúlu, sem afmarkast af tveimur hliðstæðum platínurafskautum, er mæld með því að koma súlunni fyrir í einum armi viðnámsbrúar (e. *Wheatstone bridge*).

Leiðnin er breytileg eftir hitastigi og er því gefin upp við 20 °C.

2. **Búnaður**

2.1. Leiðnimælir sem gerir kleift að mæla leiðni á bilinu 1 til 1000 míkrósímens á hvern cm ($\mu S\ cm^{-1}$).

2.2. Vatnsbað til að stilla hitastig sýnanna sem á að greina við u.þ.b. 20 °C (20 ± 2 °C).

3. **Prófefni**

3.1. Steinefnasneytt vatn með sérstaka leiðni undir 2 $\mu S\ cm^{-1}$ við 20 °C.

3.2. *Viðmiðunarlausn kalíumklóríðs*

0,581 g af kalíumklóríði, sem hefur áður verið þurrkað við 105 °C uns massinn er orðinn stöðugur, er leyst upp í steinefnasneyddu vatni (liður 3.1). Fyllt er að einum lítra með steinefnasneyddu vatni (liður 3.1). Þessi lausn er með leiðnina 1000 $\mu S\ cm^{-1}$ við 20 °C. Ekki skal geyma hana lengur en í þrjá mánuði.

4. **Aðferð**

4.1. *Tilreiðsla sýnis til greiningar*

Nota skal lausn með 25% heildarsykurstyrk (massahlutfall) (25 °Brix): vigta skal massa sem er jafn 2500/P og fylla að 100 g með vatni (liður 3.1), þar sem P = styrkur heildarsykurs (massahlutfall) í hreinsaða mustsþykkninu í hundraðshlutum.

4.2. *Ákvörðun á leiðni*

Sýnið, sem á að greina, er hitað í 20 °C í vatnsbaði. Hitastiginu er haldið innan ± 0,1 °C.

Leiðnimælihólfið (e. *conductivity cell*) er skolað tvisvar með lausninni sem á að rannsaka.

Leiðnin er mæld og niðurstaðan gefin upp sem µS cm^{-1}.

5. **Framsetning niðurstaðna**

Niðurstaðan er gefin upp í míkrósímensum á hvern cm (µS cm^{-1}) við 20 °C, námundað að næstu heilu tölu, fyrir 25% (massahlutfall) (25 °Brix) lausn af hreinsuðu mustsþykkni.

5.1. *Útreikningar*

Ef búnaðurinn er ekki með hitastigsleiðréttingu skal leiðrétta mælda leiðni samkvæmt töflu I. Ef hitinn er undir 20 °C er leiðréttingunni bætt við; ef hitinn er yfir 20 °C er leiðréttingin dregin frá.

TAFLA I

Leiðréttingar sem gera skal á leiðni við annað hitastig en 20 °C (µS cm^{-1})

Leiðni	Hitastig (°C)									
	20,2 19,8	20,4 19,6	20,6 19,4	20,8 19,2	21,0 19,0	21,2 18,8	21,4 18,6	21,6 18,4	21,8 18,2	22,0 (1) 18,0 (2)
0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
50	0	0	1	1	1	1	1	2	2	2
100	0	1	1	2	2	3	3	3	4	4
150	1	1	2	3	3	4	5	5	6	7
200	1	2	3	3	4	5	6	7	8	9
250	1	2	3	4	6	7	8	9	10	11
300	1	3	4	5	7	8	9	11	12	13
350	1	3	5	6	8	9	11	12	14	15
400	2	3	5	7	9	11	12	14	16	18
450	2	3	6	8	10	12	14	16	18	20
500	2	4	7	9	11	13	15	18	20	22
550	2	5	7	10	12	14	17	19	22	24
600	3	5	8	11	13	16	18	21	24	26

(1) Leiðréttingin er dregin frá.
(2) Leiðréttingunni er bætt við.

c) ***Hýdroxýmetýlfúrfúral (HMF)***

1. **Meginregla aðferðanna**

1.1. *Litmælingaraðferð*

Aldehýð, sem fást úr fúrani, þar sem hýdroxýmetýlfúrfúral er mikilvægast, hvarfast við barbítúrsýru og paratólúidín og mynda rautt efnasamband sem er ákvarðað með litmælingu við 550 nm.

1.2. *Háþrýstivökvaskiljun*

Skiljun gegnum súlu með litskiljun með óskautuðum stöðufasa og ákvörðun við 280 nm.

2. **Litmælingaraðferð**

2.1. *Búnaður*

2.1.1. Litrófsmælir til mælinga milli 300 og 700 nm.

2.1.2. Glerkúvettur með ljósfræðilengdinni 1 cm.

2.2. *Prófefni*

2.2.1. Barbítúrsýra, 0,5% lausn (massi miðað við rúmmál).

500 mg af barbítúrsýru, $C_4O_3N_2H_4$, eru leyst upp í eimuðu vatni og hituð lítið eitt yfir vatnsbaði við 100 °C. Fyllt er að 100 ml með eimuðu vatni. Lausnin geymist í u.þ.b. viku.

2.2.2. Paratólúidínlausn, 10% (massi miðað við rúmmál).

10 g af paratólúidíni, $C_6H_4(CH_3)\ NH_2$, eru sett í 100 ml mæliflösku; 50 ml af ísóprópanóli, $CH_3CH(OH)CH_3$, og 10 ml af ísediki, CH_3COOH, (ρ_{20} = 1,05 g/ml), er bætt við. Fyllt er að 100 ml með ísóprópanóli. Þessa lausn skal endurnýja daglega.

2.2.3. Etanal (asetaldehýð), CH_3CHO, 1% vatnslausn (massi miðað við rúmmál).

Tilreitt rétt fyrir notkun.

2.2.4. Hýdroxýmetýlfúrfúral, $C_6O_3H_6$, 1 g/l vatnslausn.

Röð lausna, sem innihalda 5, 10, 20, 30 og 40 mg/l, eru tilreiddar. Lausnin, sem er 1 g/l, og þynntu lausnirnar verða að vera nýlagaðar.

2.3. *Aðferð*

2.3.1. Undirbúningur sýnis

Nota skal lausnina sem fæst með því að þynna hreinsaða mustsþykknið í 40% (massi miðað við rúmmál): 200 g af nákvæmlega vegnu, hreinsuðu mustsþykkni eru sett í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með metanóli og þessu blandað saman. Ákvörðun er gerð á 2 ml af þessari lausn.

2.3.2. Ákvörðun með litmælingu

2 ml af sýninu, sem er tilreitt eins og lýst er í lið 2.3.1, eru settir í tvær 25 ml flöskur, *a* og *b*, með slípuðum glertappa. 5 ml af paratólúidínlausn (liður 2.2.2) eru settir í hvora flösku og blandað saman. 1 ml af eimuðu vatni er bætt í flösku *b* (samanburðarlausn) og 1 ml af barbítúrsýrulausn (liður 2.2.1) er bætt í flösku *a*. Hrist til að blanda saman. Innihald flöskunnar er flutt í kúvettur litrófsmælisins með ljósfræðilengdinni 1 cm. Gleypnimælikvarðinn er núllstilltur með innihaldinu úr flösku *b* við bylgjulengdina 550 nm. Frávikinu í gleypni innihaldsins í flösku *a* er fylgt; hámarksgildið A, sem næst eftir tvær til fimm mínútur, er skráð.

Ef styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals er meiri en 30 mg/l í sýnum verður að þynna þau fyrir greininguna.

2.3.3. Gerð kvörðunarferilsins

2 ml af hverri hýdroxýmetýlfúrfúrallausn með 5, 10, 20, 30 og 40 mg/l (liður 2.2.4) eru settir í tvö sett af 25 ml flöskum *a* og *b* og meðhöndlaðir eins og lýst er í lið 2.3.2.

Línuritið, sem sýnir frávikið í gleypninni miðað við styrk hýdroxýmetýlfúrfúrals í mg/l, er bein lína sem sker núllpunktinn.

2.4. *Niðurstöður mælinga*

Styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals í hreinsuðu mustsþykkni er gefinn upp í milligrömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds.

2.4.1. Reikniaðferð

Styrkur C af hýdroxýmetýlfúrfúrali í mg/l í sýninu, sem á að greina, er sá styrkur á kvörðunarferlinum sem samsvarar gleypni A sem mælist í sýninu.

Styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals í milligrömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds er fundið á eftirfarandi hátt:

$250 \times ((C)/(P))$

P = styrkur heildarsykurs (massahlutfall) í hreinsaða mustsþykkninu í hundraðshlutum.

3. **Háþrýstivökvaskiljun**

3.1. *Búnaður*

3.1.1. Háþrýstivökvaskilja með:

– lykkjuinnspýti, 5 eða 10 µl,

– litrófsmælisnemi til mælinga við 280 nm,

– kísilsúlu, oktadekýlbundinni (t.d. Bondapak C_{18} — Corasil, Waters Ass.),

– skrifara og, ef þörf krefur, heildara.

Streymi ferðafasa: 1,5 ml/mínútu.

3.1.2. Himnusíunarbúnaður, opstærð 0,45 µm.

3.2. *Prófefni*

3.2.1. Tvíeimað vatn.

3.2.2. Metanól, CH_3OH, eimað eða af gæðum sem krafist er við háþrýstivökvaskiljun.

3.2.3. Ediksýra, CH_3COOH, (ρ_{20} = 1,05 g/ml).

3.2.4. Ferðafasi: vatn, metanól (liður 3.2.2) og ediksýra (liður 3.2.3) sem hafa verið síuð gegnum himnusíu (0,45 µm), (40:9:1 rúmmálshlutfall).

Þennan ferðafasa verður að tilreiða daglega og útgasa hann fyrir notkun.

3.2.5. Viðmiðunarlausn hýdroxýmetýlfúrfúrals, 25 mg/l (rúmmálshlutfall).

25 mg af nákvæmlega vegnu hýdroxýmetýlfúrfúrali, $C_6H_3O_6$, eru sett í 100 ml mæliflösku og fyllt að markinu með metanóli (liður 3.2.2). Þessi lausn er þynnt 1/10^c með metanóli (liður 3.2.2) og síuð gegnum himnusíu (0,45 µm).

Þessi lausn geymist í tvo til þrjá mánuði ef hún er geymd í loftþéttri, brúnni glerflösku í kæliskáp.

3.3. *Aðferð*

3.3.1. Undirbúningur sýnis

Nota skal lausnina sem fæst með því að þynna hreinsaða mustsþykknið í 40% (massi miðað við rúmmál): 200 g af nákvæmlega vegnu, hreinsuðu mustsþykkni eru sett í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman og síað gegnum himnusíu (0,45 µm).

3.3.2. Ákvörðun í litskilju

5 (eða 10) µl af sýninu, sem tilreitt var eins og lýst er í lið 3.3.1, og 5 (eða 10) µl af viðmiðunarlausn hýdroxýmetýlfúrfúrals (liður 3.2.5) er sprautað inn í litskiljuna. Skiljuritið er skráð.

Rástími hýdroxýmetýlfúrfúrals er u.þ.b. sex til sjö mínútur.

3.4. *Niðurstöður mælinga*

Styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals í hreinsuðu mustsþykkni er gefinn upp í milligrömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds.

3.4.1. Reikniaðferð

Styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals í 40% lausn (massi miðað við rúmmál) af hreinsuðu mustsþykkni skal vera C mg/l.

Styrkur hýdroxýmetýlfúrfúrals í milligrömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds er fundið á eftirfarandi hátt:

$250 \times ((C)/(P))$

P = styrkur heildarsykurs (massahlutfall) í hreinsaða mustsþykkninu í hundraðshlutum.

d) ***Þungmálmar***

1. **Meginregla**

I. *Fljótleg aðferð við mat á þungmálmum*

Þungmálmar koma fram í hæfilega þynntu, hreinsuðu mustsþykkni vegna litar sem verður til við myndun súlfíða. Þeir eru metnir með samanburði við staðallausn blýs sem samsvarar leyfilegum hámarksstyrk.

II. *Ákvörðun á blýinnihaldi með frumeindagleypnimælingu*

Klósambandið, sem blý myndar með ammóníumpýrrólidíndíþíókarbamati, er dregið út með metýlísóbútýlketóni og gleypnin er mæld við 283,3 nm. Blýinnihaldið er ákvarðað með því að nota þekkt viðbótarmagn af blýi í röð viðmiðunarlausna.

2. ***Fljótleg aðferð við mat á þungmálmum***

2.1. *Prófefni*

2.1.1. Þynnt saltsýra, 70% (massi miðað við rúmmál).

70 g af saltsýru, HCl (ρ_{20} = 1,16 til 1,19 g/ml) eru tekin og fyllt að 100 ml með vatni.

2.1.2. Þynnt saltsýra, 20% (massi miðað við rúmmál).

20 g af saltsýru, HCl (ρ_{20} = 1,16 til 1,19 g/ml) eru tekin og fyllt að 100 ml með vatni.

2.1.3. Þynnt ammoníak.

14 g af ammoníaki, NH_3 (ρ_{20} = 0,931 til 0,934 g/ml) eru tekin og fyllt að 100 ml með vatni.

2.1.4. Jafnalausn með pH-gildið 3,5.

25 g af ammóníumasetati (CH_3COONH_4), eru leyst upp í 25 ml af vatni og 38 ml af þynntri saltsýru (liður 2.1.1) er bætt við. Stilla skal pH-gildið af, ef nauðsyn krefur, með þynntu saltsýrunni (liður 2.1.2) eða þynnta ammoníakinu (liður 2.1.3) og fylla að 100 ml með vatni.

2.1.5. Þíóasetamíðlausn, (C_2H_5NS), 4% (massi miðað við rúmmál).

2.1.6. Glýseróllausn, ($C_3H_8O_3$, 85% (massi miðað við rúmmál)

($n_D^{20\,°C}$ = 1,449 til 1,455).

2.1.7. Þíóasetamíðprófefni.

1 ml af blöndu af 5 ml af vatni, 15 ml af 1 M natríumhýdroxíðlausn og 20 ml af glýseróli (liður 2.1.6) er bætt í 0,2 ml af þíóasetamíðlausn (liður 2.1.5). Hitað yfir vatnsbaði við 100 °C í 20 sekúndur. Tilreitt rétt fyrir notkun.

2.1.8. Lausn sem inniheldur 0,002 g/l af blýi.

1 g/l blýlausn er tilreidd með því að leysa 0,400 g af blýnítrati $Pb(NO_3)_2$ í vatni og fyllt að 250 ml með vatni. Við notkun er lausnin þynnt í tvö prómill með vatni (rúmmálshlutfall) til að fá lausn sem er 0,002 g/l.

2.2. *Aðferð*

10 g prófunarsýni af hreinsaða mustsþykkninu eru leyst upp í 10 ml af vatni. 2 ml af jafnalausn með pH-gildið 3,5 (liður 2.1.4) er bætt við og blandað saman. 1,2 ml af þíóasetamíðprófefni er bætt við (liður 2.1.7). Blandað án tafar. Samanburðarlausnin er tilreidd við sömu skilyrði með því að nota 10 ml af 0,002 g/l blýlausninni (liður 2.1.8).

Eftir tvær mínútur má brúni liturinn í lausninni með hreinsaða mustsþykkninu ekki vera sterkari en brúni liturinn í samanburðarlausninni.

2.3. *Útreikningar*

Við þau skilyrði, sem lýst er hér að framan, svarar samanburðarsýnið til leyfilegs hámarksstyrks þungmálma, gefinn upp sem blý, sem nemur 2 mg/kg af hreinsuðu mustsþykkni.

3. **Ákvörðun á blýinnihaldi með frumeindagleypnimælingu**

3.1. *Búnaður*

3.1.1. Frumeindagleypnimælir með loft- og asetýlenbrennara.

3.1.2. Holbakskautslampi fyrir blý (e. *lead hollow cathode lamp*).

3.2. *Prófefni*

3.2.1. Þynnt ediksýra.

12 g af ísediksýru, HCl (ρ_{20} = 1,05 g/ml) eru tekin og fyllt að 100 ml með vatni.

3.2.2. Lausn ammóníumpýrrólidíndíþíókarbamats, $C_5H_{12}N_2S_2$, 1% (massi miðað við rúmmál).

3.2.3. Metýlísóbútýlketón, $(CH_3)_2\ CHCH_2COCH_3$.

3.2.4. Lausn sem inniheldur 0,010 g/l af blýi.

1 g/l blýlausnin (liður 2.1.8) er þynnt í 1% (rúmmálshlutfall).

3.3. *Aðferð*

3.3.1. Tilreiðsla lausna sem á að rannsaka

10 g af hreinsuðu mustsþykkni eru leyst upp í blöndu, sem er til helminga þynnt ediksýra (liður 3.2.1) og vatn, og fyllt að 100 ml með þessari blöndu.

2 ml af lausn af ammóníumpýrrólidíndíþíókarbamati (liður 3.2.2) og 10 ml af metýlísóbútýlketóni (liður 3.2.3) er bætt við. Hrist í 30 sekúndur og varið gegn skæru ljósi á meðan. Blandan er látin standa þangað til lögin tvö skilja sig. Metýlísóbútýlketónlagið er notað.

3.3.2. Tilreiðsla viðmiðunarlausna

Þrjár viðmiðunarlausnir sem innihalda, til viðbótar við 10 g af hreinsuðu mustsþykkni, 1, 2 og 3 ml, í sömu röð, af lausninni sem inniheldur 0,010 g/l af blýi (liður 3.2.4) eru tilreiddar. Þessar lausnir eru meðhöndlaðar á sama hátt og lausnin sem á að rannsaka.

3.3.3. Samanburður

Samanburðarsýni er tilreitt við sömu skilyrði og í lið 3.3.1 en án þess að bæta við hreinsuðu mustsþykkni.

3.3.4. Ákvörðun

Bylgjulengdin er stillt við 283,3 nm.

Metýlísóbútýlketóninu úr samanburðarsýninu er ýrt í logann og gleypnikvarðinn er núllstilltur.

Gleypnin er ákvörðuð út frá útdrætti sem svarar annars vegar til lausnarinnar sem á að rannsaka og hins vegar til viðmiðunarlausnarinnar.

3.4. *Niðurstöður mælinga*

Blýinnihaldið er gefið upp í milligrömmum á kíló af hreinsuðu mustsþykkni, með einum aukastaf.

3.4.1. Útreikningar

Ferillinn, sem sýnir breytingar á gleypni, er teiknaður sem fall af blýstyrknum sem bætt er við viðmiðunarlausnirnar; núllstyrkur samsvarar lausninni sem á að rannsaka.

Beina línan gegnum punktana er framlengd þar til hún sker neikvæða hlutann á styrkásnum. Fjarlægð skurðpunktsins frá núllpunktinum segir til um blýstyrkinn í lausninni sem á að rannsaka.

e) ***Efnafræðileg ákvörðun á etanóli***

Þessi aðferð er notuð til að ákvarða alkóhólstyrkleika í vökva með lítið alkóhólinnihald, t.d. í musti, mustsþykkni og hreinsuðu mustsþykkni.

1. **Meginregla**

Einföld eiming á vökvanum. Oxun etanóls í eiminu með kalíumdíkrómati. Títrun á umframdíkrómatinu með járn(II)lausn.

2. **Búnaður**

2.1. Eimingarbúnaður sem er notaður til að mæla alkóhólstyrkleikann.

3. **Prófefni**

3.1. *Kalíumdíkrómatlausn*

33,600 g af kalíumdíkrómati ($K_2Cr_2O_7$), eru leyst upp í nægilegu vatnsmagni til að fylla að einum lítra af lausn við 20 °C.

Einn millilítri af þessari lausn oxar 7,8924 mg af alkóhóli.

3.2. *Járn(II)ammóníumsúlfatlausn*

135 g af járn(II)ammóníumsúlfatlausn, Fe SO_4, $(NH_4)_2SO_4$, 6 H_2O, eru leyst upp í nægilegu vatnsmagni til að fylla að einum lítra af lausn og 20 ml af óblandaðri brennisteinssýru (H_2SO_4), (ρ_{20} = 1,84 g/ml), er bætt við. Þessi lausn svarar u.þ.b. til helmingsins af rúmmáli díkrómatlausnar þegar hún er nýlöguð. Síðan er hún látin oxast hægt.

3.3. *Kalíumpermanganatlausn.*

1,088 g af kalíumpermanganati, $KMnO_4$, eru leyst upp í nægilegu vatnsmagni til að fylla að einum lítra af lausn.

3.4. *Brennisteinssýra, þynnt 1:2 (rúmmálshlutfall).*

500 ml af brennisteinssýru (H_2SO_4) (ρ_20 = 1,84 g/ml) er bætt við 500 ml af vatni í litlum skömmtum og hrært stöðugt í.

3.5. *Járnortófenantrólínprófefni.*

0,695 g af járnsúlfati, $FeSO_4$, 7 H_2O, eru leyst upp í 100 ml af vatni og 1,485 g af ortófenantrólínmónóhýdrati, $C_{12}H_8N_2$, H_2O, er bætt við. Lausnin er hituð til að stuðla að leysni. Þessi skærrauða lausn geymist vel.

4. **Aðferð**

4.1. *Eiming*

100 g af hreinsuðu mustsþykkni og 100 ml af vatni eru sett í eimingarflösku. Eiminu er safnað í 100 ml mæliflösku og fyllt að markinu með vatni.

4.2. *Oxun*

Nota skal 300 ml flösku með slípuðum glertappa og víðum stút sem gerir kleift að skola stútinn án þess að efni fari til spillis. 20 ml af títrunarlausn með kalíumdíkrómati (liður 3.1) og 20 ml af þynntri brennisteinssýru (liður 3.4) í hlutföllunum 1:2 (rúmmálshlutfall) eru settir í flöskuna og hún hrist. 20 ml af eiminu er bætt við. Tappinn er settur í flöskuna, hún hrist og látin bíða í a.m.k. 30 mínútur, hrist öðru hverju. (Þetta er mælisýnið.)

Títrun á járn(II)ammóníumsúlfatlausninni (liður 3.2) er framkvæmd í tengslum við kalíumdíkrómatlausnina með því að setja sama magn prófefna í eins flösku en í stað 20 ml af eimi eru settir 20 ml af eimuðu vatni. (Þetta er samanburðarsýnið.)

4.3. *Títrun*

Fjórum dropum af ortófenantrólínprófefni (liður 3.5) er bætt við innihald mælisýnisins. Umframmagn díkrómats er títrað með járn(II)ammóníumsúlfatlausninni (liður 3.2). Þegar litur blöndunnar breytist úr grænbláum í brúnan skal hætta að bæta járnlausninni við.

Til að unnt sé að meta endapunktinn nákvæmlegar skal breyta lit blöndunnar aftur úr brúnum í grænbláan með kalíumpermanganatlausninni (liður 3.3). Tíundi hluti af rúmmáli þessarar lausnar, sem er notuð, skal dregin frá rúmmáli járn(II)lausnarinnar sem bætt er við. Mismunurinn er táknaður sem n ml.

Sömu aðferð er beitt við samanburðarsýnið. Þar er mismunurinn táknaður sem n´ ml.

5. **Framsetning niðurstaðna**

Etanólið er gefið upp í grömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds og með einum aukastaf.

5.1. *Reikniaðferð*

n′ ml af járnlausn afoxar 20 ml af díkrómatlausn sem oxar 157,85 mg af hreinu etanóli.

Einn millilítri af járn(II)lausn hefur sömu afoxandi áhrif og:

((157,85)/(n)) mg af etanóli

n – n′ millilítrar af járn(II)lausn hafa sömu oxunaráhrif og:

157,85 × ((n′ – n)/(n)) mg af etanóli.

Etanólstyrkur í g/kg af hreinsuðu mustsþykkni er fundinn á eftirfarandi hátt:

7,892 × ((n′ – n)/(n))

Etanólstyrkur í g/kg af heildarsykurinnihaldi er fundinn á eftirfarandi hátt:

789,2 × ((n′ – n)/(n′ × P))

P = styrkur heildarsykurs (massahlutfall) í hreinsaða mustsþykkninu í hundraðshlutum.

f) ***Mesóinósitól, skyllóinósitól og súkrósi***

1. **Meginregla**

Gasgreining silýlaðra afleiða.

2. **Prófefni**

2.1. Innri staðall: xýlitól (vatnslausn, sem er u.þ.b. 10 g/l, sem hnífsoddi af natríumasíði hefur verið bætt út í)

2.2. Bis(trímetýlsilýl)tríflúrasetamíð — BSTFA — ($C_8H_{18}F_3NOSi_2$)

2.3. Trímetýlklórsílan (C_3H_9ClSi)

2.4. Pýridín p.A. (C_5H_5N)

2.5. Mesóinósitól ($C_6H_{12}O_6$)

3. **Búnaður**

3.1. Gasgreinir með:

3.2. hárpípusúlu (t.d. úr bræddri kísl, húðaðri með OV 1, þykkt filmu 0,15 µ, lengd 25 m og innanmál 0,3 mm).

Prófunarskilyrði: burðargas, vetni eða helíum

– streymi burðargass: u.þ.b. 2 ml/mínútu,

– hitastig innspýtis og nema: 300 °C,

– stilling hitaferils: 1 mínúta við 160 °C, 4 °C/mín. þar til 260 °C er náð, síðan stöðugur hiti við 260 °C í 15 mínútur,

– skiptingarhlutfall: u.þ.b. 1:20.

3.3. Heildari.

3.4. Míkrósprauta, 10 µl.

3.5. Örpípettur, 50, 100 og 200 µl.

3.6. 2 ml flöskur með teflontappa.

3.7. Ofn.

4. **Aðferð**

Nákvæmlega vegið sýni af u.þ.b. 5 g af hreinsuðu mustsþykkni er sett í 50 ml flösku. 1 ml af staðallausn xýlitóls (liður 2.1) er bætt við og flaskan fyllt með vatni. Eftir blöndun eru 100 µl af blöndunni settir í flösku (liður 3.6) þar sem hún er látin gufa upp í hægum loftstraumi. Bæta má við 100 µl af hreinu etanóli ef nauðsyn krefur til að stuðla að uppgufun.

Leifin er vandlega leyst upp í 100 µl af pýridíni (liður 2.4) og 100 µl af bis(trímetýlsilýl)tríflúrasetamíði (liður 2.2) og 10 µl af trímetýlklórsílani (liður 2.3) er bætt við. Flöskunni er lokað með teflontappanum og hituð við 60 °C í eina klukkustund.

0,5 µl af tærum vökva eru teknir frá og sprautað inn með hitaðri, holri nál í samræmi við tilgreinda skiptingarhlutfallið.

5. **Útreikningur á niðurstöðum**

5.1. Lausn er tilreidd sem inniheldur:

60 g/l af glúkósa, 60 g/l af frúktósa, 1 g/l af mesóinósitóli og 1 g/l af súkrósa.


5 g af lausninni eru vegin og verklagsreglunum í 4. lið er fylgt. Niðurstöðurnar fyrir mesóinósitól og súkrósa m.t.t. xýlitóls eru reiknaðar út frá skiljuritinu.

Ef um er að ræða skyllóinósitól, sem er ekki fáanlegt á markaði, sem er með rástíma sem liggur á milli síðasta toppgildis vendhverfuforms (e. *anomeric*) glúkósa og toppgildis metóinósitóls (sjá skýringarmynd), er notuð sama niðurstaða og er reiknuð fyrir mesóinósitólið.

6. **Framsetning niðurstaðna**

6.1. Mesóinósitól og skyllóinósitól eru gefin upp í milligrömmum á hvert kíló heildarsykurinnihalds.

Súkrósi er gefinn upp í grömmum á hvert kíló af musti.


súkrósi
mesóinósítól
skyllóinósítól
xylítól

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA SEM UM GETUR Í ANNARRI MÁLSGREIN 16. GR.

Reglugerð (EB) nr. 1493/1999	Reglugerð (EB) nr. 2676/90	Reglugerð (EB) nr. 423/2008	Þessi reglugerð
—	—	1. gr.	1. gr.
—	—	—	2. gr.
1. mgr. 43. gr.	—	5. gr.	1. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 43. gr.	—	23. gr.	2. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 43. gr.	—	24. gr.	3. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 43. gr.	—	34., 35. og 36. gr.	4. mgr. 3. gr.
—	—	44. gr.	4. gr.
Annar undirliður 2. mgr. 43. gr.	—	—	5. gr.
Þriðji undirliður 2. mgr. 43. gr.	—	—	6. gr.
—	—	38. gr.	7. gr.
6. mgr. 42. gr.	—	39. gr.	8. gr.
—	—	6. gr.	9. gr.
—	—	46. gr.	1. mgr. 10. gr.
—	—	45. gr.	2. mgr. 10. gr.
—	—	32. gr.	11. gr.
—	—	29. gr.	12. gr.
—	—	30. gr.	13. gr.
—	—	21. gr.	14. gr.
—	1. mgr. 1. gr.	47. gr.	15. gr.
—	—	48. gr.	16. gr.
IV. viðauki	—	7. og 12. gr.	I. viðauki A
—	—	10. gr.	1. viðbætir I. viðauka A
—	—	8. gr.	2. viðbætir I. viðauka A
—	—	9. gr.	3. viðbætir I. viðauka A
—	—	13. gr.	4. viðbætir I. viðauka A
—	—	14., 15. og 16. gr.	5. viðbætir I. viðauka A
—	—	17. gr.	6. viðbætir I. viðauka A
—	—	18. gr.	7. viðbætir I. viðauka A
—	—	19. gr.	8. viðbætir I. viðauka A
—	—	22. gr.	9. viðbætir I. viðauka A
V. viðauki A	—	—	I. viðauki B
V. viðauki B	—	—	I. viðauki C
V. viðauki F	—	—	I. viðauki D
V. viðauki H	—	28. gr.	II. viðauki A
V. viðauki I	—	4. gr.	II. viðauki B
VI. viðauki K	—	—	II. viðauki C
V. viðauki J	—	25. og 37. gr.	III. viðauki A
—	—	43. gr.	III. viðauki A
VI. viðauki L	—	40. og 41. gr.	III. viðauki B
—	39. liður viðaukans	—	IV. viðauki A
—	42. liður viðaukans	—	IV. viðauki B

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 607/2009 **2102/EES/54/92**

frá 14. júlí 2009

þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1493/1999, (EB) nr. 1782/2003, (EB) nr. 1290/2005, (EB) nr. 3/2008 og niðurfellingu á reglugerðum (EBE) nr. 2392/86 og (EB) nr. 1493/1999 ([1]), einkum 52., 56. og 63. gr. og a-lið 126.gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í IV. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er mælt fyrir um almennar reglur um vernd upprunatáknana og landfræðilegra merkinga fyrir tilteknar afurðir úr víngeiranum.

2) Til að tryggja að upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar sem skráðar eru hjá Bandalaginu uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 479/2008 skulu landsyfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis skoða umsóknir í tengslum við undanfarandi landsbundna andmælameðferð. Frekara eftirlit skal síðan fara fram til að tryggja að umsóknir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að framkvæmd sé samræmd á milli aðildarríkjanna og að skráning upprunatáknana og landfræðilegra merkinga skaði ekki þriðju aðila. Því skal koma á ítarlegum framkvæmdarreglum um beitingu, skoðun, andmæli og afturköllunarferli að því er varðar upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar tiltekinna afurða úr víngeiranum.

3) Skilgreina skal þau skilyrði sem einstaklingur eða lögaðili þarf að uppfylla til að geta sótt um skráningu. Sérstaklega skal gæta að afmörkun svæðisins sem um ræðir með tilliti til framleiðslusvæðisins og einkenna afurðarinnar. Allir framleiðendur, sem starfa innan hins afmarkaða landfræðilega svæðis, skulu geta notað hið skráða heiti að því tilskildu að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina, sé fullnægt. Afmörkun svæðisins skal vera ítarleg, nákvæm og ótvíræð þannig að framleiðendur, lögbær yfirvöld og eftirlitsstofnanir geti gengið úr skugga um hvort starfsemi fari fram innan afmarkaða landfræðilega svæðisins.

4) Setja skal sértækar reglur varðandi skráningu upprunatáknana og landfræðilegra merkinga.

5) Þegar pökkun afurða úr víngeiranum sem bera upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eða starfsemi sem tengist kynningu afurðarinnar er bundin við afmarkað landfræðilegt svæði telst það vera takmörkun á frjálsum vöruflutningum og frelsi til að veita þjónustu. Í ljósi dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins má einungis setja slíkar takmarkanir ef þær eru nauðsynlegar, hóflegar og henta til að vernda orðspor upprunatáknunarinnar eða landfræðilegu merkingarinnar. Allar takmarkanir skulu því tilhlýðilega rökstuddar með tilliti til frjálsra vöruflutninga og frelsis til að veita þjónustu.

6) Setja skal ákvæði um skilyrði er varða framleiðslu á afmarkaða svæðinu. Þess má geta að takmarkaður fjöldi undanþága liggur þegar fyrir í Bandalaginu

7) Einnig skal skilgreina einstök atriði sem styðja tengslin milli einkenna landfræðilega svæðisins og áhrifa þeirra á fullunnu afurðina.

8) Skráning í skrá Bandalagsins yfir upprunatáknanir og landfræðilegar merkingar skal einnig þjóna þeim tilgangi að veita aðilum í greininni og neytendum upplýsingar. Til að tryggja að hún sé öllum aðgengileg skal hún vera tiltæk á rafrænu formi.

9) Til að varðveita sérstök einkenni víns með verndaða upprunatáknun og verndaða landfræðilega merkingu og til að samræma löggjöf aðildarríkjanna með það í huga að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum innan Bandalagsins skal kveða á um lagaramma Bandalagsins fyrir eftirlit með slíku víni og sem sértæku ákvæðin sem aðildarríkin samþykkja skulu samræmast. Slíku eftirliti er ætlað að gera kleift að bæta rekjanleika viðkomandi afurða og tilgreina þá þætti sem eftirlitið skal taka til. Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni skulu óháðir aðilar framkvæma eftirlit á langtímagrundvelli.

10) Til að tryggja að reglugerð (EB) nr. 479/2008 sé framkvæmd á samræmdan hátt skal gera fyrirmyndir að umsóknum, andmælum, breytingum og afturköllunum.

11) Í V. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er mælt fyrir um almennar reglur um notkun verndaðra hefðbundinna heita í tengslum við tilteknar afurðir úr víngeiranum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 148, 6.6.2008, bls. 1.

12) Í Bandalaginu er löng hefð fyrir notkun á, reglum um og vernd á tilteknum heitum (öðrum en upprunatáknunnum og landfræðilegum merkingum) til að lýsa afurðum úr víngeiranum. Slík hefðbundin heiti geta kallað fram í hugum neytenda framleiðslu- eða þroskunaraðferð eða gæði, lit eða tegund staðar eða tiltekinn atburð tengdan sögu vínsins. Til að tryggja sanngjarna samkeppni og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum skal mæla fyrir um sameiginlegan ramma fyrir skilgreiningu, viðurkenningu, verndun og notkun slíkra hefðbundinna heita.

13) Heimilt er að nota hefðbundin heiti fyrir afurðir þriðju landa að því tilskildu að þau uppfylli sömu skilyrði eða jafngild skilyrði og aðildarríki skulu uppfylla til að tryggja að ekki sé villt um fyrir neytendum. Hjá fjölda þriðju landa eru reglur ekki eins miðlægar og í réttarkerfi Bandalagsins og því skal jafnframt mæla fyrir um kröfur varðandi atvinnugreinasamtök þriðju landa til að tryggja sömu ábyrgðir og kveðið er á um í reglum Bandalagsins.

14) Í VI. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er mælt fyrir um almennar reglur um merkingu og kynningu tiltekinna afurða úr víngeiranum.

15) Mælt er fyrir um tilteknar reglur um merkingu matvæla í fyrstu tilskipun ráðsins 89/104/EBE ([1]), tilskipun ráðsins 89/396/EBE frá 14 júní 1989 um merkingu sem auðkennir framleiðslulotur matvæla ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ([3]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007 um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru ([4]). Þessar reglur gilda einnig um afurðir úr víngeiranum nema kveðið sé skýrt á um annað í viðkomandi tilskipunum.

16) Með reglugerð (EB) nr. 479/2008 eru merkingar allra afurða úr víngeiranum samræmdar og notkun leyfð á öðrum heitum en þeim sem falla beint undir löggjöf Bandalagsins, að því tilskildu að þau séu rétt.

17) Í reglugerð (EB) nr. 479/2008 er kveðið á um skilyrði sem mæla skal fyrir um í tengslum við notkun tiltekinna orða sem vísa m.a. til uppruna, átappara, framleiðanda, innflytjanda o.s.frv. Bandalagsreglur um sum þessara orða eru nauðsynlegar fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins. Almennt séð skulu slíkar reglur byggja á gildandi ákvæðum. Að því er varðar önnur heiti skulu aðildarríkin setja reglur um vín sem eru framleidd innan yfirráðsvæðis þeirra, sem skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins, þannig að hægt sé að samþykkja þessar reglur eins nálægt framleiðandanum og kostur er. Engu að síður þarf að tryggja gagnsæi slíkra reglna.

18) Til að aðstoða neytendur skal safna tilteknum lögboðnum upplýsingum á einn sýnilegan flöt á umbúðunum, ákveða hámarksþol fyrir tilgreiningu á raunverulegum alkóhólstyrkleika og taka tillit til sérstakra einkenna viðkomandi afurða.

19) Gildandi reglur um notkun merkinga eða tákna á merkimiðum til auðkenningar á framleiðslulotum matvæla hafa reynst gagnlegar og skal því viðhaldið.

20) Orð sem vísa til lífrænnar ræktunar á þrúgum falla eingöngu undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara ([5]) og gilda um allar afurðir úr víngeiranum.

21) Notkun á hettum sem innihalda blý til að hylja lokunarbúnað íláta sem innihalda afurðir sem falla undir reglugerð (EB) nr. 479/2008 skal áfram vera bönnuð til að koma í veg fyrir áhættu, í fyrsta lagi vegna mengunar, einkum að því er varðar óviljandi snertingu við slíkar hettur, og, í öðru lagi, vegna umhverfismengunar frá úrgangi sem inniheldur blý frá slíkum hettum.

22) Til að auka rekjanleika og gagnsæi afurða skal innleiða nýjar reglur um „upplýsingar um uppruna“.

23) Notkun merkinga að því er varðar vínþrúguyrki og árgang vína án upprunatáknunar og landfræðilegra merkinga krefst sértækra framkvæmdarreglna.

24) Löng hefð er fyrir notkun á tilteknum flöskutegundum fyrir tilteknar vörur í Bandalaginu og þriðju löndum. Vegna þessarar langvarandi notkunar geta slíkar flöskur minnt á sérstök einkenni eða tiltekinn uppruna afurða í hugum neytenda. Því skulu slíkar flöskutegundir frátekn ar fyrir þau vín sem um er að ræða.

25) Til að komast hjá því að villa fyrir um neytendum og forðast ósanngjörn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðendur skal einnig samræma reglur um merkingar á afurðum úr víngeirum þriðju landa, sem eru í dreifingu innan Bandalagsins, eins og mögulegt er með þeirri aðferð sem mælt er fyrir um að því er varðar afurðir úr víngeira Bandalagsins. Þó skal taka tillit til mismunandi framleiðsluskilyrða, hefða í vínframleiðslu og löggjafar í þriðju löndum.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 186, 30.6.1989, bls. 21.
([3]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([4]) Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 17.
([5]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

26) Í ljósi þess munar sem er milli afurða sem falla undir þessa reglugerð og markaða þeirra og væntinga neytenda skulu reglur vera mismunandi eftir afurðum, einkum að því er varðar tilteknar valkvæðar upplýsingar um vín sem eru ekki með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu en bera engu að síður heiti vínþrúguyrkja og árganga ef þau samræmast tilteknum kröfum um vottun og faggildingu (svokölluð „einyrkisvín“). Til að hægt sé að greina á milli vína sem teljast til undirflokksins „einyrkisvín“ og vína sem ekki njóta þeirrar sérstöðu í flokki vína án VUT/VLM, skal koma á sértækum reglum um birtingu valkvæðra upplýsinga að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaðar landfræðilegar merkingar annars vegar og vín sem ekki eru með verndaða upprunatáknun og verndaða landfræðilega merkingu hins vegar, með það í huga að „einyrkisvín“ tilheyra einnig þeim flokki.

27) Ráðstafanir til að auðvelda breytinguna frá fyrri löggjöf um víngeirann (einkum reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir vín ([1])) yfir í þessa reglugerð skulu samþykktar, til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila. Til að rekstraraðilar með staðfestu í Bandalaginu og í þriðju löndum geti farið að kröfum um merkingu skal veita þeim umbreytingar- og aðlögunartímabil. Því skal samþykkja ákvæði til að tryggja að afurðir sem merktar eru í samræmi við gildandi reglur megi áfram setja á markað meðan á umbreytingartímabili stendur.

28) Vegna stjórnsýslubyrða geta tiltekin aðildarríki ekki uppfyllt þá kröfu að innleiða í síðasta lagi 1. ágúst 2009 þau lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði sem nauðsynleg eru til að fara að 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008. Til að tryggja að þessi frestur hafi ekki áhrif á rekstraraðila og lögbær yfirvöld skal veita umbreytingartímabil og setja umbreytingarákvæði.

29) Ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki hafa áhrif á sértækar reglur sem um er samið í samningum við þriðju lönd sem eru gerðir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 133. gr. sáttmálans.

30) Nýju, ítarlegu reglurnar um framkvæmd IV., V. og VI. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu koma í stað gildandi löggjafar um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999. Því ber að fella úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1607/2000 frá 24. júlí 2000 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, einkum að því er varðar bálkinn um gæðavín framleidd í tilgreindum héruðum ([2]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínafurða ([3]).

31) Ákvæði 128. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 fellir úr gildi gildandi löggjöf ráðsins um víngeirann, þ.m.t. þau atriði sem fjallað er um í þessari reglugerð. Nauðsynlegt er að koma á umbreytingartímabilum til að komast hjá erfiðleikum í tengslum við viðskipti, tryggja rekstraraðilum snurðulausa aðlögun og aðildarríkjum hæfilegan frest til að samþykkja tiltekinn fjölda framkvæmdarráðstafanna.

32) Ítarlegu reglurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð skulu gilda frá sama degi og reglur IV., V. og VI. kafla III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008 taka gildi.

33) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðinn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

INNGANGSÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru settar nákvæmar reglur um framkvæmd III. bálks reglugerðar (EB) nr. 479/2008, einkum að því er varðar:

a) ákvæðin sem er að finna í IV. kafla þess bálks og varða verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar afurðanna sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

b) ákvæðin sem er að finna í V. kafla þess bálks og varða hefðbundin heiti afurðanna sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

c) ákvæðin sem er að finna í VI. kafla þess bálks og varða merkingu og kynningu tiltekinna afurða úr víngeiranum.

([1]) Stjtíð. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 185, 25.7.2000, bls. 17.

([3]) Stjtíð. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.

II. KAFLI

VERNDAÐAR UPPRUNATÁKNANIR OG VERNDAÐAR LANDFRÆÐILEGAR MERKINGAR

1. ÞÁTTUR

Umsókn um vernd

2. gr.

Umsækjandi

1. Einn framleiðandi getur verið umsækjandi í skilningi 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 ef sýnt er fram á að:

a) aðilinn sem um er að ræða sé eini framleiðandinn á afmarkaða landfræðilega svæðinu og

b) viðkomandi afmarkað landfræðilegt svæði, þegar það er umlukið svæðum með upprunatáknanir eða landfræðilegar merkingar, búi yfir einkennum sem eru verulega ólík einkennum aðliggjandi afmörkuðu svæðanna eða einkenni afurðarinnar eru ólík einkennum afurðanna sem framleiddar eru á aðliggjandi afmörkuðu svæðunum.

2. Aðildarríki eða þriðja land eða viðkomandi yfirvöld þeirra skulu ekki vera umsækjandi í skilningi 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

3. gr.

Umsókn um vernd

Umsókn um vernd skal samanstanda af þeim skjölum sem krafist er skv. 35. eða 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og rafrænu eintaki af forskriftinni fyrir afurðina og eina skjalinu.

Umsókn um vernd og eina skjalið skulu gerð í samræmi við þær fyrirmyndir sem annars vegar eru settar fram í I. viðauka og hins vegar í II. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Heiti

1. Heitið sem á að vernda skal skráð eingöngu á því tungumáli eða þeim tungumálum sem notuð eru til að lýsa afurðinni sem um er að ræða á afmarkaða landfræðilega svæðinu.

2. Heitið skal skráð með upprunalegri stafsetningu.

5. gr.

Afmörkun landfræðilega svæðisins

Svæðið skal afmarkað á ítarlegan, nákvæman og ótvíræðan hátt.

6. gr.

Framleiðsla innan afmarkaða landfræðilega svæðisins

1. Við beitingu iii. liðar a-liðar og iii. liðar b-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og þessarar greinar skal „*framleiðsla*“ merkja allar aðgerðir, allt frá því að þrúgurnar eru tíndar og þar til vínframleiðslunni er lokið, að undanskilinni vinnslu, sem fer fram eftir framleiðsluna, ef einhver er.

2. Að því er varðar afurðir með verndaða, landfræðilega merkingu skal sá hluti þrúgna, allt að 15%, sem má vera upprunninn utan afmarkaða landfræðilega svæðisins, eins og kveðið er á um í ii. lið b-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, koma frá því aðildarríki eða þriðja landi þar sem afmarkaða svæðið er að finna.

3. Þrátt fyrir ii. lið a-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal 3. liður B-hluta í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([1]) gilda að því er varðar aðferðir við vínframleiðslu og takmarkanir.

4. Þrátt fyrir iii. lið a-liðar og iii. lið b-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, og að því tilskildu að það sé tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina, má framleiða vín úr afurð með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu annaðhvort:

a) á svæði sem er mjög nálægt afmarkaða svæðinu sem um er að ræða, eða

b) á svæði sem er innan sömu stjórnsýslueiningar eða aðliggjandi stjórnsýslueiningar í samræmi við landsreglur, eða

c) ef um er að ræða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri, eða samningur um eftirlitsráðstafanir er í gildi milli tveggja eða fleiri aðildarríkja eða milli eins eða fleiri aðildarríkja og eins eða fleiri þriðju landa, má framleiða vín úr afurð með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu á svæði sem er mjög nálægt afmarkaða svæðinu sem um er að ræða.

Þrátt fyrir iii. lið b-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, og að því tilskildu að það sé tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina, má áfram framleiða vín úr vínum með verndaða landfræðilega merkingu utan næsta nágrennis við afmarkaða svæðið sem um er að ræða þar til 31. desember 2012.

Þrátt fyrir iii. lið a-liðar 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, og að því tilskildu að það sé tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina, má nota afurð til framleiðslu á freyðivíni eða hálffreyðandi víni með verndaða landfræðilega merkingu utan næsta nágrennis við afmarkaða svæðið sem um er að ræða, ef slíkri aðferð var beitt fyrir 1. mars 1986.

([1]) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

7. gr.

Tengsl

1. Í upplýsingunum sem sýna fram á landfræðilegu tengslin sem um getur í g-lið 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal koma fram að hve miklu leyti einkenni afmarkaða landfræðilega svæðisins hafa áhrif á lokaafurðina.

Ef umsóknir varða ólíka flokka vínræktarafurða skulu upplýsingarnar sem sýna fram á tengslin staðfestar fyrir sérhverja vínræktarafurð sem um er að ræða.

2. Ef um er að ræða upprunatáknun skal setja fram í forskriftinni fyrir afurðina:

a) upplýsingar um landsvæðið, einkum náttúrulega og mannlega þætti, sem varða tengslin,

b) upplýsingar um gæði eða einkenni afurðarinnar sem í grundvallaratriðum eða eingöngu má rekja til landfræðilega umhverfisins,

c) lýsingu á orsakasamspilinu á milli upplýsinganna sem um getur í a-lið og upplýsinganna sem um getur í b-lið.

3. Ef um er að ræða landfræðilega merkingu skal setja fram í forskriftinni fyrir afurðina:

a) upplýsingar um landsvæðið sem varða tengslin,

b) upplýsingar um gæði, orðspor eða önnur tiltekin einkenni afurðarinnar sem rekja má til landfræðilegs uppruna hennar,

c) lýsingu á orsakasamspilinu á milli upplýsinganna sem um getur í a-lið og upplýsinganna sem um getur í b-lið.

4. Í forskrift fyrir afurð er varðar landfræðilega merkingu skal koma fram hvort hún byggist á tilteknum gæðum eða orðspori eða á öðrum einkennum tengdum landfræðilegum uppruna.

8. gr.

Pökkun innan afmarkaða landfræðilega svæðisins

Ef tekið er fram í forskrift fyrir afurð að pökkun afurðarinnar skuli fara fram innan afmarkaða landfræðilega svæðisins eða á svæði sem er mjög nálægt afmarkaða svæðinu sem um er að ræða, í samræmi við kröfuna sem um getur í h-lið 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal rökstyðja þá kröfu að því er varðar afurðina sem um er að ræða.

2. ÞÁTTUR

Rannsóknarmálsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar

9. gr.

Móttaka umsóknar

1. Umsóknina skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi Framlagningardagsetning umsóknar hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar. Sú dagsetning skal gerð aðgengileg almenningi með viðeigandi hætti.

2. Framkvæmdastjórnin skal merkja umsóknarskjölin með viðtökudegi og skrásetningarnúmeri umsóknarinnar.

Yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandi með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) heitið sem á að skrá,

c) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

d) viðtökudagur umsóknarinnar.

10. gr.

Framlagning umsóknar sem nær yfir landamæri

1. Ef um er að ræða umsókn sem nær yfir landamæri má fleiri en einn hópur framleiðenda sem eru fulltrúar svæðisins sem um ræðir leggja fram sameiginlega umsókn um heiti þar sem tilgreint er landsvæði sem nær yfir landamæri.

2. Þegar eingöngu er um aðildarríki að ræða skal undanfarandi landsbundna málsmeðferðin sem um getur í 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 gilda í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Að því er varðar beitingu 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal eitt aðildarríki senda umsókn, sem nær yfir landamæri, til framkvæmdastjórnarinnar fyrir hönd hinna aðildarríkjanna og henni skal fylgja heimild frá hverju hinna aðildarríkjanna sem um ræðir þar sem aðildarríkinu sem sendi umsóknina er veitt leyfi til að koma fram fyrir þeirra hönd.

3. Þegar eingöngu þriðju lönd koma að umsókn sem nær yfir landamæri skal annaðhvort einn hópur umsækjenda senda framkvæmdastjórninni umsóknina fyrir hönd hinna eða eitt þriðju landanna skal senda hana fyrir hönd hinna og í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar sem sýna fram á að þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 séu uppfyllt,

b) sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þeim þriðju löndum sem um er að ræða og

c) heimild frá sérhverju þriðja landi sem um er að ræða, eins og um getur í 2. mgr.

4. Þegar umsókn sem nær yfir landamæri varðar a.m.k. eitt aðildarríki og a.m.k. eitt þriðja land, skal undanfarandi landsbundna málsmeðferðin sem um getur í 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 gilda í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum. Eitt aðildarríkjanna eða þriðju landanna eða einn hópur umsækjenda frá þriðja landi skal senda framkvæmdastjórninni umsóknina og í henni skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingar sem sýna fram á að þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 séu uppfyllt,

b) sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þeim þriðju löndum sem um er að ræða og

c) heimild frá sérhverju hinna aðildarríkjanna eða þriðju landanna sem um er að ræða, eins og um getur í 2. mgr.

5. Tilkynningar frá framkvæmdastjórninni eða ákvarðanir sem hún kemst að skulu sendar því aðildarríki, þeim þriðju löndum eða þeim samtökum framleiðenda með staðfestu í þriðju löndum sem senda framkvæmdastjórninni umsókn sem nær yfir landamæri eins og um getur í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Lögmæti

1. Til að ákvarða hvort umsókn um vernd sé tæk skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að umsóknin um skráningu sem sett er fram í I. viðauka hafi verið fyllt út og að fylgiskjöl fylgi með umsókninni.

2. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um allar umsóknir sem teljast tækar.

Ef umsóknin hefur ekki verið fyllt út eða aðeins fyllt út að hluta til eða fylgiskjölin, sem um getur í 1. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og umsóknin um skráningu eða einhver þeirra vantar skal framkvæmdastjórnin tilkynna umsækjanda um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni sem ótækri. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá niðurstöðu að umsóknin teljist ekki tæk.

12. gr.

Athugun á skilyrðum fyrir réttmæti umsóknar

1. Ef tæk umsókn um vernd fyrir upprunatáknun eða landfræðilega merkingu uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal framkvæmdastjórnin tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi um ástæður synjunar og setja frest til afturköllunar eða breytingar umsóknarinnar eða til að leggja fram athugasemdir.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi ræður ekki bót á þeim hindrunum sem standa í vegi fyrir skráningu innan frestsins sem settur er skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni í samræmi við 3. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu á grundvelli þeirra skjala og upplýsinga sem hún hefur aðgang að. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá niðurstöðu að umsókninni hafi verið hafnað.

3. ÞÁTTUR

Andmælameðferðir

13. gr.

Landsbundin andmælameðferð vegna umsóknar sem nær yfir landamæri

Í skilningi 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) 479/2008 skal andmælameðferðinni beitt í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef umsókn, sem nær yfir landamæri, varðar eingöngu aðildarríkin eða a.m.k. eitt aðildarríki og a.m.k. eitt þriðja land.

14. gr.

Framlagning andmæla samkvæmt málsmeðferð Bandalagsins

1. Andmælin, sem um getur í 40. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skulu gerð á grundvelli fyrirmyndar að eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð. Andmælin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi Framlagningardagsetning andmæla hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar andmælin eru færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar. Sú dagsetning skal gerð aðgengileg almenningi með viðeigandi hætti.

2. Framkvæmdastjórnin skal merkja andmælaskjölin með viðtökudegi og skrásetningarnúmeri andmælanna.

Andmælandinn skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

c) viðtökudagur andmælanna.

15. gr.

Lögmæti samkvæmt málsmeðferð Bandalagsins

1. Til að ákvarða hvort andmæli séu tæk í samræmi við 40. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að í andmælunum komi fram sá eldri réttur sem gert er tilkall til og ástæðurnar fyrir andmælunum og að þau hafi borist framkvæmdastjórninni áður en fresturinn rann út.

2. Ef andmæli eru lögð fram á grundvelli þess að til er eldra vörumerki sem nýtur orðspors og orðstírs í samræmi við 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skulu umsókninni fylgja sannanir fyrir því að sótt hafi verið um eldra vörumerkið, fyrir skráningu þess eða notkun, t.d. skráningarskírteini þess eða sönnun fyrir notkun þess og sönnun fyrir orðspori þess og orðstír.

3. Öll tilhlýðilega rökstudd andmæli skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings andmælunum, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar um staðsetningu, tíma, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

4. Ef upplýsingar um eldri rétt sem tilkall er gert til, ástæður, staðreyndir, sönnunargögn, athugasemdir eða fylgiskjölin, sem um getur í 1.–3. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og andmælin eða einhver þeirra vantar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna andmælanda um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna andmælunum sem ótækum. Andmælandanum ásamt yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, skal tilkynnt um þá niðurstöðu að andmælin teljist ekki tæk.

5. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, skal tilkynnt um andmæli sem teljast tæk.

16. gr.

Athugun andmæla samkvæmt málsmeðferð Bandalagsins

1. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki andmælum í samræmi við 4. mgr. 15. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, um andmælin og gefa honum kost á því að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar tilkynningar. Andmælanda skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við athugun á andmælum skal framkvæmdastjórnin fara fram á að aðilar komi athugasemdum á framfæri varðandi orðsendingar frá mótaðilum, ef við á, innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hún fór fram á slíkt.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða andmælandinn leggur ekki fram athugasemdir á móti eða virðir ekki frestina skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um andmælin.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna eða skrá upprunatáknun eða landfræðilega merkingu á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Andmælandanum ásamt yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, skal tilkynnt um þann úrskurð að hafna umsókninni.

4. Ef um er að ræða fleiri en einn andmælanda er mögulegt að umsókn geti ekki talist tæk til skráningar eftir að undanfarandi athugun á einum eða fleiri andmælum frá þeim hefur farið fram og í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin stöðvað aðrar andmælameðferðir tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum andmælendum um allar ákvarðanir sem teknar eru við málsmeðferðina sem hafa áhrif á þá.

Þegar umsókn er hafnað skal líta svo á að andmælameðferðum sem stöðvaðar voru tímabundið sé lokið og viðkomandi andmælendum skal tilkynnt um það.

4. ÞÁTTUR

Vernd

17. gr.

Ákvörðun um vernd

1. Framkvæmdastjórnin skal ákveða að veita upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu vernd, nema umsókn um vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar sé hafnað í samræmi við 11., 12., 16. og 28. gr.

2. Ákvarðanir um vernd sem teknar eru í samræmi við 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

18. gr.

Skrá

1. Framkvæmdastjórnin skal viðhalda „skrá yfir verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar“ eins og kveðið er á um í 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, hér á eftir nefnd „skráin“.

2. Upprunatáknun eða landfræðileg merking sem hefur verið samþykkt skal færð inn í skrána.

Ef um er að ræða heiti sem skráð eru skv. 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal framkvæmdastjórnin færa inn í skrána þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar, að undanskildum upplýsingunum í f-lið.

3. Framkvæmdastjórnin skal færa eftirfarandi upplýsingar inn í skrána:

a) skráð heiti afurðarinnar eða afurðanna,

b) að heitið sé verndað sem landfræðileg merking eða upprunatáknun,

c) heiti upprunalandsins eða -landanna,

d) dagsetning skráningar

e) tilvísun í lagagerninginn þar sem heitið er skráð,

f) tilvísun til eina skjalsins.

19. gr.

Vernd

1. Vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal gilda frá þeim degi sem hún er færð inn í skrána.

2. Þegar um er að ræða ólöglega notkun verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðar, landfræðilegrar merkingar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að eigin frumkvæði og í samræmi við 4. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eða samkvæmt beiðni frá aðila, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva slíka ólöglega notkun og koma í veg fyrir setningu viðkomandi afurða á markað eða útflutning þeirra.

3. Vernd upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar skal gilda um allt heitið, þ.m.t. þeir þættir sem það samanstendur af, að því tilskildu að þeir séu einkennandi í sjálfu sér. Þættir verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar sem ekki eru einkennandi eða eru almenns eðlis skulu ekki njóta verndar.

5. ÞÁTTUR

Breytingar og afturköllun

20. gr.

Breyting á forskrift fyrir afurð eða á eina skjalinu

1. Umsókn um samþykki fyrir breytingum á forskrift fyrir afurð vegna verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, sem umsækjandi leggur fram eins og um getur í 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal gerð í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Til að ákvarða hvort umsókn um samþykki fyrir breytingum á forskrift fyrir afurð skv. 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 sé tæk skal framkvæmdastjórnin ganga úr skugga um að hún hafi fengið sendar upplýsingarnar sem krafist er skv. 2. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar og útfyllta umsókn eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Að því er varðar beitingu fyrsta málsliðar 2. mgr. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal 9., 10., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17. og 18. gr. þessarar reglugerðar gilda að breyttu breytanda.

4. Breyting skal teljast minniháttar ef:

a) hún varðar ekki mikilvæg einkenni afurðarinnar,

b) hún breytir ekki tengslunum,

c) hún felur ekki í sér breytingu á heiti afurðarinnar eða neinum hluta þess,

d) hún hefur ekki áhrif á afmarkaða landfræðilega svæðið,

e) hún felur ekki í sér frekari takmarkanir á setningu afurðarinnar á markað.

5. Ef annar umsækjandi en upphaflegi umsækjandinn leggur fram umsókn um samþykki á breytingum á forskrift fyrir afurð skal framkvæmdastjórnin tilkynna upphaflega umsækjandanum um umsóknina.

6. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að samþykkja breytingu á forskrift fyrir afurð, sem hefur áhrif á eða felur í sér breytingu á upplýsingunum sem skráðar eru í skrána, skal hún fella brott upprunalegu upplýsingarnar úr skránni og færa inn nýju upplýsingarnar sem skulu gilda frá þeim degi sem viðkomandi ákvörðun tekur gildi.

21. gr.

Framlagning beiðni um afturköllun

1. Beiðni um afturköllun skv. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal gerð í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í V. viðauka við þessa reglugerð. Beiðnina um afturköllun skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi. Framlagningardagsetning beiðni um afturköllun hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar. Sú dagsetning skal gerð aðgengileg almenningi með viðeigandi hætti.

2. Framkvæmdastjórnin skal merkja skjölin í afturköllunarbeiðninni með móttökudagsetningu og skrásetningarnúmeri afturköllunarbeiðninnar.

Höfundur afturköllunarbeiðninnar skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

c) viðtökudagur beiðninnar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar framkvæmdastjórnin á frumkvæði að afturkölluninni.

22. gr.

Lögmæti

1. Framkvæmdastjórnin skal, í þeim tilgangi að ákvarða hvort afturköllunarbeiðni sé tæk í samræmi við 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, ganga úr skugga um að í beiðninni:

a) komi fram lögmætir hagsmunir, ástæður og rökstuðningur höfundar afturköllunarbeiðninnar,

b) séu útskýrðar ástæðurnar fyrir afturköllun og

c) sé vísað til yfirlýsingar um stuðning við afturköllunarbeiðnina frá aðildarríkinu eða þriðja landinu, þar sem höfundur beiðninnar hefur búsetu eða er með skráða skrifstofu.

2. Allar afturköllunarbeiðnir skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings afturkölluninni, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

3. Ef ítarlegar upplýsingar um ástæðurnar, staðreyndirnar, sönnunargögnin og athugasemdirnar, sem og fylgiskjölin, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og afturköllunarbeiðnin skal framkvæmdastjórnin upplýsa höfund afturköllunarbeiðninnar um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna beiðninni sem ótækri. Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða höfundi afturköllunarbeiðninnar, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, skal tilkynnt um þá niðurstöðu að beiðnin teljist ekki tæk.

4. Ef afturköllunarbeiðni telst tæk eða framkvæmdastjórnin hefur afturköllunarferli að eigin frumkvæði skal tilkynna það yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjendum sem hafa staðfestu í þriðja landinu þegar það hefur áhrif á upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þeirra.

23. gr.

Athugun á afturköllun

1. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki beiðni um afturköllun í samræmi við 3. mgr. 22. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða viðkomandi framleiðendum sem hafa staðfestu í viðkomandi þriðja landi um afturköllunina og gefa þeim kost á því að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar tilkynningar. Höfundi afturköllunarbeiðninnar skal tilkynnt, eftir atvikum, um allar athugasemdir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við athugun á afturköllun skal framkvæmdastjórnin fara fram á að aðilar komi athugasemdum á framfæri varðandi orðsendingar frá mótaðilum, ef við á, innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hún fór fram á slíkt.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða höfundur afturköllunarbeiðninnar leggur ekki fram athugasemdir á móti eða virðir ekki frestina skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um afturköllunina.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að fella úr gildi viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal taka til athugunar hvort fylgni við forskrift fyrir afurðir úr víngeiranum, sem vernduð upprunatáknun eða vernduð landfræðileg merking gildir um, sé ekki lengur möguleg eða ekki sé lengur mögulegt að tryggja fylgni við hana, einkum ef þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 eru ekki lengur uppfyllt eða ekki verður hægt að uppfylla þau í náinni framtíð.

Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um ákvörðunina um afturköllun.

4. Ef um er að ræða fleiri en eina beiðni um afturköllun er mögulegt að ekki sé lengur hægt að vernda upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eftir að undanfarandi athugun á einni eða fleiri slíkum beiðnum hefur farið fram og í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin stöðvað önnur afturköllunarferli tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal þá tilkynna öðrum höfundum afturköllunarbeiðna um allar ákvarðanir sem teknar eru við ferlið sem hafa áhrif á þá.

Þegar vernduð upprunatáknun eða vernduð landfræðileg merking er felld úr gildi skal líta svo á að afturköllunarferlum, sem stöðvuð voru tímabundið, sé lokið og höfundum viðkomandi afturköllunarbeiðni skal tilkynnt um það.

5. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja heitið úr skránni.

6. ÞÁTTUR

Eftirlit

24. gr.

Yfirlýsing rekstraraðila

Senda skal lögbæru eftirlitsyfirvöldunum sem um getur í 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 yfirlýsingu um alla þá rekstraraðila sem vilja taka þátt, í heild eða að hluta til, í framleiðslu eða pakkningu afurðar með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.

25. gr.

Árleg sannprófun

1. Árlega sannprófunin sem lögbæru eftirlitsyfirvöldin framkvæma eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal samanstanda af:

a) skynmats- og greiningarprófun á afurðum með upprunatáknun,

b) greiningarprófun eingöngu eða bæði skynmats- og greiningarprófun á afurðum með landfræðilega merkingu og

c) athugun á því hvort skilyrðin sem sett eru fram í forskriftinni fyrir afurðina séu uppfyllt.

Árlega sannprófunin skal framkvæmd í aðildarríkinu þar sem framleiðsla fór fram í samræmi við forskriftina fyrir afurðina og skal fara fram:

a) með slembiathugunum á grundvelli áhættugreiningar eða

b) með sýnatöku, eða

c) kerfisbundið.

Ef um er að ræða slembiathuganir skulu aðildarríki velja lágmarksfjölda rekstraraðila til að gangast undir slíkar athuganir.

Ef um er að ræða sýnatöku skulu aðildarríki tryggja að fjöldi, eðli og tíðni athugana séu dæmigerð fyrir allt afmarkaða landfræðilega svæðið sem um ræðir og séu í hlutfalli við umfang afurða úr víngeiranum sem eru settar á markað eða geymdar með það í huga að setja þær á markað.

Sameina má slembiathuganir og sýnatöku.

2. Prófanirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skulu framkvæmdar á nafnlausum sýnum og skulu sýna fram á að afurðin sem prófuð er samræmist einkennum og gæðum sem lýst er í forskriftinni fyrir afurðina fyrir viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merkingu og skulu framkvæmdar hvenær sem er í framleiðsluferlinu, þ.m.t. á pökkunarstiginu, eða síðar. Hvert sýni sem tekið er skal vera dæmigert fyrir viðkomandi vín sem rekstraraðilinn á til á lager.

3. Eftirlitsyfirvaldið skal athuga eftirfarandi, í þeim tilgangi að athuga fylgni við forskriftina fyrir afurðina sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.:

a) athafnasvæði rekstraraðila, til að kanna hvort rekstraraðilar eru í raun færir um að uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í forskriftinni fyrir afurðina og

b) afurðirnar hvenær sem er í framleiðsluferlinu, þ.m.t. á pökkunarstiginu, á grundvelli skoðunaráætlunar sem eftirlitsyfirvaldið gerir fyrirfram og rekstraraðilar hafa vitneskju um og nær til allra stiga í framleiðsluferli afurðarinnar.

4. Með árlegu sannprófuninni skal tryggja að vernduð upprunatáknun eða vernduð landfræðileg merking sé eingöngu notuð í tengslum við afurð þegar:

a) niðurstöður prófananna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og í 2. mgr. sýna fram á að afurðin sem um ræðir standist gildandi viðmiðunarmörk og búi yfir öllum viðeigandi eiginleikum sem krafist er fyrir þá upprunatáknun eða landfræðilegu merkingu sem um er að ræða,

b) önnur skilyrði sem talin eru upp í forskriftinni fyrir afurðina eru uppfyllt í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr.

5. Afurðir, sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fram í þessari grein, má setja á markað en þá án viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar, að því tilskildu að önnur lagaskilyrði séu uppfyllt.

6. Ef um er að ræða verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri mega eftirlitsyfirvöld hvors aðildarríkisins sem er, sem upprunatáknunin eða landfræðilega merkingin á við, framkvæma sannprófunina

7. Þegar árleg sannprófun fer fram þegar afurðin er á pökkunarstigi á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem er ekki það aðildarríki þar sem framleiðslan fór fram, gildir 84. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 ([1]).

8. Ákvæði 1.–7. mgr. gilda um vín með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þar sem viðkomandi upprunatáknun eða landfræðilega merking uppfyllir kröfurnar sem um getur í 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

([1]) Stjtíð. ESB L 170, 30.6.2008, bls. 1.

26. gr.

Greiningar- og skynmatsprófanir

Greiningar- og skynmatsprófunin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 25. gr. felur í sér:

a) greiningu á víninu sem um er að ræða með því að mæla eftirfarandi einkennandi eiginleika:

   i. ákvarðað á grundvelli eðlis- og efnafræðilegra prófana:

      – heildaralkóhólstyrkleika og raunverulegan alkóhólstyrkleika,

      – heildarsykurinnihald, gefið upp sem frúktósi og glúkósi (þ.m.t. súkrósi þegar um er að ræða hálffreyðandi vín og freyðivín),

      – heildarsýruinnihald

      – innihald rokgjarnra sýra,

      – heildarmagn brennisteinsdíoxíðs,

   ii. ákvarðað á grundvelli viðbótargreiningar:

      – koltvísýring (hálffreyðandi vín og freyðivín, umframþrýstingur í börum við 20 °C),

      – alla aðra einkennandi eiginleika sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkja eða forskriftum fyrir afurðir fyrir viðkomandi verndaðar upprunatáknanir og verndaðar landfræðilegar merkingar,

b) skynmatsprófun sem nær til útlits, lyktar og bragðs.

27. gr.

Athuganir á afurðum sem eru upprunnar í þriðju löndum

Ef vín frá þriðja landi njóta góðs af verndaðri upprunatáknun eða verndaðri landfræðilegri merkingu skal viðkomandi þriðja land senda framkvæmdastjórninni upplýsingar, að beiðni hennar, um lögbæru yfirvöldin sem um getur í 2. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og um þá þætti sem athugunin nær til, auk sönnunar fyrir því að vínið sem um er að ræða uppfylli skilyrði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.

7. ÞÁTTUR

Breyting í landfræðilega merkingu

28. gr.

Beiðni

1. Yfirvöld aðildarríkis eða þriðja lands eða umsækjandinn sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi geta farið fram á að verndaðri upprunatáknun verði breytt í verndaða landfræðilega merkingu ef ekki er lengur hægt að fara að forskriftinni fyrir afurð með verndaða upprunatáknun eða ekki er lengur hægt að tryggja samræmi við hana.

Beiðni um breytingu sem lögð er fyrir framkvæmdastjórnina skal gerð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í VI. viðauka við þessa reglugerð. Beiðni um breytingu skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi. Framlagningardagsetning beiðni um breytingu hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ef beiðni um breytingu í landfræðilega merkingu uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal framkvæmdastjórnin tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, um ástæður synjunarinnar og gefa honum kost á að draga beiðnina til baka eða breyta henni eða leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða.

3. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi hafa ekki ráðið bót á hindrunum gegn breytingu í landfræðilega merkingu áður en fresturinn rennur út skal framkvæmdastjórnin hafna beiðninni.

4. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna beiðni um breytingu á grundvelli þeirra skjala og upplýsinga sem hún hefur aðgang að. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandanum sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá niðurstöðu að beiðninni hafi verið hafnað.

5. Ákvæði 40. gr. og 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu ekki gilda.

III. KAFLI

HEFÐBUNDIN HEITI

1. ÞÁTTUR

Umsókn

29. gr.

Umsækjendur

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja eða þriðju landa eða atvinnugreinasamtök með staðfestu í þriðju löndum geta lagt umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um vernd hefðbundinna heita í skilningi 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

2. „*Atvinnugreinasamtök*“: samtök framleiðanda eða félag samtaka framleiðanda, sem hafa samþykkt sömu reglur og starfa á einu eða fleiri tilteknum vínræktarsvæðum með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu og þar sem a.m.k. tveir þriðju framleiðenda á tilgreinda svæðinu, sem félagið starfar á, eiga aðild að því og félagið stendur fyrir a.m.k. tveimur þriðju af framleiðslu svæðisins eða svæðanna. Atvinnugreinasamtök mega einungis leggja fram umsókn um vernd fyrir vín sem þau framleiða sjálf.

30. gr.

Umsókn um vernd

1. Umsókn um vernd fyrir hefðbundið heiti skal vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í VII. viðauka og henni skal fylgja afrit af reglunum sem gilda um notkun heitisins sem um er að ræða.

2. Þegar um er að ræða umsókn frá atvinnugreinasamtökum með staðfestu í þriðja landi skal einnig senda upplýsingar um samtökin. Þessar upplýsingar, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar um aðila atvinnugreinasamtakanna, eftir því sem við á, er að finna í XI. viðauka.

31. gr.

Tungumál

1. Heitið, sem á að vernda, skal vera annaðhvort:

a) á opinberu tungumáli eða tungumálum eða svæðisbundnu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem heitið er upprunnið, eða

b) á því tungumáli sem notað er fyrir heitið í viðskiptum.

Heiti, sem notað er á tilteknu tungumáli, skal eiga við um tilteknar afurðir sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

2. Heitið skal skráð með upprunalegri stafsetningu.

32. gr.

Reglur um hefðbundin heiti frá þriðju löndum

1. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr 479/2008 skulu gilda að breyttu breytanda um heiti, sem hefð er fyrir að nota í þriðju löndum í tengslum við afurðir úr víngeiranum með landfræðilegum merkingum frá viðkomandi þriðju löndum.

2. Að því er varðar vín upprunnin í þriðju löndum með merkimiða þar sem fram koma önnur hefðbundin sérheiti en hefðbundnu heitin sem talin eru upp í XII. viðauka þá má nota þessi hefðbundnu sérheiti á merkimiðum á vínum í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi þriðju löndum, þ.m.t. reglur sem atvinnugreinasamtök setja.

2. ÞÁTTUR

Rannsóknarmálsmeðferð

33. gr.

Að leggja inn umsókn

Framkvæmdastjórnin skal merkja umsóknarskjölin með móttökudagsetningu og skrásetningarnúmeri umsóknarinnar. Umsóknina skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi Framlagningardagsetning umsóknarinnar hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar umsóknin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar. Sú dagsetning og hefðbundna heitið skulu gerð aðgengileg almenningi með viðeigandi hætti.

Umsækjandinn skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) hefðbundna heitið,

c) fjöldi móttekinna skjala og

d) viðtökudagur þeirra.

34. gr.

Lögmæti

Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að umsóknareyðublaðið sé rétt fyllt út og að því fylgi umbeðin skjöl eins og kveðið er á um í 30. gr.

Ef umsóknareyðublaðið er ekki fyllt út á fullnægjandi hátt eða skjöl vantar eða eru ófullnægjandi skal framkvæmdastjórnin tilkynna umsækjandanum um það og gefa honum kost á að ráða bót á viðkomandi ágöllum innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni sem ótækri. Tilkynna skal umsækjanda um ákvörðunina um að umsókn teljist ekki tæk.

35. gr.

Skilyrði fyrir réttmæti

1. Viðurkenna skal hefðbundið heiti ef:

a) það samræmist skilgreiningunni sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 31. gr. þessarar reglugerðar,

b) heitið samanstendur eingöngu af annað hvort:

   i. heiti sem hefð er fyrir að nota í viðskiptum á stórum hluta yfirráðasvæðis framkvæmdastjórnarinnar eða viðkomandi þriðja lands, til að greina á milli tiltekinna flokka vínræktarafurða sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eða

   ii. þekktu heiti sem hefð er fyrir að nota í viðskiptum, a.m.k. á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis eða þriðja lands, til að greina á milli tiltekinna flokka vínræktarafurða sem um getur í 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

c) heitið skal:

   i. ekki vera almennt,

   ii. vera skilgreint og reglufest í löggjöf aðildarríkisins, eða

   iii. notkunarskilyrði skulu gilda um það í samræmi við reglur sem gilda um vínframleiðendur í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t. reglur sem atvinnugreinasamtök hafa sett.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal hefðbundin notkun merkja:

a) notkun í a.m.k. fimm ár þegar um er að ræða heiti sem skráð eru á þeim tungumálum sem um getur í a-lið 31. gr. þessarar reglugerðar,

b) notkun í a.m.k. fimmtán ár þegar um er að ræða heiti sem skráð eru á þeim tungumálum sem um getur í b-lið 31. gr. þessarar reglugerðar,

3. Að því er varðar i. lið c-liðar 1. mgr. skal almennt heiti merkja hefðbundið heiti, sem hefur orðið almennt heiti vínræktarafurðarinnar sem um ræðir í Bandalaginu, þrátt fyrir að það vísi til tiltekinnar framleiðslu- eða þroskunaraðferðar, gæða, litar, tegundar staðar eða sérstaks viðburðar sem tengist sögu vínræktarafurðarinnar.

4. Skilyrðið, sem er að finna í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, gildir ekki um hefðbundin heiti sem um getur í a-lið 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

36. gr.

Ástæður synjunar

1. Ef umsókn um hefðbundið heiti samræmist ekki skilgreiningunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og kröfunum sem mælt er fyrir um í 31. og 35. gr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna umsækjandanum um ástæður synjunar og gefa honum kost á að draga umsóknina til baka eða breyta henni, eða leggja fram athugasemdir, innan tveggja mánaða frá útgáfudegi tilkynningarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heitið skuli verndað, á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur aðgang að.

2. Ef umsækjandinn ræður ekki bót á hindrunum innan frestsins sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin hafna umsókninni. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna viðkomandi hefðbundnu heiti á grundvelli þeirra skjala og upplýsinga sem hún hefur aðgang að. Tilkynna skal umsækjanda um ákvörðunina um að hafna umsókninni.

3. ÞÁTTUR

Andmælameðferðir

37. gr.

Framlagning andmælabeiðni

1. Aðildarríki eða þriðja land, einstaklingur eða lögaðili sem á lögmætra hagsmuna að gæta getur andmælt fyrirhugaðri viðurkenningu með því að leggja fram andmælabeiðni innan tveggja mánaða frá þeim birtingardegi sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 33. gr.

2. Andmælabeiðnin skal gerð í samræmi við eyðublaðið sem sett er fram í VIII. viðauka og skal lagt fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi. Framlagningardagsetning andmælabeiðni hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal merkja skjölin í andmælabeiðninni með móttökudagsetningu og skrásetningarnúmeri andmælabeiðninnar.

Andmælandinn skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

c) viðtökudagur beiðninnar.

38. gr.

Lögmæti

1. Framkvæmdastjórnin skal, í þeim tilgangi að ákvarða hvort andmæli séu tæk, ganga úr skugga um að í andmælabeiðninni komi fram sá eldri réttur sem gert er tilkall til og ástæðurnar að baki andmælunum og að þau hafi borist framkvæmdastjórninni áður en fresturinn sem um getur í fyrstu málsgrein 37. gr. rann út.

2. Ef andmæli eru lögð fram á grundvelli þess að til er eldra vörumerki sem nýtur orðspors og orðstírs í samræmi við 2. mgr. 41. gr., skulu andmælabeiðninni fylgja sannanir fyrir því að sótt hafi verið um eldra vörumerkið, fyrir skráningu þess eða notkun, t.d. skráningarskírteini þess og sönnun fyrir orðspori þess og orðstír.

3. Allar tilhlýðilega rökstuddar andmælabeiðnir skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings andmælunum, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

Upplýsingarnar og sönnunargögnin sem leggja skal fram til stuðnings þess að eldra vörumerki hafi verið notað skulu fela í sér upplýsingar varðandi staðsetningu, tíma, umfang og eðli notkunar eldra vörumerkisins og um orðspor þess og orðstír.

4. Ef upplýsingarnar um eldri rétt sem gert er tilkall til, ástæðurnar, staðreyndirnar, sönnunargögnin, athugasemdirnar eða fylgiskjölin, sem um getur í 1. til 3. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og andmælabeiðnin eða ef einhver þeirra vantar skal framkvæmdastjórnin tilkynna andmælanda um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna beiðninni sem ótækri. Andmælandanum og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá niðurstöðu að andmælin teljist ekki tæk.

5. Yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um andmælabeiðnir sem teljast tækar.

39. gr.

Athugun andmæla

1. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki beiðni um andmæli í samræmi við 4. mgr. 38. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi um andmælin og gefa þeim kost á að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar tilkynningar. Andmælanda skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við athugun andmæla skal framkvæmdastjórnin fara fram á að aðilar komi athugasemdum á framfæri varðandi orðsendingar frá mótaðilum, ef við á, innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hún fór fram á slíkt.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökin, sem eru með staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða andmælandinn leggja ekki fram athugasemdir á móti eða virðir ekki frestina, skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um andmælin.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að hafna eða viðurkenna viðkomandi hefðbundið heiti á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal taka til athugunar hvort skilyrðin, sem um getur í 1. mgr. 40. gr. eða mælt er fyrir um í 3. mgr. 41. gr. eða 42. gr. séu uppfyllt eða ekki. Andmælandanum og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða atvinnugreinasamtökunum með staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá ákvörðun að hafna andmælum.

4. Ef um er að ræða fleiri en eina beiðni um andmæli er mögulegt að umsóknin um viðurkenningu geti ekki talist tæk eftir að undanfarandi athugun á einni eða fleiri beiðnum um andmæli hefur farið fram og í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin stöðvað aðrar andmælameðferðir tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öðrum andmælendum um allar ákvarðanir sem teknar eru við málsmeðferðina sem hafa áhrif á þá.

Þegar umsókn er hafnað skal líta svo á að andmælameðferðum sem stöðvaðar voru tímabundið sé lokið og viðkomandi andmælendum skal tilkynnt um það.

4. ÞÁTTUR

Vernd

40. gr.

Almenn vernd

1. Ef umsókn uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og í 31. og 35. gr. og henni er ekki hafnað skv. 38. og 39. gr. skal hefðbundna heitið skráð í XII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Hefðbundnu heitin, sem tilgreind eru í XII. viðauka, eru eingöngu vernduð á því tungumáli og í þeim flokkum vínræktarafurða sem tilkall er gert til í umsókninni og gegn:

a) hvers konar misnotkun, jafnvel þótt verndaða heitinu fylgi orðalag eins og t.d. „áþekkur“, „tegund“, „aðferð“, „eins og það er framleitt í“, „eftirlíking“, „bragð“, „gerð“ eða svipað orðalag,

b) allri annarri rangri eða blekkjandi vísun til eðlis, einkenna eða grundvallareiginleika afurðarinnar, á innri eða ytri umbúðum, í auglýsingaefni eða skjölum er varða hana,

c) hvers konar athöfnum, sem eru til þess fallnar að villa um fyrir neytendum, einkum þeim sem gefa til kynna að vínið megi bera verndaða hefðbundna heitið.

41. gr.

Vensl við vörumerki

1. Þegar hefðbundið heiti er verndað samkvæmt þessari reglugerð skal hafna skráningu vörumerkis, sem svarar til einhverra af þeim aðstæðum sem um getur í 40. gr., ef umsóknin um skráningu vörumerkisins varðar ekki vín sem uppfylla tilskildar kröfur til að nota slíkt hefðbundið heiti og er lögð fram eftir dagsetningu framlagningar umsóknarinnar um verndun hefðbundna heitisins til framkvæmdastjórnarinnar og sú umsókn verður til þess að hefðbundna heitinu er veitt vernd.

Ef skráning vörumerkja brýtur gegn ákvæði fyrstu undirgreinar skal hún ógilt eftir að sótt er um hana, í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur eins og tilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB ([1]) eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 40/94 ([2]).

2. Vörumerki, sem svarar til einhverra af þeim aðstæðum sem um getur í 40. gr. þessarar reglugerðar og sótt hefur verið um eða er skráð eða hefur öðlast þegnrétt vegna notkunar, ef kveðið er á um þann möguleika í viðkomandi löggjöf, á yfirráðasvæði Bandalagsins fyrir 4. maí 2002 eða fyrir dagsetningu framlagningar umsóknarinnar um vernd hefðbundna heitisins til framkvæmdastjórnarinnar, má nota áfram og endurnýja þrátt fyrir vernd hefðbundna heitisins.

Í slíkum tilvikum skal heimilt að nota hefðbundna heitið samhliða viðkomandi vörumerki.

3. Heiti skal ekki njóta verndar sem hefðbundið heiti ef slík vernd er líkleg til að villa um fyrir neytendum að því er varðar raunverulegan uppruna vínsins, eðli þess, einkenni eða gæði, í ljósi orðspors og orðstírs vörumerkis.

42. gr.

Einsheiti

1. Heiti, sem umsókn er lögð fram fyrir og sem er að öllu leyti eða að hluta til einsheiti við hefðbundið heiti sem þegar er verndað samkvæmt þessum kafla, skal verndað að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinnar og hefðbundinnar notkunar og ruglingshættu.

Einsheiti sem villir um fyrir neytendum að því er varðar eðli, gæði eða raunverulegan uppruna afurðanna skal ekki skráð, jafnvel þó að heitið sé rétt.

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 25.
([2]) Stjtíð. EB L 11, 14.1.1994, bls. 1.

Notkun á vernduðu einsheiti skal háð því að nægilegur munur sé í raun milli einsheitisins sem verndað er síðar og hefðbundna heitisins sem þegar er skráð í XII. viðauka, með hliðsjón af þeirri nauðsyn að meðhöndla alla viðkomandi framleiðendur á sama hátt og til að komast hjá því að villa um fyrir neytendum.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um hefðbundin heiti sem hlutu vernd fyrir 1. ágúst 2009 og eru að hluta til einsheiti verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar eða heiti vínþrúguyrkis eða samheiti þess sem er að finna í XV. viðauka.

43. gr.

Framfylgd verndarinnar

Að því er varðar beitingu 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, þegar um er að ræða ólöglega notkun verndaðra hefðbundinna heita, þá skulu lögbær landsyfirvöld, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðila, gera allar ráðstafanir til að stöðva setningu viðkomandi afurða á markað, þ.m.t. útflutningur þeirra.

5. ÞÁTTUR

Afturköllunarferli

44. gr.

Ástæður fyrir afturköllun

Ástæður fyrir afturköllun hefðbundins heitis skulu vera að það samræmist ekki lengur skilgreiningunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 eða uppfylli ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í 31. gr., 35. gr., 40. gr. (2. mgr.), 41. gr. (3. mgr.) eða 42. gr.

45. gr.

Framlagning afturköllunarbeiðni

1. Aðildarríki, þriðja land, einstaklingur eða lögaðili, sem á lögmætra hagsmuna að gæta, getur lagt fram tilhlýðilega rökstudda beiðni um afturköllun til framkvæmdastjórnarinnar, sem samræmist eyðublaðinu sem sett er fram í IX. viðauka. Afturköllunarbeiðnina skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina á pappír eða á rafrænu formi. Framlagningardagsetning afturköllunarbeiðninnar hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar beiðnin er færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar. Sú dagsetning skal gerð aðgengileg almenningi með viðeigandi hætti.

2. Framkvæmdastjórnin skal merkja skjölin í afturköllunarbeiðninni með móttökudagsetningu og skrásetningarnúmeri afturköllunarbeiðninnar.

Höfundur afturköllunarbeiðninnar skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna blaðsíðna og

c) viðtökudagur beiðninnar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar framkvæmdastjórnin á frumkvæði að afturkölluninni.

46. gr.

Lögmæti

1. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um eftirfarandi atriði varðandi afturköllunarbeiðni, í þeim tilgangi að ákvarða hvort hún sé tæk:

a) að í henni komi fram lögmætir hagsmunir höfundar afturköllunarbeiðninnar,

b) að í henni komi fram ástæðurnar fyrir afturköllun og

c) að í henni sé vísað til yfirlýsingar þar sem útskýrðir eru lögmætir hagsmunir, ástæður og rökstuðningur höfundar afturköllunarbeiðninnar, frá aðildarríkinu eða þriðja landinu þar sem höfundur beiðninnar hefur búsetu eða er með skráða skrifstofu.

2. Allar afturköllunarbeiðnir skulu innihalda upplýsingar um staðreyndir, sönnunargögn og athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings afturkölluninni, ásamt viðeigandi fylgiskjölum.

3. Ef ítarlegar upplýsingar um ástæðurnar, staðreyndirnar, sönnunargögnin og athugasemdirnar, sem og fylgiskjölin, sem um getur í 1. og 2. mgr., eru ekki lögð fram á sama tíma og afturköllunarbeiðnin skal framkvæmdastjórnin upplýsa höfund afturköllunarbeiðninnar um það og gefa honum kost á að ráða bót á þeim ágöllum sem um ræðir innan tveggja mánaða. Ef ekki er ráðin bót á ágöllunum fyrir þann tíma skal framkvæmdastjórnin hafna beiðninni sem ótækri. Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða höfundi afturköllunarbeiðninnar sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi skal tilkynnt um þá niðurstöðu að beiðnin teljist ekki tæk.

4. Ef beiðni um afturköllun telst tæk, þ.m.t. ef framkvæmdastjórnin hefur afturköllunarferli að eigin frumkvæði, skal tilkynna það yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða höfundi beiðninnar um afturköllun sem hefur staðfestu í þriðja landinu þar sem hefðbundið heiti verður fyrir áhrifum vegna afturköllunarinnar.

47. gr.

Athugun á afturköllun

1. Ef framkvæmdastjórnin hafnar ekki afturköllunarbeiðni í samræmi við 3. mgr. 46. gr. skal hún tilkynna yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjanda, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, um beiðnina um afturköllun og gefa honum kost á því að leggja fram athugasemdir innan tveggja mánaða frá útgáfudegi slíkrar tilkynningar. Höfundi afturköllunarbeiðninnar skal tilkynnt um allar athugasemdir sem berast á þessu tveggja mánaða tímabili.

Við athugun á afturköllun skal framkvæmdastjórnin fara fram á að aðilar komi athugasemdum á framfæri varðandi orðsendingar frá mótaðilum, ef við á, innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hún fór fram á slíkt.

2. Ef yfirvöld aðildarríkisins eða þriðja landsins eða umsækjandinn, sem hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi, eða höfundur afturköllunarbeiðninnar leggur ekki fram athugasemdir á móti eða virðir ekki frestina skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð um afturköllunina.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að fella viðkomandi hefðbundin heiti úr gildi á grundvelli þeirra sönnunargagna sem hún hefur aðgang að. Hún skal taka til athugunar hvort skilyrðin, sem um getur í 44. gr. séu ekki lengur uppfyllt.

Höfundi afturköllunarbeiðninnar og yfirvöldum aðildarríkisins eða þriðja landsins sem um er að ræða skal tilkynnt um ákvörðunina um afturköllun.

4. Ef um er að ræða fleiri en eina beiðni um afturköllun er mögulegt að ekki sé lengur hægt að vernda hefðbundið heiti eftir að undanfarandi athugun á einni eða fleiri slíkum beiðnum hefur farið fram og í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin stöðvað önnur afturköllunarferli tímabundið. Framkvæmdastjórnin skal þá tilkynna öðrum höfundum afturköllunarbeiðna um allar ákvarðanir sem teknar eru við ferlið sem hafa áhrif á þá.

Þegar hefðbundið heiti er fellt úr gildi skal líta svo á að afturköllunarferlum, sem stöðvuð voru tímabundið, sé lokið og höfundum viðkomandi afturköllunarbeiðni skal tilkynnt um það.

5. Þegar afturköllun tekur gildi skal framkvæmdastjórnin fjarlægja viðkomandi heiti af skránni sem sett er fram í XII. viðauka.

6. ÞÁTTUR

Vernduð hefðbundin heiti sem þegar eru fyrir hendi

48. gr.

Vernduð hefðbundin heiti sem þegar eru fyrir hendi

Hefðbundin heiti sem njóta verndar í samræmi við 24., 28. og 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 753/2002 skulu sjálfkrafa njóta verndar samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að:

a) samantekt á skilgreiningunni eða notkunarskilyrðunum hafi verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. maí 2009,

b) Aðildarríkin eða þriðju löndin hafi ekki hætt að vernda tiltekin hefðbundin heiti.

IV. KAFLI

MERKING OG KYNNING

49. gr.

Sameiginlegar reglur um allar upplýsingar á merkingum

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð má ekki bæta við neinum upplýsingum í merkingum afurðanna, sem um getur í 1.–11. lið og 13., 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 (hér á eftir nefndar „afurðir“), öðrum en þeim sem kveðið er á um í 58. gr. og fjallað er um í 1. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 60. gr. þeirrar reglugerðar, nema þær uppfylli kröfur a-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2000/13/EB.

1. ÞÁTTUR

Lögboðnar upplýsingar

50. gr.

Framsetning á lögboðnu upplýsingunum

1. Lögboðnar upplýsingar sem um getur í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, sem og þær sem taldar eru upp í 59. gr. þeirrar reglugerðar, skulu koma fram á sama sjónsviði á ílátinu þannig að hægt sé að lesa þær samtímis án þess að nauðsynlegt sé að snúa ílátinu.

Þó mega lögboðnar upplýsingar um lotunúmer og þær upplýsingar sem um getur í 51. gr. og 4. mgr. 56. gr. þessarar reglugerðar koma fram utan sjónsviðsins þar sem aðrar lögboðnar upplýsingar koma fram.

2. Lögboðnu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., og þær sem gilda með skírskotun til lagagerninganna sem nefndir eru í 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu settar fram með óafmáanlegum stöfum og skulu skýrt aðgreindar frá nærliggjandi texta eða myndum.

51. gr.

Beiting tiltekinna þverlægra reglna

1. Ef eitt eða fleiri af innihaldsefnunum sem skráð eru í III. viðauka a við tilskipun 2000/13/EB er að finna í einni af afurðunum, sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, skal tilgreina þau á merkimiðanum og setja á undan þeim orðið „inniheldur“. Eftirfarandi heiti má nota fyrir súlfít: „súlfít“ eða „brennisteinstvíoxíð“.

2. Til viðbótar við merkingarskylduna, sem um getur í 1. mgr., má nota skýringarmyndina sem sýnd er í X. viðauka við þessa reglugerð.

52. gr.

Setning á markað og útflutningur

1. Þegar merkimiðar eða framsetning afurða samræmist ekki samsvarandi skilyrðum eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð má ekki setja þær á markað í Bandalaginu eða flytja þær út.

2. Þegar viðkomandi afurðir eru ætlaðar til útflutnings geta aðildarríkin, þrátt fyrir V. og VI. kafla reglugerðar (EB) nr. 479/2008, leyft að upplýsingar, sem samræmast ekki reglum um merkingar sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins, komi fram á merkimiðum vína sem ætluð eru til útflutnings þegar þess er krafist í löggjöf viðkomandi þriðja lands. Þessar upplýsingar mega koma fram á öðrum tungumálum en opinberum tungumálum Bandalagsins.

53. gr.

Bann við hettum eða þynnum sem innihalda blý

Lokunarbúnaðinn fyrir afurðir sem um getur í 49. gr. má ekki hylja með hettum eða þynnum sem innihalda blý.

54. gr.

Raunverulegur alkóhólstyrkleiki

1. Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, sem um getur í c-lið 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, í heilum og hálfum prósentum.

Tölum skal fylgja merkingin „% *miðað við rúmmál*“ og á undan henni má setja orðin „*raunverulegur alkóhólstyrkleiki*“, „*raunverulegt alkóhól*“ eða „*alk*“.

Með fyrirvara um vikmörk í tilvísunargreiningaraðferð sem beitt er má styrkleiki ekki víkja meira en sem nemur 0,5% miðað við rúmmál frá niðurstöðum greiningar. Þó má alkóhólstyrkleiki afurða með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem geymdar hafa verið á flösku í meira en þrjú ár, freyðivína, gæðafreyðivína, loftblandaðra freyðivína, hálffreyðandi vína, loftblandaðra hálffreyðandi vína, líkjörvína og vína úr ofþroskuðum þrúgum, með fyrirvara um vikmörk í þeirri tilvísunargreiningaraðferð sem er notuð, ekki víkja meira en sem nemur 0,8% miðað við rúmmál frá niðurstöðum greiningar.

2. Tilgreina skal raunverulegan alkóhólstyrkleika á merkimiðanum með tölustöfum sem eru a.m.k. 5 mm háir ef nafnrúmmál er meira en 100 cl, a.m.k. 3 mm háir ef það er jafnt og eða minna en 100 cl en þó meira en 20 cl og 2 mm háir ef það er 20 cl eða minna.

55. gr.

Upplýsingar um uppruna

1. Upplýsingar um uppruna, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skulu tilgreindar á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar vín sem um getur í 1., 2. og 3. lið, 7.–9. lið og 15. og 16. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og eru án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar, með einhverju af eftirfarandi:

   i. „*vín frá* (…)“, „*framleitt í* (…)“, eða „*afurð frá* (…)“ eða samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem þrúgurnar eru tíndar og vín unnið úr þeim.

   Ef um er að ræða vín frá svæði sem nær yfir landamæri, sem er framleitt úr tilteknum vínþrúguyrkjum eins og um getur í c-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, má eingöngu tilgreina heiti eins eða fleiri aðildarríkja eða þriðju landa.

ii. að því er varðar vín sem eru framleidd með blöndun á vínum sem eru upprunnin í nokkrum aðildarríkjum, annaðhvort með orðunum „*vín frá Evrópubandalaginu*“, eða samsvarandi hugtökum, eða „*blanda úr vínum frá mismunandi löndum Evrópubandalagsins*“ eða

að því er varðar vín sem eru framleidd með blöndun á vínum sem eru upprunnin í nokkrum þriðju löndum, með orðunum „*blanda úr vínum frá mismunandi löndum utan Evrópubandalagsins*“ eða „*blanda frá* (…)“ og þar á eftir skal setja heiti viðkomandi þriðju landa,

iii. að því er varðar vín sem eru framleidd í aðildarríki úr þrúgum sem eru tíndar í öðru aðildarríki, annaðhvort með orðunum „*vín frá Evrópubandalaginu*“, eða samsvarandi hugtökum, eða „*vín fengið í (...) úr þrúgum sem voru tíndar í* (…)“, og tilgreina skal heiti hlutaðeigandi aðildarríkja, eða

að því er varðar vín sem eru framleidd í þriðja landi úr þrúgum sem eru tíndar í öðru þriðja landi, með orðunum „*vín fengið í (...) úr þrúgum sem voru tíndar í* (…)“ og tilgreina skal heiti viðkomandi þriðju landa,

b) að því er varðar vín sem um getur í 4., 5. og 6. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 og eru án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar, með einhverju af eftirfarandi:

i. „*vín frá* (…)“, „*framleitt í* (…)“, „*afurð frá* (…)“ eða „gæðafreyðivín frá (…)“ eða samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem þrúgurnar eru tíndar og vín unnið úr þeim,

ii. „*framleitt í* (…)“, eða samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins þar sem eftirgerjun fer fram,

c) að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu, með orðunum „*vín frá* (…)“, „*framleitt í* (…)“ eða „*afurð frá* (…)“, eða samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem þrúgurnar eru tíndar og vín unnið úr þeim.

Þegar um er að ræða verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu sem nær yfir landamæri skal eingöngu tilgreina heiti eins eða fleiri aðildarríkja eða þriðju landa.

Ákvæði þessarar málsgreinar hafa ekki áhrif á ákvæði 56. og 67. gr.

2. Að því er varðar þrúgumust, þrúgumust í gerjun, þrúgumustsþykkni eða ný vín enn í gerjun skulu upplýsingar um uppruna, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, tilgreindar á merkimiðum á eftirfarandi hátt:

a) „*must frá* (…)“ eða „*must framleitt í* (….)“ eða með samsvarandi hugtökum, að viðbættu heiti aðildarríkisins eða einstaks lands sem er hluti af aðildarríkinu þar sem afurðin er framleidd.

b) að því er varðar blöndun afurða sem eru framleiddar í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, með orðunum „*blanda úr afurðum tveggja eða fleiri landa Evrópubandalagsins*“,

c) að því er varðar þrúgumust sem er ekki framleitt í aðildarríkinu þar sem þrúgurnar, sem voru notaðar, voru tíndar, með orðunum „*must fengið í (...) úr þrúgum sem voru tíndar í* (…)“.

3. Þegar um er að ræða Breska konungsríkið má setja, í stað heitis aðildarríkisins, heiti einstaks lands sem er hluti af Breska konungsríkinu.

56. gr.

Upplýsingar um átappara, framleiðanda, innflytjanda og seljanda

1. Að því er varðar beitingu e- og f-liðar 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og þessarar greinar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „*átappari*“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila sem stundar *átöppun* eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum,

b) „*átöppun*“: það að tappa viðkomandi afurð á ílát, sem rúma *mest* 60 lítra, til að bjóða megi hana til sölu,

c) „*framleiðandi*“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila sem vinnur freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín úr þrúgum, þrúgumusti og víni eða lætur slíkt fara fram á sínum vegum,

d) „*innflytjandi*“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila með staðfestu innan Bandalagsins sem ber ábyrgð á að koma í dreifingu vörum frá löndum utan Bandalagsins í skilningi 8. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ([1]),

e) „*seljandi*“: einstaklingur eða lögaðili eða hópur einstaklinga eða lögaðila sem fellur ekki undir skilgreiningu á framleiðanda og sem kaupir freyðivín, loftblandað freyðivín, gæðafreyðivín eða ilmríkt gæðafreyðivín og setur í dreifingu,

f) „*heimilisfang*“: upplýsingar um staðbundna stjórnsýslusvæðið og aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa átapparans, framleiðandans, seljandans eða innflytjandans er staðsett.

2. Við nafn og heimilisfang átapparans skal bæta annað hvort:

a) orðunum „*átappari*“ eða „(…)*annaðist átöppun*“, eða

([1]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1.

b) orðum, sem aðildarríkin skilgreina notkunarskilyrðin fyrir, þegar átöppun vína með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu á sér stað:

i. á bújörð framleiðandans,

ii. á athafnasvæði framleiðsluhóps eða

iii. í fyrirtæki sem er staðsett á viðkomandi afmörkuðu landfræðilegu svæði eða mjög nálægt viðkomandi afmörkuðu landfræðilegu svæði.

Við upplýsingar um átappara skal bæta orðunum „*átöppun fyrir* (…)“ þegar átöppun fer fram samkvæmt samningi eða orðunum „*átöppun fyrir (...) annaðist* (…)“ þar sem fram koma upplýsingar um nafn og heimilisfang þess sem annaðist átöppunina fyrir þriðja aðila.

Þegar átöppun á sér stað annars staðar en hjá átapparanum skal fylgja upplýsingunum, sem um getur í þessari málsgrein, nákvæm tilvísun á þann stað þar sem starfsemin fór fram og, ef hún fer fram í öðru aðildarríki, heiti þess ríkis.

Þegar um er að ræða önnur ílát en flöskur skulu orðin „*pökkunaraðili*“ og ‘*pökkun annaðist* (…)“ koma í stað orðanna „*átappari*“ og „*átöppun annaðist* (…)“, eftir því sem við á, nema þegar slíkur greinarmunur er ekki gerður á því tungumáli sem notað er.

3. Við upplýsingar um heiti og heimilisfang framleiðandans skal bæta orðunum „*framleiðandi*“ eða „*framleitt af*“ og „*seljandi*“ eða „*selt af*“, eða samsvarandi hugtökum. Aðildarríki geta krafist þess að tilgreindar séu upplýsingar um framleiðanda.

4. Á undan *heiti* og heimilisfangi innflytjanda skal setja orðin „*innflytjandi*“ eða „*innflutt af* (…)“.

5. Merkingarnar, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., má setja fram saman ef þær varða sama einstakling eða lögaðila.

Í stað einnar af þessum merkingum má setja kóða sem skal ákvarðaður í því aðildarríki þar sem aðalskrifstofa átappara, framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er staðsett. Við kóðann skal bæta tilvísun til viðkomandi aðildarríkis. Nafn og heimilisfang annars einstaklings eða lögaðila, sem á þátt í dreifingu í viðskiptaskyni og sem er ekki átappari, framleiðandi, innflytjandi eða seljandi, sem vísað er til með kóða, skal einnig koma fram á merkimiða viðkomandi afurða úr víngeiranumr.

6. Ef nafn eða heimilisfang átappara, framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er samsett úr eða inniheldur verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu skal það koma fram á merkimiðanum með eftirfarandi hætti:

a) með letri sem er í mesta lagi helmingur af stærð þess leturs sem notað er fyrir annað hvort vernduðu upprunatáknunina eða vernduðu landfræðilegu merkinguna eða fyrir tilgreiningu á flokki viðkomandi vínræktarafurðar, eða

b) með því að nota kóða eins og kveðið er á um í öðrum undirlið 5. mgr.

Aðildarríkin geta ákveðið hvor valkosturinn á við um afurðir sem framleiddar eru á yfirráðasvæði þeirra.

57. gr.

Upplýsingar um bújörð

1. Hugtökin sem vísa til bújarðar og talin eru upp í XIII. viðauka, að undanskildu heiti átapparans, framleiðandans eða seljandans, skulu frátekin fyrir vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu, að því tilskildu að:

a) vínið sé eingöngu gert úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem viðkomandi bújörð nýtir,

b) vínframleiðslan fari eingöngu fram á bújörðinni,

c) aðildarríki reglufesti notkun sína á viðkomandi hugtökum sem talin eru upp í XIII. viðauka. Þriðju lönd komi á fót reglum um notkun viðkomandi hugtaka sinna sem talin eru upp í XIII. viðauka, þ.m.t. þau sem koma frá atvinnugreinasamtökum.

2. Aðrir rekstraraðilar, sem eiga þátt í markaðssetningu afurðarinnar, mega aðeins nota heiti bújarðar þegar viðkomandi bújörð gefur samþykki um þá notkun.

58. gr.

Upplýsingar um sykurinnihald

1. Hugtökin, sem talin eru upp í A-hluta XIV. viðauka við þessa reglugerð og notuð eru til að tilgreina sykurinnihaldið, skulu koma fram á merkimiðum þeirra afurða sem kveðið er á um í g-lið 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

2. Ef sykurinnihald afurðanna, gefið upp sem frúktósi og glúkósi (þ.m.t. súkrósi, ef við á), er slíkt að hægt er að nota tvö af þeim hugtökum sem talin eru upp í A-hluta XIV. viðauka skal aðeins velja annað þeirra tveggja hugtaka.

3. Með fyrirvara um notkunarskilyrðin sem lýst er í A-hluta XIV. viðauka má sykurinnihaldið ekki víkja meira en 3 grömm á lítra frá því sem tilgreint er á merkimiða afurðarinnar.

59. gr.

Undanþágur

Í samræmi við b-lið 3. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 má sleppa orðunum „*vernduð upprunatáknun*“ fyrir vín með eftirfarandi verndaðar upprunatáknanir, að því tilskildu að þessi möguleiki sé reglufestur í löggjöf aðildarríkisins eða í gildandi reglum viðkomandi þriðja lands, þ.m.t. þær reglur sem koma frá atvinnugreinasamtökum.

a)	Kýpur:	„Κουμανδαρία“ (Commandaria),
b)	Grikkland:	Σάμος (Samos)
c)	Spánn:	Cava, Jerez, Xérès eða Sherry, Manzanilla,
d)	Frakkland:	Champagne,
e)	Ítalía:	Asti, Marsala, Franciacorta,
f)	Portúgal:	Madeira eða Madère, Port eða Porto.

60. gr.

Sértækar reglur um loftblönduð freyðivín, loftblönduð, hálffreyðandi vín og gæðafreyðivín

1. Við orðin „*loftblandað freyðivín*“ og „*loftblandað, hálffreyðandi vín*“, eins og um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008 skal bæta, með letri af sömu gerð og stærð, orðinu „*koltvísýringsbætt*“, nema þegar ljóst er af því orðalagi sem notað er að koltvísýringi hafi verið bætt við.

Orðið „*koltvísýringsbætt*“ skal koma fram jafnvel þegar ákvæði 2. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 gilda.

2. Þegar um er að ræða gæðafreyðivín má sleppa tilvísun í flokk vínræktarafurðarinnar þegar orðið „*Sekt*“ kemur fram á merkimiða viðkomandi vína.

2. ÞÁTTUR

Valkvæðar upplýsingar

61. gr.

Árgangur

1. Árganginn, sem um getur í a-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, má tilgreina á merkimiðum afurða eins og um getur í 49. gr., að því tilskildu að a.m.k. 85% þrúgnanna, sem notaðar eru í framleiðslu afurðanna, hafi verið tíndar á viðkomandi ári. Þetta gildir ekki um:

a) það afurðamagn sem notað er til sætunar, í „*expedition-líkjör*“ eða „*tirage-líkjör*“ eða

b) það afurðamagn sem um getur í e- og f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008.

2. Þegar um er að ræða afurðir sem hefð er fyrir að framleiða úr þrúgum sem eru tíndar í janúar- eða febrúarmánuði skal tilgreina almanaksárið á undan sem árgang á merkimiðanum.

3. Afurðir án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar skulu einnig uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og í 63. gr.

62. gr.

Heiti vínþrúguyrkja

1. Heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra sem um getur í b-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, sem notuð eru í framleiðslu á afurðum sem um getur í 49. gr. þessarar reglugerðar mega koma fram á merkimiðum viðkomandi afurða samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið þessarar greinar.

a) Þegar um er að ræða vín sem framleidd eru í Evrópubandalaginu skulu það vera heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra sem nefnd eru í flokkuninni á vínþrúguyrkjum eins og um getur í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

   Þegar um er að ræða aðildarríki sem eru undanþegin flokkunarskuldbindingunni sem kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skulu heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra nefnd í alþjóðlegu skránni yfir vínviðaryrki og samheiti þeirra, sem Alþjóðavínstofnunin hefur umsjón með.

b) Þegar um er að ræða vín sem eru upprunnin í þriðju löndum skulu skilyrði fyrir notkun á heitum vínþrúguyrkjanna eða samheitum þeirra vera í samræmi við reglurnar sem gilda um vínframleiðendur í viðkomandi þriðja landi, þ.m.t. þær reglur sem koma frá atvinnugreinasamtökum, og heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra skulu tilgreind á lista a.m.k. einna eftirfarandi samtaka:

   i. Alþjóðavínstofnunin,

   ii. Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja

   iii. Alþjóðaráðið um erfðaauðlindir plantna (IBPGR).

c) Þegar um er að ræða afurðir með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu þriðja lands, má tilgreina heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra í eftirfarandi tilvikum:

   i. ef aðeins eitt vínþrúguyrki eða samheiti þess er tilgreint skulu a.m.k. 85% viðkomandi afurðar vera framleidd úr því yrki, að undanskildu:

      – því afurðamagni sem notað er til sætunar, í „*expedition-líkjör*“ eða „*tirage-líkjör*“ eða

– því afurðamagni sem um getur í e- og f-lið 3. mgr. IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008.

ii. ef tvö eða fleiri vínþrúguyrki eða samheiti þeirra eru tilgreind skulu 100% viðkomandi afurðar vera framleidd úr þeim yrkjum, að undanskildu:

– því afurðamagni sem notað er til sætunar, í „*expedition-líkjör*“ eða „*tirage-líkjör*“ eða

– því afurðamagni sem um getur í e- og f-lið 3. liðar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008.

Í því tilviki, sem um getur í ii. lið, skulu vínþrúguyrkin tilgreind í lækkandi röð eftir því í hvaða hlutfalli þau eru notuð, með letri í sömu stærð.

d) Þegar um er að ræða afurðir án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar má tilgreina heiti vínþrúguyrkjanna eða samheiti þeirra að því tilskildu að kröfurnar sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið 1. mgr. og í 63. gr. séu uppfylltar.

2. Ef um er að ræða freyðivín eða gæðafreyðivín er heimilt að setja samheitið „*pinot*“ í stað heita vínþrúguyrkjanna sem notuð eru sem viðbót við vörulýsinguna, nánar tiltekið „*pinot blanc*“, „*pinot noir*“, „*pinot meunier*“ eða „*pinot gris*“ og jafngildra heita á öðrum tungumálum Bandalagsins.

3. Þrátt fyrir 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 er aðeins heimilt að tilgreina heiti vínþrúguyrkja og samheiti þeirra, sem talin eru upp í A-hluta XV. viðauka við þessa reglugerð og eru samsett úr eða innihalda verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu, á merkimiða afurðar með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands ef þau voru heimiluð í samræmi við reglur Bandalagsins sem voru í gildi 11. maí 2002 eða á aðildardegi aðildarríkjanna, hvort sem kemur síðar.

4. Heiti vínþrúguyrkjanna og samheiti þeirra, sem talin eru upp í B-hluta XV. viðauka við þessa reglugerð, sem innihalda hluta af verndaðri upprunatáknun eða verndaðri landfræðilegri merkingu og vísa beint til landfræðilega hluta viðkomandi verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar mega einungis koma fram á merkimiða afurðar með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands.

63. gr.

Sértækar reglur um vínþrúguyrki og árganga að því er varðar vín án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin sem bera ábyrgð á því að tryggja vottun eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, í samræmi við viðmiðin sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([1]).

([1]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.

2. Vottun víns á hvaða framleiðslustigi sem er, þ.m.t. við lokafrágang á víninu, skal annað hvort vera í höndum:

a) lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr. eða

b) eins eða fleiri eftirlitsaðila í skilningi 5. liðar í annarri undirgrein 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, sem starfar sem vottunaraðili fyrir afurðir í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. þeirrar reglugerðar.

Yfirvaldið eða yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. skulu leggja fram viðeigandi tryggingar fyrir hlutlægni sinni og óhlutdrægni og hafa tiltækt sérmenntað starfsfólk og þau tilföng sem þarf til að þau geti sinnt hlutverki sínu.

Vottunaraðilarnir sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar skulu virða Evrópustaðal EN 45011 eða ISO/IEC-leiðbeiningar 65 (almennar kröfur vegna aðila sem reka vöruvottunarkerfi) og frá 1. maí 2010 skulu þeir vera faggiltir í samræmi við þann staðal eða þær leiðbeiningar.

Rekstraraðilar sem gangast undir vottun skulu bera kostnaðinn af henni.

3. Málsmeðferð við vottun skal, eins og kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, tryggja að fyrir liggi stjórnsýslulegar sannanir fyrir því að upplýsingarnar um vínþrúguyrkið eða -yrkin og árganginn, sem tilgreindar eru á merkimiða viðkomandi víns eða vína, séu réttar.

Þar að auki geta aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, ákveðið eftirfarandi:

a) að framkvæmd verði skynmatsprófun á lykt og bragði vínsins í því skyni að sannprófa að grundvallareinkenni vínsins séu til komin vegna vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna sem notuð eru og skal nota nafnlaus sýni,

b) að framkvæmd verði greiningarprófun þegar um er að ræða vín sem er framleitt úr aðeins einu vínþrúguyrki.

Málsmeðferðin við vottun skal framkvæmd af lögbæra yfirvaldinu eða yfirvöldunum eða eftirlitsaðilanum eða -aðilunum sem um getur í 1. og 2. mgr., í aðildarríkinu þar sem framleiðslan fór fram.

Vottunin skal fara fram annaðhvort:

a) með slembiathugunum á grundvelli áhættugreiningar,

b) með sýnatöku, eða

c) kerfisbundið.

Ef um er að ræða slembiathuganir skulu þær byggja á eftirlitsáætlun sem yfirvaldið eða yfirvöldin gera fyrirfram og gildir um ólík stig í framleiðsluferli afurðarinnar. Rekstraraðilar skulu upplýstir um eftirlitsáætlunina. Aðildarríkin skulu velja af handahófi lágmarksfjölda rekstraraðila sem skulu gangast undir þessa athugun.

Ef um er að ræða sýnatöku skulu aðildarríki tryggja að fjöldi, eðli og tíðni athugana séu dæmigerð fyrir allt yfirráðasvæði þeirra og séu í hlutfalli við umfang afurða úr víngeiranum sem eru settar á markað eða geymdar með það í huga að setja þær á markað.

Sameina má slembiathuganir og sýnatöku.

4. Að því er varðar a-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skulu aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, tryggja að aðildarríkið þar sem framleiðslan á sér stað hafi samþykkt framleiðendur viðkomandi vína.

5. Aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, skulu tryggja að V. bálki reglugerðar (EB) nr. 555/2008 og reglugerð (EB) nr. 606/2009 sé beitt að því er varðar eftirlit, þ.m.t. rekjanleiki.

6. Ef um er að ræða vín frá svæði sem nær yfir landamæri, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, mega yfirvöld hvors viðkomandi aðildarríkis sem er annast vottun þess.

7. Þegar um er að ræða vín sem framleitt er í samræmi við 2. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, geta aðildarríkin ákveðið að nota hugtakið „*einyrkisvín*“ að viðbættu heiti eða heitum:

a) viðkomandi aðildarríkis eða -ríkja,

b) vínþrúguyrkisins eða -yrkjanna.

Þegar um er að ræða vín án verndaðrar upprunatáknunar, verndaðrar, landfræðilegrar merkingar eða landfræðilegrar merkingar, sem eru framleidd í þriðju löndum og bera á merkimiðanum heiti eins eða fleiri vínþrúguyrkja eða árganginn, geta þriðju löndin ákveðið að nota hugtakið „*einyrkisvín*“ að viðbættu heiti viðkomandi þriðja landsins eða landanna.

Ef heiti aðildarríkisins eða -ríkjanna eða þriðja landsins eða landanna er tilgreint, gilda ákvæði 55. gr. þessarar reglugerðar ekki.

8. Ákvæði 1.–6. mgr. skulu gilda um afurðir sem eru framleiddar úr þrúgum sem eru tíndar á árinu 2009 og síðar.

64. gr.

Upplýsingar um sykurinnihald

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 58. gr. þessarar reglugerðar má tilgreina sykurinnihaldið, sem gefið er upp sem frúktósi og glúkósi, eins og kveðið er á um í B-hluta XIV. viðauka við þessa reglugerð, á merkimiða afurðanna sem um getur í c-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.

2. Ef sykurinnihald afurðanna réttlætir að notuð séu tvö af þeim hugtökum, sem talin eru upp í B-hluta XIV. viðauka við þessa reglugerð, skal aðeins velja annað þeirra tveggja hugtaka.

3. Með fyrirvara um notkunarskilyrðin sem lýst er í B-hluta XIV. viðauka við þessa reglugerð má sykurinnihaldið ekki víkja meira en 1 gramm á lítra frá því sem tilgreint er á merkimiða afurðarinnar.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um afurðir sem um getur í 3., 8. og 9. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008, að því tilskildu að aðildarríkin eða þriðju löndin reglufesti notkunarskilyrðin um tilgreiningu sykurinnihalds.

65. gr.

Upplýsingar um tákn Bandalagsins

1. Tákn Bandalagsins, sem um getur í e-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, mega koma fram á merkimiðum vína eins og mælt er fyrir um í V. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2006 ([1]). Þrátt fyrir 59. gr. má setja í stað merkinganna „*VERNDUÐ UPPRUNATÁKNUN*“ og „*VERNDUÐ, LANDFRÆÐILEG MERKING*“ innan táknanna samsvarandi hugtök á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins eins og mælt er fyrir um í áðurnefndum viðauka.

2. Þegar tákn Bandalagsins eða merkingarnar sem um getur í e-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 koma fram á merkimiða afurðar skal samsvarandi vernduð upprunatáknun eða vernduð, landfræðileg merking fylgja þeim.

66. gr.

Hugtök sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða

1. Í samræmi við f-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 mega vín sem sett eru á markað í Bandalaginu bera merkingar sem vísa til tiltekinna framleiðsluaðferða, þ.m.t. þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar.

2. Merkingarnar, sem taldar eru upp í XVI. viðauka, eru einu hugtökin sem má nota til að lýsa víni með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands sem hefur gerjast, þroskast eða verið geymt í íláti úr viði. Aðildarríki og þriðju lönd geta þó ákveðið aðrar merkingar jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í XVI. viðauka fyrir slík vín.

Heimilt er að nota einhverja af þeim merkingum, sem um getur í fyrstu undirgrein, þegar vínið hefur verið látið þroskast í íláti úr viði í samræmi við gildandi landsreglur, einnig þegar þroskunarferlið heldur áfram í annars konar íláti.

Ekki er heimilt að nota merkingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, til að lýsa víni sem framleitt er með því að nota eikarspæni, einnig þegar það er gert í tengslum við notkun íláts eða íláta úr viði.

3. Orðalagið „*gerjað á flösku*“ má aðeins nota til að lýsa freyðivínum, með verndaða upprunatáknun eða verndaða, landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands, eða gæðafreyðivínum, að því tilskildu að:

a) afurðin hafi verið gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flösku,

([1]) Stjtíð. ESB L 369, 23.12.2006, bls. 1.

b) framleiðsluferlið, þ.m.t. þroskun í framleiðslustöð afurðarinnar, talið frá upphafi gerjunar, sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi, hafi ekki verið styttra en níu mánuðir,

c) gerjunin sem er ætlað að gera vínlögunina freyðandi og sá tími sem vínlögunin liggur með dreggjunum hafi tekið a.m.k. 90 daga og

d) dreggjarnar séu skildar frá afurðinni með síun í samræmi við aðferð með umhellingaraðferð eða útskotsaðferð.

4. Einungis má nota orðalagið „*gerjað á flösku með hefðbundinni aðferð*“ eða „*hefðbundin aðferð*“ eða „*sígild aðferð*“ eða „*sígild hefðbundin aðferð*“ til að lýsa freyðivínum með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands, eða gæðafreyðivínum, að því tilskildu að afurðin:

a) hafi verið gerð freyðandi með seinni alkóhólgerjun í flöskunni,

b) hafi legið stöðugt með dreggjunum í a.m.k. níu mánuði hjá sömu framleiðslustöð frá myndun vínlögunarinnar,

c) hafi verið aðskilin frá dreggjunum með útskotsaðferð.

5. Einungis má nota orðalagið „*crémant*“ til að lýsa hvítum eða rósagæðafreyðivínum með verndaða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu þriðja lands, að því tilskildu að:

a) þrúgurnar séu handtíndar,

b) vínið sé framleitt úr musti sem fengið er með því að pressa heilar þrúgur eða þrúgur sem hafa verið teknar af stilkunum. Í mesta lagi má framleiða 100 lítra af musti úr hverjum 150 kg. af þrúgum,

c) hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sé ekki meira en 150 mg/l,

d) sykurinnihald sé minna en 50 g/l,

e) vínið uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. og

f) með fyrirvara um 67. gr. skal tilgreina hugtakið „*crémant*“ á merkimiða gæðafreyðivína ásamt heiti landfræðilegu einingarinnar sem liggur til grundvallar afmarkaðs svæðis viðkomandi verndaðrar upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar þriðja lands.

Ákvæði a- og f-liðar gilda ekki um framleiðendur sem eiga vörumerki sem innihalda hugtakið „*crémant*“ og eru skráð fyrir 1. mars 1986.

6. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007([1]) gildir um tilvísanir til lífrænnar framleiðslu þrúgna.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

67. gr.

Heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni og tilvísunum til landfræðilegs svæðis

1. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og með fyrirvara um 55. og 56. gr. þessarar reglugerðar er eingöngu heimilt að tilgreina heiti landfræðilegrar einingar og birta tilvísanir til landfræðilegs svæðis á merkimiðum vína með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu eða landfræðilega merkingu þriðja lands.

2. Ef nota á heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni, skal viðkomandi landfræðileg eining vera vel skilgreind. Aðildarríkin geta komið á reglum varðandi notkun þessara landfræðilegu eininga. Að minnsta kosti 85% þrúgnanna sem vínið er framleitt úr skulu vera upprunnar í viðkomandi minni landfræðilegri einingu. Þau 15% þrúgnanna sem eftir eru skulu vera upprunnin á hinu afmarkaða landfræðilega svæði viðkomandi upprunatáknunar eða landfræðilegrar merkingar.

Þegar um er að ræða skráð vörumerki eða vörumerki, sem hafa öðlast þegnrétt vegna notkunar fyrir 11. maí 2002 og sem innihalda eða samanstanda af heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni og tilvísana til landfræðilegs svæðis í viðkomandi aðildarríkjum, geta aðildarríkin ákveðið að beita ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í þriðja og fjórða málslið fyrstu undirgreinar.

3. Heiti landfræðilegrar einingar, sem er minni eða stærri en svæðið sem liggur til grundvallar upprunatáknuninni eða landfræðilegu merkingunni eða tilvísana til landfræðilegs svæðis skal samanstanda af heiti:

a) staðar eða einingar sem nær yfir fleiri slíka staði,

b) staðbundins stjórnsýslusvæðis eða hluta þess,

c) undirhéraðs vínræktarsvæðis eða hluta þess.

d) stjórnsýslusvæðis.

3. ÞÁTTUR

Reglur um tilteknar, sérstakar laganir á flöskum og lokunarbúnað og viðbótarákvæði sem aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, mæla fyrir um

68. gr.

Notkunarskilyrði sem gilda um tilteknar laganir á flöskum

Til að skrá megi tiltekna gerð af flösku á skrána yfir sérstakar gerðir af flöskum sem sett er fram í XVII. viðauka, verður hún að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) hún verður að hafa verið í raunverulegri, hefðbundinni notkun síðastliðin 25 ár, eingöngu fyrir ákveðið vín með tiltekna verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu og

b) notkun hennar verður að minna neytendur á vín með tiltekna verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu.

Í XVII. viðauka er að finna þau skilyrði sem gilda um notkun viðurkenndra, tiltekinna gerða af flöskum.

69. gr.

Reglur um framsetningu tiltekinna afurða

1. Aðeins má setja freyðivín, gæðafreyðivín og ilmrík gæðafreyðivín á markað eða flytja út í „*freyðivínsflöskum*“ úr gleri sem er lokað með:

a) svepplaga tappa úr korki eða annars konar efni, sem má komast í snertingu við matvæli, sem er haldið á sínum stað með festingu sem er, ef nauðsyn krefur, hulin af loki og hjúpuð með þynnu sem þekur tappann og allan flöskuhálsinn eða hluta hans, þegar um er að ræða flöskur sem eru yfir 0,20 lítrar að nafnrúmmáli,

b) annars konar viðeigandi lokunarbúnaði þegar um er að ræða flöskur sem eru minna en 0,20 lítrar að nafnrúmmáli.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að krafan sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skuli gilda um:

a) afurðir sem hefð er fyrir að setja á slíkar flöskur og sem:

i. eru taldar upp í a-lið 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,

ii. eru taldar upp í 7., 8. og 9. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 479/2008,

iii. eru taldar upp í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/1991 ([1]); eða

iv. hafa raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur 1,2% eða minna miðað við rúmmál,

b) aðrar afurðir en þær sem um getur í a-lið, að því tilskildu að þær villi ekki um fyrir neytendum að því er varðar eðli afurðarinnar.

70. gr.

Viðbótarákvæði aðildarríkja, sem eru framleiðsluríki, varðandi merkingu og kynningu

1. Að því er varðar vín með verndaða upprunatáknun eða verndaða landfræðilega merkingu, sem framleidd eru á yfirráðasvæði aðildarríkis, má gera þau atriði sem um getur í 61., 62. og 64.–67. gr. skyldubundin, banna þau eða takmarka með því að setja strangari skilyrði en mælt er fyrir um í þessum kafla, með samsvarandi forskriftum fyrir afurðir úr viðkomandi vínum.

2. Aðildarríkin geta gert þau atriði, sem um getur í 64. og 66. gr., skyldubundin að því er varðar vín án verndaðrar upprunatáknunar eða verndaðrar landfræðilegrar merkingar sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra.

3. Aðildarríkin geta í eftirlitsskyni ákveðið að skilgreina og reglufesta önnur atriði en þau sem eru talin upp í 1. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 að því er varðar vín sem framleidd eru á yfirráðasvæði þeirra.

4. Aðildarríkin geta í eftirlitsskyni ákveðið að 58., 59. og 60. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skuli gilda um vín sem átöppuð eru á yfirráðasvæði þeirra en hafa enn ekki verið sett á markað eða flutt út.

V. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI, BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

71. gr.

Vínheiti sem vernduð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

1. Framkvæmdastjórnin skal merkja öll skjöl sem berast henni frá aðildarríkjunum, í samræmi við 2. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, sem varða upprunatáknun eða landfræðilega merkingu, eins og um getur í 3. mgr. 51. gr. þeirrar reglugerðar, með viðtökudegi og skrásetningarnúmeri.

Viðkomandi aðildarríki skal fá kvittun fyrir móttöku þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði skulu koma fram:

a) skrásetningarnúmerið,

b) fjöldi móttekinna skjala og

c) viðtökudagur skjalanna.

Framlagningardagsetning hjá framkvæmdastjórninni er sú dagsetning þegar skjölin eru færð inn í póstskrá framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka allar ákvarðanir um að fella upprunatáknun eða landfræðilega merkingu úr gildi í samræmi við 4. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 á grundvelli þeirra skjala sem hún hefur aðgang að skv. 2. mgr. 51. gr. þeirrar reglugerðar.

72. gr.

Tímabundnar merkingar

1. Þrátt fyrir 65. gr. þessarar reglugerðar skulu vín, sem eru með upprunatáknun eða landfræðilega merkingu og þar sem viðkomandi upprunatáknun eða landfræðileg merking uppfyllir kröfurnar, sem um getur í 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, merkt í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í IV. kafla þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

2. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að veita upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu ekki vernd í samræmi við 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 skal taka vín sem merkt eru í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar af markaðinum eða merkja þau á ný í samræmi við IV. kafla þessarar reglugerðar.

73. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal gilda um vínheiti sem aðildarríkin hafa viðurkennt sem upprunatáknun eða landfræðilega merkingu eigi síðar en 1. ágúst 2009, sem framkvæmdastjórnin hefur ekki birt í samræmi við 5. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 eða 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 753/2002.

2. Málsmeðferðin, sem um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, skal gilda um allar breytingar á forskriftinni fyrir afurðina er varða vínheiti, sem eru vernduð skv. 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, eða vínheiti sem ekki eru vernduð skv. 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 og sem hafa verið lögð fyrir aðildarríkið í síðasta lagi 1. ágúst 2009, að því tilskildu að aðildarríkið hafi tekið ákvörðun um að viðurkenna heitið og sent framkvæmdastjórninni tækniskjal, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, í síðasta lagi 31. desember 2011.

3. Aðildarríki, sem ekki hafa innleitt nauðsynleg lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði til að fara að 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 fyrir 1. ágúst 2009, skulu gera svo fyrir 1. ágúst 2010. Þar til að því kemur gilda ákvæði 9., 10., 11. og 12. gr. að breyttu breytanda sem „undanfarandi landsbundin málsmeðferð“ eins og um getur í 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008, í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

4. Setja má vín, sem sett eru á markað eða merkt fyrir 31. desember 2010 og eru í samræmi við viðkomandi ákvæði sem eru í gildi fyrir 1. ágúst 2009, á markað þar til birgðir eru uppurnar.

74. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 1607/2000 og (EB) nr. 753/2002 eru hér með felldar úr gildi.

75. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

UMSÓKN UM SKRÁNINGU UPPRUNATÁKNUNAR EÐA LANDFRÆÐILEGRAR MERKINGAR

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) .....

Umsóknin er lögð fram á eftirfarandi tungumáli .....

Skrásetningarnúmer .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Umsækjandi

Nafn lögaðila eða einstaklings .....

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Réttarstaða, umfang og samsetning *(ef um er að ræða lögaðila)* .....

Ríkisfang

Sími, bréfasími, tölvupóstur .....

Milliliður

– Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

– Yfirvald þriðja lands (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða .....

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Sími, bréfasími, tölvupóstur .....

Heiti sem á að skrá .....

– Upprunatáknun (*)

– Landfræðileg merking (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Sannanir fyrir því að vernd sé fyrir hendi í þriðja landi .....

Flokkar vínræktarafurða .....
[á lausu blaði]

Forskrift fyrir afurð

Fjöldi blaðsíðna .....

Nafn/nöfn undirritunaraðila .....

Undirritun .....

_____

II. VIÐAUKI

EITT SKJAL

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) .....

Umsóknin er lögð fram á eftirfarandi tungumáli .....

Skrásetningarnúmer .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Umsækjandi

Nafn lögaðila eða einstaklings .....

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Réttarstaða *(ef um er að ræða lögaðila)* .....

Ríkisfang

Milliliður

– Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

– Yfirvald þriðja lands (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða .....

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Heiti sem á að skrá .....

– Upprunatáknun (*)

– Landfræðileg merking (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Lýsing á víninu eða vínunum, ([1]) .....

Upplýsingar um hefðbundin heiti, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 54. gr. ([2]), sem tengjast þessari upprunatáknun eða landfræðilegri merkingu .....

Sérstakar vínfræðilegar vinnsluaðferðir ([3]) .....

Afmarkað svæði .....

Hámarksafrakstur á hektara .....

Viðurkennd vínþrúguyrki .....

Tengsl við landsvæðið ([4]) .....

Frekari skilyrði ([5]) .....

Tilvísanir til forskriftar fyrir afurðina

([1]) Þar með talin tilvísun til afurðanna sem falla undir 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008.
([2]) a-liður 1. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008,
([3]) Valkvætt
([4]) Lýsið sérstöku eðli afurðarinnar og landsvæðisins og orsakatengslunum þar á milli.
([5]) Valkvætt

III. VIÐAUKI

BEIÐNI UM ANDMÆLI GEGN UPPRUNATÁKNUN EÐA LANDFRÆÐILEGRI MERKINGU

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) .....

Tungumálið sem andmælabeiðnin er á .....

Skrárnúmer
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Andmælandi

Nafn lögaðila eða einstaklings .....

Fullt heimilisfang *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Ríkisfang

Sími, bréfasími, tölvupóstur .....

Milliliður

– Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

– Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða .....

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Heiti sem andmælt er .....

– Upprunatáknun (*)

– Landfræðileg merking (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Eldri réttur

– Vernduð upprunatáknun (*)

– Vernduð landfræðileg merking (*)

– Landsbundin landfræðileg merking (*)
[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

  Heiti .....

  Skráningarnúmer .....

  Dagsetning skráningar (DD/MM/ÁÁÁÁ) .....

– Vörumerki

  Tákn

  Skrá yfir afurðir og þjónustu .....

  Skráningarnúmer .....

  Dagsetning skráningar .....

  Upprunaland .....

  Orðstír/orðspor (*) .....
  [(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Ástæður fyrir andmælum

– 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– a-liður 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– b-liður 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– c-liður 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

– d-liður 2. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008 (*)

[(*) Strikið yfir það sem á ekki við]

Útskýringar á ástæðum .....

Nafn undirritunaraðila .....

Undirritun .....

IV. VIÐAUKI

UMSÓKN UM BREYTINGU Á UPPRUNATÁKNUN EÐA LANDFRÆÐILEGRI MERKINGU

Viðtökudagur (DD/MM/ÁÁÁÁ) .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Fjöldi blaðsíðna (að meðtaldri þessari blaðsíðu) .....

Tungumál, sem breytingin er á .....

Skrásetningarnúmer .....
(framkvæmdastjórnin fyllir út)

Milliliður

– Aðildarríki (eitt eða fleiri) (*)

– Yfirvald þriðja lands (valkvætt) (*)
[(*)Strikið yfir það sem á ekki við]

Nafn/nöfn milliliða .....

Fullt heimilisfang eða heimilisföng *(götuheiti og húsnúmer, bær/borg og póstnúmer, land)* .....

Sími, bréfasími, tölvupóstur .....

Heiti

– Upprunatáknun (*)

– Landfræðileg merking (*)
[(*)Strikið yfir það sem á ekki við]

Liður í forskrift fyrir afurð sem breytingin hefur áhrif á

Verndað heiti (*)

Akostné víno	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín sem eftirlitsstofnun flokkar sem gæðavín úr einu eða fleiri yrkjum, eða gæðavín með merkingu og er framleitt úr þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 16 °NM, framleiðsla er ekki umfram hámarksafrakstur á hektara og vínið uppfyllir gæðakröfurnar sem settar eru með sérstakri reglugerð.	
Akostné víno s prívlastkom, að viðbættu: – Kabinetné – Neskorý zber – Výber z hrozna – Bobuľovývýber – Hrozienkový výber – Cibébový výber – L'adový zber – Slamové víno	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín sem eftirlitsstofnun flokkar sem gæðavín með sérstaka eiginleika og uppfyllir gæðakröfurnar sem settar eru í sérstöku reglugerðinni; framleiðsla er ekki umfram hámarksafrakstur á hektara og vínviðaryrkið, uppruni þrúgnanna, náttúrulegt sykurinnihald, þyngd og heilbrigðisskilyrði eru vottuð af starfsmanni eftirlitsstofnunarinnar áður en vinnsla fer fram og banninu við aukningu á styrk náttúrulegs alkóhóls og stillingu á sykurleifum er fylgt. Akostné víno s prívlastkom skiptist í: – *kabinetné víno*: framleitt úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 19 °NM, – *neskorý zber*: framleitt úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 21 °NM, – *výber z hrozna*: framleitt úr fullþroskuðum þrúgum með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 23 °NM og koma úr vandlega völdum klösum, – *bobuľový výber*: framleitt úr handvöldum, ofþroskuðum þrúguklösum sem óþroskaðar og skaddaðar þrúgur hafa verið fjarlægðar úr handvirkt og náttúrulegt sykurinnihald er a.m.k. 26 °NM, – *hrozienkový výber*: eingöngu framleitt úr handvöldum ofþroskuðum þrúgum, með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 28 °NM, – *cibébový výber*: eingöngu framleitt úr handvöldum ofþroskuðum þrúgum sem sýktar eru af *Botrytis cinerea Persoon,* og náttúrulegt sykurinnihald er a.m.k. 28 °NM, – *ľadové víno*: framleitt úr þrúgum sem eru tíndar við mínus 7 °C eða lægra hitastig, þrúgurnar haldast frosnar við tínsluna og vinnsluna og mustið sem fæst er með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM, – *slamové víno*: framleitt úr vel þroskuðum þrúgum sem fyrir vinnslu eru geymdar á mottum úr hálmi eða reyr eða mögulega látnar hanga á snúru í a.m.k. þrjá mánuði og mustið sem fæst er með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 27 °NM.	
Esencia	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með hægri gerjun víns sem fæst án pressunar úr sérvöldum *cibebas*-þrúgum (þrúgum sem eru sýktar af *Botrytis cinerea* Persoon) frá tilgreindri vínekru í Tokajská vinohradnícka oblasť. Vínið skal innihalda a.m.k. 450 g/l af náttúrulegum sykri og 50 g/l af sykurlausum kjarna. Það skal látið þroskast í a.m.k. þrjú ár, þar af a.m.k. tvö ár í viðartunnu.	
Forditáš	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með alkóhólgerjun musts eða víns af sama árgangi frá tilgreindu vínekrunni í Tokajská vinohradnícka oblasť, sem er hellt yfir hrat úr *cibebas*-þrúgum. Það skal látið þroskast í a.m.k. tvö ár, þar af a.m.k. eitt ár í viðartunnu.	
Mášláš	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með alkóhólgerjun musts eða víns af sama árgangi frá tilgreindu vínekrunni í Tokajská vinohradnícka oblasť, sem er hellt yfir *samorodné*- eða *výber*dreggjar. Það skal látið þroskast í a.m.k. tvö ár, þar af a.m.k. eitt ár í viðartunnu.	
Pestovateľský sekt (*)	Slóvakíska	VUT *(4)*	Grundvallarskilyrði fyrir framleiðslu gæðafreyðivíns skulu uppfyllt og síðasti áfangi freyðivínsframleiðslu skal fara fram hjá vínræktanda vínekrunnar þar sem þrúgurnar sem notaðar eru í framleiðslunni eru upprunnar. Allir hlutar vínlögunar „pestovateľský sekt“ skulu koma frá sama vínræktarsvæðinu.	
Samorodné	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með alkóhólgerjun Tokaj-þrúguyrkja frá tilgreindu vínekrunni, á vínræktarsvæðinu Tokajská vinohradnícka oblasť , ef skilyrði fyrir ræktun mikils magns af *cibebas*-þrúgum eru ekki ákjósanleg. Vínið má setja í dreifingu í fyrsta lagi eftir að það hefur verið látið þroskast í tvö ár, þar af a.m.k. eitt ár í viðartunnu.	
Sekt vinohradníckej oblasti (*)	Slóvakíska	VUT *(4)*	Freyðivín fengið úr þrúgum sem eru ræktaðar á vínekrum á vínræktarsvæðum, framleitt með fyrsta og annars stigs gerjun gæðavíns þar sem viðkomandi þrúgur eru ræktaðar eða á aðliggjandi svæðum og grunnskilyrði fyrir framleiðslu gæðafreyðivíns eru uppfyllt.	

Výber (3)(4)(5)(6) putňový	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með alkóhólgerjun eftir að musti með sykurinnihald sem nemur a.m.k. 21 °NM sem kemur frá tilteknu vínekrunni í Tokajská vinohradnícka oblasť eða víni með sömu gæði og af sama árgangi frá tilteknu vínekrunni í Tokajská vinohradnícka oblasť er hellt yfir *cibebas*-þrúgur. Skipta skal „Tokajský výber“ í 3 til 6 „putňový“ eftir magni viðbættra *cibebas*-þrúgna. „Výber“ skal látið þroskast í a.m.k. þrjú ár, þar af a.m.k. tvö ár í viðartunnu.	
Výberová esencia	Slóvakíska	VUT *(1)*	Vín framleitt með alkóhólgerjun *cibebas*-þrúgna. Þrúgurnar eru sérvaldar við tínslu og strax eftir vinnslu er musti frá tilgreindu vínekrunni í Tokajská vinohradnícka oblasť eða víni af sama árgangi með náttúrulegt sykurinnihald sem nemur a.m.k. 180 g/l og 45 g/l af sykurlausum kjarna hellt yfir þær. Það skal látið þroskast í a.m.k. þrjú ár, þar af a.m.k. tvö ár í viðartunnu.	

(*) Ekki er krafist verndar fyrir heitið „sekt“.

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

quality (sparkling) wine	Enska	VUT *(1, 4)*	Vín eða freyðivín sem eru framleidd í Englandi og Wales í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í landslöggjöf þeirra landa. Vín, sem sett eru á markað sem „quality wine“, skulu hafa gengist undir skynmats- og greiningarprófun. Sérstakir eiginleikar þeirra og einkenni ráðast að hluta til af framleiðslusvæðinu, að hluta til af gæðum þrúgnanna sem notaðar eru og að hluta til af færni framleiðandans og vínræktarmannsins.	
Regional (sparkling) wine	Enska	VLM *(1, 4)*	Vín eða freyðivín sem eru framleidd í Englandi og Wales í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í landslöggjöf þeirra landa. „Regional wine“ skal gangast undir mat með skynmatsprófun og greiningu. Eðli þess og einkenni ráðast að hluta til af framleiðslusvæðinu, að hluta til af þrúgunum sem notaðar eru og að hluta til af færni framleiðandans og vínræktarmannsins.	

B-hluti — **Hefðbundin heiti eins og um getur í b-lið 1. mgr. 54 gr. reglugerðar (EB) nr. 479/2008**

BÚLGARÍA

Колекционно *(collection)*	Búlgarska	VUT *(1)*	Vín sem uppfyllir kröfur um „special reserve“ og er látið þroskast á flösku í a.m.k. eitt ár og magn þess er ekki meira en helmingur hlutans sem merktur er „special reserve“.	
Ново *(young)*	Búlgarska	VUT/VLM *(1)*	Vín sem er eingöngu framleitt úr þrúgum úr einni uppskeru og sett á flöskur til ársloka. Það má selja með merkingunni „nýtt“ til 1. mars næsta árs. Í því tilviki skal einnig vera skylt að setja á merkimiðann „sölutímabili lýkur — 1. mars 606/2009.“ Þegar áðurnefndu tímabili lýkur má ekki lengur merkja vínið og bjóða það fram sem „nýtt“ og þær birgðir vínsins sem enn eru á markaðnum skulu merktar á ný eftir 31. mars sama ár í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.	
Премиум *(premium)*	Búlgarska	VLM *(1)*	Vín sem er framleitt úr einu þrúguyrki sem er best að gæðum í allri uppskerunni. Magnið sem framleitt er skal ekki vera meira en sem nemur 1/10 af allri uppskerunni.	
Премиум оук, или първо зареждане в бъчва *(premium oak)*	Búlgarska	VUT *(1)*	Vín sem er látið þroskast í nýjum eikartunnum sem rúma allt að 500 l.	
Премиум резерва *(premium reserve)*	Búlgarska	VLM *(1)*	Vín sem er framleitt úr einu þrúguyrki og er varðveitt magn af besta hluta uppskerunnar.	
Резерва *(reserve)*	Búlgarska	VUT/VLM *(1)*	Vín sem er framleitt úr einu þrúguyrki og er látið þroskast í a.m.k. eitt ár frá nóvembermánuði uppskeruársins.	

Розенталер *(Rosenthaler)*	Búlgarska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt úr þrúguyrkjum sem mælt er með og þyngdarhlutfall sykurinnihalds þeirra er ekki minna en 22% Alkóhólstyrkleiki vínsins skal vera a.m.k. 11% miðað við rúmmál. Eiginleikar þess eru einkum til komnir vegna þess að þrúgumusti eða þrúgumustsþykkni var bætt við a.m.k. 30 dögum áður en það var sent af stað.	
Специална селекция *(special selection)*	Búlgarska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt úr einu þrúguyrki eða blöndu og er látið þroskast í a.m.k. tvö ár frá dagsetningunni sem gefin er upp í forskriftinni fyrir afurðina.	
Специална резерва *(special reserve)*	Búlgarska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt úr einu þrúguyrki eða blöndu og er látið þroskast í a.m.k. eitt ár í eikartunnum frá dagsetningunni sem gefin er upp í forskriftinni fyrir afurðina.	
TÉKKLAND				
Archivní víno	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er sett í dreifingu eftir að a.m.k. þrjú ár eru liðin frá uppskerunni.	
Burčák	Tékkneska	VUT *(1)*	Hlutgerjað þrúgumust með raunverulegt alkóhólinnihald sem er meira en 1% miðað við rúmmál en minna en þrír fimmtu af heildaralkóhólinnihaldinu.	
Klaret	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt úr bláum þrúgum, án þess að hýðið sé látið gerjast.	
Košer, Košer víno	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín framleitt í samræmi við helgisiði gyðinga.	
Labín	Tékkneska	VLM *(1)*	Vín úr bláum þrúgum, framleitt á tékkneska vínræktarsvæðinu án þess að hýðið sé látið gerjast.	
Mladé víno	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er boðið lokaneytendum í síðasta lagi í lok þess almanaksárs þegar uppskera þrúgnanna sem notaðar voru í framleiðslu vínsins fór fram.	
Mešní víno	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt í samræmi við helgisiði kaþólsku kirkjunnar og uppfyllir skilyrði fyrir notkun í kaþólskri messugjörð.	
Panenské víno, Panenská sklizeň	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín úr fyrstu uppskeru vínekrunnar, sem telst vera sú uppskera sem fór fram á þriðja ári eftir að plantað var í vínekruna.	
Pěstitelský sekt (*)	Tékkneska	VUT *(4)*	Freyðivín sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælaskoðunaryfirvöldum og uppfyllir kröfurnar í reglugerðum Evrópubandalagsins um gæðafreyðivín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum úr þrúgum frá vínekru vínræktandans.	
Pozdní sběr	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín, sem er flokkað af tékkneskum landbúnaðar- og matvælaskoðunaryfirvöldum, sem er framleitt úr þrúgum sem tíndar eru á tilgreindri vínekru á viðkomandi svæði; framleiðsla er ekki umfram afrakstur á hektara; sykurinnihald þrúgnanna sem vínið er framleitt úr nam a.m.k. 21º NM, uppskera þrúgnanna og framleiðsla vínsins, að átöppun undanskilinni, fóru fram á viðkomandi vínræktarsvæði, vínið samræmist gæðakröfum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarlöggjöfinni.	
Premium	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín með ákveðna umsögn (flokkun þrúgna, val á þrúgum eða val á þurrkuðum þrúgum), a.m.k. 30% þrúgnanna sem vínið er framleitt úr höfðu orðið fyrir áhrifum af eðalmyglunni *Botrytis cinerea* P.	
Rezerva	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er látið þroskast a.m.k. í 24 mánuði í viðartunnu og síðan á flösku; rauðvín skal látið þroskast í a.m.k. 12 mánuði í tunnu og hvítvín eða rósavín skal látið þroskast í 6 mánuði í tunnu.	

Růžák, Ryšák	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt úr blöndu af þrúgum eða þrúgumusti úr hvítum eða, ef nauðsyn krefur, rauðum eða bláum þrúgum.	
Zrálo na kvasnicích, Krášleno na kvasnicích, Školeno na kvasnicích	Tékkneska	VUT *(1)*	Vín sem er geymt á dreggjunum í a.m.k. sex mánuði á meðan á framleiðslu stendur.	

(*) Ekki er krafist verndar fyrir heitið „sekt“.

ÞÝSKALAND

Affentaler	Þýska	VUT *(1)*	Upprunatáknun fyrir rautt gæðavín og Prädikatswein framleitt úr Blauer Spätburgunder vínþrúguyrkinu frá svæðunum Altschweier, Bühl, Eisental og Neusatz í bænum Bühl í Bühlertal og einnig frá Neuweier-svæðinu í bænum Baden-Baden.	
Badisch Rotgold	Þýska	VUT *(1)*	Vín sem er framleitt með því að blanda hvítum vínþrúgum, einnig krömdum, saman við rauðar vínþrúgur frá tilgreinda vínræktarsvæðinu Baden.	
Classic (Klassic)	Þýska	VUT *(1)*	Rautt eða hvítt gæðavín sem eingöngu er framleitt úr sígildum vínþrúguyrkjum sem eru dæmigerð fyrir svæðið; mustið sem notað er í framleiðslunni er með náttúrulegan lágmarksalkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 1% meiri, miðað við rúmmál, en náttúrulegi lágmarksalkóhólstyrkleikinn sem kveðið er á um fyrir vínræktarsvæðið þar sem þrúgurnar eru tíndar; heildaralkóhólstyrkleiki er a.m.k. 11,5% miðað við rúmmál; innihald sykurleifa er ekki meira en 15 g/l og er ekki meira en sem nemur tvöföldu heildarsýruinnihaldinu; með merkingum skal gefa upplýsingar um eitt vínþrúguyrki og árgang vínsins en ekki um bragð.	
Ehrentrudis	Þýska	VUT *(1)*	Upprunatáknun gæða- og hágæðarósavíns úr Blauer Spätburgunder vínþrúguyrkinu frá Tuniberg svæðinu.	
Federweisser	Þýska	VUT/VLM *(1)*	Hlutgerjað þrúgumust frá Þýskalandi með landfræðilega merkingu eða frá öðrum aðildarríkjum ESB; landfræðilegu merkingarnar vísa til vínræktarsvæða þar sem „vin de pays“er ræktað; „Federweißer“ er algengasta merkingin þegar um er að ræða hlutgerjað þrúgumust, að teknu tilliti til svæðisbundinnar fjölbreytni í merkingum.	
Hock	Þýska	VUT *(1)*	Hvítvín með landfræðilega merkingu frá vínræktarhéraðinu Rhein og sykurleifainnihald á bilinu „meðalsætt“; saga heitisins er að „Hock“ er hefðbundin ensk-amerísk merking á Rínarvíni sem rekja má til staðarheitisins „Hochheim“ (á Rheingau-vínræktarsvæðinu við ána Main).	
Liebfrau(en)milch	Þýska	VUT *(1)*	Hefðbundið heiti á þýsku gæðahvítvíni sem er a.m.k. sem nemur 70% úr blöndu af Riesling, Silvaner, Müller-Thurgau eða Kerner, frá héruðunum Nahe, Rheingau, Rheinhessen eða Pfalz. Sykurleifainnihaldið er á bilinu „meðalsætt“. Nær eingöngu ætlað til útflutnings.	
Riesling-Hochgewächs (*)	Þýska	VUT *(1)*	Gæðahvítvín sem eingöngu er framleitt úr hvítum Riesling-vínþrúgum, mustið sem notað er til framleiðslu er með styrk náttúrulegs alkóhóls sem er a.m.k. 1,5% meiri, miðað við rúmmál, en lágmarksstyrkur náttúrulegs alkóhóls sem kveðið er á um fyrir tilgreinda vínræktarsvæðið eða þann hluta þess þar sem þrúgurnar eru tíndar og vínið hefur fengið a.m.k. 3,0 stig á gæðaprófinu.	
Schillerwein	Þýska	VUT *(1)*	Vín frá tilgreinda vínræktarsvæðinu Württemberg; gæðavín, ljósrautt og allt að skærrautt á lit, framleitt með því að blanda hvítum þrúgum, einnig krömdum, saman við rauðar þrúgur, einnig kramdar. „Schillersekt b.A.“ eða „Schillerperlwein b.A.“ er leyfilegt ef grunnvínið er „Schillerwein“.	
Weissherbst	Þýska	VUT *(1)*	Gæðavín eða „Prädikatswein“ (vín með sérstaka eiginleika), sem er framleitt á tilgreindu vínræktarsvæði úr einu rauðu vínþrúguyrki, a.m.k. sem nemur 95% úr léttpressuðu musti; vínþrúguyrkið skal tilgreint í tengslum við heitið „Weißherbst“ með letri af sömu gerð, stærð og í sama lit; heitið má einnig nota um innlent gæðafreyðivín ef það er framleitt úr víni sem má bera heitið „Weißherbst“.	

(*) Ekki er krafist verndar fyrir heitin „Riesling“ og „Sekt“.

GRIKKLAND

Αγρέπαυλη *(Agrepavlis)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð, þar sem er að finna mannvirki sem nefnt er „Agrepavlis“ og vínið skal framleitt á þeirri bújörð.	
Αμπέλι *(Ampeli)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleitt eingöngu úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð og vínið skal framleitt á þeirri bújörð.	
Αμπελώναρ(ες) *(Ampelonas (-ès))*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleitt eingöngu úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð og vínið skal framleitt á þeirri bújörð.	
Αρχοντικό *(Archontiko)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð, þar sem er að finna mannvirki sem nefnt er „archontiko“ og vínið skal framleitt á bújörðinni.	
Κάβα *Cava,*	Gríska	VLM *(1, 3, 8, 11, 15, 16)*	Vín sem eru látin þroskast við stýrð skilyrði.	
Από διαλεκτούς αμπελώνες *(Grand Cru)*	Gríska	VUT *(3, 15, 16)*	Vín eingöngu framleidd úr þrúgum frá völdum vínekrum, þar sem afrakstur á hektara er einkar lítill.	
Ειδικά Επιλεγμένος *(Grande réserve)*	Gríska	VUT *(1, 3, 15, 16)*	Valin vín sem látin eru þroskast í tiltekinn tíma, við stýrð skilyrði.	
Κάστρο *(Kastro)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð þar sem er að finna mannvirki eða rústir sögulegs kastala og vínið skal framleitt á þeirri bújörð.	
Κτήμα *(Ktima)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð sem er staðsett innan viðkomandi verndaðs vínræktarsvæðis.	
Λιαστός *(Liastos)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem hafa verið látnar liggja í sólarljósi eða skugga til að þorna upp að hluta til.	
Μετόχι *(Metochi)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð sem er staðsett utan marka munkaklaustursins sem hún tilheyrir.	
Μοναστήρι *(Monastiri)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra munkaklaustri.	
Νάμα *(Nama)*	Gríska	VUT/VLM *(1)*	Sæt messuvín.	
Νυχτέρι *(Nychteri)*	Gríska	VUT *(1)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Santorini“ sem eru eingöngu framleidd á eyjunum Thira og Thiresia og látin þroskast í tunnum í a.m.k. þrjá mánuði.	

Ορεινό κτήμα *(Orino Ktima)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð sem er í meira en 500 metra hæð yfir sjávarmáli.	
Ορεινός αμπελώνας *(Orinos Ampelonas)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd eingöngu úr þrúgum sem ræktaðar eru á vínekrum sem eru í meira en 500 metra hæð yfir sjávarmáli.	
Πύργος *(Pyrgos)*	Gríska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 8, 11, 15, 16)*	Vín framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum sem tilheyra bújörð, þar sem er að finna mannvirki sem nefnt er „Pyrgos“ og vínið skal framleitt á þeirri bújörð.	
Επιλογή ή Επιλεγμένος *(Réserve)*	Gríska	VUT *(1, 3, 15, 16)*	Valin vín sem látin eru þroskast í tiltekinn tíma, við stýrð skilyrði.	
Παλαιωθείς επιλεγμένος *(Vieille réserve)*	Gríska	VUT *(3, 15, 16)*	Valin líkjörvín sem látin eru þroskast í tiltekinn tíma, við stýrð skilyrði.	
Βερντέα *(Verntea)*	Gríska	VLM *(1)*	Vín með hefðbundið heiti, framleitt úr þrúgum sem eru tíndar á vínekrum á eynni Zakynthos, þar sem framleiðsla vínsins skal einnig fara fram.	
Vinsanto	Gríska	VUT *(1, 3, 15, 16)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Santorini“, framleitt á Santo Erini-Santorini-svæðinu á eyjunum Thira og Thirasia úr þrúgum sem hafa verið látnar liggja í sólarljósi.	

SPÁNN

Amontillado	Spænska	VUT *(3)*	Þurrt líkjörvín (Vino generoso) með vernduðu upprunatáknunina „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda“ eða „Montilla-Moriles“, ilmsterkt, í flöskum með kúptum botni, milt og fullt bragð, gulbrúnt eða gullið á litinn, með raunverulegan alkóhólstyrkleika á bilinu 16–22º. Látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Añejo	Spænska	VUT/VLM *(1)*	Vín sem eru látin þroskast í a.m.k. 24 mánuði í heild í eikaríláti sem rúmar að hámarki 600 lítra, eða á flöskum.	
	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Malaga“, sem látið er þroskast í þrjú til fimm ár.	
Chacolí-Txakolina	Spænska	VUT *(1)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Chacolí de Bizkaia-Bizkaiko Txakolina“, „Chacolí de Getaria-Getariako Txakolina“ og „Chacolí de Álava-Arabako Txakolina“, að mestu leyti framleidd úr þrúguyrkjunum Ondarrabi Zuri og Ondarrabi Beltza. Vín með raunverulegan alkóhólstyrkleika sem nemur að lágmarki 9,5% miðað við rúmmál (11% miðað við rúmmál þegar um er að ræða hvítvín gerjað í tunnu), að hámarki 0,8 mg/l af rokgjörnum sýrum og heildarinnihald brennisteins sem nemur að hámarki 180 mg/l (140 mg/l þegar um er að ræða rauðvín).	
Clásico	Spænska	VUT *(3, 16)*	Vín með sykurleifainnihald sem nemur meira en 45 g/l.	Síle
Cream	Enska	VUT *(3)*	Líkjörvín „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda“, „Montilla-Moriles“, „Málaga“ og „Condado de Huelva“, sem innihalda a.m.k. 60 g/l af afoxandi efnum og hafa gulbrún yfir í mahóníbrúnan lit. Látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu eða „añadas“ kerfinu í eikarílátum.	
Criadera	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda“, „Montilla-Moriles“, „Málaga“ og „Condado de Huelva“, sem eru látin þroskast í samræmi við criaderas y soleras-kerfið sem hefð er fyrir á viðkomandi svæði.	

Criaderas y Soleras	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda“, „Montilla-Moriles“, „Málaga“ eða „Condado de Huelva“, sem geymt er í kerfi eikartunna, sem nefnast „criaderas“ og er staflað hverri ofan á aðra, vínið sem síðast er framleitt er sett á efsta stig kerfisins og gengur svo í gegnum röð stiga eða „criaderas“ þar sem því er endurtekið tappað á milli að hluta til á löngum tíma þar til það er komið á lægsta stigið eða „solera“, þar sem þroskunarferlinu lýkur.	
Crianza	Spænska	VUT *(1)*	Vín önnur en freyðivín, hálffreyðandi vín og líkjörvín, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – rauðvín skulu látin þroskast í a.m.k. 24 mánuði, þar af í a.m.k. 6 mánuði í eikartunnum sem rúma að hámarki 330 lítra. – hvítvín og rósavín skulu látin þroskast í a.m.k. 18 mánuði, þar af í a.m.k. 6 mánuði í eikartunnum sem einnig rúma að hámarki 330 lítra.	
Dorado	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Rueda“ eða „Malaga“, sem gangast undir þroskunarferli.	
Fino	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) með vernduðu upprunatáknunina „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla Sanlúcar de Barrameda“ eða „Montilla Moriles“ og eftirfarandi eiginleika: strágult á litinn, þurrt, eilítið beiskt, létt og þægilegt bragð. Látið þroskast undir „flor“ í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Fondillón	Spænska	VUT *(16)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Alicante“, framleitt úr ofþroskuðum þrúgum af yrkinu Monastrell sem eru af hæstu gæðum og í afar heilbrigðu ástandi. Við gerjunina er eingöngu notað það ger sem er til staðar á náttúrulegan hátt og náttúrulegur alkóhólstyrkleiki, sem nemur að lágmarki 16% miðað við rúmmál, skal í heild sinni til kominn á náttúrulegan hátt. Það er látið þroskast í a.m.k. tíu ár í eikarílátum.	
Gran reserva	Spænska	VUT *(1)*	Vín önnur en freyðivín, hálffreyðandi vín og líkjörvín, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – rauðvín skulu látin þroskast í a.m.k. 60 mánuði, þar af í a.m.k. 18 mánuði í eikartunnum sem rúma að hámarki 330 lítra og á flöskum það sem eftir er þroskunartímans. – hvítvín og rósavín skulu látin þroskast í a.m.k. 48 mánuði, þar af í a.m.k. 6 mánuði í eikartunnum sem einnig rúma að hámarki 330 lítra og á flöskum það sem eftir er þroskunartímans.	
	Spænska	VUT *(4)*	Lágmarksþroskunartími fyrir freyðivín með vernduðu upprunatáknunina „Cava“ er 30 mánuðir frá „tiraje“ til „degüelle“.	
Lágrima	Spænska	VUT *(3)*	Sæt vín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“ þar sem framleiðslan felur í sér að mustið lekur af krömdu þrúgunum án vélvirkrar pressunar. Þroskunin skal taka a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu eða eftir árgöngum, í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Noble	Spænska	VUT/VLM *(1)*	Vín sem eru látin þroskast í a.m.k. átján mánuði í heild, í eikartunnum sem rúma að hámarki 600 lítra, eða á flöskum.	
	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“, sem látið er þroskast í tvö til þrjú ár.	
Oloroso	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla Sanlúcar de Barrameda“ og „Montilla Moriles“, með eftirfarandi eiginleika: góð fylling, bragðsterkt og mjúkt, ilmríkt, kröftugt, þurrt eða eilítið sætt, svipað á litinn og mahóní, með raunverulegan alkóhólstyrkleika á bilinu 16 og 22º. Það er látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Pajarete	Spænska	VUT *(3)*	Sæt eða hálfsæt vín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“, látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ eða „añadas“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	

Pálido	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) „Condado de Huelva“, látin þroskast í meira en þrjú ár með líffræðilegu þroskunarferli og raunverulegur alkóhólstyrkleiki er 15–17% miðað við rúmmál.	
	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Rueda“, látið þroskast í a.m.k. fjögur ár, þar af þau þrjú síðustu í eikartunnum.	
	Spænska	VUT *(3)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“ framleitt úr yrkinu „Pedro Ximenez“ og/eða „Moscatel“ án þess að bæta við „arrope“ (soðnu musti) og án þroskunarferlis.	
Palo Cortado	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla Sanlúcar de Barrameda“ og „Montilla Moriles“ sem hafa skynmatseinkenni sem fela í sér lykt sem samsvarar lyktinni af „amontillado“ og bragð þess og litur er svipað og hjá „oloroso“ og raunverulegur alkóhólstyrkleiki er á milli 16 og 22% miðað við rúmmál. Látið þroskast í tveimur áföngum: fyrst á líffræðilegan hátt undir lagi af „flor“ og síðan með oxun.	
Primero de Cosecha	Spænska	VUT *(1)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Valencia“ þar sem uppskeran fer fram á fyrstu tíu dögum uppskerutímans og átöppun innan næstu þrjátíu daga til að fá lokaafurðina og skylt er að tilgreina uppskeruna á merkimiðanum.	
Rancio	Spænska	VUT *(1, 3)*	Vín sem gengið hafa í gegnum þroskunarferli með öflugri oxun og skyndilegum breytingum á hitastigi í snertingu við loft, eða í íláti úr viði eða gleri.	
Raya	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) „Montilla Moriles“ með svipaða eiginleika og „oloroso“ vín en ekki eins bragð- og lyktarsterkt. Látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Reserva	Spænska	VUT *(1)*	Vín önnur en freyðivín, hálffreyðandi vín og líkjörvín, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði: – rauðvín skulu látin þroskast í a.m.k. 36 mánuði, þar af í a.m.k. 12 mánuði í eikartunnum sem rúma að hámarki 330 lítra og á flöskum það sem eftir er þroskunartímans. – hvítvín og rósavín skulu látin þroskast í a.m.k. 24 mánuði, þar af í a.m.k. 6 mánuði í eikartunnum sem einnig rúma að hámarki 330 lítra og á flöskum það sem eftir er þroskunartímans.	Síle
Sobremadre	Spænska	VUT *(1)*	Hvítvín „Vinos de Madrid“ sem vegna sérstakrar framleiðsluaðferðar innihalda koltvísýring sem verður til við eigin gerjun mustsins sem inniheldur „madres“ (flysjaðar og pressaðar þrúgur).	
Solera	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín „Jerez-Xérès-Sherry“, „Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda“, „Montilla-Moriles“, „Málaga“ og „Condado de Huelva“, sem eru látin þroskast í samræmi við „criaderas y soleras“-kerfið.	
Superior	Spænska	VUT *(1)*	Vín framleidd úr a.m.k. 85% af ráðlögðum þrúguyrkjum frá viðkomandi afmörkuðu svæðum.	Síle Suður-Afríka
Trasañejo	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“, sem látið er þroskast í meira en fimm ár.	
Vino Maestro	Spænska	VUT *(3)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Málaga“, sem framleitt er með ófullgerðri gerjun þar sem 7% af alkóhóli úr víni er bætt í mustið áður en gerjunin hefst. Gerjunin er því afar hæg og stöðvast þegar alkóhólinnihaldið er 15–16º, þannig að sykurleifainnihald er um 160–200 g/l eftir gerjun. Látið þroskast í a.m.k. tvö ár með „criaderas y soleras“ kerfinu eða „añadas“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 l.	
Vendimia Inicial	Spænska	VUT *(1)*	Vín „Utiel–Requena“, framleidd úr þrúgum sem eru tíndar á fyrstu tíu dögum uppskerutímans og eru með alkóhólinnihald sem nemur milli 10 og 11,5% miðað við rúmmál og vegna þess hve snemma þrúgurnar eru tíndar búa þau yfir sérstökum eiginleikum, þ.á m. lítils háttar losun á koltvísýringi.	

Viejo	Spænska	VUT/VLM *(1)*	Vín sem er látið þroskast í 36 mánuði og er með eiginleika oxaðs víns, einkum vegna áhrifa ljóss, súrefnis, hita eða samsetningu þessara þátta.	
	Spænska	VUT *(3)*	Líkjörvín („vino generoso“) með vernduðu upprunatáknunina „Condado de Huelva“ og eftirfarandi eiginleika: mikil fylling, bragðsterkt og mjúkt, ilmríkt, kröftugt, þurrt eða eilítið sætt, svipað á litinn og mahóní, með raunverulegt alkóhólinnihald sem nemur milli 15 og 22º. Það er látið þroskast í a.m.k. 2 ár með „criaderas y soleras“ kerfinu í eikarílátum sem rúma að hámarki 1000 lítra.	
Vino de Tea	Spænska	VUT *(1)*	Vín frá norðlæga undirsvæðinu sem verndaða upprunatáknunin „La Palma“ gildir um, látið þroskast í ílátum úr viði af tegundinni *Pinus canariensis* („Tea“) í hámark sex mánuði. Raunverulegur alkóhólstyrkleiki er á milli 11–14,5% miðað við rúmmál þegar um er að ræða hvítvín, 11–13% miðað við rúmmál þegar um er að ræða rósavín og 12–14% miðað við rúmmál þegar um er að ræða rauðvín.	
FRAKKLAND				
Ambré	Franska	VUT *(3)*	Í 7. gr. tilskipunar frá 29. desember 1997 er kveðið á um eftirfarandi varðandi vernduðu upprunatáknunina „Rivesaltes“: til að nota megi vernduðu upprunatáknunina „Rivesaltes“ ásamt orðinu „ambré“ um hvítvín skulu þau ræktuð á bújörð í oxandi umhverfi fram til 1. september á öðru ári eftir uppskeruna.	
Clairet	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Bourgogne“, „Bordeaux“: ljóst rauðvín eða rósavín.	
Claret	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Bordeaux“: orðalagið er notað til að auðkenna ljóst rauðvín.	
Tuilé	Franska	VUT *(3)*	Í 7. gr. tilskipunar frá 29. desember 1997 er kveðið á um eftirfarandi: til að nota megi vernduðu upprunatáknunina „Rivesaltes“ ásamt orðinu „tuilé“ um rauðvín skulu þau ræktuð á bújörð í oxandi umhverfi fram til 1. september á öðru ári eftir uppskeruna.	
Vin jaune	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Arbois“, „Côtes du Jura“, „L'Etoile“, „Château-Châlon“: vínafurð framleidd eingöngu úr þrúguyrkjum sem mælt er fyrir um í landsbundnum reglum; hæg gerjun og þroskun í eikartunnum án áfyllingar í a.m.k. sex ár.	
Château	Franska	VUT *(1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 15, 16)*	Sögulegt orðalag tengt tegund svæðis og víns og frátekið fyrir vín sem koma frá bújörð sem er raunverulega til eða sem einmitt þetta orð er notað um.	Síle
Clos	Franska	VUT *(1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 15, 16)*		Síle
Cru artisan	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Médoc“, „Haut-Médoc“, „Margaux“, „Moulis“, „Listrac“, „St Julien“, „Pauillac“, „St Estèphe“: Orðalag sem tengist gæðum víns, sögu þess og einnig tegund svæðis sem kallar fram stigskipt kerfi á milli vína sem koma frá tiltekinni bújörð.	
Cru bourgeois	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Médoc“, „Haut-Médoc“, „Margaux“, „Moulis“, „Listrac“, „Saint-Julien“, „Pauillac“, „Saint-Estèphe“: Orðalag sem tengist gæðum víns, sögu þess og einnig tegund svæðis sem kallar fram stigskipt kerfi á milli vína sem koma frá tiltekinni bújörð.	Síle
Cru classé, *einnig með viðbættu* Grand, Premier Grand, Deuxième, Troisième, Quatrième, Cinquième	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Barsac“, „Côtes de Provence“, „Graves“, „Saint-Emilion grand cru“, „Médoc“, „Haut-Médoc“, „Margaux“, „Pessac-Leognan“, „Saint Julien“, „Pauillac, Saint Estèphe“, „Sauternes“: Orðalag sem tengist gæðum víns, sögu þess og einnig tegund svæðis sem kallar fram stigskipt kerfi á milli vína sem koma frá tiltekinni bújörð.	

Edelzwicker	Þýska	VUT *(1)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Alsace“ framleitt úr einu eða fleiri þrúguyrkjum, eins og tekið er fram í forskriftunum.	
Grand cru	Franska	VUT *(1, 3, 4)*	Orðalag sem tengist gæðum víns, frátekið fyrir vín með verndaða upprunatáknun, sem kveðið er á um með tilskipun, og sameiginleg not á þessu orðalagi með því að fella það inn í upprunatáknun.	Síle Sviss Túnis
Hors d'âge	Franska	VUT *(3)*	Vernduðu upprunatáknunina „Rivesaltes“ og „Banyuls“ má nota um vín sem hafa þroskast í a.m.k. fimm ár eftir framleiðslu.	
Passe-tout-grains	Franska	VUT *(1)*	Vín með vernduðu upprunatáknunina „Bourgogne“ eru framleidd úr tveimur þrúguyrkjum, eins og tekið er fram í forskriftunum	
Premier Cru	Franska	VUT *(1)*	Orðalag sem tengist gæðum víns, frátekið fyrir vín með verndaða upprunatáknun, sem kveðið er á um með tilskipun, og sameiginleg not á þessu orðalagi með því að fella það inn í upprunatáknun.	Túnis
Primeur	Franska	VUT *(1)*	Vín sem má setja á markað frá þriðja fimmtudegi í nóvember á árinu sem uppskeran fer fram.	
	Franska	VLM *(1)*	Vín sem má setja á markað frá þriðja fimmtudegi í október á árinu sem uppskeran fer fram.	
Rancio	Franska	VUT *(1, 3)*	Verndaða upprunatáknunin „Grand Roussillon“, „Rivesaltes“, „Rasteau“, „Banyuls“, „Maury“, „Clairette du Languedoc“: orðalag sem tengist tegund víns og tiltekinni aðferð við framleiðslu víns, sem er frátekið fyrir sum gæðavín vegna aldurs þeirra og aðstæðna tengdum viðkomandi héraði.	
Sélection de grains nobles	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Alsace“, „Alsace Grand Cru“, „Condrieu“, „Monbazillac“, „Graves supérieur“, „Bonnezeaux“, „Jurançon“, „Cérons“, „Quarts de Chaume“, „Sauternes“, „Loupiac“, „Côteaux du Layon“, „Barsac“, „Sainte Croix du Mont“, „Côteaux de l'Aubance“, „Cadillac“: Vín sem skylt er að framleiða úr þrúgum sem eru handklipptar og sérvaldar í fleiri áföngum, hverjum á eftir öðrum. Markmiðið er að velja ofþroskaðar þrúgur sem hafa orðið fyrir áhrifum af eðalmyglu eða hafa gengið í gegnum þéttingu á vínviðnum.	
Sur lie	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Muscadet“, „Muscadet Coteaux de la Loire“, „Muscadet-Côtes de Grandlieu“, „Muscadet-Sèvre et Maine“, „Gros Plant du Pays Nantais“: Vín með sérstakar forskriftir (t.d. varðandi afrakstur og alkóhólstyrkleika) sem er geymt á dreggjum sínum þar til 1. mars árið eftir uppskeruárið.	
	Franska	VLM *(1)*	Verndaða landfræðilega merkingin „Vin de pays d'Oc“, „Vin de pays des Sables du Golfe du Lion“: Vín með sérstakar forskriftir sem er geymt í tunnum skemur en vetrarlangt og er í snertingu við dreggjar sínar þar til átöppun fer fram.	
Vendanges tardives	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Alsace“, „Alsace Grand Cru“, „Jurançon“: orðalag sem tengist víntegund og tiltekinni framleiðsluaðferð, sem er frátekið fyrir vín sem eru framleidd úr ofþroskuðum þrúgum og sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi þéttleika og alkóhólinnihald.	
Villages	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin „Anjou“, „Beaujolais“, „Côte de Beaune“, „Côtes de Nuits“, „Côtes du Rhône“, „Côtes du Roussillon“, „Mâcon“: orðalag sem tengist gæðum víns, sem er frátekið fyrir vín með verndaða upprunatáknun, sem kveðið er á um með tilskipun, og sameiginleg not á þessu orðalagi með því að fella það inn í upprunatáknun.	
Vin de paille	Franska	VUT *(1)*	Verndaða upprunatáknunin Arbois', „Côtes du Jura“, „L'Etoile“, „Hermitage“: orðalag sem tengist framleiðsluaðferð sem felur í sér að þrúgur af þrúguyrkjum, sem mælt er fyrir um í landsbundnum reglum, eru valdar og þurrkaðar í a.m.k. sex vikur á mottum úr hálmi eða grindum eða hengdar upp til þerris. Vínið skal þroskað í a.m.k. þrjú ár frá þeim degi sem pressun fer fram, þ.m.t. þroskun í íláti úr viði í a.m.k. 18 mánuði.	
ÍTALÍA				
Alberata *eða* vigneti ad alberata	Ítalska	VUT *(1)*	Sérstakt heiti tengt víntegundinni „Aversa“. Það vísar til þeirrar fornu vínræktarhefðar sem einkennir framleiðslu afurðarinnar.	

Amarone	Ítalska	VUT *(1)*	Sérstætt sögulegt heiti sem varðar framleiðsluaðferð víntegundarinnar „Valpolicella“. Frá fornu fari hefur það verið notað til að auðkenna upprunastað vínsins sem framleitt er samkvæmt tiltekinni framleiðsluaðferð þar sem léttþurrkaðar þrúgur eru notaðar og grundvöllurinn er algjör gerjun sykra. Þetta kann að vera skýringin á heitinu „Amarone“. Það er afar sérstakt og vel þekkt heiti sem í sjálfu sér auðkennir afurðina.	
Ambra	Ítalska	VUT *(3)*	Heiti tengt framleiðsluaðferðinni og sérstökum meira og minna dökkum gulbrúnum eða gulum lit víns af tegundinni „Marsala“. Sérstakur litur þess er til kominn vegna þess hve löngum tíma er varið í framleiðsluaðferðina, sem felur í sér þroskun og hreinsun, ferli sem fela í sér umtalverða afoxun oxíða fjölfenóla og litarefna.	
Ambrato	Ítalska	VUT *(1, 3)*	Heiti tengt framleiðsluaðferðinni og sérstaka gulbrúna litnum, sem er meira og minna dökkur og dæmigerður fyrir víntegundirnar „Malvasia frá Lipari“ og „Vernaccia frá Oristano“. Sérstaki liturinn er til kominn vegna þess hve löngum tíma er varið í framleiðsluaðferðina, sem felur í sér þroskun og hreinsun, ferli sem fela í sér umtalsverða afoxun oxíða fjölfenóla og litarefna.	
Annoso	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti tengt víntegundinni „Controguerra“. Það vísar til sérstöku framleiðsluaðferðarinnar sem felur í sér léttþurrkaðar þrúgur og skyldubundinn þroskunartíma í ílátum úr viði í a.m.k. 30 mánuði áður en lokaafurðin er sett á markað til neyslu.	
Apianum	Latína	VUT *(1)*	Heiti sem eingöngu er notað um vín af gerðinni „Fiano di Avellino“. Heitið er fornt. Það gefur til kynna að þrúgurnar séu góðar, vegna ásóknar býflugna („api“ á ítölsku) í þær.	
Auslese	Þýska	VUT *(1)*	Sjá hefðbundna heitið „scelto“. Heiti sem eingöngu er notað um vín af gerðunum „Caldaro“ og „Caldaro Classico — Alto Adige“.	
Buttafuoco	Ítalska	VUT *(1, 6)*	Heiti sem eingöngu er notað um og er sterklega tengt við tiltekna víntegund sem á uppruna sinn á svæðishluta „Oltrepò Pavese“ vínanna. Það hefur lengi verið notað til að lýsa afar sérstakri afurð sem, eins og merking orðsins gefur til kynna, getur gefið frá sér „sérstakan, kröftugan hita“.	
Cannellino	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti sem eingöngu er notað um tegund „Frascati“ víns og framleiðslu hennar. Það hefur lengi verið notað til að auðkenna áðurnefnda víntegund, sem er framleidd með sérstakri framleiðsluaðferð sem skilar víni sem er „abboccato“, þ.e.a.s. vín sem er eilítið sætt og kröftugt á bragðið.	
Cerasuolo	Ítalska	VUT *(1)*	Hefðbundið og sögulegt heiti, eingöngu tengt vínum af tegundinni „Cerasuolo di Vittoria“. Það er óaðskiljanlegur hluti af DOCG-heitinu og er sá þáttur þess sem ekki er landfræðilegur. Heitið tengist bæði framleiðslu vínsins og sérstökum lit þess. Einnig er hefð fyrir að nota heitið til að lýsa annarri tegund „Montepulciano d'Abruzzo“ vína, sem eru nátengd því.	
Chiaretto	Ítalska	VUT/VLM *(1, 3, 4, 5, 6)*	Heiti tengt framleiðsluaðferð og lit viðkomandi víns, sem framleitt er úr bláum þrúgum.	
Ciaret	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti sem eingöngu er notað um „Monferrato“ vín og tengist sérstökum lit afurðarinnar, upprunaleg merking heitisins er „ljósrautt“.	
Château	Franska	VUT *(1, 3, 4, 5, 6, 8, 15, 16)*	Heiti sem tengist heiti fyrirtækis vínframleiðandans og má nota ef þrúgurnar koma eingöngu þaðan og vínframleiðslan fer fram hjá sama fyrirtæki.	Síle
Classico	Ítalska	VUT *(1, 3,, 8, 11, 15, 16)*	Heiti sem mælt er fyrir um í lögum nr. 164/1992. Það er frátekið fyrir vín sem ekki eru freyðandi og koma frá elsta vínræktarsvæðinu sem hefur komið sér upp eigin reglum um verndaða upprunatáknun.	Síle

Dunkel	Þýska	VUT *(1)*	Heiti tengt framleiðsluaðferðinni og hinum dæmigerða dökka lit samsvarandi vína af tegundinni „Trentino“.	
Fine	Ítalska	VUT *(3)*	Heiti sem er eingöngu tengt vínum af einni af „Marsala“ víntegundunum. Það vísar til tilteknu framleiðsluaðferðarinnar sem felur í sér þroskunartíma sem varir í a.m.k. eitt ár, þar af a.m.k. 8 mánuði í viðartunnum.	
Fior d’Arancio	Ítalska	VUT *(1, 6)*	Heiti tengt báðum „Colli Euganei“ víntegundunum: freyðandi og „passito“ vín (þ.e. úr léttþurrkuðum þrúgum). Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og sérstakrar lyktar afurðarinnar, sem er framleidd úr Muscat þrúgum sem eru ræktaðar af mikilli vandvirkni.	
Flétri	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti tengt tilteknu DOC víntegundunum „Valle d’Aosta“ eða „Vallée d’Aoste“ . Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og dæmigerðra eiginleika afurðarinnar, sem verður til með vandvirkri framleiðsluaðferð þar sem notaðar eru þrúgur sem eru þurrkaðar að hluta til.	
Garibaldi Dolce (*eða* GD)	Ítalska	VUT *(3)*	Sögulegt heiti eingöngu tengt tiltekinni hágæða Marsala DOC víntegund. Í fyrstu var heitið notað til heiðurs Garibaldi, sem bragðaði þetta vín þegar hann kom á land í Marsala. Honum líkaði það afar vel vegna eiginleika þess, sem eru til komnir vegna sérstakrar framleiðsluaðferðar sem felur í sér þroskunartíma, sem varir að lágmarki í tvö ár, í viðartunnum.	
Governo all’uso toscano	Ítalska	VUT/VLM *(1)*	Upphaflega var þetta heiti tengt „Chianti“ og „Chianti Classico“ vínum með verndaða upprunatáknun. Síðar var það einnig notað um „Colli della Toscana Centrale“ vín með verndaða landfræðilega merkingu, sem eru framleidd á sama framleiðslusvæði. Það vísar til sérstöku framleiðsluaðferðarinnar sem notuð er í Toscana-héraðinu og felur í sér að þurrkuðum þrúgum er bætt við vínið í vetrarlok þannig að viðbótargerjun á sér stað.	
Gutturnio	Ítalska	VUT *(1, 8)*	Sögulegt heiti tengt víntegund sem á uppruna sinn á svæðishluta „Colli Piacentini“ vínanna. Það vísar til framleiðsluaðferðar áðurnefnds rauðvíns, sem er afar dæmigert hágæðavín. Vínið var borið fram í silfurbikurum af rómverskum uppruna, er nefndust „Gutturnium“.	
Italia Particolare (*eða* IP)	Ítalska	VUT *(3)*	Sögulegt heiti sem eingöngu er tengt vínum af „Marsala fine“ tegundinni. Upprunalega var „Marsala“ eingöngu framleitt fyrir landsbundinn markað.	
Klassisch/Klassisches Ursprungsgebiet	Þýska	VUT *(1)*	Hefðbundið framleiðslusvæði „Caldaro“ og „Alto Adige“ (svæðihlutinn „Santa Maddalena“ og „Terlano“). (Sjá skilgreiningu á „Classico“.)	
Kretzer	Þýska	VUT (1)	Heiti sem vísar til framleiðsluaðferðarinnar og dæmigerða rósrauða litarins. Heitið er notað um víntegundirnar „Alto Adige“, „Trentino“ og „Teroldego rotaliano“	
Lacrima	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti sem eingöngu er notað um vín með heitinu „Lacrima di Morro d’Alba“ og er óaðskiljanlegur hluti af því heiti. Það vísar til tiltekinnar framleiðsluaðferðar þar sem hágæðaafurð verður til með léttri pressun þrúgnanna.	
Lacryma Christi	Ítalska	VUT *(1, 3, 4, 5)*	Sögulegt heiti eingöngu tengt „Vesuvio“ vínum. Það var hefðbundið tengt sumum áðurnefndum víntegundum (bæði venjulegu víni og líkjör- og freyðivíni) sem eru framleiddar með sérstakri framleiðsluaðferð sem felur í sér að hágæðaafurð verður til með léttri pressun þrúgnanna og heitið er með trúarlega skírskotun.	
Lambiccato	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti sem eingöngu tengist einhverri af „Castel San Lorenzo“ víntegundunum. Það vísar til vörutegundar og tiltekinnar framleiðsluaðferðar, þar sem Muscat þrúgur eru notaðar og þrúgur er lagðar í bleyti við stýrt hitastig í sérstökum ílátum sem hefðbundið nefnast „lambicchi“.	
London Particolar (*eða* LP *eða* Inghilterra)	Ítalska	VUT *(3)*	Sögulegt heiti sem eingöngu er tengt vínum af „Marsala Superiore“ tegundinni. Hefð er fyrir að nota þetta heiti eða skammstöfun til að lýsa afurð sem er ætluð fyrir enska markaðinn.. Einnig er hefðbundið að nota enska tungu og það er tekið fram í forskriftinni fyrir afurðina og í reglunum sem eru fastsettar fyrir „Marsala“ vín. Reyndar er það almenn vitneskja að mikilvægi og orðspor þessa heitis á líkjörvíni sé komin til vegna starfsemi bæði framleiðenda og enskra vínkaupmanna sem uppgötvuðu „Marsala“ árið 1773 og hafa alla tíð síðan framleitt þetta sérstaka vín og sett það á markað, þannig að það hefur orðið vel þekkt um allan heim og einkum á Englandi.	

Occhio di Pernice	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti tengt sumum vínum af tegundinni „Vin Santo“. Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og sérstaka litarins. Með sérstöku framleiðsluaðferðinni, sem byggir á notkun rauðra þrúgna, er hægt að framleiða afar dæmigerða afurð með sérstökum lit sem er frá því að vera ljósbleikur yfir í skærbleikan. Heitið merkir „auga akurhænunnar“, sem vísar til litar vínsins.	
Oro	Ítalska	VUT *(3)*	Heiti tengt tilteknum „Marsala“ vínum. Það vísar til sérstaka litarins og framleiðsluaðferðarinnar þar sem bannað er að nota soðið must. Þannig fæst verðmæt afurð með gullnum lit sem er meira og minna skær.	
Passito *eða* Vino passito *eða* Vino Passito Liquoroso	Ítalska	VUT/VLM *(1, 3, 15, 16)*	Heiti sem vísar til vörutegundarinnar og samsvarandi framleiðsluaðferðar. Heitin „passito“ eða „vino passito“, og „vino passito liquoroso“ eru frátekin fyrir venjuleg vín eða líkjörvín sem eru framleidd með gerjun þrúgna með náttúrulegri þurrkun eða þurrkun í loftræstu rými í samræmi við ákvæði forskriftarinnar fyrir afurðina. Samkvæmt lögum nr. 82/2006 má einnig nota þetta heiti um vín framleidd úr ofþroskuðum þrúgum.	
Ramie	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti sem er eingöngu tengt vínum af einni af „Pinerolese“ víntegundunum. Það vísar til afurðategundarinnar og samsvarandi framleiðsluaðferðar sem byggir á þrúgum sem eru þurrkaðar að hluta til.	
Rebola	Ítalska	VUT *(1, 15)*	Heiti sem er eingöngu tengt vínum af einni af „Colli di Rimini“ víntegundunum. Það vísar til framleiðsluaðferðarinnar og afurðategundarinnar, sem er gullin og allt að gulbrún á litinn og framleidd úr þrúgum sem eru þurrkaðar að hluta til.	
Recioto	Ítalska	VUT *(1, 4, 5)*	Sögulegt og hefðbundið heiti sem er nátengt heiti þriggja vína með upprunatáknun, sem eru framleidd í Veneto-héraðinu: „Valpolicella“, „Gambellara“ og „Recioto di Soave“, sem eru heiti sem tilheyra framleiðslusvæðum sem eru staðsett mjög nærri hvert öðru og búa að svipuðum hefðum, einkum að því er varðar Verona- og Vicenza-héruðin. Heitið er upprunnið á fimmtu öld. Þá var þessu víni lýst sem afar verðmætu og frægu í hjarðljóðum og það var eingöngu framleitt í Verona-héraðinu og heiti þess er rakið til „Retia“, fjalla- og hæðasvæðis sem til forna náði yfir svæðið umhverfis Verona og Trento allt til svæðisins í kringum Como og Vatellina. Heitið hefur verið notað á þennan hátt frá fornu fari og er enn notað til að auðkenna vín sem framleitt er með sérstakri aðferð sem felur í sér þurrkun þrúgna.	
Riserva	Ítalska	VUT *(1, 3, 4, 5, 15, 16)*	Vín sem ganga í gegnum tiltekinn þroskunartíma, a.m.k. í tvö ár þegar um er að ræða rauðvín og eitt ár þegar um er að ræða hvítvín, með frekari þroskun í tunnum í samræmi við forskriftina fyrir afurðina. Forskriftin fyrir afurðina skal til viðbótar við venjulegar kröfur innihalda kröfur um að árgangurinn sé tilgreindur á merkimiða og einnig reglur sem skulu gilda ef um er að ræða blöndu úr vínum af mismunandi árgöngum. Í verndaðri upprunatáknun freyði- og líkjörvína má nota þetta heiti í samræmi við skilyrðin í viðkomandi forskrift fyrir afurðina og í samræmi við lög Bandalagsins.	
Rubino	Ítalska	VUT *(1)*	Heiti tengt vernduðu upprunatáknuninni „Cantavenna“. Það vísar til aðferðarinnar í heild og sérstaka litarins. Heitið „Rubino“ er enn fremur tengt tilteknu DOC víntegundunum „Teroldego Rotaliano“, „Trentino“ og „Garda Colli Mantovani“ og vísar þá til sérstaks litar afurðanna.	
	Ítalska	VUT *(3)*	Heiti tengt tilteknum vínum af tegundinni „Marsala“. Það vísar til sérstakrar aðferðar þar sem bannað er að nota soðið must. Þar að auki býr þetta vín yfir sérstökum rúbínrauðum lit, sem eftir þroskun fær á sig gulbrúnan bjarma.	
8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1543.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað D-hluta III. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 komi eftirfarandi:

„D. KRÖFUR ER VARÐA SNÍKLA

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja sem setja á markað eftirfarandi lagarafurðir úr uggfiskum eða smokkum:

   a) lagarafurðir, sem borðaðar eru hráar, eða

   b) kryddlegnar, saltaðar og hvers kyns aðrar meðhöndlaðar lagarafurðir ef meðhöndlunin nægir ekki til að drepa lífvænlega sníkilinn,

   skulu sjá til þess að hráefnið eða fullunna varan sé frystimeðhöndluð til að drepa lífvænlega sníkla sem gætu stofnað heilbrigði neytenda í hættu.

2. Að því er varðar alla aðra sníkla en ögður skal við frystimeðhöndlun lækka hitastigið í öllum hlutum afurðarinnar í a.m.k.:

   a) –20 °C í a.m.k. 24 klst. eða

   b) –35 °C í a.m.k. 15 klst.

3. Stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa ekki að beita þeirri frystimeðhöndlun, sem krafist er skv. 1. lið, á lagarafurðir sem:

   a) hafa fengið eða fyrirhugað er að fái hitameðhöndlun fyrir neyslu sem drepur lífvænlega sníkilinn. Ef um er að ræða aðra sníkla en ögður er afurðin hituð að 60 °C kjarnahita eða meira í a.m.k. eina mínútu,

   b) hafa verið rotvarðar sem frystar lagarafurðir í nægilega langan tíma til að drepa lífvænlegu sníklana,

   c) eru úr villtum afla, að því tilskildu að:

      i. fyrir liggi faraldsfræðileg gögn sem sýna að upprunafiskimiðin skapa ekki heilbrigðishættu vegna tilvistar sníkla og

      ii. ef það er með leyfi lögbæra yfirvaldsins,

   d) eru úr fiskeldi, ræktaðar úr fósturvísum og hafa verið aldar eingöngu á fæðu sem getur ekki innihaldið lífvænlega sníkla sem skapa heilbrigðishættu, og uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

      i. hafa eingöngu verið aldar í umhverfi sem er laust við lífvænlega sníkla eða

      ii. stjórnandi matvælafyrirtækis staðfestir með verklagsreglum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að lagarafurðirnar skapi ekki heilbrigðishættu vegna tilvistar lífvænlegra sníkla.

4. a) Þegar lagarafurðir, sem um getur í 1. lið, eru settar á markað skal fylgja þeim skjal frá þeim stjórnanda matvælafyrirtækis sem framkvæmir frystimeðhöndlunina, þar sem tilgreint er hvers konar frystimeðhöndlun afurðirnar hafa hlotið, nema þær séu afhentar lokaneytendum.

   b) Stjórnandi matvælafyrirtækis skal, áður en hann setur á markað lagarafurðir, sem um getur í c- og d-lið 3. liðar, sem hafa ekki fengið frystimeðhöndlun eða er ekki fyrirhugað að fái meðhöndlun fyrir neyslu sem drepur lífvænlega sníkla sem skapa heilbrigðishættu, sjá til þess að lagarafurðirnar séu frá fiskimiðum eða úr fiskeldi sem uppfyllir sérstöku skilyrðin sem um getur í einum af þessum liðum. Þetta ákvæði má uppfylla með upplýsingum á viðskiptaskjalinu eða öðrum upplýsingum sem fylgja lagarafurðunum.“

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 **2012/EES/54/94**

frá 14. apríl 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (akrýlamíð) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Akrýlamíð er flokkað sem krabbameinsvaldandi efni í flokki 1B og stökkbreytandi efni í flokki 1B. Áhætta vegna þess var metin í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ([2]).

2) Í niðurstöðum úr evrópska áhættumatinu var komist að þeirri niðurstöðu að nauðsyn beri til að takmarka áhættu fyrir vatnsræna umhverfishólfið af völdum notkunar á fúgu- eða glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og áhættu fyrir aðrar lífverur vegna óbeinna váhrifa frá vatni sem hefur mengast við sömu notkun. Ennfremur var vakin athygli á áhættu fyrir starfsmenn og annað fólk, sem verða fyrir váhrifum frá umhverfinu, í ljósi krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi eðlis akrýlamíðs og vegna taugaeiturhrifa þess og eiturhrifa á æxlun í kjölfar váhrifa sem stafa af notkun á fúgu- og glufufyllum, sem eru að stofni til úr akrýlamíði, í stórum og smáum stíl.

3) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2004/394/EB frá 29. apríl 2004 um árangur af áhættumati og áætlanir sem miða að því að draga úr áhættu vegna efnanna asetónítríls, akrýlamíðs, akrýlnítríls, akrýlsýru, bútadíens, vetnisflúoríðs, vetnisperoxíðs, metakrýlsýru, metýlmetakrýlats, tólúens og tríklórbensens ([3]), sem voru samþykkt innan ramma reglugerðar (EBE) nr. 793/93, er mælt með því að skoðað verði á vettvangi Sambandsins hvort taka skuli inn í tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ([4]) takmarkanir er varða markaðssetningu og notkun á akrýlamíði í fúgu- eða glufufylla í stórum og smáum stíl.

4) Viðmiðunarmörkin 0,1% fyrir akrýlamíð skulu ná yfir aðra gjafa óbundins akrýlamíðs í fúgu- og glufufyllingum, s.s. úr N-metýlólakrýlamíði, eins og fram kemur í tilmælum 2004/394/EB.

5) Í því skyni að vernda heilbrigði manna og umhverfið er því nauðsynlegt að takmarka setningu akrýlamíðs á markað og notkun þess í fúgu- eða glufufylla og við alla notkun á fúgu-eða glufufyllum.

6) Í samræmi við ákvæðin um umbreytingarráðstafanir í a-lið 1. mgr. 137. gr. REACH efnareglnanna er nauðsynlegt að breyta XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 72.

([4]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

———

VIÐAUKI

Í töfluna í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi 60. færsla:

„60. Akrýlamíð CAS-nr. 79-06-1	Má ekki setja á markað eða nota sem efni eða efnisþátt í blöndur í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, til notkunar í fúgu- eða glufufylla, eftir 5. nóvember 2012.“

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011 **2012/EES/54/95**

frá 31. mars 2011

um viðmiðanir til að ákvarða hvenær tilteknar gerðir brotajárns hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að fyrirhuguðu ráðstafanirnar hafa verið lagðar fyrir Evrópuþingið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mat á ólíkum straumum úrgangs sýnir að það yrði endurvinnslumörkuðum fyrir brotajárn til bóta ef ákveðnar væru sérstakar viðmiðanir til að ákvarða hvenær brotajárn úr úrgangi hættir að vera úrgangur. Þessar viðmiðanir skulu tryggja öfluga umhverfisvernd. Þær skulu ekki hafa áhrif á flokkun brotajárns sem úrgangur í þriðju löndum.

2) Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að markaður og eftirspurn eru fyrir hendi að því er varðar brotamálm úr járni, stáli og áli til notkunar sem hráefni í stálbræðslum, málmsteypum, álhreinsunarstöðvum og til endurbræðslu fyrir málmframleiðslu. Brotamálmur úr járni, stáli og áli skal því vera nægilega hreinn og í samræmi við viðkomandi staðla og forskriftir málmiðnaðarins um brotajárn.

3) Í viðmiðununum, sem notaðar eru til að ákvarða hvenær brotamálmur úr járni, stáli og áli hættir að vera úrgangur, skal tryggja að brotamálmur úr járni, stáli og áli úr endurnýtingu uppfylli tæknilegar kröfur málmiðnaðarins, samræmist gildandi löggjöf og stöðlum um afurðir og hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna í heild. Skýrslur frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sýna að fyrirhugaðar viðmiðanir varðandi úrgang, sem notaður er sem hráefni í endurnýtingu, aðferðir og tækni til meðhöndlunar og brotajárnið sem fæst með endurnýtingunni, uppfylla þessi markmið þar sem þær ættu að leiða til framleiðslu á brotamálmi úr járni, stáli og áli sem er án hættulegra eiginleika og nægilega laust við málmlaus efnasambönd.

4) Til að tryggja samræmi við viðmiðanirnar er rétt að kveða á um að veittar séu upplýsingar um brotajárn sem er hætt að vera úrgangur og að gæðastjórnunarkerfi sé komið á.

5) Nauðsynlegt kann að vera að endurskoða viðmiðanirnar ef vöktun á þróun markaðsaðstæðna, að því er varðar brotamálm úr járni, stáli og áli, leiðir í ljós skaðleg áhrif á markaði til endurvinnslu á brotamálmi úr járni, stáli og áli, einkum að því er varðar tiltækileika og aðgengi að slíkum brotamálmi.

6) Rétt þykir að kveða á um hæfilegan frest þar til þessi reglugerð tekur gildi til að gera rekstraraðilum kleift að laga sig að viðmiðunum sem gilda um hvenær brotajárn hættir að vera úrgangur.

7) Nefndin sem sett var á fót skv. 1. mgr. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB hefur ekki skilað áliti um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð og framkvæmdastjórnin hefur því lagt tillögu fyrir ráðið varðandi ráðstafanirnar og sent hana til Evrópuþingsins.

8) Evrópuþingið hefur ekki andmælt fyrirhuguðum ráðstöfunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á fót viðmiðunum til að ákvarða hvenær brotamálmur úr járni, stáli og áli, þ.m.t. brotamálmur úr álblendi, hættir að vera úrgangur.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2008/98/EB.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „brotamálmur úr járni og stáli“: brotamálmur sem aðallega samanstendur af járni og stáli,

b) „brotamálmur úr áli“: brotamálmur sem samanstendur aðallega af áli og álblendi,

c) „eigandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur brotajárn í vörslu sinni,

d) „framleiðandi“: eigandi sem flytur brotajárn til annars eiganda í fyrsta skipti sem brotajárn sem er hætt að vera úrgangur,

e) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem flytur brotajárn sem er hætt að vera úrgangur inn á tollsvæði Sambandsins,

f) „sérmenntað starfsfólk“: starfsfólk sem sökum reynslu eða þjálfunar hefur réttindi og hæfi til að vakta og leggja mat á eiginleika brotajárns,

g) „sjónræn skoðun“: skoðun á öllum hlutum sendingar af brotajárni með mannlegum skynfærum eða ósérhæfðum búnaði.

h) „sending“: lota brotajárns sem ætluð er til afhendingar frá framleiðanda til annars eiganda og kann að vera geymd í einni eða fleiri flutningseiningum, t.d. gámum.

3. gr.

Viðmiðanir varðandi brotamálm úr járni og stáli

Brotamálmur úr járni og stáli skal teljast hættur að vera úrgangur þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt við afhendingu frá framleiðanda til annars eiganda:

a) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, er samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti I. viðauka,

b) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, hefur verið meðhöndlaður í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. þætti I. viðauka,

c) brotamálmurinn úr járni og stáli, sem fæst með endurnýtingunni, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. þætti I. viðauka,

d) framleiðandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr.

4. gr.

Viðmiðanir varðandi brotamálm úr áli

Brotamálmur úr áli, þ.m.t. brotamálmur úr álblendi, skal teljast hættur að vera úrgangur þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt við afhendingu frá framleiðanda til annars eiganda:

a) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. þætti II. viðauka,

b) úrgangurinn, sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, hefur verið meðhöndlaður í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. þætti II. viðauka,

c) brotamálmurinn úr áli, sem fæst með endurnýtingunni, samræmist viðmiðunum sem settar eru fram í 1. þætti II. viðauka,

d) framleiðandinn uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. gr.

5. gr.

Samræmisyfirlýsing

1. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal gefa út samræmisyfirlýsingu, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í III. viðauka, fyrir hverja sendingu af brotajárni.

2. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal senda samræmisyfirlýsinguna til næsta eiganda sendingarinnar af brotajárni. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal halda eintaki af samræmisyfirlýsingunni í a.m.k. eitt ár eftir útgáfudag hennar og gera það aðgengilegt lögbærum yfirvöldum samkvæmt beiðni.

3. Samræmisyfirlýsingin má vera á rafrænu formi.

6. gr.

Gæðastjórnun

1. Framleiðandinn skal koma á gæðastjórnunarkerfi þar sem hægt er að sýna fram á samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 3. og 4. gr., eins og við á.

2. Gæðastjórnunarkerfið skal fela í sér skjalfestar verklagsreglur varðandi hvern eftirfarandi þátta:

a) eftirlit við viðtöku úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingunni, eins og sett er fram í 2. þætti I. og II. viðauka,

b) vöktun aðferða og tækni til meðhöndlunar, eins og lýst er í þætti 3.3 í I. og II. viðauka,

c) vöktun á gæðum brotajárns sem fæst með endurnýtingunni, eins og sett er fram í 1. þætti I. og II. viðauka (þ.m.t. sýnataka og greining),

d) skilvirkni vöktunar á geislun, eins og sett er fram í þætti 1.5 í I. og II. viðauka, eins og við á,

e) svörun frá viðskiptamönnum varðandi gæði brotajárns,

f) skráningu niðurstaðna vöktunar sem fer fram í samræmi við a- til d-lið,

g) endurskoðun og endurbætur á gæðastjórnunarkerfinu,

h) þjálfun starfsfólks.

3. Í gæðastjórnunarkerfinu skal einnig mæla fyrir um sértæku kröfurnar um vöktun sem settar eru fram í I. og II. viðauka fyrir hverja viðmiðun.

4. Þegar fyrri eigandi annast einhverja meðhöndlun sem um getur í þætti 3.3 í I. viðauka eða hluta 3.3 í II. viðauka skal framleiðandinn tryggja að afhendingaraðilinn komi á gæðastjórnunarkerfi sem samræmist kröfum þessarar greinar.

5. Samræmismatsstofa, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([1]) og sem hefur hlotið faggildingu í samræmi við þá reglugerð, eða einhver annar umhverfissannprófandi, eins og skilgreint er í b-lið 20. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ([2]), skal sannprófa að gæðastjórnunarkerfið uppfylli kröfur þessarar greinar. Sannprófun skal fara fram á þriggja ára fresti.

6. Innflytjandinn skal krefja afhendingaraðila sína um að þeir komi á gæðastjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem er sannprófað af óháðum utanaðkomandi sannprófanda.

7. Framleiðandinn skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að gæðastjórnunarkerfinu samkvæmt beiðni.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. október 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

VÖLNER P.

([1]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

([2]) Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Viðmiðanir varðandi brotamálm úr járni og stáli

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1. **Gæði brotajárns sem fæst með endurnýtingunni**	
1.1. Brotajárnið skal flokkað samkvæmt forskrift viðskiptamanns, iðnaðarforskrift eða staðli fyrir beina notkun í framleiðslu á efnum eða hlutum úr málmi í stálbræðslum eða málmsteypum.	Sérmenntað starfsfólk skal flokka hverja sendingu.
1.2. Heildarmagn aðskotaefna skal vera ≤ 2% miðað við þyngd. Aðskotaefni eru: 1) járnlausir málmar (að undanskildum málmblendisþáttum í hvers konar undirlagi með járnríkum málmi) og málmlaust efni eins og jarðvegur, ryk, einangrunarefni og gler, 2) eldfim málmlaus efni eins og gúmmí, plast, vefnaður, viður og önnur efnafræðileg eða lífræn efni, 3) stærri hlutar (á við múrstein) sem leiða ekki rafmagn, eins og hjólbarðar, rör fyllt með sementi, viði eða steinsteypu, 4) leifar úr bræðslu, hitun, yfirborðsmeðhöndlun (þ.m.t. samskeyting), mölun, sögun, logsuðu og logskurði stáls, t.d. gjall, eldhúð, ryk úr loftsíum, ryk úr slípivélum, leðja.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Dæmigerð úrtök aðskotaefna skulu með viðeigandi millibili (a.m.k. á sex mánaða fresti) greind með vigtun eftir að agnir og hlutir úr járni og stáli hafa verið skildir frá á segulmagnaðan eða handvirkan hátt (eins og við á) við vandlega sjónræna skoðun. Ákvarða skal viðeigandi tíðni vöktunar með skoðun úrtaka með tilliti til eftirfarandi þátta: 1) mynstri breytileika sem búast má við (t.d. út frá fyrri niðurstöðum), 2) eðlislægri áhættu á breytileika í gæðum úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingu og allri vinnslu sem kann að fara fram síðar, 3) nákvæmni sjálfrar vöktunaraðferðarinnar og 4) hversu nærri niðurstöður eru efri mörkum fyrir innihald aðskotaefna, sem eru 2% miðað við þyngd. Ferlið til að ákvarða tíðni vöktunar skal skjalfest sem hluti af gæðastjórnunarkerfinu og hægt skal vera að endurskoða það.
1.3. Brotajárnið skal ekki innihalda verulegt magn járnoxíðs á hvaða formi sem er umfram dæmigert magn sem verður vegna geymslu utandyra á meðhöndluðu brotajárni við eðlileg veðurskilyrði.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun til að athuga hvort oxíð séu til staðar.
1.4. Brotajárn skal vera laust við sýnilega olíu, olíukenndar ýrulausnir, smurefni eða feiti í slíku magni að geti leitt til leka.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu og leggja sérstaka áherslu á þá hluta þar sem líklegast er að olíuleki geti komið fyrir.
1.5. Geislavirkni: ekki er þörf á viðbragðsaðgerðum í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkt brotajárn. Þessi krafa skal ekki hafa áhrif á grunnstaðla um heilsuvernd starfsfólks og almennings sem hafa verið samþykktir í lögum sem falla undir III. kafla sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, einkum tilskipun 96/29/Euratom ([1]).	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma vöktun að því er varðar geislavirkni hverrar sendingar. Hverri sendingu brotajárns skal fylgja vottorð sem er í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkt brotajárn. Vottorðið má vera hluti af öðrum skjölum sem fylgja sendingunni.

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1.6. Brotajárnið skal ekki hafa neina þá hættulegu eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Brotajárnið skal vera í samræmi við styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2000/532/EB ([2]) og ekki fara yfir styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 ([3]). Þessi krafa gildir ekki um eiginleika einstakra þátta járn- og stálblendis.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Ef sjónræn skoðun gefur tilefni til gruns um að hættulegir eiginleikar kunni að vera til staðar skal grípa til frekari viðeigandi ráðstafana varðandi vöktun, t.d. sýnatöku og prófunar þegar við á. Starfsfólk skal fá þjálfun varðandi hugsanlega hættulega eiginleika sem kunna að tengjast brotamálmi úr járni og stáli og varðandi efnisþætti eða einkenni sem leitt geta í ljós hættulega eiginleika. Aðferðin til greiningar á hættulegum efnum skal skjalfest í gæðastjórnunarkerfinu.
1.7. Brotajárnið má ekki innihalda ílát sem eru undir þrýstingi, lokuð eða ónægilega opin þannig að þau gætu valdið sprengingu í málmbræðsluofni.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu.
2. **Úrgangur sem er notaður sem upphafsefni í endurnýtingunni**	
2.1. Aðeins má nota úrgang sem inniheldur endurheimtanlegt járn eða stál sem upphafsefni. 2.2. Ekki skal nota hættulegan úrgang sem upphafsefni nema sýnt sé fram á að aðferðunum og tækninni til að fjarlægja alla hættulega eiginleika, eins og tilgreint er í 3. þætti þessa viðauka, hafi verið beitt. 2.3. Ekki skal nota eftirfarandi úrgang sem upphafsefni: a) spæni og svarf sem inniheldur efni í fljótandi formi, eins og olía eða olíukenndar ýrulausnir, og b) tunnur og geyma, að undanskildum búnaði úr úr sér gengnum ökutækjum sem innihalda eða hafa innihaldið olíu eða málningu.	Sérmenntað starfsfólk, sem hefur verið þjálfað til að bera kennsl á úrgang sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessum þætti, skal annast eftirlit með öllum úrgangi við viðtöku (með sjónrænni skoðun) og meðfylgjandi skjölum.
3. **Aðferðir og tækni til meðhöndlunar**	
3.1. Brotamálmurinn úr járni og stáli skal aðgreindur við upptök eða þegar hann er hirtur og haldið aðskildum, eða úrgangurinn, sem er notaður sem upphafsefni, skal meðhöndlaður til að aðskilja brotamálminn úr járni og stáli frá málmlausu og járnlausu efnisþáttunum. 3.2. Allri vélrænni meðhöndlun (t.d. skurði, sundurskurði, tætingu eða kyrningu, flokkun, aðgreiningu, hreinsun, afmengun, tæmingu), sem nauðsynleg er til að undirbúa brotajárn til beinnar og endanlegrar notkunar í stálbræðslum og málmsteypum, skal vera lokið. 3.3. Eftirfarandi sértækar kröfur skulu gilda um úrgang sem inniheldur hættulega efnisþætti: a) upphafsefni, sem koma úr úrgangi úr rafmagns- eða rafrænum búnaði eða úr sér gengnum ökutækjum, skulu gangast undir alla meðhöndlun sem krafist er í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB ([4]) og 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ([5]), b) klórflúorkolefni í búnaði sem hefur verið fleygt skal fangað með aðferð sem er viðurkennd af lögbæru yfirvöldunum,	

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
c) kaplar skulu strípaðir eða saxaðir niður. Ef kapall er með lífrænan hjúp (plast) skal lífræni hjúpurinn fjarlægður í samræmi við bestu, fáanlegu tækni, d) tunnur og geymar skulu tæmdir og hreinsaðir og e) hættuleg efni í úrgangi sem ekki eru nefnd í a-lið skulu fjarlægð á skilvirkan hátt með aðferð sem er viðurkennd af lögbæra yfirvaldinu.	

([1]) Tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar (Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1).
([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).
([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7)
([4]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([5]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

II. VIÐAUKI

Viðmiðanir varðandi brotamálm úr áli

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1. **Gæði brotajárns**	
1.1. Brotajárnið skal flokkað samkvæmt forskrift viðskiptamanns, iðnaðarforskrift eða staðli fyrir beina notkun í framleiðslu á efnum eða hlutum úr málmi með hreinsun eða endurbræðslu.	Sérmenntað starfsfólk skal flokka hverja sendingu.
1.2. Heildarmagn aðskotaefna skal vera ≤ 5% miðað við þyngd eða málmafraksturinn skal vera ≥ 90%, Aðskotaefni eru: 1) málmar aðrir en ál og álblendi, 2) málmlaust efni eins og jarðvegur, ryk, einangrunarefni og gler, 3) eldfim málmlaus efni eins og gúmmí, plast, vefnaður, viður og önnur efnafræðileg eða lífræn efni, 4) stærri hlutar (á við múrstein) sem leiða ekki rafmagn, eins og hjólbarðar, rör fyllt með sementi, viði eða steinsteypu, eða 5) leifar úr bræðslu áls og álblendis, hitun, yfirborðsmeðhöndlun (þ.m.t. samskeyting), mölun, sögun, logsuðu og logskurði, t.d. gjall, sindur, skúm, ryk úr loftsíum, ryk úr slípivélum, leðja.	Framleiðandi brotamálmsins úr áli skal kanna hvort farið sé að kröfunum með vöktun á magni aðskotaefna eða með ákvörðun á málmafrakstrinum. Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Greina skal dæmigerð úrtök úr hverjum gæðaflokki brotamálms úr áli með viðeigandi millibili (a.m.k. á 6 mánaða fresti) til að mæla heildarmagn aðskotaefna eða málmafraksturinn. Dæmigerðu úrtökin skulu tekin í samræmi við sýnatökuaðferðirnar sem lýst er í staðlinum EN 13920 ([1]). Heildarmagn aðskotaefna skal mælt eftir þyngd að lokinni aðgreiningu málmagna og -hluta úr áli frá ögnum og hlutum úr aðskotaefnum með handvirkri flokkun eða annarri aðferð til aðgreiningar (t.d. með segli eða á grundvelli þéttleika). Málmafrakstur skal mældur í samræmi við eftirfarandi aðferð: 1) ákvörðun á massa (m_1) eftir að vatnsinnihald hefur verið ákvarðað og vatnið fjarlægt (í samræmi við lið 7.1 í staðlinum EN 13920-1:2002), 2) ákvörðun og fjarlæging óbundins járns (í samræmi við lið 7.2 í staðlinum EN 13920-1:2002), 3) ákvörðun á massa málmsins eftir bræðslu og storknun (m_2) með aðferðinni til að ákvarða málmafraksturinn í samræmi við lið 7.3 í staðlinum EN 13920-1:2002, 4) útreikningur málmafrakstursins m [%] = (m_2/m_1) × 100. Ákvarða skal viðeigandi tíðni greiningar dæmigerðra úrtaka með tilliti til eftirfarandi þátta: 1) mynstri breytileika sem búast má við (t.d. út frá fyrri niðurstöðum), 2) eðlislægri áhættu á breytileika í gæðum úrgangs sem notaður er sem upphafsefni í endurnýtingu og í framkvæmd aðferða til meðhöndlunar, 3) nákvæmni sjálfrar vöktunaraðferðarinnar og 4) hversu nærri niðurstöður eru viðmiðunarmörkunum fyrir heildarmagn aðskotaefna eða málmafraksturinn.
1.3. Brotajárnið skal ekki innihalda pólývínylklóríð (PVC) á formi hjúps, málningar eða plastefnis.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu.
1.4. Brotajárnið skal vera laust við sýnilega olíu, olíukenndar ýrulausnir, smurefni eða feiti í slíku magni að geti leitt til leka.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu og leggja sérstaka áherslu á þá hluta þar sem líklegast er að olíuleki geti komið fyrir.

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
1.5. Geislavirkni: ekki er þörf á viðbragðsaðgerðum í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkt brotajárn. Þessi krafa skal ekki hafa áhrif á grunnstaðla um heilsuvernd starfsfólks og almennings sem hafa verið samþykktir í lögum sem falla undir III. kafla sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, einkum tilskipun ráðsins 96/29/Euratom ([2]).	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma vöktun að því er varðar geislavirkni hverrar sendingar. Hverri sendingu brotajárns skal fylgja vottorð sem er í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkt brotajárn. Vottorðið má vera hluti af öðrum skjölum sem fylgja sendingunni.
1.6. Brotajárnið skal ekki hafa neina þá hættulegu eiginleika sem taldir eru upp í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Brotajárnið skal vera í samræmi við styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([3]) og ekki fara yfir styrkleikamörkin sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 ([4]). Þessi krafa gildir ekki um eiginleika einstakra þátta álblendis.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu. Ef sjónræn skoðun gefur tilefni til gruns um að hættulegir eiginleikar kunni að vera til staðar skal grípa til frekari viðeigandi ráðstafana varðandi vöktun, t.d. sýnatöku og prófunar þegar við á. Starfsfólk skal fá þjálfun varðandi hugsanlega hættulega eiginleika sem kunna að tengjast brotamálmi úr áli og varðandi efnisþætti eða einkenni sem leitt geta í ljós hættulega eiginleika. Aðferðin til greiningar á hættulegum efnum skal skjalfest í gæðastjórnunarkerfinu.
1.7. Brotajárnið má ekki innihalda ílát sem eru undir þrýstingi, lokuð eða ónægilega opin þannig að þau gætu valdið sprengingu í málmbræðsluofni.	Sérmenntað starfsfólk skal framkvæma sjónræna skoðun á hverri sendingu.
2. **Úrgangur sem er notaður sem upphafsefni í endurnýtingunni**	
2.1. Aðeins má nota úrgang sem inniheldur endurheimtanlegt ál eða álblendi sem upphafsefni. 2.2. Ekki skal nota hættulegan úrgang sem upphafsefni nema sýnt sé fram á að aðferðunum og tækninni til að fjarlægja alla hættulega eiginleika, eins og tilgreint er í 3. þætti þessa viðauka, hafi verið beitt. 2.3. Ekki skal nota eftirfarandi úrgang sem upphafsefni: a) spæni og svarf sem inniheldur efni í fljótandi formi, eins og olía eða olíukenndar ýrulausnir, og b) tunnur og geyma, að undanskildum búnaði úr úr sér gengnum ökutækjum sem innihalda eða hafa innihaldið olíu eða málningu.	Sérmenntað starfsfólk, sem hefur verið þjálfað til að bera kennsl á úrgang sem uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessum þætti, skal annast eftirlit með öllum úrgangi við viðtöku (með sjónrænni skoðun) og meðfylgjandi skjölum.
3. **Aðferðir og tækni til meðhöndlunar**	
3.1. Brotamálmurinn úr áli skal aðgreindur við upptök eða þegar hann er hirtur og haldið aðskildum, eða úrgangurinn, sem er notaður sem upphafsefni, skal meðhöndlaður til að aðskilja brotamálminn úr áli frá málmlausum efnisþáttum og állausum efnisþáttum úr málmi.	

Viðmiðanir	Kröfur varðandi eigið eftirlit
3.2. Allri vélrænni meðhöndlun (t.d. skurði, sundurskurði, tætingu eða kyrningu, flokkun, aðgreiningu, hreinsun, afmengun, tæmingu), sem nauðsynleg er til að undirbúa brotajárn til beinnar og endanlegrar notkunar, skal vera lokið. 3.3. Eftirfarandi sértækar kröfur skulu gilda um úrgang sem inniheldur hættulega efnisþætti: a) upphafsefni, sem koma úr úrgangi úr rafmagns- eða rafrænum búnaði og úr sér gengnum ökutækjum, skulu gangast undir alla meðhöndlun sem krafist er í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB ([5]) og 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ([6]), b) klórflúorkolefni í búnaði sem hefur verið fleygt skal fangað með aðferð sem er viðurkennd af lögbæru yfirvöldunum, c) kaplar skulu strípaðir eða saxaðir niður. Ef kapall er með lífrænan hjúp (plast) skal lífræni hjúpurinn fjarlægður í samræmi við bestu, fáanlegu tækni, d) tunnur og geymar skulu tæmdir og hreinsaðir, e) hættuleg efni í úrgangi sem ekki eru nefnd í a-lið skulu fjarlægð á skilvirkan hátt með aðferð sem er viðurkennd af lögbæra yfirvaldinu.	

([1]) EN 13920-1:2002; Ál og álblendi – brotajárn – 1. hluti: Almennar kröfur, sýnataka og prófanir, CEN 2002.
([2]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([4]) Stjtíð. ESB L 229, 30.4.2004, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([6]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.

III. VIÐAUKI

Yfirlýsing um samræmi við viðmiðanirnar um hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur, eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.

1.	Framleiðandi/innflytjandi brotajárns: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
2.	a) heiti eða kóði flokks brotajárns, í samræmi við iðnaðarforskrift eða staðal: b) þegar við á, helstu tæknilegu ákvæði forskriftar viðskiptamanns, t.d. samsetning, stærð, tegund og eiginleikar:
3.	Sending brotajárns er í samræmi við forskriftina eða staðalinn sem um getur í 2. lið:
4.	Þyngd sendingar í tonnum:
5.	Vottorð um prófun á geislavirkni hefur verið gefið út í samræmi við landsbundnar eða alþjóðlegar reglur um vöktun og viðbrögð varðandi geislavirkt brotajárn:
6.	Framleiðandi brotajárns beitir gæðastjórnunarkerfi sem er í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 333/2011 ([1]) og sem hefur verið sannprófað af viðurkenndum sannprófanda eða, þegar brotajárn sem er hætt að vera úrgangur er flutt inn á tollsvæði Sambandsins, af óháðum sannprófanda:
7.	Sending brotajárns uppfyllir viðmiðanirnar sem um getur í a- til c-lið í 3. og 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 333/2011 ([1]):
8.	Yfirlýsing framleiðanda/innflytjanda brotajárns: Ég staðfesti að framangreindar upplýsingar eru fullnægjandi og réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund. Nafn: Dagsetning: Undirskrift:

([1]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011 frá 31. mars 2011 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær tilteknar gerðir brotajárns hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjtíð. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 2).

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 401/2009

2012/EES/54/96

frá 23. apríl 2009

um Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 frá 7. maí 1990 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda reglugerðina.

2) Í sáttmálanum er kveðið á um þróun og framkvæmd stefnu Bandalagsins í umhverfismálum og mælt fyrir um markmið og meginreglur sem varða slíka stefnu.

3) Kröfur um umhverfisvernd eiga að vera liður í öðrum stefnumálum Bandalagsins.

4) Samkvæmt 174. gr. sáttmálans skal Bandalagið m.a. taka tillit til fyrirliggjandi vísindalegra og tæknilegra gagna við undirbúning aðgerða á sviði umhverfismála.

5) Nauðsynlegt er að safna gögnum um umhverfismál, vinna úr þeim og greina þau á evrópskum vettvangi til að veita megi hlutlægar, áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar sem gera Bandalaginu og aðildarríkjunum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda umhverfið, meta árangur slíkra ráðstafana og tryggja að almenningi séu veittar fullnægjandi upplýsingar um ástand umhverfisins.

6) Í Bandalaginu og aðildarríkjunum eru nú þegar stofnanir sem veita slíkar upplýsingar og þjónustu.

7) Þær skulu vera grundvöllur að evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetinu á sviði umhverfismála sem samræmt verður á vettvangi Bandalagsins undir stjórn Umhverfisstofnunar Evrópu.

8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([5]) er mælt fyrir um almennar meginreglur og takmarkanir að því er varðar aðgang að skjölum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.

9) Umhverfistofnunin skal hafa samvinnu við aðrar stofnanir á vettvangi Bandalagsins til að gera framkvæmdastjórninni kleift að tryggja fulla beitingu löggjafar Bandalagsins um umhverfismál.

10) Staða og skipulag Umhverfisstofnunarinnar skal vera í samræmi við hlutlægni niðurstaðnanna sem henni er ætlað að fá fram og vera með þeim hætti að hún geti starfað í náinni samvinnu við starfandi stofnun í hverju landi um sig og á alþjóðavettvangi.

11) Veita skal Umhverfisstofnuninni sjálfræði að lögum en halda nánum tengslum við stofnanir Bandalagsins og aðildarríkin.

12) Æskilegt er að kveða á um að Umhverfisstofnunin sé opin öðrum löndum, sem láta sig varða markmið hennar á sama hátt og Bandalagið og aðildarríkin, samkvæmt samningum sem gerðir yrðu milli þeirra og Bandalagsins.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari reglugerð er kveðið á um Umhverfisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd „Umhverfisstofnunin“, með það að markmiði að koma á evrópsku upplýsinga- og eftirlitsneti á sviði umhverfismála.

2. Til þess að ná markmiðunum á sviði umhverfisverndar og úrbóta í umhverfismálum, sem mælt er fyrir um í sáttmálanum og aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála, sem hafa fylgt í kjölfarið, og markmiðunum á sviði sjálfbærrar þróunar er stefnt að því að Umhverfisstofnunin og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála láti Bandalaginu og aðildarríkjunum í té:

a) hlutlægar, áreiðanlegar og sambærilegar upplýsingar á evrópskum vettvangi sem gera þeim kleift að gera nauðsynleg-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 126, 21.5.2009, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 162, 25.6.2008, bls. 86.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. mars 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1.

([4]) Sjá II. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

ar ráðstafanir til að vernda umhverfið, til að meta árangur af slíkum ráðstöfunum og til að tryggja að almenningur fái upplýsingar um ástand umhverfisins á tilhlýðilegan hátt, og í því skyni

b) nauðsynlega tæknilega og vísindalega aðstoð.

2. gr.

Í þeim tilgangi að ná markmiðinu sem sett er fram í 1. gr. skulu verkefni Umhverfisstofnunarinnar vera:

a) að koma á fót netinu, sem um getur í 4. gr., í samvinnu við aðildarríkin og samræma það og í þessu samhengi skal Umhverfisstofnunin bera ábyrgð á söfnun, vinnslu og greiningu upplýsinga, einkum á þeim sviðum sem um getur í 3. gr.,

b) að veita Bandalaginu og aðildarríkjunum hlutlægar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til mótunar og framkvæmdar á ábyrgri og skilvirkri stefnu í umhverfismálum, einkum í þeim tilgangi að láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem hún þarfnast til að geta með góðum árangri skilgreint, undirbúið og metið aðgerðir og löggjöf á sviði umhverfismála,

c) að aðstoða við eftirlit með aðgerðum í umhverfismálum með viðeigandi stuðningi við tilkynningarskyldu (m.a. með því að taka þátt í þróun spurningalista, vinnslu skýrslna frá aðildarríkjunum og dreifingu niðurstaðna) í samræmi við vinnuáætlunina til margra ára og með það að markmiði að samræma skýrslugerð,

d) að ráðleggja einstökum aðildarríkjum varðandi þróun, stofnun og útvíkkun þeirra kerfa sem þau nota við eftirlit með aðgerðum í umhverfismálum, óski þau þess, og þar sem það samræmist árlegri vinnuáætlun Umhverfisstofnunarinnar, að því tilskildu að slíkar aðgerðir stofni ekki í hættu efndum á öðrum verkefnum í samræmi við þessa grein en slík ráðgjöf mætti einnig felast í ritrýni sem unnin væri að sérstakri beiðni aðildarríkja,

e) að skrá, bera saman og meta upplýsingar um ástand umhverfisins, að semja sérfræðiskýrslur um ástand umhverfisins á landsvæði Bandalagsins, hversu viðkvæmt það er og undir hve miklu álagi, að setja fram einsleitar matsviðmiðanir fyrir upplýsingar um umhverfið sem unnt er að beita í öllum aðildarríkjunum, að þróa frekar og viðhalda miðstöðvum sem miðla upplýsingum um umhverfismál og ber framkvæmdastjórninni að nota þessar upplýsingar til að tryggja framkvæmd löggjafar Bandalagsins um umhverfismál,

f) að stuðla að því að tryggja að upplýsingar um umhverfismál á evrópskum vettvangi séu sambærilegar og, ef nauðsyn krefur, að stuðla á viðeigandi hátt að aukinni samhæfingu á mæliaðferðum,

g) að stuðla að því að upplýsingar um umhverfismál innan Evrópu verði teknar með í alþjóðlegar áætlanir um vöktun á umhverfinu, t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra,

h) að birta skýrslu á fimm ára fresti um ástand umhverfisins, stefnu og framtíðarhorfur í umhverfismálum og að auki skýrslur með vísbendingum varðandi einstök málefni,

i) að stuðla að þróun og notkun forspártækni í umhverfismálum svo grípa megi til viðeigandi forvarnarráðstafana í tæka tíð,

j) að stuðla að endurbótum á aðferðum til að meta kostnað vegna umhverfisspjalla og kostnað vegna stefnumótunar við forvarnaraðgerðir, umhverfisvernd og enduruppbyggingu,

k) að stuðla að upplýsingaskiptum um bestu, fáanlegu tækni til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll eða draga úr þeim,

l) að starfa í samvinnu við þær stofnanir og áætlanir sem um getur í 15. gr.,

m) að tryggja víðtæka miðlun áreiðanlegra og sambærilegra upplýsinga um umhverfið til almennings, einkum um ástand umhverfisins, og að stuðla að notkun nýrrar tækni í gagnaflutningsþjónustu í því skyni,

n) að styðja framkvæmdastjórnina í upplýsingaskiptum varðandi þróun aðferða og bestu starfsvenjur við umhverfismat,

o) að styðja framkvæmdastjórnina í miðlun upplýsinga um niðurstöður viðkomandi umhverfisrannsókna í því formi sem er stefnumótun helst til framdráttar.

3. gr.

1. Eins og kostur er skulu meginviðfangsefni Umhverfisstofnunarinnar felast í öllu því sem auðveldar henni að afla upplýsinga sem gera það kleift að lýsa núverandi og fyrirsjáanlegu ástandi umhverfisins út frá eftirfarandi sjónarhornum:

a) gæðum umhverfisins,

b) álagi á umhverfið,

c) hversu viðkvæmt umhverfið er,

og setja þau í samhengi við sjálfbæra þróun.

2. Umhverfisstofnunin skal láta í té upplýsingar sem hægt er að nota beint við framkvæmd umhverfisstefnu Bandalagsins.

Farið verður með eftirfarandi málaflokka sem forgangsverkefni:

a) gæði lofts og losun efna í andrúmsloftið,

b) gæði vatns, mengunarvaldar og vatnsauðlindir,

c) ástand jarðvegar, dýra- og plönturíkis og lífvistar,

d) landnýtingu og náttúruauðlindir,

e) meðhöndlun úrgangs,

f) hávaðamengun,

g) íðefni sem eru hættuleg umhverfinu,

h) verndun strandlengjunnar og hafsins.

Einkum skal fjallað um milliríkja-, fjölþjóða- og alheimsfyrirbæri.

Einnig skal tekið tillit til félagslegra og hagrænna þátta.

3. Umhverfistofnuninni er einnig heimilt að eiga samstarf um upplýsingaskipti við aðra aðila, þ.m.t. Evrópunetið fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL-netið).

Umhverfisstofnunin skal forðast tvíverknað í starfsemi sem þegar er unnið að hjá öðrum stofnunum eða aðilum.

4. gr.

1. Netið felur í sér:

a) helstu þætti upplýsinganeta hverrar þjóðar,

b) landsmiðstöðvar,

c) verkefnamiðstöðvar.

2. Aðildarríkin skulu skýra Umhverfisstofnuninni frá helstu þáttum í upplýsinganetum sínum á sviði umhverfismála, einkum á þeim forgangssviðum sem um getur í 2. mgr. 3. gr., þ.m.t. stofnanir sem að þeirra mati geta lagt henni lið, að teknu tilliti til þess hve brýnt er að ná yfir eins stóran hluta landsvæðis þeirra og mögulegt er.

Aðildarríkin skulu vinna með Umhverfisstofnuninni, eftir því sem við á, og leggja sitt af mörkum til starfsemi evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetsins á sviði umhverfismála, í samræmi við vinnuáætlun Umhverfisstofnunarinnar, með söfnun, samanburði og greiningu upplýsinga á landsvísu.

Aðildarríki geta einnig sameinast um þátttöku í þessum aðgerðum með samvinnu milli landa.

3. Einkum geta aðildarríkin tilnefnt sérstaka „landsmiðstöð“ úr röðum stofnananna sem um getur í 2. mgr., eða annarra samtaka sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, til að samhæfa og/eða senda upplýsingar á landsvísu til Umhverfisstofnunarinnar og til þeirra stofnana eða aðila sem eru hluti af netinu, þ.m.t. verkefnamiðstöðvarnar sem um getur í 4. mgr.

4. Aðildarríkjunum er einnig heimilt, fyrir 30. apríl 1994, að tilgreina þær stofnanir eða samtök sem starfa á yfirráðasvæði þeirra og sem sérstaklega væri unnt að fela samstarf við Umhverfisstofnunina að því er varðar ákveðin málefni sem eru ofarlega á baugi.

Stofnun, sem er tilgreind á þennan hátt, skal vera í þeirri aðstöðu að hún geti samið við Umhverfisstofnunina um að starfa sem verkefnamiðstöð innan netsins við sérverkefni.

Miðstöðvarnar skulu hafa samvinnu við aðrar stofnanir innan netsins.

5. Stjórnin, sem tilgreind er í 1. mgr. 8. gr., skal tilnefna verkefnamiðstöðvarnar fyrir tímabil sem er eigi lengra en sem nemur hverri vinnuáætlun til margra ára, eins og um getur í 4. mgr. 8. gr. Heimilt er þó að endurnýja allar tilnefningar.

6. Úthlutanir sérverkefna til handa verkefnamiðstöðvum skulu birtar í vinnuáætlun Umhverfisstofnunarinnar til margra ára skv. 4. mgr. 8. gr.

7. Einkum í ljósi vinnuáætlunarinnar til margra ára skal Umhverfisstofnunin endurskoða reglubundið þá þætti netsins sem um getur í 2. mgr. og gera þær breytingar sem stjórnin kann að ákveða með tilliti til nýrra tilnefninga af hálfu aðildarríkjanna.

5. gr.

Umhverfistofnuninni er heimilt að gera samninga við stofnanir eða aðila að netinu, eins og um getur í 4. gr., um nauðsynlegar ráðstafanir, einkum samninga um að þau ræki vel þau störf sem hún treystir þeim fyrir.

Aðildarríki er heimilt að kveða á um að slíkir samningar við Umhverfisstofnunina séu gerðir í samráði við landsmiðstöðina þegar um er að ræða stofnanir eða samtök á yfirráðasvæði þess.

6. gr.

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu Umhverfisstofnunarinnar.

2. Ákvarðanir, sem Umhverfisstofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns Evrópusambandsins, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. sáttmálans, eða málshöfðunar fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 230. gr. sáttmálans.

7. gr.

Umhverfisstofnunin skal hafa réttarstöðu lögaðila. Hún skal njóta þess rétthæfis og gerhæfis í öllum aðildarríkjunum sem löggjöf þeirra framast veitir lögaðilum.

8. gr.

1. Stjórn Umhverfisstofnunarinnar skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríkjanna og tveimur fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar. Að auki er heimilt að einn fulltrúi sé frá hverju öðru landi, sem á aðild að Umhverfisstofnuninni, í samræmi við viðeigandi ákvæði.

Að auki skal Evrópuþingið tilnefna í stjórnina tvo vísindamenn með sérþekkingu á sviði umhverfisverndar og skal velja þá á grundvelli líklegs ávinnings af framlagi þeirra til starfs Umhverfisstofnunarinnar.

Heimilt er að varamaður komi í stað sérhvers stjórnarmanns í stjórninni.

2. Stjórnin kýs sér formann úr röðum stjórnarmanna til þriggja ára og setur sér starfsreglur. Allir stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt.

Stjórnin skal kjósa framkvæmdastjórn sem hún getur vísað framkvæmdaákvörðunum til, samkvæmt þeim reglum sem hún setur sér.

3. Ákvarðanir stjórnarinnar skulu samþykktar með atkvæðum tveggja þriðju hluta stjórnarmanna.

4. Stjórnin skal gera vinnuáætlun til margra ára og skal hún byggð á forgangssviðunum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., með drög framkvæmdastjórans, sem um getur í 9. gr., til grundvallar, að höfðu samráði við vísindanefndina sem um getur í 10. gr. og að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar. Þessi vinnuáætlun til margra ára skal fela í sér langtímafjárhagsáætlun með fyrirvara um árlega fjárlagagerð Bandalagsins.

5. Samkvæmt áætluninni til margra ára skal stjórnin ár hvert samþykkja vinnuáætlun Umhverfisstofnunarinnar sem byggð er á drögum framkvæmdastjórans, að höfðu samráði við vísindanefndina og að fengnu áliti framkvæmdastjórnarinnar. Heimilt er að breyta áætluninni síðar á árinu með sama hætti.

6. Stjórnin skal samþykkja ársskýrsluna um starfsemi Umhverfisstofnunarinnar og senda hana Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og aðildarríkjunum eigi síðar en 15. júní.

7. Umhverfisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsniðurstöðurnar.

9. gr.

1. Framkvæmdastjóri, sem stjórnin skipar að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fer fyrir Umhverfisstofnuninni á fimm ára tímabili sem unnt er að framlengja.

Framkvæmdastjórinn er lagalegur fyrirsvarsmaður Umhverfisstofnunarinnar.

Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á:

a) viðeigandi undirbúningi og framkvæmd ákvarðana og áætlana sem stjórnin hefur samþykkt,

b) daglegum rekstri Umhverfisstofnunarinnar,

c) framkvæmd verkefnanna sem skilgreind eru í 12. og 13. gr.,

d) undirbúningi og birtingu skýrslnanna sem tilgreindar eru í h-lið 2. gr.,

e) öllu sem lýtur að starfsmannahaldi og framkvæmd verkefnanna sem um getur í 4. og 5. mgr. 8. gr.

Við ráðningu vísindamanna til Umhverfisstofnunarinnar skal hann fá álit vísindanefndarinnar sem um getur í 10. gr.

2. Framkvæmdastjórinn skal standa skil á gjörðum sínum gagnvart stjórninni.

10. gr.

1. Vísindanefnd skal vera stjórninni og framkvæmdastjóranum til aðstoðar og skila þeim áliti sínu í samræmi við það sem kveðið er á um í þessari reglugerð og um öll vísindaleg mál er varða starfsemi Umhverfisstofnunarinnar og sem stjórnin eða framkvæmdastjórinn kunna að leggja fyrir hana.

Birta skal álit vísindanefndarinnar.

2. Fulltrúar í vísindanefndinni skulu einkum sérhæfðir á sviði umhverfismála og tilnefndir af stjórninni til fjögurra ára í senn og má endurnýja skipunartímann einu sinni, m.a. að teknu tilliti til þeirra vísindasviða sem fjalla þarf um í nefndinni til stuðnings Umhverfisstofnuninni og verkefnasviðum hennar. Hún skal lúta þeim reglum um málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr.

11. gr.

1. Gera skal áætlun um allar tekjur og útgjöld Umhverfisstofnunarinnar fyrir hvert fjárhagsár, sem skal vera hið sama og almanaksárið, og skal hún færð í fjárhagsáætlun stofnunarinnar.

2. Jöfnuður skal vera á milli tekna og útgjalda í fjárhagsáætlun.

3. Með fyrirvara um aðra tekjustofna skulu tekjur Umhverfisstofnunarinnar samanstanda af framlögum frá Bandalaginu, sem eru af almennum fjárlögum Evrópubandalaganna, og greiðslum fyrir veitta þjónustu.

4. Til útgjalda Umhverfisstofnunarinnar skal m.a. telja launagreiðslur, stjórnunar- og skipulagskostnað, rekstrarkostnað og útgjöld í tengslum við gerð samninga við stofnanir eða aðila að netinu og við þriðju aðila.

12. gr.

1. Stjórn Umhverfisstofnunarinnar skal árlega leggja fram yfirlit yfir áætlaðar tekjur og áætluð útgjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggt er á drögum frá framkvæmdastjóra. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd fjárveitingavaldið) fjárhagsáætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlögum Evrópubandalaganna.

3. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlögum Evrópubandalaganna þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og vegna þess styrks sem veita skal af fjárlögum og leggja þá fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

4. Fjárveitingavaldið skal heimila fjárveitingar í formi styrks til Umhverfisstofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir Umhverfisstofnunina.

5. Stjórn Umhverfisstofnunarinnar skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópubandalaganna. Ef við á skal henni breytt til samræmis við þau.

6. Hafi stjórn Umhverfisstofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. að taka á leigu eða kaupa húseignir. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila áliti skal hann framsenda stjórn Umhverfisstofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá því að tilkynnt er um verkefnið.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Umhverfisstofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Umhverfisstofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikningsskil eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr bráðabirgðareikningsskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]).

3. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil Umhverfisstofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar, skv. 129. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002, skal hann ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar stofnunarinnar til umsagnar.

5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Umhverfisstofnunarinnar.

6. Framkvæmdastjórinn skal framsenda endanleg reikningsskil, eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins, til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins, ásamt áliti stjórnarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Framkvæmdastjórinn skal senda Endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Umhverfisstofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 146. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa framkvæmdastjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

14. gr.

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Umhverfisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([2]), nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna rekstrar Umhverfisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

15. gr.

1. Umhverfisstofnunin skal beita sér fyrir samstarfi við aðrar stofnanir og áætlanir á vegum Bandalagsins, einkum Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðina, Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat) og rannsóknar- og þróunaráætlanir Bandalagsins í umhverfismálum. Einkum:

a) skal samvinna við Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðina fela í sér verkefnin sem tilgreind eru í A-lið I. viðauka,

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72.

b) skal við samtenginguna við Hagstofu Evrópubandalaganna og hagskýrsluáætlun Evrópubandalagsins fylgja viðmiðunarreglum sem settar eru fram í B-lið I. viðauka.

2. Umhverfisstofnunin skal einnig vera í virku samstarfi við aðra aðila, s.s. Geimvísindastofnun Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Evrópuráðið og Alþjóðaorkumálastofnunina, sem og Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, einkum Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðaveðurfræðistofnunina og Alþjóðakjarnorkumálastofnunina.

3. Umhverfisstofnuninni er heimilt að eiga samvinnu á sviðum þar sem hagsmunir eru sameiginlegir við stofnanir í löndum sem eru ekki aðilar að Bandalaginu en geta lagt fram gögn, upplýsingar og sérþekkingu, upplýsingar um aðferðir við öflun gagna, greiningu og mat sem er í beggja þágu og nauðsynleg til að ljúka vinnu stofnunarinnar með fullnægjandi árangri.

4. Við samvinnuna, sem um getur í 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr., skal einkum taka mið af nauðsyn þess að forðast tvíverknað.

16. gr.

Bókunin um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna gildir um Umhverfisstofnunina.

17. gr.

Starfsfólk Umhverfisstofnunarinnar skal lúta þeim reglugerðum og reglum sem gilda um opinbera starfsmenn og aðra í þjónustu Evrópubandalaganna.

Stofnunin skal fara með það vald gagnvart starfsfólki sem hún fær frá því yfirvaldi sem skipar í stöður.

Stjórnin skal, með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja viðeigandi framkvæmdarreglur.

18. gr.

1. Skaðabótaábyrgð innan samninga Umhverfisstofnunarinnar skal falla undir gildissvið laga sem gilda um viðkomandi samning. Evrópudómstóllinn skal hafa vald til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í samningi sem stofnunin hefur gert.

2. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber Umhverfisstofnuninni, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem Umhverfisstofnunin eða starfsmenn hennar kunna að valda við skyldustörf sín.

Evrópudómstóllinn skal fara með lögsögu í skaðabótamálum vegna allra slíkra tjóna.

3. Persónuleg ábyrgð starfsmanna gagnvart Umhverfisstofnuninni lýtur þeim ákvæðum er gilda um starfsfólk stofnunarinnar.

19. gr.

Aðild að Umhverfisstofnuninni er opin öðrum ríkjum en aðildarríkjum Bandalagsins, enda hafi þau lýst sig sammála Bandalaginu og aðildarríkjunum um markmið stofnunarinnar í samningum sem gerðir hafa verið á milli þeirra og Bandalagsins samkvæmt málsmeðferðinni í 300. gr. sáttmálans.

20. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1210/90, eins og henni var breytt með reglugerðunum sem skráðar eru í II. viðauka, er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

21. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
Forseti	*Forseti*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS

I. VIÐAUKI

A. **Samvinna við Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðina**

– samhæfing aðferða við umhverfismælingar ([1]),

– samkvörðun mælitækja ([8]),

– stöðlun gagnaeyðublaða,

– þróun nýrra aðferða og tækja fyrir umhverfismælingar,

– önnur verkefni samkvæmt samkomulagi framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunarinnar og framkvæmdastjóra Sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar.

B. **Samvinna við Hagstofu Evrópubandalaganna**

1. Umhverfisstofnunin skal nýta, eins og hægt er, upplýsingar sem safnað er í gegnum opinbera hagskýrsluþjónustu Bandalagsins. Þær eru árangur af vinnu Hagstofu Evrópubandalaganna (HEB) og hagstofa einstakra aðildarríkja við söfnun, staðfestingu og miðlun félagslegra og efnahagslegra hagskýrslna, þ.á m. þjóðhagsreikninga og tengdra upplýsinga.

2. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunarinnar og framkvæmdastjóri Hagstofu Evrópubandalaganna skulu koma sér saman um hagskýrsluáætlun á sviði umhverfismála sem verður lögð fyrir stjórn Umhverfisstofnunarinnar og hagskýrsluáætlunarnefnd til samþykkis.

3. Hagskýrsluáætlunin skal samin og framkvæmd innan rammans sem alþjóðlegar hagskýrslustofnanir hafa sett, t.d. hagtölunefnd Sameinuðu þjóðanna, þing evrópskra tölfræðinga og Efnahags- og framfarastofnunin.

———

([1]) Við samstarf á þessum sviðum skal tekið tillit til starfa Viðmiðunarefna- og mælingastofnunarinnar.

II. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 20. gr.)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90	(Stjtíð. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1).
Reglugerð ráðsins (EB) nr. 933/1999	(Stjtíð. EB L 117, 5.5.1999, bls. 1).
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003	(Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1).

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EBE) nr. 1210/90	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Inngangsorðin í 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorðin í 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 1. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
Annar undirliður 2. mgr. 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
Inngangsorðin í 2. gr.	Inngangsorðin í 2. gr.
i. liður 2. gr.	a-liður 2. gr.
Fyrsti undirliður ii. liðar 2. gr.	b-liður 2. gr.
Annar undirliður ii. liðar 2. gr.	c-liður 2. gr.
Þriðji undirliður ii. liðar 2. gr.	d-liður 2. gr.
iii. liður 2. gr.	e-liður 2. gr.
iv. liður 2. gr.	f-liður 2. gr.
v. liður 2. gr.	g-liður 2. gr.
vi. liður 2. gr.	h-liður 2. gr.
vii. liður 2. gr.	i-liður 2. gr.
viii. liður 2. gr.	j-liður 2. gr.
ix. liður 2.gr.	k-liður 2. gr.
x. liður 2. gr.	l-liður 2. gr.
xi. liður 2. gr.	m-liður 2. gr.
xii. liður 2. gr.	n-liður 2. gr.
xiii. liður 2. gr.	o-liður 2. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 3. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 3. gr.
i. liður 1. mgr. 3. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
ii. liður 1. mgr. 3. gr.	b-liður 1. mgr. 3. gr.
iii. liður 1. mgr. 3. gr.	c-liður 1. mgr. 3. gr.
Lokaorð 1. mgr. 3. gr.	Lokaorð 1. mgr. 3. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 3. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	Inngangsorð annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Fjórði undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	d-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Fimmti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	e-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Sjötti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	f-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Sjöundi undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	g-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Áttundi undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.	h-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 3. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 3. gr.	Þriðja undirgrein 2. mgr. 3. gr.
Fjórða undirgrein 2. mgr. 3. gr.	Fjórða undirgrein 2. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 4. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 4. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 4. gr.	a-liður 1. mgr. 4. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 4. gr.	b-liður 1. mgr. 4. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 4. gr.	c-liður 1. mgr. 4. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1210/90	Þessi reglugerð
Fyrsta undirgrein, frá „svo“ til „umhverfismála“, 2. mgr. 4. gr.	—
Fyrsta undirgrein, frá „einkum“ til „mögulegt er“, 2 mgr. 4. gr.	Lokaorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 4. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 4. gr.	Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 4. mgr. 4. gr.
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 4. gr.	—
Önnur undirgrein 5. mgr. 4. gr.	5. mgr. 4. gr.
6. og 7. mgr. 4. gr.	6. og 7. mgr. 4. gr.
5. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 5. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	2. mgr. 6. gr.
7. og 8. gr.	7. og 8. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr.
Annar málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	Inngangsorð þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	a-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	b-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	c-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Fjórði undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	d-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Fimmti undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 9. gr.	e-liður þriðju undirgreinar 1. mgr. 9. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.	Fjórða undirgrein 1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 9. gr.
10. gr.	10. gr.
11. gr.	11. gr.
12. gr.	12. gr.
13. gr.	13. gr.
14. gr.	14. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 15. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 15. gr.	a-liður 1. mgr. 15. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 15. gr.	b-liður 1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
2. mgr. a í 15. gr.	3. mgr. 15. gr.
3. mgr. 15. gr.	4. mgr. 15. gr.
16. gr.	16. gr.
17. gr.	17. gr.
18. gr.	18. gr.
19. gr.	19. gr.
20. gr.	—
—	20. gr.
21. gr.	21. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1166/2009 **2012/EES/54/97**

frá 30. nóvember 2009

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ([1]), einkum 2. mgr. 113. gr. d og þriðju og fjórðu undirgrein 121. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vernduðu upprunatáknanirnar „Prosecco di Conegliano Valdobbiadene“ og „Montello e Colli Asolani“ eru nefndar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 ([2]). Í stað þessara táknana komu vernduðu upprunatáknanirnar „Prosecco“, „Conegliano Valdobbiadene — Prosecco“, „Colli Asolani — Prosecco“ og „Asolo — Prosecco“, með ítölsku tilskipuninni frá 17. júlí 2009 sem birt var í ítölsku stjórnartíðindunum *Gazzetta Ufficiale della Repubblica italiana* nr. 173 frá 28. júlí 2009.

2) Í þeirri tilskipun er vínviðaryrkið „Prosecco“ nú nefnt „Glera“. Til að koma í veg fyrir rugling milli heitisins á vernduðu upprunatáknuninni „Prosecco“ og heitisins á vínviðaryrkinu skal heitið „Glera“ koma í stað heitisins „Prosecco“ þegar um er að ræða vínviðaryrkið í reglugerð (EB) nr. 606/2009.

3) Ítölsk yfirvöld hafa tilkynnt opinberlega að „Prosecco/Glera“ vínviðaryrkið megi ekki rækta í héraðinu Trentino-Alto Adige og því skal í reglugerð (EB) nr. 606/2009 ekki lengur nefna það svæði sem eitt þeirra svæða þar sem framleiða má þetta yrki.

4) Í 7. viðbæti I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er prentvilla í kröfunum um meðferð með rafskiljun. Einingarnar sem gilda um hámarksgildi í herminum skulu gefnar upp í µg/l en ekki í g/l.

5) Rétt er að breyta og leiðrétta reglugerð (EB) nr. 606/2009 til samræmis við það.

6) Reglugerð (EB) nr. 606/2009 tók gildi 1. ágúst 2009. Þessar breytingar og leiðréttingar skulu gilda afturvirkt frá og með 1. ágúst 2009 til að þær séu í samræmi við ítalska löggjöf og til að tryggja einsleitni í beitingu vínfræðilegra vinnsluaðferða í uppskeru ársins 2009.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2007.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 606/2009

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1. Í stað annars málsliðar a-liðar 4. mgr. í B-hluta komi eftirfarandi:

„Þó má framleiða ilmrík gæðafreyðivín á hefðbundinn hátt með því að bæta við vínlögunina vínum sem eru framleidd úr þrúgum af vínviðaryrkinu „Glera“ sem eru tíndar í héruðunum Veneto og Friuli-Venezia Giulia,“.

2. Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Heildaralkóhólstyrkleiki vínlagananna, sem ætlaðar eru til framleiðslu á gæðafreyðivínum með vernduðu upprunatáknanirnar „Prosecco“, „Conegliano Valdobbiadene — Prosecco“ og “Colli Asolani — Prosecco” eða “Asolo — Prosecco” og eru tilreiddar úr einu vínviðaryrki, skal ekki vera minni en 8,5% miðað við rúmmál.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

b) Í stað annars málsliðar a-liðar 9. mgr. komi eftirfarandi:

„Með undanþágu er heimilt að framleiða ilmrík gæðafreyðivín með verndaða upprunatáknun með því að nota vín úr þrúgum af „Glera“-vínviðaryrkinu, sem eru tíndar í tilgreindum héruðum vernduðu upprunatáknananna „Prosecco“, „Conegliano-Valdobbiadene — Prosecco“, „Colli Asolani — Prosecco” og “Asolo — Prosecco“, sem innihaldsefni í vínlögunina,“.

3. Í 1. viðbæti komi heitið „Glera“ á eftir heitinu „Girò N“ og heitið „Prosecco“ falli brott.

2. gr.

Leiðrétting á reglugerð (EB) nr. 606/2009

Í stað þriðja málsliðar í sjöttu undirgrein liðar 1.4 í 7. viðbæti I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 komi eftirfarandi:

„Hámarksmagn allra ákvarðaðra efnasambanda í herminum skal samanlagt vera innan við 50 µg/l.“

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri

TILSKIPUN RÁÐSINS 2011/84/ESB **2012/EES/54/98**

frá 20. september 2011

um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlaga III. viðauka við hana að tækniframförum (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun vetnisperoxíðs sætir þegar takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

2) Vísindanefndin um neysluvörur (hér á eftir nefnd vísindanefndin), en í hennar stað kom vísindanefnd um öryggi neytenda samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafarkerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á ákvörðun 2004/210/EB ([2]), hefur staðfest að 0,1% hámarksstyrkur vetnisperoxíðs, sem er að finna í vörum til munnhirðu eða losnar úr öðrum efnasamböndum eða blöndum í þessum vörum, skapi ekki áhættu. Af þessum sökum ætti að vera mögulegt að nota áfram vetnisperoxíð með þessum styrk í vörur til munnhirðu, þ.m.t. vörur til tannaflitunar eða -hvítunar.

3) Vísindanefndin telur að notkun á vörum til tannaflitunar eða -hvítunar, sem innihalda vetnisperoxíð í meira en 0,1% styrk og allt að 6% styrk eða ef efnið losnar úr öðrum efnasamböndum eða blöndum í þessum vörum, geti verið örugg ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: viðeigandi klínísk rannsókn er framkvæmd til að tryggja að engir áhættuþættir eða önnur munnmeinafræðileg athugunarefni séu fyrir hendi og að váhrif af völdum þessara vara séu takmörkuð svo fyrirhuguð notkun sé tryggð að því er varðar tíðni og lengd. Þessi skilyrði skulu uppfyllt til að koma í veg fyrir rangnotkun sem skynsamlegt er að ætla að sjá megi fyrir.

4) Af þessum sökum skal setja reglur um þessar vörur á þann hátt sem tryggir að neytendur hafi ekki beinan aðgang að þeim. Í hverri notkunarlotu þessara vara ætti fyrsta notkunin að takmarkast við tannlækna, eins og skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi ([3]) eða undir beinu eftirliti þeirra ef jafngilt öryggisstig er tryggt. Tannlæknarnir skulu svo gera þessar vörur aðgengilegar í seinni hluta notkunarlotunnar.

5) Setja skal viðeigandi merkingar um styrk vetnisperoxíðs á vörur til tannaflitunar eða -hvítunar, sem innihalda meira en 0,1% af efninu, til að tryggja að þessar vörur séu notaðar á viðeigandi hátt. Í þessum tilgangi skal nákvæmur styrkur vetnisperoxíðs, gefinn upp í hundraðshlutum, sem þessar vörur innihalda eða sem losnar úr öðrum efnasamböndum eða blöndum í þessum vörum, koma skýrt fram á merkimiðanum.

6) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

7) Fastanefndin um snyrtivörur skilaði ekki áliti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 283, 29.10.2011, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

([2]) Stjtíð. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.

([3]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. október 2012. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 31. október 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

M. SAWICKI

VIÐAUKI

Í stað tilvísunarnúmers 12 í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi eftirfarandi:

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í full-unninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
„12	Vetnisperoxíð og önnur efnasambönd eða blöndur sem losa vetnisperoxíð, þ.m.t. karbamíðperoxíð og sinkperoxíð	a) Hárvöruefnablöndur	a) 12% af H_2O_2 (40% rúmmál), sem innihald eða við losun		a) Notið viðeigandi hlífðarhanska a) b) c) e) Inniheldur vetnisperoxíð Varist snertingu við augu Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau.
		b) Blöndur til húðverndar	b) 4% af H_2O_2, sem innihald eða við losun		
		c) Blöndur til naglaherðingar	c) 2% af H_2O_2, sem innihald eða við losun		
		d) Vörur til munnhirðu, þ.m.t. munnskol, tannkrem og vörur til tannaflitunar eða -hvítunar	d) ≤ 0,1% af H_2O_2, sem innihald eða við losun		
		e) Vörur til tannaflitunar eða -hvítunar	e) > 0,1% ≤ 6% af H_2O_2, sem innihald eða við losun	e) Má eingöngu selja tannlæknum. Fyrsta notkun í hverri notkunarlotu sem tannlæknar framkvæma, eins og skilgreint í tilskipun 2005/36/EB [1], eða undir beinu eftirliti þeirra ef jafngilt öryggisstig er tryggt. Vörurnar skulu gerðar neytendum aðgengilegar eftir það til að ljúka við notkunarlotuna. Má ekki nota fyrir einstaklinga yngri en 18 ára.	e) Styrkur H_2O_2, sem innihald eða við losun, gefinn upp í hundraðshluta. Má ekki nota fyrir einstaklinga yngri en 18 ára. Má eingöngu selja tannlæknum. Fyrsta notkunin í hverri notkunarlotu skal eingöngu framkvæmd af tannlæknum eða undir beinu eftirliti þeirra ef jafngilt öryggisstig er tryggt. Vörurnar skulu gerðar neytendum aðgengilegar eftir það til að ljúka við notkunarlotuna.“

([1]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2012/EES/54/99**

frá 11. nóvember 2011

um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 8017)

(2011/745/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr. a og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB ([2]) er, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, tekin saman skrá yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ([3]) er sagt til um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

3) Í samræmi við aðra undirgrein 13. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB getur framkvæmdastjórnin á hverju ári bætt geira eða undirgeira við í skrána yfir þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka. Sýna þarf fram á það í skýrslu um greiningu að geirinn eða undirgeirinn fullnægi þeim viðmiðunum, sem settar eru fram í 14.–17. mgr. 10. gr. a í tilskipuninni, í kjölfar breytinga sem hafa umtalsverð áhrif á starfsemi þess geira eða undirgeira.

4) Við ákvörðun á þeim geirum og undirgeirum, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, skal framkvæmdastjórnin meta, á vettvangi Sambandsins, að hve miklu leyti viðkomandi geirar eða undirgeirar geta, miðað við viðkomandi aðgreiningu, velt beina kostnaðinum af tilskildum losunarheimildum og óbeina kostnaðinum af hærra raforkuverði, sem hlýst af framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB, út í framleiðsluverðið án umtalsverðs taps á markaðshlutdeild til stöðva utan Sambandsins sem hafa verri kolefnisnýtingu. Matið skal grundvallast á meðalkolefnisverði samkvæmt mati framkvæmdastjórnarinnar á mati á áhrifum sem fylgja röð ráðstafana sem tengjast markmiðum Sambandsins um loftslagsbreytingar og endurnýjanlega orku fyrir 2020 og gögn, liggi þau fyrir, um viðskipti, framleiðslu og vinnsluviðri síðustu þrjú árin fyrir hvern geira eða undirgeira.

5) Nokkrum geirum og undirgeirum, s.s. framleiðslu á múrsteinum og tígulsteinum á þök, sem höfðu ekki verið greindir að fullu vegna tímatakmarkana og takmarkaðra gæða og tiltækileika gagna, var ekki bætt við í skrána sem er birt í viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB.

6) Geirinn „framleiðsla á múrsteinum, tígulsteinum og byggingarvörum úr brenndum leir“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 2640) var endurmetinn árið 2010. Það eigindlega mat færði sönnur á erfiða markaðseiginleika á borð við vaxandi viðskipti, einkum vaxandi þróun í innflutningi frá löndum með ódýra framleiðslu, aukið álag vegna alþjóðlegrar samkeppni, að umtalsverður hluti framleiðslunnar innan Sambandsins fer fram hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum og hagnaðarhlutfall á þeim árum sem voru metin er lítið í samanburði við viðbótarkostnað vegna koltvísýrings (CO_2), sem takmarkar getu stöðva til að fjárfesta og minnka útblástur. Á grundvelli samanlagðra áhrifa þessara þátta skal þessi geiri teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

7) Ennfremur hefur verið sýnt fram á að geirinn „saltvinnsla“ (kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 1440), fullnægir megindlegum viðmiðunum, sem settar voru fram í 14.–17. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í kjölfar þess að viðbótarstöðvar úr geiranum voru auðkenndar í óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins (CITL) sem var notuð sem helsta heimildin til að reikna út beinan kostnað af losunarheimildunum. Þeim geira skal því bætt við í skrána yfir geira eða undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka. Þó svo að stöðvar í óháðri viðskiptadagbók Bandalagsins hafi verið auðkenndar sem stöðvar í þeim geira hefur það engin áhrif á stöðuna að því er varðar umtalsverða áhættu á kolefnisleka í öðrum geirum og undirgeirum.

8) Nokkrir geirar, sem ekki voru taldir í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í ákvörðun 2010/2/ESB, voru aðgreindir og fjölmargir samsvarandi undirgeirar, þar sem tilteknir, sérstakir, auðkennandi eiginleikar leiddu til áhrifa sem eru umtalsvert frábrugðin þeim áhrifum sem koma fram annars staðar í geiranum, voru metnir. Ef þetta mat leiðir til þeirrar niðurstöðu að geirar eða undirgeirar geti verið greinilega greindir frá öðrum geirum og undirgeirum á grundvelli tiltekinna eiginleika og fullnægi megindlegum viðmiðunum, sem settar eru fram í 15. eða 16. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, má bæta þeim við í skrána yfir framleiðsluvörur sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka. Geirunum „kakódeig (að undanskildum vörum sem innihalda viðbættan sykur eða önnur sætuefni)“, „kakósmjör, kakófeiti og kakóolía“ og „kakóduft sem ekki inniheldur viðbættan sykur eða önnur sætuefni“ skal því bætt við í skrána.

9) Þar eð búið er að framkvæma frekari greiningu, sem kallað var eftir með annarri málsgrein 1. gr. ákvörðunar 2010/2/ESB, skal sú málsgrein felld brott. Framkvæmdastjórnin fann engar vísbendingar um nauðsynlegt umfang viðskipta sem myndi réttlæta það að bæta viðkomandi geirum við í skrána yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

10) Því ber að breyta ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/ESB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á ákvörðun 2010/2/ESB

Ákvörðun 2010/2/ESB er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. falli önnur málsgrein brott.

2) Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Breytingar á I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færsla bætist við í töfluna í lið 1.2:

NACE-kóði	Lýsing
„1440	Saltvinnsla“

2) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„LÆGRA EN 4. ÞREP ATVINNUGREINAFLOKKUNAR EVRÓPUBANDALAGANNA Á GRUNDVELLI MEGINDLEGRA VIÐMIÐANA SEM SETTAR ERU FRAM Í 15. EÐA 16. MGR. 10. GR. a Í TILSKIPUN 2003/87/EB“

b) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslu 155154:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„15841100	Kakódeig (þó ekki með viðbættum sykri eða öðrum sætuefnum)
15841200	Kakósmjör, kakófeiti og kakóolía
15841300	Kakóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætuefna“

3) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslu 2416 í 3. lið:

NACE-kóði	Lýsing
„2640	Framleiðsla á múrsteinum, tígulsteinum og byggingarvörum úr brenndum leir“

II. VIÐAUKI

Í stað færslnanna er varða vöruviðmiðanirnar „músteinar til klæðningar“, „hellusteinar“ og „þaktígulsteinar“ í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB komi eftirfarandi:

Vöru-viðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunar-gildi (losunar-heimildir/t)
„Múr-steinar til klæðningar	Músteinar til klæðningar með þéttleika > 1000 kg/m^3 sem eru notaðir á steinfleti á grundvelli EN 771-1, að undanskildum hellusteinum, hörðum músteinum og blá-brenndum músteinum til klæðningar.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	já	0,139
Hellu-steinar	Leirsteinar til gólflagn-ingar samkvæmt EN 1344.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	já	0,192
Þaktígul-steinar	Þaktígulsteinar úr leir, samkvæmt skilgreiningu í EN 1304:2005, að undan-skildum blábrenndum þakflísum og aukabúnaði.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint vinnsluferlunum tilreiðslu hráefna, blöndun efnisþátta, mótun, lögun, þurrkun, brennslu og frágangi vöru og hreinsun reyks, falla hér undir.	já	0,144“